Hæstaréttardómar 1925-1929 - B

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Tvær auðar síður milli 1928 og 1929, og á milli þessara ára er einnig fjögurra síðna efnisskrá sem er alls ekki talin sem hluti af blaðsíðuröðinni.
Meiriháttar gallar á bls. 718, 777, 832, 876, 952-953, 1006, 1031, 1061, 1109, og 1151.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTARÉTTARRITARI

II. BINDI

1925—1929

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXXXI

Registur

við dómana árin 1925—1929

Nafnaskrá

A. Einkamál

Bls.

Ágúst Einarsson 656
Akureyrarkaupstaður 1102
Albína Helgadóttir 170
Aldan h/f 1087, 1235
Alliance h/f 804
Alþingishúsið, eigendur og umráðendur 519
Andersen, Franz 179
Ari Einarsson 102
Ari Þórðarson 281, 586, 1282
Ármann Tómasson 170
Arnesen, Jon C. F. 600
Arngrímur Fr. Bjarnason 1153
Árni Sigfússon 41
Ársæll Árnason 412
Ársæll Sigurðsson 356
Ásberg, Eyjólfur 477
Ásgeir Ásgeirsson 263
Ásgeir Í. Ásgeirsson 237, 425
Ásgeir Guðmundsson 800
Ásgeir Ólafsson 554
Atvinnumálaráðherra 477
Austmann, Jóhann L. S. dánarbú 41
Austur-Húnavatnssýsla 378
Axel Ketilsson 233
Bachmann, E. M. 102
Bakki h/f 799, 1212

Bls.
Benedikt Björnsson 170
Benedikt Sveinsson 562, 961, 1212
Beneficiarius Arnarbælis 4
Bergur Jónsson 1288
Bessi Einarsson 170
Bjarmi h/f 845
Bjarnarson, Pétur M. 829, 852
Bjarni Eyjólfsson 1281
Bjarni Pétursson 592
Bjarni Þórðarson 102
Bjarni Þorsteinsson 87
Bjering, Henrik 944
Björk, timburverzlun 967
Björn Haraldsson 1242
Björn J. Jósafatsson 598
Björn Kristjánsson 108
Björn Ólafsson 364, 874
Blöndahl, Magnús Th. S. 688
Blöndahl, Sigfús 1124
Blöndal, Sophus 87
Boye, Hermann C. 175
Brattahlíð, verzlun 933
Briem, Sigurður 358
British North Western Syndicate 800
Brynjólfur Sigfússon 41
Bræðurnir Proppé 349
Bræðurnir Proppé, þrotabú 938
Búnaðarfélag Íslands 477
Carl Lárusson 328
Carlsberg Bryggerierne 685
„Ceresio", botnvörpuskip, eig. og vátryggjendur 398, 426
Chr. B. Eyjólfsson 219
Christensen, Carl 425
Conrad Boe A/S 471
Copland, Geo 285
Dalstedt, Axel 237
Dalstedt, Kristín 237
Daníel Á. Þórleifsson 842
Dansk Radio 1149
Defensor, fiskveiðafélag 294

Bls.

Deutsche Dampffischereigesellschaft „Nordsee“ 1124
Draupnir, h/f 704, 711
Dvergur, h/f 477
E. von Mehren & Co. 6
Eggert Kristjánsson & Co. 982
Eimskipafélag Íslands, afgreiðsla á Eskifirði 600
Einar Benediktsson 688
Einar Einarsson bátasmiður 449
Einar Einarsson bóndi 1155
Einar M. Jónasson, ... 349, 1027, 1053, 1135, 1158, 1288
Einar Jónsson 1299
Einar Þorgilsson 382
Eirikur Stefánsson 343
Elías Nielsson 582
Elías Steinsson 1155
Eljan, h/f, þrotabú 1240
Ellingsen, O. 788
Erlendur Erlendsson 925, 1018
Erlendur Kristjánsson 399
Ermenrekur Jónsson 285
Eskifjarðarhreppur 1082
Esphólín, Hjalti 665
F. A. Þórðarson 102
Filippía Pálsdóttir 170
Fljótshlíðarhreppur 599, 698, 911
Flóvent Jóhannsson 87
Frederiksen, T. 727
Friðrik Jakobsson 170
Friðrik Svipmundsson 1291
Frihavnens Kaffekompagni A/S 829
Garðar Gíslason 286, 439
Garðar Þorsteinsson 1211
Georg Gíslason 845
Geysir veiðarfæraverzlun 364, 492, 606
Gísli Gíslason, Laugaveg 123 35
Gísli Gíslason, Skólavörðustíg 12 34
Gísli Gíslason, Stykkishólmi 401
Gísli Gíslason 619
Gísli Jónsson 250
Gísli Magnússon 617

Bls.
Gísli Oddsson 23
Goos, Sören 195
Gottfredsen, A. 23
Gottfredsen, Andreas, A/S 457
„Gracie" m/k, eigendur, skipstjóri og skipshöfn .. 346
Grandjean Hildur 509
Grímsneshreppur 341
Grímur Sigurðsson 409
Grunnavíkurhreppur 141
Guðbjarni Guðmundsson 385
Guðbjörg Oktavía Sigurðardóttir 925, 1018
Guðbrandur Sigfússon 170
Guðfinnur Jónsson 31
Guðjón Jónsson 286
Guðmundur Bergsteinsson 349
Guðmundur Bergsteinsson, þrotabú, ... 349
Guðmundur Kr. Guðmundsson 727
Guðmundur Hafliðason 87
Guðmundur Jónsson 592
Guðmundur Kristjánsson 126, 727
Guðmundur Ólafsson 65
Guðmundur Þórðarson 102
Guðmundur Þorsteinsson, þrotabú 28
Guðrún Eiríksdóttir 476
Guðrún Ólafsdóttir 1149
Gunnar Jónsson 656
Gunnar Sigurðsson 144
Gunnar Þórðarson 554
Gunnar Þórðarson, dánarbú 562
Gunnlaugur Flóventsson 598
Gunnlaugur Stefánsson 598
H. Benediktsson & Co. 286, 476, 700
H. P. Duus 471
Hafnarfjarðarkaupstaður 157
Hafnarsjóður Reykjavíkur 592
Haganeshreppur 895
Halldór Bjarnarson 1242
Halldór Jónsson 858
Halldóra Gunnlaugsdóttir 598
Hallgrímur Guðmundsson 102

Bls.

Hallgrímur Pétursson 263
Hamar, h/f 200, 525
Hannes Jónsson 401
Hansen, Jörgen J. 175
Haraldur Böðvarsson & Co. 582
Havsteen, O. J. 328
Havsteen, O. J., þrotabú 385
Heiðberg Jón 973
Helga Sigurgeirsdóttir 852
Helgi Benediktsson 666, 700, 1233
Helgi Guðmundsson 87
Helgi Gunnlaugsson 598
Helgi Hafliðason 87
Helgi Sveinsson 368
Hermann Jónsson 860
Hið íslenzka steinolíufélag 14
Hinar sameinuðu íslenzku verzlanir 141, 242, 562, 611
Hinrik Halldórsson 697
Hjaltested, Ólafur, dánarbú 693
Hjörtur Hansson 496
Hjörtur B. Helgason 382
Holten, K. 1212
Hrogn & Lýsi 364, 460
Hull Ships Stores Company Ltd. 643
Húsavíkurhreppur 1269
Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna 1233
Húsnefnd Goodtemplarahússins 519
Hvanneyrareign, umráðamaður 496
Hvítársíðuhreppur 175
Högni Gunnarsson 1153
Höllustaðir, eigendur 546, 731
Höydal, Lyder 50
„Iho“, eigendur og vátryggjendur 145
„Inger Benedikte“, eigendur og vátryggjendur 264
Ingi Halldórsson 879
Ingimundur Bernhardsson 509
Ingimundur Guðmundsson 791
Ingólfur Flygenring & Co. 952
Ingvar Einarsson 592
Ingvar Guðjónsson 200, 525, 804

Bls.
„Isabella", kútter, eigendur og vátryggjendur 82
Ísafjarðarkaupstaður 614, 617, 956, 967, 1099
Ísfeld, Andrés G. 838
Íslandsbanki 637, 744, 780, 1036, 1178
Ísleifur Jónsson 1269
Ísólfur, h/f 387
J. Þorláksson & Norðmann 1135
Jacobsen, Egill, dánarbú 693
Jakob Gunnlaugsson 349
Jakob Gunnlaugsson & Co. 1036
Jakobína Jakobsdóttir 198
Jensen, Carl F. 56
Johan Hansens Sönner h/f 364
Jóhann Eyfirðingur & Co. 827
Jóhann V. Daníelsson 685
Jóhanna Sveinsdóttir 170
Jóhannes Einarsson 1018
Jóhannes Jóhannesson, Patreksf. 102
Jóhannes Jóhannesson, f. bæjarfóg. 1158
Jóhannes Jóhannesson 476
Jóhannes Kr. Jóhannesson 144
Johnsen, Gísli J. 41, 177,566
Johnson, Þorsteinn 35
Jón Árnason 41
Jón Bergsveinsson 874
Jón J. Bjarnason 294
Jón Björnsson & Co., þrotabú 765
Jón Eiríksson 250
Jón Guðmundsson, verzlunarstj. 87
Jón Guðmundsson 827
Jón Guðmundsson & Co. h/f 592
Jón Hannesson 409
Jón Helgason, Skagafirði 170
Jón Helgason, dánarbú 53
Jón Helgason, lögerfingjar 53, 243
Jón Hinriksson 878
Jón Jóhannesson 87
Jón Jónsson bryti 643
Jón Jónsson í Firði 858
Jón Kristjánsson 656

Bls.

Jón Stefánsson 838
Jón H. Þorbergsson 477
Jón Þorsteinsson, dánarbú 657
Jónas Þ. K. Guðmundsson 665
Jónas Jónasson 598
Jónas H. Jónsson 508
Jónas Þorbergsson 170
Jónína E. Arnljótsdóttir 842
Jónína S. Guðjónsdóttir 665
Júlíus Guðmundsson, verzlun 611
Jötul, A/S 1211, 1264
Kakali, h/f 606, 822
Karl Eyjólfsson 263
Karl & Jóhann 59
Karl Þorsteinsson 619
Kaupfélag Grímsnesinga 1018
Kaupfélag Reykvíkinga 356
Kaupfélag Skaftfellinga 1193
Kirkjuvogstorfan, eigendur 1
Kjerúlf, Eiríkur 956
Kol og Salt, h/f 329, 415
Kolbeins, Eyjólfur 887
Kort Eyvindsson 599, 698, 911
Kristín Jóelsdóttir 170
Kristinn Jónsson 858
Kristján Bjarnason 170
Kristján Erlendsson 399
Kristján Gíslason 982
Kristmann Þorkelsson 704
Kühlke, Peter 35
Kveldúlfur, h/f 264, 712
Landsbanki Íslands 415, 611, 855, 982
Landsverzlun Íslands 200
Lárus Halldórsson 566
Laxdal, Jón 179, 285, 337, 412
Levi, R. P. 425, 852, 944
Lilliendahl, Jakob 170
„Lilly", eigendur og vátryggjendur 398, 426
Lindal, Guðjón J. 860
Loftur Jónsson 1193

Bls.
Ludolf Eide, eigendur og vátryggjendur 50
Lúðvík Sigurðsson 165
Magnús Jóhannsson 102
Magnús Jónsson, bæjarfógeti 697
Magnús Jónsson, próf. theol. 982
Magnús Jónsson, próf. jur. 1150
Magnús, M. Júl. 385, 508
Magnús Matthíasson 278
Magnús Sæmundsson 1282
Magnús Vernharðsson 1022, 1235
Magnús Þórðarson 664
Magnús Þorsteinsson 102
Mandal & Oplands Privatbank 727
Margrét Árnason 262
Margrét Jónsdóttir á Akureyri 559
Margrét Jónsdóttir á Eskifirði 600
Margrét Kristgeirsdóttir 1041
Margrét Þorláksdóttir, dánarbú 53
Margrét Þorláksdóttir, lögerfingjar 243
„Marz“ m/k, eigendur 1323
Mehren & Co. 6
Melsted, Páll 652
Metúsalem Jóhannsson 537, 666, 852, 1213
Namdal e/s, eigendur 460
Namdal e/s, eigendur og vátryggjendur 1323
Nordahl, Kjartan S. 819
Oddur Gíslason 855, 938
Ólafs, Ólafur R. 879
Ólafsvíkurhreppur 1085
Ólafur Árnason, dánarbú 262
Ólafur Auðunsson 711
Ólafur Gíslason & Co. 697
Ólafur Guðmundsson 592, 878
Ólafur Jóhannesson 102
Ólafur Magnússon 285
Ólafur Ólafsson 102
Ólafur Pálsson 780
Ólafur Þórðarson 586
Ólafur Þorsteinsson 666
Óli Metúsalemsson 195

Bls.

Olíuverzlun Íslands, h/f 1099
Ólöf Benediktsdóttir 65
Ósland, Kári 1087
„Otur" b/v, vátryggjendur og eigendur 671
Páll Bjarnason 765
Páll Kr. Jóhannsson 87
Páll Jónsson 961
Páll B. Jónsson 562
Páll Ólafsson 281
Patrekur h/f, þrotabú 102
Petrína Kristjánsdóttir 791
Pétur Guðjónsson 1299
Pétur Jakobsson 1212, 1281, 1282
Pétur Magnússon 65
Pétur Oddsson 788
Pétur Á. Ólafsson 6, 28, 337
Pétur Pétursson 175
„Phebe", kútter, eigendur og vátryggjendur 228
Póststjórn Íslands 28, 219
Ragnar Ólafsson, dánarbú 1240
Rakel Pálsdóttir, dánarbú 87
Rauðasandshreppur 399
Reykdal, Jóhannes J. 157
Reykhólar, eigendur 546, 731
Reykjavíkurkaupstaður 14, 200, 800, 1150
Ríkissjóður 71, 209, 589, 744, 977, 1027, 1053, 1158, 1178, 1288, 1319
Ritter, Joh. 494
Rósa Hjartardóttir 41
Runólfur Jónsson 1155
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 592
Samband íslenzkra samvinnufélaga 108
Samtrygging íslenzkra botnvörpunga 264
Schiöth, Carl 476
„Senator Westphal" b/v, vátryggjendur og eigendur 671
Seyðisfjarðarkaupstaður 918
Sigfús Sveinsson 165
Sighvatur Andrésson 1155
Siglufjarðarkaupstaður 59
Sigmundur Jóhannsson 799

Bls.
Sigmundur Sæmundsson 242
Sigríður H. Ingimundardóttir 664, 665
Sigríður Þórðardóttir 449
Sigurbergur Jóhannsson 4
Sigurbjörg Ólafsdóttir 170
Sigurður Ágústsson 401
Sigurður J. Gíslason 170
Sigurður Halldórsson 887
Sigurður Hallsson 537
Sigurður Jónsson 34, 35
Sigurður Jónsson, Akureyri 170
Sigurður Jónsson 1022
Sigurður Kristjánsson 368
Sigurður Magnússon 918
Sigurður Ólafsson 41
Sigurður Sigurðsson í Vestmannaeyjum 242
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli 305
Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastj. 477
Sigurður Þorvarðsson 62
Sigurjón Jóhannesson 170
Sjómannafélag Reykjavíkur 930
Sjóvátryggingarfélag Íslands 126
Sjur Lothe & Co A/S 192
Skipasmíðastöð Reykjavíkur 952
Skiptaráðandinn í Reykjavík 243
Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu 855
Skjaldberg, Sigurður Þ. 652
Skúli Jónsson 933
Sleipnir, h/f 50, 930
Smjörlíkisgerðin 863
Sparisjóður Árnessýslu 329, 415
Sparisjóður Norðfjarðar 1240
Sparisjóður Sauðárkróks 895
Stafnesstorfan, eigendur 1
Stangeland, Hans P. 915
Stefán Friðriksson 1041
Stefán Ingvarsson 819
Stefán Th. Jónsson 494, 500, 712
Stefán Pétursson 170
Stefáns, Fjóla 1319

Bls.

Steindór Einarsson 589
Steingrímur Guðmundsson 278
Stígur Guðjónsson 198
Storr, L. 508
Ströjer & Mörck 879
Súðavíkurhreppur 62
Suðurfjarðahreppur 657
Sveinbjörn Jónsson 878
Sveinn Árnason 31
Sveinn Ásmundsson 977
Sveinn Hallgrímsson 619
Sveinn Helgason 170
Sveinn Magnússon 559
Svínvetningabrautarfélag 378
Syre, O. G. 192
Theódór Guðmundsson 598
Thorlacius, Finnur 1135
Thoroddsen, Þórður J. 1212, 1282
Tómas Jónsson, kaupmaður 56
Tómas Jónsson Akureyri 170
Trekroner, vátryggingarfélag 71
Trueba y Pardo 387, 619, 699
Tryggvi Þórhallsson 305, 358, 439
Tulinius, Thor E., þrotabú 1082
Tuxham A/S 637
Uddeholm A/S 727
„Úlfur", sameignarfélag 145
Útbú Landsbankans á Eskifirði 286, 611, 915
Útbú sama á Ísafirði 233
Útbú sama á Selfossi 343
Vald. Paulsen & Fossberg 822
Valdimar Halldórsson 170
Valdimar Jónsson 559
„Veresis" b/v, eigendur og vátryggjendur 82
Verksmiðjufélagið á Akureyri 1102
Verzlunarfélag Norðurfjarðar 878
Verzlunarfélag Vestmannaeyja 242, 425, 508, 800, 863, 879, 973, 1009, 1211, 1212, 1213, 1264, 1291
Verzlunarfélag Vindhælinga 263
Vestmannaeyjakaupstaður 177, 1009

Bls.
Vopnafjarðarhreppur 666
Völundur h/f 1085
Wolff, Knud 500
„Yvonne", skonnorta, eigendur og vátryggjendur 228, 346
Zöllner, Louis 35
Þingvallahreppur 341
Þórarinn Árnason 102
Þórarinn Þorvarðsson 412
Þorbergur Þorleifsson 430
Þórðarson, Björn 1135, 1158
Þórður Bjarnason 144, 174, 619
Þórður Jónsson 614
Þorgeir Þorgeirsson 144, 174
Þorgrímur Ólafsson 1281
Þórhallur Sæmundsson 50
Þormóður Eyjólfsson 209, 457
Þorsteinn Jónsson 619, 699
Þorsteinn Jónsson, þrotabú 6
Þorsteinn Pétursson 87
Þorvaldur Benediktsson 430
Þorvaldur Helgason 170
Þorvaldur Pálsson 1211
Ögmundur Guðmundsson 343

B. Opinber mál.

Ámundi Geirsson 869
Anna Jónsdóttir 1189
Ari Þórðarson 260
Arnbergur Stefánsson 291
Argrímur Fr. Bjarnason 899
Árni Árnason 1189
Ásgeir Ásmundsson 907
Ásgeir Jónsson 1007
August, Karl Georg 1174
Bang, Oluf 872
Becker, Carl Poul Max 299
Behrens, Wilhelm 1185
Benjamín Ágúst Jensen 1223
Berndsen, Fritz G. O. K. 225

Bls.

Bertel Sigurgeirsson 19
Bjarni Finnbogason 77, 677, 774, 1307
Bjarni Jónsson 253
Björgólfur Ólafsson 1005
Björn Emil Bjarnason 1264
Björn Einarsson 666
Björn Magnússon 1189
Björn Sveinsson 100, 308
Blandon, Þorkell 1144
Bojahr, Albert G. W. 490
Buch, Marinus 436
Bustel, Fritz von 746
Christensen, Anton 973
Elizabet Eiríksdóttir 1023
Enok Helgason 1214
Eyvindur Eyvindsson 463
Eyþór Þorgrímsson 688
Fuhrmann, Johan 423
Gestur Guðmundsson 213
Gindüllis, Martin 680
Gísli Guðmundsson 1078
Goos, Sören 1049
Grandjean, Hildur 216
Guðbjörn Jónsson 528
Guðlaugur Brynjólfsson 1076
Guðmundur Björnsson 77
Guðmundur Ingi Einarsson 577
Guðmundur Guðjónsson 723
Guðmundur Jónatansson 572
Guðmundur Þorkelsson 410, 782
Hall, Joseph Ronald 1326
Halldór Einarsson 814
Halldór G. Stefánsson 149, 627
Hallgríms, Hallgrímur T. 216
Hannes Jónsson 748
Haraldur Jónsson 640
Helgi Benediktsson 1026
Helgi Eiríksson 219
Herpich, Otto 1150
Hjörtur Gunnlaugsson 772

Bls.
Holländer, Tamme 139
Höskuldur Eyjólfsson 468
Ingimundur Ögmundsson 66
Ingjaldur Jónsson 66
Ingólfur Andrésson 1223
Ingólfur Bjarnason 701, 992
Ingvar Benediktsson 810
Ingvar Einarsson 1307
Jafet Egill Sigurðsson 879
Jens Eyjólfsson 1221
Jóhann Indriðason 1305
Jóhannes Björnsson 1307
Jóhannes Guðjónsson 1047
Jóhannes Hjálmarsson 774, 1307
Jóhannes Jóhannesson 1045
Jón Benjamínsson 466
Jón Guðmundsson 66, 1307
Jón Gunnlaugsson 1307
Jón L. Hansson 569
Jón Högnason 893
Jón Hjörtur Jónsson 547
Jón Jónsson frá Ísafirði 343
Jón Einar Jónasson 1282
Jón Jónsson, læknir 979
Jón Jónsson, bryti 299
Jón Rafnsson 1267
Jón Þorsteinsson 1223
Jónanna Stefánsdóttir 528
Just, Fritz 661
Juul, Gunnar 149, 632
Juul, J. A. 1206
Karl Stefán Daníelsson 986
Karl Guðmundsson 646
Karl Jónsson 796
Karl Haraldur Jónsson 719
Kjerúlf, Eiríkur 149, 622
Klietz, Adolph 136
Korte, Fritz 620
Kristinn Stefánsson 253
Kristján Þorberg Benediktsson 882

Bls.

Kristján Daði Bjarnason 539
Kristján Jóhannesson 757
Kristmundur Einarsson 774, 1307
Kristmundur Ólafsson 1189
Kuhr, Karl 1261
Lemesle, Charles 1167
Lüers, Heinrich 390
Magnús Guðmundsson 1005
Magnús, M. Júl. 951, 1011
Magnús Pétursson 947
Markús Jónasson 904
Marta Jónsdóttir 1189
Mensing, Fr. 736
Mewes, C. M. H. 334
Michelsen, Adolph 299
Millener, Robert William 1073
Modersitzki, Karl H. 485
Mykleburst, Ivar 1208
Nielsen, Alfred 1223
Noack, Otto 734
Offermann, Heinrich 1176
Ólafs, Björn 105
Ólafur Friðriksson 74
Ólafur Guðjónsson 1146
Ólafur Halldórsson 709
Ólafur S. H. Jóhannesson 770
Ólafur Sigurðsson 666
Ólafur Guðmundur Elis Sigurðsson 395
Óskar Þórðarson 860, 926
Páll Stefánsson 66, 1307
Pálmi S. Pálmason 1228
Paul, Carl dr. 1014
Pétur Oddsson 1092
Rekdal, Jónas 253
Rieschmüller, Fritz 740
Ritter, Joh. 494
Roelofs, Theodor 1279
Schekat, Wilhelm 299
Schütte Wilhelm 827
Seemund, Ernst 420

Bls.

Sigurður Eyjólfsson 939
Sigurður Gíslason 392
Sigurður Sigurðsson 666
Sigurður Sveinn Sveinsson 1285
Sigurður Jóhannesson 936
Sigurjón Jónsson, skipstjóri 66
Sigurjón Jónsson, bifreiðarstjóri 890, 936
Sigurjón Sigurðsson 1307
Sigurpáll Sigurðsson 1031
Stefán Finnbogason 762
Stefán Stefánsson 1307
Stefán Þorláksson 203, 543
Strehlau, Friedrich 809
Svarfdal, Þorkell S. 1307
Sveinn Jónsson 835
Tancrè, Otto H. 206
Theessen, Wiet 776
Thorarensen Henrik 801
Thorarensen, Skúli 100, 308
Thoroddsen, Þórður J. 95
Tómas Jónsson 1292
Tulinius, Hallgrímur 1005
Vilhjálmur Jónsson 579
Woldmann, Martin 1132
Worthington, Thomas 46
Þórarinn Olgeirsson 509
Þórður Ananías Steinsson 944
Þorkell Ólafsson 928
Þorkell Sigurðsson 1307
Þorkell Þorleifsson 865
Þorsteinn Jónsson 861
Þorvaldur Pálsson 1170

Atriðisorð.

Ábúð.
Ábyrgð
Aðför. Sbr. fjárnám, lögtak.
Aðild.
Áfengislagabrot. Sjá bifreiðar, ölvun.
Áfrýjun. Sbr. dómar og úrskurðir.
Áreið. Sbr. landamerkjamál, vettvangsmál.
Árekstur skipa.
Arfur. Arfleiðsla.
Ávísun.

Bankar.
Barnsfaðernismál.
Bifreiðar. Sbr. refsing, skattar og gjöld.
Björgun.
Blóðskömm.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðalög.
Brenna.

Dómar og úrskurðir.
Dómarar.
Dómtúlkar.
Drengskaparorð. Sjá eiður.

Eiður. Sbr. barnsfaðernismál.
Eignarréttur.
Embættis- og sýslunarmenn. Sjá áfengislagabrot, dómarar, yfirvöld.
Endurbætur á annara eign.
Endurgreiðsla.
Endurupptaka máls.

Farmsamningur.
Fátækraframfærsla.
Félagsskapur.
Fiskveiðalög. Sbr. ítrekun, mat og skoðun, neyðarréttur, refsing, sönnun, varnarþing.
Fjárnám. Sbr. lögtak.
Fógetagjörðir. Sjá fjárnám, innsetning, kyrrsetning, lögbann, lögtak, útburður.
Forkaupsréttur.
Forsendur. Sbr. samningar.
Framsal kröfuréttinda.
Framboð.
Frávísun.
Frestir.
Fyrning kröfuréttinda.

Gagnsakir. Sbr. málasamsteypa.
Gengi.
Gerðardómur.
Gestaréttur.

Geymsla.
Gjafsókn. Gjafvörn.
Gjaldþrotaskipti. Sbr. veð.
Greiðsla.
Gæzla.
Gæzluvarðhald.

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.
Haldsréttur.
Hefð.
Heilbrigði. Sbr. sakhæfi.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Helgidagsbrot.
Hilming.
Hjónaband. Sbr. kaupmáli.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsagi.
Húsaleiga.
Húsleit.

Iðgjöld. Sjá opinber mál 2.
Innheimtulaun.
Innsetningargjörðir.
Ítrekun.

Játning. Sbr. sönnun, saknæmi.

Kaup og sala. Sbr. samningar.
Kaupfélög.
Kaupmáli.
Kvaðir.
Kyrrsetning.

Landamerkjamál.
Landshlutur.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga.
Líkamsmeiðingar. Sjá áverki.
Líkur. Sbr. barnsfaðerni, eiður, sönnun.
Lóðamerki.
Lög. Lögjöfnuður.
Lögbann.
Lögregla.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamsteypa.
Málflutningsmenn. Sjá réttarfarssektir.
Málflutningur. Sjá réttarfarslög, útivist aðilja.
Málflutningsumboð.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Manndráp.
Mat og skoðun.
Meðalganga. Sjá málasamsteypa.
Meinsæri og skyld brot.

Nauðgun.
Neyðarréttur.
Neyðarvörn.

Ofbeldi. Sjá áverki.
Ólögleg meðferð á fundnu fé.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. dómarar, málshöfðun, málskostnaður.

Prókúra.

Refsingar. Reki. Sjá landshlutur.
Réttarfarslög. Sbr. dómar, dómarar, frávísun, málasamsteypa, málskostnaður, leiðbeiningarskylda dómara, ómerking, réttarfarssektir.
Réttarfarssektir. Sbr. dómarar, málflutningsmenn.

Sakhæfi.
Saknæmi.
Samaðild.
Sameign.
Samkomur.
Samningar. Samþykki. Sbr. kaup og sala, skuldir, verzlunarviðskipti.
Sáttir. Sáttaumleitun.
Sektir. Sjá refsingar.
Sjódómur. Sjódómsmál.
Sjóveð. Sbr. skip.
Skaðabætur. Sjá opinber mál 2.
Skattar og gjöld.
Skilyrði. Sjá ábyrgð, samningar.
Skip. Sjá árekstur, refsingar b. 5, sameign, sjóveð.
Skipstjóri. Skipshöfn. Sbr. sjóveð.
Skjalafals.
Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun, vitni.
Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti.
Skuldajöfnuður. Sbr. gagnsakir.
Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar, sjóveð, verzlunarviðskipti.
Stefnur. Sbr. frávísun, ómerking.
Stefnuvottar.
Stimpilgjald. Sjá skattar og gjöld 1.
Sveitarstjórn. Sbr. yfirvöld.
Svik. Sviksamlegt athæfi.
Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. eiður, játning, líkur, mat og skoðun, skjöl, verzlunarbækur, vitni.

Tilraun.

Umboð.
Uppboð.
Útburður.
Útgerð. Sbr. árekstur, sameign, sjóveð.
Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.
Útlendingar. Sbr. fiskveiðalög.

Valdstjórnin. Sbr. ölvun.
Vanheimild.
Varðveizla. Sbr. líkur.
Varnarþing.
Vatnsréttindi.
Vátrygging. Vátryggingarfélög.
Vegalög. Sbr. yfirvöld.
Veð. Sjá sjóveð.
Venja.
Veiðiréttur.

Veitingar.
Verklýðsfélög.
Verksamningar.
Verzlunarviðskipti. Sbr. samningar.
Verzlunarbækur.
Vettvangsmál.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar.
Vinnulaun.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar. Víxilmál.
Vörufals.
Yfirvöld.
Þingsafglöpun.
Þingvottar.
Þjófnaður.
Þjófneyzla. Sjá hilming.
Ærumeiðingar. Sbr. réttarfarssektir.
Ölvun.

Efnisskrá.

Ábúð.

Bls.

Leiguliði, er taldi forkaupsrétt sinn fyrir borð borinn með sölu jarðar fyrir lægra verð en honum var boðin hún, eigi talinn hafa sannað þetta 1155

Ábyrgð.

Bls.

Lánardrottinn talinn hafa fyrirgert kröfu sinni á hendur ábyrgðarmanni með því, að veita aðalskuldunaut greiðslufrest án samþykkis ábyrgðarmanns.

Eigi talið, að ábyrgðarmaðurinn ætti sök á greiðslufrestinum, enda þótt hann hefði haft undir höndum peninga frá aðalskuldara, er samkvæmt skýrslu lánardrottins hefði átt að ganga upp í skuldina, með því að lánardrottinn krafði hann eigi um þá 329

Banki dæmdur til að greiða kaupverð hlutar samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu sinni, en eigi kostnað við sendingu hans 637

Skuldbinding hrepps um ábyrgð á láni, er taka skyldi í Íslandsbanka eða annari opinberri lánsstofnun, talin fela í sér sjálfskuldarábyrgð 895

Félagi í kaupfélagi, er sagði sig úr því 2¼ 1921, talinn bundinn við niðurjöfnun á tapi þess árin 1919—1922, samkvæmt samþykktum félagsins .. 1018

Banki, sem ábyrgzt hafði greiðslu skuldar, er aðalskuldari gaf lánardrottni út víxil fyrir, leystur undan ábyrgðinni, með því að víxileigandi hafði eigi afhent bankanum víxilinn til innheimtu, eins og til var skilið 1036

Hlutafélag dæmt til greiðslu ábyrgðar, er prókúristi þess batt því á hendur um greiðslu hásetakaups,

Bls.

og voru samningsrof útgerðarmanns, er lofað hafði að selja félaginu aflann af skipinu, eigi talin leysa félagið af ábyrgð sinni gagnvart hásetunum 1087, 1235

Ábyrgðarmanni með einfaldri ábyrgð einnig dæmt að greiða kostnað af árangurslausri málssókn á hendur aðalskuldunaut 1235

Aðför, Sbr. fjárnám, lögtak.

Maður dæmdur til refsingar eftir 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 38. gr. aðfararlaganna, fyrir að gefa ranga skýrslu um eignir sínar fyrir fógetarétti 19

Aðild. Sbr. málasamsteypa, málflutningsumboð.

Talið rétt að stefna 8 mönnum, er staðið höfðu fyrir hvalskurði og ráðstöfun hvalsins, fyrir sína hönd og þeirra, sem hvalina ráku á land, til greiðslu landshlutar 87

Sektað í máli, er félag höfðaði, fyrir meiðyrði um ónafngreinda þjónustumenn félagsskaparins, en eigi um nafngreinda menn, er við hann voru riðnir 108

Hjón, er í félagi keyptu hús, höfðuðu saman mál til riftingar kaupunum 237

Maður sýknaður fyrir ummæli í nafnlausri blaðgrein, enda þótt hann kannaðist við að hafa skrifað greinina, með tilvísun til 3. gr. tilsk. 9 maí 1855 250

Skakkt nafn á aðilja í undirrétti leiðrétt í hæstarétti 294

Stefnandi í héraði varð gjaldþrota eftir höfðun máls. Krafan afhent þriðja manni, er tekur við málinu 23

Banki, sem tók við skyldum og réttindum aðilja eftir uppsögn héraðsdóms, áfrýjar málinu 329

Eigi talin ástæða til að ómerkja málsmeðferð og dóm í barnsfaðernismáli á hendur B, þótt A, sem barnsmóðir hafði lengi búið með og átt börn með, væri eigi líka stefnt samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1921 449

Bls.

Eftir útgáfu áfrýjunarstefnu andaðist áfrýjandi, en skiptanefnd í búi hans tók við málinu 554
Dánarbú stefnanda tekur við aðild máls eftir lát hans 693
Eiganda jarðar stefnt í landamerkjamáli, og þar að auki umboðsmanni jarðarinnar og með honum, er var orðinn gjaldþrota, skiptaráðanda í búi hans 731
Í máli út af afhending hlutabréfa var hlutafélagið talinn réttur sóknaraðili, með því að það hafði fengið yfirlýsingu hluthafa um rétt sinn til kaupa á bréfunum 704
Aðildarskortur talinn leiða til sýknu, en ekki frávísunar 895
Eigandi skips, sem annað skip rakst á, ekki talinn eiga kröfu á hendur vátryggjanda þess skips .. 1323

Áfengislagabrot, sjá bifreiðar, ölvun.

Maður dæmdur til refsingar fyrir ólöglega áfengisbruggun .. 213, 216, 219, 468, 1264, 1282, 1285, 1305
Maður dæmdur fyrir undirbúning til áfengisbruggunar 782
Maður dæmdur fyrir bruggun, ólöglegan flutning og ólöglegar veitingar áfengis 569
Sýknað af kæru út af geymslu og afhendingu öls, sem hér var bruggað, með því að ósannað þótti, að ölið hefði verið áfengara en lögleyft er 1267
Menn dæmdir fyrir ólöglegan innflutning áfengis 253, 299
Maður dæmdur fyrir innflutning áfengis í söluskyni og fyrir sölu þess 466
Dæmt fyrir innflutning áfengis úr útlendu fiskiskipi 757
Skipstjóri dæmdur fyrir innflutning áfengis samkvæmt 2. lið 27. gr. áfengislaga nr 64/1928 .. 893
Átta menn dæmdir fyrir innflutning áfengis og aðstoð við þann verknað, en 3 sýknaðir af refsiverðri þátttöku í honum 1307
Maður dæmdur eftir 14., sbr. 9. gr., l. nr. 15/1925, fyrir sölu áfengis 762
Maður dæmdur fyrir sölu áfengis og fyrir að leyfa mönnum áfengisnautn í kaffihúsi sínu 677

Bls.
Maður dæmdur fyrir sölu á 3 flöskum Spánarvíns 907
Kona dæmd fyrir sölu Spánarvíns 1023
Hjón dæmd fyrir sölu Spánarvíns í atvinnuskyni. Þrír aðstoðarmenn þeirra sýknaðir, með því að heimild í löggjöfinni, beina eða óbeina, þótti vanta til að dæma þeim refsingu 1189
Læknar sýknaðir af kæru fyrir að hafa ritað áfengisávísanir á önnur blöð en hin lögmæltu eyðublöð samkvæmt 5. og 6. gr. reglug. nr. 67/1922, með því að framkvæmdarvaldið hefði brostið heimild til þess að setja þessi reglugerðarákvæði 95, 149
Lyfsali sýknaður af kæru fyrir afhendingu áfengis út á þessa áfengisseðla 149
Læknir sýknaður af kæru um að hafa látið af hendi áfengisávísun án þess að kynna sér áfengisþörf beiðanda, en dæmdur í sekt fyrir að hafa ritað áfengisávísun á önnur blöð en hin fyrirskipuðu og sviftur rétti til útgáfu áfengisseðla 622, 627
Læknir sektaður fyrir vanrækslu um hald eyðslubókar yfir áfengisútlát og um vanrækslu á áritun fyrirsagnar á áfengisílátin um notkun þess 801
Læknir sektaður fyrir útgáfu áfengisávísana á önnur blöð en hin lögmæltu og fyrir útgáfu áfengisseðla með ofháum skammti 947, 977, 1011, 1171
Læknir sýknaður af kæru um útgáfu óleyfilegs áfengisseðlafjölda 977
Læknir talinn mega gefa út yfir 300 áfengisávísanir á ári, ef hann á fyrningar eyðublaða eftir frá fyrra ári. Þar á móti talið, að læknir megi ekki ávísa sjálfum sér áfengi tíðar en mælt er um áfengisávísanir lækna almennt 1171
Lyfsali sektaður fyrir afhendingu áfengislyfs út á ávísanir, er eigi voru skráðar á hin fyrirskipuðu eyðublöð, en sýknaður af kæru um það, að þjónar hans kynni að hafa afhent áfengi án lyfseðils 632
Lyfsali sektaður fyrir sama brot og fyrir útlát áfengis án samtímis afhendingar lyfseðils 1206
Forstöðumaður lyfjabúðar sektaður eftir 21. gr. l. 64/1928 1078

Bls.

Áfrýjun. Sbr. dómar og úrskurðir.

Áfýjunarleyfi veitt vegna þess, að áfrýjunarfrestur var liðinn 1, 4, 31, 35, 51, 62, 71, 82, 87, 141, 145, 165, 175, 179, 294, 305, 412, 430, 494, 519, 599, 611, 657, 671, 731, 780, 895, 911, 915, 919, 1022, 1082, 1087, 1124, 1155, 1240, 1242, 1323
Áfrýjunarleyfi vegna þess, að áfrýjunarupphæð var eigi nógu há 911
Leyfi til þess að koma að nýjum gögnum 35, 915
Máli, sem upphaflega var áfrýjað eftir leyfi, en þá frávísað ex officio, var af nýju áfrýjað eftir sama leyfi og enn frávísað ex officio, með því að áfrýjunarstefnan var gefin út meira en 4 vikum frá uppsögn fyrra frávísunardómsins 698, 699
Máli vísað ex officio frá hæstarétti, með því að áfrýjunarupphæð náði eigi lögmæltu lágmarki 599
Kröfu um ómerkingu fjárnáms og uppboðs vísað frá hæstarétti, með því að þessara dómsathafna var eigi getið í leyfi til að áfrýja dómi í málinu 915
Kröfu um dóm í hæstarétti um gagnkröfur hrundið, með því að dómur var eigi lagður á þær í héraði 1158
Krafa, er áfrýjandi gerði um það, að þrotabú yrði, í sambandi við áfrýjun á uppboði á fasteignum þess, dæmt í hæstarétti til þess að greiða honum upphæð, er hann hafði lagt út fyrir búið í þarfir fasteignanna, ekki dæmd að efni til, með því að hún hafði eigi komið undir dóm eða úrskurð í héraði 349
Máli frávísað hæstarétti, með því að synjað var um frest til málsútlistunar, er beðizt, var sakir vöntunar dómsgerða 611, 1219
Úrslitum eigi breytt aðilja í vil, er eigi hafði gagnáfrýjað 82
Dómur, uppkveðinn andstætt ákvæðum 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ómerktur 656
Reikningsskekkja í héraðsdómi leiðrétt ex officio í hæstarétti 6
Ritvilla í héraðsdómi athuguð 1167
Breytt ex officio ákvæði í eiðstaf í dómi í barnsfaðernismáli 1041

Bls.

Kröfu um frávísun máls frá sjódómi hrundið, með því að hún hafði eigi verið höfð uppi í héraði .. 35

Mótmæli um atriði, er eigi komu fram í héraði, eigi tekin til greina í hæstarétti 6

Skaðabótakröfu, sem sundurliðuð var í héraði og eigi mótmælt þar að *því* leyti, var fyrst mótmælt að þessu leyti í hæstarétti, en þau mótmæli ekki tekin til greina 712

Í máli út af arfleiðslugerningi var stefnt skiptaráðanda og þeim, er mótmælt höfðu gerningnum .. 41

Skiptaráðanda og skiptabeiðanda stefnt við áfrýjun á úrskurði um, að gjaldþrotaskipti skyldi hefjast 102

Dómi um sjóveð í bát áfrýjað og stefnt þeim, er eignast höfðu bátinn eftir uppsögn dómsins .. 780, 788

Þriðji maður, er eigi hafði gerzt aðili við fjárnámsgerð, en taldi sig eiga verðmæti þau, er tekin voru, áfrýjar fjárnámi og sannar rétt sinn 364, 592

Kona gerðarþolanda áfrýjar fjárnámi, gerðu í innanstokksmunum til tryggingar skuld á hendur manni hennar, og telur sig eiga munina samkvæmt kaupmála þeirra hjóna. Fjárnámið var staðfest, með því að eigi þótti sannað, að munir þessir væri séreign konunnar 559

Fógetaúrskurði, er synjaði gerðarbeiðanda um að setja hann inn í skrifstofur, bækur og skjöl félags, einnig áfrýjað af varamanni gerðarbeiðanda sem meðalgöngumanni til breytingar á forsendum úrskurðarins og um dóm til viðurkenningar á varamannsrétti hans 477

Úrskurði dómara eiðsmáls, eiðvinningunni og synjunarúrskurði fógeta um fjárnám, er byggður var á eiðvinningunni, áfrýjað í einu lagi og allt ómerkt í hæstarétti 415

Talið, að áfrýjun dóms og aðfarar eftir honum, frestaði ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt kröfu dómhafa eftir 3. gr. laga nr. 7/1894, með því að sannað var með aðfarargerðinni, að gerðarþolandi átti eigi fyrir skuldum og dómhafi fekk eigi fullnægjandi fjárnám til tryggingar kröfu sinni 387

Bls.

Áreið. Sjá landamerkjamál, vettvangsmál.

Árekstur skipa.

Eigendum skipa, er sök áttu á árekstri á önnur skip, dæmt að greiða bætur 264, 460, 804, 1323

Tjóni skipt að ⅓ og ⅔ samkvæmt 225. gr. siglingalaganna. Aflatjón eigi bætt sakir upplýsingaskorts 671

Hvort skip látið bera sitt tjón 82, 228

Skaðabótakröfu hrundið, með því að það skip, er krafizt var bóta fyrir, þótti eiga sök á árekstrinum 426

Eigendur skips, er rakst á annað skip við hafnarbakka, dæmdir til að greiða eigendum þess skips bætur, með því að skipstjóri hafði eigi fylgt skipunum hafnarstjóra 145

Arfur. Arfleiðsla.

Á, sem hafði verið sviftur fjárræði vegna andlegrar veiklunar, gaf yfirlýsingu um ráðstöfun eigna sinna að sér látnum, daginn áður en hann lézt, í áheyrn læknis, fjárhaldsmanns síns og 2 annara manna. Daginn eftir lát mannsins skrásettu þessir 4 menn yfirlýsinguna og læknir vottaði, að hann hefði verið með réttu ráði. Arfleiðslan metin gild þrátt fyrir vefengingu frændsemiserfingja 41

Árið 1906 gerðu hjónin A og B gagnkvæma arfleiðsluskrá. Eftir lát A gerði B 3 aðrar arfleiðsluskrár og ógilti með þeirri síðustu allar hinar. Gagnkvæma skráin var vefengd af erfingjum A og dæmd ónýt, með því að arfleiðsluvottarnir gátu eigi borið um ýms atriði, sem gildi hennar valt á. B var því eigi heldur talinn bundinn við þessa arfleiðsluskrá. Síðasta skráin ein var metin gild, með því að hún fullnægði öllum lögmæltum skilyrðum. Samkvæmt þessu var B talið heimilt að ráðstafa eftir sinn dag hálfu félagsbúi þeirra hjóna og ⅓ af félagsbúshelmingi A og búinu samkvæmt þessu skipt meðal erfingja þeirra 243

Bls.

Áverki.

Maður dæmdur til refsingar fyrir að greiða öðrum manni höfuðhögg 225, 392

Hjón dæmd samkvæmt 205. gr., sbr. 2. lið 204. gr., hegningarlaganna, fyrir að vanrækja að leita barni, sem var í umsjá þeirra, lækninga og fyrir hörkulega meðferð á barninu eftir að það var orðið veikt 528

Lögregluþjónn dæmdur fyrir að veita í starfi sínu drukknum manni áverka 646

Manni dæmd refsing fyrir áverka á lögreglumanni, meðan hann var að vinna skylduverk sitt 879

Bifreiðarstjóri talinn hafa valdið áverka á mönnum með ógætilegum akstri 1214

Ávísun.

Útgáfa ávísunar um greiðslu fjárhæðar til A. talin fela í sér viðurkenningu um það, að útgefandi hefði fest kaup á tiltekinni vöru hjá A 23

Bankar.

Íslandsbanka talið skylt að greiða fasteignagjald í ríkissjóð þrátt fyrir ákvæði 12. gr. l. nr. 66/1905 744

Sami banki talinn skyldur að selja ríkissjóði gullforða sinn, samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1921, við „nafnverði", er merki það, að 3,73 ísl. krónur greiðist fyrir gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri kr. 5,06 1178

Landsbankinn sýknaður af launakröfu bankaráðsmanns, er kosinn var 1927 til 4 ára, en sviftur starfanum 1928 vegna breytinga á lögum bankans 982

Barnsfaðernismál.

A, sem kenndi B barn, hafði búið 12 ár með ónafngreindum manni og átt með honum 5 börn. Auk þess tilnefndi B 2 menn aðra, er A mundi að líkindum hafa haft samfarir við. Enga þessa menn hafði héraðsdómari yfirheyrt og var því eigi talinn hafa upplýst málið eins og honum

Bls.

bar samkvæmt 12. og 13. gr. l. nr. 46/1921. Dómur því ómerktur og málinu vísað heim 198
Barnsmóðir eigi talin hafa lýst mann, er hún bjó með, föður að barni, enda þótt hana mætti hafa grunað, að prestur og skírnarvottar teldi þann mann föður 449
Barnsmóðir talin hafa svo mikið til styrktar málstað sínum, að henni var veittur kostur á fyllingareiði 449, 791, 842, 1041
Breytt ex officio eiðstaf í dómi í barnsfaðernismáli 1041

Bifreiðar. Sbr. refsing. Skattar og gjöld.

Bifreiðarstjóri sektaður fyrir bifreiðaakstur sakir þess, að hann var ölvaður eða undir áhrifum áfengis 640, 770, 796, 890, 926, 936, 973, 1146, 1221
Maður sektaður fyrir að aka bifreið ljósalaust 203
Maður sektaður fyrir að aka bifreið tölumerkjalausri 770
Bifreiðarstjóri sektaður fyrir að hafa fleiri farþega í bifreið en í skoðunarvottorði var til tekið .. 861
Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir óvarlegan akstur, er mannsbani hlauzt af 814, 865, 1214
Maður dæmdur fyrir of hraðan akstur á götu 543
Bifreiðarstjóri, sem ók röngum megin á götu og rakst á mann á reiðhjóli, sektaður og dæmdur til að bæta skemmdir á hjólinu 463
Bifreiðareigandi sýknaður af skaðabótakröfu fyrir trippi, er rakst á bifreið hans, með því að ökumaður var talinn hafa sýnt fulla aðgæzlu 887
Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani, með því að hann þótti hafa sýnt fulla varkárni 709, 944
Bifreiðarstjóri sýknaður af kröfu um að hafa valdið meiðslum á manni, með því að maðurinn hafði hlaupið fyrir bifreiðina og bifreiðarstjórinn þótti eigi hafa getað afstýrt slysi 291

Björgun.

Nótarkaðall á skipi vafðist um skrúfuhausinn og skipið því talið statt í háska. Annað skip, er fengið hafði neyðarbendingu, dró skipið í höfn og

Bls.

voru því dæmd björgunarlaun samkv. 10. kap. siglingalaganna 50
Skip ekki talið statt í neyð, þótt vél þess væri ónothæf, og dráttur á því þess vegna talinn „aðstoð“ og þóknun dæmd fyrir hana, en eigi björgun .. 195
Dráttur á skipi, er orðið hafði fyrir árekstri, talinn björgun 346
Tvö skip rákust hvort á annað og voru talin eiga jafna sök á árekstrinum. Því skipinu, er dró hitt síðan til hafnar, voru því engin björgunarlaun dæmd 82

Blóðskömm.

Maður dæmdur fyrir tilraun til að nauðga systur sinni 882

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskiveiðalög.

Brenna.

Maður dæmdur fyrir brennu af óvarkárni 992
Maður dæmdur fyrir íkveikjutilraun eftir 282. sbr. 46. gr. hegningarlaganna. Sératkvæði í því máli 986

Dómar og úrskurðir.

Kveðinn upp skilorðsbundinn refsidómur samkvæmt l. 39/1907 .... 19, 77, 225, 436, 546, 646, 1047, 1223
Ákvæði héraðsdómara um skilorðsbundinn dóm felld úr gildi 814, 865, 879
Afsettur sýslumaður, er kveðið hafði upp úrskurð eftir afsetninguna, þar sem hann neitaði að afhenda hinum setta eftirmanni sínum embættið og úrskurðaði sig áfram í embætti, gerði kröfu um frávísun máls á hendur honum til fjárskila eftir embættið með skírskotun til úrskurðar þessa, er væri óhaggaður. Úrskurðurinn talinn markleysa og frávísunarkröfu því hrundið 1053
Eigi talið frágangssök að lúka dómsorði á kröfu, þótt ágreiningur kynni síðar að rísa um hið dæmda atriði 1102

Bls.

Kröfu um ómerkingu dóms vegna þess, að hann væri óendanlegur, hrundið 1193
Athugað, að í niðurlag héraðsdóms vantaði málskostnaðarákvæði 677
Banki dæmdur til greiðslu á andvirði vöru gegn því, að farmskírteinið yrði afhent honum 637
Sýknað af kröfu um afhendingu hlutabréfa gegn greiðslu andvirðis þeirra 704
Krafa um viðurkenning sjóveðréttar eigi úrskurðuð í héraðsdómi 346
Á dæmdur til að afhenda sparisjóðsbók eða greiða innstæðu hennar 1269
Tekið fram í forsendum og niðurlagi dóms, að aðili eigi eða eigi ekki sjóveð í tilteknu skipi 195, 264, 460, 780, 788, 822, 933
Dæmt sjóveð í skipi í forsendum dóms, en ákvæði um sjóveðréttinn ekki sett í niðurlagsorðin .. 192
Fram komin krafa um dómsviðurkenningu á sjóveðrétti hvorki dæmd í héraði né hæstarétti 390
Hrundið kröfu um viðurkenningardóm um ákvörðunarrétt sýslunefndar um veg, um ógildi samþykktar um veginn og um það, að sýslunefndinni beri eigi að leggja fram fé til vegarins 378
Breytt ákvæði í dómum um sektargreiðslufrest í opinberum málum 390, 420, 423
Á seldi B skúr á lóð sinni, en B síðan C, sem síðan fekk dóm á hendur B um greiðslu bóta vegna vanheimildar, en jafnframt framseldi B C vanheimildarkröfu sína á hendur A. Í máli milli C og A var dómurinn milli C og B eigi lagður til grundvallar um kröfuhæðina 961
Skiptaráðandi í búi A kveður upp úrskurð um, að rifting á afhendingu veðsettra muna búsins til B skuli eigi fara fram. C, sem taldi sig eiga forgangskröfu í búið, höfðaði svo mál gegn B og öðrum manni, er fengið hafði hluta af andvirði munanna, til endurgreiðslu á því. Enda þótt því væri haldið fram af hálfu aðilja, að skiptaréttarúrskurðurinn væri res judicata, þá var málið dæmt að efni til í hæstarétti 412

Bls.

Eftir að eiðsdómari hafði með úrskurði breytt eiðstaf í hæstaréttardómi og tekið við eiði samkvæmt því, var kröfu um fjárnám, byggðri á ólögmæti málsmeðferðar eiðsdómarans, hrundið í fógetarétti, með því að eiðvinningin hafði þá eigi verið ómerkt í hæstarétti 415
Gagnáfrýjanda dæmdur eignarréttur að lóðarspildu í hæstarétti, og hafði hann þó eigi lagt þá kröfu til sátta í héraði eða gagnstefnt 519
Málflutningsmaður dæmdur í hæstarétti til að greiða málskostnað „f. h. lögerfingja" A, án nánari ákvörðunar 243

Dómarar.

A. Gallar á dómsgjörðum.

Dómari víttur fyrir vöntun stimpilmerkja á dómsgjörðir eða ranga stimplun 6, 31, 1102
Athugað, að dómari hafði engin gjöld talið fyrir útgáfu dómsgjörða í lögtaksmáli 209
Fundið að því, að skjöl, er fram komu í héraði, voru eigi rituð í dómsgjörðir 547, 1233
Ófullkomnar skiptagjörðir 28
Framlagt sjókort fylgdi eigi dómsgjörðum 1185
Ranglega tekin ritlaun og staðfestingargjald í barnsfaðernismáli 198

B. Dráttur á dómsuppsögn.

Víttur dráttur á dómsuppsögn í einkamálum 6, 31, 35, 41, 528, 539, 838, 982, 1155
Víttur dráttur á dómsuppsögn í opinberu máli 531, 666, 772

C. Fundið að meðferð mála annars.

Víttur dráttur á einkamálum annars 145, 237, 243, 426, 528

Fundið að göllum á rannsókn og meðferð opinberra mála:

Vöntun vottorðs um refsidóm og hegningu 139, 253, 466.

Bls.
Vitni eigi samprófuð sakborningi og eigi eiðfest 468, 577
Sökunaut eigi veittur kostur á að vera við staðfestingu vitnaskýrslu 308, 992
Próf og rannsókn talin ófullkomin annars 216, 466, 528, 539, 547, 677, 709, 748, 992
Vítur dráttur á opinberu máli 528, 539, 772
Dómari vanrækti að birta sökunaut dóminn 577
Rannsóknardómari víttur fyrir meðferð á varðhaldsfanga 992
Fundið að því, að dómari setti eigi í dóm sinn frest til sektargreiðslu 734, 746
Fundið að meðferð dómara á vitnamálum 569, 577, 1242
Dómari talinn hafa vanrækt að upplýsa barnsfaðernismál, sem því var heimvísað 198
Uppboðsráðandi víttur fyrir margskonar glöp og dæmdur til að greiða áfrýjanda kostnað af að láta mæta á uppboði, er sakir afglapana uppboðshaldara var ómerkt ex officio, og til að greiða málskostnað 349
Héraðsdómari, er vísað hafði víxilmáli frá dómi vegna vöntunar á sáttatilraun, sýknaður af kröfu um greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins 697

D. Dómgengi o. fl.

Skiptaréttarúrskurður ómerktur, af því að skiptaráðandi, sem sjálfur var aðili þeirrar kröfu, sem úrskurða skyldi, sat í skiptarétti, þegar sátta var leitað 938
Meðferð og dómur í opinberu máli ómerkt, af því að farið var með það af setudómara án þess að hinn reglulegi dómari hefði vikið sæti í því eða haft forföll 1045, 1144
Dómari, sem stefndur var í máli f. h. þrotabús, gegndi öllum dómstörfum í málinu. Meðferð þess öll og dómur ómerkt ex officio í hæstarétti .. 1240
Það vítt, að skiptaráðandi tók eigi sérstaklega til úrskurðar kröfu um það, að hann viki sæti 102
Kröfu um það, að fógeti viki sæti, vegna óvináttu við aðilja, hrundið, með því að engin rök þóttu færð fyrir henni 1288

Bls.

Maður sektaður fyrir tálmun á athöfnum rannsóknardómara með óbeinum ógnunum 1092

Dómtúlkar.

Í hæstarétti var það upplýst, að dómtúlkur við sjópróf hafði misskilið ummæli erlends stýrimanns. Þetta var leiðrétt í málinu fyrir hæstarétti og dómsniðurstöðu breytt samkvæmt því 228

Drengskaparorð. Sjá eiður.

Eiður. Sbr. barnsfaðernismál.

Kaupanda fisks veittur kostur á að synja fyrir það með eiði, að hann hefði lofað seljanda uppbót á andvirði fisksins 165

Sparisjóður hafði ábyrgzt greiðslu á vöruúttekt fyrir A. Veitti lánardrottinn A líðun á greiðslunni, að því, er hann hélt fram, með samþykki ábyrgðarmanns. Í máli gegn sparisjóðnum þótti þetta ekki fullsannað, en svo margt fram komið því til styrktar, að úrslit málsins voru látin velta á því, að fyrrverandi formaður sparisjóðsins synjaði með eiði fyrir það, að hann hefði samþykkt f. h. sparisjóðsins greiðslufrestinn 329

Í máli um endurgreiðslu ofgoldinnar húsaleigu var eigi talið fært að veita stefnda synjunareið, með því að eiðsatriðið varðaði refsiverðan verknað. Stefnanda því veittur fyllingareiður 652

Stefnda veitt heimild til að synja fyrir það með eiði, gegn skýrslu verzlunarstjóra stefnanda, að hann hefði skuldbundið sig til að greiða vöruúttekt háseta sinna 933

Í héraði voru málsúrslit látin velta á eiði þriðjamanns, en hæstiréttur dæmdi málið án aðildareiðs 961

Aðilja dæmdur fyllingareiður, með því að gagnaðili hans var látinn, um það, að þeir hefði slitið félagsskap sínum með ákveðnum skilmálum 554

Barnsmóður dæmdur fyllingareiður samkv. l. 46/1921

Bls.

15. gr. þannig, að hún hefði haft samfarir við A „einan karlmanna“ á tilteknu tímabili 449
Barnsmóður veittur fyllingareiður 791, 842
Barnsmóðir, sem dæmd hafði verið eftir 230. og 270. gr. hegningarlaganna, veittur fyllingareiður .. 1041
Eiðvinnanda stílaður eiður öðruvísi en í eiðsdómi greindi. Gjörðir eiðsdómara og eiðvinning því ómerkt í hæstarétti 415
Athugað, að vitni, sem staðfesti skýrslu sína með drengskaparheiti, í stað eiðs, hefði brostið til þess lögmælt skilyrði 243

Eignarréttur.

A seldi og afhenti B húsgögn, en áskildi sér eignarrétt á þeim, unz andvirði þeirra væri að fullu greitt. Með því að greiðsla brást, var fógeti skyldaður til að taka munina frá B. með beinni fógetagjörð 1233
A og B létu hvor í sínu lagi síldarverksmiðju bræða fyrir sig síld. Verksmiðjan sendi síðan 55 tn. lýsis út undir nafni A, en segir B, að hann hafi átt 9 tn. af lýsi þessu. A dæmdur til að greiða B andvirði þessara 9 tunna 337
Tveir menn taldir hafa sannað eignarrétt sinn að munum, er teknir voru fjárnámi hjá C, en geymdir voru hjá þriðjamanni 364
A leigði B hlut með þeim kjörum, að leigan var jöfn kaupverði hlutarins, enda skyldi B eignast hlutinn, ef hann greiddi leiguna. Með því að hann gerði það eigi, var hluturinn framvegis talinn vera eign A 364
Ágreiningur um það, hvort A hefði öðlazt skilyrðislausan og ótímabundinn eignarrétt að lóð, er B hafði upphaflega áskilið sér að taka undir sig, þegar hann vildi. B dæmdur eignarrétturinn .. 519
Fimm aðiljar sönnuðu, að þeim hefði verið framseld fjárnumin krafa áður en fjárnám fór fram, og var því fjárnámið að því leyti fellt úr gildi. Krafa eins aðilja um niðurfall fjárnáms í mun-

Bls.

um, er hann taldi sig eiga, var þar á móti eigi tekin til greina 592
Kaupandi vöru einnig talinn hafa orðið eigandi umbúðanna, með því að honum voru reiknaðar þær með ákveðnu verði í „faktúru", enda þótt hann mætti skila þeim aftur 685
A gerði verksamning við B, og skyldi B verða eigandi alls byggingarefnis, er það væri komið á byggingarstaðinn. A fekk „lánað" timbur í steypumót hjá C og sló B eign sinni á það og hagnýtti sér með skírskotun til verksamningsins. B dæmdur til að greiða C fullt verð timbursins 967

Embættis- og sýslunarmenn.
Sjá áfengislagabrot, dómarar, yfirvöld.

Forstöðumaður smásöludeildar Áfengisverzlunar ríkisins og afgreiðslumaður taldir opinberir sýslunarmenn og því dæmdir fyrir sjóðþurð, vanrækslu og óreiðu í reikningsfærslu samkvæmt 136. gr. 1. lið, 135. gr. sbr. 49. gr., 144 o. fl. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 308
Lögregluþjónn dæmdur fyrir að veita drukknum manni áverka, með því að hann þótti hafa farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar 646
Póstafgreiðslumaður sýknaður bæði af kæru um sviksamlegt athæfi og vanrækslu eftir 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 899
Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp, veitta þurfalingum bæjarins 956
Landsbankinn sýknaður af launakröfu bankaráðsmanns, er kosinn var 1927 til 4 ára, en var sviftur starfanum árið 1928 samkvæmt þá gjörðri breytingu á lögum bankans 982
Frávísað kröfu afsetts sýslumanns um, að afsetningin yrði dæmd ógild og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, svo og hrundið kröfu hans um bætur fyrir tjón vegna afsetningarinnar 1027
Sami sýslumaður dæmdur til að greiða ríkissjóði ýms gjöld, er talin voru standa inni hjá hon-

Bls.

um. Ríkissjóður þar á móti sýknaður af gagnkröfu hans um uppbót á skrifstofukostnaði, skipagjalda-innheimtu o. fl. 1053
Kröfu um laun afsetts sýslumanns vísað frá dómi 1053
Sami dæmdur til að greiða ríkissjóði ýmsar innistandandi fjárhæðir hjá honum samkvæmt landsreikningi, ríkissbókhaldi og reikningsgerð endurskoðanda, er honum tókst eigi að hnekkja, að undantekinni fjárhæð, er ætla mátti óinnheimta, án þess að hann bæri sök á því 1158
Spítalaráðskonu dæmdar bætur fyrir sviftingu stöðu sinnar með of skömmum fyrirvara 1319
Sektað fyrir mótþróa við stefnuvotta 1026
Maður dæmdur í sekt fyrir óbeina ógnun við rannsóknardómara, en sökunaut talið til málsbóta, að rannsóknardómarinn hefði orðið offari við mann, er undir rannsókn var tekinn 1092

Endurbætur á annara eign.

A hafði fengið söluumboð á mótorbát B, er hann hafði gengið í ábyrgð fyrir, og átti bátsverðið að ganga upp í ábyrgðarskuldina. A talið heimilt að láta gera við bátinn áður en sala færi fram til þess, að báturinn yrði seljanlegur 401
Kaupanda húss, er ranglega var aftur af honum tekið, dæmdar bætur fyrir það, er hann hafði kostað til viðhalds því og endurbóta 838

Endurgreiðsla.

Krafa um endurgreiðslu ofgoldinnar húsaleigu látin velta á eiði sækjanda 652
Seljandi fisks dæmdur til að endurgreiða kaupverð hans vegna verulegra galla á honum, er réttlættu riftingu kaupsamnings 712

Endurupptaka máls.

Dómur, uppkveðinn andstætt fyrirmælum 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ómerktur í hæstarétti 656
Endurupptaka aðalsakar samkvæmt 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832 tekur ekki til gagnsakar 1158

Bls.

Farmsamningur.

A og B stefnt til greiðslu farmgjalds. Með því að skipstjóra mátti vera ljóst, að B tók við farminum aðeins fyrir hönd A, var B sýknaður 35
Samið var um ákveðið farmgjald fyrir smálest, og þá aðeins skylt að greiða fyrir þá lestatölu, er skilað var 35
Farmeiganda talið rétt að draga frá farmgjaldi kostnað, er farmflytjandi hafði bakað honum með óþörfum drætti, aukatryggingu vegna farar skips af réttri leið o. fl. 35
Farmflytjandi þar á móti sýknaður í málinu af skaðabótakröfu vegna dráttar á afhendingu farms, sakir skorts á sönnun fyrir tjóni 35
Farmflytjanda, er ekki gat flutt farm þangað, sem lofað var, af því að skipið sökk, dæmdur tiltölulegur hluti farmgjalds, miðað við vegarlengd .. 382
Farmflytjanda dæmdar biðdagabætur. Ákvæði í farmsamningi um uppskipun talið eiga að miða við aðstæður á þeim höfnum, þar sem farmi skyldi skila 471
Afgreiðslumaður skips, er afhenti vöru án þess að fá í hendur farmskírteini og síðan varð að greiða sendanda andvirði vörunnar, talinn eiga endurgreiðslukröfu á hendur viðtakanda 600
Kaupanda fisks, er verulega gallaður reyndist, talið óskylt að afhenda hann aftur úr skipi á afhendingarstaðnum, nema seljandi greiddi aukafarmgjald fyrir flutning fisksins í skipið 712

Fátækraframfærsla.

Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp, veitta þurfalingum, með því að bæjarstjórn, eða fátækranefnd höfðu eigi beiðzt hjálparinnar eða ábyrgzt hana og ósannað var, að svo bráðrar hjálpar hafi verið þörf, að eigi hefði mátt fá samþykki fátækranefndar fyrirfram 956

Bls.

Félagsskapur.

Eigi talið fullsannað, að verzlunarfélagsskap hefði verið slitið með tilteknum skilmálum. Í máli eins félagans gegn öðrum hinna til greiðslu hans hluta af skuldunum voru úrslitin látin velta á eiði um það, að stefnandi hefði tekið við eignum félagsins og ábyrgð á skuldum þess .. 554

Fiskveiðalög. Sbr. ítrekun, mat og skoðun, neyðarréttur, refsing, sönnun, varnarþing.

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru fyrir botnvörpuvörpuveiðar í landhelgi 46, 105, 136, 139, 206, 334, 390, 420, 485, 490, 509, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1078, 1132, 1150, 1167, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi 1167

Skipstjóri dæmdur í sekt fyrir dragnótaveiðar í landhelgi 810

Eigandi síldarbræðslustöðvar sýknaður af kæru út af kaupum á síld af erlendum fiskiskipum, er talin voru hafa verið löglega stödd á sölustaðnum 1014, 1049

Erlendur skipstjóri dæmdur í sekt fyrir sölu á afla af skipi sínu á íslenzkri höfn, samkvæmt 3. gr. l. nr. 33/1922 1206

Fjárnám. Sbr. lögtak.

Fjárnám hjá hlutafélagi í munum, er tveir áfrýjendur sönnuðu eignarrétt sinn að, fellt úr gildi í hæstarétti 362

Fógeti hafði neitað um fjárnám, með því að fyrir lá synjunareiður þriðjamanns, er fjárnámsbeiðandi taldi eigi í samræmi við eiðstafinn í eiðsdóminum. Eiðsmáli og fógetaúrskurði var síðan skotið til hæstaréttar og var hvorttveggja fellt þar úr gildi og fógeti skyldaður til að framkvæma fjárnámsgjörðina 415

Eigi talið nauðsynlegt að vitna berum orðum í veðskuldabréfi til 15. gr. laga nr. 29 16. desbr. 1885,

Bls.

til þess að gera megi fjárnám samkvæmt bréfinu, enda fullnægi það að öðru leyti fyrirmælum téðrar lagagreinar 537

Mótmælum gegn framkvæmd fjárnámsgjörðar, byggðum á því, að skuldin væri greidd, hrundið, með því að sönnun fyrir þessu vantaði .. 537

Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi gjört fyrir vöxtum og fjárnámskostnaði, en ekki látið ná til innheimtulauna af þeim hluta skuldarinnar, sem áður hafði verið greiddur, né til vaxtavaxta .. 537

Fjárnámi í munum, sem voru á heimili gjörðarþolanda, mótmælt, með því að þeir væri eign konu hans samkvæmt kaupmála, en hann hefði að eins haft þau á leigu. Með því að eigi þótti sannað, að munir þessir hefði orðið séreign konunnar samkvæmt kaupmálanum, var fjárnámið staðfest í hæstarétti 559

Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi fellt úr gildi, með því að skuldin þótti ekki nægilega ákveðin og vottorð um þinglýsingu bréfsins vantaði 566

Fjárnám í kröfu fellt úr gildi, með því að fimm aðiljar, sem eigi höfðu komið fram við fjárnámsgjörðina, áfrýjuðu því og sönnuðu eignarrétt sinn að kröfunni. Þar á móti var hrundið kröfu sjötta áfrýjandans, er taldi sig eiga herpinót, er tekin hafði verið fjárnámi, með því að sala hennar til hans þótti eigi hafa verið sönnuð 592

Úrskurður um fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi staðfestur, með því að greiðslur þær, er fram höfðu farið, voru eigi taldar fullnaðargreiðslur á veðskuldinni, og eftirstöðvar hennar því allar taldar fallnar í gjalddaga. Veðbréfið talið hafa haldið gildi sínu, þótt skuldin hefði verið færð á nafn annars en hins upphaflega skuldunauts 727

Kröfu um ómerkingu fjárnáms vísað frá hæstarétti, með því að þess var eigi getið sérstaklega í áfrýjunarleyfi 915

Staðfest synjun fógeta við fjárnámsgjörð á því að láta óviðurkenndar gagnkröfur og ávísanir koma til greiðslu dómkröfu 1288

Fógetagjörðir. Sjá fjárnám, innsetning, kyrrsetning, lögbann, lögtak, útburður.

Forkaupsréttur.

Landseta var boðin ábýlisjörð hans til kaups fyrir 8800 kr., en sjálfur bauð hann kr. 6000 í jörðina og taldi hana hafa raunverulega verið selda fyrir það verð. En með því að hann gat ekki sannað í máli, er hann höfðaði á hendur kaupanda og seljanda til ógildingar sölunni, að jörðin hefði verið seld undir kr. 8800, voru þeir sýknaðir af kröfum hans 1155

Forsendur. Sbr. samningar.

Hlutafélag, er gekk í ábyrgð á greiðslu hásetakaups fyrir útgerðarmann, taldi sig hafa gert það til að tryggja sér kaup á afla skipsins. Útgerðarmaðurinn rauf loforð sitt um sölu aflans og taldi félagið sig því úr ábyrgðinni. Þessi varnarástæða félagsins var eigi tekin til greina, með því að eigi var sannað, að hásetarnir hefði vitað um hana eða að þeir ætti sök á brigð útgerðarmanns á loforði sínu 1087, 1235

Þótt þess væri getið í samþykkt um sýsluvegarlagningu samkvæmt lögum nr. 38/1919, að ríkissjóður kynni að leggja fé til vegarins, þá var slíkt framlag eigi talin forsenda fyrir gildi samþykktarinnar gagnvart sýslunefnd 378

Framsal kröfuréttinda.

Stefnandi í héraði varð gjaldþrota eftir málshöfðun. Krafan var síðan seld og hinn nýi eigandi tók við málinu 23

A keypti húseign af B og greiddi hluta af kaupverðinu með „víxli“ á hendur öðrum manni, er útgefanda vantaði á. „Samþykkjandi“ sannaði, að hann hefði þegar greitt upphæðina. Í máli, sem B höfðaði á móti A, var hinn síðarnefndi eigi dæmdur til að greiða nafnverð „víxilsins“, heldur þá upphæð, sem ætla mátti, að „víxillinn“

Bls.

stæði B í, miðað við kaupverð hússins og aðrar greiðslur upp í það 281

A keypti útistandandi verzlunarskuldir af þrotabúi firma eins samkvæmt verzlunarbókum þess. Síðar kom það í ljós, að eigendur firmans höfðu fyrir upphaf gjaldþrotaskiptanna kvittað nokkra skuldunauta sína með millifærslum í bókunum, en þessar ráðstafanir voru taldar riftanlegar. A krafðist nú þess, að honum yrði dæmdur eignarréttur á þeim skuldum, er þannig höfðu verið kvittaðar. Þessi krafa var eigi tekin til greina, með því að salan hefði farið fram eftir bókunum, en þá voru skuldir þessar eigi taldar eign búsins, þar sem eigi var neitt um riftingarmöguleikann vitað 765

Framboð.

Stefndi bauð í upphafi máls fram þá upphæð, er honum var talið skylt að greiða. Stefnandi tók eigi boðinu og var því málskostnaður látinn falla niður í héraði, en stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti 382

Frávísun.

a. Frá héraðsdómi.

Máli vísað frá héraðsdómi vegna galla á sáttatilraun 4

Máli frávísað héraðsdómi, með því að samið var um, að sakarefnið skyldi útkljá með gerðardómi .. 278

Ábyrgðarmenn, er höfðu undirgengizt að svara til sakar fyrir gestaréttí Reykjavíkur, sóttir fyrir gestaréttí á Eskifirði, sem var utan þinghár þeirra. Málinu vísað frá gestaréttinum 611

Máli vísað frá gestaréttí og málsmeðferð ómerkt, með því að sækjandi lét mann, búsettan á þingfestingarstaðnum, þingfesta málið 863

Kröfu afsetts sýslumanns um það, að afsetningin yrði dæmd ógild og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, vísað frá dómi 1027

Bls.

Kröfuliðum vísað frá í héraði, með því að þeir þóttu ekki nægilega útlistaðir 1053
Kröfum í gagnsök vísað frá í héraði, með því að dómur í aðalsök hefði útkljáð þær 1053
Kröfu afsetts sýslumanns um laun meðan frávikning hans um stundarsakir stóð yfir, vísað frá héraðsdómi, með því að eigi var upplýst um skiptingu á laununum milli hans og hins setta eftirmanns hans samkvæmt tilsk. 3. febr. 1836 IV .. 1053
Hrundið kröfu um frávísun frá sjódómi með því að hún kom fyrst fram í hæstarétti 35
Hrundið kröfu um frávísun máls, með því að fara hefði átt með það sem landamerkjamál eða vettvangsmál og af því að einungis 8 af 9 nefndarmönnum, er fyrir vörn málsins stóðu, hafði verið stefnt 87
Hrundið kröfu um frávísun, sem byggð var á göllum á stefnubirtingu 915
Kröfu um frávísun þrautavarakröfu, vegna vöntunar á sáttaumleitun um hana og galla á útlistun hennar, hrundið 918
Kröfu um frávísun kröfu frá gestarétti, af því að hún heyrði undir skiptarétt, hrundið 1053
Kröfu um frávísun aðalsakar, þar sem afsettur sýslumaður var krafinn um greiðslu ríkisgjalda eftir embættið, vegna þess að úrskurður, sem stefndi hafði kveðið upp eftir afsetningu sína frá embætti, væri enn óhaggaður, hrundið, með því að úrskurður þessi væri markleysa 1053
Frávísunarkröfu, byggðri á því, hvernig orðalag og efni dómkröfu var, hrundið 1102
Aðili hafði undirgengizt að svara til sakar fyrir gestarétti í máli um skuldakröfur og kyrrsetningu vegna þeirra. Nokkrum kröfuliðum hafði verið vísað frá. Í síðara máli fyrir gestarétti út af kröfuliðum þessum og kyrrsetningunni varðandi þá, gerði stefndi kröfu um frávísun þeirra, með því að áðurnefnd skuldbinding hans gæti eigi náð til þessa máls. Frávísunarkröfunni hrundið 1158

Bls.

b. Frávísun frá hæstarétti.

Skiptamáli vísað frá hæstarétti, vegna þess, að þeir, er komu fram sem aðiljar fyrir skiptarétti, hefði ekki verið stefnt, heldur aðeins umboðsmönnum þeirra 53
Kröfu áfrýjanda fógetaréttarúrskurðar, er eigi hafði gerzt aðili fyrir fógetarétti, vísað frá hæstarétti, með því að hún hafði eigi komið undir dóm eða úrskurð í héraði 477
Landamerkjamáli frávísað, með því að áfrýjunarleyfi, er því var áfrýjað eftir, var veitt á 3. ári frá uppsögn landamerkjadómsins 546
Máli vísað ex officio frá hæstarétti vegna þess að áfrýjunarupphæðin náði eigi lágmarki 599
Máli vísað frá, með því að áfrýjandi hafði eigi lagt fram málsútdrátt, en stefndi mótmælti fresti til þess, er áfrýjandi beiddist, þegar málið var þingfest 619
Máli, sem var áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi og þá frávísað, og áfrýjað samkvæmt sama leyfi, frávísað af nýju, með því að stefnan var gefin út meira en 4 vikum eftir uppsögn frávísunardómsins 698
Kröfu um ómerking fjárnáms og uppboðs frávísað, með því að þeirra var ekki getið í leyfi til áfrýjunar aðalmálsins 915
Máli vísað frá vegna galla á stefnubirtingu 1009
Máli vísað frá vegna þess, að umboðsmanni aðilja í héraði var stefnt fyrir hans hönd, án þess að sýnt væri, að hann hefði umboð til að svara fyrir aðilja fyrir hæstarétti 1291
Máli vísað frá vegna þess, að dómsgerðir vantaði og áfrýjandi gat eigi fengið frest til að afla þeirra 1211
Máli frávísað vegna þess, að stefnufrestur var of skammur og stefndi kom eigi fyrir dóm 1022
Eigi talin ástæða til að vísa máli frá dómi ex officio, þótt ólögráðum erfingjum væri stefnt í eigin nafni, með því að löglega var mætt fyrir dómi af hendi þeirra allra 243
Frávísunarkröfu, byggðri á því, að skilyrði til veit-

Bls.

ingar áfrýjunarleyfis eftir liðinn 12 mánaða frest frá dómsuppsögn hafi vantað, hrundið, með því að mat þess atriðis heyri undir dómsmálaráðherra 398

Frestir.

Þingfesting máls í hæstarétti frestað með samþykki beggja aðilja 171, 237, 278, 822, 858, 1240
Synjað um frest í hæstarétti, samkvæmt mótmælum gagnaðilja, til útvegunar dómsgerða og málsútdráttar 619, 1211
Áfrýjanda veittur frestur til sóknar máls í hæstarétti eftir að frávísunarkröfu stefnda hafði verið hrundið 398
Dómari víttur fyrir frestveitingar í einkamáli 145, 237, 243
Málflutningsmenn vítir fyrir drátt á einkamálum 145, 237, 243, 519
Frestað máli vegna forfalla 1153

Fyrning kröfuréttinda.

Krafa ræðismanns í Bretlandi til endurgreiðslu fjárhæðar, er hann hafði lagt út til heimsendingar skipshafnar af íslenzku skipi, er farizt hafði á ófriðarsvæðinu 1917, eigi talin fyrnd samkvæmt 1. lið 3. gr. laga nr. 14/1905. Eigi heldur talið skipta máli að þessu leyti, þótt ræðismaðurinn, sem jafnframt var eigandi skipsmíðlarafirma, hefði framselt því kröfuna 6
Sýknukrafa, byggð á því, að krafa væri fyrnd, eigi tekin til greina, með því að skuldunautur hafði viðurkennt hana fyrir svo skömmum tíma, að fyrning var ekki á fallin 494
Kaupandi vöru sýknaður af kröfu um greiðslu á umbúðum, sem hann var talinn hafa eignazt um leið og hann varð eigandi vörunnar, með því að krafan var talin fyrnd 685
Fyrningarfrestur kröfu talinn frá lokum ársins 1922, með því að sannað var, að skuldunautur hefði á því ári fengið vörur hjá stefnanda 693

Bls.

Verzlunarskuld talin fyrnd, með því að 4 ár voru liðin frá lokum þess árs, er síðustu viðskiptin fóru fram 858

Krafa um endurgjald fyrir veitta læknishjálp talin fyrnast á 4 árum 956

Gagnsakir. Sbr. málasamsteypa.

Skuldajöfnuður talinn heimill án gagnstefnu, en gagnkrafan var af sömu skiptum runnin sem krafa í aðalsök 35

Í máli, sem kaupandi höfðaði til bóta fyrir riftingu kaups á húseign, höfðaði seljandi gagnsök til bóta fyrir samningsrof. Sýknað í gagnsök, með því að kaupandi hefði eigi rofið samninginn, en seljandi var dæmdur til að greiða kaupanda fyrir viðgerð og umbætur, er hann hafði gert á eigninni 838

Endurupptaka aðalsakar samkvæmt 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832 eigi talin taka til gagnsakar 1158

Kröfu um dóm í hæstarétti í gagnsök hrundið, með því að héraðsdómarinn hafði eigi lagt dóm á hana 1158

Í máli til bóta vegna árekstrar skipa töldu eigendur skipanna hvor til bóta hjá öðrum og höfðu kröfurnar uppi í aðalsök og gagnsök 85

Gengi.

Þegar ákvörðuð er sekt fyrir landhelgisbrot togara, er höfð hliðsjón af gengi íslenzkrar krónu 46, 139, 206, 334, 390, 420, 423, 485, 490, 509, 620, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1078, 1132, 1150, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

Kaupmaður, sem skuldaði dönsku firma fyrir vörur, talinn hafa gefið firmanu fulla ástæðu til að treysta því, að skuldin yrði greidd í dönskum krónum, og með því að hann hafði greitt í íslenzkum krónum, var hann dæmur til að greiða gengismun 500

Skuld, er norskt firma stofnaði í Noregi við norskan banka, en tryggð var með veði í fasteign á Ís-

Bls.

landi, talin eiga að greiðast í norskum krónum, með því að eigi var sannað, að öðruvísi hefði verið um samið 727
Skylda Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. l. 6/1921 til að selja ríkissjóði gullforða sinn með „nafnverði" skýrð svo, að ríkissjóður ætti að greiða ísl. kr. 2480 fyrir hvert kg. af skíru gulli og því kr. 3,73 fyrir hvern gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri þá skráð ísl. kr. 5,06 1178
Í samningi um vörusölu var kaupverðið miðað við danskar krónur. Talið, að vátrygging væri og miðuð við sömu mynt 1269

Gerðardómur.

Kröfu um frávísun máls frá sjódómi vegna samnings um úrlausn málsins í gerðardómi hrundið í hæstarétti, með því að þeirri kröfu var fyrst hreyft þar 35
Máli vísað frá gestarétti vegna þess, að samið hafði verið um úrlausn þess í gerðardómi 278

Gestaréttur.

Samningur um meðferð máls fyrir gestarétti í Reykjavík eigi talinn heimila gestaréttarmeðferð þess á Eskifirði, enda þótt báðir aðiljar væri búsettir í Suður-Múlasýslu 611
Sagt, að víxilmál megi reka fyrir gestarétti, hvort sem sé samkvæmt l. nr. 33/1911 eða af því, að sækjandi sé gestur 697
Fundið að því, að sjóferðaskýrsla var tekin í gestarétti, í stað sjóréttar 804
Sækjandi, búsettur í Reykjavík, höfðaði mál fyrir gestarétti í Vestmannaeyjum og lét þar búsettan mann þingfesta málið. Þetta talið óheimilt og hæstiréttur ómerkti því dóm og málsmeðferð og vísaði málinu frá gestaréttinum 863
Kröfu, sem samið var um gestaréttarmeðferð á og í fyrstu var frávísað gestarétti, talið rétt að sækja af nýju fyrir sama gestarétti, enda þótt stefndi teldi samninginn um gestarétt eigi heimila þetta 1158

Bls.

Geymsla.

Skaðabótakrafa vegna skemmda á húsgögnum, er komið var fyrir til geymslu hjá þriðjamanni, eigi tekin til greina, með því að ekki var sannað, að skemmdir hefði orðið á munununum né að þeir hefði eigi allir komið til skila 401

Gjafsókn. Gjafvörn.

Gjafsókn eða gjafvörn fékk:
a) Hreppur 141, 341, 399, 599, 657, 731, 895, 911, 1082, 1087, 1155, 1269
b) Beneficiarius prestseturs 4
c) Fátækir einstaklingar, svo sem barnsmæður 412, 449, 791, 842, 1041, 1242

Gjaldþrotaskipti. Sbr. veð.

Úrskurður skiptaráðanda, er hafði tekið bú hlutafélags til gjaldþrotaskipta eftir kröfu nokkurra af hluthöfum þess, ómerktur, með því að hann þótti hvorki hafa stoð í lögum um gjaldþrotaskipti, hlutafélagalögum né samþykktum hlutafélagsins 102
Hlutafélag reyndist ekki eiga fyrir skuldum við aðför, er gerð var hjá því til fullnustu dóms. Það áfrýjaði bæði dóminum og aðfarargjörðinni. Dómhafi krafðist síðan gjaldþrotaskipta í búi félagsins, en skiptaráðandi synjaði þessari kröfu, með því að dómi og aðför væri áfrýjað. Hæstiréttur skyldaði skiptaráðanda til að taka búið til skipta, með því að áfrýjunin hafi eigi getað varnað skiptunum, þar sem sannað var, að gjörðarþolandi átti eigi fyrir skuldum 387
Innköllun skuldheimtumanna þrotabús eigi talin orka því, að þeir missi kröfur sínar á hendur þrotamanni sjálfum, þótt þeim sé eigi lýst í bú hans 233
Mál höfðað gegn skiptaráðanda og dæmt af almennum dómstólum, út af peningakröfu, í sambandi við annan skuldunaut 6

Bls.

Skiptaráðandi í þrotabúi umboðsmanns jarðar stefnt fyrir hæstarétt, f. h. þessa umboðsmanns, í máli um landamerki jarðarinnar 731
Skiptaréttarúrskurður ómerktur vegna vöntunar á sáttaumleitun um ágreiningsefnið 938
Til skiptafundar, þar sem ákvörðun átti að taka um samþykki á boði í eignir bús, var aðeins tveimur hæstbjóðendum boðið. Þetta talin ófullnægjandi fundarboðun 349
Skiptaráðandi skyldaður til að leggja ófullnægðum veðhafa út eignir, enda þótt hann væri ekki uppboðsbeiðandi, með því að hann gerði hæsta boð í eignirnar 855
Talið heimilt að gera tögtak í eign aðilja, er búsettur var í Danmörku, eftir að bú hans þar hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir analogíu op. br. 30. nóv. 1821 1082
Úthlutunargjörð og skiptameðferð á búi felld úr gildi, með því að skiptaráðandi hafði eigi tekið til úrskurðar aðfinningu við úthlutunargjörðina 385
A hafði fengið nokkra gripi hjá skuldunaut sínum upp í skuld, áður en hann varð gjaldþrota. B hafði átt veð í gripum þessum, og A hafði því fengið honum eitthvað af andvirði þeirra. C taldi sig eiga forgangskröfu í búið. Hann höfðaði því mál gegn A og B til greiðslu gripaverðsins. Þeir voru sýknaðir af kröfunni, með því að afhending gripanna til A hefði ekki verið rift og yrði því að telja hana jafnbindandi fyrir C sem fyrir þrotabúið 412
Þrotabú ekki talið hafa selt, ásamt öðrum útistandandi skuldum sínum, kröfur, sem í bókum þrotamanns voru taldar greiddar með millifærslum, enda þótt þær ráðstafanir reyndist riftanlegar, með því að búið gat eigi talizt eigandi þeirra, þegar salan fór fram, og skuldirnar voru seldar samkvæmt bókum þrotamanns 765
Maður dæmdur fyrir undanskot fjár síns undan gjaldþrotaskiptum 748

Bls.

Greiðsla. Sbr. samningar.

X, umboðsmaður firmans A, tekur við vörupöntun frá B. A fær síðan firmað C til að láta vörurnar af hendi. B greiðir hluta af andvirði þeirra beint til C, en eftirstöðvarnar til X, er að eins greiðir nokkuð af þeim til C. A dæmdur til að greiða það, er X greiddi ekki 56

Bankaútibúi talið heimilt að ákveða það, upp í hvaða skuldir innborganir A í útibúið — en hann skuldaði því stórfé — skyldi ganga, með því að útibúið þótti eigi hafa með framkomu sinni skuldbundið sig til að láta greiðslurnar ganga upp í ákveðna skuld 286

Gæzla.

Maður dæmdur í gæzlu samkvæmt 39. gr. hegningarlaganna 939

Gæzluvarðhald.

Skipstjóri á erlendum botnvörpungi settur í gæzluvarðhald vegna grunar um brot á fiskiveiðalögum 46

Maður settur í gæzluvarðhald vegna grunar um brot á áfengislöggjöfinni 66, 299, 569, 757, 782, 1189, 1307

Talið ástæðulaust að beita gæzluvarðhaldi og kærða þar að auki talið hafa verið haldið óþarflega lengi í því. Þetta látið hafa áhrif á refsihæð kærða 569

Gæzluvarðhald látið skipta máli um refsingu 253, 528, 569

Rannsóknardómari vittur fyrir að hætta að láta bera fanga mat, að láta bera salmíaksspiritus að vitum hans og láta skrifara sinn taka um háls honum á meðan, að stinga fangann með títuprjóni og fyrir að synja honum prestsfundar 992

Aðalmaður í framkvæmd brots leystur í hæstarétti undan greiðslu á varðhaldskostnaði meðsekra manna 757

Bls.

Kostnaður af gæzluvarðhaldi eins sökunauts af fimm samverkamönnum, er sýknaður var, lagður á ríkissjóð 1189

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.

Mál hafið eftir samkomulagi aðilja, en stefnda dæmdar ómaksbætur 562, 711
Mál hafið samkvæmt kröfu áfrýjanda. Stefnda dæmdar ómaksbætur 1212, 1213

Haldsréttur.

Kaupanda fisks, er verulega gallaður reyndist, talið óskylt að afhenda hann aftur úr skipi á afhendingarstaðnum, nema seljandi greiddi aukafarmgjald fyrir flutning fisksins í skipið 712
Krafa um laun fyrir viðgerð á vélbáti talin tryggð með haldsrétti í bátnum, og var sá haldsréttur, með því að viðgerðin þótti hafa verið nauðsynleg, talinn ganga fyrir eldri veðréttum í bátnum og einnig ná til uppboðsandvirðis hans, en haldsréttarhafi hafði, að undangengnum dómi, látið taka bátinn fjárnámi og selja á nauðungaruppboði 952

Hefð.

A hafði haft í vörzlum sínum 30 ár lóð, er B hafði áður verið áskilinn réttur til að taka til sinna þarfa, þegar hann vildi. A eigi talinn hafa leyst þetta band af lóðinni, með því að hann tók við henni með því og umráð hans útilokuðu eigi heldur, að B gerði rétt sinn gildandi, þegar honum sýndist 519

Heilbrigði. Sbr. saknæmi.

Arfleiðslugerningur manns, er sviftur var fjárræði vegna andlegrar veiklunar, metinn gildur 41
Sýknun af refsingu vegna vanþroska og geðbilunar 939

Bls.

Maður dæmdur með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 882, 986

Heimvísun. Sjá ómerking.

Helgidagsbrot.

Formaður félags sýknaður af kæru út af skemmtanarhaldi kveldið fyrir helgidag, með því að skemmtunin var aðeins fyrir félagsmenn og þá, sem að því sinni lofuðu að gerast félagar, og því eigi talin almenn skemmtun 343

Hilming.

Maður dæmdur eftir 240. gr. hegningarlaganna 1223

Hjónaband. Sbr. kaupmáli.

Hjónin A og B gerðu 1906 sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, er dæmd var ógild eftir lát þeirra beggja. B, er lifði A, því talið heimilt að ráðstafa eftir lát A helmingi sínum af félagsbúi þeirra og ⅓ hluta af félagsbúshelmingi A, er B erfði eftir A 243

Hlutafélög.

Úrskurður um töku bús hlutafélags til gjaldþrotaskipta eftir kröfu nokkurra hluthafa ómerktur, með því að einstakir hluthafar hafa eigi heimild til að gera slíka kröfu 102

Ágreiningur um rétt hlutafélags til kaupa á hlutabréfum sínum. Héraðsdómari sýknaði stefnda af því að hann taldi félagið ekki mega kaupa bréfin, með því að það ætti þegar 10% af hlutafjárhæð sinni, en hæstiréttur sýknaði af öðrum ástæðum 704

Þrír stjórnendur hlutafélags sýknaðir af kæru um að hafa gefið ranga skýrslu um innborgað hlutafé 1005

Bls.

Hlutdeild.

Fimm menn dæmdir til refsingar fyrir brot á áfengislögunum, tveir samkv. 14. gr. l. nr. 91/1917, tveir eftir 8. gr. og einn eftir 16. gr. sömu laga .. 66
Þrír menn dæmdir fyrir brot á áfengislögunum, tveir eftir 13. gr. laga nr. 15/1925 og einn eftir 18. gr. sömu laga 253
Fjórir menn dæmdir fyrir brot á áfengislögum, allir eftir 13. gr. laga nr. 15/1925 299
Fjórir menn dæmdir fyrir þátttöku í bruggun áfengis o. fl., einn eftir 1. gr. l. nr. 25/1915 og hinir eftir 1. sbr. 3. gr. sömu laga og eftir 9. sbr. 14. gr. laga nr. 15/1925 782
Þrír aðstoðarmenn um öflun og sölu Spánarvína sýknaðir vegna vöntunar á beinni eða óbeinni heimild til refsingar 1189
Átta menn dæmdir fyrir hluttöku í brotum á áfengislögunum, smyglun, sölu og samverknað í þeim brotum, tveir eftir 13. gr. l. nr. 15/1925, fjórir eftir 18. gr. og tveir eftir 9. og 18. gr. sömu laga 1307
Tveir sýslunarmenn dæmdir fyrir óreiðu í starfi sínu, sjóðþurð o. fl., annar eftir 136, gr., 135. og 144 gr. allar sbr. 145. gr. hegningarlaganna, og hinn eftir 136. gr. 1. lið, 135. sbr. 49. gr. og 144. gr. allar sbr. 145 gr. sömu laga 308
Maður dæmdur fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði, eftir 2. mgr. 232. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga 539
Þrír menn dæmdir fyrir stórþjófnað, tveir samkv. 231. gr. hegningarlaganna og einn samkv. 231. sbr. 53. og samkvæmt 230 sbr. 63. gr. sömu laga 660
Þrír menn dæmdir fyrir þjófnað og hluttöku í því broti o. fl., einn eftir 6. gr. 1. mgr. l. nr. 51/1928 sbr. 53. gr. hegningarlaganna og 240. gr. sömu laga, og hinir eftir 6. gr. l. nr. 51/1928 1223
Tveir menn dæmdir fyrir sviksamlegt athæfi, framið í sameiningu að nokkru, eftir 253. gr. hegningarlaganna 77
Þrír menn dæmdir fyrir undanskot fjár undan gjald-

Bls.

þrotaskiptum o. fl., einn eftir 262., 263. og 264. gr. hegningarlaganna, og hinir eftir 262 sbr. 48. gr. sömu laga 748

Húsagi.

Hjón sýknuð af ákæru um misbeiting húsaga við barn 528

Húsleit.

Í rannsókn máls út af áfengislagabrotum 569, 782

Húsaleiga.

Leigusali dæmdur til endurgreiðslu húsaleigu, er leigutaki kvaðst hafa greitt um fram hámarksleigu þá, er húsaleigunefnd hafði ákveðið, með því móti, að leigutaki ynni eið að því atviki, er málið valt á og leigutaki átti að sanna 652

Samkvæmt samningi um leigu í húsi, sem þá var óbyggt, frá 1. október, skyldi leigusali greiða 1000 kr. í bætur, ef húsnæðið yrði þá eigi tilbúið. Þetta skilið svo, að bótakrafa þessi yrði eigi dæmd, úr því að unnt var að taka íbúðina til afnota á tilskildum tíma, en leigusali dæmdur til að greiða kr. 200 fyrir óþægindi og tjón vegna þess að íbúðin var ekki komin í fullnægjandi stand 852

Iðgjöld. Sjá opinber mál 2.

Ill meðferð á skepnum.

Maður dæmdur í sekt samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 34/1915 fyrir illa meðferð á fuglum 74

Innheimtulaun.

Seljandi hafði greitt málflutningsmanni kr. 570 fyrir innheimtu á nokkrum hluta af andvirði vörunnar. Kaupandi var sýknaður af kröfu um greiðslu þessarar upphæðar til seljanda 23

Eigi talið heimilt að láta fjárnám samkvæmt veð-

Bls.

skuldabréfi taka til innheimtulauna af hluta skuldarinnar, sem áður hafði verið innheimtur 537

Innsetningargjörðir.

Kröfu aðilja um innsetning í skrifstofur, bækur og skjöl félags hrundið, með því að ráðningartíma hans, er var framkvæmdarstjóri félagsins, taldist vera löglega lokið 477

Fógeti skyldaður til þess að taka húsgögn, sem seld höfðu verið gegn afborgun, en með áskildum eignarrétti, þar til þau væri að fullu greidd, úr vörzlum kaupanda með beinni fógetagjörð 1233

Ítrekun.

Þrettán ára gamall refsidómur talinn til þyngingar refsingu 1292

A hafði verið dæmdur í sekt fyrir áfengislagabrot. Nú er hann aftur kærður fyrir samskonar brot, en upplýst er, að það hefir hann framið *áður en* sektardómurinn var upp kveðinn, og var hann því dæmdur nú fyrir brot framið fyrsta sinni .. 677

Maður dæmdur fyrir áfengislagabrot öðru sinni framið samkvæmt 1. tölul. 13. gr. laga nr. 15/1925, enda þótt fyrra brotið hefði verið dæmt eftir eldri lögum 757

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir landhelgisbrot fyrsta sinni framið, enda þótt hann hefði áður fengið aðvörun varðskips 1174

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir brot framið öðru sinni, en ítrekunarrefsing eigi á hann lögð, af því að fyrra brotið var framið og dæmt áður en lög nr. 5/1920 gengu í gildi 206, 776

Togaraskipstjóri dæmdur til sektar og fangelsis fyrir ítrekað landhelgisbrot 46

Togaraskipstjóri dæmdur í ítrekunarrefsingu fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi 139

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir landhelgisbrot öðru sinni framið, en fangelsisrefsing eigi dæmd, með því að ósannað þótti, að kærði hefði framið brotið af ásetningi 509

Bls.

Læknir dæmdur fyrir ítrekað brot á áfengislöggjöfinni 622, 627, 979
Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir ítrekað brot um akstur undir áhrifum víns 640, 770, 796, 890, 926, 936, 973
Endurtekið brot á bifreiðalögum 543
Stórþjófnaður ítrekaður og hilming áður framin 539
Ítrekuð áfengislagabrot 569, 757, 782, 907, 1189, 1264, 1307
Ítrekuð ölvun á almannafæri 579

Játning. Sbr. saknæmi.

Ýmiskonar ummæli aðilja við barnsmóður eigi talin fela í sér viðurkenningu á samförum við hana, en henni veittur fyllingareiður 791
Ákærði, sem gefið hafði ýmsar skýrslur og afturkallað sumar þeirra fyrst, en svo afturkallað afturköllun sína, var að lokum dæmdur samkvæmt játningu sinni, er styrktist bæði við fyrra líferni hans og vitnaskýrslur 1292
Aðili hafði neitað utanréttar eignarrétti sínum að fjárnumdum munum. Sölureikningur og eftirrit úr bókum seljanda munanna eigi talið hnekkja þeirri neitun 592

Kaup og sala. Sbr. samningar.

A. Fasteignir.

Kaupanda (A) talið rétt að rifta kaupi á húsi, með því að hann fekk ekki afnot þess eða leigu eftir það frá þeim tíma, sem um var samið. Seljandi (B) dæmdur til að endurgreiða kaupverðið og greiða bætur fyrir vanefndir 237
Þar á móti var A eigi talið heimilt að rifta sölu á húseign, er hann seldi B, af framantöldum ástæðum, með því að kaup þessi stóðu eigi í svo nánu sambandi hvort við annað 237
A sýknaður af kröfu um það, að hann undirritaði afsal að húseign, með því að það var skilyrði fyrir kaupunum, að þriðjimaður, sem skráður var eigandi að húsinu, undirritaði afsalið og

Bls.

leysti seljanda (A) þar með af ábyrgð á skuldum, sem hvíldu á húsinu 586

A gerir kaupsamning um hús við B, og skyldi B setja ábyrgðarmenn til tryggingar greiðslu hússverðsins. Með samþykki A gerir B við húsið og endurbætir það. Í þessu var talið felast samþykki A á því, að B þyrfti eigi að setja ábyrgðina. A, er síðan tók húsið af B, eigi talinn hafa haft heimild til þess og var dæmdur til að greiða B viðgerðarkostnaðinn samkvæmt kröfu hans 838

Maður, er undirritaði afsal á skúr, er annar maður hafði reist á lóð hans, talinn hafa þar með tekið á sig vanheimildarábyrgð 961

Verksmiðju eigi talinn afsalaður einkaréttur til vatnsafnota úr á með kaupsamningi um vatnsréttindin og nauðsynlegt land með þeim. Í héraði var ennfremur ágreiningur um aðildarskort seljanda þessara réttinda 1102

Landseti höfðar mál til ónýtingar á sölu ábýlisjarðar sinnar, sem hann telur hafa verið selda við lægra verði en hún var honum boðin fyrir. Kröfu hans hrundið, með því að sönnun brast fyrir áðurnefndri staðhæfingu hans 1155

B. Lausafé. Sbr. verzlunarskipti.

Í útgáfu ávísunar til handa seljanda talin felast viðurkenning kaupanda um það, að útgefandi hafi lofað að kaupa tiltekna vöru 23

A hafði fengið B í hendur herpinætur með þeim kjörum, að hann skyldi greiða leigu eftir þær jafnháa söluverði þeirra, en verða eigandi þeirra jafnskjótt sem leigan væri öll réttilega greidd. Með því að leigugreiðslan brást, var A framvegis talinn eigandi nótanna 364

A dæmdur til að greiða B bætur fyrir óheimila notkun hests, með því að honum hafði eigi tekizt að sanna það, að þeir hefði gert kaupsamning um hestinn 430

Kaupandi hluta í skip ekki talinn hafa sannað, að hann hefði sett seljanda ákveðið tímamark um

Bls.

afhendingu eða ákveðna skilmála um þyngd hlutanna, og honum því metin óheimil rifting á kaupunum 525

Kaupandi lifrar af sjómanni talinn hafa greitt hana samkvæmt samningi, með því að ósannað þótti, að meðalverð lifrar — en það skyldi greiða samkvæmt samningi kaupanda við verklýðsfélag, er sjómaðurinn var félagi í — hafi á tilteknum stöðum þá verið hærra en kaupandi hafði greitt 582

Fjárnám í kröfuréttindum ómerkt, með því að aðiljar sönnuðu, að þeir hefði fengið þau framseld til eignar áður en fjárnámið var gert. Hinsvegar var fjárnámið staðfest í einstökum hlut, er þriðjimaður taldi sig hafa keypt, enda þótt sölureikningur væri lagður fram og eftirrit úr bókum gerðarþola, er sanna átti söluna, með því að þriðjimaður þessi hafði neitað því utanréttar, að hann ætti hluti þessa 592

Kaupandi vöru talinn hafa orðið eigandi að umbúðum hennar, enda þótt honum væri heimilt að skila þeim aftur 685

A, er var hluthafi í hlutafélaginu X, hafði lofað að selja hlutabréf sín með tilteknum skilmálum. Það var talin forsenda fyrir þessu loforði, að nokkrir aðrir hluthafar samþykkti þessa skilmála. Með því að ósannað var, að hann hefði fengið tilkynningu um þetta innan hæfilegs tíma, var hann sýknaður af kröfu um afhendingu bréfanna gegn greiðslu á andvirði þeirra 704

Kaupandi saltfisks talinn hafa heimild til riftingar á samningi og eiga rétt til bóta vegna þess að fiskurinn var þurkaður lengur í húsi en til var skilið. Kaupandi eigi talinn hafa fyrirgert þessum rétti, þótt hann hefði tekið við fiskinum í trausti til fullyrðingar seljanda um það, að hann mundi fá vottorð matsmanna um gæði hans 712

Þrotabú seldi útistandandi skuldir þrotamanns samkvæmt verzlunarbókum hans. Síðar kom í ljós,

Bls.

að nokkrar hinna útistandandi skulda höfðu verið kvittaðar í bókunum, en ráðstafanir þessar reyndust riftanlegar. Kaupandi skuldanna eigi talinn hafa eignazt þessar skuldir 765

Venjulegur „agent“ (tilboðasafnari)) eigi talinn hafa heimild til að gera bindandi sölusamninga fyrir umbjóðanda sinn 829

Íslandsbanka talið skylt að selja ríkissjóði samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1921 gullforða sinn fyrir 2480 ísl. krónur kilogr. eða kr. 3,73 gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri skráð ísl. kr. 5,06 1178

Seljanda húsgagna með áskildum eignarrétti sínum, unz þau væri að fullu greidd, talið rétt að láta taka húsgögnin úr vörzlum kaupanda með beinni fógetagjörð, með því að greiðsla brást 1233

A eigi talinn bundinn við tilboð, er venjulegur verzlunarþjónn hans gaf af misskilningi, um sölu vöru til sveitarfélags, og eigi heldur skaðabótaskyldur, þótt varan kæmi eigi með sama skipi, sem um var talað, og 11 dögum seinna 1269

Kaupfélög.

A var talinn genginn út kaupfélagi samkvæmt lögum þess, með því að hann hafði eigi skipt við það síðustu 2 árin. Niðurjöfnun skulda þess eftir þann tíma á félaga þess því talin honum óviðkomandi 356

Aðili, er sagt hafði sig úr kaupfélagi 2¼ 1921 talinn bundinn við niðurjöfnun á rekstarhalla félagsins árin 1919—1922. Sýknukröfu vegna fyrningar dómkröfunnar hrundið 1018

Manni, er sagt hafði sig úr kaupfélagi, synjað um útborgun stofnfjárkostnaðar sins, með því að félagslögin veittu honum eigi þann rétt 1193

Sama manni synjað um endurgreiðslu á svonefndu „sláturfjárgjaldi“, er þeir menn höfðu greitt, sem slátrað höfðu fé sínu í húsi félagsins 1193

Kaupmáli.

Aðför hjá A í munum, er kona hans kvaðst eiga

Bls.

samkvæmt kaupmála, staðfest, með því að ósannað þótti, að munirnir væri séreign konunnar. 559, 977

Kvaðir.

Hreppurinn A átti upprekstrarland í afréttarland hreppsins B. Hinum síðarnefnda hreppi talið óheimilt að leggja útsvar á hreppinn A af þessum réttindum 341

Kyrrsetning.

Skip, sem í héraði var talið bera sök á árekstri, kyrrsett til tryggingar skaðabótum. Kyrrsetningin var felld niður í hæstarétti, með því að ósannað þótti, hvort skipanna ætti sök. Engin krafa um bætur vegna kyrrsetningarinnar 228

Fallið frá kyrrsetningu til tryggingar skaðabótum út af árekstri skipa, með því að bankatrygging var sett. Krafa stefnanda um staðfesting kyrrsetningar eigi tekin til greina, með því að kyrrsetning fór engin fram 264

Kyrrsetningargjörð í skipi til tryggingar björgunarlaunum staðfest 346

A sendi vörur til B í skipi, og voru þær afhentar án þess að hann sýndi eða afhenti farmskírteini. B greiddi ekki vörurnar, og varð framflytjandi að gera það. Á eignum B fór síðan fram kyrrsetning til tryggingar kröfu farmflytjandans á hendur honum 600

Kyrrsetningargjörðir hjá afsettum sýslumanni staðfestar að nokkru leyti 1053

Kyrrsetning á erlendum togara til tryggingar ýmsum greiðslum, er gjörðarbeiðandi hafði haft hér fyrir eiganda togarans vegna útgerðar hans hér við land 1124

Kyrrsetningargjörð út af árekstri felld niður 671

Kyrrsetning samkvæmt op. br. 30. nóv. 1821 felld úr gildi, með því að krafan, sem hún skyldi tryggja, þótti eigi rétt 829

Bls.

Kyrrsetning felld niður, með því að staðfestingarmál, sem í fyrstu var vísað frá, þótti ekki höfðað nægilega snemma af nýju 1158

Landamerkjamál.

Sátt hafði verið gerð fyrir merkjadómi 1922, en ágreiningur varð síðan um örnefni. Í nýju landamerkjamáli voru merkin ákveðin í samræmi við sáttina, að því er talið var 1

Ágreiningur um örnefni. Staðfestur dómur landamerkjadómsins, af því að áfrýjanda tókst ekki að sanna, að tiltekin örnefni væri annarstaðar en landamerkjadómur hafði sett þau 157

Landamerkjadómur eigi talinn hafa haft heimild til að dæma jörðinni X umþrættan hólma eða „klakk“ 496

Eigi talin þörf á að ómerkja meðferð landamerkjamáls, þótt það hefði verið dæmt í aukarétti, með því að viðleitni var sýnd til að fara með það sem landamerkjamál. Málsmeðferð þar á móti ómerkt og dómur vegna þess, að engin stefna var út gefin í málinu eða aðvörun til aðilja, heldur hafði formaður dómsins skipað þeim umboðsmann, o. fl. 731

Áreið talin nauðsynleg í landamerkjamáli, með því að uppdrætti og landamerkjalýsingum bar ekki saman 731

Landshlutur.

Átta menn, er stóðu fyrir hvalskurði fyrir hönd þeirra, sem ráku hval á land, dæmdir, samkvæmt Jónsbók Rekabálki 8. kap., sbr. 3., 4. og 5. kap., in solidum til að greiða landshlut af söluverði hvalanna, að frá dregnum ¼ landshlutarins, er talinn var hæfilega áætlaður kostnaður 87

Leiðbeiningarskylda dómara.

Krafa um ómerkingu málsmeðferðar vegna vöntunar á leiðbeiningum af hendi dómarans, eigi tekin

Bls.

til greina, með því að bætt þótti úr þessum galla í meðferð málsins fyrir hæstarétti 1193

Leiga. Sjá eignarréttur, húsaleiga.

A, er hafði leigt veiðirétt í á, er hann svo framseldi fyrir árlegt gjald í peningum, eigi talinn útsvarsskyldur, þar sem veiðiáin er, samkvæmt 4. mgr. 1. gr. l. 29/1922 175

Líkamsmeiðingar. Sjá áverki.

Líkur. Sbr. barnsfaðerni, eiður, sönnun.

Ýms atriði í landamerkjamáli dæmd eftir líkum .. 157

Synjunareiður byggður á líkum 165

Fyllingareiður byggður á líkum 449, 554, 652, 791, 842, 1041

Líkur taldar fyrir því, að aðili hefði fært innkaupsverð vöru á gjaldahlið rekstrarreiknings síns, og var honum því talið bera að sanna staðhæfingu sína um, að svo hefði eigi verið 209

Sökunautur, er meðal annars gat enga grein gert fyrir símskeytum, er fóru á milli hans og annars manns, er sannur var orðinn að áfengislagabroti, dæmdur eftir líkum að nokkru leyti 253

Áfengisvökvi, er fannst í farangri kærða, er áður var orðinn sannur að áfengisbruggun, talinn bruggaður af honum, þrátt fyrir neitun hans .. 468

Áfengisflaska fannst í vörzlum kærða, og með því að hann gerði eigi grein fyrir því, hvernig hún var þangað komin, var hún talin eign hans og hann dæmdur fyrir áfengislagabrot 677

Maður, sem sannur var orðinn að ólöglegum áfengisinnflutningi, talinn hafa ætlað að selja smyglað áfengi og styrkti það, hversu áfengið var mikið, þá skoðun 757

A, er fór áfengislaus inn í húsakynni manns, er kunnur var að brotum á áfengislöggjöfinni, en kom aftur út með áfengi, talinn hafa fengið það hjá áðurnefndum manni, enda þótt sá neitaði því 907

Bls.

Lóðamerki.

Mál í Reykjavík um eignarrétt að lóð, þar sem hvorki var ágreiningur um mörk né kvaðir, eigi talið eiga undir lóðamerkjadóm 519

Lög. Lögjöfnuður.

Ákvæði Jónsbókar Rekab. 8, sbr. 3.—5. kap, um landshlut af hvölum, talin eiga við landshlut af hvölum, er reknir voru á land 87

Heimild handa ráðherra til að setja ákvæði 5. og 6., sbr. 8. gr. reglug. nr. 67/1922, um áfengisútlát lækna, hvorki talin hafa falizt í lögum nr. 62/1921 né annarstaðar 95. 149

Eigi talið, að lög nr. 47/1924, um útsvar ríkisstofnana, gæti skipt máli um útsvar, sem löglega var lagt á ríkisstofnun áður en þau komu til framkvæmdar 200

Analogía 25. gr. tilsk. 20. apríl 1872 þótti eigi heldur geta leyst aðilja undan útsvarsgreiðslu, miðað við þann hluta ársins, sem var liðinn, þegar lög 47/1924 gengu í gildi 200

Ákvæði um kveikingu ljósa á bifreiðum í Reykjavík talin nægilega birt í 3 dagblöðum bæjarins. Brot á þessum reglum refsivert talið eftir refsiákvæðum lögreglusamþykktarinnar sjálfrar 203

Það eigi talið koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga, að atvinnumálaráðherra staðfesti samþykkt um sýsluveg, þar sem sérstöku félagi byggðarmanna var falin umsjá og framkvæmd vegagerðar, en sýslusjóði gert að leggja fram hluta af kostnaði 378

Ákvæði 5. gr. l. 5/1920 talin eiga að skiljast svo, með tilliti til almennra grundvallarreglna laga um hækkun refsingar, að fangelsisrefsing sem aukarefsing við ítrekuðu landhelgibroti verði eigi beitt, nema brot sé framið af ásetningi 509

Grundvallarreglan í 59. gr. hegningarlaganna um hliðsjón af varðhaldsvist sökunauts við ákvörð-

Bls.

un refsingar einnig notuð í dómi út af áfengislagabroti 569
Áfrýjun landamerkjamáls samkvæmt 2. sbr. 1. gr. laga nr. 40/1927 731
Eigi talið fært að dæma málsatvik eftir reglugjörð um skoðun bifreiða, með því að hún hafði ekki verið birt, þegar það gerðist 861
Eftir analogiu op. br. 30. nóv. 1821 talið heimilt að gera lögtak í eign erlends firma eftir að bú þess hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta þar 1082
Talið samkvæmt grundvallarreglu laga að fornu og nýju, að sá, er ofar virkjar fallvatn, verði að taka tillit til þeirra, sem neðar virkja 1102
Dómur til refsingar fyrir sölu Spánarvína byggður á tilgangi 45. gr. áfengislaga nr. 64/1928 og ýmsum greinum reglugjörðar um sölu Áfengisverzlunar ríkisins á Spánarvínum 1189
Skipið X var norsk eign, og á meðan svo var, stofnaði skipstjóri skuld fyrir útgerðina. Síðar verður skipið íslenzk eign. Sjóveðréttur talinn hvíla á skipinu til tryggingar nefndri skuld samkvæmt 4. lið 236. gr. siglingalaganna 192
Krafa, er danskt firma hafði á íslenzkan kaupmann til greiðslu á andvirði umbúða, talin fyrnd samkvæmt 1. tölul. 3. gr. l. 14/1905 685
Skuldabréf með veði í fasteign í Reykjavík út gefið af norsku firma til norsks banka talið löglegur fjárnámsgrundvöllur samkv. 15. gr. l. 29/1885 727

Lögbann.

Fallið frá lögbannskröfu, með því að samkomulag varð um, að gjörðarþolandi hætti við verk það, er banna skyldi, og málið lagt til dómstóla með venjulegum hætti 519

Lögtak.

Úrskurður um lögtak ómerktur vegna ólöglegrar málasamsteypu 399
Staðfest lögtak í innanstokksmunum, enda þótt aðili

Bls.

teldi þá eign konu gjörðarþolanda samkvæmt kaupmála, en sönnun þótti bresta fyrir þessu 559, 977

Lögtak staðfest, með skírskotun til analogiu op. br. 30. nóv. 1821, í eignum erlendis búsetts manns, eftir að bú hans hafði verið tekið þar til gjaldþrotaskipta 1082

Lögregla.

Foringi danska varðskipsins tekur skipstjóra á erlendum botnvörpungi fastan fyrir áður framið landhelgisbrot. Sérstök hliðsjón höfð af framferði hans gagnvart löggæzlumönnum 46

Dæmt til refsingar fyrir áverka á lögregluþjóni, er hann var að gegna starfa sínum 879

Lögregluþjónn dæmdur fyrir áverka á manni, er hann varð offari við í starfi sínu 646

Lögræði.

Maður sviftur lögræði eftir beiðni móður sinnar vegna andlegrar veiklunar 41

Ólögráðum erfingjum var stefnt í eigin nafni. Með því að löglega var mætt í málinu af þeirra hendi, þótti eigi þurfa að vísa málinu ex officio frá dómi 243

Málasamsteypa.

A Opinber mál.

Sami maður dæmdur í einu máli fyrir fleiri brot á áfengislögum en eitt 677, 907

Maður dæmdur í sama máli fyrir brot á áfengislögum og sóttvarnarlögum 756

Maður dæmdur í sama máli fyrir brot á bifreiðalögum og lögreglusamþykkt 770, 796

Dæmt í sama máli brot á almennum hegningarlögum, lögreglusamþykkt og bifreiðalögum .. 814, 865

Dómur í sama máli um brot, er varðaði við almenn hegningarlög og bifreiðalög 709

Dæmt eftir 200. gr. hegningarlaganna og 261. gr. siglingalaganna 719, 723

Bls.

Mál sótt gegn mörgum mönnum saman fyrir brot á áfengislöggjöfinni o. fl. 66, 77, 149, 216, 299, 757, 774, 782, 1189, 1307

Meðferð máls og dómur um 3 menn meðseka mörgum öðrum ómerkt í hæstarétti með því að nauðsyn þótti á að prófa þá saman. Mál gegn þeim 11 höfðað síðan og dæmt í einu lagi 774, 1307

Þrír stjórnendur hlutafélags rannsakaðir og saksóttir fyrir skýrslu sína um hlutaféð 1005

Þrír menn dæmdir fyrir ýmiskonar þátttöku í brotum gegn lánardrottnum eins þeirra 748

Þrír menn dæmdir saman fyrir ýmiskonar þjófnað, er þeir höfðu framið að nokkru í sameiningu og að nokkru öðruvísi 666

Fundið að því í hæstarétti, að héraðsdómari hafði höfðað í einu lagi mál gegn 3 togaraskipstjórum, er varðskip hafði komið með til hans í sömu ferð 206

B. Einkamál.

1. a. Lagðar saman fleiri en ein krafa af hálfu sækjanda:
Meiðyrðasekt, ómerking og bætur 108, 305, 368, 439, 874, 1242
Viðurkenning skuldar, sjóveð .. 195, 460, 606, 822
Viðurkenning skuldar, kyrrsetning 228, 346, 829, 1158
Forkaupsréttur á jörð og bætur 1155
Ýmsar kröfur 145, 237, 264, 349, 398, 401, 426, 671, 712, 1027, 1036, 1135

b. Gagnkröfur
Til skuldajafnaðar án gagnstefnu 35
Gagnsakir til sjálfstæðs dóms 82, 562, 838, 1053, 1102, 1193, 1269

2. Fleiri aðiljar en tveir
a. *Sóknaraðiljar fleiri en einn:*
Skiptaréttarúrskurði um erfðarétt allra erfingjanna áfrýjað af öllum, er töpuðu, í félagi gegn hinum öllum 243

Bls.

Í máli út af árekstri skipa gerast eigandi skips, vátryggjandi þess og vátryggjandi farms sækjendur allir saman í skaðabótamáli á hendur eiganda hins skipsins 264
Eigandi skips, er barg öðru skipi, skipstjóri og skipshöfn sækja eiganda hins skipsins og eiganda farms þess til bjarglauna 346
Sex menn, er töldu sig eigendur fjárnuminna verðmæta, áfrýja fjárnáminu allir saman 592
Eigendur og vátryggjendur skips, er rekizt hafði á annað skip, stefna saman eigendum og vátryggjendum hins skipsins til skaðabóta 671

b. *Varnaraðiljar fleiri en einn:*

Skuldamál gegn þrotabúi og samskuldara þess fyrir sjódómi 6
Tveimur mönnum stefnt til greiðslu farmgjalds 35
Átta mönnum, er staðið höfðu fyrir hvalskurði, stefnt til greiðslu landshlutar 37
Meiðyrðamál gegn 20 mönnum, sem undir höfðu ritað meiðandi ummæli í opinberu blaði 170
Lögtak, er hreppstjóri hafði gert hjá tveimur mönnum, úrskurðaði fógeti með einni réttargjörð og einum úrskurði. Þetta talið ólögleg málasamsteypa 399
Stefnt í sama máli A, er fengið hafði lausafjárveð hjá öðrum manni, er síðar varð gjaldþrota, og B, er fengið hafði nokkuð af andvirði veðsins, til greiðslu á öllu andvirði þess, er stefnandi taldi hafa verið riftanlegt 412
Tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn 611
Verksala og firma, er fengið hafði að handveði veðskuldabréf til tryggingar greiðslu á efni, stefnt saman til þess að lúka verkinu og greiða bætur fyrir vanefndir á þeirri skyldu sinni 1135
Seljanda jarðar og kaupanda stefnt saman til ónýtingar á kaupunum og bótagreiðslu 1155

Bls.
Sjá ennfremur 243, 346, 364, 671
c. *Meðalganga.* Sbr. áfrýjun.
Umboðsmaður vátryggjanda skips talinn hafa gert sig að aðilja með því að koma fram fyrir hönd vátryggjanda við kyrrsetningargjörð á skipinu 264

Málflutningsmenn. Sjá réttarfarssektir.

Málflutningsmaður víttur fyrir drátt á máli:
Í héraði 243,426, 471
Og í hæstarétti 525, 1144
Málflutningsmaður sektaður fyrir drátt á sjódómsmáli, samkvæmt 17. gr. tilsk. 15. ág. 1832 sbr. 10. gr. tilsk. 3. júní 1796 145
Dráttur talinn nægilega réttlættur 6, 1193, 1242
Málflutningsmaður dæmdur í hæstarétti til að greiða málskostnað „f. h. lögerfingja" A, án nafngreiningar þeirra 243

Málflutningur. Sjá réttarfarslög, útivist aðilja.

Mál rekið skriflega í hæstarétti samkvæmt 2. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna 308, 1053, 1102, 1144

Málflutningsumboð.

Umboðsmanni jarðar, ásamt skiptaráðanda í þrotabúi hans, stefnt til hæstaréttar í máli um landamerki þeirrar jarðar 731
Skipun talsmanns til að mæta fyrir fjarstaddan aðilja á nauðungaruppboði talin óheimil 349
Skipun ábúanda til að gæta réttar fjarverandi jarðeiganda í landamerkjamáli talin óheimil og málsmeðferð ómerk 731
Dómari gerði aðilja eigi viðvart um þingfestingu máls, er eigi hafði orðið tekið fyrir tiltekinn dag vegna forfalla, en skipaði honum„ umboðsmann" og dæmdi málið að svo búnu. Ómerking 1153
Máli vísað frá hæstarétti, með því að stefnt var þangað aðeins umboðsmanni aðilja í héraði 1291

Bls.

Málshöfðun.

Mál höfðað á hendur læknum og lyfsala aðeins fyrir brot á reglugerð nr. 67/1922, og því eigi talið eiga að koma til álita, hvort verknaður sá, er þeir voru kærðir fyrir, kynni að varða við aðrar réttarreglur 95, 149

Málshöfðun fyrir „sviksamlegt athæfi" eigi talin útiloka dóm eftir 280. gr. hegningarlaganna 688

Málskostnaður.

I. Í opinberum málum.

1. Sökunautur sýknaður og ríkissjóður (eða aðrir samsekir) dæmdir til að greiða málskostnað 95, 149, 216, 291, 343, 410, 709, 869, 872, 899, 904, 944, 1005, 1007, 1014, 1049, 1167, 1189, 1223, 1228, 1267

Ákærði, er leystur var, vegna geðbilunar, undan refsingu fyrir manndrápstilraun, dæmdur til þess að greiða allan málskostnað 939

Tveir aðiljar sóttir saman fyrir áfengislagabrot. Annar sýknaður, en hinn sektaður og dæmdur til greiðslu helmings af málskostnaði, en hinn helminginn skyldi greiða úr ríkissjóði 216

Málsmeðferð og dómur ómerkt í hæstarétti. Ríkissjóði gert að bera kostnað af allri málsmeðferð og áfrýjun 1045, 1144

Málsmeðferð og dómur ómerkt. Ríkissjóði gert að bera áfrýjunarkostnað 774

2. Sökunautur dæmdur til refsingar:

a. Sökunautur einn, og þá dæmdur til að greiða málsskostnað 19, 46, 74, 105, 136, 139, 203, 206, 213, 219, 225, 260, 334, 390, 392, 395, 420, 423, 436, 463, 466, 468, 485, 490, 509, 539, 543, 569, 572, 577, 579, 620, 622, 627, 632, 640, 646, 661, 677, 680, 688, 719, 723, 734, 736, 740, 746, 748, 757, 762, 770, 772, 776, 782, 796, 801, 809, 810, 814, 827, 835, 861, 890, 893, 907, 926, 928, 936, 947, 973, 979, 986, 992, 1011, 1031, 1047, 1073, 1078, 1092, 1132, 1150, 1170, 1176, 1185, 1206, 1214, 1221, 1261, 1264, 1282, 1285, 1292, 1326

Bls.

b. Sökunautar fleiri en einn:
Hver greiði sinn varðhaldskostnað og kaup talsmanns síns, ef hann hefir fengið sér sérstaklega skipaðan talsmann, en annan kostnað in solidum 66, 77, 253, 299, 308, 528, 666
Aðalmaður í framkvæmd brots dæmdur í héraði til greiðslu varðhaldskostnaðar meðsekra manna. Máli áfrýjað einungis um hann til hæstaréttar, og þar var hann leystur undan þessum kostnaði .. 757
Í máli gegn 5 mönnum út af samverknaði þeirra í áfengisbrotum voru 3 sýknaðir, en hinir 2 dæmdir til að greiða *allan* málskostnað in solidum, nema varðhaldskostnað og talsmannakaup hinna þriggja 1189
Einn af þremur samsekum dæmdur til að greiða einn ⅔ málskostnaðar og ⅓ in solidum með hinum 1223
Af 11 kærðum voru 3 sýknaðir, 5 dæmdir til að greiða, auk varðhaldskostnaðar síns, in solidum 9/10 hluta málskostnaðar, og hinir 3 til að greiða 1/10 in solidum 1307

II. Í einkamálum. Sjá ómaksbætur.

1. Sá er mál vann, dæmdur til málskostnaðargreiðslu í héraði vegna brots á sáttalöggjöfinni 887
Aðili, er upphaflega bauð að greiða hluta krafðrar skuldar, en boð hans var eigi þegið, fekk stefnanda dæmdan til að greiða málskostnað 930
Staðfest ákvæði í héraðsdómi, er lét málskostnað falla niður í svipuðu tilfelli 382
Sýknað af mörgum ummælum í meiðyrðamáli, en stefnda þó gert að greiða málskostnað 368
Enda þótt áfrýjandi fengi dómsupphæð lækkaða nokkuð í hæstarétti, var hann dæmdur til að greiða gagnaðilja málskostnað, af því að álitið var, að hann mundi hafa getað fengið upphæðina lækkaða með samkomulagi 1053
2. Þeim, er tapar, gert að greiða málskostnað að meira eða minna leyti 1, 6, 14, 23, 28, 31, 41, 56, 62, 71, 87, 108, 126, 145, 175, 177, 179, 192,

195, 209, 233, 243, 250, 264, 281, 286, 294, 305, 337, 349, 356, 358, 378, 387, 401, 426, 430, 439, 457, 460, 494, 496, 500, 525, 537, 559, 562, 582, 586, 589, 600, 606, 611, 614, 617, 637, 643, 685, 693, 697, 704, 712, 727, 744, 765, 804, 822, 829, 838, 845, 852, 855, 858, 874, 887, 896, 915, 930, 952, 961, 967, 982, 1018, 1027, 1036, 1053, 1085, 1087, 1099, 1102, 1124, 1135, 1153, 1155, 1178, 1193, 1233, 1235, 1240, 1242, 1269, 1288, 1319, 1323

Fleiri aðiljar en einn og allir dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum .. 102, 170, 364, 592, 1240

3. Málskostnaður látinn niður falla 31, 35, 50, 59, 82, 141, 228, 237, 346, 399, 426, 471, 519, 592, 671, 698, 699, 704, 731, 780, 788, 918, 956, 1240, 1299

4. Frávísun og ómerking 4, 53, 278, 344, 415, 477, 546, 611, 619, 656, 697, 698, 699, 731, 863, 915, 938, 1009, 1022, 1153, 1240, 1291

5. Í eiðsmálum 165, 329, 449, 554, 652, 791, 842, 933, 961, 1041

6. Í gjafsóknarmálum og gjafvarnar. Sjá gjafsókn og gjafvörn.

7. Mál hafið. Sjá hafning máls og ómaksbætur.

8. Málskostnaður fellur niður, ef hans er eigi krafizt af þeim, er annars hefði fengið hann dæmdan sér til handa 198, 329, 657, 819

Málskostnaður dæmdur eftir lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélagsins 637

Manndráp.

Bifreiðarstjóri talinn hafa orðið mannsbani fyrir gáleysislegan akstur 814, 865, 1214

Skipstjóri talinn hafa valdið dauða manns fyrir gáleysi í starfi sínu 719, 723

Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa valdið dauða manns af gáleysi 709, 944

Maður leystur undan hegningu fyrir tilraun til að drepa 11 mánaða gamalt barn sitt vegna geðbilunar, en dæmdur til gæzlu 939

Bls.

Mat og skoðun.

Læknisskoðun og álit um líkamsástand manna 392, 528, 646, 814
Maður talinn ósakhæfur samkvæmt áliti geðveikilæknis 939
Læknisrannsóknum um geðveiki sakamanns ber eigi saman. Maðurinn talinn sakhæfur 882
Álit geðveikralæknis um, að ákærði væri geðveikur (psychopath) lagt til grundvallar, og ákærði dæmdur með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 986
Læknisálit um hæfileika karlmanns til barnsgetnaðar 449
Rannsókn læknis um virginitas stúlku í máli út af nauðgunartilraun 1031
Álit dýrafræðings og dýralæknis í máli út af illri meðferð á fuglum 74
Efnarannsókn á öli og öðrum áfengisvökvum í málum út af brotum á áfengislögum lögð til grundvallar dómi 213, 216, 219, 468, 569, 782, 1264, 1282, 1285, 1305
Efnarannsókn á sýrum í sakamáli 939
Athuganir veðurstofu um veðráttu í sambandi við rannsókn á meðferð á barni í sveit 528
Skoðunarmenn bifreiða rannsaka bifreið eftir að slys hefir orðið 814, 1214
Mælingar og staðarákvarðanir varðskipsforingja í málum út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni lagðar til grundvallar 46, 136, 139, 206, 334, 390, 420, 485, 490, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 776, 827, 1073, 1132, 1150, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326
Álit sjófróðs manns um stað skips, er sakað var um landhelgisbrot 102, 105, 136
Í opinberu máli er heimtað álit manna um þunga vöru, er send hafði verið á bifreið frá staðnum X til staðarins Y, þar sem varan hafði brunnið 701
A kaupir saltfisk á staðnum X og flytur hann til staðarins Y. Þar telja dómkvaddir menn hann verulega lakari en um var samið. Kaupanda talið rétt að rifta kaupi og krefjast skaðabóta .. 712

Bls.

Matsgjörð um upphæð skaðabóta eigi talin fullt sönnunargagn, enda þótt útnefningu mannanna og staðfestingu gjörðarinnar væri eigi sérstaklega áfrýjað, með því að gagnaðilja var eigi veittur kostur á að gæta réttar síns, og matsgjörðin var þar að auki ósundurliðuð 804
Skoðun og mat á raforkuútbúnaði í máli um bætur fyrir skaða í rekstri raforkuvers 1102
Verksali, er eigi lauk verki að fullu, dæmdur til að greiða verkkaupanda mismun þess, er hann hafði goldið, og þess, er hið unna verk kostaði, samkvæmt mati dómkvaddra manna 1135
Bifreiðarstjóri dæmdur til að bæta skaða með þeirri fjárhæð, er dómkvaddir menn höfðu metið 463, 879

Meðalganga. Sjá málasamsteypa.

Meinsæri og skyld brot.

Maður sýknaður af ákæru fyrir tilraun til að fá tvo menn til að gefa falsvottorð til notkunar í dómsmáli 410

Nauðgun.

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa nauðgað frænku sinni og tilraun til að nauðga systur sinni 882
Annar maður dæmdur fyrir tilraun til að nauðga stúlku 1031

Neyðarréttur.

Skýrsla togaraskipstjóra um það, að hann hefði orðið að fara inn fyrir landhelgislínu til að komast hjá árekstri á annað skip, eigi talin rétt, og skipstjóri sektaður fullri sekt 334
Staðhæfing togaraskipstjóra um sama eigi talin heldur skipta máli, jafnvel þótt rétt hefði verið, með því að skipstjóra væri skylt að halda skipinu svo fjarri landhelgilínu, að hann gæti athafnað sig án árekstrar á önnur skip 740

Bls.

Læknir sektaður fyrir útgáfu lyfseðla á öðrum blöðum en hinum fyrirskipuðu, með því að eigi var því til að dreifa, að lyfið væri látið út til sjúklinga, er í hættu væri, og hin lögmætu eyðublöð hefði eigi verið við höndina 747

Eftir því sem á stóð, var það talið refsivert brot á sóttkvíun, að kærði sótti ljósmóður á sóttkvíað heimili 572

Neyðarvörn.

Lögregluþjónn þótti hafa farið út fyrir takmörk neyðarvarnar í viðureign sinni við mótþróafullann, drukkinn mann 646

Ofbeldi. Sjá áverki.

Ólögleg meðferð á fundnu fé.

Maður dæmdur eftir 250. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa slegið eign sinni á hross, er komin voru í hross hans í haga 1292

Ómaksbætur.

Dæmdar stefnda í hæstarétti af því að áfrýjandi sótti ekki þing eða hóf mál 219, 476, 508, 665, 688, 711, 799, 827, 878, 879, 982, 1150, 1211, 1212, 1213, 1264, 1281 1282

Ómerking. Sbr. réttarfarslög.

a. Einkamál.

Gallar á sáttatilraun. Málsmeðferð og dómur ómerkt ex officio og máli vísað frá undirrétti 4

Dómur í barnsfaðernismáli ómerktur og máli heimvísað vegna þess, að dómari hafði vanrækt upplýsingaskyldu sína 198

Nauðungaruppboð á fasteignum ómerkt ex officio af ýmsum sökum 349

Stefndi mætti eigi við þingfestingu máls og var málið tekið til dóms og dómur kveðinn upp í því

Bls.

þrátt fyrir endurupptöku þess. Dómur ómerktur í hæstarétti og máli heimvísað 656
Héraðsdómari hafði frávísað víxilmáli vegna vöntunar á sáttatilraun. Dómurinn ómerktur í hæstarétti og dómari skyldaður til að taka upp málið af nýju 697
Eigi talin þörf að ómerkja meðferð landamerkjamáls, þótt kallað væri farið með það í aukarétti, með því að að öðru leyti sætti það meðferð landamerkjamála. Þar á móti var málsmeðferð ómerkt vegna margskonar annara afglapa 731
Málsmeðferð og dómur ómerkt af því, að dómarinn, sem vegna óveðurs komst ekki á þingstaðinn þingfestingardaginn, tók málið fyrir 2 dögum síðar, án þess að gera stefnda viðvart, en skipaði honum „umboðsmann“ 1153
Meðferð máls og dómur ómerkt ex officio, af því að dómarinn, sem var f. h. annars aðiljans, er var þrotabú, hafði gegnt öllum dómarastörfum í því 1240
Kröfu um ómerking héraðsdóms hrundið 449, 1193

b. Opinber mál.

Dómur í almennu lögreglumáli ómerktur samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins, með því að nauðsyn þótti að samprófa fleiri sökunauta við hina kærðu og reka í einu lagi mál á hendur þeim öllum 774
Meðferð máls og dómur í því ómerktur, með því að setudómari rannsakaði það og dæmdi, enda þótt hinn reglulegi dómari hefði eigi úrskurðað sig úr dómarasæti eða hefði verið forfallaður .. 1045, 1144
Eigi talin þörf á að ómerkja dóm og málsmeðferð, þótt héraðsdómari hefði hvorki birt kærðum stefnu né tilkynnt þeim málshöfðun, með því að þeim mætti hafa verið ljóst af rannsókn málsins, að sök yrði búin á hendur þeim, og af því að framhaldsrannsókn fór fram að beiðni annars kærða 253

Bls.

Opinber mál.

Sbr. dómarar, málshöfðun, málskostnaður, ómerking.

1. *Nýjar upplýsingar.*

Rannsóknardómari skyldaður með úrskurði til þess að afla frekari upplýsinga og máli frestað á meðan í hæstarétti 100, 860, 951
Fullkomnari rannsókn fyrirskipuð í hæstarétti, þar á meðal um meðferð sökunauts, er hafður var í gæzluvarðhaldi og kært hafði meðferð á sér 701

2. *Skaðabætur.*

Skaðabætur dæmdar í áverkamáli 225, 392
Dæmd iðgjöld í þjófnaðarmáli 395, 666
Þrír menn dæmdir in solidum til að greiða iðgjöld í þjófnaðarmáli 1223
Tveir sýslunarmenn dæmdir, að nokkru leyti in solidum, til greiðslu skaðabóta til handa ríkissjóði 308
Bifreiðarstjóri dæmdur til að bæta skemmdir á reiðhjóli, þess er bifreið hans rakst á, en eigi á fótum hans, með því að engar sönnur höfðu verið færðar að skaðanum 463
Dæmdar bætur fyrir þjáningar og lýti, en eigi fyrir atvinnumissi eða lækningarkostnað, með því að upplýsingar um þau atriði vantaði 547
Skaðabótakrafa hreppsnefndar vegna sjúkrahússvistar barns, er sætt hafði illri meðferð hjá ákærðu, tekin til greina. En krafa um bætur til handa barninu eigi dæmd, með því að hún kom eigi frá réttum aðilja og hafði eigi verið borin undir ákærðu 528
Maður dæmdur til að greiða bætur fyrir skemmdir á fangahúsinu, er hann olli, meðan hann var í gæzlu þar 579
Sökunautur dæmdur til að greiða lögreglumanni, er hann hafði veitt áverka, bætur fyrir skemmdir á einkennisbúningi 879
Skaðabótakrafa, er eigi hafði komið fram í héraði, eigi tekin til greina í hæstarétti, enda hafði sá, er fyrir skaða varð, valdið honum að nokkru sjálfur 646

Bls.

3. *Ýmislegt.*

Stefna eigi birt í opinberu máli. Þó eigi ómerkt í hæstarétti, með því kærði mátti vita, að mál yrði höfðað gegn honum 577
Skjöl lögð fram, er kærða var eigi veitt færi á að athuga 577
Talið aðfinnsluvert, að kærði var settur í gæzluvarðhald 569
Dráttur í opinberu máli út af áverka réttlættur með því, að nauðsynlegt hafi verið að sjá, hverjar afleiðingar áverkinn hefði 646

Prókúra. Sbr. umboð.

Prókúrista talið heimilt að ábyrgjast f. h. húsbónda síns kaupgreiðslu handa hásetum á báti, er A gerði út, með því að A lofaði prókúristanum að selja húsbónda hans aflann af bátnum, en fiskkaup voru ein grein atvinnurekstrar hans 1087, 1235

Refsingar.

a. Almennt um refsingar.

Einfaldur þjófnaður og stórþjófnaður dæmdur í sama máli með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 395
Refsing fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað ákveðin með hliðsjón af 53. og 63. gr. hegningarlaganna 666
Það taldar málsbætur hjónum, er dæmd voru til refsingar fyrir illa aðbúð við barn á heimili þeirra, að þau voru einyrkjar, að konan hafði 3 ára gamals barns að gæta og var vanfær 528
Tillit tekið til þess við ákvörðun refsingar, að kærði hafði að óþörfu verið settur í gæzluvarðhald .. 569
Bifreiðarstjóri var eigi sviftur ökuleyfi í héraðsdómi fyrir akstur undir áhrifum víns og lét hæstiréttur það óbreytt vera með hliðsjón af því, að lögreglustjóri hafði haldið ökuskírteini kærða frá því er málið byrjaði, eða nál. 5½ úr mánuði 640
Sá tími, er bifreiðarstjóri var sviftur ökuleyfi vegna

Bls.

ölvunar við akstur, talinn frá því, er lögreglan tók af honum ökuskírteinið 770
Samskonar tími talinn frá birtingu lögregluréttardómsins 926, 936
Manni, er sektaður var fyrir óbeina ógnun við rannsóknardómara, er álitinn var hafa verið löguð til að tálma aðgerðum hans, talið til málsbóta, að rannsóknardómarinn hefði orðið offari við annan mann, er hann hafði grunaðan um refsiverðan verknað 1092
Læknir talinn hafa misskilið reglugerðarákvæði, en þetta eigi látið skipta máli um refsingu hans 622, 627
Lyfsali sömuleiðis, og það eigi látið skipta máli, þótt landlæknir hefði talið skilning hans réttan .. 632
Lyfsali sýknaður af kæru út af því, að þjónn hans hefði látið ólöglega úti áfengi, þegar af þeirri ástæðu, að ósannað var, að lyfsala hefði verið kunnugt um þetta 632
Forstöðumaður lyfjabúðar sektaður fyrir að hafa boðið þjóni sínum að láta úti áfengi, er notað var til nautnar, en eigi lækninga 1076
Upptaka afla og veiðarfæra vegna landhelgibrots reyndist óframkvæmanleg vegna þess, hversu langt var liðið frá því, er brot var framið, þegar mál var höfðað 105, 509
Tekið til greina, er ákveðin var refsing togaraskipstjóra fyrir landhelgibrot, að hann skeytti ekki viðvörunarskotum varðskipsins 334
Talið, að fangelsisrefsingu í viðbót við sektir fyrir ítrekað landhelgibrot yrði eigi beitt, nema telja mætti brotið framið af ásetningi 509
Fangelsisrefsing dæmd sem aukahegning fyrir ítrekað landhelgibrot 46
Maður dæmdur til fangelsisrefsingar, auk sektar, fyrir áfengislagabrot 66, 757, 782, 907, 1189, 1264, 1307

b. Tegundir refsingar dæmdar.

1. Sektir dæmdar 46, 66, 74, 105, 108, 136, 139, 170 200, 213, 216, 219, 253, 297, 334, 358, 368, 390, 420, 423, 439, 463, 466, 468, 485, 500, 509, 543,

Bls.

569, 572, 579, 620, 622, 627, 646, 652, 661, 677, 680, 688, 734, 736, 740, 746, 757, 762, 770, 776, 780, 796, 801, 809, 810, 835, 861, 890, 907, 926, 947, 973, 977, 1011, 1023, 1026, 1073, 1078, 1092, 1132, 1146, 1150, 1171, 1174, 1176, 1185, 1189, 1206, 1221, 1242, 1261, 1264, 1279, 1282, 1305, 1307, 1326

2. Einfalt fangelsi dæmt 46, 253, 299, 308, 466, 757, 814, 865, 1189, 1305, 1307

3. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 66, 299, 308, 392, 436, 719, 723, 782, 879, 893, 907, 992, 1047, 1214, 1223, 1264, 1292, 1307

4. Fangelsi við vatn og brauð dæmt 19, 77, 225, 528, 539

5. Betrunarhússvinna dæmd 395, 577, 666, 748, 772, 882, 986, 1031

6. Upptaka eigna dæmd:

Ólöglega innflutt eða bruggað áfengi 66, 253, 466, 468, 569, 757, 782 893, 1307

Áhöld til bruggunar og tæki 468, 569, 782, 1264, 1282, 1285

Skip dæmt upptækt, með því að það var notað til áfengislagabrota 253, 299

Afli dæmdur upptækur og veiðarfæri vegna landhelgibrota 136, 139, 206, 334, 390, 420, 423, 485, 490, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1132, 1150, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

7. Sökunautur dæmdur til að hafa fyrirgert réttindum:

Læknir sviftur heimild til að gefa út ávísanir á áfengi og afhending áfengis eða áfengisblöndu 622, 627, 979

Bifreiðarstjóri sviftur ökuleyfi 770, 796, 814, 865, 890, 926, 936, 973, 1146, 1214, 1221

Reki. Sjá landshlutur.

Réttarfarslög.

Sbr. dómar, dómarar, endurupptaka, frávísun, málasamsteypa, málskostnaður, ómerking, réttarfarssektir.

Kröfu um frávísun þrautavarakröfu hrundið, með því að eigi þótt gera til, þótt hún hefði eigi ver-

Bls.

ið nefnd í sáttakæru eða í málsútlistun í fyrsta þinghaldi málsins 918
Kröfum vísað frá dómi vegna óglöggrar útlistunar 1053
Skyldu til að greiða kröfu var mótmælt, en þau mótmæli þóttu eigi á rökum byggð. Einstökum reikningsliðum var ekki mótmælt sérstaklega, né vaxtakröfu, og var aðili því dæmdur til að greiða þá alla 6
Mótmæli með almennum orðum eigi talin nægileg 35
Málsatviki ekki nægilega mótmælt og kröfuupphæð alls eigi, og var stefndi því dæmdur til að greiða samkvæmt kröfu stefnanda 337
Skuldunautur mótmælti hvorki skuldarupphæð né vaxtakröfu og var dæmdur til að greiða hvorttveggja 233
Í máli til sektar og skaðabóta út af meiðyrðum var upphæð skaðabótakröfu eigi sérstaklega mótmælt í héraði, heldur skaðabótaskyldunni almennt og því dæmd sú upphæð, er krafizt var. Í hæstarétti var talið, að þessi mótmæli væri einnig nægileg um kröfuhæðina og skaðabótakrafan var því færð þar niður 439
Skuldunautur dæmdur til að greiða umstefnda skuld, með því að hann mótmælti engum kröfulið sérstaklega og hafði áður fengið reikning og þá viðurkennt skuldina, að frádreginni upphæð, er hann kvaðst hafa greitt og kröfuhafi hafði eigi mótmælt 643
Mótmæli gegn kröfu talin of seint fram komin og sum eigi heldur nægilega glögg, og því eigi tekin til greina 1053
Dómur í landamerkjamáli ómerktur meðal annars af því, að farið var í honum út fyrir kröfur aðilja 731
Vaxta var eigi krafizt af skuld, og þeir því eigi dæmdir 237
A, er krafinn var endurgjalds fyrir umbúðir vöru, er hann hafði pantað, kvaðst hafa skilað umbúðunum. Sú varnarástæða eigi talin útiloka þá sýknuástæðu, að krafa til endurgjalds fyrir umbúðirnar væri fyrnd 685

Bls.

Dómur í landamerkjamáli ómerktur, af því meðal annars, að hann var byggður á skjali, er ekki var lagt fram í málinu 731
Meiðandi ummæli í málsskjali um vitni dæmd dauð og ómerk 600
Vitt ummæli í málsskjali um nafngreindan látinn mann 243
Fundið að því, að matsgjörð í sjódómsmáli var staðfest í aukarétti, í stað sjódóms 804

Réttarfarssektir, Sbr. dómarar, málflutningsmenn.

Aðili sektaður fyrir ummæli í réttarskjali 874, 918, 1135, 1299
Felld úr gildi ákvæði héraðsdóms um sekt fyrir ummæli í málsskjali og ómerking þeirra 845
Málflytjendur sektaðir fyrir ósæmilegan ritháttt í réttarskjali 652

Sakhæfi.

Átján ára gamall maður dæmdur í 18 mánaða betrunarhússvinnu fyrir stórþjófnað 395
Maður, er sakaður var um stórþjófnað, kvaðst hafa verið nokkuð ölvaður, er hann framdi verkið. Eigi tekið tillit til þessa 772
Maður dæmdur fyrir nauðgun á frænku sinni og nauðungartilraun við systur sína, með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 882
Maður, er gerði tilraun til að sálga barni sínu, 11 mánaða gömlu, sýknaður af refsingu vegna vanþroska og geðveiki samkvæmt 39. gr. hegningarlaganna, en dæmdur í gæzlu 939
Maður, er sannur var orðinn um íkveikjutilraun, dæmdur til refsingar með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 986

Saknæmi.

Maður sýknaður af kæru fyrir sölu á öli með óleyfilegu áfengismagni, er hann hafði keypt af meðkærða, sakir þess að hann var eigi talinn hafa

Bls.

haft ástæðu til að ætla, að það væri áfengara en lög leyfa 216
Sektað fyrir ölbruggun, enda þótt kærði kvæðist eigi hafa vitað, að ölið væri of áfengt, með því að hann hefði engan ölmæli haft, heldur gizkað á um áfengisstyrkleika ölsins 216, 219
A, sem greitt hafði B höfuðhögg, svo að hann féll á götuna, hlaut sár á höfuðið og fékk heilahristing, dæmdur fyrir líkamsáverka framinn af ásetningi 225
Tveir opinberir sýslunarmenn dæmdir fyrir ýmiskonar vanrækslu og óreiðu í starfi sínu 308
Maður sýknaður af ákæru út af tilraun til þess að fá tvo menn til að gefa rangt vottorð til afnota í dómsmáli, með því að varhugavert þótti að telja sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að honum hefði verið það ljóst, að vottorðið væri rangt 410
Bifreiðarstjóri sýknaður af kæru um að hafa orðið mannsbani af gáleysi, með því að sá, er fyrir slysi varð, hljóp fyrir bifreiðina, án þess að bifreiðarstjóri fengi að gert 291, 709, 944
Bifreiðarstjóri talinn hafa orðið mannsbani af gáleysi og dæmdur eftir 200. gr. hegningarlaganna í fangelsi og til að missa ökuleyfi .. 814, 865, 1214
Maður talinn hafa valdið með gáleysi meiðslum á öðrum manni og dæmdur eftir 209. sbr. 206. gr. hegningarlaganna til refsingar og bóta fyrir þjáningar og líkamslýti 547
Póstafgreiðslumaður sýknaður af ákæru fyrir hirðuleysi í sýslan sinni 899
Álitið, að fangelsi sem aukahegningu fyrir ítrekað landhelgibrot togaraskipstjóra verði eigi beitt, nema telja megi brot framið af ásetningi 509
Skýrsla togaraskipstjóra, er sannur var orðinn að veiðum í landhelgi, um það, að hann hefði eigi framið brotið af ásetningi, eigi látin skipta máli um refsingu 1326
Skýrsla togaraskipstjóra, er staðinn var að veiðum í landhelgi, um það, að skip hans hefði vegna

Bls.

ólags á veiðarfærum rekið inn fyrir landhelgilínuna, ekki tekin til greina 1174
Staðhæfing sökunauts um það, að hann hefði ekki farið inn í hús annars mann til þess að stela þar, ekki talin rétt, og maðurinn dæmdur eftir 232. gr. hegningarlaganna 772
Maður dæmdur fyrir hússbrennu sakir gáleysis .. 992
Skipstjóri talinn hafa orðið valdur að manntjóni fyrir sakir gáleysis síns 719, 723
Togaraskipstjóra, er tekinn var að veiðum í landhelgi, ekki látið koma það til sýknu, þótt hann kynni að hafa treyst því, að „boja" ein, er hann hefði miðað við, væri fiskboja togara 827
Ákærði, sem hafði haft samgöngur við heimili, sem var sóttkvíað vegna taugaveiki, dæmdur til refsingar fyrir það, að hann hafði ekki skýrt héraðslækni frá veiki, er skömmu síðar kom upp á heimili hans, með því að hann mátti telja líklegt, að sú veiki væri taugaveiki 572
Þrír menn, er ílát með áfengi fundust hjá, sýknaðir af hlutdeild í áfengislagabroti 8 annara manna, með því að ekki þótti sannað, að þeim hefði verið kunnugt um það, að áfengi væri í ílátunum 1307

Samaðild.

Meðferð landamerkjamáls ómerkt, af því meðal annars, að eigi þótti hafa verið fyrir því séð, að allir eigendur annarar jarðarinnar hefði fengið þess kost, að gæta réttar síns 731

Sameign.

Tveir eigendur að skipi dæmdir til þess að greiða in solidum kostnað af heimsendingu skipshafnar frá Bretlandi til Íslands 6
Margskonar ágreiningur um reikningsskil annars sameigandans og kaup hans á eignarhluta hins 179
Þrír menn áttu bát og gerðu hann út í sameiningu, án þess að útgerðarstjóri væri kosinn. Talið rétt að beina lögtakskröfu til innheimtu útsvars,

Bls.

sem lagt var á bátinn utan heimilis hans, gegn einum þeirra 614

Sameignarslit á 9, 14 smálesta báti talin réttilega hafa farið fram samkvæmt 27. og 28. gr. siglingalaganna, enda þótt því væri haldið fram í málinu, að þessar greinir ætti ekki við skip undir 12 smálestum að stærð 819

Maður, er, ásamt fleirum, fór til fuglveiða í eyju, er margir menn áttu veiðirétt í, og með leyfi allra þeirra, nema eins, sýknaður af skaðabótakröfu þessa manns fyrir veiðiréttarbrot, með því að sá þótti eigi eiga tilkall til veiðarinnar það ár vegna skiptingar rétthafanna á veiðinni 1299

Samkomur.

Skemmtisamkoma, sem félag eitt gekkst fyrir og félagar einir og þeir, sem þá lofuðu að ganga í félagið, áttu aðgang að, eigi talin almenn samkoma 343

Samningar. Samþykki. Sbr. kaup og sala, skuldir, verzlunarviðskipti.

A hafði gert samning við B um að selja honum síldartunnur, en jafnframt var ákveðið, að hann skyldi fá forkaupsrétt að afla hjá B eða forrétt til að selja hann. A gaf síðar út ávísun til handa B til greiðslu á vöru þeirri, sem í samningnum greinir, og var A með þessu talinn hafa viðurkennt, að hann hefði keypt vöruna 23

Níu menn höfðu, f. h. allra þeirra, er ráku hvali á land á Siglufirði, tekið að sér standa fyrir hvalskurði og ráðstöfun á hvalnum að öðru leyti. Landeigandi, sem áskildi sér kröfu til landshlutar í bréfi til forstöðumannsins eins, var þar með talinn hafa samþykkt, að þeir önnuðust þessi störf 87

Stefnandi talinn hafa leitt svo miklar líkur að því, að hann ætti að fá verðuppbót á fiski, sem hann seldi stefnda, að málsúrslit voru láíin velta á synjunareiði hans 165

Bls.

Kaupanda fasteignar dæmt heimilt að rifta kaupum, vegna þess að hann fekk ekki afnot hennar og leigu á þeim tíma, sem til var skilið. Þar á móti var sama aðilja talið óheimilt að rifta sölu á húsi til seljanda fyrrnefndu eignarinnar, með því að eigi var sannað, að svo náið samband væri milli þessara tveggja kaupa 237

Hjónin A og B höfðu gert sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, þar sem þau arfleiddu hvort annað. Erfðaskráin var síðan dæmd ógild vegna galla á tilorðningu hennar. Erfingjar A, er fyrr andaðist, hreyfðu engum andmælum við setu B í óskiptu búi og kröfðust ekki arfs eftir A fyrr en B var líka látinn. Eigi talið, að í þessari framkomu þeirra fælist samþykki á erfðaskránni í heild sinni 243

A gaf út víxil á hendur skuldunaut sínum B, er B samþykkti. Á víxilinn var ritað sérstakt loforð frá A um greiðslu hans að fullu á gjalddaga. Víxil þenna keypti bankaútibú, sem einnig átti stórfé hjá B og hafði áskilið sér ráðstöfunarrétt á öllum innborgunum hans til útibússins, enda vissi útibúið, að B hafði eigi ráð á öðru fé en því, er inn borgaðist til útibússins. Samt sem áður var eigi álitið, að útibúið hefði með kaupunum á víxli þessum eða með öðrum hætti skuldbundið sig til þess að láta upphæðir þær, sem til þess greiddust frá B, ganga upp í víxilinn 286

Fiskveiðifélag dæmt til að greiða kaup lifrarmatsmanni, útnefndum af Sjómannafélagi Reykjavíkur samkvæmt samningi þess við félag útgerðarmanna, sem fiskveiðafélagið var í, með því að útgerðarmannafélagið hafði of seint og eigi á réttum rökum mótmælt útnefningu mannsins og með því að fiskveiðafélagið hafði tilkynnt matsmanninum, þegar mat átti að fara fram, tekið athugasemdalaust við matsvottorðum hans og lagt þau til grundvallar við útreikning á lifrarkaupi háseta sinna 294

Maður dæmdur til greiðslu skaðabóta fyrir óheimila

Bls.

notkun hests, er hann gat ekki sannað, að eigandinn hefði lofað að selja honum 430

Maður dæmdur til að gjalda verzlunar- og viðskiptaskuld, sem hann hafði eigi mótmælt, er hann fekk reikning fyrir henni, enda samþykkt víxil til greiðslu hennar 457

Munnlegt loforð jarðeiganda (A) um það, að hann mundi sleppa tilkalli til tiltekins hólma eða „klakks", ef hinn aðilinn (B) sannaði rétt sinnar jarðar til hólmans eða leiddi líkur að honum, eigi skilið svo, að A hefði afsalað sér rétti til að sanna sitt tilkall eða að sannanir eða líkur B yrði eigi bornar undir dómstólana 496

Kaupmaður talinn hafa með framkomu sinni undirgengizt að greiða andvirði vöru í dönskum krónum 500

A afgirti lóð sína og lagaði hana til. Með þessu var hann eigi talinn hafa firrt sig þeim rétti til að taka nágrannalóðina, er honum hafði verið áskilinn í útmælingargjörð, en nágranninn hafði jafnan síðan haft í varðveizlu sinni 519

Talið óheimilt að rifta samningi um hlut í skip, þótt hann kæmi síðar en kaupandi þóttist þurfa, með því að eigi var sannað, að hann hefði gert nokkurn fyrirvara um þetta, og kröfu um niðurfærzlu á verði því, er seljandi setti, eigi heldur sinnt, með því að kaupandi gat ekki heldur sannað, að ákveðnu verði eða ákveðinni þyngd á hlutnum hefði verið lofað 525

Aðilja leyft að staðfesta það með eiði, að svo hefði samizt milli hans og félaga hans, að sá síðarnefndi tæki einn við eignum og skuldum félagsskapar þeirra 554

Verzlunarmaður talinn hafa með aðgerðum sínum og þögn samþykkt það kaup, er skrifað var í reikning hans við verzlun þá, er hann starfaði við 562

Útgerðarmaður sýknaður af kröfu til greiðslu á vangoldnu lifrarverði, með því að sannað þótti, að hann hefði goldið það verð, er teljast mátti með-

Bls.

alverð lifrar á stöðum þeim, er lifrarkaupasamningurinn miðaði við 582

Aðili sýknaður af kröfu um útgáfu afsals fyrir húseign, með því að skilyrði fyrir því voru eigi uppfyllt 586

Sjálfskuldarábyrgð, sem bundin var við kaupverð vélar í ákveðnu krónutali, eigi talin fela í sér skyldu til greiðslu umbúða, farmgjalds o. s. frv. 637

Talið, að í samningi um efni til og verk við lagningu hitunartækja í hús, væri að eins átt við neðri hæð hússins, og aðili var því dæmdur til að greiða sérstaklega kostnað af lagningunni á efri hæðina 693

Aðili talinn laus við tilboð sitt um að selja hlutafélagi hlutabréf sín, með því að hann fekk ekki tilkynningu innan hæfilegs tíma um það, að gengið væri að skilyrðum þeim, er sett voru .. 704

Dæmd heimil rifting á fiskkaupum, með því að fiskurinn var öðruvísi verkaður en til var skilið í samningnum 712

Samningur um sölu útistandandi skulda þrotabús firma samkvæmt verzlunarbókum þess eigi talinn ná til skulda, er kvittaðar voru sem greiddar í bókunum, en síðar kom í ljós, að rifta mætti þessum ráðstöfunum firmans 765

A, er hafði lofað að selja B hús gegn því meðal annars, að B setti ábyrgð fyrir greiðslu kaupverðsins, talinn hafa horfið frá þessu skilyrði, með því að hann lét B umyrðalaust gera við húsið og endurbæta það 838

Bæjarstjórn gerði samþykkt um að fela A starfa einn samkvæmt tilmælum hans. Bæjarstjóri tilkynnti honum að vísu eigi samþykktina, sem talin var grundvöllur undir væntanlega samninga. Í trausti til samþykktarinnar tók A sér ferð á hendur til að búa sig undir starfann. Bæjarstjórnin, sem var þetta vitanlegt, afturkallaði alllöngu síðar samþykktina, var dæmd til að greiða A kostnað af förinni og bætur fyrir atvinnumissi vegna fjarvistar sinnar 918

Bls.

Skuldunaut veittur kostur á að synja með eiði fyrir, að hann hefði lofað að greiða ýmsa úttekt skipverja sinna 933

Skuldbinding banka um greiðslu víxilupphæðar talin niður fallin, með því að víxillinn, sem eigi var greiddur á gjalddaga, hafði ekki verið fenginn bankanum til innheimtu, eins og bankinn hafði tilskilið 1036

Firma talið bundið við skuldbindingu prokúrista síns um greiðslu hásetakaups fyrir útgerðarmann gegn því, að hann seldi firmanu aflann af skipinu, en þetta brást án þess að sannað væri, að hásetarnir hefði vitað um þetta skilyrði eða ætti sök á því, að það var eigi uppfyllt 1087, 1235

Afsal að vatnsréttindum í á eigi skilið sem einkaheimild væri þar með veitt til vatnsnotanna, enda hafði rétthafi eigi mótmælt byggingu raforkuvers ofar við ána 1102

Verksamningur um hússbyggingu eigi talinn fallinn úr gildi, þótt breyting, sem eigi var talin veruleg, væri gerð á húsinu frá því er uppdráttur sýndi, enda hafði verksali haldið verkinu áfram eftir breytinguna 1135

Firma, er tekið hafði við skuldabréfi að handveði sem tryggingu fyrir greiðslu á andvirði efnis til hússgerðar, eigi talið hafa þar með bundið sig til að koma upp húsinu eða til efnisútiláta frekar en orðið var 1135

Íslandsbanki talinn hafa gengið að ákvæðinu í 3. gr. l. nr. 6/1921 um sölu gullforða síns til ríkissjóðs með nafnverði, með því að stjórn bankans hreyfði engum mótmælum, er frumvarp að lögunum var til meðferðar á Alþingi og hegðaði sér að öðru leyti samkvæmt lögunum 1178

Aðili talinn hafa skuldbundið sig til greiðslu svonefnds „sláturfjárgjalds“ með því að slátra fé sínu í húsum þess, er við gjaldinu tók 1193

Samningur um sölu húsgagna með áskildum eignarrétti til handa seljanda, þar til andvirðið væri

Bls.

að fullu greitt, metinn gildur, og seljanda var því dæmdur réttur til að láta taka munina með beinni fógetagjörð frá kaupanda, sem eigi stóð í skilum 1233

Álitið, að spítalaráðskonu, sem ráðin var af yfirlækni spítalans með þegjandi samþykki viðkomandi ráðuneytis, bæri 6 mánaða uppsagnarfrestur 1319

Sáttir. Sáttaumleitun.

Aðili dæmdur til að greiða sekt og málskostnað í héraði vegna þess, að hann sótti ekki sáttafund 294, 500

Aðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði, enda þótt hann væri sýknaður, með því að hann sótti ekki sáttafund, en sekt var eigi dæmd á hendur honum 887

Málsmeðferð og dómur ómerkt ex officio og máli vísað frá héraðsdómi, með því að eigi var sagt í vottorði sáttamanna, hver sótt hefði sáttfund eða hvort nokkur hefði sótt hann af hendi aðilja 4

Skiptaréttarúrskurður ómerktur vegna vöntunar á sáttatilraun. Hinn reglulegi skiptaráðandi, sem sjálfur var málsaðili, hafði leitað sátta 938

Hrundið kröfu um frávísun þrautavarakröfu, byggðri á því, að þrautavarakrafan var eigi nefnd í sáttakæru 918

Héraðsdómari hafði vísað víxilmáli frá aukarétti, af því eigi var leitað sátta í því. Frávísunardómurinn ómerktur í hæstarétti, með því að víxilmál þurfi eigi að leggja til sátta, hvort sem þau sé rekin fyrir aukarétti eða gestarétti .. 697

Krafa stefnds í héraði um viðurkenningu á óátöldum eignarrétti að lóð dæmd að efni til í hæstarétti, þótt hún hefði eigi verið lögð til sátta .. 519

Sátt, gerð fyrir landamerkjadómi, lögð til grundvallar í máli um merkin, er síðar reis vegna ágreinings um örnefni 1

Sátt gerð fyrir fógetarétti um það, að fallið verði

Bls.

frá kröfu um lagningu lögbanns við byggingu á ágreiningslóð gegn því, að gerðarþoli hætti verkinu og málið um eignar- og umráðarétt lóðarinnar verði útkljáð með dómi á venjulegan hátt 519

Með því að nálægt ár var liðið milli sáttakæru og stefnu, voru ekki dæmdir vextir af skuld fyrr en frá stefnudegi 337

Sektir. Sjá refsingar.

Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki sett frest til sektargreiðslu í dóm 734, 746

Sjódómur. Sjódómsmál.

Mál út af björgunarlaunum og aðstoðar .. 50, 195, 346

Mál út af biðdagabótum 471

Mál til greiðslu farmgjalds 35, 382

Mál vegna árekstrar skipa 82, 145, 228, 264, 426, 460, 671, 804, 1323

Mál til viðurkenningar á sjóveðrétti 192, 606, 780, 822

Mál út af kröfu um greiðslu úttektar háseta 933

Mál um kröfu út af dagpeningum háseta, er veiktist í skiprúmi sínu, samkvæmt 3. málsgr. 95. gr. siglingalaga nr. 56/1914 930

Refsimál á hendur skipstjóra fyrir að hafa sakir gáleysislegrar skipstjórnar valdið manntjóni 719, 723

Mál til staðfestingar á kyrrsetningu á skipi og um kröfu til endurgreiðslu á ýmsum upphæðum, er stefnandi í héraði hafði greitt hér fyrir erlent útgerðarfélag vegna útgerðar þess hér 1124

Mál gegn þrotabúi og samskuldara þess út af kröfu til greiðslu kostnaðar af heimsendingu sjómanna af skipi stefndu, er samþykktu meðferð málsins fyrir sjódómi. Það talið rétt samkvæmt 1. gr. l. nr. 52/1914 6

Fundið að því, að sjóferðaskýrsla var tekin í gestarétti og að matsgjörð var staðfest í aukarétti, í stað sjóréttar 804

Bls.

Sjóveð. Sbr. Skip.

Dæmt sjóveð í skipi, er sigldi á annað skip og sökkti því með farmi, til tryggingar skaðabótagreiðslu til handa eigendum skips og farms, og fjárnám heimilað í sjóveðinu. Þar á móti var krafa um sjóveðrétt í afla skipsins eða veiðarfærum eigi tekin til greina 264
Dæmt sjóveð í skipi, er olli skaða með árekstri á annað skip 460
Sjóveð í skipi dæmt til tryggingar greiðslu á úttekt skipstjóra samkvæmt 236. sbr. 53. gr. siglingal. nr. 56/1914, að því leyti sem hún taldist hafa verið beinlínis til ferðar skips eða veiða, en eigi efni til viðgerðar meðan það lá kyrrt í því skyni 606
Úttekt háseta vélbáts utan heimilis bátsins eigi talin tryggð með sjóveðrétti í bátnum, enda þótt skipstjóri samþykkti reikninginn, með því að eigi var upplýst, hvort hásetarnir áttu að fá kaup af hlutdeild í afla eða ákveðið peningakaup 780
Eigi álitið, að úttekt skipstjóra handa báti, er gerður var út utan heimilis, væri tryggð með veðrétti í bátnum, með því að skilyrðum 236. gr., sbr. 53. gr., siglingalaga nr. 56/1914 hefði eigi verið fyrir hendi 788
Úttekt skipstjóra til viðgerðar skips, utan heimilis, eigi talin tryggð með sjóveðrétti í skipinu, sem lá um 6 mánaða tíma kyrrt á viðgerðarstaðnum 822
Krafa um viðurkenningu sjóveðréttar eigi úrskurðuð í dómi sjóréttar eða hæstaréttar 346, 930

Skaðabætur. Sjá opinber mál 2.

1. *Skaðabætur utan samninga.*

Sýknað af kröfu um bætur fyrir útburð úr húsi, með því að útburðargjörðin var réttmæt 586
Í máli út af meiðyrðum voru dæmdar bætur vegna þess, að ummælin þóttu lögð til þess að spilla áliti stefnanda, sem var kaupmaður, og fæla menn frá viðskiptum við hann 439

Bls.

Sýknað af kröfu um bætur fyrir miska og lánstraustsspjöll vegna meiðandi ummæla, með því, að eigi þótti sannað eða sennilegt gert, að þau hefði valdið aðilja tjóni 108
Sýknað af skaðabótakröfu í meiðyrðamáli, með því að ekki þótt gert sennilegt, að ummælin hefði valdið aðilja tjóni 305
Krafa um bætur fyrir lánstraustsspjöll út af meiðandi ummælum eigi tekin til greina, með því að sannað var, að stefnandi var orðinn gjaldþrota og lánstraust hans farið. Krafa um bætur fyrir miska og atvinnuspjöll eigi heldur tekin til greina, með því að mörg ummælin þóttu á rökum byggð, en þau ummælin, er eigi voru réttlætt, þóttu eigi löguð til að hafa bakað aðilja annað eða meira tjón en hin 368
Sýknað í meiðyrðamáli af kröfu um bætur, með því að engar sannanir eða líkur voru færðar fyrir tjóni 1242
Eiganda skips, er rakst á annað skip í höfn, dæmt að bæta tjón af árekstrinum, með því að skipstjóri hans hafði óhlýðnast fyrirskipunum hafnarstjóra um færslu á skipinu 145
Eiganda skips, er sigldi á annað skip og sökkti því með farmi, dæmt að greiða bætur fyrir skip og farm. Vátryggingarupphæð hins sokkna skips þó eigi lögð til grundvallar, með því að hún þótti of há 264
Eiganda skips, er á annað skip rakst, dæmt skylt að greiða bætur fyrir tjón á skipi og aflatjón 460, 804, 1323
Tjóni af árekstri skipa skipt milli þeirra í hlutföllunum 1 : 3 og 2 : 3. Bætur fyrir aflatjón eigi dæmdar vegna upplýsingaskorts 671
Skipum, er sigldu hvort á annað, dæmt hvoru að bera sitt tjón, með því að bæði ætti sök á árekstrinum 82
Skipseigandi sýknaður af skaðabótakröfu vegna árekstrar, með því að skip stefnanda þótti eiga sök á árekstrinum 426

Bls.

Maður dæmdur til skaðabótagreiðslu fyrir heimildarlausa notkun og spjöll á hesti annars manns .. 430
Eigandi bifreiðar, sem trippi hafði rekizt á og fótbrotnað við það, sýknaður af skaðabótakröfu, með því að bifreiðarstjórinn þótti hafa sýnt fulla aðgæzlu 887
A dæmdur til að greiða fullvirði timburs, er verksali hans (B) hafði fengið hjá C, en A hafði ranglega slegið eign sinni á, enda þótt B hefði getað skilað aftur timbrinu gegn greiðslu ákveðinnar leigu eftir það 967
Landsbankinn sýknaður af kröfu bankaráðsmanns, er kosinn var á Alþingi 1927 til 4 ára, en missti starfann 1928 vegna breytinga á lögum bankans, til launa það, er eftir var kjörtímans 982
Bótakröfu afsetts sýslumanns vegna afsetningarinnar vísað frá dómi, með því að ráðherra hefði haft heimild til afsetningarinnar 1027
Eigandi raforkustöðvar skyldaður til að greiða bætur eftir mati fyrir truflanir á starfsemi verksmiðju, er hafði afnot sömu árinnar og raforkustöðin, en neðar við ána 1102
Maður, sem ásamt fleirum mönnum hafði farið í eyju til súlnaveiða með leyfi allra veiðiréttarhafa, nema eins, sýknaður af bótakröfu þessa manns, með því að sá var eigi talinn eiga tilkall til veiðarinnar það ár 1299

2. *Skaðabætur fyrir vanefndir eða rof á samningum.*

Aðili, sem tekizt hafði á hendur flutning á saltfarmi frá Bretlandi til Vestmannaeyja og hafði sent skipið á leið til Íslands til Þýzkalands án þess að réttlæta það, skilaði saltinu seinna en til var skilið. Viðtakandi krafðist bóta vegna lækkunar á saltverði, en farmflytjandi var sýknaður, með því að sannanir þótti vanta fyrir því, að saltverð hefði lækkað 35
A, er framseldi B kröfu sem greiðslu upp í hússverð, dæmdur til að greiða B nokkurn hluta af nafnverði kröfunnar, miðað við hússverðið og aðr-

Bls.

ar greiðslur upp í það, af því að krafan hafði verið greidd, áður en framsalið fór fram 281

Seljanda fasteignar dæmt að greiða bætur til kaupandans vegna vanefnda, er hefði bakað kaupanda, með hliðsjón af stöðu hans, tjón 237

Umboðsmenn tveir sýknaðir af skaðabótakröfu, er stefnandi taldi þá hafa bakað honum með framkvæmd umboðsins, með því að þeir voru eigi taldir hafa farið út fyrir umboðið, eins og á stóð, og eigi heldur sannað, að þeir hefði að öðru leyti gert umbjóðanda tjón með ráðstöfunum sínum 401

Leigusali húsnæðis, er eigi gat haft húsnæðið í fullfæru ástandi í upphafi leigutímans, sýknaður af kröfu um tilskilda bótaupphæð í leigusamningi, en dæmdur til að greiða leigutaka þóknun fyrir óþægindi og tjón vegna galla á húsnæðinu í upphafi 852

Seljanda fisks dæmt að þola riftingu á sölusamningi og greiða bætur vegna sölu á verulega gallaðri vöru 712

Erlent firma sýknað af skaðabótakröfu fyrir það, að það hafði synjað um afhendingu á vöru fyrir það verð, er „agent" þess hér hafði lofað, með því að venjulegur „agent" hefði eigi heimild til að gefa slík loforð fyrir firma sitt 829

Bæjarstjórn, er gert hafði samþykkt um ráðningu læknis til starfa í þarfir bæjarins, en afturkallaði síðan samþykktina, dæmt að greiða læknínum bætur fyrir atvinnutjón og kostnað af ferð, er hann hafði farið í trausti til ráðningarinnar 918

Sakir útgáfu afsals að skúr, er annar maður átti, en var þinglesinn á nafn útgefanda, var hann dæmdur til að greiða kaupanda skúrsins bætur vegna vanheimildar, en þó að eins þá fjárhæð, sem kaupandi hefði þurft að greiða, ef hann hefði leyst af veðrétt þann, er vanheimildinni olli 961

Verksali dæmdur til að greiða verkkaupanda bætur, með því að hann hafði hætt við verkið, án þess

Bls.

að gera verkkaupanda viðvart og án þess að ganga svo frá, að verk það, sem þegar var unnið, yrði eigi fyrir spjöllum, sem hægðarleikur var að afstýra 1135

A, sem hafði undirgengizt að selja hreppsnefnd vörur, er koma skyldu í akveðnu skipi í ákveðinni áætlunarferð, sýknaður af kröfu um bætur fyrir það, að vörurnar komu seinna en ætlað var og í öðru skipi, með því að A hafði haft fulla ástæðu til að halda að vörurnar kæmi jafnsnemma með skipi því, er flutti þær, og hinu og farmflytjandi hafði að vitund hreppsnefndarinnar heimild til að skipta um skip 1269

Spítalaráðskonu dæmdar bætur fyrir það, að hún var svift stöðu sinni með of skömmum fyrirvara 1319

Skattar og gjöld.

1. *Ríkisskattar.*

Bifreiðareigandi tilkynnti lögreglustjóra Reykjavíkur 14. nóv. 1924, að tiltekin bifreið væri ónothæf, sendi einnig tölumerki bifreiðarinnar og óskaði þess, að hún yrði afskráð. 10. marz 1925 tilkynnir sami bifreiðareigandi, að bifreið þessi sé seld til Ísafjarðar og biður þess enn, að hún verði afskráð. Álitið, að aðili ætti eigi að greiða bifreiðaskatt lengur en til 14. nóv. 1924 589

Formaður félags sýknaður af kæru um brot á lögum nr. 40/1923 um skemmtanaskatt, með því að skemmtun sú, sem hann var krafinn skatts af, var haldin til styrktar málefni, er miðaði að almenningsheill 343

Erlendu vátryggingarfélagi, er rekið hafði starfsemi sína hér á landi 1921, var áætlaður tekjuskattur 1922, með því að það hafði ekki talið fram. Bréf umboðsmanns félagsins til skattstjóra var of óákveðið til að geta verið kæra yfir skattinum. Yfirskattanefnd dró 25% af áætluðum tekjum félagsins hér frá fyrir rekstrarkostnaði hér á landi. Með því að félagið var hér skattskylt og það hafði hvorki fyrir skattstjóra né yfirskatta-

Bls.

nefnd gert fullnægjandi grein fyrir tekjum sínum og gjöldum, var því talið skylt að greiða hér tekjuskatt samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun yfirskattanefndar 71

A keypti síld árið 1922 fyrir kr. 12420 og seldi hana sama ár gegn greiðslu síðar fyrir kr. 13800. Í skattframtali sínu 1923 taldi hann þessar kr. 13800 tapaða skuld og tók hana hvorki meðal tekna né eigna. Síðar á árinu 1923 innheimti hann kr. 5000 af skuldinni, og gerði skattanefnd honum að greiða tekjuskatt af þessari upphæð. En með því að hann hefði eigi árið 1922 talið innkaupsverð síldar þessarar gjaldamegin á rekstrarreikningi sínum, þá neitaði hann að greiða skatt þenna. A talið bera að sanna síðastnefnda fullyrðingu sína, og með því að sú sönnun var eigi fram komin, var honum dæmt skylt að greiða skattinn 209

Íslandsbanka dæmt skylt að greiða lögmælt gjald í ríkissjóð af fasteignum sínum, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga nr. 66/1905 744

Fundið að því, að stimpilmerki vantaði á dómsgjörðir eða dómsgjörðir væri rangt stimplaðar 6, 31, 1102

Athugað, að veðbréf, eins og það var innfært í dómsgjörðir, bar ekki með sér, að það hefði verið stimplað 566

2. *Sveitargjöld.*

Niðurjöfnunarnefnd talið heimilt 1925 að hækka útsvar áfrýjanda, enda þótt hann hefði kært það til lækkunar, án þess að gera honum viðvart áður en hækkunin var ákveðin, þar sem ástæðan fyrir henni hefði verið fólgin í kærubréfi áfrýjanda 14

Í kaupstaðnum X var A, sem var búsettur annarstaðar, gert að greiða útsvar af 3 tilteknum skipum, er gengu þar til síldveiða, tiltekna upphæð af hverju skipi. Af 2 skipunum, er A gerði sjálfur út, var honum, samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga

Bls.

nr. 58/1919, dæmt skylt að greiða útsvar, en eigi af þriðja skipinu, sem hann hafði leigt öðrum, og eigi heldur af leiguupphæðinni eftir það 59

A, sem búsettur var á staðnum X, en átti hús, fiskþurkunarreiti og bryggjur á staðnum Y, og hafði þar fiskverkun, fiskveiðar og lifrarbræðslu, talinn þar útsvarsskyldur samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1922 62

Mótbárur um útsvarsupphæð eigi taldar koma til álita fyrir dómi 62

Hlutafélag, sem hafði verzlun í kauptúninu X, en átti salthús í kauptúninu Y og afhenti þar salt og keypti fisk af íbúunum, talið þar útsvarsskylt samkvæmt lögum nr. 50/1919 141

A leigði veiðirétt í á í X-hrepp, en framseldi veiðiréttinn fyrir ákveðna ársleigu. Eigi talin vera heimild í lögum nr. 29/1922 1. gr. til að leggja fyrir þetta útsvar á A til hreppsins 175

Aðilja, sem var atvinnurekandi í Vestmannaeyjum og 3 aðrir gjaldendur höfðu tekið sér til samanburðar, talið óskylt að greiða 1500 kr. útsvarshækkun, er bæjarstjórn hafði ákveðið, án þess að gera honum áður viðvart svo sem fyrir er mælt í 22. gr. l. nr. 26/1918, enda hafði kærum þessara manna verið skotið til bæjarstjórnar eftir kærufrest liðinn 177

Landsverzlun Íslands talin útsvarsskyld til Reykjavíkurbæjar, og eigi álitið, að lög nr. 47/1924 eða analogíu 25. gr. tilsk. 20. apr. 1872 hafi getað leyst aðilja undan útsvari árið 1924 eða nokkrum hluta þess, með því að útsvarið var löglega lagt á áður en lög nr. 47/1924 gengu í gildi .. 200

Talið óheimilt, samkvæmt lögum nr. 29/1922, að leggja útsvar á hreppinn A vegna upprekstrarréttar hans í afrétt hreppsins B 341

Álitið heimilt, samkvæmt 19. gr. l. nr. 67/1919, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 47/1921, að leggja útsvar á aðkomubát, er stundaði síldveiðar og lagði upp afla sinn á aðkomustaðnum. Kröfunni talið

Bls.

réttilega beint að einum af þremur eigendum bátsins, enda þótt útsvarið væri lagt á bátinn 614, 617

Talið heimilt að leggja útsvar á dánarbú, þar sem því er skipt, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1922, með því að það hafði haft tekjur af eignum 657

Talið, að lög nr. 29/1922 hafi því að eins heimilað manni, er sakir dvalar í öðrum hreppi en hann átti heimili í, var gert þar að greiða útsvar, frádrátt frá útsvari í heimilishreppnum, að útsvar dvalarhreppsins væri lagt á sama gjaldárið sem útsvar heimilishreppsins 911

Hlutafélag, búsett í Reykjavík, tók lóð á leigu á Ísafirði og hafði þar olíubirgðir, sem maður á staðnum seldi fyrir félagið. Félagið talið útsvarsskylt á Ísafirði, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 46/1926, af þessari starfsemi 1099

Skilyrði. Sjá ábyrgð, samningar.

Banki, er ábyrgðist greiðslu víxilskuldar, setti það skilyrði, að víxillinn, sem eigi var greiddur á gjalddaga, yrði fenginn bankanum til innheimtu. Bankinn talinn laus við ábyrgðina, af því að þessu skilyrði var ekki fullnægt 1036

Það skilyrði, er sett var fyrir ábyrgð á hásetakaupi, að útgerðarmaður seldi afla sinn ábyrgðarmanninum, eigi talið skipta máli gagnvart hásetunum, sem eigi var sannað, að hefði vitað um þetta skilyrði eða ætti sök á, að það var eigi uppfyllt 1087, 1235

Skylda Íslandsbanka til að selja gullforða sinn með nafnverði samkvæmt 3. gr. l. nr. 6/1921 eigi talin óhjákvæmilega hafa verið bundin því skilyrði, að ríkissjóður legði fram fé til hlutafjárkaupa í bankanum 1178

Skip. Sbr. árekstur, refsingar b. 5., sameign, sjóveð.

Skipstjóri. Skipshöfn. Sbr. sjóveð.

Íslenzku skipi var sökkt af kafbáti á ófriðarsvæðinu 1917. Skipstjóra var það kunnugt, að hann ætti

Bls.

för um hættusvæðið, er hann lét síðast skipi því í haf. Eigendur þess voru því dæmdir in solidum til að greiða heimsendingarkostnað skipshafnar 6
Með því að skipstjóra var ljóst, að A tók við farmi aðeins fyrir hönd B, var A söknaður af farmgjaldskröfu 35
Dómar um skuldir, er skipstjóri stofnaði fyrir útlekt í þarfir skips 192, 606, 780, 788, 822
Dómar um skyldu útgerðar til að greiða úttekt háseta 780, 933
Útgerð sýknuð af frekari greiðslum en lækningarkostnaði og fæðispeningum 3 kr. á dag til skipverja samkvæmt 3. mgr. siglingalaga nr. 56/1914 930

Skjalafals.

Maður dæmdur til hegningar fyrir að hafa ritað í heimildarleysi nafn annars manns aftan á víxil 577

Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun, vitni.

Í máli um landshlut af hvölum, sem reknir voru upp á land stefnanda í héraði, lagður fram afstöðuuppdráttur 87
Í máli um eignarrétt að lóð var lagður fram afstöðuuppdráttur. Skoðun dómara á staðnum því eigi talin nauðsynleg 519
Uppdráttur af þrætulandi lagður fram í hæstarétti í máli um landamerki 1
Dæmt eftir landamerkjaskrá, er aldrei var lögð fram í héraði og eigi fylgdi dómsgerðum. Ómerkingardómur 731
Vitnisburður frá 16. öld um landamerki lagður fram í máli og talinn styðja ákveðna niðurstöðu í málinu 157
Utanréttarvottorðum eigi mótmælt og þau því lögð til grundvallar 141
Sjókort, þar sem landhelgilínan var mörkuð af sjókortastofu og staðfest af sjóliðsráðuneyti Danmerkur eða stjórnarráði Íslands, lagt til grundvallar gegn öðru sjókorti, sem eigi bar saman við það 740, 818

Bls.

Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti.

Sóttvarnir.

Dæmt fyrir brot á lögum nr. 31/1923 og lögum nr. 34/1902 ..... 253, 757
Maður dæmdur fyrir samgöngur við sóttkvíaðan bæ og fyrir að skýra eigi héraðslækni frá uppkomu sóttar á bæ sínum 572

Sparisjóðir.

Formaður sparisjóðsstjórnar talinn bær að veita greiðslufrest á skuld, er sparisjóður ábyrgðist .. 329

Skuldajöfnuður. Sbr. gagnsakir.

Gjörðarþolandi við fjárnám kvaðst hafa greitt skuld fyrir gerðarbeiðanda til þriðja manns og hafa kröfu þessa þessvegna til skuldajafnaðar aðfararkröfunni. Gerðarbeiðandi viðurkenndi þetta ekki og var krafan því eigi látin koma til skuldajafnaðar 537
Staðfest synjun fógeta um að láta óviðurkenndar kröfur og ávísanir koma til skuldajafnaðar dómskröfu við aðför 1288

Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar, sjóveð, verzlunarviðskipti.

A talinn hafa gert samning um síldarkaup af B og því dæmdur til að greiða andvirði síldarinnar 23
Maður sýknaður af kröfu um greiðslu á bátsviðgerð, með því að in confesso var í málinu, að hann samdi um hana fyrir hönd annars manns 31
Maður sýknaður af kröfu um greiðslu farmgjalds, því að skipstjóri vissi, að hann tók við farmi fyrir annan mann, og því dæmdur að eins f. h. þess manns til að greiða farmgjaldið 35
Kaupmaður dæmdur til að greiða andvirði vöru, er hann taldi sig hafa greitt til þriðja manns, er eigi var talinn hafa umboð til þess að taka við greiðslu og eigi hafði skilað henni að fullu til skuldareiganda 56

Bls.

Kaupmaður dæmdur til að greiða verðuppbót á fiski, nema hann synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði lofað uppbótinni 165
Gjaldþrota maður dæmdur til að greiða skuld, sem eigi var lýst í þrotabú hans, með því að innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúi var eigi talin „præclusiv“ 233
Sparisjóður dæmdur til að greiða ábyrgðarskuld, nema fyrrverandi formaður sjóðsins synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði samþykkt greiðslufrest, er lánardrottinn veitti skuldunaut 329
Síldarbræðslufirma sendi út síldartunnur, er bæði A og B áttu, en allar á nafni B. Hann dæmdur til að greiða A andvirði þeirra tunna, sem A átti .. 337
Farmflytjandi fekk ekki flutt farm alla leið, af því að skipið sökk. Farmeigandi bauð greiðslu á tiltölulegum hluta farmgjalds og var að eins dæmdur til að greiða hann 382
Kaupsýslumaður dæmdur til að greiða viðskiptaskuld, er hann hafði samþykkt áður 457
Viðtakanda farms dæmt að greiða biðdagabætur .. 471
Kaupmaður talinn hafa með framkomu sinni skuldbundið sig til að greiða andvirði vöru í dönskum krónum 500
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða andvirði hluta í skip, er hann pantaði hjá vélsmiðju. Kröfu hans um afslátt eigi sinnt 525
Kröfu um skuldajöfnuð við fjárnám hrundið 537
Verzlunarþjónn dæmdur til að greiða skuld við verzlunina, en hún sýknuð af frekari kaupkröfum af hans hálfu 562
Kaupmaður sýknaður af kröfu um greiðslu á andvirði lifrar fram yfir það, er hann hafði þegar greitt 582
Kaupkona, er tekið hafði við vörum hjá afgreiðslu skipafélags án þess að hafa greitt vörurnar eða afhent farmskírteini, dæmd til að greiða vöruna afgreiðslunni, sem orðið hafði að borga sendanda andvirði hennar 600

Bls.

Banki dæmdur til að greiða ábyrgðarskuld 637
Maður dæmdur til að greiða brezku firma viðskiptaskuld 643
Kaupmaður sýknaður af kröfu um greiðslu umbúða af öli, með því að krafan var álitin fyrnd 685
Bú kaupmanns dæmt til að greiða innlagning hitunartækja í hús sitt 693
Norkst firma (A) átti útibú (B) á Íslandi. A skuldaði norskum banka (C) og hafði veðsett honum fasteign sína á Íslandi. Síðan var útibúið skilið frá aðalfirmanu og gert sjálfstætt firma, sem tók við skuld A við C með samþykki hans. Veðskuldabréfið talið halda gildi sínu fyrir þetta og B dæmt til að greiða skuldina í norskum krónum 727
Aðili sýknaður af skuld til hlutafélags, með því að sannað þótti, að hann hefði á sínum tíma greitt skuldina til þáverandi framkvæmdarstjóra félagsins 845
Maður sýknaður af greiðslu verzlunarskuldar, af því að skuldin var talin fyrnd 858
Hreppsnefnd skylduð til f. h. hreppsins að greiða ábyrgðarskuld 895
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða úttekt háseta sinna, nema hann synjaði með eiði fyrir loforð sitt um greiðslu á henni 933
Bæjarstjórn sýknuð af kröfu um greiðslu læknishjálpar, sem veitt var þurfalingum bæjarins án beiðni bæjarstjórnar eða fátækranefndar 956
Fyrrverandi meðlimur kaupfélags sýknaður af kröfu um greiðslu á þeim hluta rekstararhalla þess, er á hann var jafnað 356
Annar fyrrverandi kaupfélagsmeðlimur dæmdur .. 1018
Banki sýknaður af kröfu um greiðslu á víxli, vegna ábyrgðarskuldbindingar sinnar, með því að skilyrði, er hann hafði sett, var eigi uppfyllt 1036
Afsettur sýslumaður dæmdur til að greiða ríkissjóði vangoldnar, en innheimtar tekjur 1053, 1158
Erlent útgerðarfirma dæmt til að greiða hérlendum kaupsýslumanni það, er hann hafði lagt út fyrir það hér á landi í þarfir útgerðarinnar 1124

Bls.

Hreppsnefnd sýknuð af kröfu A um greiðslu á andvirði timburs handa henni í bryggju, með því að hún hafði greitt andvirði timbursins til firmans B, er hún mátti álíta umboðsmann A 1085
Maður dæmdur í aðalsök til að greiða skuld sína til kaupfélags, en það sýknað af kröfu hans í gagnsök 1193
Hreppsnefnd dæmd til greiðslu á eftirstöðvum andvirðis vatnsveitutækja 1269

Stefnur. Sbr. frávísun, ómerking.

Í meiðyrðamáli talið óheimilt að dæma eftir 222. gr. hegningarlaganna, með því að eigi hafði verið stefnt til ábyrgðar samkvæmt henni 108
Meðferð landamerkjamáls ómerkt, meðal annars af því, að aðiljum hafði eigi verið stefnt eða gert nægilega viðvart um þinghald í málinu 731
Áfrýjunarstefna var birt að eins einum af þremur stjórnendum félags. Með því að eigi var upplýst, að sá maður væri formaður félagsstjórnarinnar og enginn kom fyrir dóm af hálfu félagsins, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 1009
Máli vísað frá hæstarétti, með því að of skammt varð milli stefnubirtingar og þingfestingar, en stefndu komu eigi fyrir dóm 1022
Frávísunarkröfu vegna galla á stefnubirtingu hrundið 915
Meðferð á máli, er samkvæmt stefnunni átti að taka fyrir ákveðinn dag „að færu veðri", en tekið var fyrir 2 dögum síðar, án þess að stefnda væri gert viðvart, ómerkt í hæstarétti 1153
Fundið að drætti á stefnubirtingu í opinberu máli og að stefnubirtingin fór ekki fram á lögmæltan hátt 772
Vextir dæmdir að eins frá stefnudegi með því að óþarflega langur tími þótti hafa liðið milli sáttakærudags og stefnudags 337

Stefnuvottar.

Maður dæmdur til sektar fyrir mótþróa við stefnuvotta 1026

Bls.

Stimpilgjald. Sjá Skattar og gjöld 1.

Sveitarstjórn. Sbr. yfirvöld.

Hreppsnefnd talin bær um að undirgangast f. h. hrepps sjálfskuldarábyrgð, án þess að samþykki hreppsfundar þyrfti til og án þess að til greina kæmi, hvort þessi ákvörðun hreppsnefndar hefði verið bókuð eða ekki, enda komi samþykki sýslunefndar til 895
Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp veitta þurfalingum bæjarins án beiðni bæjarstjórnar eða fátækranefndar .. 956
Bæjarstjórn dæmd til bóta vegna rofs á loforði 918
Skuldamál gegn sveitarstjórn 1085, 1269

Svik. Sviksamlegt athæfi.

Maður dæmdur samkvæmt 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 38. gr. aðfararlaganna, fyrir að gefa ranga skýrslu fyrir fógetarétti um eignir sínar 19
Maður dæmdur eftir 253. gr. hegningarlaganna fyrir að setja nafn sitt sem útgefandi undir texta á tékkaeyðublað í því skyni, að tékkar þessir yrði síðar notaðir, enda þótt hann ætti ekki þá og gæti ekki búizt við að eiga neina innstæðu í bankanum, þegar tékkunum yrði þar fram vísað 77
Annar maður, sem við tékkablöðunum tók, útfyllti þau og út gaf í umboði hins, dæmdur eftir sömu grein 77
Maður dæmdur eftir 259. gr. hegningarlaganna fyrir að taka vörur að láni gegn loforði um að greiða þær með því, er inn kæmi fyrir þær og eftir því sem þær seldust, en notaði andvirði þeirra til annars 436
Maður dæmdur fyrir undanskot fjár síns undan gjaldþrotaskiptum og fyrir ívilnun sumra lánardrottna sinna eftir 262. og 263. gr. hegningarlaganna og eftir 264. gr. sömu laga 748
Tveir menn dæmdir fyrir hlutdeild í undanskoti fjár eftir 262. sbr. 48. gr. hegningarlaganna 748

Bls.

A, sem jafnframt var dæmdur fyrir húsbruna af gáleysi, dæmdur fyrir tilraun til að svíkja vátryggingarsala, með því að gefa upp brunatjón á vörum, er glötuðust í brunanum, hærra en rétt var, eftir 261. sbr. 47. gr. hegningarlaganna 992

Sönnun. Sönnunarbyrði.

Sbr. eiður, játning, líkur, mat og skoðun, skjöl, verzlunarbækur, vitni.

Sönnunarbyrði um það, að landamerki, er merkjadómur hafði ákveðið, væri önnur en þau, er gerð höfðu verið, með sátt 1922, látin hvíla á þeim, er vefengdi niðurstöðu merkjadómsins 1

Gert ráð fyrir, að fé, sem lagt var út til heimsendingar skipshafnar af manni, er bæði var ræðismaður og eigandi skipsmiðlarafirma, hafi verið lagt út af honum sem ræðismanni, og úrslit málsins látin velta á þessu 6

A hafði gefið út ávísun til handa seljanda síldar, en stöðvað ávísunina, tekið við nokkru af vörunni og sagt þremur mönnum, að hann hefði fest kaup á henni. Þetta talin næg sönnun þess, að kaupin hefði gerzt 23

Farmflytjandi sýknaður af skaðabótakröfu vegna óréttmæts dráttar á afhendingu saltfarms, með því að viðtakandi hafði eigi sannað, að salt hefði fallið í verði, en á því var krafan byggð 35

Staðarákvörðun varðskipsforingja ásamt vitnisburðum þriggja manna talin næg sönnun þess, að ákveðinn togari hefði verið í landhelgi 46

Spurning um, hvort botnvörpungur sá, er hér var átt við, væri sama skip sem nokkru áður var sektað fyrir landhelgibrot í Vestmannaeyjum .. 46

Eigi talið sannað eða gert sennilegt, að björgun, sem skip framkvæmdi, hefði valdið því aflamissi .. 50

Álitið, að mönnum, er stóðu fyrir skurði hvala, er reknir voru á land annars manns, og sölu, hafi borið að gera landeiganda, sem kallaði til landshlutar, grein fyrir þyngd hvalafurðanna og söluverði, og með því að þeir þóttu eigi hafa gert

Bls.

þetta, var áætlun landeiganda lögð til grundvallar, að frádregnum hæfilega áætluðum kostnaði 87

Sýknað af skaðabótakröfu í meiðyrðamáli, með því að eigi þótti sannað eða sennilegt gert, að ummælin hefði bakið aðilja tjón 108, 305, 1242

Álit erlends sjódóms, ásamt skýrslu skipstjóra og fleiri skipsmanna, lagt til grundvallar um ástand skips 126

Vátryggjandi talinn hafa sannað, þrátt fyrir vottorð 2 manna tilkvaddra af ræðismanni, að vátryggt skip hafi ekki verið sjófært, er það byrjaði ferðina 126

Landamerkjadómur staðfestur, með því að sá aðili, er vefengdi hann, hafði eigi sannað að tiltekið örnefni væri ranglega ákveðið í dóminum 157

A seldi B fisk og krafðist síðar uppbótar á verði hans samkvæmt munnlegum samningi þeirra. A sannaði, að B hefði greitt öðrum slíka uppbót og honum sjálfum að nokkru, og þótti með þessu hafa styrkt málstað sinn svo, að málsúrslit voru látin velta á synjunareiði B 165

Áburður um „óheiðarlega blaðamennsku" eigi talinn nægilega réttlættur, þótt sannað væri, að aðili hefði áður ritað greinir í blað sitt, er vörðuðu við lög 170

Áfrýjandi, sem tekið hafði við áhöldum verksmiðju samkvæmt bókum hennar og ekki hafði sannað, að þær væri rangt færðar, ekki talinn hafa sannað rétt sinn til niðurfærslu á andvirði áhaldanna, enda þótt hann teldi síðar, að upp á þau hefði vantað. 179

Sama aðilja synjað um endurgjald fyrir verk, sem hann kvaðst hafa unnið fyrir verksmiðjuna, með því að hann fekk ekki sannað, að hann hefði leyst það verk af hendi 179

Ummæli í bréfi A til B, þar sem A afsakar greiðsludrátt á skuld, sem C hafði stofnað, og kveðst vonast til að geta greitt hið fyrsta, talin fela í sér næga viðurkenningu á skyldu A til að greiða skuldina 192

Bls.

A, sem neitaði að greiða tekjuskatt af andvirði síldar, er hann taldi fyrst tapað, en innheimti síðar að nokkru, með því að hann hefði ekki fært innkaupsverð sömu síldar gjaldamegin á rekstrarreikning sinn það ár, talinn eiga að sanna þessa staðhæfing 209

Þrátt fyrir skýrslur ýmsra vitna ekki talin fengin full sönnun fyrir því, að ábyrgðarmaður hefði veitt samþykki sitt til greiðslufrests til handa aðalskuldara, og voru málsúrslit því talin velta á synjunareiði fyrrverandi umboðsmanns ábyrgðarmannsins, er átti að hafa veitt samþykkið .. 329

Veitingamaður, sem gert hafði kaup á húsi með því skilyrði meðal annars, að hann fengi afnot þess frá tilteknum degi, talinn, með hliðsjón til atvinnu sinnar, eiga heimtingu á bótum fyrir atvinnutjón, af því að hann fekk ekki húsnæðið, eins og til var skilið 237

Arfleiðsluskrá metin ónýt, með því að arfleiðsluvottar gátu ekki borið um öll þau atriði, sem gildi skrárinnar valt á 243

Maður dæmdur fyrir hluttöku í áfengislagabroti gegn neitun sinni samkvæmt skýrslum tveggja meðsekra og ýmsum atvikum, er sköpuðu líkur gegn honum 253

Bankaútibú sýknað af kröfu um endurgreiðslu upphæðar víxils, er það hafði keypt og útgefandi hafði orðið að greiða, með því að honum tókst ekki að sanna það, að útibúið hefði bundið sig til að láta innborganir til sín frá samþykkjanda, sem skuldaði útibúinu stórfé, ganga upp í víxilinn 286

Kaupfélag, er byggði kröfu sína á hendur fyrrverandi meðlim sínum á því, að hann hefði skipt við það lengur en sjálfur hann kannaðist við, tapaði málinu, með því að sönnun brast fyrir þessari staðhæfingu 356

Sýknað af kröfu til bóta fyrir burtflutning muna úr húsi aðilja, með því að ekki var sannað, að munirnir hefði skemmzt eða glatazt 401

Bls.

Maður dæmdur til að greiða bætur fyrir óheimila notkun og spjöll á hesti, með því að hann fekk ekki sannað þá staðhæfingu sína, að hann hefði fest kaup á hestinum 430

Enda þótt stefndi gerði sennilegt, að tap stefnanda á kaupum einnar vörutegundar stafaði ekki af álitsspillandi ummælum hans um stefnanda, þá voru ummælin þó almennt talin löguð til að spilla áliti hans sem kaupmanns, og voru honum því dæmdar bætur 439

Varðskip sigldi innan landhelgilínunnar. Botnvörpungur, sem var milli þess og lands, því talinn sekur um landhelgibrot 485, 490

A dæmdur samkvæmt kröfu B til að greiða honum hlut, með því að A fekk ekki sannað, að hann hefði til skilið, að hluturinn skyldi kominn til hans fyrir ákveðinn tíma, og að hann hefði því getað rift samningnum, af því að hluturinn hefði komið síðar, og með því að A gat ekki heldur sannað, að honum hefði verið lofaður hluturinn með lægra verði en krafizt var í málinu 525

A eigi talinn hafa leitt fulla sönnun að því, að hann hefði slitið félagsskap sínum við B með tilteknum skilmálum, en eitt vitni og líkur þóttu svo styrkja málstað hans, að málsúrslit voru látin velta á aðildareiði 554

Samið svo, að notarialiter staðfestur útdráttur úr höfuðbók lánardrottins skyldi vera full sönnun fyrir skuld, nema skuldunautur sannaði, að skuldin væri rangt tilfærð 566

Með því að vottorð vantaði á veðskuldabréf um, að það hefði verið þinglesið, var gert ráð fyrir því, að svo hefði ekki verið 566

Útgerðarmaður, sem keypti lýsi af sjómanni og skyldi greiða fyrir það sem svaraði meðalverði á samskonar lýsi á tilteknum stöðum, sýknaður af kröfu um viðbótargreiðslu, með því að ekki hafði tekizt að sanna, að meðalverðið á hinum tilteknu stöðum hefði verið hærra en aðili hafði greitt fyrir lýsið 582

Bls.

Aðiljar, 5 að tölu, sönnuðu með skriflegum framsölum eignarrétt sinn að kröfu, sem tekin hafði verið fjárnámi til tryggingar kröfu á hendur framseljanda. En 6. maðurinn, er kallaði til hlutar, sem einnig hafði verið tekinn fjárnámi, tókst ekki að sanna eignarrétt sinn, með því að álitið var að samningur, er gerður var um afhendingu hlutarins til hans, hefði verið málamyndarsamningur 592

A krafði B um skuld fyrir efni til og vinnu við hitaleiðslulagningu í hús. B hafði þegar greitt tiltekna upphæð og taldi sig þar með hafa greitt allt, sem honum bæri að borga, með því að allt verkið hefði verið ákvæðisverk. B fekk ekki sannað þetta og var því dæmdur til að greiða samkvæmt kröfu A 693

Staðfestur útdráttur úr verzlunarbók, og vitnisburður afhendingarmanns, sem talinn var fullgilt vitni, álitinn næg sönnun fyrir vöruúttekt 693

Skuld, er norskt firma skuldaði norskum banka og stofnuð var í Noregi, en tryggð með veði í íslenzkri fasteign, talin eiga að greiðast í norskum krónum, með því, að skuldunaut tókst ekki að sanna, að öðruvísi hefði samizt 727

Í landamerkjamáli var áreið talin nauðsynleg, með því að uppdrætti af landinu og landamerkjaskrá bar ekki saman 731

Staðfest kvittun fyrrverandi framkvæmdarstjóra hlutafélags, sem þó var bróðir aðilja, og færsla í bókum félagsins talin næg sönnun fyrir greiðslu skuldar 845

Skýrsla skuldunauts um upphaf verzlunarskuldar lögð til grundvallar og skuldin samkvæmt því talin fyrnd 858

Maður dæmdur samkvæmt 2. lið 27. gr. áfengislaga nr. 64/1928, enda þótt hann héldi því fram, að hann hefði ekki ætlað að selja áfengi það, er hann hafði flutt inn 893

Gegn mótmælum aðilja var það ekki talið sannað, að honum hefði verið kunnugt um, að eigandi báts,

Bls.

er hann tók til viðgerðar á skipasmíðastöð sína, ætti þá ekki fyrir skuldum 952

Talið, að C, sem keypti skúr af A, er B hafði reist á lóð A, og skráður var á nafn A, hafi mátt gera ráð fyrir því, að A ætti skúrinn, og var A því dæmdur til að greiða bætur vegna vanheimilda 961

Sagt, að þeim, er heldur því fram, að hlutur sé séreign annars hvors hjóna, beri að sanna það 977

Félag, sem gengið hafði í ábyrgð fyrir útgerðarmann um greiðslu hásetakaups fyrir hann gegn tilteknum skilyrðum, dæmt til að greiða kaupið, enda þótt útgerðarmaðurinn uppfyllti ekki skilyrðin, með því að ósannað var, að hásetarnir hefði vitað um þau eða ætti sök á því, að þeim var ekki fullnægt 1087, 1235

Með vitnaskýrslum var það talið upplýst, að vatnsafnot verksmiðju hefði ekki truflast, þar til raforkustöð var byggð ofan við fallvatn það, sem verksmiðjan fekk orku úr, og var raforkustöðin talin valda truflununum og dæmd til skaðabótagreiðslu fyrir þær 1102

Landseti, sem taldi ábýlisjörð sína hafa verið selda lægra verði en hún var boðin honum fyrir, tókst ekki að sanna þetta, og voru því seljandi og kaupandi sýknaðir af kröfu hans um ónýting kaupanna 1155

Skýrslur landsreikninga, ríkisbókhald og reikningagerð löggilts endurskoðanda samkvæmt embættisbókum og öðrum gögnum lagðar til grundvallar í máli gegn afsettum sýslumanni til greiðslu innistandandi ríkisfjár o. fl., þar sem gögnum þessum var ekki hnekkt 1158

Erlent útgerðarfirma dæmt til að greiða umboðsmanni sínum hér hásetakaup, sem hann hafði lagt út fyrir það, en það kvaðst hafa lagt út erlendis, með því að firmað sannaði ekki, að það hefði tilkynnt honum þetta nægilega snemma .. 1124

Sama firma dæmt til að greiða umboðsmanni sínum andvirði lifrarhluta, er hann hafði greitt hásetum á útvegi þess hér, með því að firmað sann-

Bls.

aði ekki, að unnt hefði verið að fá hér háseta á skipin með öðrum kjörum 1124
Skýrsla togaraskipstjóra um stað skips hans lögð til grundvallar í hæstarétti, með því að þar vantaði sjóbréf, er ætlað var, að varðskipsforingi hefði markað stað skipsins á, enda þótti óvíst eftir kæru og réttarskýrslu foringjans, að togarinn hefði verið í landhelgi 1167
Skýrsla togaraskipstjóra um það, að skip hans hefði vegna ólags á veiðarfærum rekið inn í landhelgi, ekki tekin trúanleg 1174
A seldi B húsgögn gegn afborgun og með áskildum eignarrétti sér til handa, unz að fullu væri greitt. Í kvittun fyrir afborgun var samningur þeirra nefndur *veðsamningur*. Þetta ekki talið hagga því, að samningurinn hefði í raun og veru verið sölusamningur 1233
Maður sektaður fyrir margskonar meiðandi og móðgandi ummæli um prest, með því að honum tókst ekki að réttlæta þau 1242
Kröfu um, að fógeti viki sæti vegna óvináttu við gerðarþolanda, hrundið, með því að engar sannanir voru færðar fyrir þessari staðhæfingu 1288

Tilraun.

Maður, sem ætlaði að greiða A högg, er lenti á B að óvilja hans, dæmdur fyrir fullframinn líkamsáverka eftir 205. gr. hegningarlaganna. Héraðsdómari dæmdi fyrir tilraun 392
Maður sýknaður af kæru um tilraun til að fá tvo menn til að gefa ranga skýrslu til afnota í dómsmáli, með því að varhugavert þótti að álíta sannað, að honum hefði verið það ljóst, að skýrslan væri röng 410
Landhelgibrot togara talið fullframið jafnskjótt sem hann hefir kastað vörpu í sjó 746
Maður dæmdur fyrir nauðgunartilraun 882, 1031
Maður sýknaður af kæru um tilraun til manndráps vegna vanþroska og geðbilunar 939

Bls.

Maður dæmdur til refsingar fyrir tilraun til húsbrennu 986
Maður dæmdur fyrir tilraun til vátryggingarsvika eftir 261. gr., sbr. 47. gr. hegningarlaganna 992

Umboð.

Skiptaráðandi talinn hafa haft heimild til að samþykkja, að skuldakrafa á hendur þrotabúi væri sótt með máli fyrir sjódómi. Ótakmarkað umboð skiptaráðanda til A til að fara með mál þetta einnig talið fela í sér heimild handa A til að samþykkja slíka málsmeðferð 6
A samdi um viðgerð báts f. h. vátryggjanda, og var því ekki talið skylt að greiða viðgerðarkostnaðinn 31
B sýknaður af kröfu um greiðslu farmgjalds, með því að skipstjóra var vitanlegt, að hann tók við farminum f. h. annars manns 35
Umboð til að fara með mál fyrir skiptarétti ekki talið heimila umboðsmanni að taka við áfrýjunarstefnu 53
Síldarbræðslustöð sendi út lýsistunnur, er A og B áttu, en allar á nafn A. Þar með varð hann ekki eigandi tunna þeirra, sem B átti, og var því dæmdur til að greiða honum andvirði þeirra .. 337
Ólögleg skipun umboðsmanns fyrir dómi, sem aðili taldist því ekki bundinn við 349, 731, 1153
Umboð til sölu á húsi og bát talið, eftir sambandi aðilja, fela í sér heimild til að rýma úr húsinu munum eiganda og kosta viðgerð á bátnum, svo að hann yrði seldur 401
Handhafi farmskírteinis gerður umboðsmaður erlends firma samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 829
Venjulegum „agent" eigi talið heimilt að gera samninga um vöruafhendingu og vöruverð fyrir umbjóðanda sinn 829
Kaupmaður dæmdur til greiðslu á viðskiptaskuld, er hann hafði greitt til þriðjamanns, er eigi taldist hafa haft umboð til að taka við greiðslu fyrir hönd lánardrottins 56

Bls.

A sýknaður af kröfu B um greiðslu andvirðis vöru, sem A hafði greitt til C, með því að A var talinn hafa haft rétt til að ganga út frá því, að C hefði haft heimild til að taka við greiðslunni fyrir hönd B 1085

Talið, að A væri ekki bundinn við tilboð, er búðarmaður hans hafði gefið fyrir hans hönd sakir misskilnings á fyrirskipun hans 1269

Breytingar á tilboði, er A tjáði boðbera B, en boðberinn vanrækti að skýra B frá, taldar bindandi fyrir B. Þar á móti var eigi álitið, að B þyrfti að standa við tilslakanir, sem boðberinn veitti A .. 1269

Uppboð.

Boðnar upp ýmsar fasteignir og skip þrotabús í einu lagi á nauðungaruppboði 349

Nauðungaruppboð ómerkt af því, að sönnun vantaði fyrir því, að fleiri en eitt uppboð hefði verið haldið, að sönnun vantaði fyrir því, að uppboðið hefði verið löglega birt, að ósamræmi var milli sundurliðunar eigna þeirra, er selja skyldi, í söluskilmálum og í bókun í uppboðsbók, að fjarverandi manni var skipaður talsmaður án beiðni hans, og boð þessa talsmanns tekið gilt og af því að uppboðsráðandi setti rétt og kvað upp úrskurð um útlagningu eignanna til hæstbjóðanda, án þess að gera nokkrum hlutaðeigendum við vart 349

Fasteign þrotabús var seld á nauðungaruppboði eftir kröfu veðdeildar Landsbankans. Hæstbjóðanda, sem var annar veðhafi og eigi fekk fulla greiðslu, talið rétt að fá eignina út lagða 855

Kröfu um ómerking uppboðs vísað frá hæstarétti, með því að uppboðsins var ekki getið í leyfi til að áfrýja dóminum, en frestur til áfrýjunar uppboðinu var líka liðinn 915

Staðfestur úrskurður uppboðsréttar, um það, að haldsréttur til tryggingar kröfu út af viðgerð á vélbát skuli ganga fyrir eldri veðréttum í bátnum 952

Bls.

Sameign á 9,14 smálesta báti talið rétt að slíta samkvæmt 27. og 28. gr. siglingalaganna 819

Útburður.

Sýknað af skaðabótakröfu fyrir útburð úr húsi, með því að útburðurinn þótti réttmætur 586

Útgerð. Sbr. árekstur, sameign, sjóveð.

Tveir útgerðarmenn, er áttu skip að hálfu hvor, dæmdir, með tilvísun til 103. gr. siglingarlaganna, til að greiða in solidum kostnað af heimsendingu skipshafnar af skipi þeirra, er sökkt hafði verið á ófriðarsvæðinu 1917 6

Talið rétt að beina lögtakskröfu til innheimtu útsvars, er lagt var á bát, sem var í sameign þriggja manna, að einum eigendanna 614

Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.

Stefndi sótti ekki þing og mál því skriflaga flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna 4, 31, 53, 82, 102, 157, 171, 192, 198, 237, 243, 278, 337, 349, 358, 387, 476, 477, 566, 599, 611, 614, 617, 657, 697, 698, 699, 731, 819, 822, 852, 858, 863, 87[illegible], 911, 1009, 1022, 1153, 1155, 1233, 1235, 1240, 1291

Áfrýjandi sótti ekki þing 34, 35, 50, 65, 144, 174, 175, 200, 219, 242, 262, 263, 285, 286, 328, 343, 409, 425, 508, 509, 598, 619, 664, 665, 666, 688, 700, 727, 797, 827, 852, 860, 878, 879, 944, 973, 982, 1018, 1149, 1212, 1264, 1281, 1282

Útlendingar. Sbr. fiskiveiðalög.

Löghald lagt á kaffisekki, er útlent firma átti hér, og mál höfðað samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 gegn haldsmanni farmskírteinis 829

Eiganda síldarbræðslustöðvar talið refsilaust að kaupa síld af útlendu fiskiskipi, löglega stöddu á sölustaðnum 1014, 1049

Erlendur skipstjóri sektaður fyrir sölu afla af skipi sínu á íslenzkum höfnum 1208

Bls.

Lögtak í eign manns, sem búsettur var í Danmörku, eftir að bú hans hafði verið tekið þar til gjaldþrotaskipta, talið heimilt samkvæmt analogíu opins bréfs 30. nóv. 1821 1082

Valdstjórn. Sbr. ölvun.

Manni refsað fyrir ofbeldi, áverka og smánaryrði við lögreglumann, meðan hann var að gegna starfa sínum 879

Vanheimild.

A, er leyft hafði B að reisa skúr á lóð sinni og skráður var eigandi skúrsins í veðmálabókum, afsalaði C skúrnum. B hafði veðsett skúrinn án vitundar A, og var skúrinn síðar seldur til lúkningar veðskuldinni. A var talinn hafa með útgáfu afsalsins tekið á sig heimildarábyrgð og var því dæmt að greiða bætur, miðaðar við þá upphæð, er þurft hefði að greiða til að leysa veðið af skúrnum 961

Varðveizla. Sbr. líkur.

Varðveizla A á lóð um 30 ár ekki talin nægileg til eignarhefðar, með því að varðveizlumaður hafði tekið við lóðinni með þeim skildaga, að láta hana af hendi, þegar B vildi taka hana, og afnot A útilokuðu ekki heldur þenna rétt B 519
Áfengisvökvi, er fannst í farangri A, er sannur var orðinn að áfengisbruggun, talinn bruggaður af honum og hans eign 468
Taka ýmissa muna úr bifreiðum, er stóðu utan húss eiganda eða bíðu hans, þar sem hann var staddur, talin þjófnaður 1223

Varnarþing.

a. Opinber mál.

Mál út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni, frömdum undan Suðurnesjum, fyrir vestan land, fyrir

Bls.

sunnan land eða norðan, rannsökuð og dæmd í Reykjavík 46, 105, 206, 620, 661, 736, 740, 1073 1078, 1326

Mál út af sömu brotum, frömdum á ýmsum stöðum undir Suðurströnd landsins, rannsökuð og dæmd í Vestmannaeyjum 136, 139, 390, 420, 485, 490, 680, 734, 746, 776, 809, 827, 1132, 1167, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279

Mál út af fiskveiðabroti, frömdu fyrir Suðurnesjum, rekið fyrir lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 509

Mál út af fiskveiðabroti, frömdu við Ingólfshöfða, rekið fyrir lögreglurétti Suður-Múlasýslu 1150

Kyndari á skipi, skrásettu í Reykjavík, dæmdur á Ísafirði fyrir áfengissölu, framda þar 466

Refsimál á hendur skipstjóra fyrir að hafa valdið manntjóni sakir óvarlegrar skipstjórnar fyrir norðan land rekið á heimavarnarþingi hans í Reykjavík 719, 723

Tveir ákærðir, annar heimilisfastur í Reykjavík og hinn í Kaupmannahöfn, dæmdir í Reykjavík fyrir brot, framin að nokkru í sameiningu í Reykjavík og að nokkru af öðrum þeirra í Kaupmannahöfn eftir sameiginlegri ákvörðun þeirra í Reykjavík 77

Mál gegn 5 mönnum fyrir áfengislagabrot, framin í Hafnarfirði og í Reykjavík, dæmd í Reykjavík, Tveir hinir kærðu áttu heimili utan Reykjavíkur 66

Mál út af áfengissmyglun, sem fremja átti af norsku skipi í Vestmannaeyjum, dæmt þar. Skipstjóri var norskur 253

Þrír menn, þar af tveir þýzkir, dæmdir í Reykjavík fyrir áfengisinnflutning. Skip þeirra tekið í Vogavík og farið með það til Reykjavíkur 299

Mál gegn þremur stjórnendum hlutafélags, sem skrásett var í Kjósarsýslu, út af grun um ranga skýrslu um innborgað hlutafé, rekið í Reykjavík. Formaður stjórnarinnar búsettur þar og annar meðstjórnandinn 1005

Norskur skipstjóri dæmdur fyrir sölu á afla af skipi

Bls.

sinu í Hafnarfirði og í Reykjavík á síðarnefnda staðnum 1208
Ellefu menn búsettir á ýmsum stöðum höfðu tekið þátt í margskonar áfengisbrotum á ýmsum stöðum. Dómur gegn þremur þeirra, kveðinn upp á Siglufirði, var ómerktur vegna þess, að nauðsynlegt þótti að prófa þá alla saman. Síðan var málið rannsakað gegn þeim öllum í Reykjavík og þeir þar allir dæmdir í einu máli 1307

b. Einkamál.

Mál út af launum fyrir björgun skips á Siglufirði rekið fyrir sjódómi í Reykjavík eftir samningi .. 50
Skip dregið af Skagafirði til Siglufjarðar. Mál út af launum fyrir dráttinn rekið fyrir sjódómi á Siglufirði 195
Mál til launa fyrir drátt á skipi vestan úr Jökuldjúpi höfðað fyrir sjódómi í Reykjavík, eftir að skipið hafði verið kyrrsett 346
Mál út af árekstri skipa á Vestmannaeyjahöfn rekið fyrir sjódómi Reykjavíkur, þar sem skip stefndu var skrásett 460
Mál út af árekstri skipa á rúmsjó rekið í Reykjavík eftir samningi 426
Mál út af árekstri skipa norður af Látrabjargi rekið í Reykjavík eftir kyrrsetningu annars skipsins þar 671
Mál út af árekstri tveggja erlendra skipa rekið í Reykjavík, þar sem þau komu fyrst til hafnar 82, 228
Mál út af árekstri skipa fyrir norðan land sótt í Reykjavík á varnarþingi eiganda annars skipsins 804, 1323
Eiganda vistaðs víxils talið heimilt, en ekki skylt, að reka víxilmálið fyrir gestarétti 697
Samningur um varnarþing fyrir gestarétti Reykjavíkur heimilar ekki meðferð þess máls fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu 611
Vélasmiðja höfðar mál til greiðslu verks fyrir gestarétti samkvæmt lögum nr. 59/1905 525

Bls.

Vatnsréttindi

Aðili, er virkjað hafði fallvatn, skyldaður til að greiða öðrum, er neðar átti verksmiðju við fallvatnið, bætur fyrir truflanir þær á vatnsnotum, er efri virkjunin þótti hafa valdið 1102

Vátrygging. Vátryggingarfélög.

Leyst úr ágreiningi um tekjuskatt vátryggingarfélags 71
Vátryggjandi sýknaður af bótakröfu skipseiganda, með því að sannað þótti, að skipið hefði verið ósjófært, er það hóf ferðina 126
Maður dæmdur fyrir tilraun til vátryggingarsvika 992

Veð. Sjá sjóveð.

Fasteignarveð talið riftanlegt samkvæmt 23. gr. laga nr. 7/1894, þótt veðbréfið væri dagsett meira en 8 vikum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, með því að veðsali hafði ekki undirritað það fyrr en 7 vikum fyrir þann tíma, enda sagt, að ekki væri sannað, að þrotamaður hafi lofað veðinu fyrir upphaf 8 vikna frestsins 28
Ófullnægðum veðhafa lagðar út fasteignir og skip sem hæstbjóðanda í uppboðsrétti, gegn því að hann greiddi 4% af uppboðsandvirðinu í innheimtulaun. Þessi ráðstöfun ómerkt í hæstarétti 349
Skírskotun til 15. gr. laga nr. 29/1885 talin óþörf í veðskuldabréfi, ef aðfararskilyrðum þeirrar greinar er annars fullnægt 537
Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi fellt úr gildi, af því að skuldin þótti ekki nægilega ákveðin og vottorð um þinglýsingu bréfsins vantaði á það 566
Veðréttur til norsks banka í íslenzkri fasteign talinn halda gildi sínu, þótt hinn upphaflegi skuldunautur léti, með samþykki lánardrottins, útibú firma síns, er gert var að sjálfstæðu firma, taka að sér skuldina 727
Eldri veðréttur í báti talinn eiga að víkja fyrir haldsrétti í bátnum, og síðar í uppboðsandvirði hans, til tryggingar viðgerðarkostnaði, með því að við-

Bls.

gerðin þótti hafa verið nauðsynleg, og ekki var sannað, að viðgerðarstöðin hefði vitað, að eigandi bátsins átti þá ekki fyrir skuldum 952

Skiptaráðandi í þrotabúi skyldaður til að leggja ófullnægðum veðhafa út fasteign, enda þótt eignin hefði verið seld að ráðstöfun annars veðhafa, með því að hann varð hæstbjóðandi 855

Vegalög. Sbr. yfirvöld.

Maður sektaður fyrir brot á 40., sbr. 52. gr. vegalaga nr. 41/1924 835

Venja.

Engin venja talin hafa myndazt hér á landi um það, að „agent" (tilboðasafnari) gæti bundið firma það, er hann safnar tilboðum fyrir 829

Veiðiréttur.

Maður sýknaður af skaðabótakröfu vegna brots á veiðirétti 1299

Veitingar.

Maður sektaður vegna óleyfðs kaffihússhalds 677

Verklýðsfélög.

Verklýðsfélag gerði samning við útgerðarmann um verð á lifur úr fiski félaga þess, er reru á útveg hans. Í máli milli eins sjómannanna og útgerðarmanns um lifrarverð var samningur þessi lagður til grundvallar 582

Verksamningar.

A og B gerðu samning um innlagningu miðstöðvartækja í hús. Innlagning á efri hæð hússins ekki talin felast í samningnum, með því að kostnaðaráætlun o. fl. sýndi þetta ótvírætt. 693

Talið, að breyting frá uppdrætti á húsi, sem A hafði tekið að sér að gera, væri ekki veruleg og hefði

Bls.

því ekki leyst hann frá samningum. A, sem hætti verkinu áður en því væri lokið, dæmdur til að endurgreiða verkkaupanda nokkuð af því, sem hann hafði goldið fyrir verkið, og bætur fyrir skemmdir, sem orðið höfðu á því, sem unnið var og verksali hefði átt að afstýra, og fyrir samningsrof. Þar á móti þótti krafa verkkaupanda um, að verksali yrði dæmdur til að lúka verkinu, ekki verða tekin til greina, eins og á stóð 1135

Verzlunarviðskipti. Sbr. samningar.

Útgáfa ávísunar til handa seljanda, viðtaka nokkurs af vörunni og ummæli stefnds við þrjá menn um kaupin talin full sönnun þess, að kaupsamningur hafi verið á kominn 23

Maður, er greitt hafði andvirði vöru til þriðja manns, er hann hugði hafa umboð til viðtöku þess, dæmdur til að greiða það af upphæðinni, sem þriðji maður hafði ekki skilað, til lánardrottins, með því að maðurinn taldist ekki hafa haft heimild til að taka við fénu 56

Kaupmaður dæmdur til að greiða verðuppbót á fiski, nema hann synjaði með eiði fyrir loforð sitt í þá átt 165

Kaupsýslumaður dæmdur til að greiða viðskiptaskuld, er hann hafði áður samþykkt 457

Kaupmaður ekki talinn geta byggt sýknukröfu í máli út af vöruskuld á því, að vörurnar hefði verið lakari en samningar stóðu til, með því að hann hafði tekið við vörunum athugasemdalaust 494

Sami aðili þótti hafa gefið öðru firma næga ástæðu til að krefja hann um greiðslu á andvirði vöru í dönskum krónum 500

Verzlunarþjónn dæmdur til að greiða úttektarskuld sína til verzlunar þeirrar, sem hann vann hjá, en hún sýknuð af kaupkröfu hans, með því að hann þótti með þögn hafa samþykkt það kaup, sem honum var talið í bókum verzlunarinnar 562

A sendi B vöru, er afgreiðslumaður afhenti án þess, að farmskrá væri skilað. B hafði ekki greitt vör-

Bls.

una, svo að afgreiðslan varð að gera það. Kyrrsetning til tryggingar endurgreiðslu þeirrar upphæðar staðfest og B dæmdur til að greiða afgreiðslunni upphæðina 600
Ábyrgðarmaður dæmdur til að greiða vöruskuld 637
Erlent útgerðarfirma dæmt til að endurgreiða umboðsmanni sínum hér ýmiskonar útgjöld, sem hann hafði haft fyrir það 1124
Kaupanda saltfisks heimiluð rifting kaupa vegna galla á vörunni og dæmdar bætur fyrir samningsrof 712
Tilboðasafnari (agent) ekki talinn hafa heimild til að binda firma sitt til sölu vöru fyrir ákveðið verð 829
Verzlunarskuld talin fyrnd 858
Hreppsnefnd sýknuð af kröfu um greiðslu timburs, með því að hún hafði borgað til þriðjamanns, er hún mátti treysta, að hefði umboð seljanda til að taka við greiðslunni 1085
Maður dæmdur til að greiða verzlunarskuld, en andstæðingur hans sýknaður af gagnkröfum hans 1193
Kaupmaður ekki talinn bundinn við tilboð, er búðarmaður hans gaf af misskilningi. Synjað um heimild til riftingar á samningi, þótt vara kæmi nokkru seinna en ráð var fyrir gert 1269

Verzlunarbækur.

Staðfestur útdráttur úr höfuðbók skyldi, samkvæmt samningi, vera næg sönnun fyrir skuldarupphæð, nema aðili sannaði, að hún væri rangt tilfærð 566
Staðfestur útdráttur úr verzlunarbók og skýrsla eins lögfulls vitnis talin full sönnun fyrir úttekt 693
Maður dæmdur eftir 264. gr. hegningarlaganna fyrir brot á skyldum um bókhald 748

Vettvangsmál.

Í máli um landshlut af hval ekki talin þörf á skoðun á landi, og frávísunarkröfu af þeirri ástæðu hrundið 87

Bls.

Í máli um eignarrétt að lóð, þar sem ekki var ágreiningur um merki, eigi talin þörf skoðunar á staðnum, enda fullnægjandi uppdráttur lagður fram 519

Vextir.

Vextir taldir fyrst frá stefnudegi, með því að málshöfðun þótti hafa dregizt óþarflega lengi frá því er sáttatilraun hafði farið fram 337

Ekki talið heimilt að láta fjárnám eftir veðskuldabréfi ná til vaxtavaxta af skuldinni 537

Seljandi fisks, er sæta varð riftingu á sölunni, dæmdur til að endurgreiða kaupverð fisksins með 6% vöxtum p. a. frá því, er hann tók við því, og skaðabætur með sömu vöxtum frá sáttakærudegi 712

Vextir dæmdir samkvæmt 1. málsgr. 38. gr. laga nr. 39/1922 56

Vextir dæmdir eftir 2. málsgr. sömu laga 1193

Viðskiptatilkynningar.

Kaupmaður, sem vissi, að ákveðin vara, er honum var send, var frá A og tók mótmælalaust við kröfu frá honum um borgun vörunnar, enda þótt hún væri pöntuð hjá öðrum manni, dæmdur til að greiða A andvirði vörunnar, enda þótt hann hefði greitt það þriðja manni, sem hann taldi ranglega hafa heimild til að taka við greiðslunni 56

Kaupmaður, sem umyrðalaust tók við vörum, ekki talinn löngu seinna geta byggt kröfu á því, að þær væri verri en til var skilið 494

Aðili talinn laus við kauptilboð, með því að honum var ekki tilkynnt innan hæfilegs tíma, að gengið væri að settum skilyrðum 704

Vinnulaun.

Lífrarmatsmanni Sjómannafélagsins, er útgerðarfélag hafði mótmælt, dæmd vinnulaun, með því að

Bls.

honum var tilkynnt, þegar meta skyldi, og við verki hans var tekið 294

Vinnusamningar.

Spítalaráðskonu talinn bera 6 mánaða uppsagnarfrestur og því dæmdar bætur vegna uppsagnar með skemmri fyrirvara 1319

Vitni.

Talið aðfinnsluvert, að erfðaskrárvottur var látinn staðfesta skýrslu sína með drengskaparheiti, þótt lögmælt skilyrði til þess væri ekki fyrir hendi 243
Skipað að eiðfesta vitni í opinberu máli, með því að skýrslur þeirra voru í ósamræmi við skýrslur sökunauts 701
Í opinberu máli fundið að því, að vitni var ekki eiðfest, og að nokkur vitni voru eiðfest, án þess að ákærða væri veittur kostur á að vera viðstaddur 992
Fundið að því í einkamáli, að dómari hafði látið vitni staðfesta sem sinn réttarframburð efni skjala, er þau höfðu hvorki samið né undirritað 1242
Maður, kærður fyrir ölvun, sýknaður, af því að vitni þau, er báru hann ölvaðan, þrátt fyrir neitun hans sjálfs, höfðu ekki staðfest framburð sinn með eiði 1285
Skýrsla manna á varðbáti um legu togara, einkenni o. fl. lögð til grundvallar í máli út af landhelgibroti 46, 509, 810
Skýrsla sjómanna á róðrarbáti um fiskveiði í landhelgi lögð til grundvallar 104
Skýrsla nokkurra vitna, er höfðu athugað botnvörpung úr landi, taldar full sönnun gegn óákveðnum og óeiðfestum skýrslum nokkurra skipsmanna 1078
Skýrslur vitna um timamark taldar skakka svo litlu, að ekki skipti máli 543
Ósamræmi í skýrslum vitna um það, í hvaða mánuði atburður hefði gerzt, ekki talið skipta máli, eftir því, sem á stóð 762

Bls.

Ekki talið ónýta vitnaskýrslu, þótt vitnið hefði verið undir nokkrum áhrifum víns 762
Vitni, er báru um samskonar atvik, er þau skynjuðu hvert í sínu lagi, ekki talin veita fulla sönnun um þau atvik 762, 899
Vitnaskýrsla ekki talin hafa sönnunargildi, þótt eiðfest væri, með því að gagnaðilja var ekki veittur kostur á að gæta réttar síns 804
Vitni, sem var ölvað, er sá atburður gerðist, sem það skyldi bera um, ekki talið hæft til að staðfesta framburð sinn með eiði 973
Ekki talið ónýta skýrslu vitnis, þótt það hefði kært sökunaut fyrir verknað þann, er það skyldi bera um 688
Eitt vitni, ásamt nokkrum líkum, talið nægilegt til að láta málsúrslit fara eftir eiði aðilja 554
Kærði sýknaður af kæru um ölvun, með því að vitnaskýrslur voru ósamhljóða 869, 872, 904, 1007, 1228
Kærði sektaður þrátt fyrir ósamhljóðan vitnaskýrslna 928, 1146
Í árekstrarmáli skipa voru skýrslur skipverja sitt á hvoru skipi um stefnu skipanna ósamhljóða. Því talið ósannað, hvort bæri sökina 228
Arfleiðsluskrá dæmd ónýt, með því að vottarnir gátu ekki borið um ýmislegt, er gildi hennar valt á 243
Vitnaskýrslur, sem að ýmsu voru óákveðnar og ósamhljóða, ekki taldar nægilegar til að réttlæta meiðandi og móðgandi ummæli 1242
Tvö skip rákust á. Skýrsla manna á þriðja skipinu, er sáu til, taldar áreiðanlegar, og með því að þeim bar einnig saman við skýrslu skipverja á öðru skipinu, voru þær lagðar til grundvallar gegn skýrslum manna af hinu skipinu 1323
Viðurkenning kaupsýslumanns á reikningi talin sönnuð með skýrslu tveggja vitna 457
Skýrslur skipverja á botnvörpungi, sem og voru ósamhljóða, ekki taldar hnekkja mælingum og skýrslum varðskipsforingja 776, 1073, 1132
Sýknað í samskonar máli vegna vöntunar á sjókorti og með hliðsjón af skýrslu skipverja 1167

Bls.

Skýrsla forstöðumanns verzlunar um skuldbindingu útgerðarmanns til að greiða úttekt háseta sinna talin nægur grundvöllur undir synjunareið .. 933
Ýmsar vitnaskýrslur taldar styrkja kæru á hendur manni um ólögmæta meðferð hrossa, er komin voru í vörzlur hans 1292

Víxlar. Víxilmál.

Ómerktur héraðsdómur í víxilmáli, er dómari hafði vísað frá vegna vöntunar á sáttatilraun 697
Skjal, sem fullnægir kröfum víxillaganna að öðru leyti en því, að útgefanda vantar á það, hvorki talið víxill né viðskiptabréf í þeirri merkingu, að skuldara sé meinað að koma að þeirri sýknuástæðu, að skuldin sé greidd 281

Vörufals.

Maður dæmdur fyrir að blanda mjólk vatni 688

Yfirvöld.

Niðurjöfnunarnefnd talið heimilt að hækka útsvar aðilja, sem kært hafði útsvar sitt til lækkunar, án þess að gera honum viðvart áður, samkvæmt upplýsingum, er fólust í kærubréfi hans 14
Atriði, er útsvarsupphæð varða, koma ekki til greina fyrir dómstólum 62
Talið, að framkvæmdarvaldið hafi skort heimild í lögum til að setja ákvæðin í reglugjörð nr. 67/1922, um ávísanir lækna á áfengi. Læknir því sýknaður af kæru um brot á þessum fyrirmælum 95, 149
Bæjarstjórn Vestmannaeyja talið óheimilt, semkvæmt 22. gr. laga nr. 26/1918, að hækka útsvar gjaldþegns, án þess að gera honum viðvart og í sambandi við kærur 3 annara gjaldenda, er skotið var til hennar eftir lok kærufrests 177
Lögreglustjóra Reykjavíkur talið hafa verið heimilt að setja reglur fyrir bæinn um kveikingu ljósa í

Bls.

bifreiðum, samkvæmt 46. gr., sbr. 45. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apr. 1919 203

Sýslunefnd og atvinnumálaráðherra talið heimilt, samkvæmt lögum nr. 38/1919, að setja og staðfesta samþykkt um vegarlagningu, þar sem sérstöku félagi byggðarmanna voru heimilaðar framkvæmdir og skylda lögð á sýslusjóð til framlaga að tilteknum hluta til vegarins. Sýslunefnd því talið óheimilt að fella einhliða samþykkt þessa úr gildi 378

Talið heyra undir dómsmálaráðherra að meta, hvort skilyrði til veitingar áfrýjunarleyfis eftir niðurlagi 1. málsgr. 28. gr. hæstaréttarlaganna sé fyrir hendi 398

Ummæli í bréfi dómsmálaráðuneytisins, þar sem frestur til höfðunar barnsfaðernismáls samkvæmt 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 46/1921, er framlengdur um 4 mánuði, skilin svo sem leyft væri að höfða málið 4 mánuðum eftir útgáfu bréfsins, enda þótt liðin væri meira en 2½ ár frá fæðingu barnsins 449

Fógetarétti talið bera að skera úr ágreiningi um embættistakmörk ráðherra, með því að fógetarétt bæri að telja til dómenda í merkingu 56. gr. stjórnarskrárinnar 477

Atvinnumálaráðherra talið hafa verið heimilt að skipa stjórnendur Búnaðarfélags Íslands, og uppsögn þeirra gagnvart búnaðarmálastjóra því lögmæt 477

Talið hafa verið óheimilt að veita leyfi til áfrýjunar landamerkjamáls lengur en segir í 15. gr. laga nr. 41/1919, er þá gilti jafnhliða 26. gr. hæstaréttarlaganna 546

Kröfu afsetts sýslumanns um, að afsetning hans yrði dæmd marklaus og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, vísað frá dómi, með því að ráðherra hefði haldið sér innan embættismarka sinna 1027

Þar á móti var ráðherra sýknaður af kröfu sýslumannsins um skaðabætur vegna afsetningarinnar 1027

Bls.

Þingsafglöpun.

Uppboð ómerkt vegna margskonar afglapa og uppboðshaldari dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað 349
Héraðsdómari vísar víxilmáli frá dómi vegna vöntunar á sáttatilraun. Dómari þó sýknaður af kröfu um greiðslu áfrýjunarkostnaðar 697
Dómur og meðferð landamerkjamáls ómerkt vegna margskonar þingsafglapana. Málskostnaður í hæstarétti féll niður 731
Héraðsdómur ómerktur, með því að hann var dæmdur yfir óstefndum manni 1153

Þingvottar.

Vítt, að fógeti hafði son sinn vott og virðingarmann við fjárnámsgjörð 559

Þjófnaður.

a) *Einfaldur þjófnaður.*

Maður dæmdur fyrir stuld á reiðhjóli eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 1047
Þrír menn dæmdir fyrir þjófnað og samverknað í því broti, en einn sýknaður. Var einn dæmdur eftir 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 53. gr. hegningarl., en hinir eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 1223
Dæmt eftir 230. gr. hegningarlaganna og með hliðsjón af 63. gr. sömu laga fyrir einfaldan þjófnað ásamt stórþjófnaði 395, 666

b) *Stórþjófnaður.*

Maður dæmdur fyrir stuld úr sölubúð, er hann opnaði með lykli, sem hann hafði keypt og sorfið til, eftir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna 395
Maður dæmdur fyrir þjófnað eftir 231. gr. hegningarlaganna á netjaslöngu úr húsi, sem hann opnaði með lykli, er var að hirzlu, sem hann átti 772
Þrír menn dæmdir fyrir stuld úr húsi, sem þeir opnuðu með lykli, er ekki var til þess ætlaður, einn

Bls.

eftir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 53. gr. sömu laga, og hinir eftir 4. lið 231. gr. sömu laga 666

Maður dæmdur fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði eftir 2. málsgr. 232. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. sömu laga 539

Þjófneyzla. Sjá hilming.

Ærumeiðingar. Sbr. réttarfarssektir.

Sektað í máli, er félag höfðaði, fyrir meiðandi ummæli um ónafngreinda starfsmenn félagsins og nokkur ummæli um félagsskapinn sjálfan, en ekki fyrir ummæli, er höfð voru um nafngreinda menn, þótt við félagsskapinn væri riðnir. Sum ummælanna ómerkt, en sýknað af skaðabótakröfu 108

Stefndu sektaðir fyrir meiðandi ummæli í blaði, er ekki þóttu nægilega réttlætt, þótt sannað væri, að stefnandi hefði í öðrum samböndum haft óviðeigandi rithátt og ritað ýmislegt, er varðaði við lög 170

Málflutningsmaður vittur fyrir ósæmileg orð um látinn mann í málsskjali 243

Maður sýknaður, með tilvísun til 3. gr. tilsk. 9. maí 1855, af ábyrgð fyrir ummæli í nafnlausri blaðgrein, sem hann kannaðist í málinu við að hafa skrifað 250

Sektað fyrir meiðyrði í blaðgrein og þau ómerkt 305, 358

Maður dæmdur til sekta fyrir ýms meiðandi ummæli í blaðgrein og þau ómerkt, en sýknaður fyrir önnur, sem þóttu nægilega réttlætt. Skaðabótakrafa ekki tekin til greina, með því að sum ummælin voru réttlætt, en hin, er eigi voru það, eigi talin hafa bakað aðilja sérstaklega tjón .. 368

Dæmt til sekta og skaðabóta fyrir meiðyrði í blaðgrein og ummælin ómerkt 439

Ummæli um sýslunarmann í skýrslu, er aðili sendi stjórnarráðinu, samkvæmt skyldu sinni, ekki talin fara út fyrir takmörk ritfrelsis, og því sýknað 874

Bls.

Maður sektaður fyrir ærumeiðingar um prest og ummælin ómerkt. Skaðabótakrafa ekki tekin til greina 1242

Ölvun. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar.

Maður dæmdur sekur um ölvun á almannafæri 260, 579, 907, 928
Ekki talin ölvun, þótt maður sé aðeins undir áhrifum áfengis 640, 904
Sýknað af kæru um ölvun vegna ósamhljóðanar vitnaskýrslna 869, 872, 904, 1007, 1228
Sýknað af kæru um ölvun vegna þess, að kærði neitaði, en vitnin, sem báru móti honum, voru ekki eiðfest 1285

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

IX. árgangur. 1928.

Laugardaginn 7. jan. 1928.

Nr. 74/1927. **Rjettvísin** (M. Guðmundsson)
gegn
Ingólfi Bjarnasyni (Jón Ásbjörnsson).

Úrskurður hæstarjettar.

Áður en dómur er kveðinn upp í hæstarjetti í máli þessu ber að útvega ýtarlegri upplýsingar í því sem hjer greinir:

1. Það verður á ný að yfirheyra ákærða um upptök eldsvoðans og einstök atriði, er að þeim lýtur. Meðal annars þarf að upplýsa hve lengi raflýsing Stokkseyrar hafi verið í ólagi áður en eldsvoðann bar að höndum, hvort ákærði hafi keypt olíulampa í tilgreindri sölubúð á Laugavegi og flutt þá með sjer austur, hvar og hvenær ákærði hafi sett þá upp, hvenær byrjað að kveikja á þeim og hvort aðrir hafi sjeð lampa þessa í verslunarhúsunum; hve langt borðið undir hyllunum á suðurvegg vörugeymsluherbergisins náði framfyrir hyllumilligerð þá, er lampinn að sögn ákærða á að hafa hangið á, hve hátt lampinn hafi hangið í milligerðinni, hve hátt borðið var, hvort ákærði hafi staðið á gólfinu eða uppi á einhverju, og þá hve háu, er hann tjáist hafa farið í kassann, sem rommflöskurnar áttu að vera geymdar í og hvað ákærði hafi aðhafst kl. 7—9

kvöldið sama sem brann, og þar á meðal hvað hann og Þórir Runólfsson hafi talað saman um í símanum. Einnig ber að leita upplýsinga um, hvort ákærði hafi fengið romm hjá Bjarna Ólafssyni í Tjarnargötu 48, í desbr. byrjun 1926 og hafi svo verið, þá hve mikið. Vitni þau, sem eru í ósamræmi við framburð ákærða, ber að eiðfesta, einkum vitnin Matthías Matthíasson, Karl Þorsteinsson, Sigurð Einarsson og Ásgeir Eiríksson.

2. Upplýsa þarf hver hluthafanna hafi verið frumkvöðull og forgöngumaður þess að hlutafjelagið Þór var stofnað og hvenær það fyrst hafi komið til orða að setja á fót verslun í Árnessýslu sbr. reikning Chr. Nielsen & Co. 13. ág. 1926 rksj. M 1.
3. Rannsaka þarf ýtarlegar en gert hefir verið hvernig fjárhagur ákærða og Sveins Valfells hafi verið, er hlutafjelagið Þór var stofnað og hve mikið raunverulega hafi verið innborgað í peningum af hlutafjenu og ber að yfirheyra í rjetti þá, er eiga að hafa lánað þeim fje til hlutabrjefakaupanna, og í hverju verðmæti lánin hafa verið útlátin. Þá ber og að rannsaka hvernig hinu innborgaða hlutafje hafi verið varið.
4. Rannsaka þarf sem ýtarlegast öll viðskifti Guðmundar Þorkelssonar við h/f. Þór og afskifti hans af fjelaginu, þar á meðal hve mikinn hagnað hann hafi haft af vörusölu sinni til fjelagsins, hver störf hann hafi int af hendi fyrir fjelagið, hverjar þær vörur hafi verið, er hann keypti af því og hvaða vörur hann hafi látið í skiftum, hvar, hvenær og hverjum hann hafi afhent þá 3 kassa með vörum, er hann geymdi í bili fyrir hlutafjelagið,

og loks alt er lýtur að sölu hans á hlutabrjefunum í Titan og Eimskipafjelagi Suðurlands.

5. Útvega ber, ef þess er kostur, sölureikning yfir vörur þær, er h/f. Þór fjekk frá Köbenhavns Konfektionsfabrik svo og sölureikning eða nánari upplýsingar um vörur þær, er ákærði seldi h/f. Þór.
6. Einnig á að fá upplýst fyrir rjetti hvort vörur h/f. Þór hafi verið vátrygðar meðan þær voru geymdar á Laugaveg 42, og ef svo var, þá hve hátt og um hvaða tíma.
7. Ennfremur ber að útvega eftirrit af farmskrám og farmskírteinum, er sýni þunga sjerhverrar þeirrar vörusendingar, er h/f. Þór hefir fengið frá útlöndum og skýrslu frá innlendum seljendum yfir þunga þeirrar vöru, er hver þeirra hefir selt. Ennfremur ber, ef þess er kostur, að fá álit sjerfróðra manna, staðfest fyrir rjetti, um það, hvað hæfilegt sje að áætla þunga þeirra vara, er ákærði telur sig hafa sent austur á Stokkseyri. Og í sambandi við þetta, ber á ný að yfirheyra bílstjóra þá, er fluttu vörurnar fyrir ákærða austá Stokkseyri um tölu og þyngd kassanna og láta þá staðfesta framburð sinn með eiði.
8. Þá ber og að fá það upplýst hvernig á því stendur, að í sölureikningi h/f. Þór til ákærða er verðið á vörunum frá A. Rosenberg & Co. talið hærra en vænta mátti eftir sölureikningi þess firma.
9. Rannsaka ber ýtarlegar en gert hefir verið hver sje valdur að því að kveikt var aðfaranótt 27. des. 1926 í skúrnum við hús það, sem ákærði var gæslufangi í, og sjerstaklega hvort ákærði hafi þá nótt farið út úr húsinu.

10. Loks ber í rjetti að yfirheyra hjeraðsdómarann, skrifara hans við rjettarhöldin í málinu, hjeraðslæknirinn á Eyrarbakka, hreppstjóra Stokkseyrarhrepps og þá Sigurð Sigurðsson og Gunnar Sigurðsson, er voru rjettarvottar í rjettarhaldi 18. jan. f. á. um það hvort nokkuð sje hæft í því, er ákærði segir í ódagsettri skýrslu, er lögð hefir verið fram í hæstarjetti, um meðferð þá, er hann hafi verið látinn sæta í gæsluvarðhaldinu og í einu rjettarhaldinu.

Að öðru leyti ber og dómara þeim, er látinn verður fara með framhaldsrannsókn málsins, að útvega aðrar þær skýrslur og upplýsingar, er rannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem verða má

Miðvikudaginn 11. jan. 1928.

Nr. 21/1927. **H.f. Draupnir** (Svb. Jónsson)
gegn
Kristmanni Þorkelssyni
(Guðm. Ólafsson).

Útaf kröfu áfrýjanda um að stefndi afhendi hlutabrjef sín í h.f. Draupnir.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 30. nóv. 1926: Stefndi Kristmann Þorkelsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda Fiskiveiðahlutafjelagsins »Draupnir« í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 200 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Á árinu 1920 var stofnað í Vestmannaeyjum fiskiveiðahlutafjelagið Draupnir með 330 þúsund kr. hlutafje, en þegar á árinu 1923 vaknaði áhugi hjá ýmsum hluthöfum fjelagsins á því að selja skip það, er fjelagið átti og hjelt úti á fiskiveiðar, svo og aðrar eignir fjelagsins, og á aukafundi í fjelaginu 14. sept. 1924 var meðal annars samþykt að halda sölutilraununum áfram. Varð þetta til þess, að hluthafar í fjelaginu búsettir hjer í bænum, hjeldu fund með sjer 7. okt. s. á. Á fundinum mættu 5 hluthafar, eigendur að samtals 9 hlutum, og samþyktu þeir að taka sölutilboði hluthafanna í Vestmannaeyjum með eftirfarandi skilyrðum.

1. að yfirtaka fjelagið Draupnir með öllum skuldum og eignum fyrir utan hið upphaflega hlutafje, þó þannig að upphæð sú, er hluthafarnir í Vestmannaeyjum höfðu lagt fram eða lánað fjelaginu árið áður, 55000 kr., skyldi ekki greiðast strax heldur ca. 25000 kr. í ágúst 1925 og eftirstöðvarnar síðar eftir samkomulagi, auk vaxta.

2. að Vestmannaeyja-hluthafar og aðrir, sem ekki verða með í hinu nyja hlutafjelagi gjöri engar frekari kröfur til að eiga í fjelaginu.

3. að hið nýja fjelag losi alla eldri hluthafa, sem úr fjelaginu ganga, úr persónulegri ábyrgð á láni, er fjelagið hafði fengið hjá skotskum banka, að upphæð upphaflega £ 9000-0-0.

Þetta tilboð var svo borið upp á fundi hluthafanna í Vestmannaeyjum 12. s. m. Á fundi þessum, þar sem mættir voru hluthafar fyrir 47 hluti, kom fram breytingar- eða viðaukatillaga við tilboð Reykjavíkur-hluthafanna á þá leið, að helmingurinn af umræddum 55000 kr., 27500 kr., greiðist 1. ág. 1925, og

siðari helmingurinn 1. ág. 1926, og að hið nýja fjelag taki á sig sjálfskuldarábyrgð eða setji fullnægjandi veð fyrir umræddum 55000 kr. ásamt útlánsbankavöxtum og að kaupin miðist við 7. október.

Var því næst leitað eftir hverjir hluthafar vildu selja hluti sína með framangreindum skilyrðum. Stefndi neitaði að vísu á fundinum að selja hluti sína nr. 52 og 53 í fjelaginu, en sama kvöldið símaði hann til allra þriggja stjórnenda fjelagsins í Vestmannaeyjum og bað þá að breyta neii sínu í já í fundargerðinni og var það gert, er fundargerðin var hreinskrifuð. Nú leið svo og beið þar til í ágústbyrjun 1925; þá vildi stjórn hlutafjelagsins greiða stefnda þann hluta af nefndum 55000 kr., er á hluti hans kom, 1100 kr. á hvort hlutabrjef, auk 139 kr. 34 a. vaxta á hvort þeirra, gegn því að hann afhenti hlutabrjefin, en þessu neitaði stefndi. Höfðaði þá stjórn h.f. Draupnir mál þetta á hendur stefnda, til þess að fá hann dæmdan til að afhenda nefnd hlutabrjef gegn greiðslu á framannefndum upphæðum.

Stefndi hefir krafist sýknu fyrst og fremst af því, að hlutafjelagið Draupnir sje ekki rjettur aðili þessa máls, heldur hinir 5 hluthafar, er tilboðið gerðu á Reykjavíkurfundinum 7. okt. Á þetta verður eigi fallist, af því að ráða má af fundargerðinni 12. okt., að hluthafarnir í Vestmannaeyjum, og þá einnig stefndi, hafi í raun og veru ekki talið tilboðsgefendurna eina, heldur hið tilvonandi nýja fjelag sem hinn eiginlega viðsemjanda, og auk þess hafa þessir 5 hluthafar í brjefi dags. 21. apríl 1926, lýst því yfir að h.f. Draupnir væri rjettur eigandi að rjettindum þeirra til kaupa á hlutabrjefunum.

Þá hefir stefndi krafist sýknu af þeirri ástæðu, að á fundinum 12. okt. hafi verið sett ný skilyrði fyrir

sölu hlutabrjefanna, og hafi það verið forsenda fyrir samþykki sínu að Reykjavíkurhluthafarnir eða hið nýja hlutafjelag samþykti þessi nýju skilyrði innan hæfilegs tíma, en þar sem hann hafi enga tilkynningu fengið um þetta fyr en í ágúst 1925, hafi hann álitið tilboðið fyrir löngu fallið burtu og sig leystan frá tilboði sínu.

Eftir almennum viðskiftareglum hafði stefndi rjett til þess að fá innan hæfilegs tíma vitneskju um það hvort hluthafarnir í Reykjavík eða hið nýja fjelag vildi samþykkja sölutilboðið eins og frá því var gengið á fundinum í Vestmannaeyjum 12. okt. 1924, og með því að áfrýjandi hefir eigi gegn eindregnum mótmælum stefnda, fært sönnur á, að hann hafi fengið slíka vitneskju fyr en í ágúst árið eftir og það auk þess er ekki upplýst í málinu á hvers ábyrgð, hinna upphaflegu hluthafa eða hinna nýju, útgerð fjelagsins hefir verið rekin frá því um haustið 1924 þar til í ágúst 1925, verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í hjeraði eiga að falla niður en málskostnaður í hæstarjetti verður áfrýjandi að greiða stefnda og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Kristmann Þorkelsson á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda h.f. Draupnir í máli þessu. Málskostnaður í hjeraði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda með 250 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli aðila um það hvort stefndi útvegsbóndi Kristmann Þorkelsson í Steinholti hjer sje skyldur að afhenda stefnanda Fiskiveiðafjelaginu Draupnir í Reykjavík hlutabrjef hans nr. 52 og 53 í nefndu hlutafjelagi. Heldur stefnandi því fram að hafa rjett til þess að fá brjefin og hefir stefnt stefnda til þess að fá hann skyldaðan með dómi til þess að afhenda sjer þessi hlutabrjef gegn því að fá 1100 krónur greiddar fyrir hvort hlutabrjef auk vaxta kr. 139,34 á hvort brjef, svo og til að greiða sjer (stefnanda) málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Þessum kröfum hefir stefndi mótmælt, krafist algerðar sýknunar og að fá tildæmdan málskostnað. Heldur hann í fyrsta lagi fram að stefnandi sje ekki rjetti aðili málsins heldur nokkrir hluthafar í Fiskiveiðafjelaginu Draupnir og í öðru lagi að hann hafi aldrei samþykt annað en að afhenda ákveðnum hluthöfum í fjelaginu hlutabrjef sín með ákveðnum skilyrðum. En þeim skilyrðum hafi ekki verið fullnnægt og skylda sín til afhendingarinnar því fallin burt.

Eins og rskj. nr. 4 ber með sjer er stofnfje Fiskiveiðahlutafjelagsins Draupnir 310,000 kr., sem skiftist í 5000 króna hluti og má auka í 330,000 kr. En samkvæmt B-deid stjórnartíðindanna er ekki annað fjelag með því nafni skrásett en það sem skrásett var árið 1920. Er þar auglýst og þess vegna vitanlegt að hlutafje fjelagsins sje 330,000 kr. og alt innborgað. Ennfremur má telja upplýst í málinu með því sem rskj. nr. 6., 7., 8., og 22 bera með sjer að sjálft hlutafjelagið sje a. m. k. orðið eigandi að hlutbrjefum sjálfs sín fyrir kr. 55000 að frádregnum kr. 20000 eða 35000 kr. að nafnverði. En í máli þessu gerir fjelagið kröfu til þess að fá eignarrjett yfir tveim (5000 kr.) hlutabrjefum til viðbótar.

Þar sem svo er ákveðið í 28. grein laga nr. 77, 27. júní 1921 að hlutafjelög *megi* ekki sjálf eiga meira en 10 % af greiddu hluthafafje sínu nema atvinnumálaráðherra leyfi og ekki sjest að það leyfi, að það hafi verið fengið og þar sem fjelagið eftir framansögðu þegar hefir fengið eignarrjett yfir meiru en þessum 10 af hundraði þá virðast kröfur hlutafjelagsins um afhending hinna tveggja hlutabrjefa stefnda vera lögum gagnstæðar og ekki vera hægt að dæma með heimild til þess að eignast sjálft enn fleiri hlutabrjef sjálfs sín enda þótt mótmælí bygð á þessu hafi ekki komið fram. Verður því

þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í þessu máli. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefnandi greiði stefnda kostnað málsins er þykir hæfilega metinn 200 krónur.

Mánudaginn 16. jan. 1928.

Nr. 60/1927. **Rjettvísin og valdstjórnin**
(St. Jóh. Stefánsson)
gegn
Ólafi Halldórssyni (Guðm. Ólafsson).

Ákæra fyrir brot á 17. kap. hgl. og bifreiðalögunum.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 22. júní 1927:
Ákærður Ólafur Halldórsson, skal vera sýkn af ákæru rjettvísinnar og kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.
Kostnaður sakarinnar greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður aukarjettardómsins ber að staðfesta dóminn, þó með þeirri athugasemd, að lögreglurjettarprófin hefðu mátt vera ýtarlegri.

Kostnaður af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjunarkostnaður, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálfutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Ólafi Halldórssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Hverfisgötu 90, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919 og laga nr. 56 frá 15. júní um notkun bifreiða.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Hinn 23. f. m. kl. 7½ ók ákærður fólksflutningsbifreiðinni G.K. 21 frá bifreiðarstöð Steindórs hjer í bænum. Það var ætlun ákærðs að fara heim á Hverfisgötu 90 til kvöldverðar og ók hann Bankastræti og upp Laugaveg, en hann átti einnig erindi í húsið nr. 34 við Laugaveg og ætlaði að koma þar við í leiðinni. Þegar ákæður kom austur undir Vatnsstíginn tók hann eftir því, að tvær bifreiðar stóðu á norðurkanti götunnar innan við Vatnsstíg. Önnur bifreiðin stóð utan við verslunarbúð Jóns Bjarnasonar, Laugaveg 33, en hin lítið austar, og var það ætlun ákærðs að aka austur fyrir þessar bifreiðar og nema þar staðar. Eystri bifreiðin sneri til vesturs og um leið og bifreið ákærða rendi fram hjá henni hljóp telpukrakki, sem ákærður hafði ekki sjeð áður, út á götuna frá norðurgangstjettinni fyrir aftan bifreiðina, er stóð á götunni og lenti samstundis á vinstra framhjóli bifreiðar ákærðs. Hann bremsaði tafarlaust og þegar bifreiðin stansaði og ákærður steig út úr henni, lá litla telpan meðvitundarlaus og blóðug á höfðinu á að giska bifreiðarlengd fyrir aftan bifreiðina. Ákærður ók þegar með telpuna til hjeraðslæknisins, sem skoðaði hana og feldi strax þann úrskurð, að hún væri örend. Í vottorði, sem hjeraðslæknirinn hefir gefið og lagt hefir verið fram í rjettinum, segir: »Barnið dó strax við slysið og dauðaorsök margfalt hauskúpubrot og heilinn allur marinn«. Hvort áverkarnir stöfuðu af árekstrinum á bifreiðina eða af því, að vinstri hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir höfuð barnsins, er ekki upplýst. Það er upplýst að ákærður gaf hljóðmerki er hann ók fyrir Vatnsstiginn rjett áður en slysið varð. Með hve miklum hraða hann hefir ekið, er ekki upplýst; vitnin hafa ekki treyst sjer til að segja það með vissu. Þeim ber þó saman um, að hann hafi ekki ekið hart, og sjálfur telur

hann í rjettarprófinu að hraðinn muni hafa verið 14—18 kilometrar á klukkustund eða þar um.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki sjeð að ákærður hafi brotið gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nje lögreglusamþyktarinnar, eða að hann hafi yfirleitt sýnt nokkra þá óvarkárni, að honum verði gefin sök á slysinu. Það ber því að áliti rjettarins, að sýkna ákærðan af ákæru rjettvísinnar og kæru valdstjórnarinnar í þessu máli, en málskostnaður greiðist að almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 16. jan. 1928.

Nr. 20/1927. **H.f. Draupnir** (Svb. Jónsson)
gegn
Ólafi Auðunssyni (Guðm. Ólafsson).

Dómur hæstarjettar.

Aðiljar, sem báðir hafa mætt fyrir rjettinum, hafa komið sjer saman um að hefja málið, en umboðsmaður stefnda hefir jafnframt krafist málskostnaðar eða ómaksbóta fyrir óþarft mót.

Samkvæmt þessu verður að hefja málið og verður þá um leið eftir kröfu stefnda að dæma honum ómaksbætur, er ákveðast 50 kr.

Því dæmist rjett vera:

Málið er hafið. Áfrýjandi h.f. Draupnir greiði stefnda Ólafi Auðunssyni 50 kr. ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. jan. 1928.

Nr. 56/1927. **H.f. Kveldúlfur** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Stefáni Th. Jónssyni (M. Guðmundsson).

Um rifting saltfiskskaupa.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðar 4. mai 1927: Stefndur Stefán Th. Jónsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Baldvinssonar f. h. H/f. »Kveldúlfur«.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir fyrir hæstarjetti gert hinar sömu kröfur sem í undirrjetti með þeirri einu breytingu, að hann hefir fært aðalkröfu sína niður um 20 kr.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi var það áskilið af hálfu áfrýjanda í kaupsamningnum um þau 139 skpd. af saltfiski, er ræðir um í máli þessu, að fiskurinn mætti ekki vera þurkaður lengur í húsi en 8 klukkustundir og við vægan hita, en skyldi að öðru leyti vera sólþurkaður. Það er ennfremur upplýst og viðurkent, að fiskur sá er stefndi afhenti var þurkaður lengur í húsi en áskilið var í samningnum. Þetta voru samningsrof af hálfu stefnda og þar sem það eftir því sem upplýst er í málinu verður að teljast verulegur galli á fiskinum að hann var þurkaður í húsi lengur en samningurinn ákvað, var áfrýjanda samkvæmt 43, gr. laga nr. 39, 19. júní 1922 heimilt að rifta samningnum fyrir þessa sök og misti áfrýjandi ekki þenna rjett þótt hann ljeti taka við fiskinum í skipið í trausti fullyrðingar stefnda um að hann mundi útvega vottorð matsmanna um það, að fiskurinn væri samningshæfur. — Stefndi byggir ennfremur sýknukröfu sína á því, að það hafi orðið að sam-

komulagi milli sín og umboðsmanns áfrýjanda, eftir að fiskurinn var afhentur og kominn um borð í skipið á Seyðisfirði, að kaupin skyldu þá ganga til baka gegn því að stefndi endurgreiddi áfrýjanda kaupverðið. En stefndi hefir ekki gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að þetta hafi orðið að samningum. Þvert á móti þykir það nægilega upplýst með símskeytum þessu viðvíkjandi, er lögð hafa verið fram í málinu, að nokkru leyti af nýju í hæstarjetti, að stefndi hafi neitað að ganga að því skilyrði, er áfrýjandi setti fyrir endurafhendingu fiskjarins, sem sje að stefndi skyldi greiða aukafarmgjald, er áfrýjanda samkvæmt farmsamningnum var skylt að greiða fyrir það að fiskurinn var fluttur í skipið og hafna á milli. Áfrýjanda var því heimilt að flytja fiskinn til Reykjavíkur svo sem hann gerði og rifta kaupunum þar eftir að það var upplýst með skoðunargjörð dómkvaddra manna, að fiskurinn var að mun lakari vara en áskilið var.

Samkvæmt framansögðu verður eftir kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að endurgreiða kaupverð fiskjarins, sem viðurkent er að hafi verið 24927 kr. Ennfremur hefir áfrýjandi krafist skaðabóta fyrir samningsrofin að upphæð upphaflega 4713 kr. 46 a., er hann hjer fyrir rjetti hefir fært niður í kr. 4693,46. Hefir stefndi mótmælt hjer fyrir rjettinum skaðabótaupphæðinni sem of hárri. En þar sem áfrýjandi hefir gert skaðabótakröfuna fyrir undirrjetti og gert þar sundurliðaða grein fyrir henni án þess nokkur mótmæli gegn henni kæmu þar fram, verður samkvæmt kröfu áfrýjanda, að líta svo á að mótmæli stefnda hjer fyrir rjettinum sjeu of seint framkomin og verða þau því þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Það ber því einnig að fallast á skaðabótakröfu áfrýjanda og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda sam-

tals 29620 kr. 46 a. með vöxtum svo sem krafist hefir verið þ. e. 6 % af kr. 24927 frá greiðsludegi kaupverðsins 7. des. 1925 og 6 % af kr. 4693,40 frá sáttakærudegi 12. júní 1926.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undirrjetti og hæstarjetti og ákveðst hann samtals fyrir báðum rjettum 800 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Stefán Th. Jónsson greiði á frýjanda h/f. Kveldúlfi kr. 29620,46 með 6 % vöxtum af kr. 24927,00 frá 7. des. 1925 og 6 % vöxtum af kr. 4693,46 frá 12. júní 1926. Svo greiði og stefndi áfrýjanda málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir aukarjetti Seyðisfjarðarkaupstaðar með stefnu útgefinni 26. júní 1926 af Sig. Baldvinssyni f. h. h/f. »Kveldúlfur« gegn Stefáni Th. Jónssyni.

Málavextir eru þessi:

Í október 1925 keypti stefnandi af stefndum alt að 500 skpd. af sólþurkuðum stórfiski og áskildi stefndi sjer rjett til að bregða nokkrum skippundum í þurkhús, ef með þyrfti, nokkurn tíma til síðustu skerpu, án þess að það yrði sjáanlegt á fiskinum. Þessu svarar stefnandi með símskeyti $^{11}/_{10}$ þannig: ». . . . samþykkjum alt að fjórða parti fiskjarins sje brugðið upp alt að átta tímum við vægan hita . . . .« Staðfesti stefndi svo sölu á fiskinum samdægurs með símskeyti, án þess að minnast frekar á þetta atriði. Af hinum selda fiski afgreiddi stefndi fyrst 300 skpd. og er enginn ágreiningur um þau í

þessu máli, en með símskeyti 16/4 tilkynnir hann stefnanda, að hann hefði tilbúin 61 skpd. af sólþurkuðum fiski og 139 skpd. af sól- og húsþurkuðum fiski, og sendi um sama leyti matsvottorð. 27/11 símar stefnandi, að 15 skpd. meira sje þurkað í húsi en heimilt hafði verið eftir samningi, og að matsvottorðið beri ekki með sjer, hve lengi fiskurinn hafi verið þurkaður í húsi. Þessu svaraði stefndi 30/11 á þá leið, að húsþurkaði fiskurinn sje beinlínis fallegri en sá, er þurkaður var við vind úti.

Með símskeyti 18/12 tilkyndir svo stefnandi stefndum að fiskurinn fari með skipinu »Ringfond« og Konráð Stefánsson komi fram fyrir sína hönd og með símskeyti daginn eftir biður hann stefnda að gefa Konráði aðgang að skeytum þeirra viðvíkjandi fiskinum.

Með símskeyti 21/12 tilkynnir stefnandi stefnda, að fiskurinn, sem honum var leyft að þurka í húsi alt að átta tíma sje alt að því hálfþurkaður í húsi, telji hann þetta samningsrof og áskilji sjer rjett til að krefjast bóta fyrir alt tjón, er af þessu leiði. Með símskeyti 28/12 lætur stefnandi stefnda vita, að hann muni greiða andvirði áður umgetinna 300 skpd., og leggja um leið löghald á það til tryggingar skaðabótunum, nema stefndi geri sjer skaðabótatilboð, sem hann sjái sjer fært að ganga að. Þessu svarar stefndi með símskeyti 29/12, kveðst ekki hafa rofið samninginn og hafa skilið 8 tíma ákvæðið sem bendingu um, hve lengi fiskurinn mætti hanga í einu í þurkhúsi, enda hafi stefnandi fengið matsvottorð, greitt fiskverðið og veitt honum móttöku í »Ringfond« athugasemdalaust, og biður hann loks að síma, hve háa skaðabótakröfu hann geri, vegna galla þeirra, er hann telji vera á fiskinum. Þessu skeyti svarar stefnandi 30/12 á þá leið, að hann óttist minst 30 króna afslátt á skpd. og muni líklega sættast á þeim grundvelli, ef stefndi geri boð strax. Með símskeyti 31/12 tilkynnir stefndur, að hann viðurkenni ekki samningsrof en skuli til samkomulags slá 10 kr. af skpd. en að öðrum kosti krefjist hann að fá fiskinn aftur, og megi stefandi draga andvirðið frá þeirri upphæð, er hann skuldi sjer.

Þessu svaraði stefnandi með símskeyti samdægurs svohljóðandi: »því miður líklega ómögulegt losa húsþurra fisk yðar þareð víst mikið af öðrum fiski komið ofan á mundi verða yður of kostnaðarsamt borga tafir skipsins og allan kostnað þar að lútandi annars væri oss ljúfast að þjer tækjuð

fitkinn stop 10 króna tilboð yðar með öllu óaðgengilegt«. Stefndi svarar samdægurs með skeyti að eftir upplýsingum frá fiskimatsmanninum sje húsþurkaði fiskurinn sjerstakur í lestinni og ekkert ofan á honum, enda hafi Konráð sýnt sjer skeyti frá honum (stefnanda), þar sem hann hafi lagt svo fyrir, ef þyrfti að afferma fiskinn í Reykjavík og krefst, að hann afhendi fiskinn. Svar stefnanda er í símskeyti til Konráðs Stefánssonar dags. 2/1 1926 og hljóðar svo: »Látið Stefán losa fiskinn og greiða skipstjóra »frakt« annars koma með fiskinn hingað«.

»Ringfond« flutti svo fiskinn til Reykjavíkur og er þangað kom, ljet stefnandi stefnda vita með símskeyti 7/1 að fiskurinn væri svo ljótur og svo mikið þurkaður í húsi, að ekki væri hægt að senda hann til Barcelona, segir að eina úrræðið til að forðast málaferli sje að stefndi taki við fiskinum og kaupin gangi aftur, lofar að annast uppskipun hans og lána hús fyrir hann þangað tif stefndi ráðstafi honum. Að öðrum kosti verði hann (stefnandi) að láta endurmeta hann, og ef hann reynist annar og verri en samningar standi til, áskilji hann sjer óskertan rjett til að rifta kaupin og krefjast skaðabóta. Þessu skeyti svarar stefndi 8/1 kveður fiskinn vera sjer óviðkomandi, því samkomulag hafi verið komið á milli sín, stefnanda og Konráðs, að hann tæki fiskinn í land sunnudagsmorguninn 3/1 en á laugasdagskvöldið hafi hann símað Konráði, að sleppa ekki fiskinum, en koma með hann til Reykjavíkur, nema hann (stefndi) greiddi skipstjóra farmgjald. Hafi hann með þessu fyrirgert sínum ímynduðu kröfum á sig. Í símskeyti dags. s. d. endurtekur stefnandi tilboð sitt, að kaupin gangi aftur, og kveður sökina hjá stefnda, þar sem hann hafi ekki viljað greiða farmgjald til »Ringfond«. Stefnandi ljet síðan flytja fiskinn á land í Reykjavik og dómkvadda menn meta hann og segir hann í símskeyti til stefnaa 4/2 að hann haldi fast við kröfu sína um riftun á kaupunum, þar eð matsmennirnir staðfesti að allur fiskurinn sje þurkaður í húsi lengur en 8 tíma og megnið algerlega húsþurkað og flokkun hafi reynst röng. Biður hann stefnda að samþykkja riftun og og endurgreiða kaupverðið, auk kostnaðar og skaðabóta. Þessu skeyti svarar stefndi 5/2 að fresturinn sje sjer óviðkomandi.

Í málinu gerir stefnandi þær kröfur: Aðallega að stefndur verði dæmdur til að endurgreiða sjer andvirði fiskjarins

kr. 24927,00 með 6 % ársvöxtum frá 7/12 1925 til greiðsludags og kr. 4713,46 í skaðabætur fyrir samningsrof ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags; en til vara að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer afslátt á kaupverði fiskjarins og skaðabætur, samtals kr. 12383,25 ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Svo krefst hann málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur krefst sýknunar og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi rofið fisksölusamninginn með því að þurka fiskinn meira í húsi en honum hafi verið heimilt og mótmælir þeim skilningi stefnda, að samningurinn hafi heimilað honum að láta fiskinn hanga í þurkhúsi lengur en 8 tíma, ef þess aðeins væri gætt, að hann hengi ekki lengur þar í einu en 8 tíma. Verður rjetturinn að vera stefnanda sammála um að stefndum hafi verið óheimilt að þurka fiskinn lengur í húsi en 8 tíma og þar sem húsþurkunin olli því, að fiskurinn reyndist ekki eins góður og áskilið var og um kaupmanna viðskifti var að ræða, verður að fallast á, að stefnandi hafi haft rjett til að rifta samninginn.

Stefndur heldur því fram, að þó stefnandi hafi haft rjett til að rifta samninginn, þá hafi hann fyrirgert honum með því að greiða andvirði fiskjarins og taka við honum athugasemdalaust.

Stefnandi mótmælir þessu og heldur því fram, að umboðsmaður sinn Konráð Stefánsson, hafi ætlað að stöðva fermingu fiskjarins af því að honum hafi þótt hann ljótur, en þá hafi stefndur sagst geta fengið vottorð yfirfiskimatsmanns um, að fiskurinn væri samningshæfur, og hafi þá verið haldið áfram fermingunni í þeirri trú, að vottorðið fengist. En er það brást hafi stefnandi strax áskilið sjer rjett til að rifta og krefjast skaðabóta. Er þessu ekki mótmælt af stefnda, sbr. og símskeyti stefnanda 21/12 og verða því ekki þessi mótmæli stefnds tekin til greina.

Þá heldur stefndi því fram, að laugardaginn 2/1 hafi verið orðið að samkomulagi með sjer, stefnanda og umboðsmanni hans, að hann tæki fiskinn í land sunndagsmorguninn 3/1 en á laugardagskvöldið hafi komið símskeyti frá stefnanda til Konráðs Stefánssonar, sem hafi gert það að skilyrði fyrir afhendingu fiskjarins, að hann greiddi skipstjóra farm-

gjald. Hafi ekki verið heimilt að rjúfa þetta samkomulag þannig, og sje hann því laus allra mála og fiskurinn sjer óviðkomandi upp frá því, enda hafi skipstjóri lýst yfir því, að hann ætti ekki heimtingu á farmgjaldi og krafðist þess ekki.

Stefnandi hefir mótmælt því, að samkomulag hafi orðið um þetta og sömuleiðis því, að skipstjóri hafi lýst yfir því, að hann krefðist ekki farmgjalds. Hefir stefndur ekki fært sönnur á þessa yfirlýsingu skipstjórans.

Eins og áður er fram tekið, fór stefndur fram á að fá fiskinn aftur ef ekki yrði gengið að afslætti þeim er hann bauð og bað stefnanda að síma skipstjóra að afhenda sjer fiskinn, og svaraði stefnandi því þannig, að sjer væri ljúfast að hann tæki fiskinn en því miður væri það líklega ómögulegt þar sem víst væri komið mikið ofan á hann í lestinni og of kostnaðarsamt yrði fyrir stefnanda að borga tafir skipsins og allan kostnað þar að lútandi. Er þetta svar stefnanda þannig orðað, að stefndur hafði rjettmæta ástæðu til að álíta, að hann væri því fyllilega samþykkur, að kaupin gengi aftur án þess að hann ætlaði sjer að gera nokkrar kröfur út af vanefndum þeim, er hann taldi vera á samningnum, enda símaði hann stefnanda strax, að fiskurinn væri sjerstakur í lestinni eins og hann hefði lagt fyrir. En á hitt atriðið, kostnaðinn, minnist hann ekkert í skeytinu, enda hafði hann ekki ástæðu til að ætla, að um annan kostnað væri að ræða en affermingarkostnað og kostnað við tafir skipsins vegna affermingarinnar, en því er ómótmælt haldið fram af stefndum, að skipið hefði ekki tafist af þeirri ástæðu. — Og þar sem stefnandi hefir lýst yfir því, að hann hafi leigt umrætt skip til fiskflutninga til Spánar fyrir ákveðna upphæð fyrir ferðina og ekki fært neinar sönnur á rjett skipstjóra til að krefjast farmgjalds af viðtakanda, verður ekki álitið, að rjett hafi verið að binda afhendingu fiskjarins til stefnda því skilyrði, að farmgjald væri greitt.

Rjetturinn verður því að líta svo á, að stefnandi hafi fallist á með áðurnefndu skeyti 2/1 að kaupin gengju aftur og með því afsalað sjer rjetti til að rifta samninginn og krefjast skaðabóta eða afsláttar á kaupverði fyrir vanefndir þær, er hann taldi vera á sölusamningnum, og hann hafi ekki sannað heimild sína nje skipstjóra til að gera farmgjaldsgreiðslu að skilyrði fyrir afhendingu fiskjarins til stefnda.

Það verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu og þykir eftir atvikum rjett, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. jan. 1928.

Nr. 95/1927. **Rjettvísin** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn
Karli Haraldi Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927: Ákærður, Karl Haraldur Jónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sektar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af rjettvísinnar hálfu.

Brot ákærða er af sjódóminum rjettilega heimfært undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði sjódómsins um málskostnað í hjeraði staðfestist. Svo verður ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Karl Haraldur Jónsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup verjanda í hjeraði, málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Karli Haraldi Jónssyni, skipstjóra, Njálsgötu 49 B hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 12. kapítula siglingalaga nr. 56/1914 og 17. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan veg er upplýst í málinu.

Sumarið 1926 var ákærður formaður á vj./b. »Fram« frá Sandgerði, G.K. 502. Bátur þessi er 14,42 smálestir brutto með 36 hestafla Alphavjel og var haldið út frá Siglufirði á reknetaveiðar.

Frá sama stað var haldið úti einnig á reknetaveiðar vj./b. »Trausta« frá Siglufirði, S.I. 20, um 6 smálestir brutto með 8 hestafla Danvjel og voru á honum þrír menn, formaðurinn Björn Friðfinnsson, vjelarmaður Ásgeir Bjarnarson og háseti Jón Albert Guðmundsson.

Laugardaginn 28. ágúst f. á. á fimta tímanum síðdegis lagði vj./b. »Trausti« út frá bryggju þeirri á Siglufirði, er hann lagði afla sinn upp á, í góðu veðri, fjallabjörtu og sljettum sjó. Hjelt hann út fjörðinn venjulega siglingaleið og var for-

maðurinn við stýrið, vjelarmaðurinn fram í hásetaklefanum en hásetinn fram á að kljúfa spýtur í eldinn. Þegar kom nokkuð út í fjörðinn, tók hásetinn á »Trausta« eftir því, að vjelarbátur kom á eftir »Trausta« með mikilli ferð og var svo sem faðmlengd milli bátanna, en bátur sá, sem kom á eftir »Trausta«, stefndi beint aftur undir hann, heldur þó á bakborða. Hásetinn kallaði til formannsins, en það skifti engum togum fyrri en hinn báturinn rendi aftan á »Trausta« bakborðsmegin rjett við stýrið og var árekstur inn svo snarpur, að »Trausti« fór á hliðina, hvolfdi og sökk rjett á eftir, en hinn báturinn rendi fram hjá honum. Fóru allir þrír mennirnir á »Trausta« í sjóinn, og druknuðu formaðurinn og vjelarmaðurinn en hásetanum, er fyrst náði í bátinn og er hann sökk, í belg, er hjelt honum uppi, var bjargað upp í bát þann, vj./b. »Fram«, sem ákærður var formaður á og rennt hafði á »Trausta«, er hann hafði snúið við og kom litlu síðar á vettvang.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi haldið út frá Siglufirði umræddan dag kl. um 4½ síðdegis og verið sjálfur við stýrið. Hafi fjöldi báta verið í kringum sig er hann kom út í fjörðinn, flestir á út leið. Kveðst hann þá ekki hafa vitað fyrri til, en hann hafi sjeð bát á hliðinni á bakborðsbóg á »Fram«, er eftir því er síðar hafi komið í ljós hafi verið »Trausti«. Kveðst hann þá hafa beygt hart á stjórnborða og rennt fram hjá bátnum, án þess að koma við hann, að minsta kosti hafi hvorki hann nje 4 af mönnum hans, er á þilfari voru og tveir er niðri voru í bátnum, orðið varir við neinn árekstur og hafa menn þessir borið það fyrir rjetti, að svo hafi ekki verið. Þegar ákærður sá, að báturinn reisti sig ekki, kveðst hann hafa sett fulla ferð á aftur á og er hann sá, að hinn báturinn var að sökkva, sneri hann sínum bát og kom á vettvang örfáum mínútum eftir að hann varð hins bátsins fyrst var. Þegar ákærður kom að, sá hann tvo menn í sjónum innan um belgina frá »Trausta«, en tókst ekki að bjarga nema öðrum þeirra, því hinn sökk í sömu svifum, og kom ekki upp aftur. Beið ákærður nokkra stund á staðnum, en hjelt svo í land með Jón Albert Guðmundsson, er hann hafði bjargað.

Eftir því, sem upplýst er í málinu, voru tveir aðrir bátar í nánd við »Trausta«, og »Fram«, og hafa formennirnir á báðum borið það fyrir rjetti, að þeir hafi sjeð »Fram« renna aftan

á »Trausta« og af hálfu »Frams« hafi verið gert alt það, sem eftir atvikum var hægt að gera til þess að bjarga mönnunum af »Trausta«.

Ákærður hefir *stöðugt* haldið því fram, að hann hafi ekki sjeð »Trausta«, eða orðið hans var fyrri en hann lá á hliðinni á bakborðsbóg »Frams« en hefir ekki neitað því, að hans bátur hafi rent aftan á »Trausta« og vaidið slysinu, enda er fyrir því framburður þriggja fullgildra vitna, að »Fram« dró »Trausta« upp og rendi aftan á hann, og að áreksturinn hafi verið svo snarpur, að «Trausti« fór á hliðina og hvolfdi.

Ákærðum finst það líklegast, að »Trausti« hafi farið út fjörðinn beint á undan »Fram« og möstur þeirra borið saman og hann því ekki sjeð »Trausta« þaðan sem hann sat við stýrið. Hann kveður stýrishúsið á »Fram« vera niður á þilfari en ekki upphækkað og að um 15 belgir hafi verið fram á á »Fram», er slysið vildi til, og er ekki óliklegt að þeir hafi hindrað útsjón frá stýrinu, sjerstaklega þar sem »Fram« var miklu stærri bátur en »Trausti« og því hærri á vatninu.

Auk ákærðs, sem var við stjórn á »Fram« er slysið vildi til, eins og frá hefir verið skýrt, voru 4 menn aðrir á þilfarinu á »Fram«, en þeir voru allir að vinna við netin, og engum þeirra hafði verið falið að hafa eftirlit með öðrum bátum eða skipum.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að ákærður hafi gert sig sekan um hirðuleysi um skyldur sínar og gáleysi við hið umrædda tækifæri, er hann hafði eigi nánara eftirlit með bátum þeim, er kringum hann voru, og valdið með því slysinu. Ber að heimfæra það brot hans, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna — fæddur 12. febrúar 1890 — eg hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það eftir tjeðum lagagreinum, hæfilega metin einfalt fangelsi í 30 daga.

Með tilliti til hreinskilinnar játningar ákærðs, undanfarandi hegðunar hans og þess, að hjer er um fyrsta afbrot hans að ræða, þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði ákærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á byrjun rannsóknar máls þessa varð *nokkur* dráttur sem stafaði af fjarveru ákærðs úr bænum. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Föstudaginn 27. jan. 1928.

Nr. 90/1927. **Rjettvísin** (M. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Guðjónssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. gr. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927: Ákærður Guðmundur Guðjónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinbern máli fyrir drýgðan glæp af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að dæma ákærða sekan um brot á 200. gr. hegningarlaganna og 261. gr. siglingalaganna. Og þykir refsing hans hæfilega metin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Guðmundi Guðjónssyni, skipstjóra, til heimilis á Efri Selbrekku hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 12. kapítula siglingalaganna nr. 56/1914 og 17. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og eru málavexlir þeir, er nú skal greina, og sannaðir eru með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Ákærður var skipstjóri á b/v. »Jóni forseta« hjeðan úr bænum, sem haldið var út á síldveiðar sumarið 1926. Lá skipið fyrir akkeri inni í Miðfirði inn úr Húnaflóa aðfaranótt fimtudagsins 9. september f. á., en ljetti akkerinu kl. 5½ um morguninn og fór að leita eftir síld út af Bálkastaðanesi. Logn var og gott veður. Kl. 7 um morguninn fengust 70 tunnur af síld og kl. 11 árdegis aftur 180 tunnur. Um það leyti, sem verið verið var að hífa inn þá síld gerði klukkustundar kafaldsjel, en er því ljetti, varð aftur heiðskírt og gott veður, en þá sást engin síld. Mörg skip sáust við síldveiðar ytra og voru menn úti á bátum frá sumum þeirra. Þar á meðal var m/sk. »Rosenhjem« frá Færeyjum. Hjelt »Jón forseti« út til skipa þeirra og sá þar talsverða síld. Kl. 5 síðdegis komst »Jón forseti« að síldartorfu, náði henni og fjekk 30 tunnur. Tók ákærður þá upp bátana og ákvað að fara með veiðina til Siglufjarðar. Meðan verið var að taka inn bátana horfði »Jón forseti« í

suður. Kveðst ákærður þá hafa sjeð »Rosenhjem« koma til bakborða og beygja aftur með »Jóni forseta« og hjer um bil 100 faðma vegalengd milli skipanna.

Þegar búið var að ná bátunum upp á »Jóni forseta« var sett full ferð áfram kl. 6,23 siðdegis, eftir því sem vjelardagbók skipsins segir, stýrinu snúið hart til bakborða. Kveðst ákærður er þá var í stýrishúsinu ásamt tveimur öðrum mönnum, þá hafa sjeð nótabátana frá »Rosenhjem« róa samhliða með miklum hraða að síldartorfu, er verið hafi fyrir framan þá og fyrir framan »Jón forseta« á stjórnborða. Hjelt ákærður þá áfram að snúa skipi sínu og ætlaði sjer fyrir utan bátana svo að þeir kæmust óhindrað að síldartorfunni, en rjett í því var kallað til hans neðan af þilfarinu að bátarnir væru hættir að róa og að hætta væri á ferðum. Fyrirskipaði kærður þá þegar eða kl. 6,28, eftir vjelardagbókinni, fulla ferð aftur á bak til þess að forðast árekstur á bátana og var þeirri fyrirskipun tafarlaust hlýtt í vjelarrúminu, en þessi fyrirskipun kom ekki að haldi því botnvörpungurinn rendi með stefnið á þann bátinn, sem nær var skipinu, og kom á hann miðjan eða svo og braut hann, en hinum bátnum hvolfdi og fóru menn þeir allir — 13 að tölu — er í bátunum voru í sjóinn. Voru þegar settir út 2 bátar frá »Jóni forseta« til að bjarga mönnunum og gekk það greiðlega, því mennirnir, sem voru að koma bátunum fyrir, voru enn við þá. Auk þess var kastað út bjarghringum og tógi. Af þeim 13 er í sjóinn fóru náðust 11 upp á »Jón forseta« og í bátana. Tveir sáust ekki og druknuðu og einn af mönnum þeim, sem náðust, var dáinn (druknaður) en tveir meiddir. Annar þeirra hafði viðbeinsbrotnað, en hinn (skipstjórinn á »Rosenhjem«) meiddist á síðu, mjöðm og höfði. Þeir 8 menn, sem björguðust ómeiddir voru fluttir yfir í »Rosenhjem« en með druknaða manninn sem náðist og tvo hina meiddu, fór »Jón forseti« að Hvammstanga, eftir að hafa beðið á staðnum, sem slysið varð á, um hálfa klukkustund og beðið b/v. »Austra« er var á vettvangi, að bjarga bátunum og veiðarfærunum frá »Rosenhjem«. Var læknis vitjað handa hinum sjúku og þeim komið á sjúkrahúsið á Hvammstanga. Eftir það fór ákærður með afla sinn til Siglufjarðar og kom þangað um miðjan föstudaginn 10. september f. á.

Ekki hafði ákærður neinn mann fram á til eftirlits og engin hljóðmerki gaf hann áður en árekstur inn varð.

Ákærður hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi ekki

stöðvað skipið, er hann sá bátana róa út frá »Rosenhjem«, af því, að hann hafi álitið sig hafa nægilegt svigrúm til þess að fara fyrir aftan þá, og staðhæft, að ef bátarnir hefðu ekki hætt að róa áfram, hefði svo verið, og verður að álíta það rjett eftir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu.

Það er ljóst af framburði skipstjórans og skipshafnarinnar af »Rosenhjem«, að á bátnum áttuðu menn sig alls ekki á því, að skip ákærða væri að snúa og hættu því að róa til þess að forðast árekstur inn.

Það virðist nú ekki hafa verið ófyrirsjáanlegt, að mennirnir á bátunum frá »Rosenhjem« áttuðu sig ekki á því, hvað b/v. »Jón forseti« var að fara og hættu að róa áfram, úr því að þeim var ekki gefin hreyfing skipsins til kynna með hljóðmerki eða þeir að varaðir á annan hátt.

Rjetturinn verður því að vera þeirrar skoðunar að ákærður hafi ekki við hið umrædda tækifæri sýnt þá aðgæslu og varúð, er honum bar, og með því hirðuleysi sínu og gáleysi orðið valdur að slysinu.

Þykir verða að heimfæra brot hans, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna — fæddur 21. júní 1891 — og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningarlagabrot undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir það eftir tjeðum lagagreinum hæfilega metin 30 daga einfalt fangelsi.

Með tilliti til hreinskilinnar játningar ákærðs, undanfarandi hegðunar hans og þess, að hjer er um fyrsta brot að ræða, þykir mega ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 39, frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði og ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hans fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 30. jan. 1928.

Nr. 94/1927. **Guðm. Kr. Guðmundsson og Guðm. Kristjánsson**
gegn
B. P. Kalman f. h. Uddeholm A/S.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðm. Kr. Guðmundsson og Guðm. Kristjánsson, sem ekki mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 10. febr. 1928.

Nr. 67/1927. **T. Frederiksen** (Svb. Jónsson)
gegn
A/s. Mandal & Oplands Privatbank
(L. Fjeldsted).

Viðvíkjandi gildi veðbrjefs og hvort skuld var stofnuð í ísl. eða norskum krónum.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 14. júlí 1927: Fjárnámið á fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Með veðbrjefi útgefnu 7. júní 1922 veðsetti h/f. Timbur- og Kolaverslunin Reykjavík stefnda húseign sína við Kalkofnsveg í Reykjavík til tryggingar skaðlausri greiðslu á 50 þúsund króna skuld, er h/f. Frederiksen & Möller í Mandal í Noregi skuldaði stefnda. Er veðsetning þessi fór fram var h/f. Timbur- og Kolaverslunin Reykjavík rekið sem útbú frá h/f. Frederik-

sen & Möller í Mandal, en á aukafundi hluthafa þess firma 29. júní 1923 var það samþykt að skilja útbúið á Íslandi frá aðalfirmanu og láta það starfa sem sjálfstætt firma og skyldu allar eignir firmans á Íslandi, fastar og lausar, þar á meðal húseignin við Kalkofnsveg í Reykjavík, verða eign Timbur- og Kolaverslunarinnar Reykjavík, en það firma aftur taka að sjer að greiða stefnda skuld h/f. Frederiksen & Möller að upphæð kr. 258198,99 og var upphæð þessi færð Timbur- og Kolaversluninni Reykjavík til skuldar í bókum stefnda. Verður að telja það upplýst að áfrýjandi hafi samþykt þetta og nokkru áður en þessu fór fram eða 6. nóv. 1922 hafði hann tilkynt til firmaskrár Reykjavíkur, að h/f. Timbur- og Kolaverslunin Reykjavík hætti frá 1. jan. 1923 en að hann frá sama tíma hjeldi verslun fjelagsins áfram með fullri persónulegri ábyrgð undir firmanafninu Timbur- og Kolaverslunin Reykjavík, T. Frederiksen.

Áfrýjandi greiddi nú ekki stefnda skuldina og var hún 1. júlí 1926 að upphæð kr. 258794,37 samkvæmt reikningi, er stefndi hefir lagt fram í málinu. Eftir að samningaumleitanir um greiðslu skuldarinnar höfðu átt sjer stað gjörði stefndi í brjefi dags. 15. september 1926 áfrýjanda það tilboð, að hann skyldi kvitta skuldina að fullu, ef áfrýjandi greiddi af henni 100,000 kr., þar af 85000 kr. um leið og tilboðið væri samþykt og 15000 kr. árin 1927 og 1928 með jafnri afborgun hvort árið. Er það upplýst að áfrýjandi gekk að tilboði þessu og upp í hinar áskildu 85000 kr. voru að hans tilhlutun á árinu 1926 greiddar þessar upphæðir: 25. okt. 35000 krónur norskar, 16. nóv. 30000 íslenskar krónur og 31. des. 14305 íslenskar krónur, en hinar tvær síðasttöldu greiðslur telur stefndi samtals jafngilda 38472,10 norskum krónum, eftir þeim

gengismun, er var á norskum og íslenskum krónum, er greiðslurnar fóru fram. Stefndi heldur því fram, að skuldin hafi átt að greiðast í norskum krónum og að þannig sjeu vangreiddar norskar kr. 11527,90 af þeim 85000 kr., er greiðast áttu um leið og samningurinn var gjörður.

Sökum þessarar vangreiðslu krafðist svo stefndi í brjefi 23. maí f. á., að fjárnám yrði gjört í húseign áfrýjanda við Kalkofnsveg samkvæmt ákvæðum skuldabrjefsins frá 7. júní 1922 til lúkningar framangreindum norskum kr. 11527,90 og þeim 15000 kr., er samkvæmt samningnum áttu að greiðast árin 1927 og 1928, eða samtals fyrir norskar kr. 26527,10. Áfrýjandi mótmælti því, að fjárnámið færi fram, en þessum mótmælum áfrýjanda var hrundið með úrskurði fógetarjettar Reykjavíkur 14. júlí f. á. og fjárnámið var síðan gjört í eigninni.

Þessum úrskurði og fjárnámi hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu 2. sept. og 23. des. f. á. og hefir áfrýjandi krafist þess, að úrskurðurinn og fjárnámið verði úr gildi felt og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti. - Stefndi hefir hins vegar krafist staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar.

Áfrýjandi heldur því fram og byggir kröfu sína á því, að í tilboði áfrýjanda í brjefi hans 15. sept. 1926 sje átt við íslenskar krónur, en ekki norskar og þar sem hann hafi á árinu 1926 greitt stefnda fullar 85000 íslenskar krónur, þá hafi hann fullnægt greiðsluskyldu sinni samkvæmt samningnum og því hafi ekki verið heimilt að krefjast fjárnáms enda veðbrjefið úr gildi fallið. En á þetta verður ekki fallist. Skuld áfrýjanda er hluti af eldri skuld, er stofnuð var í norskum banka í Noregi af þar búsettum mönnum og átti

að greiðast þar og verður því að skilja tilboð stefnda þannig, að átt sje við norskar krónur þar sem það er ekki með berum orðum tekið fram í því, að um íslenskar krónur sje að ræða. Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi ekki fullnægt greiðsluloforði sínu og fjellu þá einnig í gjalddaga þær 15000 kr., er samkvæmt samningnum áttu og greiðast á árunum 1927 og 1928. Ennfremur verður að líta svo á, að veðbrjefið 7. júní 1922 hafi haldið gildi sínu, þótt skuldin, er trygð var með veðinu, væri færð á nafn annars. En samkvæmt innihaldi veðbrjefsins átti stefndi rjett á, að fá hina veðsettu fasteign tekna fjárnámi svo sem gjört var.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð og fjárnám og verður eftir þessum úrslitum að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði og fjárnámi skal óraskað.

Áfrýjandinn Tönnes Frederiksen greiði stefnda A/s. Mandal og Oplands Privatbank 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þar sem gjörðarbeiðandi hefir lagt fram veðskuldabrjefið sem uppfyllir skilyrði 15. gr. 1., $^{16}/_{12}$ 1885 og af því verður eigi sjeð að það sje að fullu greitt, en veðskuldabrjefið eitt er nægilegur grundvöllur fyrir fjárnáminu þá verða mótmæli gjörðarþola gegn framgangi fjárnámsins eigi tekin til greina og fer fjárnámið fram á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Mánudaginn 13. febr. 1928.

Nr. 81/1927. **Eigandi Höllustaða** (B. P. Kalman)
gegn
eigendum Reykhóla (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var vísað frá hæstarjetti 30. mars 1927, af því að hjeraðsdóminum, er gekk í því að Berufirði í Barðastrandarsýslu 30. ágúst 1924, hafði verið of seint áfrýjað. En nú hefir málinu, eftir gildistöku laga nr. 40/1927, verið áfrýjað af nýju með stefnu, útgefinni 26. sept. f. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 29. ágúst s. á.

Eins og segir í ofanrituðum hæstarjettardómi var málið rekið og dæmt í aukarjetti, þó að það væri ótvírætt landamerkjamál, enda sýnd viðleitni til að fara þannig með það að öðru leyti. Þykir því ekki þurfa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio fyrir þá sök eina, að málið er talið rekið og dæmt í aukarjetti.

Áfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn 31. des. f. á. og sjer skipaðan málflutningsmann, hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, að merkjadómur Barðastrandarsýslu verði skyldaður til að taka málið upp til löglegrar dómsálagningar og að hinn stefndi eigandi eða eigendur Reykhóla verði dæmdir til að greiða sjer málskostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti. Áfrýjandi byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína á því, að dómurinn sje bygður á skjali, landamerkjaskrá Reykhóla, dags. 16. febr. 1884, sem aldrei hafi verið lagt fram í hjeraði og ekki fylgi dómsgerðunum, en þó sjerstaklega á því, að dómurinn bæti inn í landamerkjaskrána atriði, sem hvorugur aðilja

hafi orðað og hafi að öðru leyti enga stoð í skjölum málsins, sem sje ítaksrjetti handa Höllustöðum í hinu umþráttaða landi, Heyárdal, austan Heyár, sem áfrýjandi eignar Höllustöðum en gagnaðili í hjeraði eignaði Reykhólum. Kveður dómurinn svo á, að ítakið skuli »miða við dýrleika nefndra jarða eftir nýjasta mati að því er snertir slægjur í dalnum, eða í hlutfallinu 1—4, en að öðru leyti miðað við ítölu búfjár ef ágreiningur rís«.

Hefir áfrýjandi stefnt Þórey Pálsdóttur fyrir hæstarjett sem eiganda Reykhóla en Þórði Bjarnasyni sem umboðsmanni jarðarinnar og með honum, sem er gjaldþrota, skiftaráðandanum í búi hans, en ekkert hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta. Hefir málið því verið rekið skriflega.

Auk atriða þeirra, sem áfrýjandi heldur fram sem ástæðum fyrir ómerking dómsins, eru margir og miklir brestir á meðferð málsins í hjeraði. Þannig sátu meðdómsmenn ekki þriðja þinghald í málinu. Og áreið, sem virðist hafa verið nauðsynleg eða a. m. k. æskileg vegna þess að uppdrætti og landamerkjalýsingum aðilja ber ekki saman, fór engin fram.

En sjerstaklega er það mikill brestur á meðferð málsins, að sýslumaður hefir eigi að eins enga stefnu útgefið í málinu eða aðvarað aðilja á annan hátt um fyrirtekt málsins, heldur ljet hann sjer nægja, að skipa fyrirvaralaust ábúanda Reykhóla í fyrsta þinghaldinu, er enginn sótti af hendi Reykhóla og áfrýjandi einn af hálfu Höllustaða, »fyrir hönd stefnda til að gæta rjettar hans«, þ. e. eigenda Reykhóla, enda þó að þar færu fram jafn mikilvægar athafnir sem kröfuframsetning, sáttaumleitun, kvaðning dómsmanna og lögmælt ruðning úr dómi. Hafði áfrýjandi, sem samkvæmt málsskjölunum ekki er víst um að hafi átt nema $^2/_3$

Höllustaða, þó ekkert umboð til að koma fram af hendi eiganda þriðjungs jarðarinnar og samkv. veðbókarvottorði sýslumanns fyrir Reykhólum má vel vera að fleiri hafi átt nefnda jörð en stefndu hjer fyrir rjettinum, sem telja má að síðar hafi mætt undir rekstri málsins í hjeraði og þannig fyrir sitt leyti fallið frá stefnu. Er þetta, að sameiganda áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að gæta rjettar síns og að rjettargæslumanni eiganda Reykhóla var hvorki stefnt, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. landamerkjalaganna nje honum að öðru leyti gefið ráðrúm til að bera málið undir þá, er hann skyldi koma fram fyrir, slíkur megingalli á meðferð málsins í hjeraði, að ómerkja verður ex officio alla málsmeðferðina frá upphafi og leggja fyrir merkjadóm að taka málið til löglegrar meðferðar af nýju.

Að svo vöxnu máli þykir rjett að málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. En skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, sem haldið hefir óaðfinnanlega á málstað hans, ber að greiða málflutningskaup úr ríkissjóði, og þykir það hæfilega ákveðið 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjeraði eiga að vera ómerk og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar.

Málskostnaður í hæstarjetti og hjeraði fellur niður.

Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanni Birni P. Kalman ber 100 kr. málflutningskaup úr ríkissjóði.

Föstudaginn 17. febr. 1928.

Nr. 62/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Otto Noack (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 27. mai 1927: Kærði Otto Noack á að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands, en sæta sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarlæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum »Vangerland« P. G. 306 frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er við að athuga, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að veita ber kærða mánaðarfrest með greiðslu sektarinnar.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 100 kr. til hvors.

Það er aðfinsluvert að undirdómarinn hefir eigi veitt kærða frest til sektargreiðslu svo sem fyrir er mælt í 1. gr. laga nr. 13, 8. júní 1923.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Otto Noack sæti 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd

innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt mælingum þeim, er teknar voru frá varðskipinu »Óðinn« og skýrslu skipherrans verður að telja sannað í máli þessu að kærði Otto Noack fæddur 18. júlí 1888, var um kl. 2,35—2,47 síðdegis hinn 25. þ. m. á landhelgissvæðinu nálægt Ingólfshöfða á skipi sínu togaranum »Wangerland« P. G. 306 frá Geestemünde. Að vísu var skip kærða komið 0,7 úr sjómílu út fyrir landhelgislínuna, er staður þess var ákveðinn af varðskipinu, en hinsvegar má telja ómögulegt að skip kærða hafi komist á þann stað með þeim hraða og á þeim tíma sem um getur verið að ræða, samkvæmt því sem upplýst er í málinu, nema frá landhelgissvæðinu.

Kærði hefir að vísu haldið fram að hafa farið liðuga hálfa klukkustund, sem um er að ræða (kl. 2,30—3,10) ákveðnar stefnur á ákveðnum tímalengdum, og hann eftir því ekki verið á landhelgissvæðinu þenna tíma. En þar eð það ekki getur samrýmst mælingum varðskipsins og því er telja má upplýst um hraða skipsins getur þetta ekki orðið tekið til greina.

Kærði hefir viðurkent að hafa verið að toga með botnvörpu á þeim tíma, er skip hans samkvæmt þessu verður að álítast hafa verið á landhelgissvæðinu og hefir því gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Með tilliti til þess að hjer er að ræða um fyrsta brot ákærða gegn þessum lögum og með hliðsjón af að dagsgengi krónunar er 81,65 úr gullkrónu þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð 12500 krónur, er greiðist strax og rennur í Landhelgis-

sjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem er orðinn og verður.

Mánudaginn 20. febr. 1928.

Nr. 76/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Fr. Mensing (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 3. sept. 1927: Kærður, Friederich Mensing, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðafæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru í botnvörpungnum B. X. 161 »Durckwitz«, sje upptækt og renni virði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að upplýst er að misritast hefir í skýrslu varðskipsforingjans til hjeraðsdómarans um 1. hornmælingu varðskipsins til skips kærða: »v. K. Portland 18°,5« í stað: v. K. Reynisfjall 18°,5 og að því viðbættu, að skip kærða, sem hafði botnvörpu í eftirdragi og ætla má að hafi gengið $2^1/_2$—3 sjóm. á kl.stund, sást frá varðskipinu á siglingu út frá landi frá því kl. 7,47 að morgni og þangað til það var stöðvað a. m. k. rúmum stundarfjórðungi síðar á stað, sem ekki hefir verið vjefengdur og liggur 0,4 sjóm.

utan landhelgi, þykir enginn vafi geta leikið á því, að skip kærða hafi verið að veiðum innan landhelgi.

Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn þó þannig að greiðslufrestur á sektinni teljist frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fr. Mensing, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friederich Mensing, skipstjóra á þýska botnvörpungnum B. X. 161 »Duckwitz« fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi Íslands og eru málvextir þeir, sem nú skal greina.

Hinn 2. september kl. 0,7,54 var varðskipið Fylla við strandgæslu fyrir suðurlandi og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

vinstri hlið Portlands
$> 20°$
Varðan á Höttu
$> 49°,3$
Hægri hlið Hjörleifshöfða

og sást þá til botnvörpungs í eftirfarandi stefnu:

botnvörpungurinn
> 18°,5
vinstri hlið Portlands

Botnvörpungurinn hafði stefnu frá landi og var sýnilega að veiðum og hafði þegar staðarákvörðunin var gerð sjest á útleið í ca. 7 mínútur.

Kl. 0,758 var tekin þessi staðarákvörðun:

vinstri hlið Portlands
> 22°
Varðan á Höttu
> 52°,7
Varðan á Hjörleifshöfða

Hornið til botnvörpungsins var þá:

botnvörpungurinn
> 16°
vinstri hlið Portlands

Þegar fyrsta athugunin var gerð var gefið stöðvunarmerki og kl. 0,758 og 0,800 var skotið lausum stöðvunarskotum.

Kl. 0,804 var varðskipið á eftirfarandi stað:

vinstri hlið Portlands
> 25°
Varðan á Höttu
> 65°
Varðan á Hjörleifshöfða

Hornið til botnvörpungsins var þá:

botnvörpungurinn
> 22°
vinstri hlið Portlands

Kl. 0,824 var varðskipið við botnvörpunginn og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

vinstri hlið Portlands
> 37°,8
Varðan á Höttu
> 63°,7
Varðan á Hjörleifshöfða

Þá kom í ljós að þetta var botnvörpungurinn B. X. 181 »Duckwitz«, sem kærður er skipstjóri á og hafði bakborðsvörpu úti.

Staður sá, er botnvörpungurinn var tekinn á liggur 0,4

sjómílu utan landhelgi, en þar sem hann hafði allan tímann meðan athuganirnar fóru fram haft stefnu frá landi og samkvæmt miðunum verið minst 0,6 úr sjómílu innan landhelgi, var hann tekinn og farið með hann hingað til Reykjavíkur.

Kærður hefir neitað því, að hafa verið að veiðum innan landhelgi. Hann tók enga staðarmælingu, er hann var tekinn fastur en hefir skýrt frá því að hann hafi ca. 35 mínútum áður tekið eftirfarandi staðarathugun.

Portland í misvísandi N.N. W. ½ W. og
(hægri hlið) Höfðabrekku í N.A.

Kurs sá, er hann kveðst hafa stýrt var í S. ¾ A. í ca. 10 mínútur og síðan beygt til S.W. til W. og haldið þeirri stefnu.

Hann hefir haldið sjer fast við þessar miðanir sínar sem eftir hans korti gefi staði fyrir utan landhelgi og mun utar en mælingar og athuganir varðskipsins benda til.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að staðarathuganir kærðs geti ekki verið eins nákvæmar og athuganir varðskipsins og geti því ekki hnekt þeim, þar sem mælingar varðskipsins eru framkvæmdar af 3 yfirmönnum þess samtímis, sem hafa yfir fullkomnustu mælingartækjum að ráða, og sjerstaklega vill rjetturinn taka það fram að hann telur síðustu mælinguna, þar sem staður sá, er trollarinn var tekinn á, er mældur upp ugglausa, en þegar því er slegið föstu, kemur framburður kærðs um stefnur þær, er hann hafi stýrt og tímann, sem hver stefna var stýrð, heim við aðrar athuganir varðskipsins og staðfesta þær þannig óbeint.

Rjetturinn verður því að telja sannað að kærður hafi verið að fiskiveiðum í landhelgi á umræddum slóðum.

Brot kærðs, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot, ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920. Refsing sú er hann hefir til unnið þykir eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4. frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess að gengi íslenskrar krónu er nú 81,74 gullaurar og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef bún er eigi greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 24. febr. 1928.

Nr. 80/1927. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Fritz Rieschmüller (Svb. Jónsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 22. ág. 1917: Kærður, Fritz Rieschmüller, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem er um borð í botnvörpungnum Westbank P. G. 272 sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi sá varðskipið Fylla skip kærða austur af Ingólfshöfða kl. 1,05 f. h. þ. 19. ágúst f. á. og mældi þá þegar með kompásmiðunum og fjarlægðarmæli, að kærði var þá 0,8 sjómílu innan landhelginnar. Eftir þetta athugaði varðskipið, að skip kærða sigldi óslitinn stundarfjórðung sömu stefnu út frá landi og er varðskipið að liðnum þeim stundarfjórðungi kom að skipi kærða með botnvörpu úti, þá mældist það með nýjum kompásmiðunum varðskipsins að vera á landhelgislínunni, og kemur þetta heim við fyrri mælinguna eftir þeim hraða, sem ætla má, að skip kærða

hafi farið með. Skyrslu skipherrans á Fyllu um þetta hefir ekki verið hnekt, hvorki með miðunum þeim, sem kærði hefir borið fyrir sig í lögreglurjettinum nje með gögnum þeim, er útveguð hafa verið eftir að lögreglurjettardómurinn var kveðinn upp og lögð hafa verið fram í hæstarjetti. Er því fyrir hendi í málinu næg sönnun þess, að kærði hafi á fyrgreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gjörst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Og með því fallist verður á ákvæði lögreglurjettardómsins um refsingu, upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað, ber að staðfesta dóminn

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. — Kærði Fritz Rieschmüller greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum Fritz Riesschmüller, skipstjóra á þýska botnvörpungnum Westbank P. G. 278, til heimilis í Nordenfeldtstrasse 21, Geestemünde, fyrir brot á lögum nr. 5, frá 1920 um bann gegn veiðum með botnvörpu í landhelgi og eru málavaxtir þeir, sem nú skal greina.

Kl. 01,05 hinn 19. þ. m. var varðskipið Fylla við strandgæslu nálægt Ingólfshöfða og tók eftirfarandi staðarákvörðun:

Vitinn á Ingólfhöfða í rjettvísandi 270°
Knappavellir . . . . . í —— 343°
Rákartindur . . . . . í —— 9°

og sá þá botnvörpung í rjettvísandi miðun 216° með stefnu frá landi. Hafði botnvörpungurinn nokkra stund stefnt til lands og var að snúa út frá landi er miðun þessi var tekin. Fjarlægðin frá varðskipinu til botnvörpungsins var 2400 metrar og hefir hann því verið á stað, sem er 0,8 sjómílur innan landhelgi.

Varðskipið fór nú í áttina til botnvörpungsins og kl. 0,120 var varskipið við hann og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti í rjettvísandi 288,5°
Knappavellir . . í —— 344,5°
Rákartindur . . í —— 7,5°

og er sá staður í landhelgislínunni.

Var ljósi kastað á botnvörpunginn og sást þá að hann hafði stjórnborðsvörpu í sjó. Var honum gefið stöðvunarmerki og síðan skotið lausu skoti og stansaði hann þá.

Fór varðskipið með hann hingað til Reykjavíkur.

Skýrsla kærðs gengur í þá átt, að hann hafi verið að fiska á umræddum slóðum, eingöngu utan landhelgi,

Hann kveðst hafa tekið staðarathuganir kl. 3,00 (þýskur tími) og miðað Öræfajökul í N. til A. og Ingólfshöfðavita í N. W. er eftir sjókorti gefi stað utan landhelgi. Ekki hafði hann þó sett þann stað út í kort sitt svo sjáanlegt væri er hann var yfirheyrður af foringjum varðskipsins og rjettinum sýndi hann annað kort, er staður þessi var settur út í af honum síðar.

Kærður heldur fast við að sínar mælingar sjeu rjettar og dregur staðarmælingar varðskipsins í efa, þótt hann haldi því ekki fram að geta mótsannað þær.

Hann kveðst hafa komið nær landi en hann hafi ætlað sjer vegna þess að hann hafi orðið að beygja til að forðast árekstur við 2 botnvörpunga, sem voru að veiðum á sömu slóðum og að verið hafi sterkur straumur í áttina til lands, svo að ef hann hafi lent inn fyrir landhelgislínuna — sem hann mótmælir — þá hafi það verið algjörlega að óvilja sínum og af orsökum, sem hann geti ekki borið ábyrgð á.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að mæl-

ingar kærðs geti ekki verið gerðar með sömu nákvæmni og mælingar þær, sem varðskipið hefir gert með miklu nákvæmari tækjum og undir mun betri skilyrðum og sem eru þannig úr garði gerðar (teknar til þriggja staða) að þær »kontrollera« sig sjálfar. Verður það því að teljast sannað, að botnvörpungurinn hafi verið að veiðum á þeim slóðum, sem varðskipið hefir gefið upp. Þá getur það ekki verið vafamál, að ef sjókortunum ekki ber saman, sem ekki er fullkomlega upplýst, enda þau af mismunandi stærð, þá verði kort varðskipsins, sem er mun stærra og nákvæmara og auk þess löggilt af danska flotamálaráðuneytinu og stjórnarráði Íslands, að leggjast til grundvallar.

Það verður að teljast sannað, að kærður hafi verið að veiðum í landhelgi og getur það eigi losað hann undan refsingu samkvæmt lögum nr. 5 frá 1920 þótt skýrsla hans um að hafa orðið að víkja fyrir öðrum skipum til að forðast ásiglingu væri rjett, því vitanlega verður hann að sjá um að halda skipi sínu svo langt frá landhelgislínunni er hann er að veiðum, að hann geti — þegar fleiri skip veiða á sömu slóðum — athafnað sig án þess að fara inn fyrir hana, hvað þá heldur 0,8 úr sjómílu eins og hjer átti sjer stað.

Kærður hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot.

Brot kærðs ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenskrar krónu er í dag eftir upplýsingum frá Landsbanka Íslands 81,74 gullaurar, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 27. febr. 1928.

Nr. 121/1927. **Íslandsbanki** (Fjeldsted)
gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Um gjaldfrelsi bankans.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 9. júní f. á.: »Hin umbeðna lögtaksgjörð á að hafa framgang«.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögtaksúrskurði og ekkert verulegt er að athuga við, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögtaksúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, stjórn Íslandsbanka, greiði stefnda, lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað í hæstarjetti með 300 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefir f. h. ríkissjóðs, krafist þess, að gert verði lögtak í eignum Íslandsbanka til tryggingar greiðslu fasteignaskatts árið 1926 af fasteignum bankans, Austurstræti 19, Pósthússtræti 7, 9 og 11. Vesturgötu 19, Öldugötu 1, Mjóstræti 6, Hliðarhúsatún 1 og lóð við Báturgötu og nemur fasteignaskatturinn af þessum eignum samtals kr. 1539,90. Auk þess hefir gjörðarbeiðandinn krafist þess, að lögtakið verði gert til tryggingar kostnaði við gjörðina.

Gjörðarþoli hefir látið mæta við lögtakið og mótmæla því að það nái fram að ganga. Þessi mótmæli byggir umboðsmaður gjörðarþola á ákvæði 12. gr. laga nr. 66 frá 10. nóv. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, en ákvæði þeirrar greinar er samhljóða 12. gr. í leyfisbrjefi bankans frá 5. nóv. 1902. Í hinni tilvitnuðu lagagrein segir: »Aldrei má iþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi eða skatti öðrum en þeim sem nefndir eru í 11. gr., meðan hann hefir heimild til seðlaútgáfu samkvæmt lögum þessum«. Með þessu ákvæði telur umboðsmaðurinn gjörðarþola vera undanþeginn því að greiða fasteignaskatt af fasteignum sínum gjald það, sem krafist er lögtaks fyrir, það ólöglega álagt og beri þess vegna að synja um framgang lögtaksins.

Umboðsmaður gjörðarbeiðanda heldur því hins vegar fram, að með ákvæðinu í hinni tilvitnuðu lagagrein hafi tilætlunin verið sú ein að fyrirbyggja að *ný* gjöld eða skattar yrðu lögð á sjálfa starfsemi Íslandsbanka, eða þessi gjöld hækkuð fram úr því sem til er tekið í 11. gr. Þar sem ákveðið gjald er lagt á bankann af starfsemi hans. Þessu til stuðnings bendir hann á, að í 14. gr. sömu laga er svo ákveðið, að »jafnvel þótt stimpilgjald verði leitt í lög á Íslandi má ekkert slíkt gjald leggja á seðla bankans, bækur hans, ávísanir nje skuldbindingar«. Þetta telur hann sýna að tilætlunin hafi verið að ákvæði 12. gr. væri takmarkað sem framhald 11. gr., en ekki tæmandi því ella hefði ákvæði 14. gr. verið óþarft. Enn hefir hann bent á, að orðalag 12. gr. bendi til hins sama.

Á þessa röksemdarleiðslu umboðsmanns gjörðarbeiðanda verður fógetarjetturinn að fallast, að viðbættu því, að það er auðsætt af lögunum frá 1905 sem heild og af fyrirsögn þeirra, sem og af þeim lögum er þessi lög námu úr gildi og komu í staðinn fyrir, að tilgangurinn með þeim hefir verið sá, að vernda bankastarfsemi sem rekin væri með þar tilteknu fyrirkomulagi. Það sem forgöngumenn bankans sóttu eftir, var að fá þá bankastarfsemi sem best lögverndaða og trygða og þetta fengu þeir með hinum tilvitnuðu lögum og leyfisbrjefinu, en annað ekki. Það var bersýnilega ekki tilætlunin, hvorki hjá forgöngumönnum bankans nje hjá lög- og einkaleyfisgjafanum, að einkaleyfislögin tæki yfir þá starfsemi bankans, sem lægi alveg utan við venjulega bankastarfsemi, um hana, ef einhver er, verður að fara eftir þeim almennu lögum, sem um slíka starfsemi gilda á hverjum tíma. Íslandsbanka sem slík-

um, hefir því alls ekki á neinn hátt verið íþyngt þótt fasteignaskattur hafi verið lagður á fasteignir, ef bankinn óskar að gerast fasteignaeigandi og leigusali, sem telja verður að liggi alveg utan við venjulega bankastarfsemi, verður hann að því leyti að hlýta sömu lögum og aðrir fasteignaeigendur.

Þessi skilningur virðist og hingað til hafa verið bankastjórnarinnar sjálfrar því hún hefir umyrðalaust hingað til greitt opinber gjöld þau, sem af fasteignum bankans hafa verið krafin.

Fógetarjetturinn verður því að álíta að gjald það sem krafist er lögtaks fyrir, sje löglega álagt og að hið umbeðna lögtak eigi að hafa framgang.

Miðvikudaginn 29. febr. 1928.

Nr. 120/1927. **Valdstjórnin** (Kalman)
gegn
Fritz von Bustel (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 22. okt. 1927: Kærður Fritz von Bustel á *strax* að greiða 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Henry P. Newman« H. C. 152 frá Cuxhaven, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með skýrslu varðskipsins »Þórs« og viðurkenningu kærða, að kærði hafi árdegis 21. okt. f. á. verið staddur innan landhelgi út af Ingólfshöfða og dregið þar vörpu sína úr sjó og kastað henni útbyrðis aftur. Með þessu hefir kærði brotið 1. gr. laga

nr. 5/1920 og má því fallast á ákvæði lögreglurjettardómsins um refsingu kærða, upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar.

En þar sem dómarinn hefir enn þrátt fyrir margendurteknar leiðrjettingar, brotið bein fyrirmæli 1. gr. laga nr. 13/1925 um frestveitingu til sektagreiðslu, þá verður að breyta dóminum að því leyti og jafnframt víta dómarann fyrir þá vangæslu.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, er ákveðast 100 kr. handa hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Fritz von Bustel, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, eða sæti 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í hjeraði skal óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Björns P. Kalman og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, Fritz von Bustel, fæddur 19. júní 1897, hefir viðurkent, eins og skýrsla skipherrrans á varðskipinu »Þór« ber með sjer, að hafa verið staddur á landhelgissvæðinu snemma morguns í gær við Ingólfshöfða á skipi sínu

togaranum »Henry P. Newman« H. C. 152 frá Cuxhaven, með veiðarfæri í sjó og að kasta þeim út þegar varðskipið kom að. Einnig er viðurkent af kærða að hafa dregið upp vörpuna nokkru áður og skipið legið kyrt (með stöðvaða vjel) frá því byrjað var á því og þangað til »Þór« kom að þeim. En á meðan rak skipið fyrir straumi og ekki með meiri hraða en 200—300 metra á klukkustund eftir áætlun 1. stýrimanns varðskipsins. Neitar kærði að með þessu sje sannað, að hann hafi verið að ólöglegum fiskiveiðum, heldur aðeins brot gegn ákvæðum laganna um umbúnað veiðarfæra þegar togari er í landhelgi. Á þetta verður þó ekki fallist heldur verður að álíta að fiskiveiðar með botnvörpu í landhelgi sjeu byrjaðar jafnskjótt sem vörpunni er kastað í sjó á landhelgissvæðinu í því skyni að fiska. En það verður ávalt að telja tilætlunina nema annað sannist og er ekki um slíkt að ræða í þessu tilfelli.

Það verður því þegar af þessu að álíta sannað í málinu að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5. 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þar sem hjer er að ræða um fyrsta brot kærða gegn þessum lögum og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er kr. 81,97 úr gullkrónu telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500, sem greiðist *nú þegar* og rennur í Landhelgissjóð Íslands. En fáist hún ekki greidd á kærði að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem er orðinn og verður.

Mánudaginn 5. mars 1928.

Nr. 97/1927. **Rjettvísin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Hannesi Jónssyni (Fjeldsted).

Undanskot eigna við gjaldþrot.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 14. okt. 1927:

Ákærður Sveinbjörn Sveinbjörnsson skal vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Ákærður Hannes Jónsson sæti eins árs betrunarhúsvinnu

og ákærðir Aðalsteinn Magnússon og Gunnlaugur Jónsson einföldu fangelsi í 30 daga hvor.

Fullnustu refsingar þeirra Gunnlaugs og Aðalsteins skal frestað og hún falla niður nema þeir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sjeu í því máli dæmdir til þyngri refsingar en sekta.

Þeir Gunnlaugur og Aðalsteinn greiði hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði þeir Hannes, Gunnlaugur og Aðalsteinn einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar, nema kostnaðinn við gæsluvarðhald kærðs Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, sem greiðist af almannafje.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað í hjeraði gegn ákærða Hannesi Jónssyni, Aðalsteini Magnússyni, Gunnlaugi Jónssyni og Sveinbirni Sveinbjörnssyni fyrir brot á 26. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, en því hefir verið skotið til hæstarjettar eingöngu að því er Hannes Jónsson snertir.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða aukarjettardómi er það sannað í máli þessu með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum, að ákærði hefir sagt skiftarjettinum rangt til um eignir sínar, er hann hinn 5. febr. f. á. framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta, og reynt til þess að draga eignir sínar undan skiftum bæði með því að gera proforma sölur um 2 verslanir, er hann átti hjer í bænum og falsa verslunarbækur sínar til að gera sölur þessar sennilegri, svo og með því nokkru áður en hann framseldi bú sitt til skifta, að koma ýmsum vörum í geymslu hingað og þangað í bænum til þess að koma þeim undan skiftum. Það er ennfremur sannað, að hann hefir afhent meðákærða Sveinbirni Sveinbjörnssyni, sem nú

er látinn, skuldabrjef að eftirstöðvum um 8000 kr. til að koma því undan skiftum, og að hann afhenti sama manni víxil, er út var gefinn proforma, að upphæð 10000 kr., til þess að draga fje úr búinu í eigin hagsmuna skyni.

Þá er það einnig sannað í málinu, að ákærði hefir nokkru áður en hann framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta fengið vörur hjá ýmsum kaupmönnum hjer í bænum, þótt honum væri það ljóst, að hann gæti ekki borgað þær og loks má telja það upplýst, að ákærði hefir rjett áður en hann framseldi bú sitt ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum með því að afhenda þeim vörur úr búinu.

Framantalin afbrot ákærða eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 262. gr., 263. gr. og 264. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin af undirdómaranum 1 árs betrunarhússvinna.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað að því er ákærða snertir ber að staðfesta.

Svo ber honum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Við meðferð málsins er það að athuga, að rannsókn þess er í ýmsum atriðum ekki nægilega ítarleg, t. d. sjest ekki í málinu að verslunarbækur ákærða hafi verið ítarlega rannsakaðar og sumir, er yfirheyra hefði átt, hafa ekki verið yfirheyrðir. En með tilliti til þess að svo langur tími er liðinn og þess, sem upplýst er um heilsufar ákærða, verður að ætla, að frekari rannsókn yrði nú árangurslaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað að því er ákærða Hannes Jónsson snertir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og vérjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmáiflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn þeim kaupmönnunum Hannesi Jónasi Jónssyni, Aðalsteini Magnússyni, Gunnlaugi Jónssyni og fyrverandi bónda Sveinbirni Sveinbjörnssyni, öllum til heimilis hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir aru þeir, er nú skal greina:

Með brjefi til skiftaráðandans í Reykjavík dags. 5. febrúar s. l. æskti ákærður Hannes Jónsson þess, að bú hans yrði tekið til gjalþrotaskifta og var sú beiðni þegar tekin til greina. Við framtal eigna búsins fjell þegar grunur á hann um það, að hann teldi ekki allar eignir fram, sem búið ætti. Í skiftarjettinum, sem haldinn var 5. febrúar, var hann ítarlega spurður um það, hvort hann ekki hefði átt verslanirnar »Merkjastein« við Vesturgötu og »Vöggur« við Laugaveg 64 og neitaði hann því þá mjög eindregið, að eiga þessar verslanir, eða yfirleitt nokkuð annað, en hann hefði talið fram til skifta. Verslunina á Laugaveg 64 kvaðst hann hafa átt til 3. janúar s. l., en þá selt hana ákærðum Gunnlaugi Jónssyni fyrir kr. 15919,22, er hann kvað Gunnlaug hafa greitt þannig:

1) hafa kvittað 3000 króna skuld, er ákærður Hannes kvaðst hafa skuldað Gunnlaugi síðan 7/12 1926.
2) Með 10,000 króna víxli er Hannes kveðst hafa framselt meðákærðum Sveinbirni Sveinbjörnssyni upp í skuld.
3) Greitt afganginn í peningum.

Verslunina »Merkjasteinn« kvaðst hann eiginlega aldrei hafa átt, heldur verið milligöngumaður við að selja hana fyrir fyrri eigendur, Sigurjóni nokkrum Sigurðssyni, kaupfjelagsstjóra á Hólmavík, fyrir kr. 2500,00.

Margir af skuldheimtumönnum ákærðs Hannesar vildu ekki una þessu, og með brjefi til lögreglustjórans í Reykjavík dags. 7. febrúar kröfðust þeir þess að málið yrði tekið til rannsóknar. Lögreglan hófst handa og yfirheyrði ákærðan Hannes, sem skýrði frá málavöxtum á líkan hátt og hann hafði áður gert. Framburður ákærðs Gunnlaugs Jónssonar var einnig í samræmi við framburð ákærðs Hannesar, kvaðst hann hafa keypt verslunina á Laugaveg 64 og borgað á þann hátt, er ákærður Hannes hafði skýrt frá. Lagði ákærður Gunnlaugur fram einskonar afsal dags. 3. jan. 1927, fyrir versluninni frá ákærðum Hannesi og jafnframt samlagsfjelagssamning einnig dags. 3. jan. 1927, sem hann hafði gert við meðákærðan Aðalstein Magnússon. Samningur þessi er í aðalatriðum þess efnis, að ákærður Aðalsteinn skyldi leggja í fyrnnefnda verslun 2000 krónur í vörum, en Gunnlaugur 8000 krónur, þeir síðan reka verslunina í fjelagi, en Aðalsteinn veita henni forstöðu gegn 300 króna kaupi á mánuði. Fyrir lögreglunni hjelt ákærður Aðalsteinn því fram, að nefndur fjelagssamningur væri alls ekki pro forma og að um samninga þeirra Gunnlaugs og Hannesar væri sjer ókunnugt. Hinn 9. febrúar var málið tekið til rannsóknar í lögreglurjetti Reykjavíkur. Þeir Gunnlaugur og Aðalsteinn voru þá samdægurs úrskurðaðir í gæsluvarðhald en látnir lausir daginn eftir. Ákærður Hannes hafði, er þetta gerðist, legið rúmfastur um 8 mánuði og var þá svo veikur, að hjeraðslæknir áleit hann ekki, færan um að þola andlega áreynslu eða geðshræringu 5—7 daga. Ákærður Hannes hefir verið veikur allan þann tíma, sem rannsókn málsins stóð yfir og gerði það rannsóknina stórum erfiðari, því ekki var unt að yfirheyra hann nema sjaldan og stutt í einu.

Hinn 10. febrúar játuðu þeir Aðalsteinn og Gunnlaugur afbrot sitt og gáfu hvor um sig skýrslu um málsatvikin og daginn eftir skýrði ákærður Hannes einnig frá málsatvikum á annan hátt en áður. Þessar skýrslur eru nokkurnveginn samhljóða og samkvæmt þeim og öðru, sem upplýst er í málinu er því þannig varið.

Skömmu fyrir áramótin 1926—1927 hringdi Hannes Jónsson til ákærða Aðalsteins og bað hann að koma heim til sín á Laugaveg 28 til viðtals. Þegar þangað kom skýrði Hannes Aðalsteini frá því, að hann væri illa stæður fjárhagslega og vildi því koma versluninni »Vöggur« á annars nafn. Sagði

hann Aðalsteini að hann ætlaði að reyna að semja þannig við skuldheimtumenn sína, að þeir kvittuðu skuldirnar gegn því, að hann greiddi þeim nokkurn hluta þeirra, en ef skuldheimtumennirnir gengju ekki að þessu, kvaðst hann búast við að verða að framselja bú sitt til gjaldþrotaskifta og vildi hann þá vera búinn að koma fyrnefndri verslun á annars nafn. Það varð svo að samkomulagi að Aðalsteinn skyldi hjálpa til þessa þann veg, að Hannes skyldi fá Gunnlaug Jónsson til að kaupa verslunina »Vöggur« »pro forma«, síðan skyldu þeir Gunnlaugur og Aðalsteinn gera með sjer fjelagssamning þess efnis, að þeir rækju verslunina »Vöggur« í fjelagi. Sem stofnfje legði Gunnlaugur til vörur fyrir 8000 krónur en Aðalsteinn fyrir 2000 krónur. Vörur þær, sem Aðalsteinn átti að leggja til, var ætlast til að hann flytti með sjer úr verslun, sem hann sjálfur átti og rak um þetta leyti. en bjóst við að leggja niður, er hann gengi í verslunina »Vöggur«. Það, sem Gunnlaugur lagði til, voru vörurnar úr »Vöggur« en það, sem til yrði af vörum fram yfir 8000 krónur, átti að setja á sjerstaka skrá, sem vörur er verslunin hefði í umboðssölu frá Gunnlaugi. Nokkru seinna kallaði Hannes Gunnlaug til sín og skýrði honum frá, að hann væri mjög illa stæður og bað hann að taka nú verslunina »Vöggur« á sitt nafn, skýrði hann Gunnlaugi frá, að Aðalsteinn mundi gera þetta ef hann yrði með og taldi Hannes þetta einfalt og áhættulaust, ekkert var þó ákveðið í þetta sinn, en Hannes skýrði Gunnlaugi frá því, hvernig hann hugsaði sjer þetta framkvæmt. Skömmu síðar hringdi Aðalsteinn til Gunnlaugs og spurði hann, hvort hann ætlaði að gera þetta fyrir Hannes, og játaði hann því. Um áramótin hætti svo Aðalsteinn sinni verslun og flutti vörurnar úr henni, fyrir hátt á annað þúsund, inn í »Vöggur«, enda mun þá hafa farið fram upptalning á vörum þar. Aðalsteinn rak svo verslunina »Vöggur« frá því laust eftir áramótin, auðvitað undir stjórn Hannesar, en Gunnlaugur ljet þetta afskiftalaust. Seinnihluta janúar tók Hannes hvað eftir annað að reka eftir því við Gunnlaug, að hann færi að gera fjelagssamninginn við Aðalstein og varð það seinast úr, að Gunnlaugur fór inn í »Vöggur« og undirritaði fyrgreindan samning, sem Aðalsteinn hafði samið, auk þess efnis í samningnum, sem áður er áminst, var þar tekið fram að tap og ágóði skyldi skiftast í hlutfalli við framlag eigendanna. Um mánaðarmótin janúar og febrúar sendi Hannes með afsalið fyrir versluninni til

Gunnlaugs og samtímis sendi hann 10 þúsund króna víxil, sem Gunnlaugur átti að samþykkja. Gunnlaugur veitti afsalinu og víxlinum móttöku, samþykti víxilinn nokkru seinna og fór með hann sjálfur til Hannnesar. Kveðst hann þá hafa verið hálf órólegur út af þessu og hafa ymprað á því við Hannes, hvort þetta væri ekki hættulegt, en hann gerði lítið úr því. Skuld Hannesar við Gunnlaug, að upphæð kr. 3000,00, færð í dagbók verslunar Hannesar hinn 7/12 1926, hafa þeir játað að hafi aldrei verið til og færslan í dagbókinni sje því fölsuð. Hinsvegar hafa þeir Hannes og Sveinbjörn Sveinbjörnsson haldið því fram, að Sveinbjörn hafi í raun og veru átt 10 þúsund hjá Hannesi og tekið fyrnefndan víxil til tryggingar greiðslu á þeirri skuld. En skuldina segja þeir þannig tilkomna, að Hannes hafi fengið 10 þús. krónur að láni af sjereign konu sinnar, Sveinbjörn hafi hvatt konuna til að lána honum þessa upphæð, og er það sýndi sig, að Hannes gat eigi greitt skuldina, kveðst Sveinbjörn hafa álitið sig ábyrgan fyrir skuldinni gagnvart konunni en jafnframt talið Hannes skulda sjer upphæðina. Vörurnar í versluninni »Vöggur« voru 9. febrúar, er versluninni var lokað, um 12 þúsund króna virði en 500 krónur voru í kassa.

Viðvíkjandi versluninni »Merkjasteinn« hefir Hannes skýrt svo frá, að er Sigurjón Sigurðsson var hjer á ferð í desember 1926, átti Hannes tal við hann og bað hann að lofa sjer að reka verslun á hans nafni ef hann gæti fengið búð. Kveður hann Sigurjón hafa leyft sjer þetta og ekki vitað annað en að hagur sinn stæði vel. Hinn 8. janúar gafst Hannesi kostur á að fá til kaups verslunina »Merkjastein« og átti hann þá símtal við Sigurjón og ljet hann gefa Þorkeli Sigurðssyni, úrsmið hjer í bænum, umboð til að skrifa undir samning um kaup á nefndri verslun fyrir sig. En Hannes bað Sigurjón að segja að hann (Sigurjón) ætti verslunina, ef hann yrði um það spurður. Svo hafði þetta einnig orðið í reyndinni, því 9. febrúar sendi dómarinn símleiðis fyrirspurn til Sigurjóns um það, hvort hann ætti nefnda verslun og svaraði hann þeirri fyrirspurn með símskeyti til dómarans samdægurs á þá leið að svo væri. Vörurnar í verslun þessari voru um 2 þúsund króna virði.

Þá er það upplýst, að ákærður Hannes hefir komið vörum í geymslu hingað og þangað hjer í bænum, til þess að skjóta þeim undan skiftum. Þetta hefir upplýsts sumpart með

því að yfirheyra afgreiðslufólkið í verslun Hannesar og þá, sem fluttu fyrir hann vörur út um bæinn, en sumpart þannig, að þeir, sem vörurnar geymdu sögðu til þeirra óspurðir, er þeir vissu að Hannes hafði framselt bú sitt til gjaldþrotaskifta.

Um mánaðarmótin janúar og febrúar, hringdi Hannes til Gunnlaugs, átti tal við hann í sima og bað hann að geyma fyrir sig 7 tunnur af saltkjöti. Þetta kjöt sendi hann síðan til Gunnlaugs, sem tók að sjer að geyma það, þá sendi Hannes Gunnlaugi óbeðið vörur fyrir kr. 359,61, seinustu dagana áður en hann varð gjaldþrota. Vörurnar kveðst Gunnlaugur ekki hafa greitt, enda hafi Hannes ekki farið fram á það, en þessar vörur hefir Hannes ekki fært Gunnlaugi til skuldar í bókum verslunarinnar og ekki talið kjötið fram sem eign þrotabúsins.

Nokkrum dögum áður en Hannes varð gjaldþrota ljet hann flytja matvörur um 2500 króna virði heim til ákærðs Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, Skólavörðustig 26 og fjekk þær geymdar þar. Til þessara vara sagði Sveinbjörn án þess að hann væri spurður um þær. Enn hafði Hannes, rjett áður en hann framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta, komið 6 tunnum af saltkjöti fyrir hjá Eggert Jónssyni, kaupmanni, Óðinsgötu 30, 3 tunnum hjá Geir Halldórssyni, kaupmanni, Laugaveg 14 og vörum um 600—700 króna virði, hjá Jóhanni Ólafssyni á Hólatorgi. Allir þessir menn sögðu til varanna þegar er þeir voru spurðir um hvort þeir hefðu þær í sinum vörslum.

Nokkrum dögum áður en ákærður Hannes varð gjaldþrota fjekk hann meðákærðum Sveinbirni Sveinbjörnssyni í hendur veðskuldabrjef, að eftirstöðvum um kr. 8000,00, og — eftir því sem þeim segist frá —, bað hann Sveinbjörn að innheimta það. Sveinbjörn var hvað eftir annað eftir að Hannes varð gjaldþrota yfirheyrður og itarlega spurður um það, hvort Hannes ætti engar eignir í hans vörslum, en hann þverneitaði því — nema hvað hann sagði til varanna sem fyr segir —. Loksins skýrði hann þó frá, að fyrgreint veðskuldabrjef, eign þrotabúsins, væri geymt hjá sjer, og hjelt hann því þá fram, að það hefði verið vegna gleymsku sinnar, að hann hefði ekki munað eftir þessu brjefi fyr. Sveinbjörn Sveinbjörnsson var í gæsluvarðhaldi frá 21. febrúar til 23. s. m.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna: Hannes Jónsson er fæddur 26. maí 1892, Aðalsteinn Magnússon 1. septem-

ber 1889, Gunnlaugur Jónsson 20. júní 1894 og Sveinbjörn Sveinbjörnsson 11. janúar 1868. Engum þeirra hefir áður verið refsað fyrir nokkurt afbrot.

Afbrot Hannesar Jónssonar ber að áliti dómarans að heimfæra undir 262., 263. og 264. gr. almennra hegningarlaga, en afbrot þeirra Aðalsteins Magnússonar og Gunnlaugs Jónssonar undir 262. gr. sbr. 48. gr. hinna sömu laga.

Hinsvegar verður það ekki talið nægilega sannað gegn eindreiginni neitun Sveinbjarnar Sveinbjarnarsonar, sem Fjármálaráðuneytið hefir sektað fyrir skattsvik þau, sem upplýst eru í þessu máli, að hann hafi ætlað sjer að hjálpa Hannesi til að skjóta veðbrjefinu undan skiftum með því að geyma það. Það kemur greinlega fram í prófum málsins, að Sveinbjörn er mjög sljór og minnislaus og því ekki beint ósennilegt að hann hafi ekki munað eftir því, að veðskuldabrjefið var hjá honum. Þótt Sveinbjörn hafi tekið við víxlinum sem greiðslu eða tryggingu eins og hann og Hannes hafa haldið fram, og ekki hefir verið hnekt, þá er sá verknaður Sveinbjarnar ekki refsiverður. Það verður því að áliti dómarans að sýkna Sveinbjörn Sveinbjarnarson af kæru rjettvisinnar í þessu máli.

Skipaður verjandi Hannesar Jónssonar hjer í rjettinum hefir ekki krafist málsvarnarlauna og verða því ekki tildæmd þau.

Refsing sú, sem Hannes Jónsson hefir tilunnið, þykir hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í eitt ár en refsing þeirra Gunnlaugs Jónssonar og Aðalsteins Magnússonar einfalt fangelsi í einn mánuð.

Með tilliti til ungs aldurs Gunnlaugs og Aðalsteins og þess, að hjer er um fyrsta afbrot að ræða, sem þeir hafa leiðst út í fyrir eindreigna áeggjan Hannesar Jónssonar, þykir mega ákveða, að refsing þeirra skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39. frá 16. nóv. 1907.

Hinir ákærðu Aðalsteinn og Gunnlaugur greiði hvor um sig kostnaðinn við sína varðhaldsvist en að öðru leyti greiði þeir Hannes, Gunnlaugur og Aðalsteinn einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar nema kostnaðinn við gæsluvarðhald Sveinbjörns Sveinbjörnssonar sem greiðast skal af almannafje.

Sakir fjarveru dómarans og þess fullrúa hans, sem aðstoðar hann í sakamálum, úr bænum í sumar og annríkis

síðan þeir komu heim, hefir dómur í máli þessu ekki orðið kveðinn upp fyrri en nú, enda barst dómaranum eigi vörn hins skipaða verjanda Hannesar fyrri en 18. ágúst.

Miðvikudaginn 7. mars 1928.

Nr. 93/1927. **Valdstjórnin** (Fjeldsted)
gegn
Kristjáni Jóhannessyni (L. Jóhannesson).

Áfengisbannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 27. apríl 1927: Kærður Kristján Jóhannesson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs og allan af málinu leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað kærðs og þeirra Magnúsar og Maris Haraldssonar, Jóns Norðskvists og Jóns Guðbjartar Þórarinssonar.

Sje hin idæmda sekt eigi greidd innnn 14 daga frá lögbirtingu dómsins komi í stað hennar 20 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi dæmist upptækt og eign ríkissjóðs.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með eigin játningu kærða og öðrum skýrslum í máli þessu, *að* kærði fór að kvöldi dags 25. nóv. f. á. um borð í útlent fiskiskip, er lá fyrir akkerum í landhelgi á Bolungarvík og hafði ekki haft samgöngur við land nje fengið heilbrigðisvottorð og *að* kærði keypti í skipi þessu 27 heilflöskur af koníaki og flutti áfengi þetta í land og setti það til geymslu í verbúð í Bolungarvík þar sem hreppstjórinn fann það og lagði hald á það. Er það ekki upplýst í málinu hvort áfengi þetta hefir talist til áfengisforða skipshafnarinnar eða hvort skipið hefir haft það meðferðis í því skyni að koma því hjer á

land eða til sölu í íslenskri landhelgi og sömuleiðis er ekkert í skjölum málsins, er bendi til þess, að skipshöfnin á fiskiskipinu hafi leitað eftir samgöngum við land til þess að koma af sjer áfenginu. Að þessu athuguðu verður að líta svo á, að för kærða um borð í skipið og kaup hans á áfenginu hafi orðið þess valdandi, að innflutningsbrotið var framið og verður því að telja hann samverkamann í verknaðinum. Framangreind afbrot kærða ber því að heimfæra undir 7. gr. laga nr. 34, 6. nóv. 1902 og 1. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925.

Kærði hefir að vísu neitað því fyrir lögreglurjettinum, að hann hafi áður en hann flutti áfengið í land eða eftir það, tekið nokkra ákvörðun um hvað hann ætlaði að gera við áfengið, en eftir því sem upplýst er um ástæður kærða, er áður hefir verið refsað fyrir sölu áfengis, og eftir áfengismagni því, er hann flutti í land, verður að ganga út frá, að hann hafi ætlað að selja það. Með tilliti til þessa og að því upplýstu, að kærði hefir með dómi lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 24. júlí 1922 verið dæmdur til refsingar samkvæmt eldri lögum fyrir innflutning áfengis, verður nú að refsa honum samkvæmt 13. gr. 1. tölulið laga nr. 15, 8. júní 1925 fyrir brot í annað sinn. Þykir refsing kærða samkvæmt þessu lagaákvæði og 27. gr. l. nr. 34, 6. nóv. 1902 hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi, og 1200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi skal og vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hjeraði, þar á meðal varðhaldskostnað hans sjálfs. En til málskostnaðar þessa telst eigi kostnaðurinn við gæsluvarðhald þeirra Magnúsar Haraldssonar, Maris

Haraldssonar, Jóns Norðkvist og Jóns Guðbjartar Þórarinssonar. Sömuleiðis ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Kristján Jóhannesson sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 1200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi skal vera upptækt og eign ríkissjóð.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði, þar með talinn gæsluvarðhaldskostnaður hans sjálfs. Ennfremur greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum Kristjáni Jóhannessyni sjómanni í Bolungarvík fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 og lögum nr. 34, 1902 og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Með eigin játningu kærðs og öðrum gögnum er það nægilega upplýst í málinu, að fimtudaginn 25. nóv. f. á. kl. 8 e. h. fór kærður um borð í útlendan togara, er ásamt fleiri togurum lá á Bolungarvík. Hafði togarinn eigi átt samband við land. Fann kærður skipstjóra að máli, spurði hann hvort hann gæti selt honum áfengi og er hann játti því keypti hann

af honum 2 kassa með konjakki og voru 12 flöskur í hverjum kassa, auk þess keypti hann 3 fl. konjaks, en hver flaska kostaði 8 kr., er kærður greiddi við móttöku.

Flutti kærður því næst áfengið í land og kom því fyrir í svonefndri Breiðsbúð innan til í vikinni. En hreppstjóri Hólshrepps fjekk vitneskju um að áfengi væri geymt þar, og þar eð hann hafði eigi lykil að húsinu, fjekk hann leyfi húseiganda til þess að láta mann fara inn um glugga á búðinni, er var opinn og opna dyrnar að innan. Tók svo hreppstjórinn áfengið í vörslur sínar.

En með því að hreppstjórinn áleit það sannað hver hinna útlendu togara hefði selt áfengið, leitaði hann aðstoðar varðskipsins »Þór«, er lá hjer á höfninni. Fór »Þór« þegar til Bolungarvikur og tók fastan togara P. G. 182 Franz frá Gestemünde er lá þar á vikinni og flutti hann hingað. Það sannaðist þó eigi að skipstjóri hefði haft um hönd ólöglega áfengissölu. En með því að veiðarfæri voru í ólagi var hann dæmdur í sektir fyrir það og til að greiða helming málskostnaðar.

Fjórir sjómenn í Bolungarvik sem sje Maris og Magnús Haraldssynir, Jón J. Norðkvist og Jón Guðbjartur Þórarinsson gáfu fyrir rjetti skýrslu um að þeir hefðu flutt kærðan um borð í hinn útlenda togara, en að þeir hefðu einungis farið út að skipshliðinni með kærðan, er einn hafi farið um borð, og að þeir engan þátt hafi átt í áfengiskaupum kærðs. En með því að kærður neitaði því mjög ákveðið að hann hefði farið um borð í útlendan togara umræddan dag og átt við hann áfengiskaup urðu ofannefndir menn að staðfesta framburð sinn með eiði.

Kærður mótmælt eigi að síður framburði þeirra sem röngum. En eftir að kærður hafði verið í gæsluvarðhaldi í nokkra daga meðgekk hann að vísu, að hann hefði farið um borð í útlendan togara umræddan dag og átt við hann framangreind áfengiskaup, en staðhæfði jafnframt að þeir allir hefðu komið sjer saman um að fara um borð í togarann og kaupa áfengið og að greindir menn hefðu í því skyni verið sjer í útvegum um peninga einmitt þennan dag og skömmu áður en þeir fluttu kærðan um borð í togarann. Þótti þetta vera svo miklar líkur fyrir því að þeir hefðu gert sig seka í röngum framburði fyrir rjetti að þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 4. des. f. á.

Við nánari eftirgrenslan sannaðist þó eigi að ofannefndir

menn hefðu gert sig seka í röngum rjettarframburði og voru því leystir úr gæsluvarðhaldi 13. s. m.

Að því bannlagabrot kærðs snertir hefir hann haldið því eindregið fram, að hann hafi enga ákvörðun tekið um það, til hvers hann ætlaði að nota áfengið, hvorki áður en hann fór um borð nje eftir það hann kom með það í land. Það verður því eigi talið sannað gegn neitun kærðs, að hann hafi ætlað að selja það eða veita fyrir borgun eða á annan hátt afhenda það til annara manna.

Samkvæmt framansögðu þykir kærður hafa orðið sekur um brot gegn lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og lögum nr. 34, 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands sbr. og 1. gr. laga nr. 31, 1923 um læknisskoðun aðkomuskipa. Ber að heimfæra bannlagabrotið undir 8. gr. tjeðra laga þar eð rjetturinn lítur svo á að hinn útlendi togari hafi fullkomnað brot um innflutning áfengisins þar sem hann lá á Bolungarvík er hann seldi áfengið sbr. 2. málsgr. 1. gr. bannlaganna, og kemur það þó eigi til álita til þyngingar refsingarinnar, að kærður hefir áður sætt 300 kr. sekt og 8 daga einföldu fangelsi fyrir brot á sömu lögum samkvæmt hjeraðsdómi uppkveðnum 24. júlí 1922. En sóttvarnarlaga brotið ber að heimfæra undir 7. gr. tjeðra laga. Þykir refsing kærðs samkvæmt 16. gr. bannlaganna og 27. gr. áðurnefndra sóttvarnarlaga hæfilega metin 300 kr. sekt er renni í ríkissjóð og greiðist innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist að öðrum kosti með 20 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður kærðs og varðhaldskostnaður ofannefndra fjögra manna.

Hið ólöglega áfengi ber að dæma upptækt og eign ríkissjóðs.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 9. mars 1928.

Nr. 119/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Stefáni Finnbogasyni
(Lárus Jóhannesson).

Bannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 26. okt. 1927: Kærður Stefán Finnbogason greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að verknaður sá, sem kærður er dæmur fyrir, heyrir undir 14. sbr. 9. gr. aðflutningsbannlaganna nr. 15/1925, má staðfesta lögregluríettardóminn, sem ekkert verulegt þykir athugavert við að öðru leyti, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Samkv. þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Stefán Finnbogason, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Enn greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs

Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum Stefáni Finnbogasyni, formanni á Flateyri, fyrir brot á lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og eru málavextir þeir er nú skal greina:

Á opinberum fundi á Flateyri 15. des. f. á. kom fram kæra á hendur kærðum, um það, að hann hefði selt áfengi í kauptúninu undanfarin ár. En kærður neitaði þeim áburði, sem röngum, og er honum á fundinum var boðið að hreinsa sig af áburðinum kvaðst hann eigi gera það, en skoraði hinsvegar á menn þá, er borið hefðu umræddan áburð á hann, að sanna hann eða að öðrum kosti að heita opinberir ósannindamenn að áburðinum.

Við rannsókn málsins hafa nokkur vitni verið leidd í málinu. Af þeim hefir vitnið Snorri Benidiktsson staðfest framburð sinn með eiði um það, að það 7. jan. 1926 hafi keypt af kærðum 4 flöskur af Portvíni á 12 kr. hverja flösku og greitt andvirðið við móttöku. Vitnið Guðjón Benidiktsson sjómaður á Flateyri hefir borið, að það hafi keypt af kærðum 2 flöskur Aquaviti í september 1925, 2 dögum eftir að það kom af síldveiðum frá Siglufirði, greitt kærðum 20 kr. fyrir hverja flösku við móttöku. Á annan dag jóla sama ár, kveðst greint vitni ennfremur hafa keypt 2 flöskur af Genever af kærðum, greitt honum 15 kr. fyrir aðra þeirra við móttöku, en andvirði hinnar nokkru síðar með sömu upphæð. En þar eð vitni þetta dvelur á Hólmavík hefir eigi verið auðið að fá frekari skýrslu þess.

Vitnið Hálfdán Sveinsson sjómaður frá Hvilft, segist og hafa keypt 1 flösku af Portvíni heima hjá kærðum á annan dag jóla 1925 og greitt honum 10 kr. fyrir flöskuna.

Með tilliti til þess að umrædd vitni eru ein til frásagnar um áfengiskaup þau er þau hvert um sig kveðast hafa átt við kærðan, er það eigi nægilega sannað gegn mótmælum kærðs, að kærður hafi orðið sekur um ólöglega áfengissölu til umgetinna vitna.

Næst er þess að geta, að áðurnefnt vitni, Snorri Benidiktsson hefir borið það fyrir rjettinum, að það ásamt vitninu Tr. Jónssyni sjómanni á Flateyri hafi komið heim til kærðs eftir það að dimt var orðið, haustið 1924 og keypt af honum 1 flöskn af vatnsblönduðum spiritus þ. e. brennivíni, fyrir 15 kr. og greitt kærðum andvirðið við móttöku. Hafa bæði vitnin staðfest framburð sinn með eiði.

Að vísu minti vitnið Snorra Benidiktsson við fyrstu yfirheyrslu, að það hefði átt umrædd áfengiskaup við kærðan í nóvember 1925, en við samprófun við vitnið Tr. Jónsson leiðrjetti það framburð sinn á þá leið, að það hefði verið í nóvember 1924.

Um vitnið Tr. Jónsson er það upplýst, að það var undir áhrifum víns, er kaup þessi áttu sjer stað, en þó eigi svo, að það vissi eigi gerla um kaupin, enda hefir vitnið ákveðið haldið því fram, að það ásamt vitninu Snorra Benidiktssyni hafi átt áfengiskaup þessi við kærðan haustið 1924. Með því nú að greind vitni hafa unnið eið að því, að þau hafi keypt greint áfengi af kærðum haustið 1924, þykir það vera nægilega sannað í málinu.

Að rjettarins áliti hefir kærður því orðið brotlegur gegn lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og þykir eiga að heimfæra brot hans undir 8. gr. og 14. gr. þeirra og refsing hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, samkvæmt greindum lagagreinum sbr. 16. gr. laganna hæfilega metin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, sje sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Svo ber og kærðum að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Mánudaginn 12. mars 1928.

Nr. 59/1927. **Setuskiftaráðandinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f. h. þb. Jóns Björnssonar & Co. Bn.** (Th. Lindal)

gegn

Páli Bjarnasyni (Jón Ásbjörnsson).

Útaf skilningi á samningi, sem stefndi hafði gert við áfrýjanda um kaup á kröfum og kröfurjettindum búsins.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 19. mars 1927: Stefndur, — setuskiftaráðandi Steindór Gunnlaugsson — greiði fyrir hönd þrotabús firmans Jón Björnssonar & Co. í Borgarnesi stefnandanum Páli Bjarnasyni kr. 18000,00 með 5 % ársvöxtum frá 29. desember 1925 til greiðsludags og kr. 200,00 upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá löglbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er in confesso, að verslunarbækur firmans Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi voru gerðar upp og skrá samin um útistandandi skuldir þrotabúsins samkvæmt verslunarbókunum, áður en skuldirnar voru seldar stefnda. Má því ætla, að skuldirnar hafi verið seldar samkvæmt þessum heimildum, og þá að undanskildum þeim millifærslum, sem áður höfðu átt sjer stað í bókunum, enda fer þetta hvorki í bága við 1. nje 6. málsgr. kaupsamnings aðilja um skuldirnar frá 24. júní 1924, með því að óriftar greiðslur úr firmanu, þótt riftanlegar kunni að hafa verið, gátu ekki talist eign búsins, og eðlilegast er að skilja síðari hluta 6. mgr. á þá leið, að hinum seldu kröfum fylgi af hendi seljanda til handa kaupanda þau sömu rjettindi, þ. e. aukatryggingar, er kröfunum fylgdu meðan þær voru í eigu seljanda.

Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum

stefnda, og verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr., en málskostnaður í hjeraði þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, setuskiftaráðandinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f. h. þrotabús Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, Steindór Gunnlaugsson, á að vera sýkn af kröfum og kærum stefnda Páls Bjarnasonar cand. jur.

Málskostnaður í hjeraði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 400 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fyrri hluta árs 1924 framseldi firmað Jón Björnsson & Co. Borgarnesi bú sitt til skiftameðferðar sem gjaldþrota og var stefndur í máli þessu Steindór Gunnlaugsson stjórnarráðsfulltrúi hjer í bænum skipaður sem setuskiftaráðandi í því. Með kaupsamningi dags. 24. júní 1924 seldi hann stefnandanum í máli þessu Páli Bjarnasyni lögfræðingi hjer í bænum, fyrir um samið kaupverð kr. 18000,00 »allar kröfur og kröfurjettindi sem eru eign þrotabús Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi samkvæmt höfuðbókum og öðrum heimildum, svo sem skuldabrjefum og víxlum«. Í samningnum er tekið fram að seljandi taki enga ábyrgð á skuldunum, en að kaupandi gangi inn í »öll þau sömu rjettindi gagnvart viðskiftamönnum firmans og þrotabúið hefir sjálft«, og að kaupandi skuli fá afhentar allar höfuðbækur, reikninga og aðrar skuldaheimildir, er til kunna að vera og hann óskar að fá. Þá er kaupanda og heimilað að innheimta skuldirnar sem umboðsmanni þrotabúsins, og og skuldbindur skiftaráðandi sig til þess að veita honum umboð til innheimtunnar og að halda sölunni leyndri.

Eftir að sala þessi fór fram, kom það í ljós, að talsverð-

ar millifærslur höfðu átt sjer stað í bókum firmans síðustu 2—3 mánuðina fyrir framsalið til gjaldþrotaskiftanna, þannig, að skuldheimtumönnum firmans voru færðar til útgjalda í reikningum,- þeirra upphæðir sem firmað átti hjá hinum og þessum viðskiftamönnum sínum eftir bókunum. Námu greiðslur þær, sem álitið var að rifta mætti af þessum orsökum, kr. 30398,45 og ukust þá útistandandi verslunarskuldir firmans um þá upphæð.

Stefnandi taldi sig nú, samkvæmt framangreindum kaupsamningi, eiga kröfur þessar og krafði skiftaráðanda um umboð samkvæmt kaupsamningnum til þess að innheimta þær, m. a. með brjefi dags. 12. maí 1925, en skiftaráðandinn virðist þá þegar hafa álitið, eins og hann heldur fram í þessu máli, að þrotabúið eitt ætti kröfur þessar og að þær væru stefnanda með öllu óviðkomandi og ljet hann ekkert umboð af hendi.

Hinn 7. ágúst 1925 var skiftafundur haldinn í þrotabúinu og komu þá millifærslurnar til umræðu. Var þá samþykt í einu hljóði, eftir beiðni umboðsmanns Landsbankans og Íslandsbanka að rifta »færslum« þeim, er kynnu að reynast ólögmætar og til tjóns fyrir búið, og fól fundurinn stefnanda þessa máls að hafa á hendi allar framkvæmdir viðvíkjandi væntanlegum innheimtum og riftingarmálum og skyldi skiftaráðandi gefa honum nánara innheimtuumboð eftir því sem þörf krefði. Lýsti stefnandi þá því yfir og ljet bókfæra, að enda þótt hann tæki að sjer innheimtur þessar og riftingarmál, þá afsalaði hann sjer ekki með því rjetti þeim, er hann kynni að hafa til upphæða þeirra, sem innheimtust samkvæmt samningnum frá 24. júní 1914.

Stefnandi kveðst nú hafa byrjað á nauðsynlegum undirbúningi við riftunarmálið og beðið um umboð, en þá hafi skiftaráðandi beðið sig eða öllu heldur skipað sjer að hætta öllum aðgjörðum við innheimtu á kröfum þessum. Stefndur hefir í máli þessu mótmælt því, að hann hafi neitað stefnanda um umboð, en hvort sem svo hefir verið eða ekki, þá er það víst að stefnandi fjekk ekkert umboð, og að ekkert varð úr riftingarmálunum.

Hinn 1. desember 1925 var því næst skiftafundur haldinn að nýju í þrotabúinu. Lá þá fyrir tilboð frá konum gjaldþrotanna, Jóns Björnssonar frá Svarfhóli og Jóns Björnssonar frá Bæ, um greiðslu til þrotabúsins á kr. 18600,00, gegn því

að allar kröfur um riftingu á millifærslum þeim, sem áttu sjer stað fyrir gjaldþrotið, fjellu niður. Var tilboð þetta samþykt á fundinum, og fjeð greitt inn í búið, þrátt fyrir mótmæli stefnanda, sem taldi búinu óheimilt að ráðstafa kröfunum á nokkurn hátt, þar eð þær væru hans eign en ekki þess.

Stefnandi höfðaði síðan samkvæmt heimild í kaupsamningnum frá 24. júní 1924, mál þetta hjer fyrir rjettinum með stefnu útgefinni 29. desember 1925, gegn stefndum setuskiftaráðanda f. h. þrotabús firmans Jóns Björnssonar & Co. Hefir hann í málinu gert þær kröfur, *aðallega* að stefndur verði fyrir búsins hönd dæmdur til þess að greiða sjer allar hinar umþráttuðu kröfur með fullum ákvæðisupphæðum samtals kr. 30398,45, en *til vara* matsverð þeirra, er hann kveður vera kr. 23315,46. *Til þrautavara* krefst hann þess að sjer verði tildæmdar þær kr. 18600,00 er þrotabúið fjekk greiddar fyrir kröfurnar. Svo krefst hann og 5 % ársvaxta af hinni tildæmdu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í máiinu og ríflegs málskostnaðar.

Aðalkröfuna byggir stefnandi á því, að þrotabúið hafi með því að ráðstafa kröfunum á skiftafundinum 1. desember 1925, og með neitun skiftaráðanda á afhendingu innheimtuumboðs, svift sig færi á því að innheimta kröfurnar og verði því að svara til fulls verðs þeirra. Telur hann að óframkvæmanlegt hefði orðið fyrir sig að innheimta kröfurnar eftir að það var orðið vitanlegt að búið hafði selt þær öðrum, enda hefði búinu verið skylt samkvæmt kaupsamningnum frá 24. júní 1924 að afhenda sjer umboð, sem heimilaði honum að innheimta kröfurnar í nafni þess. Varakröfuna byggir hann á því, að tveir óvilhallir menn, sem stefndur hafi sjálfur tilnefnt hafi metið kröfurnar á kr. 23315,46. Þrautavarakröfuna miðar hann eins og fyr segir við upphæð þá, er búinu var greidd, gegn því að rifting fjelli niður.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið eigandi nefndra krafna og því, að þrotabúið sje ekki rjettur varnaraðili í málinu, enda þótt svo yrði litið á, að stefnandi ætti kröfurnar. Kveður hann hvorugan aðilja hafa haft hugmynd um kröfur þessar er kaupsamningurinn frá 24. júní 1924 var gerður og geti stefnandi því alls ekki hafa vænst þess þá, að hann fengi aðrar kröfur en þær, sem fyrir lágu

samkvæmt bókum og skuldalistum við samningsgjörðina, enda hefði þurft að nefna kröfur þessar sjerstaklega ef þær hefðu átt að fylgja með í kaupunum. Þá kveður hann og stefnanda hafa átt að beina málssókn sinni gegn skuldurum þeim, sem rifta átti hjá, en ekki gegn þrotabúinu, sem ekkert skuldi stefnanda. — Ráðstafanir þær, sem þrotabúið gerði, kveður hann stefnanda óviðkomandi og telur aðgerðir skiftafundarins 1. desember 1925 hafi á engan hátt getað orðið til þess, að stefnandi glataði rjetti þeim, sem hann kynni að hafa átt eftir kröfunni. Upphæð þeirri, sem þrotabúið fjekk kr. 18600,00 hafi verið veitt móttaka með því beina skilyrði að hún rynni til búsins og þá jafnframt samþykt að allar kröfur um riftingu fjellu niður, en slíkt sje ósamrýmanlegt við kröfur stefnanda á skiftafundinum og í þessu máli.

Rjetturinn lítur nú hiklaust svo á, að í margnefndum kaupsamningi frá 24. júní 1924 sje það svo skýrt ákveðið og skilyrðislaust tekið fram, að stefnandi eignist öll kröfurjettindi, sem þrotabúið ætti gegn viðskiftamönnum firmans, að kröfur þær sem stefnt er fyrir í þessu máli falli einnig þar undir og að stefnandi sje hinn rjetti eigandi þeirra. Kemur því aðeins til álita sú varnarástæða stefnda að stefnanda hafi ekki verið rjett að beina málssókn sinni gegn honum. Að vísu verður að telja, að þegar þrotabúið hafði samþykt riftunina á skiftafundi 7. ágúst 1925 hafi stefnandi átt heimtingu á því að skiftaráðandi gæfi honum innheimtuumboð, og að honum hafi verið þá þegar heimilt að höfða riftingarmál gegn skuldurunum, og verður synjun skiftaráðanda því að teljast ólögmæt gagnvart honum. En þar sem stefnanda var innanhandar að höfða þegar í stað riftingarmál samkvæmt kaupsamningnum og útskrift af skiftafundargjörðinni frá 7. ágúst — sem ekki er haldið fram að honum hafi verið meinað að fá — þá verður ekki talið að þessar aðgerðir þrotabúsins hafi skapað því skaðabótaskyldu á þann hátt, að það beri gagnvart stefnanda ábyrgð á greiðslu krafnanna og verður því hvorki aðal- nje varakrafa stefnanda tekin til greina. Hinsvegar verður rjetturinn að líta svo á að þar sem þrotabúið hefir fyrir sitt leyti samþykt það að veita móttöku kr. 18600,00 sem fullnaðargreiðslu á riftunarkröfunum og stefnandinn hefir gert þá þrautavarakröfu, að honum verði tildæmd sú upphæð, þá hafi hann með því gengið inn á það, að gera engar frekari riftingarkröfur, ef sú krafa yrði tekin til greina, þar eð honum var

kunnugt um að greiðslan til búsins var bundinn því skilyrði. Upphæð þessa á stefnandi rjett á að fá greidda af þrotabúinu, þar sem hún rann til þess, sem endurgjald fyrir rjettmæta eign hans — og ber því að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda þá upphæð, en hann getur þá engar frekari kröfur gert í þessu efni, hvorki gagnvart þrotabúinu nje viðskiftamönnum firmans, sem rifta mátti hjá. Svo ber og að dæma stefndum vexti af hinni tildæmdu upphæð eins og krafist er og eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 200 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. mars 1928.

Nr. 89/1927. **Valdstjórnin** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn
Ólafi S. H. Jóhannssyni (Kalman).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 20. ág. 1927: Kærður, Ólafur Sigmundur Hálfdán Jóhannsson, greiði 80 króna sekt í ríkissjóð innan fimtán sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 6 daga.

Svo skal kærður og sviftur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði að telja frá 21. júní s.l. og greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að mál þetta var mjög lítið rannsakað áður en dómur gekk í hjeraði, en hefir síðar að tilhlutun sækjanda og verjanda í hæstarjetti verið ítarlega prófað og niðurstaða lögreglurjettardómsins staðfestist við þau próf, má staðfesta dóminn.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærði, Ólafur S. H. Jóhannsson, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Björns P. Kalman, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ólafi Sigmundi Hálfdáni Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Grettisgötu 54, hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 15. nóvember 1926 um notkun bifreiða, og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Hinn 19. júní s.l. skömmu fyrir miðnætti var lögreglunni gert aðvart um það, að kærður í þessu máli væri ölvaður við bifreiðaakstur. Um kl. 4 um nóttina urðu tveir lögregluþjónar varir við að kærðar ók upp úr bænum. Veittu þeir honum eftirför í bifreið og náðu honum inn í Sogum. Fóru þeir upp í bifreiðina til hans og sáu þegar að hann var eitthvað undir áhrifum áfengis og fundu vínlykt af honum. Ljetu þeir hann aka bifreiðinni til bæjarins og bönnuðu honum að aka henni meir, að því sinni. Á bifreiðinni, sem er eign kærðs, R. E. nr. 361, vantaði hið lögboðna einkennisbókstafa- og tölumerki.

Kærður hefir viðurkent að hafa fundið á sjer áhrif af víni í umrætt skifti. Kveðst hann hafa sopið tvisvar á cognacsflösku hjá farþegum, er hann flutti í bifreið sinni milli kl. 11 og 1 um nóttina, en ekki neytt annars víns. Kveður hann áhrifanna hafa gætt meira sökum þess, að hann hafi lítið sofið um nóttina áður og því verið illa undir vinnautn búinn.

Kærður hefir hinn 15. júní 1926 undirgengist að greiða

80 króna sekt hjá lögreglustjóra Reykjavíkur fyrir að aka bifreið ölvaður og hinn 29. desember f. á. undirgekst hann hjer í lögreglurjettinum að greiða 100 króna sekt fyrir brot á lögreglusamþyktinni.

Með framangreindu framferði sínu hefir kærður að áliti rjettarins brotið gegn ákvæðum 4. og 5. gr. bifreiðarlaganna og 47. og 48. gr. lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík. Refsing sú er hann hefir tilunnið þykir hæfilega ákveðin 80 króna sekt, sem renni í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki að fullu greidd innan fimtán daga frá lögbirtingu dómsins, 6 daga einfalt fangelsi.

Með tilliti til þess, að kærður hefir áður hlotið sekt fyrir að aka bifreið ölvaður og að ganga verður út frá því, að hann hafi neytt meira víns umrædda nótt, en hann hefir skýrt frá, þar eð áhrifanna hefði ella ekki gætt svo lengi, þykir fullkomin ástæða til þess vera fyrir hendi, samkv. 4. málsgr. 5. gr. bifreiðalaganna að svifta hann ökuleyfi um 6 mánaða tíma, sem rjett þykir að telja frá því ökuskírteinið var tekið af honum hinn 21. júní s.l.

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 19. mars 1928.

Nr. 8/1928. **Rjettvísin** (L. Jóhannesson)
gegn
Hirti Gunnlaugssyni (B. P. Kalman).

Þjófnaður.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 12. apríl 1927: Ákærði Hjörtur Gunnlaugsson á að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu og greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægju með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi og yfirleitt má fallast á, ber að staðfesta dóminn.

Eftir þeim úrslitum verður ákærði að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, og eru þau ákveðin 60 kr. handa hvorum.

Það athugast, að ekki er gerð nægileg grein fyrir því, hvað valdið hefir, að þetta einfalda mál lá undir dómi frá 18. febr. til 12. apríl 1927.

En finna verður að því, að áfrýjunarstefnan, sem gefin er út af dómsmálaráðuneytinu 8. júní f. á., var ekki birt fyr en 11. janúar þ. á. og ekki á lögmæltan hátt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað.

Ákærði, Hjörtur Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, m. a. málfutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Björns Kalmans, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvísinnar höfðað gegn hinum ákærða Hirti Gunnlaugssyni, til heimilis á Reynifelli í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 231. gr. hinna almennu hegningarlaga og eru tildrög þess þau er hjer skal greina, eins og þau eru upplýst með vitnum og játningu ákærðs sjálfs.

Skömmu fyrir s. l. jól fór ákærði inn í mannlaust hús, þar sem þeir menn, sem gerðu út vjelbátinn »Svan« höfðu útveg sinn, og stal þaðan í tveim ferðum, sama daginn 3 netaslöngum. Húsið var aflæst, en hann opnaði það með lykli, sem var að hirslu sem hann á, eftir því er hann sjálfur segir og ekki er ástæða til að vjefenga. Þýfið seldi hann síðan manni hjer á staðnum, sem rekur útgerð og að nokkru leyti með hjálp annars manns. Er ekki ástæða til að ætla að þessir menn hafi vitað að um stolna muni var að ræða. Ákærði

hefir haldið fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að stela, er hann fór inn í húsið, heldur hafi hann leitað skjóls til að drekka áfengi, og kveðst hafa verið nokkuð ölvaður, er hann gerði sig sekan í afbrotinu.

En þar sem hann fór tvisvar sama daginn í húsið, er líklegra að hann hafi í seinna skiftið farið inn í því skyni að stela. Þar sem eigendur netaslanganna hafa fengið þær jafn góðar aftur, og sá er keypti fær peninga sína, er ekki um skaðabætur að ræða.

Ákærði, sem er fæddur 9. júní 1906, var með aukarjettardómi uppkveðnum hjer 4. jan. f. á. dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið samkv. lögum 16. nóv. 1907. Afbrot hans nú verður því að heimfæra undir 252. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. Um málsvarnarlaun er ekki að ræða þar eð verjandi hefir ekki krafist þeirra.

Á málinu hefir enginn annar dráttur orðið, en að dómuppsögn hefir dregist lítið vegna mikilla og margvíslegra embættisanna dómarans.

Föstudaginn 23. mars 1928.

Nr. 121/1927. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Jóhannesi Hjálmarssyni, Bjarna Finnbogasyni og Kristmundi Einarssyni (Fjeldsted).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað fyrir aukarjetti Siglufjarðar gegn hinum kærðu Jóhannesi Hjálmarssyni, Bjarna Finnbogasyni og Kristmundi Einarssyni fyrir ólöglegan innflutning áfengra drykkja, en samtímis rannsókninni gegn mönnum þessum fór fram rannsókn fyrir

lögreglurjetti Akureyrar gegn Jóni Guðmundssyni, Ingvari Einarssyni og Jóhannesi Björnssyni fyrir hlutdeild í hinu sama broti, og við framhaldsrannsókn gegn hinum síðarnefndu mönnum hjer í Reykjavík hefir það komið í ljós, að hinir kærðu í máli þessu eru meira riðnir við áfengisinnflutning þenna en þeir hafa kannast við fyrir lögreglurjettinum á Siglufirði. Hefir hinn skipaði sækjandi í hæstarjetti því, samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og málinu vísað heim til frekari rannsóknar.

Með því að framangreind framhaldsrannsókn sýnir það, að málið er ekki enn nægilega upplýst að því er kærðu snertir og með því að það skiftir miklu að rannsókn fari fram samtímis gegn öllum hluttakendum í áfengisinnflutningi þeim, er ræðir um í málinu, svo að samprófa megi hina kærðu um þau atriði í verknaði þeirra, sem enn eru óljós og ágreiningur er um milli hinna kærðu, þá þykir ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til frekari rannsóknar.

Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður við áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 70 kr. til hvors þeirra, að greiðast úr ríkissjóði.

Við meðferð málsins að öðru leyti er það að athuga að málið hefir verið rekið fyrir aukarjetti Siglufjarðar í stað þess að fara átti með það fyrir lögreglurjetti samkvæmt 20. gr. laga nr. 15, . júní 1925.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til frekari rannsóknar. — Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 70 kr. til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 23. mars 1928.

Nr. 61/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Wiet Theessen (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 26. apríl 1927: Kærði, Wiet Theessen á strax að greiða sekt að upphæð 15000 kr. til Landhelgissjóðs Íslands en sæta átta mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Venus« P. G. 287 frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þann 25. apríl f. á. kl. 7,17 árdegis var varðskipið Óðinn vestur af Portlandi á miðinu:

Pjetursey
$> 33°,40'$
Hatta
$> 22°,0$
ysti drangur v. Portland

og miðaði þá skip kærða í m/v. SSA og virtist varðskipinu skip kærða stefna nálægt því í m/v. VNV, en sú stefna liggur skáhalt út frá landi. Kl. 7,25

árdegis var staður varðskipsins á ný ákveðinn þannig:

Pjetursey
$> 50°,40'$
Hatta
$> 23^1/_2°$
ysti drangur v. Portland

og miðaðist þá skip kærða í m/v. S $^3/_4$ A. Er skip kærða hjelt leiðar sinnar dró varðskipið kl. 7,27 upp stöðvunarmerki en kærði skeytti því eigi nje heldur tveimur púðurskotum og nam eigi staðar fyr en kl. 7,36 eftir að varðskipið hafði skotið kúluskoti að skipi hans og síðan kærði þá botnvörpu í sjó. Varðskipið mældi stað þann, er kærði nam staðar á og reyndist hann að vera [illegible] sjómílu utan landhelgislínunnar og hefir kærði [illegible]urkent mælingu þessa rjetta.

Skipherra varðskipsins hefir sett út í sjókorti, sem lagt hefir verið fram í hæstarjett stað varðskipsins kl. 7,17 og kl. 7,25, miðunarlínurnar frá þessum stöðum til skips kærða, ennfremur stað þann, er skip kærða stöðvaðist á og stefnulínur skips kærða frá því það var fyrst miðað frá varðskipinu og þar til það nam staðar, og hefir skip kærða eftir þessum útsetningum í sjókortinu verið innan landhelginnar í bæði skiftin, er það var miðað frá varðskipinu. Miðunin, er gerð var kl. 7,17 árdegis, sýnir, að skip kærða var þá um hálfa sjómílu innan landhelgislínunnar og kemur það heim við stað þann, er skip kærða var stöðvað á, eftir áætluðum ganghraða skipsins og tímalengdinni.

Þessari skýrslu skipherra varðskipsins hefir eigi verið hnekt með framburði kærða og skipshafnar hans fyrir lögreglurjettinum áður en dómur gekk í hjeraði nje með skýrslum þeim, er síðar hafa komið fram í málinu, og er skýrslan næg sönnun þess, að kærði

hafi verið í landhelgi fyrgreindan dag kl. 7,17 árdegis og þar sem kærði hefir viðurkent, að hann þá hafi haft botnvörpu í sjó, er það sannað að hann hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Kærða hefir einu sinni áður verið refsað fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, en þar sem það brot var framið og dæmt áður en lög nr. 5, 18. maí 1920 komu í gildi, verður hann nú ekki dæmdur í aukarefsingu samkvæmt 5. gr. laganna. En samkvæmt 3. gr. laganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin af lögreglurjettinum 15000 kr. sekt, er renni í Landhelgissjóð og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. Svo ber kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Wiet Theessen, greiði 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er upptýst í máli þessu með skýrslu skipherrans á varðskipinu »Óðni« og viðurkenning kærða sjálfs á þessu að hann Wiet Theessen fæddur 7. september 1883, var stöðvaður af varðskipinu, þar sem hann var á skipi sínu »Venus« P. G. 287 frá Geestemünde kl. 7,36 í gærmorgun, 0,25 sm. utan landhelgislínunnar með stjórnborðsvörpu í sjó. Einnig er upplýst með viðurkenning kærða og framburðum vitna að hann hafði þar áður togað í ca. 20 mínútur og þannig kastað út vörpunni um kl. 7,16 eftir klukku »Óðins« eða kl. 9,60 eftir klukku togarans.

Hvort kærði hefir gert sig sekan í broti á lögum nr. 5/1920 veltur því á því hvort hann var á landhelgissvæðinu eitthvað af tímanum kl. 7,16—7,36.

Kærði neitar þessu eindreigið og byggir neitun sína aðallega á miðunum hvar hann togaði þá, sem hann hefir haldið fram og stýrimenn hans einnig borið og unnið eið að, sem eru Hjörleifshöfði fram undan Reynisdröngum og að skip hans með þeim hraða er það fór og samkvæmt staðnum er það var stöðvað á, hafi ekki getað verið á landhelgissvæðinu, er hann kastaði og togaði.

Þrátt fyrir þetta verður þó að álíta sannað með skýrslu varðskipsins í hvaða línu skip kærða sást kl. 7,17 að hann hafi þá verið á landhelgissvæðinu. Skal í því sambandi tekið fram að þar sem skip kærða fór með fullri ferð og slaka strengi í fullar 12 mínútur en aðeins 8 mínútur með strengda vörpu þá getur þetta samrýmst, því að skipið hafi kl. 7,17 verið í þeirri línu sem miðunin Hjörleifshöfði fram undan Reynisdröngum tiltekur, því það sem miðunarlína »Óðins« sker þessa línu og þangað sem »Venus« var stöðvaður eru aðeins $1^{3}/_{4}$ sjómíla, sem togarinn mjög vel gat farið á þessum 20 mínútum enda þótt gert sje ráð fyrir frádrætti vegna bogans er skipið fór er það kastaði.

Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í málinu að kærði hafi togað á landhelgissvæðinu og þannig gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Kærði hefir hinn 9. febrúar 1912 verið sektaður fyrir samskonar brot og hjer er því um ítrekun að ræða, er samkvæmt 5. gr. nefndra laga varðar fangelsi auk sekta. En þar sem telja má fyllilega upplýst í málinu, sjerstaklega af því að gera má ráð fyrir að kærði hafi sjeð varðskipið er hann kastaði og

af stefnu þeirri, sem hann stýrði meðan hann togaði, að kærði hafi álitið sig vera utan landhelgissvæðisins þá þykir mega sleppa fangelsisrefsingunni og dæma kærðan til sektar sem með hliðsjón af að hjer er um annað brot að ræða og að dagsgengi krónunnar er 81,65 úr gullkrónu telst hæfilega ákveðin, sekt að upphæð 15000 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist strax, en afplánist með 8 — átta — mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 26. mars 1928.

Nr. 77/1927. **Stjórn Íslandsbanka** (Fjeldsted)
gegn
Ólafi Pálssyni (Pjetur Magnússon).

Um sjóveðrjett.

Dómur sjórjettar Barðastrandarsýslu 18. júní 1926: Ólafur kaupm. Pálsson, Ísafirði, hefir sjóveðkröfu á hendur skipstjóra Ólafi V. Bjarnasyni, Bíldudal, í m.k. Reynir B. A. nr. 148 á Bíldudal fyrir 1719,63 kr. skuld, ásamt 6 % vöxtum frá 8. júní þ. á. Svo greiði hann og málskostnað 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans.

Dómur hæstarjettar.

Verslunarfjelagið Hannes B. Stephensen á Bíldudal átti vjelbátinn Reyni B. A. nr. 148, er skuld sú stofnaðist, er ræðir um í máli þessu og átti Íslandsbanki þá veðrjett í bátnum. Eftir að nefnt verslunarfjelag varð gjaldþrota afsalaði skiftaráðandinn í búinu bankanum bát þennan upp í veðskuldina, en eftir að bankinn þannig varð eigandi bátsins, kom það í ljós

að á honum hvíldi sjóveðrjettur fyrir skuld að upphæð 1719 kr. 63 a. samkvæmt dómi sjórjettar Barðastrandarsýslu uppkveðnum 18. júní 1926. Þessum dómi hefir stjórn Íslandsbanka skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 20. sept. f. á. að fengnu uppreistarleyfi dags. 8. s. m.; hefir áfrýjandi stefnt dómhafanum Ólafi Pálssyni kaupmanni á Ísafirði og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að stefnda verði aðeins dæmdur sjóveðrjettur í bátnum fyrir kr. 1168,13 með 6 % ársvöxtum frá 8. júní 1926, en stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar á dómnum.

Umræddur bátur var gerður út frá Ísafirði sumarið 1925 og viðurkennir áfrýjandi, að stefndi eigi sjóveðrjett í bátnum fyrir þeim hluta af kröfunni, er skipstjóri hafi stofnað vegna útgerðar bátsins, kr. 1168.13, en hann vjefengir að stefndi eigi sjóveðrjett fyrir því, er hásetar á bátnum hafi tekið út í eigin þarfir, samtals kr. 551,50, og er það sú upphæð, er um er deilt í málinu.

Þáverandi skipstjóri á bátnum hefir nú að vísu ritað samþykki sitt á aðalreikninginn og þar með samþykt þessar úttektir hásetanna, en með því að það er ekki upplýst í málinu hvort hásetarnir hafa verið ráðnir upp á kaup eða hlut af aflanum, er það ekki sannað að hjer sje um kröfu að ræða, tilorðna við skuldbindingu, er skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar eða ábyrgst greiðslu á í skipsins þágu, og verður því ekki álitið að stefndi hafi öðlast sjóveðrjett fyrir þessum hluta kröfunnar. Það ber því að breyta hinum áfrýjaða dómi að þessu leyti, en þar sem málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað verður dóminum að öðru leyti að vera óraskað.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Ólafur Pálsson hefir sjóveðrjett í v/b. Reyni B. A. nr. 148 á Bíldudal fyrir 1168 kr. 13 a. ásamt 6 % ársvöxtum frá 8. júní 1926 til greiðsludags. Að öðru leyti skal dóminum óraksað, Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir kaupmaður Ólafur Pálsson, Ísafirði, höfðað fyrir sjórjetti Barðastrandarsýslu gegn skipstjóra Ólafi V. Bjarnasyni, sem skipstjóra á m.k. Reyni B. A. 148, sem samkvæmt birtingarvottorði og stefnunni frá 11. júlí þ. á., samkvæmt áritun stefnuvotta virðist rjettilega stefndur, en af hans hálfu var enginn mættur í rjettinum og var því málið eftir kröfu stefnanda tekið til meðferðar af sjódómnum og samkvæmt gildandi lögum dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Reikningur nr. 2 lagður fram í málinu á hendur m.k. Reynir á Bíldudal, er undirritaður af nefndum Ólafi V. Bjarnasyni sem skipstjóra af m.k. Reynir, þar sem gefin er upp skuldin kr. 1719,63, og kemur þessi upphæð heim við stefnuna. Svo bera og undirfylgiskjölin með sjer, að þau öll eru undirrituð af viðkomandi úttektarmönnum sem starfandi mönnum á m.k. Reynir, og virtist því dómnefndinni óhjákvæmilegt, að fallast á sjóveðrjettarkröfu stefnanda að upphæð kr. 1719,63, ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og að því er málskostnaðinn snertir fjellst dómnefndin á, að ákveða hann kr. 150,00.

Miðvikudaginn 28. mars 1928.

Nr. 2/1928. **Valdstjórnin** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn
Guðmundi Þorkelssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot á áfengislöggjöfinni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 8. nóv. 1927: Kærður, Guðmundur Jónsson, greiði 600 króna sekt

til ríkissjóðs innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Kærðir, Guðmundur Þorkelsson og Sofus Hansen sæti hvor um sig einföldu fangelsi í 30 daga og greiði 600 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti þeir hvor um sig í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Kærður Jón Jónsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 48 daga.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson greiði hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því viðbættu, að kærði, sem með hæstarjettardómi 17. sept. 1923 hefir verið dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 156. sbr. 53. og 46. gr. hegningarlaganna í sambandi við mál út af broti á áfengislöggjöfinni, hefir auðsjáanlega gert allverulegan undirbúning til bruggunar ólöglegs áfengis hjer í bænum og selt bruggað áfengi og áfengisefni, þykir mega staðfesta lögreglurjettardóminn, þó þannig að refsingin verði 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en vararefsingin 45 daga einfalt fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. 80 kr. málflutningslaun til hvors, sækjanda og verjanda hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Guðmundur Þorkelsson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr.

sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins samþykkjast.

Loks greiði kærði allan áfrýjunarkostnað m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðmundi Jónssyni, trjesmið, Bergstaðastræti 53, Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni, Bergstaðastræti 28, Jóni Jónssyni, kaupmanni og Sofus Hansen, báðum til heimilis á Laugaveg 28, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og lögum nr. 15 frá 8. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðra, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

25. september s. l. um kl. 10 síðdegis urðu menn þess varir, að eldur hafði komið upp í kjallara hússins nr. 53 við Bergstaðastræti. Slökkviliðið var kallað á vettvang og tókst því á stuttum tíma að slökkva eldinn, sem ekki hafði gripið nema lítið um sig. Við athugun kom það þegar í ljós, að eldurinn hafði kviknað út frá bruggunartæki húseigandans, kærðs Guðmundar Jónssonar, sem hafði verið að brugga á eldavjel í kjallaranum. Við rannsókn málsins játuðu hinir kærðu, Guðmundur Þorkelsson og Guðmundur Jónsson, að þeir hefðu verið að brugga áfengi í kjallaranum þegar eldurinn kviknaði. Hafði Guðmundur Þorkelsson seinni partinn síðastl. sumar keypt sjer efni frá útlöndum, sem líktist sápu, en hafði að innihaldi mikið af spiritus; hann hafði einnig í

septembermánuði síðastl. keypt sjer bruggunaráhöld af Jóni Jónssyni, meðkærðum í þessu máli, sem hafði látið járnsmið einn hjer í bænum smíða þau eftir sinni fyrirsögn. Guðmundur Þorkelsson hafði síðan gert samning við Guðmund Jónsson, um að fá að brugga þarna í kjallaranum og að Guðmundur skyldi annast það verk fyrir hann gegn þóknun, sem þeir virðast þó ekki hafa verið búnir að koma sjer niður á, hve mikil ætti að vera. Guðmundur Þorkelsson flutti síðan eldavjel í kjallarann og ljet setja þar niður; einnig flutti hann þangað bruggunaráhöldin og efnið til bruggunarinnar. Voru þeir Guðmundarnir síðan þarna við að brugga í tvær nætur, en Jón hjálpaði þeim til þess að setja bruggunaráhöldin niður og sýndi þeim hvernig þeir ættu að fara að við bruggunina. Á þessum tveim nóttum segjast þeir hafa framleitt um 40 lítra af spiritus, sem mun hafa haft inni að halda um 70 % alkohol eftir rúmmáli, og eftir því sem upplýst er í málinu, virðist þessi spiritus hafa verið talsvert misjafn, en þó drekkandi. Guðmundur Þorkelsson seldi Sofus Hansen þenna spiritus fyrir 14 kr. hvern líter, en hann seldi hann síðan hinum og þessum fyrir enn þá hærra verð.

Þriðja kvöldið sem þeir Guðmundarnir voru að byrja að brugga, en það var, eins og áður segir, 25. sept. s.l., lak með tappa eða mæli á dunknum, sem bruggunarefnið var soðið í, niður í eldinn, svo að kviknaði í efninu og orsakaði það eldsuppkomuna.

Guðmundur Jónsson hafði fengið 30 kr. greiddar frá nafna sínum fyrir að vera við bruggunina og lána húsrúmið.

Hinn 27. september s.l. var gerð húsleit eftir áfengi og bruggunaráhöldum hjá kærðum Jóni Jónssyni, Laugaveg 23, fundust hjá honum tvær flöskur með slatta af spiritusblöndu og reyndist innihald annarar flöskunnar 54,5 % alkohol eftir rúmmáli, og hinnar 74,5 %. Þenna sama dag var einnig gerð húsrannsókn hjá Sofusi Hansen og fanst hjá honum einn dunkur, sem alkohol virtist hafa verið geymt í. Bæði Sofus og Jón voru yfirheyrðir þenna sama dag; Sofus kannaðist við að hafa keypt áfengið af Guðmundi Þorkelssyni og selt það aftur ýmsum, eins og áður segir, og Jón Jónsson játaði að hafa selt Guðmundi Þorkessyni bruggunaráhöldin og hjálpað þeim Guðmundunum til að koma brugginu á stað. En vegna þess að Jón Jónsson lá þá rúmfastur var ekki þá tekið

til rannsóknar hvaðan hann hafði þann spiritus, sem hjá honum fanst við húsrannsóknina.

Hinn 26. f. m. var rannsókninni haldið áfram og upplýstist þá, að Sofus Hansen, sem áður hafði búið á Grettisgötu 43, hafði flutt heim til Jóns Jónssonar í húsið nr. 28 við Laugaveg og að þeir Sofus og Jón höfðu haldið brugguninni áfram. Hafði Guðmundur Þorkelsson í septembermánuði s.l. selt Jóni Jónssyni 3 dunka af efni til bruggunar, um 26 til 28 kg. hvern, að nokkru leyti í skiftum fyrir bruggunaráhöldin. Þetta efni geymdi Jón í skúr bak við húsið nr. 28 við Laugaveg, en um mánaðamótin september og október s.l. ljet Jón Sofus kaupa fyrir sig bruggunaráhöld á sama stað og hann hafði áður keypt bruggunaráhöldin handa Guðmundi. Þessi bruggunaráhöld settu þeir niður á loftinu heim hjá Jóni og bruggaði Sofus síðan úr þessum þrem fyrnefndu dunkum. Spiritusinn, sem þeir framleiddu þannig, mun hafa verið um 70—80 lítrar, sem Sófus eftir tilmælum Jóns, seldi sumt fyrir 24 kr. lítrann en sumt fyrir 20 kr. Mun Jón hafa fengið um 15 kr. fyrir hvern lítra, en hitt runnið í vasa Sofusar fyrir að annast bruggunina og selja spiritusinn. Spiritusblönduna, sem fanst hjá Jóni Jónssyni við húsrannróknina 27. sept. s.l., kveðst hann hafa fengið að gjöf frá Guðmundi Þorkelssyni, sem þó hefir ekki viljað kannast við það. Sofus Hansen hefir einnig játað að hafa skömmu eftir nýár s.l. vetur keypt nokkra lítra af spiritus af manni einum hjer í bænum og selt þann spiritus öðrum með hagnaði.

Bruggunaráhöldin, sem þeir Guðmundur Þorkelsson og Guðmundur Jónson notuðu á Bergstaðastræti 53 og áhöldin sem þeir Jón og Sofus notuðu á Laugaveg 28, hefir lögreglan tekið í sínar vörslur.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson voru í gæsluvarðhaldi frá 26. til 27. september s.l.

Jón Jónsson hefir 6. júní 1923 undirgengist í lögreglurjetti Reykjavíkur 500 króna sekt fyrir óleyfilegan innflutning áfengis og 23. apríl 1926 var hann í hæstarjetti dæmdur í þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3000 króna sekt, einnig fyrir óleyfilegan innflutning áfengis.

Guðmundur Jónsson hefir 24. nóvember 1926 undirgengist fyrir lögreglurjetti Reykjavíknr 400 króna sekt fyrir óleyfilega áfengissölu.

Guðmundi Þorkelssyni og Sofus Hansen hefir ekki áður verið refsað fyrir brot gegn áfengisbannslöggjöfinni.

Það er ekki upplýst í málinu, að Guðmundur Jónsson hafi tekið nokkurn þátt í sölu þess áfengis, sem hann bruggaði með Guðmundi Þorkelssyni, og verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi. Hinsvegar hefir hann með framangreindu framferði sínu brotið gegn banni 1. gr. laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 32 daga.

Brot þeirra Guðmundar Þorkelssonar, Jóns Jónssonar og Sofusar Hansen ber að áliti dómarans að heimfæra undir 1. gr. sbr. 3. gr. laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja og 9. gr. sbr. 14. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi.

Refsing þeirra Guðmundar Þorkelssonar og Sofusar Hansen, sem hafa bruggað og selt áfengi í atvinnuskyni, þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 30 daga og 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti þeir hvor um sig í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Refsing sú, sem Jón Jónsson hefir til unnið, þykir, með tilliti til fyrri brota hans og þess að bruggunin og salan er gerð í atvinnuskyni, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 48 daga.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson greiði hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Áfengið, efnið til bruggunar og bruggunaráhöldin, sem fundist hafa í vörslum kærðra, skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 30. mars 1928.

Nr. 51/1928. **Pjetur Oddsson** (Pjetur Magnússon)
gegn
O. Ellingsen (L. Fjeldsted).

Um sjóveðrjett.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. okt. 1925: Stefndur, Jón Guðmundsson, greiði stefnandanum, O. Ellingsen kr. 2662,76 með 5 % ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og kr. 221,50 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett í uppboðsandvirði vj./b. I. S. 404 »Barða« fyrir þessum upphæðum að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Vjelbáturinn Barði I. S. 404, er ræðir um í máli þessu, var seldur á nauðungaruppboði í Reykjavík í ágústmánuði 1924 og fjekk áfrýjandi Pjetur Oddsson uppboðsafsal fyrir bátnum 10. nóv. s. á. en á nauðungaruppboðinu hafði stefndi O. Ellingsen gert kröfu til þess að skuld bátsins til hans fyrir útteknum vörum að upphæð 2662 kr. 76 a. yrði greidd af uppboðsandvirðinu, þar sem henni fylgdi sjóveðrjettur í bátnum, en með því að þessu var mótmælt höfðaði stefndi mál á móti útgerðarmanni bátsins Jóni Guðmundssyni og lauk því máli svo fyrir sjódómi Reykjavíkur 14. okt. 1925, að Jón Guðmundsson var dæmdur til að greiða hina umstefndu upphæð 2662 kr. 76 a. ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og 221 kr. 50 a. í málskostnað, og var jafnframt ákveðið að stefndi ætti sjóveðrjett í uppboðsandvirði bátsins fyrir þessum upphæðum að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Þessum dómi hefir uppboðskaupandi bátsins skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 29. júní f. á. að

fengnu áfrýjunarleyfi útgefnu 3. s. m. og krafist þess að sjóveðrjetturinn verði feldur niður og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarjetti.

Stefndi hefir hins vegar krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína aðallega á því, að samningurinn um vöruúttektina til skipsins hafi verið gerður af þáverandi eiganda og útgerðarmanni bátsins Jóni Guðmundssyni, og hafi hann verið hjer staddur allan útgerðartíma bátsins, vetrar- og vorvertíðina 1924, eingöngu í því skyni að annast útgerð bátsins, en stefndi byggir kröfu sína um staðfestingu dómsins á því, að skipið hafi verið statt hjer utan heimilis síns, er úttektin átti sjer stað, að vörurnar, sem út hafi verið teknar, hafi allar gengið til útgerðar bátsins til fiskiveiða og að skipstjóri hafi annast úttektina, án þess að útgerðarmaður bátsins hafi verið við þá samninga riðinn, þótt hann væri hjer staddur.

Samkvæmt 236. gr. sbr. 53. gr. siglingalaganna má skipstjóri, þegar skip er utan heimilis síns, gera alla löggerninga, er snerta »framkvæmd ferðar hans« þann veg að sjóveðrjettur legst á skip og farm fyrir kostnaði þeim, er leiðir af slíkum löggerningum hans.

Skipið var nú að vísu statt utan heimilis síns meðan úttektin fór fram, en þetta er eigi nóg samkvæmt 53. gr. Löggerningur skipstjóra verður, samkvæmt hinum auðkendu orðum greinarinnar, ennfremur að snerta framkvæmd ferðar hans, en þetta getur ekki átt við bátinn. Bátur þessi fór frá Stykkishólmi 28. jan. 1924 til Reykjavíkur og var gerður út hjeðan allan tímann frá 28. jan. til 24. júní 1924 eða alla vetrar- og vorvertíðina. Og af málflutningnum hjer fyrir rjettinum og af því hvernig úttektinni var hagað má ráða að stefnda hafi verið kunnugt um að gera átti bát-

inn út hjeðan alla vetrar- og vorvertíðina. En þar sem svo var ástatt um bátinn, að hann er gerður út hjeðan allan þennan tíma, verður eigi sagt að úttektin hafi verið gerð til framkvæmdar einstakrar ferðar bátsins, heldur alment til útgerðar bátsins þetta tímabil, en til slíkrar úttektar gat skipstjóri ekki veðbundið bátinn á umræddan hátt. Verður stefnda þegar af þessari ástæðu ekki dæmdur sjóveðrjettur í bátnum, án þess að rannsaka þurfi hvort skipstjóri eða útgerðarmaðurinn hafi gert samninginn um úttektina.

Að öðru leyti á dómi sjórjettarins að vera óraskað.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað að öðru leyti en því, að sjóveðrjettur í vjelbátnum Barði I. S. 404 eða í uppboðsandvirði hans fyrir dómsupphæðunum fellur niður.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með samþykki stefnds, Jóns Guðmundssonar útgerðarmanns í Stykkishólmi, höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 5. júní þ. á. af O. Ellingsen, kaupmanni hjer í bænum og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sjer skuld, að upphæð kr. 2662,76 með 6 % ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins og aukatekjulögin, kr. 221,50. Ennfremur hefir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði í dóminum sjóveðrjettur sinn í uppboðsandvirði vjelarbátsins »Barða« I. S. 404, að svo miklu leyti, sem til hrekkur.

Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið í málinu og er stefnan þó löglega birt honum. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júni 1796. 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832. 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hin umstefnda skuld stafar af úttekt skipstjórans á framangreindum vjelarbát, sem stefndur átti og gerði út, hjá stefndum vetrar- og vorvertíðina 1924 og hefir skipstjórinn vottað á hina framlögðu reikninga fyrir úttektinni, að þeir sjeu rjettir. Reikningarnir voru sýndir og greiðslu krafist á upphæðum þeirra við þriðja og síðasta nauðungaruppboð á vj./b. »Barða« 8/9 1924 og stefndur hefir viðurkent skuldina 25. maí þ. á.

Verður því að taka kröfur stefnanda í málinu til greina að öllu öðru leyti en því, að vextirnir ákveðast 5 % p. a.

Mánudaginn 16. apríl 1928.

Nr. 1/1928. **Petrína Kristín Kristjánsdóttir** (Kalman)
gegn
Ingimundi Guðmundssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 6. des. 1927: Vinni kærandi, Petrína Kristín Kristjánsdóttir, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan fimtán daga frá löglbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan Ingimund Guðmundsson, á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember f. á. skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skírninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða mcðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds, ennfremur 20 krónur í málskostnað. Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af öllum kröfum kærandi í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, hefir krafist þess fyrir hæstarjetti,

aðallega að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól þ. 11. júlí f. á. og að hann verði dæmdur til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, en til vara, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur, þó með breytingu á tímabili því, er eiðurinn tekur til. Svo hefir og áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir báðum rjettum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í hæstarjetti, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði hafa báðir málsaðilar verið yfirheyrðir á ný í lögreglurjetti og hefir áfrýjandi í þeim framhaldsprófum leiðrjett fyrri framburð sinn í málinu á þá leið, að samfarirnar við stefnda, sem leiddu til getnaðar barnsins, hafi farið fram 1. október 1926 en ekki 30. eða 31. þess mánaðar, svo sem hún áður hafði sagt. Hefir hún í þessum prófum tilgreint atvik, er geri það að verkum, að hún muni það áreiðanlega, að samfarirnar hafi átt sjer stað þenna dag (1. okt.), og sömuleiðis hefir hún skýrt svo frá, að stefndi hafi komið til sín í tilgreindu húsi skömmu áður en eiðinn átti að vinna eftir lögreglurjettardóminum og sagst muna greinilega að samfarirnar hefðu farið fram þ. 1. október. Stefndi hefir í framhaldsprófum þessum kannast við það, að hann um þetta leyti hafi átt tal við áfrýjanda í húsi því, er hún hefir tilgreint og ekki treyst sjer til að mótmæla að áfrýjandi skýri rjett frá innihaldi samtalsins, en hann kveðst vera svo minnislaus, að hann alls ekkert muni hver orð hafi farið þeim á milli í þetta sinn.

Það verður nú ekki litið svo á, að stefndi hafi

með þessum framburði sínum viðurkent samfarirnar við áfrýjanda og verður því aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina. En hinsvegar eru nú framkomnar sterkar líkur fyrir því að stefndi hafi haft samfarir við áfrýjanda á þeim tíma, er hún hefir tilgreint í framhaldsprófunum og verður því að fallast á, að hjeraðsdómarinn hefir látið úrslit málsins vera komin undir fyllingareiði áfrýjanda. Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn, þó með þeirri breytingu, að tímabil það, er eiðurinn tekur til, ákveðst frá miðjum september til októbermánaðarloka 1926 og veitist áfrýjanda mánaðarfrestur til eiðvinningarinnar frá uppsögn dóms þessa að telja. — Ef áfrýjandi vinnur eiðinn á stefndi að greiða allan málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið flutt þar með gjafsókn, þar með talin málflutningslaun til talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, er ákveðast 100 kr.

Verði áfrýjanda hinsvegar eiðfall á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar. Fellur þá málskostnaður fyrir báðum rjettum niður og greiðist þá fyrgreint kaup talsmanns áfrýjanda af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Ef áfrýjandi Petrína Kristín Kristjánsdóttir innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að stefndi Ingimundur Guðmundsson hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá miðjum september til loka októbermánaðar 1926, skal stefndi teljast faðir sveinbarns þess, er áfrýjandi ól 11. júlí 1927, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfarar-

kostnað eftir yfirvaldsúrskurði og ennfremur allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, málflutningsmanns Björns P. Kalman 100 kr.

Verði áfrýjanda aftur á móti eiðfall skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar og fellur þá málskostnaður í báðum rjettum niður og kaup talsmanns áfrýjanda, 100 kr., greiðist af almannafje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 11. júlí s.l. ól ógift stúlka að nafni Petrína Kristín Kristjánsdóttir, Laugaveg 28 hjer í bænum, fullburða sveinbarn, sem var skírt 27. s. m. og hlaut nafnið Ágúst. Nefndi móðirin þá föður að því Egil nokkurn Jóhannsson, fyrri barnsföður sinn. Þegar skírnin fór fram var kærandi enn þá veik eftir barnsburðinn og nokkrum dögum síðar veiktist hún af barnsfararsótt og var flutt á Landkotsspítala 2. ágúst s.l. fyrir þá sök. Gerði hún þá boð eftir presti þeim, sjera Bjarna Jónssyni, dómkirkjupresti, sem skírt hafði barnið, og bað hann að koma til viðtals við sig. Hann gerði það og skýrði hún honum þá frá, að hún hefði sagt rangt til um faðernið, kvaðst hún ekki mega til þess hugsa að deyja frá barninu og hafa ekki sagt satt um það, hver væri faðir þess. Kvað hún hinn rjetta föður vera kærðan í þessu máli, Ingmund Guðmundsson, Bókhlöðustig 6 hjer í bænum og bað prestinn að innfæra hann sem föður í kirkjubækurnar og gerði hann það. Kærður hefir ekki viljað kannast við faðernið, sáttatilraun hefir reynst árangurslaus og því er mál þetta eftir kröfu kærandi höfðað gegn honum. Hefir hún gert þær kröfur, að kærður verði dæmdur faðir sveinbarnsins, til að greiða sjer meðlag með því og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds, ennfremur málskostnað eftir mati rjettarins.

Framburður kærandi er á þá leið, að hún hafi þekt kærðan og fjölskyldu hans talsvert lengi undanfarið. Hún kveðst því nokkrum sinnum hafa komið í húsið nr. 6 við Bókhlöðustig, þar sem hann býr, og kvöldið 30. eða 31. október f. á. kveðst hún hafa verið heima hjá honum og hafa haft samræði við hann í herbergi hans. Eftir það kveðst hún ekki hafa haft samræði við hann fyr en eftir jólin, og kveður hún það samræði hafa átt sjer stað í herbergi heima hjá sjer í húsinu Grettisgöttu 22 D. Kveður hún barnið hljóta að vera ávöxt fyrra samræðisins, því hún hafi ekki haft holdleg mök við nokkurn annan karlmann í alt fyrra haust og allan síðastliðinn vetur. Hún kveður kærðan hafa komið til sín 23. júlí s.l. og þá sagt við sig, að vel gæti átt sjer stað að hann væri faðir barnsins, en það mætti undir engum kringumstæðum komast upp, og lofaði hann kærandi að greiða henni sængurlegukostnað og hóflega framfærslu með barninu ef hún gæfi upp annan barnsföður t. d. Egil Jóhannsson, fyrri barnsföður kærandi. Hún kveðst hafa verið mikið veik er þetta gerðist og þótt henni væri það mjög á móti skapi, ljet hún samt tilleiðast af istöðuleysi og fyrir áeggjan og gyllandi loforð kærðs, að lýsa Egil Jóhannsson barnsföður. Kærður fór svo til prestsins til að biðja hann að skíra barnið, kærandi lýsti Egil föður við skírnina, eins og fyr segir, en kærður greiddi skírnarkostnaðinn.

Kærður heldur því fram að þessi framburður kærandi sje í flestum atriðum rangur. Hann hefir eindregið neitað því, að hann hafi haft samræði við kærandi. Hann kveðst hafa verið búinn að heyra það utan að sjer, en hefir þó ekki getað tilgreint sögumann, að hann væri tilnefndur faðir barnsins, og kveðst því hafa haft orð á því við kærandi, en hún þá sagt sjer að Egill væri faðir þess. Hann neitar því eindregið að hafa hvatt kærandi til að gefa Egil Jóhannsson upp sem föður. Hinsvegar játar hann að vera kunnugur kærandi og vill ekki neita því að hann kunni að hafa komið heim til hennar á Grettisgötu 22 D og hún heim til sín. Hann hefir viðurkent að hafa gefið kærandi talsvert af peningum bæði fyrir og eftir barnsburðinn, en ekki kveðst hann muna hve mikið. Hann játar einnig að hafa beðið prestinn að skíra barnið og að hafa greitt skírnarkostnaðinn. Kveðst kærður hafa sjeð um skírn barnsins og gefið kærandi peningana í gustukaskyni. Ekki hefir hann getað bent á neinn karlmann, sem líkur sjeu

til að hafi verið með kærandi og haft mök við hana á getnaðartímanum.

Dómarinn verður nú að líta svo á að nokkrar líkur sjeu framkomnar fyrir því að framburður kærandi sje sannur. Liggja þau rök til þess, að kærður kveðst hafa heyrt að hann væri nefndur faðir barns kærandi og heimsækir hana til að ræða þetta við hana, án þess að hann geti nokkra grein gert fyrir því, hver hafi sagt honum þetta, hann gefur kærandi peninga, bæði fyrir barnsburðinn og eftir, hann sjer um skírn barnsins og greiðir kostnaðinn, án þess að hann hafi nokkra sennilega grein getað gert fyrir því, hvers vegna hann hafi gert það. Þar sem kærandi og kærður eru ekki sammála um málsatvikin og úrslit málsins verða að vera komin undir eiði annarshvors málsaðila, verður dómarinn samkvæmt því er að framan segir að telja það rjettara að þau verði látin vera komin undir fyllingareiði kærandi, þannig, að vinni hún eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, á tímabilinu 15. október til 15. nóvember f. á., skal kærður, Ingimundur Guðmundsson, teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skírninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds og kr. 20,00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfu hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. apríl 1928.

Nr. 11/1928. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Karli Jónssyni (L. Fjeldsted).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. jan. 1928: Kærður Karl Jónsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð

innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga. Ennfremur skal kærður sviftur leyfi til að aka bifreið næstu 6 mánuðina frá 20. nóv. s.l. að telja. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært afbrot kærða undir 5., 6. og 7. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 og 48. og 49. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur 19. apríl 1919 og þykir með skírskotun til þess, sem tekið er fram í lögreglurjettardóminum, hæfilegt að ákveða refsinguna 200 kr. sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærði sviftur leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá 20. nóv. 1927 að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Karl Jónsson, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærði sviftur leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá 20. nóv. 1927 að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna

Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Karli Jónssyni bifreiðarstjóra, Bræðraborgarstíg 8 B, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Um kvöldið 20. nóbr. s.l. kveðst kærður hafa tekið upp hjá sjer heilflösku af portvíni, er hann átti geymda heima hjá sjer, og drukkið úr henni ca. 1/4 líter. Liðu svo nokkrar mínútur þar til kærður ákvað að taka bifreið þá, sem hann ekur, R.E. 174 og fara í henni suður í Suðurpól til bróður síns, sem býr þar. Var þá kærður orðinn talsvert undir áhrifum víns, ók hann svo að heiman eftir Vesturgötunni með um 30 km. hraða eftir því sem hann sjálfur segir, en er hann kom á móts við verslun Geirs Zoëga kveðst hann hafa hægt ferðina niður undir 20 km., kveður hann þar hafa verið hvarf á veginum vinstramegin og hafi hann litið þangað, en hafa gleymt að athuga hvað fyrir framan hann var og ók þannig inn í hægri hluta vegarins og rakst á bifreið, sem þar var og braut hana allmikið, einnig braut kærður hægra framhjólið á sinni bifreið og eyðilagði aurbrettið alveg.

Kærður hefir komist að samkomulagi við eiganda bifreiðarinnar sem hann rakst á.

Í málinu hafa verið leidd tvö vitni, maður sem var staddur á Vesturgötunni, er kærður fór þar fram hjá, og bifreiðarstjórinn í bifreiðinni sem kærður rakst á. Maðurinn sem staddur var á Vesturgötunni kveður bifreiðina hafa farið með minst 30—35 km. hraða og báðum kemur vitnunum saman um að kærður hafi verið drukkinn.

Kærður hefir 15/6 1926 undirgengist fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur, 50 króna sekt fyrir að aka bifreið ölvaður. Frekari refsingu hefir hann ekki sætt svo vitanlegt sje.

Með þessu framferði sínu hefir kærður að áliti rjettarins brotið gegn ákvæðum 5., 6. og 7. gr. bifreiðarlaganna og 48. og 49. gr. lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík.

Refsing sú, er kærður hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin 100 kr. sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga. Með tilliti til þess að kærður var ölvaður og ók mjög hart og ógætilega á einni af fjölförnustu götum bæjarins svo verulegt slys hlaust af, þykir rjett að svifta hann leyfi til að aka bifreið í næstu 6 mánuði frá 20. nóv. s.l. að telja.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. apríl 1928.

Nr. 3/1928. **H.f. Bakki**
gegn
Sigmundi Jóhannssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h.f. Bakki, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo greiði hann og stefnda, Sigmundi Jóhannssyni, er látið hefir mæta í málinu, 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1928.

Nr. 109/1927. **Einar Benediktsson f. h. British North Western Syndicate**
gegn
K. Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Benediktsson f. h. British North Western Syndicate, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóð, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudagiun 30. apríl 1928.

Nr. 111/1927. **Helgi Benediktsson f. h. Versl.fjel. Vestmannaeyja**
gegn
Ásgeir Guðmundssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.[1])

---

[1]) S. d. var í málum sama áfrýjanda, nr. 112., 113., 114., 115 og 116 frá 1927, gegn Ólafi Bjarnasyni, Runólfi Sigfússyni, Jóni Jónssyni, Halldóri Jónssyni og Gísla Gíslasyni, uppkveðinn samhljóða dómur í hverju máli fyrir sig.

Miðvikudaginn 2. maí 1928.

Nr. 18/1928. **Valdstjórnin** (B. Þ. Johnson)
gegn
Hinrik Thorarensen (L. Fjeldsted).

Ólögleg afgreiðsla læknis á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðar 8. des. 1927: Kærður, Hinrik Thorarensen, læknir, Siglufirði, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð og allan löglegan kostnað af máli þessu, en sje að öðru leyti sýkn af frekari kröfum valdstjórnarinnar í þessu máli.

Ef hin ídæmda sekt greiðist eigi innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Gegn eindreginni neitun kærða þykir það ekki sannað í máli þessu, að hann hafi látið af hendi kognak það, er ræðir um í málinu, án þess að fullvissa sig um þörf beiðanda á því til lækninga. Hinsvegar hefir kærði vanrækt að rita fyrirsögn um notkunina á ílát áfengisins og vanrækt að halda eyðslubók um áfengi og vín, er hann hefir látið úti.

Með þessu hefir hann brotið ákvæði 3. gr., síðasta lið og 4. gr. b. í reglugjörð um sölu áfengis til lækninga nr. 59, 1. júlí 1925, og þykir refsingin fyrir brot þessi hæfilega ákveðin af undirdómaranum samkvæmt 17. gr. laga nr. 15 um aðflutningsbann á áfengi 8. júní 1925, 500 kr. sekt í ríkissjóð. Þar sem einnig má samþykkja ákvæði dómsins um vararefsinguna og málskostnað ber að samþykkja hann.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hinrik Thorarensen, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Hinrik Thorarensen lækni, Siglufirði, fyrir að hafa gerst brotlegur gegn lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 15, frá 8. júní 1925, og reglugjörð um sölu áfengis til lækninga, nr. 59, frá 1. júlí 1925, með því að hafa selt hálfflösku af cognac til þriggja nafngreindra manna, og hvorki skrifað notkunarforskrift á áfengisílátið, nje haldið eyðslubók yfir útilátið áfengi.

Kærður viðurkennir að hafa látið umrætt áfengi til 3ja nafngreindra manna, hálfflösku af cognac til hvers, en að hann hafi látið áfengið, sem læknislyf og að hann að því leyti hafi alls ekki gerst brotlegur gegn lögum nr. 15/1925 um aðflutningsbann á áfengi, þar eð hann áður hafi fullvissað sig um þörf þeirra á áfenginu sem læknislyf.

Áfengið ljet læknirinn úti þannig að aðeins hann sjálfur, og sá, sem áfengið fjekk voru viðstaddir í hvert skifti. Tveir af þessum mönnum hafa borið að ekkert hafi verið talað um að áfengið væri látið sem læknislyf, nje talað um sjúkdóma í því sambandi við afhending áfengisins, og einn þeirra kveður læknirinn hafa verið eitthvað að segja, er hann hafi ekki skilið. Enda þótt að framburður þessara manna bendi á með nokkrum líkum að áfengið hafi ekki verið látið af hendi sem læknislyf, þá verður slikt gegn eindregnum mótmælum og neitnunum kærðs, sem fyrir rjettinum hefir gefið rökstuddar skýrslur um ástæður þær, er hafi verið fyrir hendi fyrir því að menn þessir fengu úti látið áfengi, sem læknislyf, ekki

talið sannað og ber því að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar að þessu leyti.

Hinsvegar hefir kærður játað fyrir rjettinum að hafa ekki látið forskrift á áfengislátið um notkun áfengisins, sem lyfs og að hafa ekki haldið eyðslubók yfir úti látið áfengi, að því er fyrra atriðið snertir færir kærður sjer til afsökunar, að hann sje ekki vanur að skrifa notkunarreglur á meðalalátið, þótt um önnur meðul sje að ræða — að undanteknu eitri — heldur segi hann þeim, er meðalið fái, hvernig nota skuli meðalið.

Þessa afsökun er þó ekki hægt að taka til greina. Með tjeðri reglugjörð nr. 59/1925, 3. gr. síðasta lið, er fyrirskipað, að á látt hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi eftir lyfseðli skuli jafnan rita sjálfa forskriftina, og full lögjöfnun er fyrir hendi til þess að telja slíkt skylt, þótt áfengið sje úti látið af lækni án lyfseðils, af því að hlutaðeigandi læknir hafi leyft til sjálfur að láta lyf af hendi. Er þetta því brot á tjeðri grein reglugjörðarinnar. Þá er það og auðsætt, að kærður hefir brotið 4. gr. b. tjeðrar reglugjörðar með því að halda ekki eyðslubók yfir úti látið áfengi.

Kærður hefir áður eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera.

Brot kærðs heyrir að áliti dómarans undir reglugjörð um sölu áfengis til lækninga, nr. 59, frá 1. júlí 1925, 3. gr. síðasta lið og 4. gr. b., sbr. 17. gr. laga um aðflutningsbann nr. 15/1925, að því er snertir refsingar fyrir brot á sjálfri reglugjörðinni og álíst sektin hæfilega ákveðin 500 kr., er greiðist í ríkissjóð, en verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi. Svo greiði og kærður allan af máli þessu löglega leiddan kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 4. maí 1928.

Nr. 92/1927. **H.f. Alliance** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ingvari Guðjónssyni (Pjetur Magnússon).

Skaðabætur útaf árekstri skipa.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 7. maí 1927: Stefnd, stjórn h/fj. »Alliance«, þeir Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson og Halldór Kr. Þorsteinsson, greiði fyrir fjelagsins hönd stefnandanum, Pjetri Magnússyni f. h. Ingvars Guðjónssonar kr. 7200,00 með 5 % ársvöxtum frá 1. ágúst 1925 til greiðsludags og kr. 200,00 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða sjórjettardómi gaf skipstjórinn og skipshöfnin á Noreg sjóferðaskýrslu um áreksturinn fyrir rjetti á Siglufirði, þ. 3. ágúst 1925 fyrir sjórjetti og þ. 19. s. m. fyrir gestarjetti. En um hvorugt þetta rjettarhald var áfrýjandi aðvaraður og enginn mætti þar af hans hálfu. Sökum þessa galla og vegna þess, að síðara rjettarhaldið, er skipshöfnin á Noreg eiðfesti sjóferðaskýrsluna, fór þar að auki heimildarlaust fram í gestarjetti Siglufjarðarkaupstaðar í staðinn fyrir í sjórjetti, getur sjóferðaskýrsla þessi, er mótmælt hefir verið bæði í undirrjetti og fyrir hæstarjetti, ekki haft sönnunargildi gagnvart áfrýjanda sem eiðfest skýrsla. Hinsvegar er það viðurkent af báðum aðiljum, að skipið Noreg var á stjórnborða við Jón Forseta meðan skipin nálguðust hvort annað og þegar áreksturinn átti sjer stað, og skemdir þær, er urðu á skipinu Noreg, og aðilar eru sammála um hverjar hafi verið, benda ótvírætt til þess, að það hafi verið Jón Forseti, er sigldi á

bakborðs hlið Noregs. Gegn þessum staðreyndum, er koma heim við dagbókarútdrátt Noregs, hefir áfrýjanda ekki tekist að sanna að afstaða skipanna meðan þau nálguðust hvort annað hafi verið þannig að Noreg hafi borið að víkja samkvæmt 24. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna. Og með því Noreg var á stjórnborða við Jón Forseta bar hinum síðarnefnda samkvæmt 19. sbr. 21. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna að víkja, og verður því, svo sem sjódómurinn hefir gert, að líta svo á, að Jón Forseti eigi alla sök á árekstrinum og að eigendum hans beri því að bæta stefnda alt það tjón, er af árekstrinum hlaust.

Svo sem tekið er fram í sjórjettardóminum útnefndi sjórjettur Siglufjarðarkaupstaðar 3. ágúst 1925 tvo menn til þess að skoða skipið Noreg og meta bætur fyrir skemdir á því út af árekstrinum. Framkvæmdu hinir útnefndu matsmenn skoðunar- og matsgjörðina og staðfestu hana með eiði í aukarjetti Siglufjarðar 21. sept. 1925. Útnefningu matsmannanna og staðfestingu matsgjörðarinnar hefir að vísu ekki verið áfrýjað sjerstaklega, en þar sem áfrýjandi var eigi aðvaraður um hvenær útnefningin færi fram, honum eigi gefinn kostur á að vera viðstaddur eða láta mæta fyrir sig þegar matið fór fram nje heldur stefnt til að vera viðstaddur og gæta rjettar síns þegar matsgjörðin var staðfest, og þar sem ennfremur staðfesting gjörðarinnar fór ranglega fram í aukarjetti í staðinn fyrir í sjórjetti og matsgjörðin auk þessa er alsendis ósundurliðuð og órökstudd, þá er ekki með henni fengin sönnun fyrir upphæð þessara skaðabóta. Verður rjetturinn að svo vöxnu máli að meta bæturnar fyrir skemdir þessar og með hliðsjón af upplýsingum þeim, er áfrýjandi hefir útvegað eftir að dómur gekk í hjeraði og lagðar hafa verið fyrir hæstarjett svo og

eftir öðru, sem fram er komið um þetta við flutning málsins í hæstarjetti, þykir hæfilegt að meta bæturnar fyrir skemdirnar 3400 kr.

Svo bera stefnda einnig bætur fyrir tafir skipsins frá síldveiðunum og má fallast á, að sjórjetturinn hefir metið þær 600 kr.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals 4000 kr. skaðabætur með 5 % ársvöxtum, er teljast frá dagsetningu sjódómskærunnar eða 19. febr. 1926.

Málskostnaðarákvæði sjórjettardómsins má staðfesta, en samkvæmt framangreindum úrslitum og ástæðum málsins þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda 200 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti

Eins og vikið er að hjer að framan, hefir meðferð málsins á Siglufirði verið mjög ábótavant og verður ekki komist hjá að víta þetta.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, h.f. Alliance, greiði stefnda Ingvari Guðjónssyni 4000 kr. skaðabætur með 5 % ársvöxtum frá 19. febr. 1926 að telja.

Málskostnaðarákvæði sjórjettardómsins skal óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda 200 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 19. febrúar 1926 af Pjetri Magnússyni, hrm. f. h. Ingvars Guðjónssonar, kaupmanns á Akureyri, eiganda e/s. »Noreg«, gegn stjórn h/fj. »Alliance«, þeim framkvæmdarstjórunum Jóni

Ólafssyni og Jóni Sigurðssyni og Halldóri Kr. Þorsteinssyni fyrv. skipstjóra, öllum hjer í bæ f. h. nefnds fjelags sem eiganda b/v. »Jóns Forseta« og hefir stefnandi krafist þess, að stefndir verði f. h. fjelagsins dæmdir til þess að greiða sjer 8000 króna skaðabætur fyrir skemdir á skipinu »Noreg« er urðu við árekstur milli þess og b/v. »Jóns Forseta« hinn 30. júlí 1925, og þar af leiðandi tafar frá fiskiveiðum, ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. ágúst 1925 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati sjódómsins.

Stefndir hafa krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 30. júlí 1925 fór e/s. »Noreg« út frá Siglufirði á síldveiðar í góðu og björtu veðri og stefndi í átt til Grímseyjar. Er það var ca. 4—5 kvartmílur SV af Grímsey með stefnu í NA eða NA til A kom b/v. »Jón Forseti« bakborðsmegin við það með stefnu í A eða SA. Rákust skipin á þannig, að stefni eða bógur »Jóns Forseta« lenti á bakborðssíðu »Noregs«, aftar en miðskips, og dældaði bakborðshliðina á tveimur stöðum, mölbraut nótabát skipsins og beygði ytri brún bátadekksins. Sneri »Noreg« nú aftur til Siglufjarðar til þess að fá sjer nýjan nótabát og tafðist við það frá veiðum í ca. 10 kl st.

Í málinu er ágreiningur um það, hvort skipanna eigi sök á árekstrinum. Telur hvor aðilja um sig skipi gagnaðiljans vera um hann að kenna. Skipstjórinn á »Noreg« ljet fara fram sjópróf út af slysinu í sjórjetti Siglufjarðar þegar hinn 3. ágúst 1925, og síðan framhaldssjópróf hinn 19. ágúst s. á. Var það samhljóða framburður skipstjóra, stýrimanns og tveggja háseta á skipinu og unnu þrír hinir síðastnefndu eið að þeim framburði sínum, að »Jón Forseti« hafi stefnt á »Noreg« þveran á bakborða og verið á ferð er árekstur-inn varð.

Skipstjórinn á »Jóni Forseta« ljet ekki fara fram neitt sjópróf út af árekstrinum enda sakaði skip hans ekki. Í máli þessu hefir hinsvegar verið lagður fram dagbókarútdráttur skipsins frá 30. júlí 1925, undirritaður af skipstjóra og hafa stýrimaður, vjelstjóri og bátsmaður skipsins staðfest hann í öllum aðalatriðum hjer fyrir rjettinum. Kveða þeir »Jón Forseta« hafa kastað fyrir síld um morguninn en ekkert fengið, lagt þá að bátnum og stýrt í A með hægustu ferð, hafi þá »Noreg« komið með fullri ferð stýrandi í NA til A og rent

aftan frá inn í bóginn á »Jóni Forseta«, sem þá hafi verið búinn að stöðva ferðina vegna árekstrarhættunnar. Telja þeir sökina liggja hjá »Noreg« þar eð því skipi hafi borið að víkja fyrir »Jóni Forseta« sem hafi verið á fiskiveiðum.

Rjetturinn verður nú samt sem áður að líta svo á, eftir upplýsingum þeim sem fyrir liggja, að samkvæmt almennum siglingarreglum hafi »Jón Forseti« átt að víkja fyrir »Noreg« með því að eigi verður talið að hann hafi verið að veiðum þar sem hann var á ferð með báða báta við bakborðshlið eins og skipstjóri viðurkennir sjálfur í skýrslu sinni. Verður því að telja »Jón Forseta« eiga sök á árekstrinum og ber þá eigendum hans að hæta stefnanda tjón það er af honum hlaust.

Skipstjórinn á »Noreg« fjekk 2 menn útnefnda í sjórjetti Siglufjarðar 3. ágúst 1925 til þess að meta skemdir þær, er urðu á skipi hans við árekstrinn, og mátu þeir tjónið 6600 krónur. Staðfestu þeir mat þetta með eiði í aukarjetti Siglufjarðar 21. september s. á. Gerir stefnandi kröfu til þess að fá tildæmda þessa upphæð auk 1400 króna fyrir tafir skipsins í 10 kl.st. frá fiskiveiðum. Hafa stefndir mótmælt upphæðum þessum sem of háum og matinu auk þess sem markleysu, þar sem þeim hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddir er það fór fram, og gæta rjettar síns.

Rjetturinn fær nú ekki sjeð að það hnekki hinni staðfestu matsgjörð þótt stefndir ættu ekki kost á að vera viðstaddir, þar sem því er ekki mótmælt að skemdir þær, er matsgjörðin fjallar um, hafi hlotist af völdum árekstrarins. Og þar sem stefndir hafa ekki látið fara fram yfirmat á tjóninu og hafa ekki á annan hátt sannað í málinu hve mikilli upphæð tjónið hafi numið, þá verður að leggja matsupphæðina til grundvallar og tildæma stefnanda hana.

Að því er snertir kröfu stefnanda um bætur fyrir tafir frá fiskiveiðum þá þykir sjórjettinum þær nægilega hátt ákveðnar, eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, 600 krónur.

Niðurstaða málsins hjer í rjettinum verður því sú, að tildæma stefnanda kr. 7200,00 með vöxtum sem ekki verða tildæmdir hærri en 5 % gegn mótmælum stefndra. Svo ber stefndum og að greiða málskostnað sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Mánudaginn 7. maí 1928.

Nr. 16/1928. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Friederich Strehlau (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 23. jan. 1928: Kærði Friederich Strehlau á innan mánaðar að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 sem rennur í Landhelgissjóð Íslands, en sæta sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Friedrich Ludwig« P. G. 180 frá Geestemünde vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. — Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, er ákveðast 60 kr. handa hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Friederich Strehlau, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmann-

anna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það má telja sannað í máli þessu með skýrslu skipherrans á varðskipinu »Óðni« og framburði kærða sjálfs, að hann, Friederich Strehlau, fæddur 5. september 1889, var árdegis hinn 22. þ. m. að toga á landhelgissvæðinu austan við Vík í Mýrdal, á skipi sínu togaranum P. G. 180 »Friedrich Ludwig« frá Geestemünde.

Kærði hefir fært fram sjer til málsbóta að hann hafi ekki álitið landhelgislínuna á þessu svæði vera þar sem skýrsla skipherra varðskipsins og uppdráttur þess bera með sjer, heldur verið þeirrar skoðunar að miða ætti við fjarlægð frá sjávarströndinni á þessu svæði. Hafi því ekki vísvitandi brotið gegn lögunum. Þessi afsökun getur þó ekki orðið tekin til greina honum til sýknunar heldur verður dómarinn að líta svo á að kærði hafi með þessu gerst brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5, 18. maí 1920, og með tilliti til þess að hjer er um fyrsta brot hans á lögum þessum að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi 100 kr. er 82,06 gullgrónur, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00, sem greiðist innan mánaðar og renna í Landhelgissjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli í áðurnefndum togara, vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 9. maí 1928.

Nr. 14/1928. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ingvari Benediktssyni (B. P. Kalman).

Dragnótaveiði í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. jan.

1928: Kærður Ingvar Benediktsson greiði 500 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Svo greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í hæstarjetti hefir hinn skipaði sækjandi lagt fram sjókort, þar sem staður duflsins frá gufubátnum Fjölnir er markaður nokkuð fyrir utan landhelgislínuna í stað þess að staðarákvörðun foringjans á varðskipinu Óðinn sýndi það, að duflið hefði verið á landhelgislínunni, en þetta stafar aðallega af því, að á þessu sjókorti er landhelgislínan dregin nokkru nær landi en á sjókortum þeim, er varðskipin nota, en á þeim er landhelgislínan mörkuð af sjókortastofunni í Kaupmannahöfn og kortin staðfest af sjóliðsráðuneytinu danska. Þar sem ætla verður að landhelgislínan sje mörkuð á þessi kort með fullkominni nákvæmni, verður sýkna hins kærða ekki bygð á umgetinni staðarákvörðun.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í forsendum hans, að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar, telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ingvar Benediktsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Björns P. Kalman, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ingvari Benediktssyni, skipstjóra á gufubátnum »Fjölnir« R.E. 271, til heimilis á Kárastíg 13 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar nr. 57 frá 11. júlí 1923, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Þeir Þorbergur Guðmundsson, formaður á varðbátnum »Trausta«, Þórarinn S. Guðmundsson, stýrimaður á sama bát og Sigurður Ólafsson vjelarmaður, einnig á sama bát, hafa 8. september s.l. í máli þessu gefið í lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu svohljóðandi skýrslu: »Þann 22. júlí þ. á., kl. 2, f. m. vorum við staddir á varðbátnum »Trausta« Þórðarfellshalann grynnri á Hólmbergstá og Skiphól mitt á milli Jaðars og barnaskólans, var þá gufubáturinn »Fjölnir« R.E. 271, að okkar áliti inni í landhelginni að fiska með dragnót (snurrivoð) þar sem hann komst, með nótina frá okkur að sjá í stefnu á mitt Hólmberg á að giska í cirka 1000 faðma fjarlægð frá okkur.

»Fjölnir« hafði sett niður bauju Súlu alla upp á Hólmberg og Skiphól skamt við Goodtemplarahúsið í Gerðum, og frá þeirri bauju lagði hann nótina til lands að okkar áliti í stefnu á Gerða«. Þessa skýrslu staðfestu ofannefnd vitni með eiði í rjettinum.

Hinn 23. ágúst s.l. fór varðskipið »Óðinn« á staðinn. Fóru þeir með í þessa ferð Þorbergur Guðmundsson og Þórarinn S. Guðmundsson, sem fyr eru nefndir. Vísuðu þeir á miðin »Þórðarfellshalann grynnri á Hólmbergstá og Skiphól mitt á milli Jaðars og barnaskólans«. Nákvæmlega á þessum miðum tók varðskipið þessa staðarákvörðun:

Vífilsfell
< 37°,12″
Gerðatangaviti
< 93°,20″
Garðskagaviti

og sýndi það að staður varðbátsins »Trausta« hefir verið 0,25 s.m. utan landhelgislínunnar. Síðan fór varðskipið á miðin þar sem vitnin skýrðu frá að e/s. »Fjölnir« hefði sett bauju sína, en það var »Súlu alla upp á Hólmbergstá og Skiphól skamt vestan við Goodtemplarahúsið í Gerðum«. Þar var gerð eftirgreind staðarákvörðun:

Vífilsfell
< 38°,10″
Gerðatangaviti
< 103°,40″
Garðskagaviti

Sýndi þessi staðarákvörðun, að baujan hefir verið á landhelgislínunni. Kemst varðskipsforinginn því að þeirri niðurstöðu, að kærður hafi kastað dragnótinni og dregið algjörlega innan við landhelgislínu hið umrædda skifti, því vitnin skýra öll svo frá eins og áður er sagt, að kærður hafi lagt nótinni til lands í stefnu á Gerða.

Kærður kannast við það, að hann hafi verið að veiðum með dragnót á umræddum slóðum dagana 21. og 22. júlí s.l. Kveðst hann hafa sett niður bauju miðjar Súlur á Hólmbergstá og Garðskagaviti misvísandi vestur. Kveðst hafa tekið staðarákvörðun og hafi staðurinn mælst sjer vel frítt við landhelgislínuna. Varðbátinn »Trausta« kveðst hann hafa sjeð rjett hjá þeim um kvöldið 21. júlí, en um nóttina (þ. e. 22. júlí) kom hann alveg til þeirra, og formaðurinn talaði þá til kærðs og benti honum á, að hann væri að fiska innan við landhelgislínu. Skipaði hann kærðum að færa sig, að öðrum kosti kvaðst mundi kæra hann. Kærður kveðst ekki hafa talið sig vera innan við landhelgislínuna og því hafa haldið áfram að fiska.

Eins og að framan er sagt, er enginn ágreiningur að ráði milli kærðs og vitnanna um stað baujunnar, en kærður telur misfellurnar í framburði vitnanna liggja í því, að hann hafi ekki, eins og þau halda fram, kastað til lands frá baujunni heldur með fram landhelgislínunni þ. e. í misvísandi norðvestur.

Þennan framburð kærðs verður ekki unt að taka trúan-

legan, þar sem hann kemur í bága við eiðsvarinn framburð þriggja vitna. Það verður ekki hjá því komist að telja það nægilega sannað, að kærði hafi verið að fiskveiðum með dragnót innan við landhelgi 22. júlí s.l. á hinum umræddu slóðum. Með þessu framferði hefir kærður brotið gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar nr. 57 frá 11. júlí 1923, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin samkv. 4. gr. hennar 500 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Mánudaginn 14. maí 1928.

Nr. 10/1928. **Rjettvísin og valdstjórnin**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Halldóri Einarssyni (St. Jóh. Stefánsson).

Ólöglegur bifreiðarakstur sem mannsbani hlaust af.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 21. jan. 1928:

Ákærður, Halldór Einarsson, sæti einföldu fangelsi í tvo mánuði og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hjer í rjettinum, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrm.

Auk þess skal ákærður sviftur ökuskírteini í eitt ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Fullnustu hinnar ídæmdu fangelsisrefsingar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er taldar eru hinum áfrýjaða dómi, verður að dæma ákærða sekan um

brot á 200. gr. almennra hegningarlaga samfara brotum á 6., 7. og 8. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 um notkun bifreiða svo og á 49. og 51. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur og telst hegningin hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi.

Málavextir eru ekki þeir, að ástæða sje til þess að ákveða að fullnustu refsingarinnar skuli fresta samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviftingu ökuskírteinis svo og um málskostnað í hjeraði standi óröskuð.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti tveggja mánaða einföldu fangelsi.

Ennfremur skal ákærði sviftur ökuskírteini um eitt ár frá 24. janúar þ. á. að telja.

Um málskostnað í hjeraði skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer fyrir rjettinum, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Halldóri Einarssyni, bifreiðarstjóra, Þingholtsstræti 8, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56/1926, lögreglusamþyktarinn-

ar fyrir Reykjavik frá 19. apríl 1919 og 17. kap. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 27. október síðastl. vildi það slys til, að maður að nafni Jón Bergsson, bóndi á Dufþekju í Hvolhreppi, varð fyrir bifreiðinni RE. 70, sem ákærður í þessu máli ók á Fríkirkjuveginum, móts við norðurenda Kvennaskólans. Jón Bergsson varð alveg undir bifreiðinni og var dreginn undan henni mjög mikið meiddur og fluttur á Landkotssjúkrahús, þar sem hann andaðist kl. 5 morguninn eftir. Líkskurður var gerður á honum 29. s. m. og komust læknarnir, sem líkskurðinn gerðu að þeirri niðurstöðu »að dauðaorsökin hefir verið brot á vinstri mjöðm, með stórri innvortis blæðingu frá beinbrotinu, auk þess brot á fjölda rifja og allstór blæðing á hálsi að framan niður í brjósthol«.

Ákærður hefir sjálfur skýrt frá tildrögum þessarar ákeyrslu þannig, að hann hafi nálægt kl. 9 síðd. 27. oktbr. ekið norður Fríkirkjuveg á bifreiðinni RE. 70, og var hann einn í bifreiðinni. Hann kveðst hafa ekið vinstra megin á götunni með ca. 15—16 km. hraða. Ákærður kveðst þá hafa sjeð að ca. 3 bifreiðarlengdum fyrir framan hann á veginum kom maður gangandi móti honum. Hann kveðst hafa haft full ljós og hafa sjeð manninn glögt. Þegar eftir voru ca. 2 bifreiðarlengdir á milli þeirra, kveðst hann hafa aðvarað manninn með því að flauta og bjóst við því, að hann mundi víkja á austurhelming götunnar, jafnframt kveðst ákærður hafa vikið sjer meira til vinstri og haldið áfram með sama hraða og áður. En í stað þess að maðurinn viki til austurs, vjek hann enn þá lengra að tjörninni og kveður ákærður hann hafa stefnt á miðja bifreiðina. Kveðst ákærður þá hafa sett bæði fót- og handhemlana á bifreiðina, en þá var hún komin svo nálægt manninum, að þrátt fyrir það, rann hún áfram, að hann heldur hálfa lengd sína, þar til hún stöðvaðist og var þá maðurinn kominn undir bifreiðina. Eins og fyr er frá sagt dró kærður manninn undan bifreiðinni ásamt mönnum, sem komu að og hjálpuðu honum til þess, og var maðurinn síðan fluttur á sjúkrahúsið eins og fyr segir.

Í máli þessu hafa verið leidd nokkur vitni og kemur framburður þeirra, sem sáu hvernig slysið vildi til, ekki heim við framburð ákærðs.

Þetta sama kvöld klukkan langt gengin 9 kom Hallgrím-

ur Friðrik Hallgrímsson, Þingholtsstræti 28, út um hliðið hjá húsinu nr. 11 við Fríkirkjuveg ásamt ungfrú Margrjeti Thors. Þau hafa hvort í sínu lagi skýrt svo frá, að þeim hafi orðið litið norður á veginn, og sáu þá að bifreið fór norður eftir götunni rjettu megin með töluverðum hraða. Rjett um sama leyti sáu þau mann í glampanum af ljósinu frá bifreiðinni, rjett fyrir framan hana, kveður Hallgrímur sjer hafa virst, sem maðurinn væri á norðurleið, því hann hafi snúið baki að sjer og gengið vinstra (Tjarnarmegin) eftir veginum, hann kveðst ekki hafa heyrt bifreiðina flauta, en kveður sjer hafa virst maðurinn (Jón Bergsson) snúast við, næstum á hlið og vera í þann veginn að ganga til austurs (til hægri) þegar að bifreiðin ók á hann, kveður hann sjer hafa virst maðurinn verða bifreiðarinnar skyndilega var af ljósunum, litið við til að sjá hve nálægt hún væri, ætlað að víkja, en orðið of seinn.

Margrjet Thors kveður sjer hafa virst maðurinn snúa hliðinni að sjer og vera í þann veginn að hraða sjer til austurs til þess að komast undan bifreiðinni, þegar hún ók á hann, hún sá, að maðurinn hvarf skyndilega undir bifreiðina, að bifreiðarstjórinn bremsaði og bifreiðin rann þó lítilsháttar áfram eftir það, ekki kveðst hún hafa heyrt bifreiðina flauta. Hallgrímur Fr. Hallgrímsson hefir staðfest framburð sinn með eiði fyrir rjettinum, en Margrjeti Thors hefir ekki verið hægt að yfirheyra fyrir rjetti því hún var komin á leið til útlanda, þegar málið kom til dómara.

Þá hefir kenslukona Ragnheiður Jonsdóttir, Tjarnargötu 49, skýrt svo frá, að klukkan langt gengin 9 þetta sama kvöld hafi hún komið heiman að frá sjer og gengið yfir Tjarnarbrúna og haldið norður Fríkirkjuveg. Í fylgd með henni var Jón Bergsson, bóndi á Dufþekju, og hafi hann haft erindi við hana viðvíkjandi jörðinni Dufþekju, sem hún er eigandi að. Þau höfðu gengið yfir Tjarnarbrúna og er þau komu inn á Fríkirkjuveginn, kveðst hún hafa tekið í hönd Jóni og kvatt hann og hjelt hún svo áfram norður götuna, en er hún varð þess vör, að Jón hjelt sömu leið, gekk hún honum samhliða norður götuna á vinstra vegkanti. Á móts við Kvennaskólagirðinguna skildu þau og köstuðust á kveðjum. Kveður hún hann hafa haldið áfram norður veginn vinstra megin, en hún kveðst hafa gengið viðstöðulaust yfir götuna að hliðinu að Kvennaskólanum, stansað þar við hliðið og sjeð bifreið koma sunnan veginn með meðalhraða og full ljós. Þegar bifreiðin

var komin nyrst á móts við girðinguna hjá Kvennaskólanum, kveðst hún hafa sjeð hann á að giska 2 bifreiðarlengdir fyrir framan bifreiðina á norðurleið, vinstra megin á götunni. Hún kveður sjer hafa virst maðurinn vera rjett í þann veginn að víkja sjer til austurs (hægri) er áreksturinn varð. Hún kveður bifreiðina hafa ekið með meðalhraða norður götuna og hafi hún alls ekki heyrt hana gefa hljóðmerki til að aðvara manninn, og hún kveðst ekki heldur hafa sjeð, að bifreiðin hægði á sjer fyr en maðurinn hvarf undir hana. Hún tekur það fram, að hún hafi einmitt þegar furðað sig á því tvennu, að bifreiðin skyldi ekki gefa hljóðmerki og ekki, svo sjáanlegt væri, hægja á ferðinni áður en hún ók á manninn. Þennan framburð hefir hún staðfest með eiði.

Í önnur vitni, sem sáu hvernig slysið vildi til, hefir ekki náðst, en þeim, sem voru nálægt og komu þarna að og einnig hafa verið leiddir sem vitni í málinu, kemur saman um, að þeir hafi ekki heyrt bifreiðina flauta og að bifreiðin hafi, eftir að hún stansaði, staðið vinstra megin á veginum, þannig að bilið frá Tjörninni hafi sennilega verið eitthvað milli hálfrar og heillrar alinar.

Lögreglan rannsakaði hemla bifreiðarinnar og prófaði á hve skömmu færi hún yrði stöðvuð, ef ekið væri með 18 km. hraða og reyndist það 7 metrar, en lögreglan giskar á, að vegurinn hafi verið þeim mun harðari vegna frosts er prófun þessi var gerð, heldur en þegar slysið vildi til, að hægt hafi verið að stöðva bifreiðina á 4—5 metra færi, en það er lengd bifreiðarinnar.

Rjetturinn verður nú að telja það nægilega sannað með vitnaframburðum, að Jón heitinn Bergsson hafi gengið norður götuna vinstra megin og að ákærður hafi ekið á eftir honum, er slysið vildi til, án þess að aðvara hann með því að gefa hljóðmerki. En með játningu ákærðs sjálfs er það upplýst, að hann ók norður götuna vinstra megin með minsta kosti 15—18 km. hraða og að hann hægði ekki á þeirri ferð fyr en rjett um leið og bifreiðin var að rekast á Jón heitinn, þá fyrst setti hann hemlana á, enda kemur það og heim við það, að Jón lá undir miðri bifreiðinni eftir slysið, en ákærður segir að bifreiðin hafi runnið um hálfa lengd sína eftir að hann setti hemlana á. Þessa játningu ákærðs alla styður og vitnaframburðurinn, sjerstaklega framburður ungfrú Ragnheiðar Jónsdóttur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. nóvbr. 1884 og hefir aldrei áður sætt ákæru nje refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, en hann hefir 16/2 1926 undirgengist 50 kr. sekt í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir brot á bifreiðarlögunum. Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Rjetturinn verður að telja það nægilega sannað í málinu, að ákærður hafi við hið umrædda tækifæri gerst brotlegur við ákvæði 6. gr. 1. málsgr., 7. gr. 2. málsgr. og 8. gr. bifreiðarlaganna, 49. gr. og 51. gr. lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík og 200. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið eftir 14. gr. bifreiðarlaganna, 93. gr. lögreglusamþyktarinnar og hinni tilvitnuðu hegningarlagagrein hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi. Auk þess þykir verða að svifta hann ökuskirteini eftir 5. gr. bifreiðarlaganna í eitt ár frá birtingu dóm þessa að telja.

Þar sem hjer er um fyrsta verulega brot ákærðs að ræða og hann sýndi hinum slasaða manni alla umönnun eftir ákeyrsluna, þykir mega ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin eftir 1. gr. laga nr. 39/1907.

Auk þess greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans hjer í rjettinum, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hrm.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 14. maí 1928.

Nr. 5/1928. **Kjartan S. Nordahl** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn
Stefáni Ingvarssyni (Enginn).

Sameignar slit í 9,14 smál. bát fer eftir reglum siglingalaganna.

Úrskurður uppboðsrjettar Vestmannaeyja 22. desbr. 1927: Það verður að teljast að samkvæmt siglingalögunum, minsta kosti analogíu þeirra, svo og öðrum **ákvæðum laga um slit sameigna** hljóti meðeigandi mótmæl-

anda að eiga heimting á að sameign þeirra sje slitið með sölu bátsins á uppboði. Mótmælin hafa því ekki verið tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í, enda þótt honum væri löglega stefnt, og hefir því verið rekið skriflega og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796, er samkvæmt sóknarskjali áfrýjanda og öðrum málsskjölum háttað svo, sem hjer greinir:

Áfrýjandi eignaðist 4. des. 1926 þriðjung í vjelbátnum »Guðrún« V. E. 150, sem er 9,14 smálestir brutto, en hina tvo þriðjungana áttu þá stefndi og Einar nokkur Runólfsson, sinn þriðjunginn hvor. Gerðu þeir fjelagar bátinn út í sameiningu vetrarvertíðina 1927, en um haustið það ár tilkynti stefndi fjelögum sínum, að hann mundi ekki gera bátinn út vetrarvertíðina 1928, enda ljetu þeir áfrýjandi og Einar, sjer það lynda.

Áfrýjandi dvaldi í Reykjavík nokkurn hluta síðastliðins hausts og má ætla, að stefndi hafi þá eignast þriðjung Einars, enda ljet hann þá taka bátinn til allverulegrar viðgerðar. Um líkt leyti hafði Jón nokkur Einarsson í Vestmannaeyjum öðlast dóm yfir áfrýjanda fyrir 5000 kr. víxilskuld, auk vaxta og málskostnaðar. Ljet Jón gera fjárnám í hluta áfrýjanda í bátnum 23. nóvbr. 1927. En 13. des. ljet stefndi stefnuvottana í Vestmannaeyjum birta áfrýjanda, að hann sliti samneign þeirra í bátnum og myndi láta selja bátinn með veiðarfærum á uppboði, enda beiddist stefndi, samkv. 27. gr. siglingalaganna, uppboðs á bátnum með veiðarfærum og smábát, er fylgdi honum, hjá bæjarfógetanum í Vestmannnaeyjum með brjefi dags. daginn eftir.

Fór uppboðið á v/b. »Guðrúnu«, er hafði verið birt með uppfestum auglýsingum á venjulegan hátt, síðan fram 22. des., en veiðarfærin og fylgibáturinn höfðu ekki verið boðin upp. Áfrýjandi mætti á uppboðinu og mótmælti sölu bátsins samkvæmt nefndri lagagrein, en mótmælum hans var hrundið með úrskurði uppboðsráðanda og báturinn síðan sleginn stefnda, með skilorði, fyrir 5400 kr., en annar maður óviðriðinn hafði boðið 5200 kr.

Þessum úrskurði og eftirfarandi uppboðsgerð hefir áfrýjandi skotið hingað með stefnu dags. 14. jan. þ. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn og uppboðsgerðin verði feld úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða sjer málskostnað eftir mati rjettarins. Heldur áfrýjandi því fram, að nefnd lagagrein eigi aðeins við skip, er sjeu 12 smálestir brutto eða stærri, en slit sameignar um minni skip fari eftir þar að lútandi reglum um algengt lausafje.

Að vísu hefir ekki verið lagður fram samningur um fjelagsskap áfrýjanda og stefnda um v/b. »Guðrúnu«, en þó má ótvírætt ráða það af því, sem greint er úr sókn áfrýjanda, að þeir stefndi hafi verið í fjelagi um útgerð bátsins og að stefndi hafi átt $^2/_3$ hluta hans, er hann tilkynti áfrýjanda sameignarslitin. Og þar sem 27. gr. siglingalaganna heimilar þeim, sem á meira en helming skips að slíta sameigninni og 28. gr. ákveður, að skipið skuli síðan selt við opinbert uppboð, án þess að nokkur greinarmunur sje gerður á því, hvort skip sje stórt eða smátt eða skráningarskylt í aðalskrá eða aukaskrá (smáskipa eða fiskiskipaskrá), sbr. 3., 8. og 15. gr., þá verður úrskurðinum og uppboðsgerðinni ekki hrundið af því að v/b. »Guðrún« var aðeins 9,14 smálestir brutto. Og með **því að aðrar aðfinningar, er áfrýjandi hefir borið fram**

gegn uppboðinu, svo sem að skipið hafi verið undir viðgerð, er það var selt, og að veiðarfæri þess og fylgibátur hafi ekki verið seldur samtímis, geta ekki hnekt því, verður að staðfesta uppboðsúrskurðinn og uppboðsgerðina.

Málskostnaður kemur ekki til greina þar sem ekki var mætt í málinu af hendi stefnda.

Því dæmist rjett vera:

Uppboðsúrskurðinum og uppboðsgerðinni skal óraskað. — Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. maí 1928.

Nr. 90/1927. **H.f. Kakali** (Fjeldsted)
gegn
Vald. Poulsen & Fossberg (Enginn).

Um sjóðveð.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. maí 1927: Stefnd stjórn h/fj. »Kakali«, þeir Carl Proppé, Ólafnr Proppé, og Jón Proppé, greiði fyrir fjelagsins hönd stefnandanum, firmanu Valdemar Poulsen og Fossberg, kr. 2582,65 með 6 % ársvöxtum frá 28. október 1926 til greiðsludags og kr. 220,00 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett í uppboðsandvirði b/v. I.S. 450 »Clementina«, sem nú er í vörslum bæjarfógetans í Hafnarfirði, fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þegar mál þetta kom fyrir hæstarjett í desembermánuði 1927 var mætt í því af hálfu firmans Vald. Poulsen & Fossberg, og var málinu þá samkvæmt **ósk áfrýjanda og með samþykki umboðsmanns stefnda**

frestað fyrst til febrúarmánaðar, og síðan til maímánaðar, en er málið þá var tekið fyrir mætti stefndi ekki, og hefir málið því verið rekið skriflega samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi mótmælir því hjer fyrir rjettinum, eins og fyrir sjódóminum, að hið stefnda firma eigi sjóveðrjett í botnvörpuskipinu Clementina I.S. 450 (nú Barðinn R.E. 274) eða í uppboðsandvirði þess fyrir vöruúttekt þeirri, er firmað hefir fengið dóm fyrir, að upphæð 2582 kr. 65 a. og krefst hann því breytingar á sjórjettardómnum að þessu leyti, en um breytingu á dómnum að öðru leyti hefir hann enga kröfu gjört.

Það sjest af skjölum málsins að b/v. Clementina, sem þá átti heima vestur á Þingeyri, kom hingað til Reykjavíkur snemma í ágústmánuði 1925 að fyrirlagi eigenda hennar til gagngerðrar breytingar og stóð viðgerðin yfir í 5 mánuði og kostaði samtals um 150000 kr. Skipið lá allan viðgerðartímann bundið við eina af bryggjum bæjarins og skipverjar, aðrir en skipstjóri, stýrimaður, vjelstjóri og 3 hásetar, er skyldu gæta skipsins og skipstjóri auk þess hafa eftirlit með viðgerðinni, höfðu verðið skráðir úr skiprúmi. Það er því ljóst eins og tekið er fram í sjórjettardóminum að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar »ferðar« skipsins í þeirri merkingu, sem átt er við í 53. gr. siglingalaganna, og þótt hjer væri að ræða um úttekt á þess háttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka til viðhalds skipi sínu og framhaldsferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, mátti hinu stefnda firma vera það ljóst, meðal annars af því hvernig úttektinni var hátt-

að meðan á viðgerðinni stóð, þar sem úttektardagarnir frá 10. sept. til 3. desbr. voru um 40 og vörurnar alla úttektardagana fluttar af þess mönnum út í skipið, að það var eigi »á ferð«.

Hjer voru því eigi þau skilyrði fyrir hendi, að stefndi hafi öðlast sjóðveð i skipinu fyrir úttekt þeirri, sem fram fór hjá firmanu meðan á viðgerðinni stóð eða frá 10. sept. til 3. desbr., og um úttekt þá að upphæð 18 kr. 50 aur. er gjörð var 10. júlí 1925 er því haldð fram af áfrýjanda, að skipið hafi þá alls ekki verið statt hjer í bænum, og sje því hjer um almenna vöruúttekt að ræða af eiganda og útgerðarmanni þess, og hefir stefndi þá eigi heldur öðlast sjóveð fyrir þessari úttekt.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella burtu ákvæði dómsins um sjóveð stefnda í uppboðs andvirði Clementina, en að öðru leyti á dóminum að vera óraskað.

Samkvæmt þessum úrslitum og kröfu áfrýjanda verður að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann eftir atvikum hæfilega metinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað að öðru leyti en því, að sjóveð hins stefnda firma Vald. Poulsen & Fossberg í uppboðsandvirði b/v. Clementina I.S. 450 (nú Barðinn R.E. 274) fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda, h/f. Kakala, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað hjer fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 28. október f. á. af firmanu Vald. Poulsen og Fossberg hjer í bænum gegn stjórn h/fj. »Kakali« á Þingeyri, þeim Carl Proppé, Ólafi Proppé og Jóni Proppé, stórkaupmönnum, öllum hjer í bænum, fyrir fjelagsins hönd, til greiðslu á skuld fyrir útteknar vörur til b/v. I.S. 450 »Clementína«, að upphæð kr. 2582,65 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi kr. 200,00. Ennfremur krefst stefnandi þess að viðurkendur verði sjóveðrjettur hans í tjeðu skipi b/v. »Clementína« fyrir framangreindum upphæðum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914.

Stefndir hafa að vísu í frumvörn sinni haldið því fram að h/fj. »Kakali« hafi ekki verið eigandi skipsins »Clementína«, er umrædd skuld stofnaðist, eða mestur hluti hennar, heldur firmað »Bræðrnrnir« Proppé«. En með því að þeir hafa alls ekki krafist sýknu í málinu af þeirri kröfu stefnanda, að þeir verði dæmdir fyrir hönd fjelagsins »Kakali« til þess að greiða skuldina og ekkert haft við kröfuupphæðina að athuga, þá ber að dæma þá til þess, að greiða hana með vöxtum og málskostnaði eins og krafist er og ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega, þar sem ganga verður út frá því, að þetta fjelag, sem ekki er mótmælt að samanstandi af sömu mönnum og firmað »Bræðurnir Proppé«, hafi síðar tekið kröfuna að sjer er eigendskifti urðu að b/v. «Clementína«.

Umboðsmaður hinna stefndu í máli þessu, Lárus Fjeldsted hrm., sem einnig tjáir sig mæta fyrir hönd 1. veðrjettarhafa í b/v. »Clementína«, Hambros Bank Ltd. í London, og gæta rjettar hans, hefir hinsvegar ákveðið mótmælt því, að stefnandi eigi sjóveðrjett fyrir hinum umstefndu kröfum í b/v. »Clementína«, eða uppboðsandvirði þess skips, sem selt var nauðungarsölu í Hafnarfirði meðan á rekstri málsins stóð hjer fyrir rjettinum.

Mótmæli sín gegn viðurkenningu sjóveðrjettarins byggir umboðsmaður hinna stefndu á eftirtöldum ástæðum.

1. Að framkvæmdarstjórar firmans »Bræðurnir Proppé«, sem hafi verið eigandi b/v. »Clementína«, hafi verið skrásett hjer í bænum, að skrifstofa firmans hafi verið hjer. Verði því eigi talið að skipið hafi verið statt utan heimilis síns.

2. Að úttektin hafi farið fram eftir beiðni eða fyrirlagi útgerðarmanna skipsins, en ekki skipstjórans á því.

3. Að úttektin hafi ekki verið gerð til framhalds neinnar ákveðinnar ferðar, eins og ráð sje gert fyrir í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, heldur hafi skipið legið hjer uppi til viðgerðar eftir ákvörðun eiganda þess, er úttektin fór fram, og sje hin umstefnda skuld einn liður í þeim kostnaði.

Ad. 1. Það er að vísu upplýst í málinu, að firmað »Bræðurnir Proppé« hafði skrifstofu hjer í bænum og að minsta kosti sumir af forstjórum þess voru hjer búsettir, en hinsvegar er það og sannað að heimili firmans var á Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu og að skipið »Clementína« var skrásett þar. Fór því úttekt sú, sem hjer er um að ræða, fram utan heimilis skipsins.

Ad. 2. Stefnandi hefir mótmælt því ákveðið, að vöruúttektin hafi farið fram að fyrirlagi eða eftir beiðni útgerðarmanna skipsins, heldur hafi það verið skipstjórinn eða vjelstjórinn með samþykki og vitund skipstjóra, sem samið hafi um hana og hefir skipstjórinn borið sem vitni hjer fyrir rjettinum að svo hafi verið. Hafa stefndir engar sönnur fært á það í málinu að útgerðarmenn skipsins hafi á annan hátt samið við stefnanda um úttektina.

Ad. 3. Af upplýsingum þe m, sem fyrir liggja í málinu, má sjá, að skipið »Clementína« kom hingað til Reykjavíkur sumarið 1925 að fyrirlagi eiganda þess, í þeim tilgangi að gagngerðar umbætur færu fram á því. Var skipinu lagt upp og stóð viðgerðin síðan í nokkra mánuði. Hafði skipstjórinn eftirlit með viðgerðinni, ákvað í hverju einstöku tilfelli hvað gera skyldi og eins og fyr segir pantaði hann vörur þær frá stefnanda, sem stefnt er fyrir í máli þessu og að mestu leyti ganga til viðgerðarinnar. Það er því ljóst að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar »ferðar« í þeirri merkingu sem átt er við í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, en þar sem sjá má af reikningi stefnda, að hjer var aðeins að ræða um úttekt á þess háttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka út til viðhalds skipi sínu og framhaldsferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, og ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um að hjer væri um að ræða aðra eða meiri aðgerð en það, sem skipstjóri samkvæmt stöðu sinni hefði rjett á að láta framkvæma, þá verður að álíta, að hann hafi haft fulla

ástæðu til að ætla, að hann öðlaðist sjóveðrjett í skipinu fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt framansögðu verður sjórjetturinn að líta svo á, að öll skilyrði sjeu fyrir hendi fyrir því að viðurkendur verði sjóveðrjettur stefnanda í uppboðsandvirði b/v. »Clementína« fyrir hinum umstefndu kröfum samkvæmt 4. lið 236. gr. og 53. gr. sbr. 239. gr. siglingalaganna, og verður þá niðurstaða málsins sú hjer í rjetinum, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 30. maí 1928.

Nr. 98/1927. **Jón Guðmundsson**
gegn
Jóh. Eyfirðing & Co.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo greiði hann og stefnda, Jóh. Eyfirðing & Co., er látið hefir mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1928.

Nr. 30/1928. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Wilhelm Schütte (L. Jóhannesson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 20. febr. 1928: Kærði Wilhelm Schütte á innan mánaðar að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð kr. 12500,00. Auk

þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum »Otto Küling« B. X. 197 frá Bremerhaven vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta dóminn, þó þannig að greiðslufresturinn telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Wilhelm Schütte, greiði allan áfrýjunarkostnað, m. a. laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipherrans á »Óðni« og játning kærða sjálfs að hann Wilhelm Schütte fæddur 2. mars 1886 var um kl. 4 árd. sunnudaginn 19. þ. m. staddur á skipi sínu togaranum »Otto Kühling« B. X. 197 frá Bremerhaven um 2 sjómílur innan landhelgislínunnur út af Sjávarmelum og að fiska þar með botnvörpu. Kærði hefir fært fram til skýringar á þessu og sjer til afsökunar að hann hafi haldið sjer vera óhætt að toga þarna vegna þess að hann hjelt sig að ljósboju, sem þar var sett út og hann hugði vera

fiskiboju togara, sem hann einnig sá þar. En boja þessi var einmitt látin út frá varðskipinu »Óðni« til þess að athuga þegar bjart væri orðið stað togara, sem skömmu áður hafði verið handsamaður þar. Enda þótt verið geti að kærði skýri rjett frá um þetta getur það þó ekki orðið tekið til greina honum til sýknunar heldur verður að álíta að hann hafi með áðurnefndu gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og þar eð hjer er um fyrsta brot kærða gegn þessum lögum að ræða og með tilliti til þess að dagsgengi krónunnar er 0,8206 úr gullkrónu telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00 sem greiðist innan mánaðar til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 4. júní 1928.

Nr. 70/1927. **Pjetur M. Bjarnarson** (L. Jóhannesson)
gegn
Jóni Ásbjörnssyni og Svb. Jónssyni f. h. Frihavnens Kaffecompagni A/S.
(Svb. Jónsson).

Krafa um skaðabætur vegna vanefnda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 25. júní 1927: Stefndir, Jón Ásbjörnsson og Sveinbjörn Jónsson f. h. firmans Frihavnens Kaffe Kompani A/S. eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Pjeturs M. Bjarnarsonar í þessu máli og lögbald það, sem um ræðir í því, niður falla.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur gekk í hjeraði í máli þessu hafa vitni verið leidd í því og ný skjöl verið útveguð og lögð fyrir hæstarjett. Með því að telja verður upp-

lýst fyrir hæstarjetti, að hjer á landi hafi ekki myndast nein venja í kaupmannaviðskiftum um það, að pöntunarseðlar (Ordre-Copier), slíkir sem ræðir um í máli þessu, sjeu bindandi kaupsamningur fyrir seljanda, ber að fallast á hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandinn Pjetur M. Bjarnarson greiði stefndu Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni f. h. Frihavnens Kaffe Kompagni A/S. 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau, að stefnandinn Pjetur M. Bjarnarson kaupmaður hjer í bænum taldi sig eiga skaðabótakröfu vegna samningsvanefnda, að upphæð danskar kr. 18455,59 á hendur firmanu »Frihavnens Kaffe Kompagni A/S. í Kaupmannahöfn. Ljet hann af þeim ástæðum hinn 15. maí 1926 leggja löghald á 135 sekki af óbrendu kaffi, er firmað átti geymt á skipaafgreiðslum hjer, til tryggingar kröfu sinni og var löghaldsgjörðinni beint að hinum stefndu í máli þessu, hæstarjettarmálflutningsmönnunum Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, sem höfðu í höndum farmskírteini fyrir kaffinu. Höfðaði stefnandi síðan málið samkvæmt heimild í opnu brjefi frá 30. nóvember 1821 gegn hinum stefndu fyrir firmans hönd með stefnu útgefinni 29. júní 1926 og er málið eftir samkomulagi málsaðilja rekið fyrir gestarjettinum.

Í málinu gerir stefnandi þær kröfur að stefndir verði fyrir firmans hönd dæmdir til þess að greiða sjer danskar kr. 18455,59 ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 31. maí 1926 til greiðsludags og málskostnað og kyrsetningarkostnað að skaðlausu. Svo krefst hann þess og að framan-

greind löghaldsgjörð verði staðfest og að honum verði dæmdur rjettur til þess að selja, að undangengnu fjárnámi hið kyrsetta kaffi á opinberu uppboði til lúkningar kröfum sínum.

Stefndir hafa krafist þess að verða sýknaðir af framangreindum kröfum stefnanda, og að þeim verði tildæmdur riflegur málskostnaður hjá honum og ennfremur að hann verði dæmdur í hæstu sekt fyrir óþarfa þrætu. Síðar, undir rekstri málsins, hafa þeir krafist þess, til vara, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð niður í danskar kr. 6348,20 og að sú upphæð verði tildæmd án vaxta og málskostnaðar.

Þá hafa og stefndir mótmælt því, að stefnandi hefði heimild til þess að snúa löghaldsgjörðinni og málinu gegn þeim, þar eð þeir gætu ekki talist vörsluhafar hins kyrsetta kaffis, sem geymt sje á skipaafgreiðslum hjer í bænum. Kveða þeir tvö farmskírteini hafa verið gefin út fyrir hverja kaffisendingu og sjeu aðeins önnur eintökin í þeirra vörslum. Gæti því farið svo að handhafar samritanna gefi sig fram við afgreiðslurnar og krefjist þess að fá kaffið afhent. Mótmæli þessi verða þó ekki tekin til greina sökum þess, að stefnandi hefir ómótmælt haldið því fram, að afgreiðslunum hafi verið tilkynt um kyrsetninguna samdægurs og hún fór fram og verður því að telja kaffið löglega kyrsett.

Stefndir hafa ennfremur geymt umbjóðanda sínum rjett til þess að fá tildæmdar í sjerstöku máli skaðabætur fyrir tjón það, er kyrsetningin hefir valdið honum.

Að því er þá sjálft málefnið snertir eru málavextir þeir, að firmað »Frihavnens Kaffe Kompagni A/S.« hafði umboðsmann hjer á landi, C. B. Eyjólfsson að nafni, og virðist starf hans í þágu firmans hafa verið venjuleg tilboðssafnanda starfsemi (Agentur). Útvegaði hann firmanu kaupendur að vörum þess og tók við pöntunum til þess gegn ákveðinni hundraðshluta þóknun af kaupverðinu, 3—5 % að því er sjeð verður. Einn af þeim sem pöntuðu vörur (kaffi) frá firmanu fyrir milligöngu umboðsmanns þessa var stefnandi þessa máls. Hafði firmað með brjefi dags. 31. júlí 1922 beðið umboðsmanninn sjerstaklega að ná viðskiftasambandi við hann og og lofað því að láta hann hafa 3 % afslátt frá venjulegu söluverði. Sendi firmað umboðsmanninum hefti með prentuðum pöntunareyðublöðum er það sjálft nefnir »Slutseddel« og býður umboðsmanninum að útfylla þá, er hann taki við pöntunum af stefnanda. Byrjuðu eyðublöðin á þessa leið: »Under-

tegnede (þ. e. umboðsmaðurinn) har i Dag optaget Ordre for Aktieselskabet Frihavnens Kaffe Kompagni« o. s. frv. Þá koma eyður fyrir nöfn pantenda, tilgreiningu á vörunni, afhendingartíma og skilmála. Neðst á seðlinum stóð: »Købet anerkendes« og ritaði kaupandi nafn sitt undir það.

Eftir þetta, á árunum 1922—1924, átti stefnandi talsvert mikil viðskifti við firmað fyrir milligöngu C. P. Þjólfssonar auk þess sem stefnandi hafði bein brjefaviðskifti við firmað og viðtal við stjórnendur þess. Verður eigi annað sjeð en að firmað hafi jafnan sent stefnanda kaffi það, er hann pantaði hjá umboðsmanninum og með þeim kjörum, er tiltekin voru á pöntunarseðlinum. Hinn 31. júlí 1922 staðfesti firmað þannig skriflega sölu á 1000 sekkjum af kaffi til stefnanda, fyrir milligöngu umboðsmannsins, sem afhendast átti innan árs frá dagsetningu, og vorið 1923 tók umboðsmaðurinn við pöntun á 400 sekkjum af kaffi og sendi firmanu. Eiga þeir að afhendast smátt og smátt (successive), verð tiltekið í pöntuninni 75 aurar danskir pr ½ kg., en það ákvæði sett að lækki kaffi í verði á afhendingartímanum skuli stefndi njóta þess, en þurfi ekki að greiða hærra verð þótt kaffiverð hækki á sama tíma. Pöntun þessa með ofangreindu ákvæði, samþykti firmað í brjefi til stefnanda dags. 2. maí 1923 en kveðst þó ekki vera vant endranær að samþykkja pantanir með sliku skilyrði (Baisseklausul). Segist firmað munu ávalt »behandle Deres (þ. e. stefnanda) Ordres samvittighedsfuldt og reelt, som vi hidtil har gjort«.

Í janúarmánuði 1924 tók umboðsmaðurinn við pöntun frá stefnanda á 450 sekkjum af kaffi samkvæmt tveimur pöntunarseðlum dags. 14. og 21. þess mánaðar. Tilgreindi umboðsmaðurinn verð á kaffinu 75 aura danska pr. ½ kg. + 3 % og skal það afhendast þannig: 100 sekkir í marsmánuði, 100 sekkir í aprílmánuði, 100 sekkir í maímánuði og 150 í júnímánuði 1924. Pöntunarseðlana sendi umboðsmaðurinn firmanu 9. febrúar s. á. með e/s. Gullfoss sem fór hjeðan áleiðis til útlanda kl. 5 síðdegis þann dag, samkvæmt vottorði Eimskipafjelags Íslands, sem lagt hefir verið fram í málinu. Samtímis því, eða kl. 5 þennan sama dag, var umboðsmanninum afhent símskeyti frá firmanu, þar sem það tilkynnir honum, að verð á kaffi sje hækkað. Tilkynti hann firmanu þá með símskeyti er það fjekk í hendur 11. s. m. að hann hefði bundist samningi (afsluttet Kontract) við stefn-

anda, um sölu á 450 sekkjum af kaffi með eldra verðlaginu og sjeu pantanirnar (Ordrene) á leiðinni með Gullfossi. Símskeyti þessu svaraði firmað samdægurs, 11. febrúar, og kvaðst alls ekki samþykkja pöntun þessa, og ef um samning sje að ræða verði umboðsmaðurinn sjálfur að bera ábyrgð á honum, því hann hafi enga heimild til þess að gera saminga fyrir firmans hönd. Jafnframt tilkynnir það honum að það telji hann ekki lengur umboðsmann sinn.

Stefnandi sendi firmanu brjef, dags. 9. febrúar 1924, sem að líkindum hefir verið sent með Gullfossi samhliða pöntunarseðlunum. Tjáir hann því þar frá »kaupsamningi« þeim, er hann hafi gert við umboðsmanninn. Vitnar hann í tvö símskeyti, sem honum og firmanu höfðu farið á milli á tímabilinu frá 21. janúar til 9. febrúar 1924, en þau skeyti hafa ekki verið lögð fram í málinu og er því ekki víst um dagsetninguna. Er fyrra skeytið frá stefnanda svo hljóðandi: »Afskib Tjaldur 50 Sække Kaffe 3 Mdr.«, en hið síðara svarskeyti frá firmanu, þar sem það býðst til að senda þessa 50 sekki og tilgreinir verð 87 aura danska pr. ½ kg. Kveðst stefnandi í brjefinu vera undrandi yfir því hve kaffiverðið sje hátt, þar sem hann þá fyrir nokkru hafi verið búinn að semja við umboðsmanninn um kaup á 450 sekkjum með lægra verði, og verði hann að halda fast við kaupbrjef þess (Slutseddel) sem hann sje bundinn við.

Brjefi þessu og símskeyti, sem stefnandi sendi firmanu 20. febrúar um sama efni, svaraði firmað með brjefi dags. 23. febrúar s. á. Neitar það þar að samþykkja janúarpantanirnar með verði því sem þar sje tiltekið og mótmælir því ákveðið að umboðsmaðurinn hafi haft heimild til þess að gera bindandi samning fyrir sína hönd um sölu á kaffi, þar eð sölusamningar sjeu ekki fullgerðir fyr en firmað hafi samþykt þá. Verðuppgjöf sín til umboðsmannsins hafi ekki verðið föst heldur »fritblivende« og geti hann því ekki gert sölusamninga á eigin spýtur. Þessu brjefi svaraði stefndi aftur með brjefi dags. 7. febrúar, en sem auðsjáanlega er ritvilla fyrir 7. mars. Kveðst hann ávalt hafa álitið umboðsmanninn hafa rjett til þess að semja um kaffisölu svo skuldbindandi væri fyrir firmað og verði það mikið tjón fyrir sig ef hann fái ekki kaffið með því verði, sem tilgreint er í pöntunum, þar sem hann hefði að öðrum kosti pantað kaffið frá öðrum firmum. Vonar hann að samkomulag geti orðið um þetta atriði svo

að viðskifti geti haldið áfram. Þessu brjefi svarar firmað 18. mars s. á. á sömu leið og áður og heldur fast við mótmæli sín.

Viðskifti aðilja hjeldu nú áfram eftir sem áður og greiddi stefnandi nú jafnan mótmælalaust verð það, sem firmað ákvað og verður ekki sjeð af skjölum þeim, sem fyrir liggja í málinu að hann hafi gert nokkra skaðabótakröfu á hendur því eða yfirleitt nokkrar aðrar kröfur en þær, sem tilgreindar eru hjer að framan, fyr en kyrsetning sú, sem um ræðir í þessu máli, fór fram. Að vísu skýrir stefnandi firmanu frá því í brjefi dags. 16. apríl 1924, að C. B. Eyjólfsson hafi lofað sjer kaffi — öðru en því sem átt er við í janúarpöntununum — með lægra verði en því, sem firmað gaf upp, en þar tekur stefnandi það fram berum orðum að hann þori ekki að treysta því að umboðsmaðurinn hafi nú fremur en áður aflað sjer upplýsinga um rjett kaffiverðlag áður en hann tók við pöntuninni með lægra verðinu. Í þessu sama brjefi býðst stefnandi til þess að taka að sjer að vera umboðsmaður fyrir firmað hjer á landi ef það treysti sjer: samþykti firmað það þegar með brjefi dags. 2. maí 1924, skýrði honum frá umboðsskilmálunum o. s. frv. Var síðan alt með feldu með aðiljum uns kyrsetningin fór fram sem fyr segir.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að í starfsemi C. B. Eyjólfssonar í þágu firmans hafi falist umboð til þess að gera sölusamninga fyrir firmans hönd, bindandi fyrir það, enda hafi firmað í framkvæmdinni skapað hjá sjer traust á því, að svo væri, með því að fullnægja samningum þeim sem umboðsmaðurinn hafi gert við sig fyrir þess hönd. Skjöl þau er hann og umboðsmaðurinn undirrituðu í janúar 1924 (rskj. nr. 52) kveður hann ekki einungis hafa verið pöntunarseðla heldur kaupsamninga, sem firmanu hafi borið að fullnægja að öllu leyti, og með því að gera það ekki hafi það valdið sjer tjóni, sem nemi verðmuninum á hinu selda kaffi og kaffi því er hann hafi orðið að kaupa í þess stað. Er upphæð skaðabótakröfunnar reiknuð eftir þeim mismun.

Rjetturinn verður nú hinsvegar að fallast á það álit hinna stefndu, að stefnanda hefði mátt vera það ljóst, bæði af orðalagi rskj. nr. 52 og eldri viðskiftum, að hjer var aðeins um pöntunarseðla að ræða en ekki kaupsamninga, og að leita varð samþykkis firmans til þess, að salan yrði skuldbindandi fyrir það. Rjetturinn fær heldur ekki sjeð að í stöðu

venjulegs tilboðssafnanda felist heimild til þess að selja vörur umbjóðanda á þann hátt, sem stefnandi heldur fram að hjer hafi átt sjer stað, sjerstaklega þar sem vörurnar áttu að afhendast smátt og smátt á löngum tíma, enda viðurkent af stefnanda að verðhækkunar hafi verið von, er pöntunin var gerð. Eldri viðskifti stefnanda við firmað, fyrir milligöngu umboðsmannsins, voru og ekki þannig vaxin, að stefnandi hefði ástæðu til þess að treysta því, að umboðsmaðurinn hefði heimild til þess að skuldbinda firmað á þennan hátt. Svo verður það og að teljast ósamrýmanlegt venjulegri verslunartísku að stefnandi, hafi hann ætlað sjer veturinn 1924 að koma fram skaðabótaábyrgð á hendur firmanu, að hann þá heldur ekki fastar við kröfur sínar en hann gerði. Ekki einungis lætur hann hjálíða að gera ákveðna skaðabótakröfu á hendur firmanu heldur býðst til þess að gæta hagsmuna þess hjer og gerist umboðsmaður þess, án þess að tilkynna því hið minsta um, að hann telji til skuldar hjá því út af eldri viðskiftum.

Niðurstaða málsins hjer í rjettinum verður því sú, að sýkna hina stefndu fyrir hönd firmans af kröfum stefnanda í málinu og þar með fella löghaldið frá 15. maí úr gildi, en eftir málsatvikum þykir mega ákveða að málskostnaður falli niður, og ekki er ástæða til að taka til greina kröfu hinna stefndu um að sekta stefnanda fyrir óþarfa þrætu.

Miðvikudaginn 6. júní 1928.

Nr. 22/1928. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Sveini Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot á vegalögunum.

Dómur lögreglurjettar Suður-Múlasýslu 20. ág. 1927: Kærður Sveinn Jónsson greiði 20 króna sekt í ríkissjóð innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella einföldn fangelsi í 2 daga.

Kærður greiði einnig allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það hefir verið upplýst fyrir hæstarjetti, að ríkissjóður hefir upphaflega lagt veg þann, er ræðir um í málinu, á sinn kostnað og hefir greitt þáverandi eiganda Egilsstaða borgun fyrir vegarstæðið og er þannig eigandi þess.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til ástæðna þeirra, er greinir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsingin fyrir brot kærða ákveðst 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 5 daga einfalt fangelsi verði hún eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sveinn Jónsson, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð innan 15 daga trá birtingu dóms þessa, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu kærða Sveins bónda Jónssonar á Egilsstöðum í Vallahreppi, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, er sannað, að hann hafi,

þriðjudaginn 21. júní þ. á. hindrað umferð Guðna Jónssonar bifreiðarstjóra um veg þann, er liggur frá vegamótum Fagradalsbrautar heim að Egilsstöðum, á þann hátt, að þegar Guðni, sem kom þann dag að Egilsstöðum með bifreið sína hafði lokið erindi sínu á Egilsstöðum og vildi halda þaðan aftur, hafði kærði hlaðið sleða á veginn svo að Guðni komst ekki af staðnum með bifreið sína, en áður hafði hann bannað Guðna umferð um veginn með bifreiðina. Gekk svo lengi dags að Guðni komst ekki um veginn með bifreiðina af tjeðum ástæðum, uns hreppstjóri Vallahrepps var tilkvaddur og ruddi hann síðan veginn. Kærði tjeður bifreiðarstjóri yfir þessum aðförum Sveins bónda og var síðan, að undangenginni rannsókn höfðað mál þetta af hálfu valdstjórnarinnar gegn kærðum fyrir brot á vegalögunum nr. 41 frá 1924.

Það er in confesso að vegurinn frá vegamótum Fagradalsbrautar um Egilsstaði að Lagarfljóti tilheyrir ekki neinum sjerstökum vegaflokki samkvæmt vegalögunum og hefir kærði haldið því fram að þetta sje »einkavegur fyrir Egilstaði« og »geti umráðamaður jarðarinnar lokað umferð um veginn«. Á þetta verður ekki fallist, því ákvæði 40. gr. vegalaganna frá 4. júní 1924 taka einmitt til þeirra vega sem ekki teljast til neins vegaflokks og þá einnig til tjeðs vegarspotta, það því fremur sem hann er upphaflega lagður fyrir landssjóðsfje, tengir Fagradalsbrautina við aðallendingarstað vjelbátsins, sem annast flutninga á Lagarfljóti og liggur um hlaðið á Egilsstöðum, þar sem bæði er landsímastöð og póstafgreiðsla.

Kærður hefir því með því að hindra umferð um veg þennan, svo sem fyr greinir gerst brotlegur gegn 40. gr. vegalaganna, nr. 41 frá 4. júní 1924, sbr. 52. gr. og þykir refsing sú er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 20 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Sektin greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður 2 daga einföldu fangelsi. Þá ber og kærðum að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. júní 1928.

Nr. 110/1927. **Jón Stefánsson** (Pjetur Magnússon)
gegn
Guðbr. Ísberg f. h. A. G. Ísfeld
(L. Fjeldsted).

Útaf kaupsamningum um húseign og aðgerð og umbótum á henni.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 7. nóv. 1927: Aðalstefndur kaupmaður Jón Stefánsson á Akureyri greiði aðalstefnandanum cand. jur. Guðbrandi Ísberg í Möðrufelli f. h. Andrjesar G. Ísfeld Akureyri 3032 — þrjú þúsund þrjátíu og tvær — krónur 56 aura ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 2. okt. 1926 að telja þar til greitt er. Aðalstefnandinn á að vera sýkn af kærum og kröfum aðalstefnds í gagnsök hans. — Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með skírskotun til sögu málsins í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er athugavert við, þykir sú staðreynd, að stefndi lagði, með vitund og vilja áfrýjanda, fram allmikið fje til gagngerðrar breytingar og umbóta á húsinu sjer til handa frá ársbyrjun 1926, eða fullum 2 mánuðum eftir að stefndi skyldi hafa sett áfrýjanda umsamda ábyrgð, og framundir miðjan maímánuð, ekki verða skilin á annan veg en þann, að áfrýjandi hafi með því, a. m. k. í bili, felt niður kröfuna um útvegun ábyrgðarmanna fyrir kaupverðinu af hendi stefnda, enda sjest það á vottorði stjórnar útibús Landsbankans á Akureyri, sem hafði veð í húsinu fyrir skuld áfrýjanda við útbúið, að útbússtjórnin hafði fyrir sitt leyti samþykt að áfrýjandi seldi stefnda

húsið án ábyrgðarmanna, gegn því að útbúið hjeldi eftir sem áður veði sínu í húsinu fyrir skuld áfrýjanda.

En af þessu leiðir, að telja verður ólöglegt, að áfrýjandi tók húsið af stefnda upp á eigin spýtur og fyrirvaralaust um það leyti sem bótum á því og breytingum var því nær lokið og stefndi ætlaði að fara að nota það, en rúmum 5 mánuðum fyrir fyrsta gjalddaga stefnda samkvæmt kaupsamningnum.

Fyrir það tjón, sem áfrýjandi með þessu móti hefir bakað stefnda, verður áfrýjandi að bæta. En samkvæmt sókn málsins í hjeraði og dóminum, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað, verður að sitja við þá upphæð, sem stefnda er gerð í hjeraðsdóminum. Ber þannig að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 300 kr.

Það er aðfinningarvert, að hjeraðsdómarinn hefir ekki gert nægilega grein fyrir því, að hann hafði málið undir dómi um 5½ mánuð.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Jón Stefánsson greiði stefnda Guðbrandi Ísberg f. h. Andrjesar G. Ísfeld 300 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta sem er hafið með sáttakæru 2. og rjettarstefnu 25. okt. 1926, er risið útaf kaupsamningi um húseign og kostn-

að við aðgerð og umbætur á þeirri húseign. Krefst aðalstefnandinn f. h. umbjóðanda sins A. G. Ísfeld að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 3832,56 ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en til vara að hann verði dæmdur til að greiða sjer þá upphæð er dómkvaddir menn meta að húsið hafi hækkað í verði við að breyta því í íbúðarhús. Í báðum tilfellum krefst aðalstefnandinn að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða eftir mati rjettarins. Undir rekstri málsins hefir aðalstefnandinn þó lækkað aðaldómkröfuna um 550 kr. eða niður í kr. 3282,56.

Aðalstefndur sem hefir hafið gagnsóknarmál gegn aðalstefnandanum með sáttakæru 24. nóvember og rjettarstefnu 18. desember 1926. Krefst fyrst og fremst að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum aðalstefnandans og sjer tildæmdur hæfilegur málsvarnarkostnaður eftir mati rjettarins. En jafnframt krefst hann í gagnsökinni að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 5000,00 í skaðabætur fyrir samningsrof, eða til vara þá upphæð sem hinn samanlagði skaði hans nemur, ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi í aðalsökinni til greiðsludags. Ennfremur krefst hann að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað í gagnsökinni samkvæmt mati rjettarins.

Með kaupsamningi dags. 17. okt. 1925, rjettarskj, 16, lofaði aðalstefndur að selja aðalstefnandanum húseign sína svokallað »ishús« fyrir 10,000 krónur. Skyldi kaupverðið greiðast með 500 kr. afborgun árlega 1. nóv. ár hvert, í fyrsta skifti 1. nóv. 1926. Til tryggingar skaðlausri greiðslu skuldbatt kaupandinn sig til að útvega tvo ábyrgðarmenn fyrir henni og átti hann að afhenda seljanda ábyrgðarskuldbinding þessa fyrir 1. nóv. 1925.

Kaupandinn, aðalstefnandinn í máli þessu, gat ekki útvegað ábyrgðarmennina í tíma. Afsakar hann sig með því, að aðalstefndur hafi lofað að láta húseigninni fylgja 5 álna breiða lóð norðan við hana, en hafi ekki staðið við loforðið, og hafi það orðið til þess að tveir menn sem voru búnir að lofa að takast á hendur ábyrgð á greiðslu kaupverðsins hafi gengið frá loforðum sínum sbr. rjettarskal nr. 4.

Aðalstefndur neitar að hafa lofað þessu og um það er ekki getið í kaupsamningnum. Þrátt fyrir það að ábyrgðarmennirnir voru ekki fengnir 1. nóv. 1925 leyfir aðalstefndur

aðalstefnandanum að byrja aðgerð á húsinu þegar eftir nýár 1926. Verður það eigi skilið öðru vísi en svo, að hann hafi slakað til í þessu atriði samningsins, enda kemur það vel heim við brjef bankastjóra Landsbankans á Akureyri 7. apríl 1927, rjettarskjal 29.

Samkvæmt þessu hefir aðalstefnandinn látið gera við húsið, að því er virðist í samráði við aðalstefnda. En vorið 1926 tekur aðalstefndur umráð öll yfir húsinu af aðalstefnandanum og má gera ráð fyrir að það hafi verið fyrir þá sök að hann hafi þá talið örvænt um að aðalstefnandinn myndi geta fullnægt kaupsamningnum.

Því er eigi mótmælt af aðalstefnda að efni og vinna sem aðalstefnandinn telur að hann hafi lagt til húsaðgerðarinnar hafi gengið til hennar og sje rjett reiknað, nema að því er snertir kaupgjaldsreikning hans sjálfs að upphæð 800 kr., en sem hann undir rekstri málsins hefir fært niður í 250 kr.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður rjetturinn að líta svo á að aðalstefndur hafi með framkomu sinni allri gagnvart húsaðgerðinni samþykt þær breytingar eða tilslakanir á kaupsamningnum frá 17. okt. 1925 að eigi sje næg ástæða til að dæma aðalstefnandann til skaðabóta fyrir samningsrof, þótt hann hafi eigi verið búinn að fá ábyrgðarmenn fyrir greiðsln kaupverðsins þegar aðalstefndur svifti hann umráðum yfir húsinu í maí 1926. Og styrkist þetta álit rjettarins ennfremur við það, að í kaupsamningnum eru engin ákvæði um hverju það varði ef eigi er staðið við þessi eða önnur ákvæði hans.

En af þessu leiðir að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnandanum andvirði efnis og vinnu sem hann hefir lagt til aðgerðar eða endurbyggingu húss þess sem kaupsamningurinn frá 17. okt. 1925 ræðir um. Þó með þeirri takmörkun að aðalstefnandinn enga borgun fái fyrir vinnu þá sem hann sjálfur hefir lagt fram við húsaðgerðina, þar sem alt virðist benda til að vinna þessi hafi mestmegnis verið fólgin í eftirliti og lögð fram með það fyrir augum að hann fengi full eignarumráð yfir húsinu í maí 1926. En að ekki varð af því virðist hafa verið fyrir þá sök að hann hafi ekki getað eða treyst sjer til að fullnægja settum skilyrðum.

Samkvæmt því sem þannig er sagt ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnandanum kr. 3032,56 ásamt 6 %

ársvöxtum af þeirri upphæð frá sáttakærudegi aðalsakar 2. okt. 1926 til greiðsludags. Þá ber og að sýkna aðalstefnandann af kröfum gagnstefnandans í gagnsökinni. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Dómarinn lætur þess getið að sökum mikilla anna síðasta vor og sumar hafi hann eigi getað kveðið upp dóm í máli þessu fyr en nú.

Miðvikudaginn 20. júní 1928.

Nr. 40/1927. **Jónína E. Arnljótsdóttir**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Daníel Á. Þorleifssyni (Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Húnavatnssýslu 19. febr. 1927: Svo framarlega sem kærði, Daníel Ásgeir Þorleifsson, Stórabúrfelli innan 3ja mánaða frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, vinnur eið að því að hafa ekki haft samfarir við kæranda, Jónínu Emilíu Arnljótsdóttur, á tímabilinu frá 1. sept. til 15. nóv. 1924, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og greiðist þá málskostnaður af almannafje. — Verði stefnda aftur á móti eiðfall, skal hann teljast faðir að stúlkubarni því, er kærandi, Jónína Emilía Arnljótsdóttir ól þ. 17. júlí 1925 og í skírninni hlaut nafnið Bryndís Bjargey og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, hefir stefndi kannast við það, að hann hafi iðulega haft samfarir við áfrýjanda sumurin 1923 og 1924, er hún dvaldi á heimili hans, í síðasta skifti 23. ágúst

1924, og hefir hann enga grein gert fyrir því, hvers vegna samfarir þeirra hafi þá hætt alt í einu, þótt stúlkan færi ekki af heimili hans fyr en 21. sept., og verður þó eigi annað sjeð af prófunum, en að gott samkomulag hafi verið með þeim fram eftir haustinu, og loks hefir stefndi ekki neitað framburði áfrýjanda um að þau hafi verið trúlofuð, án þess sjeð verði hvenær uppúr trúlofuninni hefir slitnað.

Að þessu athuguðu og því, að stefndi var 4 sinnum á ferð á Blönduósi haustið 1924 og þá ekki útilokað að fundum þeirra áfrýjanda hafi borið saman eins og hún heldur fram, þykir eftir málavöxtum rjett að láta úrslit máls þessa vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að ef áfrýjandi innan þriggja mánaða frá uppsögn dóms þessa vinnur eið að því, að stefndi hafi átt samfarir við sig á tímabilinu frá 1. sept. til 19. nóvbr. 1924, skal hann teljast faðir að stúlkubarni því, að nafni Bryndís Bjargey, er hún ól 17. júlí 1925, og vera skyldur að greiða að sínum hluta meðlag með barninu eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál þar, þar með talið málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, er ákveðst 80 kr.

Verði áfrýjanda hinsvegar eiðfall á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar og greiði hún þá stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, 80 kr., úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Ef áfrýjandi, Jónína Emilía Arnljótsdóttir, innan þriggja mánaða frá uppsögn dóms þessa, eftir

löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að stefndi, Daníel Ásgeir Þorleifsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1. sept. til 19. nóvbr. 1924, skal stefndi teljast faðir að stúlkubarni því, að nafni Bryndís Bjargey, er áfrýjandi ól 17. júlí 1925, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið hefði eigi þar verið gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Pjeturs hrm. Magnússonar, 80 kr.

Verði áfrýjanda aftur á móti eiðfall, skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar, og ber henni þá að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti með 200 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, 80 kr., úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Barnsfaðernismál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stúlkunnar Jónínu Emilíu Arnljótsdóttur, nú til heimilis á Blönduósi, gegn Daníel Ásgeiri Þorleifssyni, bónda á Stórubúrfelli hjer í sýslu. Hefir nefnd stúlka lýst nefndan Daníel Ásgeir föður að meybarni, er hún ól þ. 17. júlí 1925 og sem í skírninni hlaut nafnið Bryndís Bjargey.

Kærandi hefir oft dvalið á heimili stefnda, Stórubúrfelli,

lengri eða styttri tíma, uns hún fór þaðan alfarin í sept. 1924. Heldur kærandi því fram að stefndur hafi oft haft samfarir við sig, alt frá því er hún fyrst dvaldi á heimili hans og þangað til fram á vetur 1924. Auk þess staðhæfir kærandi að hún hafi verið trúlofuð stefndum og að hún hafi aldrei haft samfarir við neinn annan en hann.

Stefndur hefir játað, að hafa oftsinnis haft samfarir við kæranda, en hann neitar því afdráttarlaust, að hafa haft samfarir við hana síðan 23. ágúst 1924. — Af þessari ástæðu neitar hann faðerni barnsins. Svo neitar hann og því að hafa fyllilega verið trúlofaður kæranda.

Enda þótt kærandi hafi tilgreint staði og stundu, er samfarirnar milli hennar og stefnds hafi átt að eiga sjer stað eftir 23. ágúst 1924, þá virðist þó ekki vera þær upplýsingar fyrir hendi, er orsaka geta að úrslit málsins verði látin koma undir eið hennar.

Af þessari ástæðu og eftir öllum atvikum málsins virðist því rjett að úrslit þess verði látin koma undir eið stefnds þannig, að vinni hann eiðinn, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og greiðist þá málskostnaður af almannafje. Verði stefndum hinsvegar eiðfall, skal hann teljast faðir að stúlkubarni því, að nafni Bryndís Bjargey, er kærandi ól þ. 17. júlí 1925 og vera skyldur að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan málskostnað.

Föstudaginn 22. júní 1928.

Nr. 87/1928. **H.f. Bjarmi** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Georg Gíslasyni (Jón Ásbjörnsson).

Útaf verslunarskuld.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 18. jan. 1928: Stefndi Georg Gíslason á að greiða stefndanda, stjórn h.f. Bjarma, kr. 1247,20 með 6 % ársvöxtum frá 25. nóvember 1925 til borgunardags, en sje að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 200 krónur upp í kostnað hans af málinu.

Þessi ummæli umboðsmanns stefnanda í sóknarskjali: »en hinsvegar ekki nein fjarstæða að hugsa sjer að rskj. 5 hafi verið gefið til að hjálpa bróðurnum í klípu«, eiga að vera dauð og ómerk og hann greiða 30 krónur sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er að hálfu rennur í ríkissjóð, en að hálfu til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir krafist þess fyrir hæstarjetti, aðallega að stefndi verði auk upphæðar undirrjettardómsins dæmdur til að endurgreiða lán það, er hann fjekk hjá áfrýjanda 1. septbr. 1924 að upphæð kr. 2334,50 með 6 % vöxtum frá 25. nóvember 1925, en til vara að úrslit málsins verði látin velta á eiði stefnda um að hann hafi endugreitt Árna Gíslasyni lán þetta áður en Árni ljet af framkvæmdarstjórastöðu h.f. Bjarma eða fyrir 7. ágúst 1925. Þá hefir og áfrýjandi krafist þess, að ómerkingar- og sektarákvæði undirrjettardómsins verði feld úr gildi og loks að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í undirrjetti og hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Stefndi, er eigi hefir gagnáfrýjað, hefir hinsvegar krafist staðfestingar undirrjettardómsins og málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Svo sem ráða má af framangreindri dómkröfu áfrýjanda er ágreiningurinn hjer fyrir rjettinum um það eitt, hvort stefndi hafi endurgreitt h.f. Bjarma lán það, er hann fjekk hjá því 1. september 1924 að upphæð kr. 2334,50. Stefndi hefir haldið því fram, að hann hafi endurgreitt hlutafjelaginu lán þetta að fullu skömmu eftir að hann fjekk það, og þessu til sönn-

unar hefir hann lagt fram kvittun dags. 24. september 1924 undirskrifaða af Árna Gíslasyni f. h. hlutafjelagsins Bjarma. Árni Gíslason hefir að vísu í vitnaframburði sínum fyrir undirrjettiuum kannast við það, að kvittun þessi sje rituð seinna en dagsetning hennar segir til, en þar sem hann hefir borið það fyrir rjettinum og staðfest með eiði, að kvittunin sje rjett að efni til og að stefndi hafi endurborgað alt lán það, er hjer um ræðir, 400 kr. fyrst og afganginn um það leyti sem kvittunin er dagsett þ. e. um 24. sept. 1924 og það hinsvegar er viðurkent af áfrýjanda, að Árni Gíslason, er tók við endurgreiðslunni hafi, þá og til 7. ágúst 1925, verið framkvæmdarstjóri h.f. Bjarma og samkvæmt stöðu sinni verið bær um að taka við endurgreiðslunni fyrir hönd hlutafjelagsins og kvitta fyrir henni, þá verður að líta svo á, að stefndi hafi fært nægа sönnun fyrir því að hann hafi endurgreitt lánið að fullu rjettum hlutaðeigenda. Verður því að sýkna stefnda af þessari kröfu áfrýjanda og ber því að staðfesta aukarjettardóminn að því er snertir dómsupphæðina.

Eftir atvikum þykir eigi vera næg ástæða til að ómerkja ummæli þau í sóknarskjali áfrýjanda fyrir undirrjettinum, sem tilgreind eru í undirrjettardóminum nje til að sekta hann fyrir þau og ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella ómerkingar- og sektarákvæði hins áfrýjaða dóms úr gildi.

Eftir öllum málavöxtum þykir rjett, að málskostnaður í hjeraði falli niður, en að áfrýjandi greiði stefnda 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Georg Gíslason, greiði áfrýjanda h.f. Bjarma kr. 1247,20 með 6 % vöxtum frá 25.

nóvember 1925 til greiðsludags, en sje að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í undirrjetti falli niður, en áfrýjandi greiði stefnda 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að undangenginni, árangurslausri sáttatilraun höfðaði stjórn h.f. Bjarma hjer, með stefnu útgefinni 11. desember 1925 mál þetta fyrir aukarjetti kaupstaðarins gegn Georg Gíslasyni, kaupmanni hjer til greiðslu á skuld að upphæð kr. 6262,33 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 25. nóv. s. á. til borgunardags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins. En samkvæmt sáttarkæru og skjölum málsins telur stefnandi skuld þessa orðna til vegna verslunarviðskifta verslunarinnar Bjarma og stefnda.

Ágreiningur er milli aðila um skuldarupphæðina og krefst stefndi að þetta sje dregið frá henni:

1. Vaxtaupphæð, kr. 1090,74, sem stefndi er skuldaður fyrir 3. nóv. 1922 og telja má upplýst í málinu, að sje dagvextir af viðskiftaskuld stefnda samkvæmt bókum stefnanda, 8 % yfir tímabilið (árið) júní—maí 1920—1921 og 5 % yfir sama tímabil 1921—1922.

2. Kr. 2591,00 sem stefndi telur sumpart fyrir vörur sem verslunin Bjarmi fjekk hjá honum, en aðallega þó fyrir vörur, sem ýmsir viðskiftamenn Bjarma tóku út við verslun stefnda árið 1923, 1924 og 1925 og hann heldur fram að stefnandi eigi að borga.

3. Kr. 2324,50, sem stefnandi telur til skuldar hjá stefnda og hann að vísu viðurkennir að hafa tekið á móti 1. september 1924, en hinsvegar fullyrðir að hafa greitt síðar.

4. Kr. 63,83, sem er kostnaður af víxli, sem stefndi er skuldaður fyrir, en kveðst hafa greitt.

Öllum þessum frádráttarkröfum hefir stefnandi mótmælt nema 317 krónum 81 eyri, sem er vöruúttekt Bjarma hjá stefnda

árin 1923—1925 og stefnandi kannast við að eigi að færast stefnda til tekna, en hafi ekki verið gert.

Um þessi atriði, sem aðilum ber á milli athugast sem hjer segir:

1. *Vextirnir.*

Það verður að fallast á það með stefnanda að ósannað sje í málnu að stefndi hafi komið fram með þau mótmæli gegn vaxtaálagning þessari, sem hafa lagalegt gildi, þar sem einnig er upplýst að stefndi vissi fyrir löngu um álagning þessa þá verður krafa hans um að kr. 1090,74, vegna offærðra vaxta falli niður, ekki tekin til greina.

Hinsvegar er óupplýst að stefndi hafi vitað eða samþykt, að honum voru reiknaðir 8 % vextir 1920—1921 og þar eð er um óvenjulega og ólöglega vexti í verslunarviðskiftum að ræða, ber að draga þær 250 krónur frá nefndri vaxtaupphæð, sem stefnandi hefir reiknað út að vera mismunurinn, ef stefnda hefði aðeins verið reiknaðir 5 % í vexti í stað 8 %.

En útreikningi þessum hefir stefndi ekki mótmælt. Hinsvegar verður ekki talið rjett að stefndi hafi leyfi til þess að draga frá vexti þá, kr. 496,21 af skuldum Bjarma í bókum hans 1923—1925, sem hann krefst að fá greidda, verði vaxtakrafa stefnanda tekin til greina. Því að upplýst má telja, að Bjarmi hafi ekki reiknað honum vexti þá og stefndi ekki heldur, og þegar til alls kom, hafi átt nokkuð hjá Bjarma.

2. *Úttekt Bjarma og viðskiftamanna hans.*

Stefnandi hefir eins og áður er sagt, viðurkent úttekt Bjarma kr. 317,81. Hinsvegar hefir hann mótmælt kr. 160,37 fyrir fisk er stefndi telur Bjarma til skuldar 5. nóv. 1923, og þar eð stefndi ekki hefir fært neinar sannanir fyrir þessu verður sú frádráttarkrafa ekki tekin til greina.

Eru þá eftir kr. 2112,82, sem stefndi telur stefnanda til til skuldar vegna úttektar viðskiftamanna Bjarma hjá honum árin 1923—1925.

Þessum frádrætti neitar stefnandi vegna þess að stefndi hafi ekkert leyfi haft og a. m. k. ekki svo viðtækt og undir engum kringumstæðum löglegt leyfi til, þ. e. a. s. frá löglegum umboðsmanni eða umboðsmönnum Bjarma til slíks. Telur stefnandi að þurft hefði sjerstakt leyfi í hvert sinn og að forstjóri verslunarinnar hafi ekki verið fær um að veita slíkt leyfi. Auk þess hafi stefndi ekki gefið reikning á hæfilegum tíma og Bjarmi ekki verið skyldur að greiða stefnda þetta,

þar sem ýmsir fyrir þennan drátt sje ekki orðnir færir um að borga. Þetta er þó ekki nánar rökstutt eða sundurliðað.

Það verður að telja sannað í máli þessu að slíkar milliskriftir sem þessar hafi átt sjer stað við verslun stefnda vegna Bjarma næstu 5 árin áður en þær milliskriftir byrja, sem deilt er um í þessu máli. Einnig má telja upplýst að þetta hafi verið með sama fyrirkomulagi þessi 5 ár og næstu 5 árin, þau sem hjer er um að ræða. Þá er það líka upplýst að allir þeir viðskiftamenn Bjarma, sem árin 1923—1925 fengu vöruúttekt hjá stefnda, höfðu á árunum áður fengið þetta og Bjarmi greitt fyrir þá. Sömuleiðis verður að telja sannað, bæði með vitnisburðum og framlögðum reikningum að forstjórar Bjarma hafi samið við stefnda um slíkar millifærslur og leyft þær, honum og viðskiftamönunum.

Er upplýst að bæði eru slíkar milliskriftir venja á staðnum og að forstjórar verslana afgreiða slíkt án sjerstaks leyfis, enda verður þetta að álítast fylgja stöðu þeirra. Lög »h.f.« Bjarma koma í þessu sambandi ekki til greina. Verslunin Bjarmi var þá ekki skrásett atvinnufyrirtækti og því síður löglegt hlutafjelag. Ber því engum utanfjelagsmanni skylda til að þekkja lög þess.

Aftur á móti verður að fallast á það með stefnanda að mikill og ef til vill að einhverju leyti skaðlegur dráttur hafi orðið á að gera upp þessi viðskifti við Bjarma og stefnda. En hinsvegar má telja upplýst með því, sem fram er komið í málinu, að sá dráttur er beggja aðila sök, og að venjan hafi ekki verið sú að þeir hafi sent hvor öðrum árlega reikninga heldur hafi hitt verið reglan að samanburður á viðskiftabókum átti sjer stað eftir hentugleikum.

Af þessum ástæðum sem nú hafa verið greindar og að stefndi með rjettu gat búist við, að upptekinni venju yrði haldið áfram um þetta, meðan annað var ekki tilkynt, ber að taka til greina kröfu stefnda um að dregnar sjeu þessar kr. 2591,00 frá skuld hans við stefnanda, þó að undanskildum áðurnefndum kr. 160,37 og verða það þá kr. 2430,63, sem koma til frádráttar vegna þessa.

3. *Peningaúttekt kr. 2334,50.*

Stefndi hefir lagt fram kvittun þáverandi forstjóra Bjarma fyrir nefndum kr. 2334,50 og síðargreindur staðfest að hafa gefið hana og tekið við borguninni. Það er ekki rjett að krefjast meira í almennum viðskiftum enda þótt forstjórinn

væri bróðir stefnda, það dregur alls ekki úr gildi kvittunarinnar að þessi viðskifti virðast hafa verið færð í bækur fjelagsins eða hún gefin seinna en greiðslan átti sjer stað. Er líkast því að hjer hafi átt að vera um skyndilán að ræða.

Kröfu stefnda um frádrátt á þessum kr. 2334,50 ber því að taka til greina.

4. *Víxilkostnaður. kr. 63,83.*

Stefndi hefir engar sannanir fært fyrir greiðslu á þessum kr. 63,83 og verður krafa hans um frádrátt þess vegna ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu ber frá kröfu stefnanda, kr. 6262,33 að draga kr. 250,00 + kr. 2430,63 + kr. 2334,50 = kr. 5015,13. Verða þá eftir 1247 krónur og 20 aurar, sem ber að dæma, stefnda til að greiða stefnanda, ásamt 6 % ársvöxtum frá 25. nóvember 1925 til borgunardags.

Báðir aðilar hafa krafist málskostnaðar.

Eftir þessum útskriftum og þegar litið er til málavaxta yfirleitt þykir rjett að stefnandi greiði stefnda 200 krónur upp í kostnað hans af málinu.

Umboðsmaður stefnda hefir krafist þess, að umboðsmaður stefnanda, Ólafur Auðunnsson, verði látinn sæta refsingu fyrir þessi ummæli í sóknarskjali sínu út af fyrnefndri kvittun: »en hinsvegar ekki nein fjarstæða að hugsa sjer að rskj. 50 hafi verið gefið til að hjálpa bróðurnum í klípu«, og þau dæmd dauð og ómerk. Umboðsmaðurinn hefir fært til varnar sjer að hjer sje ekkert fullyrt. En enda þótt það sje rjett og fremur um dylgjur, en fullyrðingar að ræða, eru þær þess eðlis að þær verða að teljast mjög ærumeiðandi og þykir rjett að ómerkja ummæli þessi og að umboðsmaður stefnanda greiði 30 krónur sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er rennur að hálfu í ríkissjóð en að hálfu til bæjarsjóð Vestmannaeyja.

Umboðsmaður stefnanda kveður stefnda segja það vísvitandi ósatt í einu varnarskjali sínu að tvö vitni hafi borið fyrir rjettinum og staðfest með eiði, að ekki hafi verið reiknaðir vextir af »innleggi« stefnda hjá Bjarma fyr en löngu seinna en vera bar. Krefst umboðsmaðurinn að stefndi verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og málaflutning vegna þessa, eða látinn sæta annari viðeigandi refsingu. En þar sem ekki verður sjeð að í tilvitnuðum orðum felist nein ósæmileg að-

dróttun til nokkurs manns og auk þess umboðsmaður stefnds, en ekki hann sjálfur bar þau fram, verður krafa umboðsmanns stefnanda hjer að lútandi, ekki tekin til greina.

Föstudaginn 22. júní 1928.

Nr. 23/1928. **R. P. Levi**
gegn
P. M. Bjarnarson.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, R. P. Levi, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Laugardaginn 23. júní 1928.

Nr. 6/1928. **Metúsalem Jóhannsson** (B. Þ. Johnson)
gegn
Helgu Sigurgeirsdóttur (Enginn).

Bætur fyrir vanefndir leigusamnings.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 30. júlí 1927: Stefnd, Helga Sigurgeirsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Metúsalems Jóhannssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Stefnda hefir hvorki mætt nje látið mæta fyrir hæstarjetti í máli þessu, þótt henni hafi verið löglega stefnt, og hefir það því verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 2. málsgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna

og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Með því að eðlilegast er að skilja bótaákvæði húsaleigusamningsins á þann hátt, að það hafi aðeins átt að koma til framkvæmda í þeim tilfellum, að stefnda hefði ekkert húsnæði haft handa áfrýjanda 1. okt. eða þá að áfrýjandi hefði notað vanefndir stefndu til að rifta samningnum, ber að sýkna stefndu af aðalkröfu áfrýjanda, en með því að íbúðin var ekki í leigufæru ástandi, er áfrýjandi flutti í hana og virðist ekki hafa verið komin í fullt lag fyr en í nóvember, þykir rjett samkvæmt varakröfu áfrýjanda að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 200 kr. bætur fyrir þau óþægindi og tjón, er vanefndir stefndu hafa bakað honum, með 6 % vöxtum frá stefnudegi 25. okt. 1926 til greiðsludags.

Málskostnaður í hjeraði á að falla niður, en málskostnað í hæstarjetti greiði stefnda áfrýjanda með 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefnda, Helga Sigurgeirsdóttir, greiði áfrýjanda Metúsalem Jóhannssyni 200 kr. skaðabætur með 6 % ársvöxtum frá 25. okt. 1925 til greiðsludags.

Málskostnaður í hjeraði fellur niður, en málskostnað í hæstarjetti greiði stefnda áfrýjanda með 150 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í húsaleigusamningi dags. 25. júní 1926 höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni

25. október s.l. af Metúsalem Jóhannssyni kaupmanni hjer í bæ, gegn frú Helgu Sigurgeirsdóttur, Grundarstíg 4A hjer í bænum til greiðslu skaðabóta fyir vanefndir á tjeðum samningi, að upphæð kr. 1000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1926 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnd hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að hinn 26. júní 1926 gerðu aðiljar málsins með sjer svofeldan samning, að stefnd seldi stefnanda á leigu íbúð í húsi, sem hún hafði í hyggju að reisa við Hallveigarstíg hjer í bænum frá 1. október 1927 til 14. maí 1928 fyrir kr. 150,00 á mánuði. Skyldi leigusali láta íbúðina af hendi í »fullkomnu og ágætu standi« eftir því, sem nánar er tekið fram í samningnum hvernig frá íbúðinni eigi að vera gengið og hvaða þægindi eigi að fylgja henni.

Í 9. gr. samningsins er svofelt ákvæði:

»Ef að hin leigða íbúð, sem um ræðir í þessum samningi ekki verður tilbúin fyrir íbúð handa leigutaka 1. október n. k. greiðir leigsali honum kr. 1000,00 — eitt þúsund krónur — í skaðabætur«.

Hinn 1. október var húsið að fullu reist og herbergi afþiljuð, en mikið vantaði á að búið væri að ganga til fulls frá íbúð stefnanda. Vantaði t. d. eldavjel, vatnsleiðslu, hurðarhúna og þræði og slökkvara í rafleiðslu, gangar í húsinu og forstofa óveggfóðrað o. s. frv. Stefnandi flutti samt sem áður í íbúðina þá um mánaðamótin, og virðist hafa verið bætt úr stærstu göllunum á íbúðinni þá næstu daga en svo lítur út sem íbúðin hafi ekki verið komin í fult lag fyr en í nóvembermánuði.

Stefnandi heldur því nú fram að stefnd hafi, með því að hafa ekki íbúðina í lagi 1. október, brotið leigusamninginn og beri henni því, samkvæmt 9. gr. hans að greiða umkrafðar skaðabætur. Rjetturinn verður hinsvegar að fallast á þá skoðun stefndu, að skýra beri ákvæðið í 9. gr: samningsins þannig, að það komi aðeins til framkvæmda í þeim tilfellum, að stefnd hefði ekkert húsnæði haft handa stefnanda 1. október, eða þá að stefnandi hefði notað vanefndir stefndu til þess að rifta samningnum og ganga frá honum að öllu leyti. Skoðun þessi styðst ekki einungis við það, að ekki var byrjað á byggingu hússins þegar samningurinn var gerður, sem ljóslega sýnir þann tilgang stefnanda með ákvæðinu að koma í

veg fyrir að hætt yrði við bygginguna eða henni seinkað heldur og hitt að mismunurinn á skaðabótaupphæðinni kr. 1000,00 og mánaðarleigunni kr. 150,00, er svo mikill, að ekki getur komið til mála að skýra ákvæðið þannig að stefndu beri að greiða alla upphæðina jafnvel þótt íbúðinni hafi verið mikið áfátt fyrsta mánuðinn, úr því að stefnandi notaði ekki vanefndirnar til þess að rifta samningnum.

Úrslit málsins hjer í rjettinum verða því þau að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu, þar eð hann hefir enga varakröfu gert um það að umbætur til hans fari eftir mati rjettarins, en eftir atvikum þykir rjett að málskostaður falli niður.

Laugardaginn 23. júní 1928.

Nr. 101/1927. **Landsbanki Íslands** (Pjetur Magnússon)
gegn
Oddi Gíslasyni hfg. (Jón Ásbjörnsson).

Uppboðsúrskurður ómerktur.

Úrskurður uppboðsrjettar Ísafjarðarsýslu 8. ág. 1927: Krafa Landsbanka Íslands, um að honum verði lögð út til eignar framangreind eign sem ófullnægðum veðhafa verður eigi til greina tekin. En boð hans í eignina samkvæmt uppboðsskilmálum samþykkist.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að stefnda, sýslumanni Oddi Gíslasyni, er stefnt hingað sem uppboðshaldara í Ísafjarðarsýslu og skiftaráðanda í þrotabúi firmans »Bræðurnir Proppé«, sem á hjer um rætt veð og að því viðbættu, að það er in confesso milli málsaðilja, að Landsbankinn, sem ljet mæta á uppboðinu, bæði fyrir sig og veðdeildina, hafi átt hærri veðkröfu í veðinu en boði hans nam, verður að fella uppboðsrjettarúrskurðinn úr gildi og skylda skiftarjettinn í nefndu

þrotabúi til þess að leggia Landsbankanum veðið út sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður hinn stefndi sýslumaður f. h. þrotabúsins að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann eftir atvikum ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettar úrskurður er feldur úr gildi.

Stefnda, Oddi sýslumanni Gíslasyni, ber sem skiftaráðanda í þrotabúi Bræðranna Proppé að leggja áfrýjanda, Landsbankanum, umrætt veð út fyrir þá upphæð, sem bankinn hauð í veðið á uppboðsþingi Ísafjarðarsýslu 14. júlí f. á.

Stefndi greiði áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dags. 18. maí þ. á. krafðist veðdeild Landsbankans í Reykjavík, að jörðin Þingeyri, 3,96 hndr. að n. m., ásamt með húsum og mannvirkjum þar á meðal bryggju, vatnsleiðslu, járnbrautum, vögnum og öllu tilheyrandi yrði selt á opinberu uppboði til lúkningar skuld upphaflega 30000 kr. nú að eftirstöðvum kr. 6555,30 auk veðdeildarkostnaðar áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum og kostnaði við uppboð, alt samkvæmt veðskuldabrjefi dags. 7. október 1908.

Uppboðið var síðan auglýst lögum samkvæmt og fór þannig fram, að hæstbjóðandi varð umboðsmaður Landsbanka Íslands í Reykjavík fyrir 76000 kr. Krafðist hann áður en uppboðinu lauk að bankanum yrði útlögð eignin sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt veðbókarvottorði, er lagt var fram á uppboðinu, á Landsbanki Íslands 500000 kr. skuld, þinglesna með 2. veðrjetti í eigninni. En hvorki var frumrit veðskuldabrjefsins, nje eftirrit af því lagt fram á uppboðinu.

Eins og að framan getur fór uppboðið fram einvörðungu eftir kröfu veðdeildarinnar og er þá spurning, hvort Landsbanki Íslands hefir heimild til að fá sjer lagða út eignina sem ófullnægum veðhafa.

Að rjettarins áliti verður eigi betur sjeð, en að ráðstöfun veðdeildarinnar um að selja veðið til fullnustu umræddri skuld, sje algerlega sjálfstæð ráðstöfun, er aðrir veðhafar geti eigi notfært sjer nema sjerstök heimild væri fyrir hendi, sem rjettinum er eigi kunnugt um.

Hliðstæð lög um þetta atriði giltu einnig í Danmörku þar til lög nr. 66, 9. apríl 1891, um uppboð gengu þar í gildi.

Með lögum þessum verður sú breyting á rjettarstöðu veðhafa á nauðungaruppboði, að þeim er gefið jafnrjetti, þannig að hverjum þeirra um sig og án tillits til hver þeirra er gerðarbeiðandi, er gefinn kostur á, að láta útleggja sjer eignina, sem ófullnægðum veðhafa, hafi hann á uppboðinu gert hæsta boð og fær eitthvað af uppboðsverðinu upp í skuld sína en þó eigi fullnaðargreiðslu (38. gr. greindra laga).

Ennfremur sýnir rit Nellemanns: Læren om Auction 1894, sjerstaklega bls. 114, að þangað til nefnd lög gengu í gildi virðist uppboðsbeiðandi einn hafa verið talinn eiga rjett til að fá eignina útlagða, sem ófullnægður veðhafi.

Af greindum ástæðum sjer rjetturinn sjer eigi fært, að taka til greina kröfu Landsbanka Íslands um að eignin verði útlögð honum sem ófullnægðum veðhafa. Hinsvegar samþykkir rjetturinn hæsta boð bankans í eigninni samkvæmt uppboðsskilmálunum.

Uppboðsráðandi getur þess, að úrskurð þennan hafi hann eigi getað kveðið upp fyr vegna ferðalaga og embættisanna.

Miðvikudaginn 26. sept. 1928.

Nr. 107/1927. **Kristinn Jónsson** (Stef. Jóh. Stefánsson)
gegn
Halldóri Jónssyni og Jóni Jónssyni
(Enginn).

Fyrning skuldar.

Dómur gestarjettar Seyðisfjarðar 19. ág. 1927: Stefndur Kristinn Jónsson frá Bakkafirði, nú Kirkjuveg 84 í Vestmannaeyjum, greiði stefnandanum, Halldóri Jónssyni kaupmanni og Jóni Jónssyni bónda í Firði, báðum á Seyðisfirði, kr. 2472,47 ásamt 6 % ársvöxtum frá 22. apríl 1927 til greiðsludags og að auki kr. 32,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Við þingfestingu máls þessa í hæstarjetti 30. mars þ. á. var mætt bæði af hálfu áfrýjanda og stefndu, og var málinu þá með samþykki umboðsmanns stefndu frestað til fyrirtektar síðar. Er málið því næst var tekið fyrir 30. maí s.l. mætti umboðsmaður stefndu að vísu, en ljet þess þá getið, að hann myndi ekki mæta aftur í málinu; hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Skuld sú, er ræðir um í máli þessu, stafar frá viðskiftum áfrýjanda við verslun Halldórs Runólfssonar á Bakkafirði, sem var tekin til gjaldþrotaskifta 14. mars 1923.

Hefir áfrýjandi, sem ekki mætti í undirrjetti, gefið þá skýrslu um málið hjer fyrir rjettinum, að hann hafi haft talsverð viðskifti við nefnda verslun þar til seint á árinu 1922, en upp frá því hafi hann engin

viðskifti átt við hana, enda hafi hann þá er viðskiftin hættu, talið sig skuldlausan við verslunina; hafi skuldin því, ef nokkur hafi verið, verið orðin fyrnd, þegar málið var höfðað, með því að skuldin hafi fyrnst á 4 árum frá 1. jan. 1923 að telja og fyrningarfresturinn þannig liðinn, er stefna var honum birt í málinu, 22. apríl 1927. Krefst áfrýjandi því að verða sýknaður og málskostnaðar í hæstarjetti.

Skýrslu áfrýjanda um fyrningu skuldarinnar verður að taka til greina, enda hefir enginn reikningur verið lagður fram í málinu yfir úttekt áfrýjanda við verslun Halldórs Runólfssonar og engin grein gjörð fyrir skuldarkröfunni önnur en sú, að skuldin er talin »samkvæmt keyptum skuldalista«.

Það ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna hann af kröfum stefndu í máli þessu. Málskostnaður í hjeraði á að falla niður, en málskostnað í hæstarjetti verða stefndu að greiða áfrýjanda með 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Kristinn Jónsson á að vera sýkn af kröfum stefndu Halldórs Jónssonar og Jóns Jónssonar í máli þessu.

Málskostnaður í hjeraði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda með 200 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa þeir, Halldór Jónsson kaupmaður og Jón Jónsson bóndi í Firði, báðir á Seyðisfirði, höfðað gegn Kristni

Jónssyni frá Bakkafirði, nú til heimilis Kirkjuveg 84 i Vestmannaeyjum, fyrir gestarjettinum samkvæmt heimild í lögum nr. 59, 10. nóv. 1905 með stefnu útgefinni 5. apríl þ. á. birtri 22. apríl sama ár.

Samkvæmt stefnunni hafa stefnendurnir krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða þeim umstefnda skuld að upphæð kr. 2472,47, ásamt 6 % ársvöxtum frá 22. apríl 1927 til greiðsludags og að auki málskostnað að skaðlausu eða eftir mati dómarans. Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið og er honum þó löglega stefnt.

Verður þá eftir N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þar sem stefnendurnir hafa lagt fram ítarleg skilríki fyrir dómkröfunni, verða kröfur þeirra teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 32,00.

Föstudaginn 28. sept. 1928.

Nr. 17/1928. **Guðjón J. Lindal**

gegn

Hermanni Jónssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón J. Líndal, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 5. okt. 1928.

Nr. 53/1928. **Valdstjórnin**

gegn

Óskari Þórðarsyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er kveðinn upp í hæstarjetti ber að útvega í málinu ítarlegri upplýsingar, sem hjer greinir:

1. Staðfest eftirrit ber að útvega af sætt þeirri, er kærði hefir undirgengist 13. apríl þ. á. og af prófunum í því máli og skjölum, er lögð hafa verið fram.
2. Rjettarskýrslu ber að taka af vitnunum Guðbirni Hanssyni lögregluþjóni, Magnúsi Bjarnasyni bifreiðarstjóra og Jens Eyjólfssyni byggingameistara um í hverju það hafi lýst sjer, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis og hve mikil brögð hafi verið að því, þegar bifreiðin var tekin af honum, svo og rjettarskýrslur annara vitna, er um þetta kunna að geta borið.
3. Það ber að yfirheyra kærða ítarlegar en gjört hefir verið um bifreiðarakstur hans inn á Grettisgötu umrætt kvöld og undir hve miklum áhrifum áfengis hann hafi þá verið.

Að öðru leyti ber og hjeraðsdómaranum að útvega aðrar þær skýrslur og upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 8. okt. 1928.

Nr. 40/1928. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Þorsteini Jónssyni (Svb. Jónsson).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 30. apríl 1928: Kærður, Þorsteinn Jónsson, greiði 15 króna sekt í ríkissjóð, innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa en sæti ella

í hennar stað einföldu fangelsi í 2 daga. Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta hann, þó þannig að sektin verði 50 kr. og afplánunartíminn 5 dagar.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Dóminum skal óraskað, þó þannig að sektin verði 50 kr. og afplánist með 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði, Þorsteinn Jónsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin sóknar- og varnarlaun málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorsteini Jónssyni, bifreiðarstjóra, Strandgötu 23 í Hafnarfirði fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 sbr. og lög nr. 23. frá 31. maí 1927.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Kærður hefir játað að hafa þrisvar sinnum 4. þ. m. og einu sinni 5. þ. m. eklð milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur með 2 farþega í framsæti bifreiðarinnar og í þessum sömu

ferðum kveðst hann og sennilega í öll skiftin hafa haft 7 farfarþega í bifreiðinni, enda þótt skoðunarvottorð bifreiðarinnar hefði áður verið hengt upp í bifreiðina og það tiltaki að í bifreiðinni megi aðeins vera 6 farþegar.

Reglugjörð nr. 4 frá 1. febrúar þ. á. um skoðun bifreiða hefir ekki verið birt almenningi fyrri en 19. þ. m. (sbr. Stj.tíð. 1928 B., bls. 1.). Verður kærður því aðeins dæmdur fyrir brot gegn hinum tilvitnuðu lögum en ekki fyrir brot gegn ákvæðum tjeðrar reglugjörðar.

Í 1. gr. laga nr. 23 frá 31. maí 1927, sem er breyting á ákvæðum 4. gr. laga nr. 56 frá 15. júní 1926, er svo fyrir mælt, að skoðunarmenn bifreiða skuli ákveða í skoðunarvottorði hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga og er bifreiðarstjórum að sjálfsögðu skylt að haga sjer eftir því. Í bifreið þeirri sem hjer um ræðir hafa þeir ákveðið að megi flytja 6 farþega, en kærður hefir þrátt fyrir það flutt 7 farþega í bifreiðinni og með því brotið gegn ákvæðum lagagreinarinnar. Kærður hefir undirgengist í þessum sama rjetti 10 króna sekt fyrir að taka ekki rjetta beygju við gatnamót.

Refsing sú, er kærður hefir til unnið fyrir þetta brot, er að áliti dómarans eftir 14. gr. laga nr. 56/1926 hæfilega ákveðin 15 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 2 daga. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 8. okt. 1928.

Nr. 86/1927. **Helgi Benediktsson f. h. Versl.fjel. Vestmannaeyja** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Smjörlíkisgerðin h.f. (Enginn).

Þingsafglöpun.

Dómur gestarjettar Vestmannaeyja 29. ág. 1927: Stefndi Helgi Benediktsson á að greiða H/f. Smjörlíkis-

gerðinni í Reykjavíkinni kr. 3488,85 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1926 til greiðsludags og 250 krónum í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Það er aðalkrafa áfrýjanda, sem ekki mætti í málinu í hjeraði, að hinn áfrýjaði dómur gestarjettar Vestmannaeyja 29. ágúst f. á., verði ómerktur og málinu vísað frá gestarjettinum, af þeirri ástæðu, að stefndi stjórn h.f. Smjörlíkisgerðin í Reykjavík, hafi heimildarlaust látið mann, heimilisfastan í Vestmannaeyjum, mæta af sinni hendi fyrir gestarjettinum, þegar málið var þingfest þar 10. s. m. En til vara krefst áfrýjandi, sýknu og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, hvor krafan sem tekin verði til greina.

Stefndi mætti ekki hjer fyrir rjettinum þá er taka skyldi málið fyrir í síðastliðnum júnímánuði. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það sjest ekki á dómsgerðunum eða öðrum skjölum málsins, að aðiljar hafi komið sjer saman um að reka málið fyrir gestarjettinum eða að önnur sjerstök heimild hafi verið til slíkrar málsmeðferðar. Hinsvegar hermir áfrýjandi það rjett, að heimilisfastur maður í Vestmannaeyjum hafi mætt í málinu af hendi sækjanda í hjeraði þá er málið var þingfest í gestarjettinum og tekið undir dóm. En til þess var ekki heimild að svo vöxnu máli.

Verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja dóminn og vísa málinu frá gestarjettinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann

ákveðinn 200 kr., en málskostnaður í hjeraði þykir eiga að falla uiður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum.

Stefndi, stjórn h.f. Smjörlíkisgerðin í Reykjavík, greiði áfrýjandanum, Helga Benediktssyni f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en málskostnaður í hjeraði fellur niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. okt. 1928.

Nr. 52/1928. **Rjettvísin og valdstjórnin**
(L. Jóhannesson)
gegn
Þorkeli Þorleifssyni (L. Fjeldsted).

Brot gegn bifreiðarlögum, lögreglusamþ. Rvíkur og 200. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 15. júlí 1928: Ákærður, Þorkell Þorleifsson, sæti einföldu fangelsi í tvo mánuði og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40,00 í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum, Lárusar Fjeldsted hrm.flm. Ákærður skal og sviftur leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa.

Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður, innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa,

sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem tekið er fram í dómi undirrjettarins hefir ákærði gert sig sekan í vítaverðri óvarkárni með því að aka bifreiðinni með 18—20 kílómetra hraða á fjölfarinni götu bæjarins og svo skamt á eftir annari bifreið, sem raun bar vitni um, og ennfremur með því að horfa aftur fyrir sig undir akstrinum.

Afbrot ákærða, er hafði mannsbana í för með sjer, ber að heimfæra undir 200. gr. hinna almennu hegningarlaga, 6. gr. bifreiðarlaganna 15. júní 1926 og 49. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur 19. apríl 1919. Með tilliti til þess, að kona sú, er bana beið við slysið, átti einnig sök á því með óvarkárni sinni, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í einn mánuð. Auk þess verður samkvæmt 5. gr. bifreiðarlaganna fallist á það, að undirdómarinn hefir svift ákærða leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá birtingu undirrjettardómsins, þ. e. frá 18. júlí þ. á. að telja.

Skilorð undirrjettardómsins þykir rjett að fella niður, en málskostnaðarákvæði hans skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Þorkell Þorleifsson sæti einföldu fangelsi í einn mánuð og skal auk þess sviftur leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá 18. júlí þ. á. að telja.

Um málskostnað í hjeraði skal undirrjettardóminum óraskað og ákærði greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorkeli Þorleifssyni, bifreiðarstjóra til heimilis á Bragagötu 29, fyrir brot gegn ákvæðum 18. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, bifreiðarlaganna og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Hinn 18. apríl s.l. nálægt kl. 5½ síðdegis ók ákærður á bifreið sinni R.E. 441, vestur eftir Vesturgötunni. Í bifreiðinni sat við hlið ákærðs verkamaður úr vjelsmiðjunni »Hjeðinn« og annar maður hafði hlaupið upp á vinstra aurbretti bifreiðarinnar og stóð þar, en ákærður ljet það afskiftalaust. Vestur eftir Vesturgötunni ók á undan ákærðum vöruflutningabifreið var millibilið skamt og dró hvorki sundur nje saman, því bifreiðarnar fóru með líkum hraða, um 20 kílóm. á klukkustund að því er ákærður heldur. Hraðamælir var enginn á bifreið hans. Alt í einu fór maður sá, er staðið hafði á aurbrettinu að reyna að komast inn í bifreiðina með því að skríða yfir hurðina, sem var læst og handfangslaus. Ákærður leit þá við til mannsins og ætlaði að segja honum hvernig hann ætti að komast inn í bifreiðina, en í því hljóðaði sessunautur ákærðs upp yfir sig. Þá leit ákærður fram og sá að kona var að verða undir bifreiðinni, hún var þá um 1—2 metra fyrir framan hana og virðist hún hafa komið af syðri gangstjett og gengið út á götuna og eftir henni til norðvestnrs, rjett eftir, að bifreiðin hafði ekið framhjá. Ákærðum varð bilt við og honum fibaðist þegar hann sá konuna svo skamt

fyrir framan bifreiðina, og bifreiðin rann áfram yfir konuna og stansaði ekki fyr en konan lá um 5 metrum fyrir aftan bifreiðina. Jón Ólafsson og Zophonias Baldvinsson, skoðunarmenn bifreiða, reyndu bifreiðina og komust að þeirri niðurstöðu, að hún væri í nothæfu standi, og hemlarnir þannig, að þegar hún var á 20 km. hraða, mátti stöðva hana með báðum hemlum, eða fóthemlinum einum á lengd sinni (um 5 metrum) en með handhemlunum á 1½ lengd sinni.

Konan sem varð undir bifreiðinni hjet Sólveig Þórðardóttir, og andaðist hún skömmu síðar og var dauðaorsökin sú, að höfuðskelin hafði brotnað. Tvær konur, sem kunnugar voru Sólveigu heitinni, hafa verið leiddar sem vitni í máli þessu og hafa þær báðar borið það að hún hafi haft góða heyrn og sjón og verið að öllu leyti andlega heilbrigð. Þrír bifreiðarstjórar hjer í bænum hafa og verið leiddir sem vitni í máli þessu og hafa þeir allir borið það og unnið eið að því, að þeir hafi veitt því athygli að Sólveig heitin hafi farið mjög óvarlega á götu. Hún hafi oftast gengið eftir miðjum götum og alls ekki tekið tillit til þess þó gefin væri hljóðmerki. Kveða sumir þeirra sjer hafi reynst mjög erfitt að komast hjá slysi, er þeir óku fram hjá henni.

Því verður alls ekki neitað, að það var mikil óvarkárni af Sólveigu heitinni að ganga þannig fram á götuna milli tveggja bifreiða sem voru á talsvert hraðri ferð, með svo skömmu millibili, og að ákærði hefir nokkra afsökun fyrir því að hann leit við þ. e. að maðurinn stóð á aurbrettinu eins og fyr segir, en það verður þó hiklaust að líta svo á að ákærður hafi sýnt vítaverða óvarkárni með því að aka með 20 kilómetra hraða eftir fjölfarinni götu, án þess að horfa fram á götuna og án þess að gefa hljóðmerki. Með þessu framferði hefir ákærður að áliti dómarans brotið gegn ákvæðum 200. gr. almennra hegningarlaga, 6. og 8. gr. bifreiðaraganna og 49. og 51. gr. lögreglusamþyktarinnar.

Refsing sú, er ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. maí 1907, og hefir ekki áður sætt ákæru nje refsingu, hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt hinni tilvitnuðu hegningarlagagrein, 14. gr. bifreiðarlaganna og 93. gr. lögreglusamþyktarinnar tveggja mánaða einfalt fangelsi. Auk þess þykir verða að svifta ákærðan leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan

og leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40,00 til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum, Lárusar Fjeldsted hrm.flm.

Með tilliti til þess að hjer er um fyrsta afbrot ákærðs að ræða, og hann hefir talsverðar málsbætur, sem áður eru nefndar og telja verður að sanni það, að slysið stafaði ekki eingöngu af óvarkárni hans, þykir eftir atvikum mega ákveða að fangelsisrefsing ákærðs skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af því, að ákærður hefir verið fjarverandi úr bænum og eftir að hann kom til bæjarins, hafa verið haldin nokkur framhaldspróf í málinu.

Mánudaginn 29. okt. 1928.

Nr. 62/1928. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Ámunda Geirssyni (Guðm. Ólafsson).

Ölvun manns á almannafæri ekki talin sönnuð.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. ág. 1928: Kærður, Ámundi Geirsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors, að greiðast af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað.

Allur kostnaður málsins fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verj-

anda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ámunda Geirssyni, verslunarmanni, Vesturgötu 26, hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1926, 16. gr.

Málavextir eru þeir, sem hjer greinir: Laugardaginn 28. f. m. um kl. 8 e. h. fór kærður inn í veitingahúsið »Hótel Ísland« hjer í bænum ásamt þremur mönnum öðrum. Drukku þeir í sameiningu 2 1/1 flöskur af spánarvíni með mat. Fór kærður nokkru síðar inn í kaffihúsið »Rosenberg« og drakk þar einn pilsner og þaðan fór hann í bifreið ásamt fleirum upp að Geithálsi, þar sem hann dvaldi um það bil einn klukkutíma og drakk tvo pilsnera og fór þá til Reykjavíkur aftur.

Hjörtur Ingþórsson, löggæslumaður, sem var staddur á sama tíma og kærður á Geithálsi, hefir kært hann fyrir það, að hann hafi verið drukkinn þar í þetta sinn. Kærður hefir viðurkent að hann hafi drukkið það, sem áður er greint af áfengi og að hann hafi fundið til áhrifa áfengis, en hann hefir algjörlega mótmælt því, að hann hafi verið ölvaður.

Í máli þessu hafa verið leidd 8 vitni, sem öll hafa staðfest skýrslu sína með eiði. Vitnið Sigurður Hólm Guðmundsson, sem bæði sá kærðan og talaði við hann á Geithálsi hefir borið það, að hann hafi alls ekki getað sjeð, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Vitnið Guðjón Ólafsson, er sá kærðan og talaði við hann, hefir staðfest það, að það hafi sjeð að kærður hafi bragðað áfengi af því að það þekki kærðan mjög vel, en það hefir haldið því ákveðið fram að kærður hafi alls ekki verið ölvaður. Vitnið Tryggvi Tómasson, sem ók kærðum upp að Geithálsi og til Reykjavíkur aftur, kveður kærðan hafa verið rólegan báðar leiðir, og hafi það alls ekki getað sjeð að kærður væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Guðmundur Karlsson, sem var með kærðum allan tímann, frá því að hann fór inn á »Hótel Ísland«, hefir borið það sama. Vitn-

ið Jón Brynjólfsson hefir hinsvegar borið það, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis og jafnframt haft í frammi drykkjuröfl við sig, með því að kærður hafi spurt sig að, hvort það væri að skrifa sig upp. Gegn mótmælum kærðs virðast ekki vera fram komnar fullar sannanir fyrir því, að kærður hafi haft í frammi drykkjuröfl við vitnið Jón Brynjólfssson, með því og að það brýtur í bága við framburð vitna þeirra, sem áður eru nefnd. Vitnið Hjörtur Ingþórsson hefir borið það, að kærður hafi verið rólegur, er hann sat inni á Geithálsi og ekki haft í frammi nein drykkjulæti, en þegar hann hafi gengið út, þá hafi hann slagað nokkuð. Þessi framburður vitnisins brýtur alveg í bága við vitnaframburð Guðmundar Karlssonar, sem var kærðum samferða út í bifreiðina og tók alls ekki eftir því að kærður væri öðru vísi en hann á vanda til, enda er það ósannað, þótt kærður hafi eitthvað reikað í spori, er hanu gekk út í bifreiðina, að það hafi stafað af ölvun. Vitnin Páll Ólafsson og Vilhelm Knudsen hafa borið það að kærður hafi verið sýnilega drukkinn með því að hann hafi slagað dálítið og jafnframt hafi mátt sjá það af andliti hans og augum og tali. En þessi vitni hafa alls ekki talað við kærðan, heldur aðeins sjeð hann tilsýndar, þar sem þau sátu inni í bifreið á Geithálsi, og virðist það því ekki fullsannað, að látbragð kærðs hafi stafað af ölvun, enda kemur það í bága við framburð annara vitna, sjerstaklega Guðmundar Karlssonar, er var allan tímann með kærðum, og jafnvel framburð Hjartar Ingþórssonar, með því að hann hefir borið það, að kæður hafi verið rólegur er hann gekk út í bifreiðina.

Með því að það verður að teljast ósannað, að kærður hafi verið ölvaður í þetta umrædda sinn, þá ber að áliti dómarans að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 63/1928. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Oluf Bang (Guðm. Ólafsson).

Ölvun manns á almannafæri ekki talin sönnuð.

Dómur lögregurjettar Reykjavíkur 23. ág. 1928: Kærður, Oluf Bang, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðast af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors, að greiðast af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað.

Allur kostnaður málsins fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Oluf Bang, verslunarmanni, Bárugötu 30, hjer í bænum gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928, 16. gr.

Málavextir eru þeir, sem hjer greinir:

Laugardaginn 28. f. m. um kl. 8 e. h. fór kærður inn í veitingahúsið »Hótel Ísland« hjer í bænum ásamt þremur mönnum öðrum. Drukku þeir í sameiningu tvær ½ flöskur af

Spánarvíni með mat. Fór kærður nokkru síðar inn í kaffihúsið »Rosenberg« og drakk þar einn pilsner og þaðan fór hann í bifreið upp að Geithálsi, þar sem hann dvaldi um það bil einn klukkutíma og drakk tvo pilsnera og fór þá til Reykjavíkur aftur.

Hjörtur Ingþórsson, löggæslumaður, sem var staddur á sama tíma og kærður á Geithálsi, hefir kært hann fyrir það, að hann hafi verið drukkinn þar í þetta sinn. Kærður hefir viðurkent það, að hann hafi drukkið það sem áður er greint af áfengi og að hann hafi fundið til áhrifa áfengis, en hann hefir algjörlega mótmælt því, að hann hafi verið ölvaður.

Í máli þessu hafa verið leidd 8 vitni, sem öll hafa staðfest skýrslu sína með eiði.

Vitnin Guðjón Ólafsson og Sigurgeir Guðsteinsson, sem bæði sáu kærðan á Geithálsi, og annað þeirra talaði við hann, hafa bæði borið það, að þau hafi alls ekki sjeð, að kærður væri undir áhrifum áfengis þar. Vitnið Tryggvi Tómasson, er ók bifreið þeirri er kærður fór með upp að Geithálsi og þaðan aftur, kveður kærðan hafa verið stiltan og rólegan báðar leiðir og hafi það alls ekki sjeð, að hann var undir áhrifum áfengis. Vitnið Guðmundur Karlsson, sem var með kærðum allan tímann frá því að hann fór inn á »Hótel Ísland«, hefir og borið það sama. Vitnið Jón Brynjólfsson hefir borið það aftur á móti, að kærður hafi verið sýnilega ölvaður, er hann sat við borðið í vestursalnum á Geithálsi, en með því að það brýtur alveg í bága við framburð vitna þeirra, sem áður eru nefnd, og jafnvel vitnaframburð kærandans Hjartar Ingþórssonar, verður það að teljast ósannað. Hinsvegar hefir vitnið Hjörtur Ingþórsson borið það, að er kærður gekk út úr húsinu og út í bifreiðina þá hafi hann verið valtur í gangi og lítið eitt slagað. Á þessum framburði vitnisins virðist naumast geta orðið byggður refsidómur yfir kærðum, með því að hann brýtur í bága við vitnaframburð Guðmundar Karlssonar, sem var kærðum samferða út í bifreiðina og tók alls ekki eftir því, að kærður væri öðruvísi en hann á vanda til, enda er það ósannað, þó kærður hafi eitthvað reikað í spori, er hann gekk út í bifreiðina, að það hafi stafað af ölvun. Vitnin Vilhelm Knudsen og Páll Ólafsson hafa borið það, að kærður hafi verið áberandi drukkinn og hafi þau dregið það af látbragði kærðs með því að hann hafi slagað, tekið utanum menn þá, er með honum voru, og af handaslætti kærðs.

En þar sem vitnin hafa alls ekki talað við kærðan, heldur aðeins sjeð hann tilsýndar, þar sem þau sátu inni í bifreið á Geithálsi, þá virðist það ekki fullsannað, að látbragð kærðs hafi stafað af ölvun, enda kemur það í bága við skýrslu hinna vitnanna, sjerstaklega Guðmundar Karlssonar, er var allan tímann með kærðum og jafnvel skýrslu Hjartar Ingþórssonar, með því að hann hefir borið það, að kærður hafi verið rólegur er hann gekk út í bifreiðina.

Með því að það verður að teljast ósannað, að kærður hafi verið ölvaður í þetta umrædda sinn, þá ber að áliti dómans að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 34/1928. **Björn Ólafsson** (sjálfur)
gegn
Jóni E. Bergsveinssyni (Enginn).

Meiðyrðamál. Sýknun.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. des. 1927: Hin umstefndu ummæli að því leyti er þau ná til stefnanda svo og orðið »óvönduðum« í varnarskjali stefnds eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Björn Ólafsson, greiði 40 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn 3ja daga einfalt fangelsi.

Svo greiði stefndur og stefnanda, Jóni E. Bergsveinssyni, kr. 50,00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir krafist þess fyrir hæstarjetti, að hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur verði úr gildi feldur og að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli

þessu, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í hæstarjetti þótt áfrýjunarstefnan hafi verið löglega birt honum og hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. 1. tölul. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Hin átöldu ummæli, sem greind eru í undirrjettardóminum, eru tekin úr skýrslu, er áfrýjandi sem erindreki hins opinbera sendi stjórnarráðinu og verður eigi litið svo á, að áfrýjandi hafi með því að setja ummæli þessi í skýrsluna farið út fyrir þau takmörk, er lög setja um ritfrelsi, enda er ummælunum ekki beint til stefnda persónulega og felst því ekki í þeim nein aðdróttun um það, að hann hafi gjört sig sekan í vítaverðri óvandvirkni eða hirðuleysi í starfi sínu sem sýslunarmaður hins opinbera, það ber því samkv. kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í hjeraði.

Hinsvegar verður að fallast á, að hjeraðsdómarinn hefir dæmt dautt og ómerkt orðið »óvönduðum« í varnarskjali áfrýjanda fyrir undirrjettinum og sektað hann fyrir ósæmilegan rithátt. Ákveðst sektin 10 kr., er renni að helmingi í ríkissjóð en að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur og afplánist með tveggja daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður í hjeraði falli niður en að stefndi greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Björn Ólafsson á að vera sýkn af kröfum stefnda Jóns E. Bergsveinssonar.

Orðið »óvönduðum« í varnarskjali áfrýjanda fyrir undirjettinum skal dautt og marklaust vera og áfrýjandi greiði 10 kr. sekt, er renni að helmingi í ríkissjóð en að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur og afplánist með tveggja daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Málskostnaður í hjeraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í grein, með fyrirsögninni »Síldarmálið«, er birtist í blaðinu »Vísi«, sem kom út hjer í bænum 28. júní 1926, og talin er útdráttur úr skýrslu Björns Ólafssonar til stjórnarráðsins um síldarmarkað og síldarsölu, eru eftirfarandi ummæli:

»Eitt af því, sem tíðkast hefir á síðastliðnu ári er það, að bætt hefir verið í tunnurnar síld, sem ekki hefir verið af sömu gæðum og sú, er í tunnunni var fyrir. Á jeg þar við, að tunnur með góðri, ágústveiddri síld síðar fyltar (»pakkaðar«) með júlísíld, og gagnkvæmt. Í fyrsta lagi er þetta háskaleg óvandvirkni á meðferð vörunnar, og í öðru lagi, þegar erlendir kaupmenn, verða varir við þetta, styrkjast þeir enn betur í vantrausti sínu á hinu opinbera matseftirliti á síldinni«.

Stefnandi þessa máls, Jón E. Bergsveinsson, yfirsíldarmatsmaður, hjer í bænum, taldi ummæli þessi meiðandi og móðgandi í sinn garð, þar eð hann hafði gegnt yfirsíldarmatsmannsstörfum í Akureyrarumdæmi sumarið 1925. Höfðaði hann því með stefnu útgefinni 7. maí þ. á. mál þetta gegn höfundi ummælanna, stefndum Birni Ólafssyni, kaupmanni, hjer í bæ. Gerir stefnandi þær kröfur að hin umstefndu ummæli verði, að því er þau ná til hans dæmd dauð og ómerk stefndur dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, er lög leyfa. Svo krefst hann og málskostnaðar hjá stefndum eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar. Reisir hann sýknukröfu sína á því, að ummæli sín sjeu rjett og hafi hann fyrir því eigin reynslu og umsögn sænskra síldarkaupenda. Kveður hann það hafa verið skyldu sína að skýra stjórninni frá þessu, sem öðru, er hann hafi álitið athugavert við síldarframleiðslu og sölu, enda sje hjer um opinbera skýrslu að ræða. Þá kveður hann og galla þá við áfyllingu tunnanna, sem hann getur um í ummælunum, geti hafa orðið án vitundar stefnanda, þar sem hann geti ekki með eigin augum haft eftirlit með hverri tunnu, sem send er út úr hans umdæmi.

Rjetturinn verður nú samt sem áður að líta svo á, að þau ummæli stefnds að um háskalega óvandvirkni hafi verið að ræða á meðferð síldarinnar árið 1925, sem að sjálfsögðu ná eigi síður til stefnanda en annara síldarmatsmanna það ár, sjeu móðgandi fyrir hann, enda bera ummælin það með sjer, að svo mikil brögð hafi átt að vera að göllum þeim á síldarmeðferðinni, sem stefndur átelur að slíkt hefði ekki getað átt sjer stað í umdæmi stefnanda án vitundar hans, nema um eftirlitsleysi væri að ræða af hans hálfu.

Í málinu er enginn ágreiningur milli aðilja um það að aðferð sú, sem stefndur getur um í hinum umstefndu ummælum sje galli á meðferð síldar. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því ákveðið að þess háttar aðferð hafi átt sjer stað í hans umdæmi og hefir stefndur engar sönnur fært hjer fyrir rjettinum fyrir hinu gagnstæða. Það verður eigi talið rjettlæta ummælin, sem birtust almenningi í opinberu blaði, þótt þau hafi upphaflega verið sett fram í skýrslu til stjórnarráðsins enda var ástæða til þess fyrir stefndan, sem var erindreki hins opinbera, að tryggja sjer sönnun fyrir þeim atriðum í skýrslu sinni, sem gátu orðið álitshnekkir fyrir opinbera eftirlitsmenn við síldarverkunina.

Af framangreindum ástæðum þykir verða að taka kröfur stefnanda um ómerkingu á hinum umstefndu ummælum til greina og dæma stefndan í refsingu fyrir þau.

Í einu varnarskjali sínu hefir stefndur dróttað því að stefnanda að hann væri »óvandaður« maður og hefir stefnandi krafist ómerkingar á því orði og að stefndur verði sektaður fyrir það. Ber einnig að taka þá kröfu til greina, og þykir refsing sú, sem stefndur hefir til unnið fyrir það orð og hin umstefndu ummæli hæfilega ákveðin 40 króna sekt er

renni í ríkissjóð og komi í stað hennar ef hún er ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn 3 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda kr. 50,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 29/1927. **Ólafur Guðmundsson**
gegn
Verslunarfjelagi Norðurfjarðar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Guðmundsson, er ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkisjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Verslunarfjelagi Norðurfjarðar, er látið hefir mæta í málinu, 100 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 19/1928. **Jón Hinriksson o. fl.**
gegn
Sveinbirni Jónssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Hinriksson o. fl., sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 38/1928. **Ólafur R. Ólafs**
gegn
Inga Halldórssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur R. Ólafs, er ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 31. okt. 1928.

Nr. 41/1928. **Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja**
gegn
L. Fjeldsted f. h. Ströjer & Mörck.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda L. Fjeldsted f. h. Ströjer & Mörck, sem hefir mætt í málinu 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóv. 1928.

Nr. 68/1928. **Rjettvísin** (M. Guðmundsson)
gegn
Jafet Agli Sigurðssyni (St.Jóh. Stefánsson).

Ofbeldi gegn lögregluþjóni.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðar 8. nóv. 1927:

Ákærður, Jafet Egill Sigurðsson, til heimilis á Hverfisgötu nr. 17 B í Hafnarfirði, greiði í ríkissjóð 200 kr. sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 16 daga einföldu fangelsi, eða í stað sektarinnar; hann greiði og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað. — Loks greiði og kærður 90 kr. í skaðabætur til næturvarðar Stígs S. Sælands, til heimilis í Hafnarfirði. — Fullnustu dómsins að því er ídæmda hegningu snertir, skal frestað og fellur hún niður eftir 5 ár samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, ef haldin eru skilorð laganna.

Skaðabætur ídæmdar ber ákærðum að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en að öðru leyti ber að fullnægja dómnum að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Verknaður ákærða, sem er lýst rjett í hinum áfrýjaða dómi að öðru leyti en því, að ákærða var ekki aftrað frá síðari árásinni, þar sem hann lá ofan á næturverðinum, þegar hjálparmennirnir komu á vettvang, heyrir undir 101. og 102. gr. hegningarlaganna.

Og þykir ákærða, sem rjeðist á næturvörðinn, meðan næturvörðurinn, sem var í einkennisbúningi, var að gegna skyldustarfi sínu, og auk þess veitti næturverðinum áverka og skemdi föt hans, hæfilega refsað með 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um skaðabætur og málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað.

Loks greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal 80 kr. til hvors, sækjanda og verjanda hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Jafet Egill Sigurðsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um skaðabætur og málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað.

Loks greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal 80 kr. til hvors, sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þegar næturvörður Hafnarfjarðarkaupstaðar, Stigur S. Sæland 13. sepbr. þ. á. var að koma út af kaffihúsi »Bifreiðarstöðvar Reykjavíkur« hjer í bænum ölvuðum manni, ásamt öðrum mönnum, er aðstoðuðu hann til þessa, rjeðist ákærður Jafet Egill Sigurðsson, til heimilis á Hverfisgötu nr. 17 B, hjer í bænum, sem er fæddur 22. janúar 1906, og eigi áður hefir verið refsað fyrir neitt lagabrot, á næturvörðinn, tók fyrir kverkar honum, og sló hann í andlitið, svo mar kom á hægra kinnbein og 2 framtennur losnuðu í munni hans, eg ennfremur eyðilagðist einkennishúfa og einkennisbúningur hans rifnaði og skemdist að öðru leyti. — Ljet kærður yfirhöfuð sem óður væri, enda hann og töluvert ölvaður að sögn hans sjálfs og manna, er horfðu á aðfarir þessar, en var brátt stöðvaður í árás þessari af mönnum þeim, er með næturverðinum voru að koma út úr kaffihúsinu fyr umgetnum ölvaða manni, en en litlu síðar rjeðist ákærður aftur á næturvörðinn úti á götu hjer í bænum með hótunum og smánaryrðum, svo og barsmíði, en var þá aftrað frá árásinni af mönnum, er næturvörðurinn kallaði sjer til aðstoðar eða hjálpar til að setja mann þennan í fangelsi. — Viðureign þeirra ákærðs og næturvarðar átti sjer stað kl. 10 að kveldi greindan dag, og hefir ákærður skýrt frá því, að hann þennan umrædda dag hafi kl. 3 e. hád. farið með bifreið til Reykjavíkur, og þá aðeins verið búinn að smakka áfengi litið eitt, en í Reykjavík kveðst hann hafa drukkið með öðrum manni 2 hálfflöskur af spönsku víni, og einnig 1 heilflösku af samskonar víni, sem hann sjálfur lagði til, og hann þá verið orðinn töluvert ölvaður, en farið síðan aftur með 8-ferðinni. — Kveðst hann í fyrstu hafa

ráðist á næturvörðinn í hugsunarleysi, en er hann hafi komið honum undir sig í fordyri kaffihússins, hafi hann minst gamals fjandskapar þeirra á milli, eða þess, að næturvörðurinn hafi eitt sinn, fyrir mörgum árum, tekið hann að ósekju eða ástæðulausu, er hann var að leika með öðrum drengjum og leitt hann sem fanga um bæinn, í stað annars manns ölvaðs, er hann þurfti að hafa gát á í þetta skifti út af ófriði á götunni, og hyggur mættur að berklaveiki, er hann þá hafi fundið til, hafi ágerst við þessa meðferð næturvarðar á honum, en næturvörðurinn kveðst aðeins hafa gjört það í þetta sinn, er skyldan bauð honum, og engan óvildarhug bera eða hafa borið til ákærða síðan, eða áreitt hann að fyrra bragði.

Brot ákærða virðist heyra undir 101. og 102. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 99. gr. sömu laga, og með tilliti til ákvæða 40. gr. sömu laga og atvika, er brotið var framið, virðist hegning sú, er ákærður hefir tilunnið fyrir þetta brot sitt, hæfileg 200 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti hann 16 daga einföldu fangelsi. — Ennfremur greiði ákærður til næturvarðar Stígs S. Sælands hjer í bænum kr. 90,00 í skaðabætur, fyrir skemdir á einkennisbúningi hans, samkvæmt mati tveggja manna á skemdum þessum, en annara skaðabóta er eigi krafist. — Fullnustu dómsins, að því er ídæmda hegningu snertir, skal frestað, og fellur hún niður eftir 5 ár, samkvæmt 1. gr. laga 16. nóv. 1907, ef haldin eru skilorð laganna. — Loks ber honum að greiða allan af máli þessu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hafi verið lögmætur.

Mánudaginn 5. nóv. 1928.

Nr. 7/1928. **Rjettvísin** (Theodór Líndal)
gegn
Kristjáni Þorberg Benediktssyni
(M. Guðmundsson).

Brot gegn 169. gr. og 165. gr. sbr. 46. gr. hgl. dæmd sbr. 40. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Dalasýslu 11. jan. 1928:

Hinn ákærði Kristján Þorberg Benediktsson sæti 2 ára tyftunarhúsvinnu og greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda sins Jóhanns B. Jenssonar 15. krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært afbrot ákærða, sem lýst er í dómi aukarjettarins, undir 169. gr. 1. málsgr. og 165. sbr. 46. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Geðveikralæknirinn á Kleppi hefir rannsakað sakhæfi ákærða og segir svo í vottorði hans 20. ágúst f. á., að ákærði hafi nokkrar ofheyrnir, er sjeu svo ákveðnar, að það hafi áhrif á skoðun hans og breytni. Í framhaldsvottorði dags. 6. sept. s. á., tekur læknirinn fram, að þá beri frekar á geðveikinni, en telur þó áhættulaust að koma ákærða í vinnu á skipi eða uppi í sveit. Og í vottorði 15. s. m. lætur hann uppi við rannsóknardómarann það álit sitt, að ákærði hafi gjörst sekur við hegningarlögin af því að hann hafi verið geðveikur, orsök verknaðarins hafi verið hans sjúka hugarástand. Þá hefir og geðveikralæknirinn haft ákærða til athugunar eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði og hefir í vottorði 4. sept. þ. á. vottað, að ákærði sje þá svo alvarlega geðveikur og hættulegur vegna sinnar sjúku ástríðu, að hafa verði hann í gæslu, og endurtekur læknirinn í þessu vottorði, að hann álíti, að kærði hafi framið glæpina af því að hann hafi verið geðveikur. En þetta álit sitt hefir geðveikralæknirinn ekki rökstutt frekar en segir í fyrnefndu vottorði hans 20. ágúst f. á.

Hinsvegar hefir settur hjeraðslæknir, er að tilhlutun dómarans rannsakaði ákærða þegar eftir að hann framdi glæpina, vottað, að hann hafi ekki fundið

nein greinileg einkenni til geðveiki. Rannsóknardómarinn hefir og vottað, að framkoma kærða meðan á prófum málsins stóð hafi eigi gefið neitt tilefni til að ætla, að hann væri ekki heill á geðsmunum. Og eftir prófum málsins ber alt framferði ákærða, áður en hann framdi glæpina, meðan hann var að verkinu og eftir það, þess vott, að hann hafi verið sjer þess meðvitandi, að verknaður hans var hegningarverður. Að öllu þessu athuguðu verður að álíta, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi afbrotin.

Hinsvegar má af framangreindum vottorðum geðveikralæknisins og aðstæðum þeim, er fyrir hendi voru, þegar ákærði framdi glæpina, ráða það, að ákærði hafi þá vegna geðbilunar á byrjunarstigi verið svo á valdi óeðlilegrar samræðisfýsnar, að það hafi haft áhrif á sjálfræði hans, og verður því samkvæmt ákvæðum 40. gr. hegningarlaganna að refsa honum vægara, en ef hann hefði verið að öllu geðheill. Þykir refsing ákærða með tilliti til þessarar greinar hegningarlaganna eftir atvikum hæfilega ákveðin fjögurra ára betrunarhúsvinna.

Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Kristján Þorberg Benediktsson sæti betrunarhúsvinnu í fjögur ár.

Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettardóminum óraskað. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, cand. juris

Theodórs Líndal og málflutningsmanns Magnúsar Guðmundssonar, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum er fram hafa komið við rannsókn máls þessa, er sakarefninu þannig farið:

Síðastliðið vor, — júní og júlí, — voru þau í sama húsi, Bergstaðastræti nr. 55 í Reykjavík, ákærði Kristján Þorberg Benediktsson og frænka hans Ása Benediktsdóttir saumakona 39 ára. Hafði ákærði þá nokkrum sinnum í frammi áleitni við hana um samfarir og kom inn í herbergi hennar að nóttu til, fáklæddur, í þeim tilgangi, en fór þó aftur út án þess að viðhafa líkamlegt ofbeldi, er stúlkan vísaði honum út. Einu sinni varð hún að kalla á húsmóður sína, en systur ákærða, áður ákærði hyrfi frá.

Föstudagskvöldið 29. júlí tók ákærði tjeða Ásu í forstofunni í húsinu, sem þau bjuggu og hjelt henni fastri með annari hendi en opnaði herbergi hennar með hinni og hafði til þess lykil sinn, sem einnig gekk að hennar herbergi. Stúlkan kallaði á húsmóður sína til hjálpar og kom hún þegar, en ákærði hrinti henni frá en stúlkunni inn í herbergið og aflokaði þótt systir hans togaði á móti í hurðina. Ákærði tók síðan stúlkuna, fleygði henni upp í rúm, tróð yfirsængurhorni upp í hana og vafði síðan sænginni um höfuð hennar svo henni lá við köfnun. Reif niður um hana fötin, gat komið getnaðarlim sínum inn í »vagina« stúlkunnar, hafði samræðishreyfingar og varð sáðfall, en ekki er upplýst hvort sæðið hafi fallið inni í getnaðarfærum stúlkunnar eða utan þeirra. Stúlkan segir að ákærði hafi tekið fyrir kverkar sjer til þess að draga úr ópum hennar. Húsmóðir stúlkunnar náði í tvo karlmenn til hjálpar og báðu þau öll ákærða að hætta og sleppa stúlkunni, en eigi virðist hann hafa látið hana lausa fyr en hafði tekist að opna aðra hurð að herberginu, sem var negld aftur. Meðan á viðureigninni stóð hafði stúlkan bitið sig í vörina; aðrir ytri áverkar virðast ekki hafa verið eftir ofbeldisverkið. Næstu nótt eftir fór ákærði á nærklæðunum inn í herbergi til systur sinnar, sem var þar ein með

börnum sínum (ungum) með þeirri fyrirætlun að hafa með henni samræði. Fór hann upp í rúmið til hennar og lagðist á hana ofan, en hún hrinti honum ofan af sjer og fór ofan úr rúminu og upp á loft og fjekk þar mann til þess að vera niðri hjá sjer um nóttina. Ákærður fór í veg fyrir hana og kvað henni óþarft að vera hrædda, og ekki sýndi hann henni frekar ofbeldi.

Stúlkan Ása hefir játað það að vísu, að hún hafi einu sinni áður haft samræði við karlmann, en ekki er það upplýst í málinu að hún hafi haft óorð á sjer, enda hefir ákærði lýst því yfir að hann muni ekki til þess að hafa heyrt slikt. Virðist og læknisskoðun á stúlkunni einnig benda í þá átt að ekki hafi verið ástæða til þess, sömuleiðis hin ákveðna mótspyrna gegn ákærða.

Það verður að álítast að nauðgunarglæpurinn hafi verið fullkomnaður, hefir því ákærður gjörst sekur samkvæmt fyrrihluta 169. greinar hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Áleitni ákærða við systur hans Ásu, verður að teljast tilraun til að hafa holdlegt samræði við hana. Ákærði hefir því einnig gjörst sekur við 165. gr., sbr. 46. gr. hinna almennu hegningarlaga. Er Ása skilgetin systir hans og hafa þau alist upp saman.

Engra skaðabóta hefir verið krafist í máli þessu.

Hinn ákærði virðist vera líkamlega heilbrigður, en samkvæmt vottorðum geðveikralæknisins á Kleppi, sem hefir haft hinn ákærða til athugunar, er geðbilun hans orsök til glæpaverka hans, aftur á móti lýsir rannsóknardómarinn því yfir að hann hafi ekki orðið var geðbilunar hjá ákærða. Annar læknir, sem skoðaði ákærða fann engin greinileg einkenni sinnisveiki á honum. Aftur á móti bendir hin ónormala samræðisfýsn ákærða á geðbilun hans og ber því að taka tillit til hins sjúka sálarástands hans.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir sætt ákæru eða refsingu fyrir lagabrot annað en 50 króna sekt fyrir ólöglega sjálftöku ber að heimfæra undir fyrrihluta 169. gr. hinna almennu hegningarlaga og 165. gr., sbr. 46. gr. sömu laga, en þar sem ákærði, að læknisáliti, var geðveikur er hann framdi afbrotin og taka verður tillit til þess, þegar refsingin verður ákveðin, þykir refsing ákærða, með tilliti til 40. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin tveggja ára tyftunarhúsvinna. Einnig greiði

hann allan kostnað af máli þessu, þar á meðal 15 krónur til verjandans Jóhanns B. Jenssonar.

Það vottast að málsmeðferð og málsvörn þessa máls hafi verið lögleg.

Miðvikudaginn 7. nóv. 1928.

Nr. 102/1928. **Eyjólfur Kolbeins** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Sigurði Halldórssyni (Jón Ásbjörnsson).

Skaðabótamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1927: Stefndur, Sigurður Halldórsson, á að vara sýkn af skaðabótakröfu stefnandans, Eyjólfs Kolbeins í máli þessu, en greiði honum kr. 50,00 í málskostnað innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að mál þetta var dæmt í hjeraði hafa málsaðilar aflað nýrra gagna, er lögð hafa verið fram í hæstarjetti, en með því að gögn þessi leiða eigi til annarar niðurstöðu en komist hefir verið að í hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Eyjólfur Kolbeins greiði stefnda Sigurði Halldórssyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 13. janúar s.l. af Eyjólfi bónda Kolbeins í Bygggarði í Seltjarnarneshreppi gegn eiganda vöruflutningabifreiðarinnar R.E. nr. 190, Sigurði trjesmið Halldórssyni, Þingholtsstræti 7, hjer í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 400,00 auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindri kröfu stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 24. nóvember 1925, kl. um 5 síðdegis var fyrnefnd bifreið á leið frá Seltjarnarnesi hingað til bæjarins. Á móts við Lambastaði kom trippi hlaupandi af þvervegi (afleggara) inn á aðalveginn í sömu svifum og bifreiðin ók framhjá. Hlaust af því árekstur, sem hafði það í för með sjer, að trippið fótbrotnaði á hægra afturfæti. Bifreiðarstjórinn, Magnús Ólafsson á Grettisgötu 2, hjer í bænum, stöðvaði bifreiðina samstundis er hann varð var við árekstur inn, og hann sá, hvað skeð hafði, ók hann hingað til bæjarins og sótti Magnús Einarsson dýralækni. Skoðaði hann trippið og lýsti því yfir, að það væri fótbrotið og skaut bifreiðarstjórinn það síðan eftir beiðni eiganda þess, stefnandans í þessu máli, að því er bifreiðarstjórinn hefir haldið fram fyrir yfirlögregluþjóninum við lögreglurannsókn í málinu og ekki hefir verið mótmælt af stefnanda í þessu máli. Ók bifreiðarstjórinn síðan skrokk trippisins hingað til bæjarins og kom honum fyrir í íshúsi, og heldur hann því fram að eigandinn hafi ráðstafað honum eftir það, en því hefir stefnandi mótmælt í málinu og kveðst hann ekkert vita hvað um skrokkinn hafi orðið og muni bifreiðarstjórinn hafa ráðstafað honum, en ekki er upplýst í málinu hvor rjettara hafi fyrir sjer í þessu efni.

Stefnandi telur slysið eingöngu vera að kenna óforsvaranlegri óaðgæslu hjá bifreiðarstjóranum og álítur að hann eigi alla sök á því. Hefir hann því eins og fyr segir, stefnt eiganda bifreiðarinnar til þess að greiða sjer andvirði trippisins er hann telur vera 400 krónur.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að bifreiðarstjórinn hafi sýnt alla þá gætni og varkárni, sem honum var skylt að gæta og að slysið hafi orðið á þann hátt, að bifreiðarstjórinn hafi ekki átt neina sök á því. Til vara hefir stefndur mótmælt kröfu stefnanda sem ofhárri.

Í stýrishúsi bifreiðarinnar voru, auk bifreiðarstjórans, 2 menn og 4 á burðarborðinu. Fór fram lögreglurannsókn út af slysinu hjer í bænum og kom þá eigi neitt í ljós, sem benti til þess, að bifreiðarstjórinn hefði brotið bifreiðarlögin og eigi er heldur neitt upplýst í þessu máli, sem sýni að svo hafi verið. Eftir skýrslu bifreiðarstjórans, sem ekki hefir verið hnekt, ók hann af ca. 15 kilómetra hraða pr. klst. á vinstra kanti vegarins og hafði lögboðin ljós enda var mikið farið að dimma. Á móts við Lambastaði varð hann þess var að »slinkur« kom á bifreiðina fyrir aftan stýrishúsið, vinstra megin, stöðvaði hann þá þegar og varð þá var við hvað skeð hafði.

Annar maðurinn, sem í stýrishúsinu var með bifreiðarstjóranum, Valentínus Eyjólfsson, verkstjóri, gaf þá skýrslu fyrir yfirlögregluþjóninum, að hann hafi orðið þannig var við áreksturinn, að högg og skellur hafi komið á bifreiðina vinstra megin aftan til og hafi hann fyrst, er bifreiðin var stöðvuð sjeð trippið, sem kom haltrandi fram með bifreiðinni vinstra megin. Hefir hann staðfest skýrslu þessa með eiði hjer fyrir rjettinum, að því viðbættu, að álit hans sje, að trippið hafi stokkið upp á veginn og lent á bifreiðinni aftanverðri.

Þá hafa þrír af mönnum þeim, sem á burðarborði bifreiðarinnar voru gefið skýrslu og staðfest hjer fyrir rjettinum. Á framburði eins þeirra, Ingvars Þorsteins Ólafssonar, er lítið að byggja, þar eð hann kveðst hafa legið hægra megin á burðarborðinu og því eigi sjeð hvernig slysið vildi til. Aftur á móti ber hinum vitnunum, Ingimar Magnúsi Björnssyni og Ögmundi Friðfinnsyni, sem sátu uppi á burðarborðinu — Ögmundur utast vinstra megin — saman um það, að samtímis því sem bifreiðin hafi farið fram hjá þverveginum hafi trippið komið hlaupandi eftir honum upp á aðalveginn, lent utan á bifreiðina aftan til við stýrishúsið, og snúist fram með henni, og kveðst vitnið Ögmundur hafa sjeð trippið sparka frá sjer um leið, svo að hægri afturfótur þess hafi lent á vinstra afturhjóli bifreiðarinnar.

Þá hefir eitt vitni enn, Sigurður Árnason verið leitt fyrir rjettinum. Hefir hann borið það, og sá framburður verið tekinn jafngildur af stefndum sem eiðfestur væri, en mótmælt, sem röngum að hann hafi verið við jarðabótavinnu skamt fyrir norðan veginn, að því er virðist 50—60 föðmum fyrir vestan stað þann, er áreksturinn varð. Hafi hann þá sjeð

trippið hlaupa upp á aðalveginn, og hafi hann ekki getað betur sjeð en að það væri komið upp á veginn er árekstur-inn varð, sem hafi verið þannig, að »trippið lenti framan á vinstra framhjóli bifreiðarinnar«.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, þrátt fyrir síðast-nefndan vitnisburð, að sannað sje í málinu að slysið hafi viljað til á þann hátt, að trippið hafi stokkið á miðja bifreið-ina um leið og hún fór fram hjá þverveginum, og þá orðið undir vinstra afturhjóli hennar, því þess ber að gæta, að vitnið Sigurður Árnason stóð talsverðan spöl frá árekstrarstaðnum, enda mikið farið að dimma, og verður því framburður hans eins ekki tekinn til greina gegn samhljóða framburði tveggja manna, sem horfðu á atburðinn gerast alveg hjá sjer, og sem einnig styðst við framburð vitnisins Valentínusar, sem ekki sá trippið framundan á veginum, og fann árekstur-inn verða aftan til á bifreiðinni. Og þar sem ekki er upplýst í málinu að bifreiðarstjórinn hafi á neinn hátt brotið reglur bifreiða-laganna og telja verður að slysið hafi gerst á þann hátt, að það hafi ekki verið á valdi hans, að afstýra því, þrátt fyrir aðgæslu þá, er honum var skylt að gæta, þá verður honum ekki gefið það að sök og ber því að sýkna stefndan af skaða-bótakröfu stefnanda í málinu.

Stefndur mætti hvorki nje ljet mæta fyrir sáttanefnd í máli þessu þrátt fyrir lögmætt fyrirkall, því sú mótbára hans, að hann hafi ekki talið sjer skylt að mæta sökum þess að af-rit það af sáttakæru, er skilið var eftir handa honum hafi verið óundirritað, verður ekki tekin til greina. Ber því, sam-kvæmt kröfu stefnanda, að dæma stefndan til að greiða hon-um málskostnað, sbr. 4. gr. laga nr. 29, 1917, og þykir máls-kostnaðurinn hæfilega ákveðinn 50 krónur.

Föstudaginn 9. nóv. 1928.

Nr. 54/1928. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Sigurjóni Jónssyni (B. P. Kalman).

Bifr.stjóri undir áhrifum áfengis við bifr.akstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. ágúst 1928: Kærður, Sigurjón Jónsson, missi ökuskírteini sitt í tvö

ár frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með játningu kærða, að hann hafi aðfaranótt 21. júlí þ. á. verið undir áhrifum áfengis við akstur vörubifreiðarinnar R.E. 277.

Með þessu hefir kærði, sem tvívegis á árinu 1925 hefir undirgengist sekt fyrir lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir að aka bifreið ölvaður og 20. okt. 1927 var dæmdur með lögreglurjettardómi Reykjaur í 100 kr. sekt og sviftingu ökuskírteinis í 6 mánuði samkvæmt bifreiðarlögunum nr. 56/1926 fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur, gerst brotlegur gegn 5. sbr. 14. gr. laga nr. 56/1926 og 20. gr. áfengislaganna nr. 64/1928.

Fyrir þessi brot þykir kærða hæfilega refsað með 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo verður og að dæma kærða til að missa ökuskírteini sitt æfilangt. Loks ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sigurjón Jónsson, sæti 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Jafnframt er kærði sviftur ökuskírteini æfilangt.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Björns P. Kalman, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurjóni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Laugaveg 123 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Það er sannað með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að laugardaginn 21. þ. m. um kl. 12½ fyrir hádegi ók kærður vöruflutningabifreiðinni R.E. 277 eftir veginum fyrir ofan Geitháls í Mosfellssveit. Kom þar þá að skoðunarmaður bifreiða, Jón Ólafsson, og stöðvaði bifreið kærðs, kom þá í ljós, að kærður var talsvert drukkinn, svo að skoðunarmanninum þótti vissast að taka kærðan í sína bifreið og aka honum til Reykjavíkur, en skilja bifreið kærðs eftir.

Kærður hefir með dómi þessa rjettar uppkveðnum 28/11 1926 verið dæmdur í 15,00 króna sekt fyrir að aka að nokkru leyti á röngum vegkanti, og ennfremur í 100 króna sekt og missi ökuskírteinis í 6 mánuði, með dómi sama rjettar uppkveðnum 20/10 1927 fyrir að aka bifreið ljóslausri röngu megin á veginum og vera undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin missir ökuskirteinis í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 12. nóv. 1928.

Nr. 69/1928. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni Högnasyni (L. Fjeldsted).

Ólöglegur innflutningur áfengis.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 10. sept. 1928: Kærður, Jón Högnason, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2000 króna sekt í Menningarsjóð innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 65 daga. Þá greiði hann og 1680 krónur í ríkissjóð innan sama tíma.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign Menningarsjóðs.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt hinu ákveðna, fortakslausa orðalagi í upphafi 2. liðs 27. gr. áfengislaganna þykir ekki verða komist hjá að heimfæra brot kærða undir 1. lið nefndrar lagagreinar.

Þykir refsing kærða eftir atvikum hæfilega metin 1500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, fáist sektin ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins, svo og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Auk þess greiði kærði 40 kr. aukagjald af 63 þriggjapelaflöskum eða af 45 lítrum, samtals 1800 kr., enda sje áfengið eign ríkissjóðs.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar á meðal laun sóknara og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Það athugast, að rannsókn málsins hefir verið

harla ófullkomin, þótt ekki hafi þótt full ástæða til að vísa því heim til frekari rannsóknar.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Jón Högnason, sæti 1500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, fáist sektin ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, svo og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Auk þess greiði kærði 1800 kr. aukagjald í ríkissjóð af hinum innfluttu 45 lítrum, enda sje áfengið eign ríkissjóðs.

Og loks greiði hann allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á b/v. »Karlsefni« hjeðan úr bænum, Jóni Högnasyni, Ránargötu 8, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64/1923, er það löglega sannað með eigin játningu kærðs, að þegar hann kom á skipi sínu, hingað frá útlöndum 7. þ. m. hafði hann faldar í ísuðum fiski í fiskilest skipsins: 29 1/1 flöskur af Whisky, 10 1/1 flöskur af Cognaci, 12 1/1 flöskur af Genever og 12 1/1 flöskur af Ákaviti.

Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki ætlað að selja öðrum eða veita fyrir borgun neitt af þessu áfengi, heldur að nota það sjálfur, aðallega handa skipshöfn sinni, en hann hefir þó ekki getað gjört það líklegt, hvað þá held-

ur sannað, að áfengið hafi ekki verið flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun.

Framantalið brot kærðs, sem 5. apríl 1924 var sektaður í þessum rjetti um 200 krónur fyrir brot gegn þágildandi aðflutningsbannslögum, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 1. gr. áfengislaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir 27. gr. þeirra, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 2000 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 65 daga einföldu fangelsi. Þá greiði kærður og 1680 krónur í ríkissjóð innan sama tíma og sektina og loks allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign Menningarsjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 14. nóv. 1928.

Nr. 25/1928. **Hreppsnefnd Haganeshrepps** (St. Jóh. Stefánsson)

gegn

Sparisjóði Sauðárkróks (L. Jóhannesson).

Um ábyrgð hrepps fyrir láni.

Dómur gestarjettar Skagafjarðarsýslu 14. sept. 1928: Stefndur, hreppsnefnd Haganeshreppps fyrir hönd sveitarsjóðs Haganeshrepps, greiði stefnandanum Kristjáni Blöndal fyrir hönd Sparisjóðs Sauðárkróks kr. 1065,11 með 6 % ársvöxtum frá 1. júní 1926 til greiðsludags og 100 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Haganeshrepps, hefir skotið máli þessu til hæstarjettar með stefnu dags. 14.

apríl þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 7. s. m. og gjafsókn dags. 13. s. m.

Að því athuguðu, að tekið er fram í ábyrgðaryfirlýsingu hreppsnefndanna, að lánið verði tekið í Íslandsbanka eða einhverri annari opinberri lánsstofnun, en kunnugt er að bankarnir veita aðeins ábyrgðarlán gegn sjálfskuldarábyrgð, verður að líta svo á að umrædd ábyrgðaryfirlýsing feli í sjer sjálfskuldarábyrgð og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til ástæðna hans að öðru leyti.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 200 kr. en laun hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar, 100 kr. greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. — Áfrýjandi hreppsnefnd Haganeshrepps greiði stefnda Sparisjóði Sauðárkróks málskostnað fyrir hæstarjetti 200 kr. en málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda, Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Kristján Blöndal, stjórnarformaður Sparisjóðs Sauðárkróks á Sauðárkróki fyrir hönd Sparisjóðsins, höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 13. júlí 1926, gegn hreppsnefnd Haganeshrepps í Skagafjarðarsýslu fyrir hönd sveitarsjóðs nefnds hrepps, og krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 1068,11 með 6 % ársvöxtum frá 1. júní 1926 til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist fyrst og fremst að málinu sje vísað frá dómi, en til vara algerðrar sýknu af kröfum stefnandans svo og að hann verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að með ábyrgðarskjali dags. 10. apríl 1915, tókust hreppsnefndir Holts- og Haganeshreppa, vegna sveitarsjóða nefndra hreppa, á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð 4000 krónur, sem Kaupfjelag Fljótamanna fjekk hjá framangreindum sparisjóði 5. október sama ár. Náði ábyrgð þessi einnig til tryggingar vöxtum af ofangreindum höfuðstóli og öllum kostnaði er af vanskilum á greiðslu lánsins leiddi. Hafði sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, á fundi sínum 26. febrúar ofangreint ár, veitt leyfi sitt til þess að hreppsnefndirnar tækist á hendur ábyrgð þessa. Hefir stefnandinn höfðað mál þetta til greiðslu á eftirstöðvum höfuðstóls og vaxta ofangreinds láns, sem samkvæmt reikningi framlögðum í málinu, námu 1. júní 1926, samtals kr. 1065,11.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir bygt frávísunarkröfu sína á því, að stefnanda hafi verið óheimilt að lögsækja sveitarsjóðinn um hina umstefndu upphæð nema því aðeins að áður hafi verið sannreynt með dómi og árangurslausri aðför, að aðalskuldarinn, Kaupfjelag Fljótamanna, hafi ekki verið borgunarfær. Að minsta kosti hafi það verið sjálfsögð skylda stefnanda að höfða mál þetta jafnframt gegn aðalskuldaranum og því sje ekki rjettum aðilja stefnt í máli þessu. Þessar frávísunarástæður stefnda þykja ekki á rökum bygðar, því ef hin stefnda hreppsnefnd væri ekki rjettur aðilji þessa máls, þá hlyti það að leiða til sýknudóms fyrir hana en ekki til frávísunar á sökinni, enda virðist þetta hafa vakað fyrir málflytjanda hreppsnefndarinnar þar sem hann krefst einnig sýknu fyrir stefnda af ofangreindum ástæðum. Verður frávísunarkrafa stefnda þannig ekki tekin til greina af framangreindri ástæðu. Og um þessar varnarástæður stefnda sem sýknu ástæður, er sama máli að gegna, að þær eru ekki á rökum bygðar, þar sem ábyrgð sú, er hin stefnda hreppsnefnd tókst á hendur, með ábyrgðarskuldbindingunni frá 10. apríl 1915, er sjálfskuldarábyrgð og skuldareiganda því að lögum heimilt að velja um hvort hann gengi að sveitarsjóði Haganeshrepps eða aðalskuldaranum.

Þá hefir hin stefnda hreppsnefnd einnig bygt sýknukröfur sínar á því, að með áðurnefndu ábyrgðarskjali hafi

ekki verið stofnað til gildrar ábyrðarskuldbindingar fyrir sveitarsjóðinn vegna þess er nú skal greina: Í fyrsta lagi finnist ekkert í bókum hreppsins um ábyrgð þessa enda hafi ráðsályktanir hreppsnefndarinnar um ábyrgðina aldrei verið bókaðar í sveitarbókum hreppsins. — Í öðru lagi hafi hreppsnefndina brostið heimild og vald til að skuldbinda sveitasjóðinn, upp á sitt eindæmi, því til þess hafi hún þurft heimild frá lögmætum sveitarfundi. — Í þriðja lagi hafi hreppsnefndarmennirnir, sem undirrituðu áðurnefnt ábyrgðarskjal, sjálfir verið ábyrgir meðlimir Kaupfjelags Fljótamanna og því eiginhagsmuna vegna óbærir til að stofna til gildrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir hreppssjóðinn í þessu máli. — Loks hafi hreppsnefnd Haganeshrepps aldrei leitað leyfis sýslunefndar til að ganga í ábyrgðina og sje því ábyrgðarleyfi sýslunefndarinnar lögleysa að því er snertir Haganeshrepp og umrædd ábyrgðarskuldbinding hreppsnefndarinnar þar af leiðandi óbindandi fyrir hreppinn.

Það er óvefengt í málinu að hreppsnefnd Haganeshrepps hefir undirritað margnefnda ábyrgðarskuldbindingu, sem mál þetta er risið af. Og enda þótt hreppsnefndin hafi á sínum tíma vanrækt að bókfæra hjer að lútandi gerðir sínar í sveitarbókina þá getur það, að rjettarins áliti enga þýðingu haft um gildi ábyrgðarinnar gagnvart skuldareigandanum, stefnanda þessa máls. Hreppsnefndin var og, að fengnu leyfi sýslunefndar, bær um að skuldbinda sveitarsjóðinn með umræddri sjálfskuldarábyrgð án þess að leita þar til leyfis sveitarfundar; og að lögum gat það ekki skift máli þótt hreppsnefndarmenn þeir, sem hjer áttu hlut að máli væru fjelagar í Kaupfjelagi Fljótamanna enda þótt fjelag þetta væri aðalskuldarinn. Einu takmörkunina á heimild hreppsnefndarinnar til þess, að skuldbinda sveitarfjelagið með hinni umþrættu ábyrgð var búið að nema burtu með leyfi sýslunefndar, sem upplýst er í málinu að var veitt 26. febrúar um veturinn, áður en lánið var tekið og ábyrgðin veitt. Og það getur ekki skift máli að hreppsnefndin falaðist ekki eftir leyfi sýslunefndarinnar þar sem það er fyllilega sannað með sjálfu ábyrgðarskjalinu að hreppsnefndin afrjeð að hagnýta sjer og nota ábyrgðarskjalið og þar með samþykti útvegun þess sjer til handa. Þetta styðst og beinlínis við vitnisburð hins eina af hreppsnefndarmönnunum, sem borið hefir í málinu. Þar

sem hann kannast við að hreppsnefndin hafi notað leyfið þegar það var veitt.

Sýknukröfur stefnda verða þannig ekki teknar til greina af framangreindum ástæðum en aðrar varnarástæður hafa ekki verið frambornar í málinu af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar. Verður því að dæma stefnda til að greiða hina umstefndu ábyrgðarkröfu með 6 % ársvöxtum frá 1. júní 1926 til greiðsludags. Ennfremur verður samkvæmt þessum úrslitum að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Föstudaginn 16. nóv. 1928.

Nr. 56/1928. **Rjettvísin** (M. Guðmundsson)
gegn
Arngrími Fr. Bjarnasyni
(St. Jóh. Stefánsson).

Póstafgreiðslumaður sýknaður af ákæru fyrir vanrækslu.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 3. ág. 1928: Ákærður Arngrímur Fr. Bjarnason greiði í ríkissjóð 150 kr. sekt, er afplánist með 13 daga einföldu fangelsi sje sektin eigi greidd innan 20 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar á meðal gæsluvarðhaldskostnað og þóknun til talsmanns síns cand. jur. Ingólfs Jónssonar 30 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er ekkert framkomið í rjettarprófunum, er beri þess vitni, að ákærði hafi ekki staðið póststjórninni skil á öllu því fje, er hann átti að skila henni. Og það er ekki sannað, að hann hafi dregið sjer fje af þeim mönnum, er greiddu póstafgreiðslu hans toll og fá áttu tollstimpluð frímerki til sönnunar greiðslu gjaldsins.

Hinsvegar hefir ákærði ekki altaf tollfrímerkt fylgibrjef póstsendinga eða umbúðir, er hann afhenti sendingarnar. En það er ekki sannað, gegn neitun ákærða, að það hafi komið svo oft fyrir eða að svo mikil brögð hafi verið að þeirri vanrækslu að öðru leyti, að ákærði eigi að sæta refsingu fyrir það samkv. 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna. Og aðrar greinar 13. kap. þeirra laga, sem ákærði hefir verið ákærður eftir, án þess að vitnað sje til nokkurra greina sjerstaklega, geta ekki komið til greina samkvæmt prófunum.

Það ber því að sýkna ákærða af ákærum rjettvísinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti á almannafje, þar á meðal kostnað af gæsluvarðhaldi ákærða, málsvarnarlaun verjanda hans í hjeraði, 30 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Argrímur Fr. Bjarnason, á að vera sýkn af ákærum rjettvísinnar.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin laun verjanda í hjeraði, cand. jur. Ingólfs Jónssonar, 30 kr., og laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Arngrími Fr. Bjarnasyni, póstafgreiðslumanni í Bolungavík fyrir brot á 13. kap. hinna alm. borgaralegu hegningarlaga

til refsingar og greiðslu málskostnaðar og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Í kæru til dómarans dags. 7. mars þ. á. frá Jóhannesi Teitssyni, verkamanni í Bolungavík, er kærðum gefið að sök að það sje nokkuð föst venja hans að gefa enga kvittun þeim er tollvörur fái með pósti frá útlöndum fyrir tollgreiðslum, hvorki með álímdum frímerkjum nje á annan hátt. Sjálfur hafi kærandi þráfaldlega fengið sendingar með pósti, er hann greiddi ákærðum toll af, en hafi eigi fengið álímd frímerki eða kvittun á annan hátt fyrir greiðslunum. Fyrir rjettinum staðfesti kærandi atriði þessi og skýrði frá að hann hefði fengið póstsendingu frá útlöndum, sjerstaklega frá Danmörku 2 til 5 sinnum á ári síðan 1922, að því er hann frekast hvað muna; minnir jafnvel að hann fengi 6 sendingar veturinn 1922—1923. Í sumum sendingunum hafi verið talsvert af fataefnum frá Fabrikernes Klædelager, Aarhus, eða þar minnir kæranda að verksmiðjan ætti heima. En aðallega hafi sendingarnar verið álnavara og smíðatól, tvinni, leikföng, myndarammar og ef til vill eitthvað fleira. Toll af vörum þessum kveðst kærandi jafnan hafa greitt ákærðum í peningum, en eigi fengið álímd frímerki eða kvittun á annan hátt, fyr en á síðastliðnum vetri, rjett fyrir jólin að því er hann minnir, af 2 sendingum sem sje smíðatólum, en hin sendingin hafi verið aðallega álnavara, tvinni og leikföng. Kvittun fyrir tolli af sendingum þessum fjekk kærandi með álímdum frímerkjum, kr. 1,00 af smíðatólasendingunni, en mundi eigi hve mikið af hinni.

Vitnið Gísli Sigurðsson, símastjóri í Bolungarvík, bar það fyrir rjettinum að hann hafi venjulega pantað með pósti frá Danmörku eða París 4—7 sendingar á ári, frá 1924, mest álnavara, nærfatnað og leikföng og ýmsa smámuni til heimilisnotkunar. Kveðst hafa greitt toll af vörum þessum, en oftast eigi hafa fengið álímd frímerki sem viðurkenningu fyrir tollgreiðslunni, en það hafi þó komið fyrir stöku sinnum, að vitnið hafi fengið álímd frímerki fyrir greiðslu tollsins, svo hafi og ákærður skilað honum síðar toll frímerkjum fyrir eina sendingu, síðastliðinn vetur.

Vitnið Einar Guðfinnsson, kaupmaður í Bolungavík, kveðst hafa fengið nokkrar vörusendingar í pósti, á að giska 3 sendingar hvert árið 1026 og 1927, hafa greitt toll af sendingum þessum, en eigi fengið álímd frímerki um leið og

hann greiddi tollinn, nema af síðustu sendingunni í júlí f. á. Kveður vitnið að hann hafi þá krafist að ákærður límdi frímerki á vörusendinguna, því svo stóð á, að hann hafi verið búinn að greiða verðtollinn á skrifstofu sýslunnar á Ísafirði, en fjekk svo eigi vöruna afhenta á pósthúsinu nema gegn því að greiða tollinn þar, en þurfti svo að sýna sýsluskrifstofunni reikninginn með álímdum frímerkjum til þess að fá tollinn endurgreiddan. Þá lýsti vitnið því einnig yfir, að ákærður hafi eigi borið fram neina sjerstaka ástæðu fyrir því að hann ekki afhenti honum álímd frímerki fyrir tollinum.

Vitnið Jens Jensson, sjómaður í Bolungavík, bar fyrir rjettinum, að það hefði haft nokkur viðskifti við firmun »Importören« og »Dahls Varehus« í Kaupmannahöfn og fengið þaðan 2—3 sendingar á ári, árin 1924—1925 og 1926, hafi það verið tvinni, nærfatnaður, verkfæri o. fl. Kveðst hafa greitt ákærðum toll af sendingum þessum en aldrei fengið álímd frímerki, enda kveðst eigi hafa vitað það fyr en síðastliðinn vetur að hann ætti að fá álímd frímerki á fylgibrjefið eða sendinguna fyrir tollgreiðslunni.

Framangreind vitni hafa öll unnið eið að framburði sínum.

Ákærður fullyrðir hinsvegar að hann hafi látið mönnum þessum í tje álímd frímerki, annaðhvort á fylgibrjefið, eða að jafnaði á vörusendinguna sjálfa sem kvittun fyrir tollinum, en þó kunni að hafa komið fyrir, að hann hafi verið frímerkjalaus í bili, en tjáð þá hlutaðeiganda að hann gæti fengið tollfrímerki síðar. Að því er snertir póstsendingar Jóhannesar Teitssonar kveðst ákærður eigi muna hvort það hafi komið fyrir að hann hafi afhent honum síðar álímd frímerki, en að því er sendingar til vitnisins Gísla Sigurðssonar snertir, hefir það komið fyrir einu sinni, að ákærður afhenti því síðar álímd tollmerki eins og fyr greinir.

Samkvæmt framburði ofangreindra vitna kvað rannsóknardómari upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir ákærðum 13. mars þ. á. en leysti hann aftur úr varðhaldi 17. s. m.

Ennfremur hafa Áki Eggertsson, Jón S. Magnússon og Jón Þórarinsson, sjómenn í Bolungavík og Jens Nielsson kennari, sama stað, verið leidd vitni í málinu. Hafa þau fengið nokkrar póstsendingar frá útlöndum, greitt ákærðum toll af þeim, en eigi fengið álímd frímerki fyrir tollgreiðslunni. **Vitnið Áki Eggertsson hefir staðfest framburð sinn með eiði.**

En að því vitnin Jón S. Magnússon og Jens Nielsson snertir ber ákærður eigi brigður á framburð þeirra en kveðst hafa límt tollmerkin á fylgibrjefin og geymt þau. Við eftirgrenslun á heimili ákærðs hafa þó eigi fundist nein fylgibrjef útlendra póstsendinga með álímdum tollfrímerkjum, en það er þó eigi alveg útilokað að þau kunni að hafa glatast.

Í lögum nr. 38, 1921 um vörutoll eru fyrirmæli um greiðslu vörutolls af póstbögglum, er til landsins flytjast, og í lögum nr. 3, 1924 um bráðabirgða verðtolll af nokkrum vörutegundum er til landsins flytjast sbr. reglugerð nr. 40, 1924 er fyrirmæli um greiðslu verðtolls af vörum þeim, er sendar eru til landsins í pósti.

Í vörutollslögunum segir, að gjaldið greiði viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum og skal pósthúsið, er afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Eru frímerkin úr því eign viðtakanda. Í verðtollslögunum og greindri reglugerð, segir, að verðtollur af vörum er sendar eru til landsins í pósti, skal greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frímerkjum er póstþjónn ónýtir og límir á fylgibrjef eða umbúðir.

Það virðist samkvæmt þessum fyrirmælum vera skýlaus skylda þess póstþjóns, er tekur við vöru- eða verðtolli af póstsendingum, er til landsins flytjast jafnframt að líma frímerki fyrir tollinum á fylgibrjef eða umbúðir sendingarinnar og afhenda þau viðtakanda, sem er eigandi þeirra. Enda virðist engin trygging geta verið fyrir reiðilegum viðskiftum við ríkissjóð, nema fyrirmælum laganna sje fylgt að þessu leyti. Að því er líka vikið í varðhaldsúrskurðinum.

Um framburð vitna þeirra, er staðfest hafa framburð sinn með eiði í málin, athugast, að þau hvert um sig eru ein til frásagnar um það, að þau hafi eigi fengið álímd frímerki á fylgibrjef eða sendingu um leið og þau greiddu ákærðum tollinn og tóku við sendingunum. Þykir því framburður þeirra eigi vera lögfull sönnun gegn eindregnum mótmælum ákærðs.

Aftur á móti hefir ákærður eigi mótmælt framburði vitnanna Jens Nielssonar og Jóns S. Magnússonar og neitar því heldur eigi að það kunni að hafa komið fyrir, að hann hafi verið frímerkjalaus og þar af leiðandi eigi skilað viðtakanda álímdum frímerkjum um leið og hann greiddi tollinn.

Það virðist því vera nægilega sannað í málinu, að Jens

Nielsson hefir fengið þrisvar sinnum álnavöru frá Noregi, árin 1924—1925 og 2var eða 3var sinnum frá Paris árið 1926, greitt ákærðum sumpart vörutoll og sumpart verðtoll af vörum þessum án þess upplýst sje hve mikið af hverju um sig, og Jón S. Magnússon fengið póstsendingar frá útlöndum, einu sinni á ári, síðastliðin 5 ár sem sje smíðatólasendingar 4 skifti, en nærfatasendingu einu sinni, rjett fyrir jólin 1924 fra Dahls Varehus, greitt ákærðum 4 kr. toll af sendingu þessari en að því er virðist bögglagjald af hinum sendingunum, án þess ákærður ljeti þeim í tje álímd frímerki fyrir tollinum um leið og þeir greiddu honum hann og tóku við sendingunum.

Með greindu atferli þykir ákærður hafa orðið sekur um vanrækslu í embættisrekstri og refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, hæfilega metin 150 kr. sekt samkvæmt 144. gr. sbr. 145. gr. hinna alm. borgaralegu hegningarlaga 25. júní 1869 og rennur sektin í ríkissjóð, en afplánist með 13 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan 20 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði og ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað og þóknun til skipaðs talsmanns síns, er ákveðst 30 kr.

Dómarinn lætur þess getið, að hann vegna manntalsþingaferða og annara embættisanna hafi eigi getað uppkveðið dóm þennan fyr.

Það vottast að meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 19. nóv. 1928.

Nr. 64/1928. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Markúsi Jónassyni (Björn P. Kalman).

Sýknaður af kæru fyrir ölvun.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. ág. 1928: Kærður, Markús Jónasson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Þar sem þrjú vitni, er voru samtímis kærða að Geithálsi 28. júlí þ. á. og töluðu þar við hann, hafa borið það og staðfest með eiði, að kærði hafi þá ekki haft neitt það í frammi, er bent gæti til þess, að hann væri ölvaður, þá brestur sönnun fyrir því, að svo hafi verið, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Jóns Ásbjörnssonar og B. P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Marúsi Jónassyni, loftskeytamanni, Vesturgötu 24 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928, 16. gr.

Málavextir eru þeir, sem hjer greinir:

Laugardaginn 28. f. m. um kvöldið var kærður staddur á Geithálsi í Mosfellssveit. Þar var og staddur Hjörtur Ingþórsson, löggæslumaður, og hefir hann kært Markús fyrir það, að hann hafi verið drukkinn þar.

Kærður hefir viðurkent það að hann hafi drukkið eina 1/1 flösku af spánarvíni, ásamt tveimur mönnum öðrum, áður en hann fór af stað í þetta ferðalag. Þá kveðst hann og hafa drukkið einn pilsner á Geithálsi. Annað áfengi kveðst kærður

alls ekki hafa drukkið. Kærður hefir viðurkent það, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis, en hann neitar því algjörlega að hann hafi verið ölvaður í þetta sinn.

Í máli þessu hafa verið leidd 7 vitni, sem öll hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðjón Ólafsson, sem sá kærðan og talaði við hann á Geithálsi, hefir borið það, að það hafi sjeð, að kærður hafi bragðað áfengi aðeins af því, að það þekki hann mjög vel, en það kveður hann alls ekki hafa verið ölvaðan. Vitnið Sigurður Hólm Guðmundsson, sem ók kærðan upp að Geithálsi og til Reykjavíkur aftur hefir borið það, að kærður hafi verið mjög rólegur báðar leiðir og hafi alls ekki haft í frammi neitt það, sem gæti bent til að hann væri ölvaður. Vitnið Jón Brynjólfsson, sem bæði sá og talaði við kærðan og gekk einnig með honum, hefir borið það, að það hafi sjeð að kærður var undir áhrifum áfengis, en að hann hafi hvorki slagað nje haft í frammi nein drykkjulæti. Vitnið Jón Ólafsson hefir borið það sama. Vitnið Hjörtur Ingþórsson hefir borið það, að kærður hafi verið alldrukkinn án þess þó að slaga eða að nokkuð hafi sjeð á tilburðum hans, heldur hafi kærður komið til sín og spurt sig að, hvort það mundi kæra sig. Vitnin Páll Ólafsson og Vilhelm Knudsen hafa bæði borið það, að þeim hafi virst að kærður væri ölvaður bæði af því að hann hafi slagað nokkuð og jafnframt af hávaða og flangsi utan um fjelaga sína. Með því að tvö hin síðasttöldu vitni hafa sjeð kærðan aðeins tilsýndar þaðan, sem þeir sátu inni í bifreið, og ekki talað við hann, og þar sem jafnframt að þessi framburður fer í bága við framburð hinna vitnanna, þá verður ekki talið full sannað, að kærður hafi verið ölvaður í þetta sinn, með því að það virðist ekki falla undir hugtakið »ölvaður«, þótt menn sjeu eitthvað lítilsháttar undir áhrifum áfengis, ef ekki er um drykkjulæti að ræða.

Það ber því að áliti dómarans að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 21. nóv. 1928.

Nr. 57/1928. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ásgeiri Ásmundssyni
(Pjetur Magnússon).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. ág. 1928: Kærður, Ásgeir Ásmundsson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Ennfremur greiði kærður 100 króna sekt í Menningarsjóð innan sama tíma, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi verður að telja það sannað, að kærði hafi þ. 15. júlí þ. á. selt þrjár flöskur af víni, er fengnar höfðu verið í áfengisverslun ríkisins. Með þessu hefir kærður, er eigi hefir rjett til að selja vínföng þau, er ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt heimild í lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923, gjörst brotlegur gegn 15. gr. í þágildandi reglugjörð nr. 65 frá 18. júlí 1922, en refsiákvæðin fyrir brot þetta er nú að finna í 32. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, er komið hefir í stað 2. og 3. mgr. í 15. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917.

Ennfremur er það sannað, að kærði hefir 18. júlí þ. á. verið ölvaður inni í veitingahúsi hjer í bænum og heyrir brot þetta undir 16. gr. áfengislaganna.

Með tilliti til þess, að kærða hefir 7 sinnum áður verið refsað fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, þar af

5 sinnum fyrir sölu áfengis, ákveðst refsing hans fyrir framangreind brot samkv. 32. og 36. gr. áfengislaganna 7. maí 1928 þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Ásgeir Ásmundsson, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði 1500 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ásgeiri Ásmundssyni, Grundarstíg 2 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna og laga um verslunaratvinnu,

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Laugardagskvöldið 14. þ. m. kl. 12 síðdegis voru þeir á gangi uppi í bæ Magnús Vigfússon, Amtmannsstíg 5, Helgi Sigurðsson, húsgagnasmiður, Laugaveg 83 og Símon Þórðarson, lögfræðing-

ur. Fór þá Magnús Vigfússon inn í húsið nr. 2 við Grundarstíg en í því húsi býr kærður í þessu máli. Er Magnús kom út úr húsinu aftur var lögreglan til staðar og tók Magnús fastan og fór með hann niður á lögreglustöð og tók þar af honum 3 1/1 flöskur af spánarvínum, er Magnús kvaðst hafa keypt af kærðum.

Kærður hefir stöðugt haldið því fram undir rannsókn þessa máls, að hann hafi alls ekki selt Magnúsi þetta áfengi. Magnús Vigfússon, sem var leiddur vitni í þessu máli, hefir hinsvegar gefið þá skýrslu hjer fyrir rjettinum og unnið eið að henni, að hann hafi keypt þessar 3 1/1 flöskur af spánarvíni af kærðum. Vitnið Helgi Sigurðsson hefir einnig staðfest þá skýrslu sína með eiði, að hann hafi komið með Magnúsi heim að Grundarstíg 2, og hafi Magnús ekkert áfengi haft meðferðis, er hann fór inn í húsið og hafi farið þangað inn til þess að kaupa spánarvín af kærðum. Einnig hefir Símon Þórðarson borið það sama hjer fyrir rjetti. Það má því teljast fullsannað, að Magnús Vigfússon hafi farið inn í húsið nr. 2 við Grundarstíg þetta umrædda kvöld og hafi hann þá ekkert áfengi haft meðferðis. Magnús hefir og haldið því fram, að er hann kom í húsið nr. 2 við Grundarstíg hafi hann farið beint inn í herbergi kærðs og kemur það heim við eiðfestar vitnaskýrslur vitnanna Ásgríms Jónssonar, Lindargötu 43 B og Erlends Erlendssonar Njálsgötu 7, er voru þá staddir á ganginum fyrir framan herbergisdyr kærðs og sáu báðir Magnús, er hann fór þar inn. Þá hefir Magnús haldið því fram að hann hafi alls ekki farið lengra inn í íbúðina en inn í herbergi kærðs, sem er fyrsta herbergi við ganginn, og kemur það heim við eiðfesta vitnaskýrslu Siggeirs Einarssonar, Njálsgötu 39 B, með því að hann hefir staðfest það með eiði, að Magnús hafi komið inn í herbergi kærðs þetta umrædda sinni og að hann hafi ekki farið lengra en inn í herbergi kærðs nje talað við aðra en kærðan. Það má því teljast fullsannað að Magnús hafi komið inn í herbergi kærðs á þessum tíma, þrátt fyrir mótmæli kærðs. Það er og sannað með eiðfestri vitnaskýrslu vitnanna Siggeirs Einarssonar, Ásgríms Jónssonar og Erlends Erlendssonar, að Magnús fór út um sömu dyr frá kærðum og hann fór inn um. Ennfremur tók Erlendur Erlendsson eftir því, að þegar Magnús kom út frá kærðum, þá var hann fyrirferðarmeiri en hann átti vanda til og er Magnús kom út úr húsinu var lögreglan til staðar og fann á

honum 3 1/1 flöskur af spánarvínum, og hefir lögregluþjónn Karl Guðmundsson staðfest þá skýrslu sína hjer fyrir rjetti.

Ósamræmi það sem kemur fram í vitnaskýrslu Magnúsar Vigfússonar annarsvegar og Ásgríms Jónssonar hinsvegar um um það, að áfengið hafi verið rjett út um gættina á dyrunum, en hinir hafa haldið því fram hinsvegar, að það geti ekki átt sjer stað, virðist ekki skifta hjer neinu máli, því að eftir því sem fram er komið í þessu máli, þá hefir Magnús fengið þetta áfengi inni í herbergi kærðs og hjá kærðum sjálfum.

Við húsrannsókn, er fram fór hjá kærðum 21. f. m. fundust 9 1/1 af spánarvínum.

Það virðist því eftir framkomnum gögnum vera fullsannað, þrátt fyrir mótmæli kærðs, að hann hafi selt Magnúsi Vigfússyni 3 1/1 flöskur af spánarvínum þetta umrædda kvöld, enda hefir kærður verið margoft dæmdur fyrir samskonar brot áður.

Í öðru lagi hefir Ásgeir Ásmundsson verið kærður fyrir það, að hafa verið ölvaður inni í kaffihúsinu »Fjallkonan« hjer í bænum, og er það fullsannað með eigin játningu hans, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Kærður hefir oft áður orðið uppvís að brotum gegn ákvæðum áfengislöggjafarinnar. Í fyrsta skifti 27. júní 1923 undirgekst hann í lögreglurjetti Reykjavíkur 400 kr. sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, er fanst í vörslum hans, 30. september 1924 undirgekst hann 200 króna sekt í sama rjetti fyrir samskonar brot; hinn 27. október 1924 var hann í lögreglurjetti Reykjavíkur dæmdur í 30 daga einfalt fangelsi og 1000 króna sekt fyrir áfengissölu, 18. mars 1925 var hann dæmdur í sama rjetti í 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 krónur í sekt fyrir sama brot. Ennfremur var hann 23. júlí 1926 dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir áfengissölu. Þá var hann og 3. apríl 1928 dæmdur í 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir áfengissölu og loks 17. apríl 1928 í 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir sama brot.

Hið fyrtalda brot kærðs. sem er framið eftir 1. júlí þ. á., ber að áliti dómarans aðeins að heimfæra undir lög um verslunaratvinnu nr. 52 frá 27. júní 1925, 14 gr. með því að engin refsiákvæði virðast vera til í gildandi lögum fyrir þá

sölu spánarvína, sem hjer um ræðir, eftir að áfengislögin nr. 64 frá 7. maí 1928 gengu í gildi. Þar sem að reglugjörð sú, sem sett skyldi vera samkvæmt 45. gr. nefndra laga var ekki komin út, er brotið var framið, Hinsvegar virðist kærður hafa brotið gegn ákvæði 14. gr. áðurnefndra laga um verslunaratvinnu með því að selja spánarvín, þegar og er tekið tillit til þess, að kærður hefir margoft áður verið dæmdur fyrir samskonar brot og hefir sýnilega gjört sjer atvinnu að sölu spánarvína án þess að hafa verslunarleyfi.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Síðara brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 16. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt í Menningarsjóð er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Auk þess greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 27/1928. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Rangárvallasýslu 17. des. 1925: Lögtaksgjörðin gagnvart Kort Eyvindssyni á Sámsstöðum 4. þ. m. skal úr gildi feld og skal hann sýkn af öllum þeim kostnaði, er hún hefir haft í för með sjer.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 20. apríl

þ. á., að fenginni gjafsókn dags. 27. nóv. 1926, nova-leyfi dags. 26. s. m. svo og áfrýjunarleyfi og leyfi til að áfrýja málinu þótt fjárkrafan nemi eigi 25 kr., dags. 29. mars þ. á., en með því að stefndi hefir eigi mætt í málinu hefir það verið rekið skriflega og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem nánar er framtekið í hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði er ágreiningurinn í máli þessu um það, hvort stefndi hafi haft rjett til þess að draga 1/3 hluta frá útsvari, er á hann var lagt í Fljótshlíðar-hreppi haustið 1924, sökum þess að lagt var á hann aukaútsvar í Vestmannaeyjum vorið 1924, en þar dvaldi hann 4 mánaðatíma, eða frá því í janúarmán-uði og fram í maí nefnt ár.

Samkvæmt þágildandi lögum um þetta efni nr. 29, 19. júní 1922, hafði heimilisfastur gjaldandi, sem á gjaldárinu hefir líka haft fast aðsetur annars staðar, rjett til að draga frá ársútsvari sínu tiltölulega við þann tíma, er hann hefir dvalið utan hreppsins, ef þar hefir einnig verið lagt á hann útsvar. Skilyrði fyrir því að þessu ákvæði verði beitt er þó fyrst og fremst það, að hlutaðeigandi gjaldandi hafi á *gjaldárinu* haft fast aðsetur annars staðar.

Þótt það sje ekki beinlínis tekið fram fyrir fógeta-rjettinum verður að gera ráð fyrir því að aukaútsvar það í Fljótshlíðarhreppi, sem lagt var á stefnda haustið 1924, hafi, eins og áfrýjandi heldur fram hjer fyrir rjettinum, verið lagt á fyrir fardagaárið 1924—1925, en frá útsvari á þessu gjaldári hafði stefndi eigi rjett til að draga útsvar, er hann hafði greitt í Vestmanna-eyjum, með því að þessi dvöl hans þar var öll fyrir fardaga 1924, en lögin virðast eigi heimila frádrátt fyrir útsvari, sem greittt er vegna dvalar á fyrra

gjaldári, enda þótt það hafi eigi komið til frádráttar á því ári.

Af þessari ástæðu verður að fella hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Það þykir eftir atvikum rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður, en málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar, 60 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður, og greiðist málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr., úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þeir er nú skal greina: Gjörðarþoli Kort Eyvindsson á Sámsstöðum átti heima á þessum bæ árið 1924. Var hann þá vistráðið hjú þar hjá fóstra sínum Sigurði bónda Einarssyni.

En yfir vetrarvertíð þetta sama ár rjeðst hann til Vestmannaeyja 4ra mánaðartíma sem aðgjörðarmaður á fiski.

Að lokinni vertíð var honum gert að greiða 10 kr. útsvar til sveitar í Vestmannaeyjum.

Aftur um haustið sama ár var lagt á hann ársútsvar í Fljótshlíð að upphæð 15 krónur, og þegar hreppsnefndaroddvitinn í Fljótshlíðarhreppi Sigurþór Ólafsson í Kollabæ, krafði hann um greiðslu á öllu útsvarinu fór gjörðarþoli þess á leit að fá dregnar frá 5 kr. af útsvarinu eða rjettan þriðjung

þess, af því að hann hafði haft fast aðsetur í Vestmannaeyjum þriðjung ársins og greitt þar útsvar.

Þessu neitaði oddvitinn og hefir nú látið taka þessar 5 kr. lögtaki hjá gjörðarþola.

Gjörðarbeiðandi hefir fyrir fógetarjettinum framlagt skriflegt skjal, þar sem hann greinir sem ástæðu fyrir því, að hann vildi ekki taka til greina kröfu gjörðarþola um frádráttinn, að hreppsnefndin í Fljótshlíð, hafi myndað sjer þá skoðun um útsvarsálagningu þá, sem lögð er á menn sem dvelja í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð, að hún sje álagning á atvinnurekstur, og atvinnurekendur sjeu húsbændur þeirra manna sem verkin vinna en ekki þeir sjálfir, og því hafi hreppsnefndin við álagningu á húsbændur þessara manna — og um leið að sjálfsögðu á húsbónda gjörðarþola — verið búin að taka þetta Vestmannaeyja-útsvar gjörðarþola til greina, með því að ákveða útsvar húsbóndans heima fyrir, þelm mun lægra.

En þessi skoðun hreppsnefndarinnar er að rjettarins áliti misskilningur, er enga stoð hefir í gildandi lögum, og mundi fremur gera hreppnum ógagn en gagn, ef rjett væri.

Gildandi lagafyrirmæli þau er koma til greina í þessu efni eru að finna í lögum nr. 29, 19. júní 1922, 1. gr.

Þarf eigi að lesa lengra en aðra málsgrein tjeðrar greinar til þess að sannfærast um, að vinna fyrir kaupgjald er í laganna skilningi enginn atvinnurekstur; væri svo mætti eftir sömu málsgrein leggja á alla menn úr Fljótshlíð útsvör, er aðeins stunduðu 4 vikur vinnu, við bátafiski, fiskaðgerð eða annað í Vestmannaeyjum.

Í öðru lagi verður ekki sjeð, að það sje sveitarsjóði Fljótshlíðar betra, nema síður sje, að þetta Vestmannaeyja-útsvar sje til greina tekið á þann hátt, að það komi til lækkunar á útsvari húsbóndans, heldur en, að það, aðeins að nokkrum hluta sje dregið frá útsvari hjúsins, eins og farið hefir verið fram á í þessu máli.

Í þriðja lagi verður það ekki sannað með aðferð hreppsnefndarinnar, að nokkur lækkun hafi átt sjer stað, eins og líka kom fram fyrir rjettinum að húsbóndi gjörðarþola vildi eigi við það kannast. Fyrir frádrætti samkvæmt lögunum gæti aftur á móti oddvitinn tekið viðurkenningu, ef honum sýndist svo.

En alt þetta skiftir þó engu máli hjer, heldur hitt að gjörðarþoli hafði 4 mánuði gjaldársins 1924 haft aðsetur í

Vestmannaeyjum og goldið þar 10 kr. útsvar, og það annað að niðurlag fyrstu málsgreinar áðurnefndrar lagagreinar, mælir svo fyrir, að ef á sama mann á sama gjaldári, er lagt útsvar á tveim stöðum, eins og hjer átti sjer stað, þá skal frá ársútsvarinu — (þar sem hann hefir lögheimili) — draga tiltölulega við þann tíma, er hann dvaldi annars staðar, þó ekki meira en hann galt þar.

Krafa gjörðarþola um 5 kr. frádrátt frá útsvari hans í Fljótshlíð 1924, er var 15 kr., var því fyllilega lögmæt; en gjörðarbeiðandinn virðist gagnvart gjörðarþola hafa virt að vettugi áminst lagaákvæði, án þess að það hafi verið rjettlætt.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 100/1927. **Hans P. Stangeland** (L. Jóhannesson)
gegn
Útbúi Landsbankans, Eskifirði
(Pjetur Magnússon).

Lögmæti stefnubirtingar.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 10. nóv. 1926: Stefndir, Hans P. Stangeland, Marteinn Þorsteinsson, Jón Davíðsson, Stefán Jakobsson, P. Stangeland og Georg Georgsson greiði stefnanda útibúi Landsbankans á Eskifirði, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 18000,00 með 6 % ársvöxtum frá 15. maí 1926 til greiðsludags, 1/3 % af upphæðinni í þóknun, 17 kr. í afsagnarkostnað og kr. 33,70 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 3. desbr. f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 9. nóvbr. s. á. og novaleyfi dags. s. d.

Áfrýjandi, sem mætti ekki í málinu í undirrjetti, krefst þess hjer fyrir rjettinum að hinn áfrýjaði gestarjettardómur og öll meðferð málsins fyrir gestarjett-

inum verði ómerkt að því er hann snertir. Svo krefst hann og þess, að fjárnám það og uppboð á eimskipinu Andey, sem gjört var samkvæmt dóminum 20. desbr. 1926 og 27. mars 1927, verði ómerkt og loks krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Með því að áfrýjunarleyfi það, er lagt hefir verið fram í málinu, nær eigi til áfrýjunar á nefndum fjárnáms- og uppboðsgjörðum og hinn lögmælti áfrýjunarfrestur var liðinn, verður ex officio að vísa stefnunni frá hæstarjetti að því er þessar rjettargjörðir snertir.

Kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að gestarjettarstefnan hafi ekki verið löglega birt, með því að hann hafi í marsmánuði 1926 flutst alfarinn frá Fáskrúðsfirði og hafi hann því ekki átt þar lögheimili, er stefnan var birt þar 25. okt. 1926.

Um heimilisfang áfrýjanda er þetta upplýst í málinu:

Í gestarjettarstefnunni er áfrýjandi talinn til heimilis á Fáskrúðsfirði, í manntali hlutaðeigandi sóknarprests er hann talinn til heimilis í húsi föður hans P. Stangeland á Búðum í Fáskrúðsfirði og þar hafa stefnuvottarnir birt stefnuna; taka þeir það fram í birtingarvottorðinu, að þeir hafi birt stefnuna á lögheimili Stangelands á Búðum fyrir Kristine Eide með því að stefndur hafi eigi verið heima, og taka þeir það jafnframt fram að þeir hafi afhent henni afrit af stefnunni; hefir kona þessi, sem er nákomin áfrýjanda, ekki vefengt eða mótmælt því við stefnuvottana að þar væri lögheimili áfrýjanda. Þá hafa allar aðrar birtingar og tilkynningar til áfrýjanda, bæði birting gestarjettardómsins 14. desbr. 1926 og birting tilkynningar um nauðungaruppboð á e./s. Andey og

lifrarbræðslustöðinni Hlaðhamri 29. jan. 1927, verið birtar á sama stað, er stefnuvottarnir enn telja lögheimili áfrýjanda, fyrir fólki nákomnu honum, ýmist áðurnefndri Kristine Eide eða bróður áfrýjanda Thomas P. Stangeland, án þess að þau þá hreyfðu neinum mótmælum eða efasemdum um að þar væri lögheimili áfrýjanda. Við þetta bætist loks það, að áfrýjandi, sem þó telur sig hafa átt lögheimili hjer á landi árin 1926 og 1927, hefir ekki gefið neinar upplýsingar um það, hvar hann hafi átt lögheimili annars staðar þessi ár.

Þessum gögnum um heimilisfang áfrýjanda hefir ekki verið hnekt með þeim vottorðum, er lögð hafa verið fram af nýju í hæstarjetti.

Samkvæmt framansögðu verður að álíta að áfrýjandi hafi átt lögheimili hjá föður sínum á Búðum í Fáskrúðsfirði, er gestarjettarstefnan var birt, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er áfrýjanda snertir, og dæma hann til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Kröfu áfrýjanda um ómerkingu á hinu áfrýjaða fjárnámi og uppboði á e./s. Andey vísast frá hæstarjetti. Gestarjettardóminum að því leyti, sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað. Áfrýjandi Hans P. Stangeland greiði stefnda útibúi Landsbankans á Eskifirði 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn útbú Landsbankans á Eskifirði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Hans P. Stangeland, Marteini Þorsteinssyni, Jóni Davíðssyni, Stefáni Jakobssyni, P. Stangeland og Georg Georgssyni, öllum til heimilis á Fáskrúðsfirði til greiðslu á víxli að upphæð 18000,00 kr. útgefnum af stefndum Marteini Þorsteinssyni með gjalddaga 15. maí þ. á., samþyktan af stefndum Hans P. Stangeland, en ábekingar á víxlinum eru hinir aðrir meðstefndir. Var víxillinn afsagður sökum greiðslufalls 18. maí þ. á.

Hefir stefnandi gjört þær kröfur að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sjer upphæð víxilsins með 18000,00, með 6 % ársvöxtum frá gjalddaga hans 15. maí þ. á. til greiðsludags, 1/3 % af upphæðinni í þóknun, 17 kr. í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur: Stefán Jakobsson mætti óstefndur í málinu en hreyfði engum mótmælum gegn dómkröfum til stefnanda og verður þegar af þeirri ástæðu að taka þær til greina, að því er hann snertir. Aðrir hinir stefndu mættu ekki nje ljetu mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilskipun 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilskipun 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit víxilsins ásamt afsagnargjörð í lögmætu formi verður að taka kröfur hans til greina að öllu leyti og ákveðst málskostnaðurinn kr. 33,70 samkvæmt framlögðum reikningi, sem ekkert hefir fundist athugavert við.

Miðvikudaginn 28. nóv. 1928.

Nr. 12/1928. **Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Sigurði Magnússyni og gagnsök
(Jón Ásbjörnsson).

Skaðabótamál.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðar 20. sept. 1927: Stefnda, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, Jón Þór

Sigtryggsson bæjarstjóri, og bæjarfulltrúarnir Brynjólfur Eiríksson, Jón Jónsson, Gestur Jóhannesson, Karl Finnbogason, Sigurður Arngrímsson, Eyjólfur Jónsson, Sigurður Jónsson, Gunnlaugur Jónasson og Sigurður Baldvinsson fyrir hönd Seyðisfjarðarkaupstaðar, greiði stefnandanum, Sigurði Magnússyni lækni á Seyðisfirði í skaðabætur kr. 1170,00, með 5 % ársvöxtum frá 14. maí 1926 til greiðsludags, og 228 krónur í málskostnað.

Framantalin ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Fyrir ósæmilegan ritháttt greiði umboðsmaður stefndu, Jón Þór Sigtryggsson bæjarstjóri, 40 króna sekt, er renni í ríkissjóð og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd á rjettum tíma.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem stefndi hefir gagnáfrýjað, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl þ. á., með stefnu, dags. s. d., hefir áfrýjandi krafist sýknu og málskostnaðar, en þó til vara lagt það á vald rjettarins að meta þær bætur, er stefnda kynnu að bera. Stefndi hefir hinsvegar gert allar þær rjettarkröfur, sem gerðar voru af hans hálfu í hjeraði og getið er í dóminum, en þó jafnframt til þrautavara krafist staðfestingar hjeraðsdómsins og málskostnaðar í hæstarjetti.

Að vísu verður bæjarstjórnarsamþyktin 11. sept. 1925 naumast skoðuð öðruvísi en grundvöllur undir væntanlegan samning áfrýjanda við stefnda um meðferð og umsjón þarnefndra tækja. En stefndi hafði þó enga ástæðu til að búast við öðru, en að sjer mundi verða gefinn kostur á að fara með tækin, samkvæmt samþyktinni, þegar hann lagði skömmu síðar upp í Reykjavíkurferðina. Og dráttur áfrýjanda á umbeðnu símsvari við fyrirspurn stefnda í símskeyti 30. sept. og símsvarið sjálft 9. okt. var til þess fallið,

að styrkja stefnda í því að treysta mælti samþyktinni að því leyti.

Stefndi, sem fór til Reykjavikur aðallega til að kynna sjer meðferð tækjanna, varð því fyrir vonbrigðum, er áfrýjandi ógilti samþyktina, án nokkurs tilefnis af hans hendi. Og þau vonbrigði bökuðu stefnda tjón, sem áfrýjanda ber að bæta honum.

Aðiljum kemur saman um að stefndi hafi farið að heiman áleiðis til Reykjavíkur 23. sept. 1925 og að hann hafi ekki komið heim aftur fyr en um miðjan nóvember s. á. En áfrýjandi heldur því fram, að stefndi, sem hafði fengið tilkynningu áfrýjanda um ógildingu septembersamþyktarinnar 16. okt, hefði getað komist heim með Esju, sem aðiljum ber saman um að farið hafi úr Reykjavík 24. okt. og komið til Seyðisfjarðar 27. s. m., og verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda.

Hefir stefndi þá verið 35 daga heiman að í erindi út af samþyktinni. Og þar sem fallast má á, að 20 kr. á dag eða 700 kr. alls sje ekki of í lagt fyrir atvinnutjón stefnda, sem gegndi tannlækningum og öðrum lækningum þar eystra, þykja 470 kr. ekki oftaldar til ferðanna fram og aftur, sem ætla má eftir málfærslunni að hafi tekið um 10 daga, og til Reykjavíkurdvalarinnar, sem þá hefir numið um 25 dögum. Ber áfrýjanda því að greiða stefnda 1170 kr. með 5 % ársvöxtum fyrir frá sáttakærudegi, 12. maí 1926.

Málskostnaðarákvæði hjeraðsdómsins þykir eftir atvikum mega staðfesta, en málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Um ómerkingu og sekt fyrir ósæmilegan rithátt þykir mega sitja við hjeraðlútandi ákvæði hjeraðsdómsins. Þó renni sekt sú, er umboðsmanni áfrýjanda

í hjeraði er gerð í dóminum, að hálfu í ríkissjóð en að hinu leytinu í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, greiði stefnda Sigurði lækni Magnússyni 1170 kr. með 5 % árvöxtum frá 12. maí 1926 og 228 kr. málskostnað hjeraði, en málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Ákvæðum hjeraðsdómsins um ómerkingu og sekt fyrir ósæmilegan rithátt skal óraskað. Þó renni hálf sektin í ríkissjóð og hinn helmingurinn í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu útgefinni 25. maí 1926, hefir Sigurður Magnússon læknir á Seyðisfirði höfðað mál þetta fyrir aukarjettinum gegn bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, þeim Jóni Þór Sigtryggssyni bæjarstjóra og bæjarfulltrúunum Brynjólfi Eirikssyni, Jóni Jónssyni, Gesti Jóhannssyni, og Karli Finnbogasyni, Sigurði Arngrímssyni, Eyjólfi Jónssyni, Sigurði Jónssyni, Gunnlaugi Jónassyni og Sigurði Baldvinssyni f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar og hefir stefnandi gert þær rjettarkröfur, að hin stefnda bæjarstjórn fyrir hönd Seyðisfjarðarkaapstaðar, verði dæmdur til að greiða honum aðallega kr. 10000,00, til vara kr. 6725,00, en til þrautavara kr. 1725,00, með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati rjettarins.

Stefnda bæjarstjórn hefir krafist þess, að þrautavarakröfu stefnanda verði vísað frá dómi, þar sem hún hafi ekki verið

lögð til sátta nje nægilega útlistuð í fyrsta rjettarhaldi eða síðar, og að hún (bæjarstjórnin) verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en verði tildæmdur málskostnaður frá stefnanda að skaðlausu eftir reikningi.

Málavextir eru þeir, að með brjefi dagsettu 6. september 1925 fór stefnandi þess á leit við bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, að hún ábyrgðist fyrir hann lán alt að kr. 2500,00 til þess að kaupa fyrir ljóslækningatæki, sem hann hefði í hyggju að starfrækja hjer í bænum. Í nefndu brjefi kvað stefnandi þó heppilegra, að bærinn keypti tækin sjálfur, en meðferð þeirra yrði fyrst um sinn falin honum.

Á fundi bæjarstjórnar 11. september 1925 var sú samþykt gjörð af bæjarfulltrúunum, að bærinn tæki ekki ábyrgð á láninu, en keypti sjálfur tækin og að umsjón þeirra yrði falin stefnanda, þangað til annan veg yrði tilskipað.

Samþykt þessa tilkynti bæjarstjóri alls ekki stefnanda þessa máls, heldur bárust honum fregnir af henni með öðrum hætti, að afloknum fundi bæjarstjórnar nefndan dag.

Í því trausti, að máli þessu væri þannig ráðið til lykta, virðist stefnandi, 23. september næstan á eftir, hafa tekist ferð á hendur til Reykjavíkur, í þeim tilgangi, að kynna sjer meðferð ljóslækningatækja aðallega, án þess frekar að leita vitneskju frá bæjarstjóra um það, hverjar móttökur málaleitun hans hefði fengið hjá bæjarstjórn.

Á næsta fundi bæjarstjórnar, sem haldinn var 13. október 1925, var málið tekið upp að nýju og þá feld úr gildi samþykt bæjarstjórnarinnar frá 11. september s. á. um það, að fela stefnanda umsjón tækjanna.

Þessa ráðstöfun bæjarstjórnar, og jafnframt þá samþykt bæjarstjórnarinnar frá 11. september, tilkynti síðan bæjarstjóri stefnanda, með símskeyti dagsettu 16. október 1925.

Viðvíkjandi kröfum hinnar stefndu bæjarstjórnar skal eftirfarandi tekið fram.

Frávísunarkröfu sína byggir hin stefnda bæjarstjórn á því, að þrautavarakröfu upphæðin, kr. 1725,00, hafi hvorki verið lögð til sátta, nje nægilega útlistuð í fyrsta rjettarhaldi í málinu samkvæmt kröfu 5. gr. tilsk. 3. júní 1796. Rjetturinn verður að líta svo á, að þó upphæð þessi hafi ekki komið fram sjálfstæð í sáttakæru, þá verði það að teljast nægilegt, að hún hafi verið liður í varakröfu stefnanda í sáttakærunni, og þar sem það telst alment viðurkent, að leyfilegt sje stefn-

anda að lækka kröfur sínar frá því sem var í sáttakæru, verður frávísunarkrafa stefndu ekki tekin til greina að því leyti. Að því er hitt snertir, að krafa þessi hafi ekki verið nægilega útlistuð í fyrsta rjettarhaldi eða síðar, þá getur rjetturinn ekki litið sömu augum á þetta og stefnda, og verður því ekki hægt að taka þá kröfu til greina.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að ekki hafi stofnast rjettarsamband milli stefnanda og stefndu með samþykt bæjarstjórnarinnar 11. september 1925. Heldur stefnda því fram, að þar sem stefnandi hafi hvorki verið viðstaddur á fundi bæjarstjórnarinnar, þegar um mál þetta var fjallað, nje hafi haft þar umboðsmann, hafi ekki um neinn samning verið að ræða milli bæjarstjórnarinnar og stefnanda, og hún því ekki bundin við samþykt sína gagnvart stefnanda. Til þess að svo hefði getað orðið, heldur stefnda því fram, að bæjarstjóri hefði þurft að tilkynna stefnanda samþyktina formlega, með því að hann einn hafi á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur

En það er upplýst í málinu, að bæjarstjóri ljet enga tilkynningu fram fara, fyrri en bæjarstjórnin hafði numið samþyktina úr gildi, á fundi 13. október næstan eftir.

Hefir stefnda haldið því fast fram, að hún sje alls ekki bundin við samþyktina af þeim ástæðum, að bæjarstjóri, sem fer með framkvæmdarvald bæjarstjórnarinnar, tilkynti stefnanda samtímis samþyktina og afturköllun hennar, jafnvel þó stefnandi hefði með öðrum hætti fengið vitveskju um hana.

Um þetta meginatriði málsins skal eftirfarandi tekið fram.

Nú er það upplýst í málinu, að tveir nafngreindir bæjarfulltrúar, fyrir tilmæli stefnanda, báru honum fregnir um úrslit málsins á bæjarstjórnarfundinum 11. september að honum afloknum.

Hvað viðvíkur því atriði, að fundir bæjarstjórnar eru haldnir í heyranda hljóði, sbr. 10. gr. laga frá 28. nóvember 1919, verður að líta svo á, að tilgangur löggjafans með því ákvæði sje einmitt sá, að samþyktir bæjarstjórnar komist jafnskjótt til vitundar almennings, sem þær varða. Og með með því, að láta samþykt fram fara á opinberum fundi, — jafnvel þó hlutaðeigandi sje þar ekki sjálfur viðstaddur, en fái vitneskju um samþyktina frá öðrum, sem þar hafa verið, — þá sje hjá hlutaðeiganda vakið rjettmætt traust til þess, að hann hljóti það, sem samþyktin hefir veitt honum,

og hann megi öruggur gera þær ráðstafanir, sem honum eru nauðsynlegar til þess að takast það á hendur, sem honum hefir verið falið.

Þess vegna verður rjetturinn að líta svo á, að hin stefnda bæjarstjórn hafi með samþykt sinni vakið rjettmætt traust hjá stefnanda um það, að honum yrði falin umsjón ljóslækningatækjanna, og eðlileg afleiðing af því, að stefnandi tókst á hendur ferðalag sitt til Reykjavíkur til þess að kynna sjer notkun og meðferð ljóslækningatækja, því svo verður að líta á, að þær kröfur verði ekki hægt að gera til lækna alment, að þeim sje að fullu kunn meðferð slíkra tækja, sem hjer um ræðir.

Það var því sjálfsagt og verður að ætlast til þess af hinni stefndu bæjarstjórn, að hún hefði gert ráð fyrir því, að stefnandinn mundi verða að takast ferð á hendur í þeim tilgangi, að kynna sjer meðferð á tækjunum, er hún hafði samþykt 11. september að fela honum umsjón þeirra; og ef hún hefði haft í hyggju, að draga að sjer hendina, þá að láta hann vita um það tímanlega, til þess að afstýra því, að hann legði út í kostnað af völdum samþyktarinnar.

Af símskeyti því, sem stefndi sendi bæjarsjóra 30. sept. frá Reykjavík, hlaut stefnda að sjá, í hvaða tilgangi hann hafði þangað farið, þó hún hefði enga vitneskju fengið um það fyr. Svar við því fær stefnandi ekki fyr en 9. október, og gat hann ekki af því sjeð annað en bæjarstjórn hefði enn í hyggju að halda samþykt sína.

Samkvæmt framansögðu verður rjetturinn að líta svo á, að um samningsrof hafi verið að ræða af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar, er hún á fundi 13. október 1925 nam úr gildi samþykt sína 11. september s. á. um að fela stefnanda umsjón ljóslækningatækja, er hún hugðist að festa þaup á fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, og beri henni því að greiða stefnanda kostnað þann, sem hann hafði af ferðalagi sínu til Reykjavíkur og heim til Seyðisfjarðar aftur, og bætur fyrir atvinnutjón það, sem ferðalagið hafði í för með sjer fyrir hann, en þó ekki lengur en til heimkomu hans með skipsferð frá Reykjavík 23. október s. á. til Seyðisfjarðar.

Að öðru leyti sjer rjetturinn sjer ekki fært að taka málskröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt framangreindu ber að dæma stefndu til að greiða stefnandanum skaðabætur, er rjetturinn telur, eftir

nákvæma athugun, hæfilega metnar kr. 1170,00 með 5 % ársvöxtum frá birtingu sáttakæru, 14. maí 1926 til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins þykir rjett, að stefnda greiði stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 228,00.

Með tilvísun til framanritaðs, er ekki hægt að taka kröfur stefndu til greina.

Stefnandi hefir krafist þess, að ummæli nokkur um sig og málflytjanda sinn, í skjölum málsins, verði dæmd dauð og ómerk og að umboðsmaður stefndu verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt.

Af ummælunum eru sjerstaklega þessi: »Kjölturakkki, «fífl«, »ódrengur í húð og hár« og »kvikindi«, sem ýmist eru mjög meiðandi eða lýsa óvirðingu, eiga þau því að dæmast dauð og ómerk, og eigi virðist hægt að komast hjá því, að umboðsmaður stefndu, bæjarstjóri Jón Þór Sigtryggsson, verði dæmdur til að greiða 40 kr. sekt í ríkissjóð, fyrir ósæmilegan rithátt, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Stefnda hefir krafist þess, að nokkur ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi sektaður fyrir ósæmilegan rithátt. Af ummælunum eru sjerstaklega meiðandi orðin: «fer vísvitandi með rangt mál« og eiga því að dæmast dauð og ómerk, en hinsvegar þykir ekki ástæða að sekta hann.

Föstudaginn 30. nóv. 1928.

Nr. 45/1928. **Erlendur Erlendsson**

gegn

Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 3. desbr. 1928.

Nr. 53/1928. **Valdstjórnin** (B. Þ. Johnson)
gegn
Óskari Þórðarsyni (L. Fjeldsted).

Brot á bifr.lögum og áfengislögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 26. júlí 1928: Kærður, Óskar Þórðarson, missi ökuskírteini sitt í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í framhaldsprófum þeim, er haldin hafa verið og lögð hafa verið fram í hæstarjetti, hefir lögregluþjónn sá, er stöðvaði kærða í Tryggvagötu, lýst honum svo, að hann hafi ekið gætilega eftir götunni og stöðvað bifreið sína strax og honum var gefið merki um það, en er lögregluþjónninn fór að tala við kærða, hafi hann fundið vínlykt af honum, heyrt á mæli hans og sjeð á honum að hann var undir áhrifum áfengis, enda hefir kærði játað að hafa neytt víns nokkru áður og fundið á sjer vín, þótt hann haldi því fram að þau áhrif hafi ekki gjört honum nokkuð til við bifreiðaraksturinn.

Brot kærða heyrir undir 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 og 20. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið með hliðsjón af því að hann hefir áður undirgengist að greiða sekt fyrir að aka bifreið undir áhrifum víns, hæfilega ákveðin 150 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa; svo missi kærði, er að vísu var undir áhrifum áfengis en ekki

er sannað um að verið hafi ölvaður er hann braut í fyrra skiftið (5. apríl þ. á.), ökuleyfi sitt um 12 mánuði frá birtingu undirrjettardómsins að telja.

Svo greiði kærði allan kostnað máls þessa bæði í undirrjetti og hæstarrjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Óskar Þórðarson, greiði 150 kr. sekt í ríkissjóð og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa, og missi ökuskírteini sitt í 12 mánuði frá birtingu uudirrjettardómsins að telja.

Svo greiði hann allan kostnað málsins bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Óskari Þórðarsyni, Bræðraborgarstíg 12 B hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64, frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þeir, sem sú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt, er upplýst í málinu.

Laugardaginn 15. þ. m. um kl. 11 síðdegis ók kærður vöruflutningabifreiðinni R.E. 465, sem hann ekur venjulega, heiman frá sjer á Bræðraborðastíg 12 B og ætlaði að sækja bildekk, sem geymt var í pakkhúsi við Tryggvagötu. Kærður

ók bifreiðinni niður í bæinn og hitti þar Jens Eyjólfsson, byggingarmeistara, og ók honum heim til hans á Grettisgötu 11. Síðan ók kærður áleiðis heim til sín og er hann kemur á Tryggvagötu, kom lögreglan til hans og stöðvaði bifreiðina, kærður ók bifreiðinni samt heim til sín, en lögregluþjónn sat við hlið hans.

Kærður viðurkennir það að hafa verið undir áhrifum áfengis og kemur það heim við skýrslu lögreglunnar.

Kærður hefir gengið inn á 100,00 kr. sekt 13. apríl þ. á. fyrir samskonar brot.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna, nr. 64 frá 7. mai 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin missi ökuskírteinis í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa aðt elja.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 7. desbr. 1928.

Nr. 87/1928. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Þorkeli Ólafssyni (Guðmundur Ólafsson).

Ölvun.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, Þorkell Ólafsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur gekk í máli þessu í hjeraði hafa ný vitni verið leidd, þar á meðal Guðmundur Ingi Einarsson, sem kærði fór heim til þegar lögregluþjónninn skildi við hann 29. ág. þ. á. Hefir vitni þetta lýst ásigkomulagi kærða þannig, að af því má ráða, að kærði hafi verið ölvaður, svo sem lögregluþjónninn

Sigurður Gíslason hefir borið. Með vitnisburðum þessara tveggja vitna, er styrkjast við vitnisburð hins nýja vitnis Einars Eirikssonar, veitingamanns á Reykjavíkur Bar, þykir það sannað að kærði hafi verið svo ölvaður við umrætt tækifæri, að hann hafi orðið brotlegur gegn 16. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928 og ákveðst refsingin samkvæmt 36. gr. laganna 50 kr. sekt til rikissjóðs, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Þorkell Ólafsson greiði 50 kr. sekt í rikissjóð, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd innan 14. daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorkeli Ólafssyni, söðlasmið til heimilis á Vesturgötu 26 B, hjer í bænum fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Það er sannað með eigin játningu kærðs, er kemur heim

við það. sem á annan hátt er upplýst í málinu, að hann hafi gengið út af Reykjavíkur Bar ásamt Birni Halldórssyni 29. f. m. um kvöldið og gengu þeir saman niður á »planið« fyrir neðan hús, er O. Ellingsen kaupmaður rekur verslun sína í. Kom þar að Sigurður Gíslason, lögregluþjónn, og hefir hann kært Þorkel fyrir það að hann hafi verið ölvaður í þetta skifti, en kærður hefir hinsvegar neitað því.

Í máli þessu hafa verið leidd 3 vitni, sem öll hafa staðfest framburð sinn. Vitnið Vilhelm Knudsen, er gerði lögreglunni aðvart, hefir borið það, að það hafi alls ekki sjeð að kærður væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Sigurður Grímsson hefir hinsvegar borið það, að það hafi sjeð, að kærður var undir áhrifum áfengis, er það kom til hans og fór að tala við hann, en það hefir haldið því fram, að kærður hafi ekki slagað og ekki haft í frammi neitt það, sem til lýta mætti teljast á almannafæri. Vitnið Sigurður Gíslason, kærandinn, hefir haldið því fram, að kærður hafi verið óstyrkur í gangi áfengislykt fram úr honum og að jafnframt hafi mátt heyra á mæli hans, að hann væri ölvaður, en þó kveður það, að hann hafi ekki verið með drykkjuröfl.

Á þessum framburði vitnanna virðist ekki auðið að byggja refsidóm yfir kærðum, með því að það virðist ósannað að hann hafi verið ölvaður við hið umrædda tækifæri.

Það ber því að áliti dómarans að sýkna kærðan af þessari kæru. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. desbr. 1928.

Nr. 47/1928. **Sjómannafjelag Reykjavíkur** (St. Jóh. Stefánsson)

gegn

H.f. Sleipnir (M. Guðmundsson).

Dagpen. sjúklings í heimahúsum, sbr. 95. gr. sigl.l.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 4. ág. 1928: Stefndur, Magnús Blöndal, dr. Alexandir Jóhannesson og Sighvatur Blöndahl f. h. h.f. »Sleipnis« greiði stefnandanum,

Sjómannafjelagi Reikjavíkur, 39 krónur. Hinsvegar greiði stefnandi stefndum 45 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er ekki upplýst í máli þessu, að dvöl Björns Bjarnasonar meðan hann var veikur á heimili sínu, hafi haft neinn aukakostnað í för með sjer umfram fæðiskostnað, er stefndi hefir boðist til að greiða með 3 kr. á dag, er telja verður nægilegt, og ber því með skírskotun til þess, sem tekið er fram í sjórjettardóminum að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 100 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað. — Áfrýjandi, Sjómannafjelag Reykjavíkur greiði stefnda h.f. Sleipnir 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 13. febrúar þ. á. af Sjómannafjelagi Reykjavíkur gegn stjórn h.f. »Sleipnis« hjer í bænum, þeim Magnúsi Blöndahl, útgerðarmanni, dr. Alexander Jóhannessyni og cand. juris Sighvati Blöntahl f. h. fjelagsins til greiðslu, á kr. 65,00 með 6% ársvöxtum frá í mai 1927 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu með kr. 63,00. Svo hefir stefnandi og krafist þess, að sjer verði tildæmdur sjóveðrjettur í eign tjeðs fjelags, b/v. R.E. 247 »Gulltoppi« fyrir framangreindum upphæðum og rjettur til að láta selja skipið á uppboði ef til komi.

Stefndir hafa mótmælt framannefndum kröfum og krafist þess, að verða aðeins dæmdir til að greiða stefnanda 39 kr.

án vaxta en að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati rjettarins, hvernig sem málið færi.

Krafan er þannig til komin, að Björn (ekki Bjarni eins og stendur í stefnunni) Bjarnason, Vesturgötu 37 hjer í bænum var lögskráður háseti á b/v. »Gulltoppi«, en veiktist í fingri, fór úr skiprúminu og var undir læknishendi frá 23. mars. til 4. apríl f. á. Borgaði útgerð skipsins eða stefndir, læknishjálpina og bauðst til að greiða ennfremur 3 krónur á dag eða 39 kr. í fæðispeninga, en því boði var hafnað og framseldi Björn þá sjómannafjelaginu kröfur sína á hendur útgerðinni og hefir fjelagið höfðað mál þetta og gjört í því framangreindar kröfur Krefst sjómannafjelagið að útgerðin verði dæmd til að greiða 2 krónur á dag auk fæðispeninganna, sem engin deila er um, fyrir húsnæði, ljós og hita kr. 1,75 á dag og fyrir hjúkrun og annan aukakostnað kr. 0,25 á dag og koma þannig fram þær 26 krónur, sem deilt er um í málinu, því hin stefnda stjórn telur sjer eigi skylt að greiða annað eða meira en fæðispeningana, sem enginn ágreiningur er um, og læknishjálpina, sem þegar er greidd.

Það er upplýst í málinu, að Björn Bjarnason er giftur maður, sem átti heimili hjer í bænum og var á því og jafnan á ferli frá 23. mars til 4. apríl f. á.

Það er hinsvegar ekki upplýst, að hann hafi þurft nokkra aðra hjúkrun á þessum tíma en læknishjálp þá, er útgerð «Gulltopps« borgaði.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinn um 5 króna hjúkrunarkostnað á dag á 3. málsgr. 95. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og styður upphæðina við það, *að* sjúkrahúsvist kosti 5 krónur á dag, *að* slysatrygging ríkisins greiði jafnan þá upphæð í sjúkrakostnað hvort sem sjúklingurinn dvelji á sjúkrahúsi eða ekki, og *að* Eimskipafjelag Íslands hafi altaf greitt og greiði enn 5 krónur á dag í slíkum tilfellum og hjer ræðir um, enda hafi útgerðarmenn fram til ársins 1924 almennt og möglunarlaust greitt þá upphæð til skipverja sinna, hvort sem þeir hafi þurft að vera á sjúkrahúsi eða ekki.

Eftir lagaákvæði því, er stefnandi skírskotar til, á útgerð skips, er eins stendur á og hjer, að kosta »hjúkrun« hins sjúka manns. Í þessu hugtaki felst að áliti sjórjettarins, og svo virðist samsvarandi orðatiltæki (»Kur og Pleje«) skilið á hinum Norðurlöndunum, lækning, aðhlynning og umönnun, sem sjúkir menn þarfnast umfram heilbrigða menn og verður þá ekki betur sjeð,

en að útgerð »Gulltopps« hafi greitt og boðist til að greiða alla þá hjúkrun, sem upplýst er, að Björn Bjarnason þarfnaðist og atti kröfu til að yrði greidd af útgerðinni, þar sem ekki er upplýst, að rjettarvenja hafi myndast um hærri greiðslu, er fara verði eftir, og eigi er hægt að lögjafna frá ákvæðum slysatryggingarlaganna, þar sem í slysatryggingunni eru innifaldar bætur fyrir atvinnumissi, en útgerð skips ber eigi að greiða slíkar bætur.

Það verður því að taka kröfur stefndu í málinu að öllu leyti til greina, þar á meðal málskostnaðarkröfuna og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 45 krónur.

Miðvikudaginn 12. desbr. 1928.

Nr. 24/1928. **Leifur Th. Þorleifsson f. h. versl. Bröttuhlíð** (St. Jóh. Stefánsson)

gegn

Skúla Jónssyni (Pjetur Magnússon).

Um skyldu stefnda til að greiða vöruúttekt háseta á skipi hans.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 15. okt. 1927: Stefndur, Skúli Jónsson, greiði stefnandanum Leifi Th. Þorleifssyni f. h. Verslunarinnar »Brattahlíð« kr. 24,70 með 6 % ársvöxtum frá 1. október 1926 til greiðsludags og á stefnandi sjóveðrjett í vj./sk. »Svan« eign Guðmundar Kr. Guðmundssonar, fyrir þeirri upphæð.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur var kveðinn upp í máli þessu í hjeraði, hefir maður sá, Árni Einarsson, er veitti verslun inni Bröttuhlíð á Siglufirði forstöðu árið 1926, verið leiddur sem vitni. Hefir vitni þetta borið það, að

stefndi, þá er hann kom á Siglufjörð um lok útgerðartímans. hafi samþykt að greiða úttekt þá til hásetanna á vjelbátnum Svani, er um er deilt í máli þessu, hafi hann sjeð alla reikninga um úttekt þessa og ekkert haft við þá að athuga. Með þessum vitnisburði þykir áfrýjandi hafa fært þær líkur fyrir staðhæfingum sínum, að rjett þykir að láta úrslit máls þessa vera komin undir eiði stefnda, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að hann hafi skuldbundið sig til þess að greiða úttekt hinna einstöku háseta sem um er deilt í máli þessu, að upphæð 274 kr. 50 a. þá á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður og ber áfrýjanda þá að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti. Ef stefnda hinsvegar verður eiðfall, þá greiði hann áfrýjanda 299 kr. 20 aura með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1926 til greiðsludags og 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en málskostnaður í hjeraði falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Ef stefndi, Skúli Jónsson, eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hann hafi skuldbundið sig til að greiða úttekt hinna einstöku háseta, sem um er deilt í máli þessu að upphæð 274 kr. 50 aur., þá skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað og skal áfrýjandi Leifur Þorleifsson f. h. verslunarinnar Bröttuhlíð þá greiða stefnda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en verði stefnda hinsvegar eiðfall, þá greiði hann áfrýjanda 299 kr. 20 a. með 6 %

ársvöxtum frá 1. okt. 1926 til greiðsludags, svo og 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en málskostnaður fyrir undirrjetti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjettinum af Leifi Th. Þorleifssyni, kaupmanni f. h. Verslunarinnar »Brattahlíð« á Siglufirði, gegn þeim Skúla Jónssyni, útgerðarmanni og Guðmundi Kr. Guðmundssyni, skipamiðlara báðum hjer í bæ, og gerir stefnandi þær kröfur að stefndur Skúli verði dæmdur til þess að greiða sjer kr. 299,20 fyrir útteknar vörur, ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. október 1926 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Svo krefst hann og að viðurkendur verði sjóveðrjettur fyrir hinum tildæmdu upphæðum í vj./sk. »Svanur«, eign stefnds Guðmundar Kr. Guðmundssonar.

Stefndu hafa krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda að því undanskildu að stefndur Skúli býðst til þess að greiða af hinni umstefndu upphæð kr. 24,70. Svo krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnanda.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1926 gerði stefndur Skúli vj.sk. »Svan«, sem hann tók á leigu af stefndum Guðmundi, út á síldveiðar frá Siglufirði. Voru ýmsar nauðsynjar til skipsins teknar út í verslun stefnanda um sumarið og hefir andvirði þeirra verið greitt að undanteknum fyrgreindnm kr. 24,70. Þá tóku og skipverjar út hjá versluninni ýmsar vörur, aðallega tóbaksvörur og eru kr. 274,50 af hinni umstefndu skuld andvirði þeirra. Reisir stefnandi kröfur sínar til þess að fá upphæð þessa greidda á því, að skipstjóri sá á vj./sk. »Svan« sem kom með það norður, hafi samið svo um við sig, að verslunin ljeti skipverja hafa þær vörur, sem þeir þyrftu og skuldaði útgerðina fyrir þeim. Hefir skipstjórinn gefið vottorð í málinu og staðfest hjer fyrir rjettinum, um að svo hafi verið og hann hafi gert það að fyrirlagi útgerðarmannsins (Skúla). Stefndur Skúli hefir hinsvegar mótmælt því að hann hafi gefið skipstjóranum heimild til þessa, og þar sem hjer er ekki um þess háttar nauðsynjar að ræða, sem umgetur í 53. gr. siglinga-

laganna nr. 56 frá 1914 og hin umstefnda úttekt hefir auk þess öll farið fram eftir að fyrgreindur skipstjóri var farinn af skipinu — en hann gat ekki samkvæmt siglingalögunum bundið útgerðarmann með samningum nema um þann tíma sem hann hafði skipstjórn á hendi — þá þykir verða að taka kröfu stefndu um niðurfærslu á kröfunni, sem þessari upphæð nemur, til greina, og lækka hana niður í kr. 24,70 með vöxtum eins og krafist er og ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega.

Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Föstudaginn 14. desbr. 1928.

Nr. 70/1928. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Sigurjóni Jóhannessyni
(M. Guðmundsson).

Ölvun bifreiðarstjóra.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 2. okt. 1928: Kærður, Sigurjón Jóhannesson, missi ökuskírteini sitt í 4 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Kærði, sem 16. júlí 1926 var sektaður fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur 17. júní s. á., er með eigin játningu og öðrum skýrslum orðinn sannur að sök um að hafa ekið bifreið ölvaður 20. sept. þ. á.

Þetta brot kærða heyrir undir 5. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna nr. 56/1926 og 20. gr. áfengislaganna nr. 64/1928, og þykir hegning sú, er kærði hefir tilunnið, hæfilega metin 150 kr. sekt til ríkissjóðs, er

afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo missi kærði, er ekki er sannað um, að hafi verið ölvaðnr þegar hann braut í fyrra skiftið, ökuleyfi sitt um eitt ár frá birtingu lögreglurjettardómsins.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sigurjón Jóhannesson, sæti 150 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Hann missi ökuleyfi um eitt ár, talið frá birtbirtingu lögreglurjettardómsins. Og greiði loks allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar á meðal sóknar- og varnarlaun málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Magnúsar Guðmundssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurjóni Jóhannessyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Grundarstíg 2 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Það er sannað með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu að hann hafi ekið bifreið sinni RE. 200 frá Páli Stefánssyni, kaupmanni í Hafnarstræti hjer í bænum, niður með verkamannaskýlinu við Tryggvagötu 20. f. m. um kl. 10 síðdegis og verið

þá undir áhrifum áfengis. Karl Guðmundsson, lögregluþjónn, er þar kom að, tók kærðan frá stýri bifreiðarinnar og fór með hann heim til hans, en fjekk annan bifreiðarstjóra til að aka bifreið kærðs.

Þetta brot kærðs, sem hefir verið sektaður fyrir brot á bifreiðalögunum 1/6 1926 um 65 krónur, heyrir að áliti dómarans undir 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin missir ökuskírteinis í 4 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 17. desbr. 1928.

Nr. 29/1928. **Þrotabú firmans „Bræðurnir Proppé“** (L. Fjeldsted)

gegn

sýslumanninum í Ísfjarðarsýslu Oddi Gíslasyni (Jón Ásbjörnsson).

Ómerking.

Úrskurður skiftarjettar Ísafjarðarsýslu 5. nóv. 1927: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og eiga kröfur sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, Odds Gíslasonar, að upphæð kr. 47106,72 og kr. 746,15 ásamt 5 % ársvöxtum frá gjaldþrotadegi að hafa forgangsrjett við skifti á þrotabúi firmans, Bræðurnir Proppé á Þingeyri, samkvæmt skiftalögunum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu 26. apríl þ. á. samkv. áfrýjunarleyfi dags. 31. mars þ. á.

Að vísu er svo bókað í skiftarjettarhaldi 15. febr. f. á., að sátta hafi þá verið árangurslaust leitað um ágreiningsefni máls þessa, en þar sem stefndi sat

sjálfur í skiftarjettinum og gat ekki fjallað um sættir af því hann var málsaðili, þá verður þessi sáttaumleitun ekki talin lögleg samkvæmt 38. gr. skiftalaganna 12. apríl 1878. Og þar sem ennfremur hinn setti skiftaráðandi hefir ekki síðar leitað sátta, þá verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim aftur til nýrrar og löglegri meðferðar fyrir skiftarjettinum.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim aftur til nýrrar og löglegri meðferðar fyrir skiftarjettinum.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1928.

Nr. 67/1928. **Rjettvísin** (Sveinbj. Jónsson)
gegn
Sigurði Eyjólfssyni (L. Jóhannesson).

Tilraun til manndráps. Sýknun samkv. 39. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 12. sept. 1928: Ákærður, Sigurður Eyjólfsson, skal hlíta því, að um hann verði gjörðar þær ráðstafanir, að enginn háski verði að honum.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar um andlega heilbrigði og þroska ákærða, þykir það

varhugavert að álíta að hann hafi verið sjer þess meðvitandi, að verknaður hans væri hegningarverður, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Sigurður Eyjólfsson, verður eigi dæmdur til hegningar í máli þessu, en hinsvegar ber valdstjórninni að gjöra þær ráðstafanir um hann, er nauðsynlegar eru til þess, að enginn háski sje að honum.

Ákærði greiði allan kostnað málsins í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Sigurði Eyjólfssyni, verkamanni, Njálsgötu nr. 3 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Þriðjudaginn 10. júlí þ. á. keypti ákærður í Laugvegslyfjabúð saltsýruglas fyrir 25 aura, í þeim beina tilgangi, að því er hann hefir borið fram, að deyða með saltsýrunni óskilgetið barn 11 mánaða að aldri, Karl Edvarð að nafni, er ákærð-

ur hafði eignast með Kristbjörgu Kristjánsdóttur, Bergstaðastræti 25 B hjer í bænum. Var barnið hjá móður sinni, en ákærður gaf með því þangað eftir úrskurði lögreglustjóra. Eftir upplýsingum frá lyfjabúðinni, hefir ákærður fengið 20—25 gr. af saltsýru ásamt glasi fyrir 25 aurana og hún verið ca. 25 % af styrkleika og er það allsterk saltsýra eftir upplýsingum frá efnarannsóknarstofunni. Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi áður keypt saltsýru í lyfjabúð til þess að kveikja saman með tin. Hafði honum verið sagt, að varlega yrði að fara með saltsýru, því að hún væri eitruð. Vegna þessa hugkvæmdist honum að nota saltsýru, er hann hafði tekið þá ákvörðun að deyða barnið.

Saltsýru þá, er ákærður keypti í lyfjabúðinni á þriðjudaginn, geymdi hann heima hjá sjer um nóttina, en daginn eftir á 11. klukkustundinni árdegis fór hann heimanað frá sjer niður í Bergstaðastræti nr. 25 B, til þess að ná í barnið, en það var enginn heima í íbúð móður þess. Þegar ákærður gekk þaðan út aftur, hitti hann í sundi rjett hjá húsinu Svöfu Hjörleifsdóttur, 8 ára gamla telpu, hálfsystur sonar hans sammæðra, og var hún með drenginn í barnavagni. Fjekk ákærður Svöfu peninga og bað hana að kaupa fyrir sig vindlinga og fór hún til þess, en ákærður varð eftir hjá vagninum. Þegar Svafa var farin, tók ákærður upp saltsýruglasið og helti um helming af innihaldi þess í munn barnsins, en kveður mest af því hafa runnið út aftur og hann heldur að lítið hafi farið ofan í það af saltsýrunni. Þegar Svafa kom aftur, var barnið orðið óvært og farið að gráta og var bólgið um varirnar og spurði hún ákærðan, hvort hann hefði gefið barninu nokkuð, en hann neitaði því, tók við vindlingunum og fór burtu og kveðst hafa kastað glasinu með saltsýruleifunum í stein við Bergstaðastrætið og það molast þar. Svafa litla fór heim með barnið, sem kastaði upp talsverðu. Þegar móðir barnsins kom heim, var hjeraðslæknisins vitjað. Fór hann með það á sjúkrahús og skolaði maga þess. Fór það síðan heim aftur og hefir engan verulegan eða varanlegan skaða beðið. Hjeraðslæknirinn kærði málið fyrir lögreglunni og handsamaði hún ákærðan og hefir hann setið í gæsluvarðhaldi síðan 12. júlí þ. á.

Í dóti ákærðs hafa fundist tvö glös með salsýru. Reyndust þau hafa inni að halda 30 % saltsýru með örlitlu af brennisteinssýru í. Kveðst ákærður hafa keypt stærra glasið í fyrra-

vetur og ætlað að nota saltsýruna til þess að kveikja með henni og látið úr stærra glasinu í minna glasið til þess að hafa hana ekki alla í brúki í einu, en ekki munað eftir að hann átti þessa saltsýru, er honum hugkvæmdist að deyða drenginn, og því keypt saltsýruglas það, er áður greinir.

Ákærður er fæddur 18. mars 1901 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Það hefir verið erfitt að fá greinilega skýrslu ákærðs um það, hvað honum hafi gengið til verknaðarins. Það er helst að skilja, að honum hafi þótt móðir barnsins ekki vera nógu góð við sig og hann því viljað hefna sín á henni, og að hann hafi sjeð eftir meðlaginu með barninu og jafnvel efast um að það væri rjett feðrað.

Það kom þegar í ljós í byrjun rannsóknarinnar í máli þessu, að ákærður er mjög fákunnandi og skilningslítill. Prestur sá, er fermdi hann hefir vottað að sig minni, »að kunnátta hans í kristnum fræðum væri þolanleg utan bókar, en skilningslítill (hafi hann verið) í meira lagi og alt dauflegt, en um hegðun hans þá var ekkert að athuga, en hann virtist þá vera meinlaus og hæglátur, en sljór unglingur«.

Geðveikralæknir dr. Helgi Tómasson hefir rannsakað líkamlega og andlega heilbrigði ákærðs og gefið um þá rannsókn mjög ítarlega skýrslu, sem lögð hefir verið fram í málinu:

Niðurstaða sú um ákærðan, sem læknirinn kemst að, er á þessa leið:

»*Hann er einfeldningur*« (»debilitas mentalis«): »Gáfur hans svara til 8—10 ára aldurs.

Hann er geðveikur: hann hefir atypiska epilepsi («petit male»), sem máske er organisk, að því er virðist af Jackson's typu til að byrja með (og orsakast þá ef til vill upprunalega af áfalli því er hann 5 ára gamall fjekk á höfuðið), eftir »spönsku veikina« hefir veikin orðið greinilegri, nú gefur hún þau líkamleg einkenni organisks taugasjúkdóms, er finnast við skoðun mannsins, af andlegum einkennum, þann sljóleika (»dementia«), sem hann hefir.

Meðvitund margra flogaveikra er á eftir köstunum meira eða minna óskýr, þokukend, þeir hafa minni mótstöðukraft gegn hugsunum og ástríðum, eru því mjög impulsiv og geta

verið hættulegir umhverfi sínu, sjerstaklega ef þeir eru undir áhrifum víns.

Ákærði virðist hafa fengið hugsunina að drepa barn sitt daginn eftir að hann sennilega hefir haft »kast«, er ekki ósennilegt að meðvitund hans þá hafi verið eitthvað þokukend, þannig að hugsunin hafi haft meira vald yfir honum, en hún máske ella myndi hafa. Í samræmi við það er, að hún virðist hafa altekið huga hans eins og »Tvangstanke«.

Ákærði getur ekki álitist hæfur til þess að taka út hegningu: Hann skilur hana ekki og sjúkdómur hans mun sennilega fara versnandi smám saman, þannig að hann verður æ sljórri og sljórri.

Sennilega væri honum að svostöddu, fyrst um sinn a. m. k. best komið fyrir á afskektu sveitaheimili, þar sem ekki væru börn, en skynsamt fullorðið fólk, er vissi hvernig ástatt væri um hann. Hann gæti þá verið góður vinnukraftur og unnið líkamlega vinnu á við hvern meðal vinnumann. Síðan mun hann máske þurfa æfilangrar spítalavistar við«.

Ákærður hefir afdráttarlaust kannast við það, að hann hafi tekið þá ákvörðun 10. júlí, að deyða barn sitt, keypt saltsýruna til þessa og ekki kvikað frá þessari ákvörðun sinni. Ætti því að áliti rjettarins að heimfæra brot hans undir 187. gr. sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga. Hinsvegar verður eftir lýsingu geðveikralæknisins á andlegri heilbrigði hans, að álíta, að skilningur hans sje svo lítt þroskaður eða svo sljófgaður eða ruglaður, að ekki verði álitið að ákvörðun hans heyri undir 291. gr. hegningarlaganna eða að hann hafi yfirleitt verið sjer þess meðvitandi, að verknaður hans var hegningarverður. Verður því eftir 39. gr. greindra laga að telja verknað hans vítalausan. Hinsvegar þykir læknisvottorðið og bera þess ljósan vott, að nauðsynlegt sje að dæma ákærðan til að hlíta því, að gjörðar verði um hann þær ráðstafanir, að enginn háski verði að honum. Svo ber og að dæma ákærðan til að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1928.

Nr. 66/1928. **R. P. Leví**
gegn
Garðari Þorsteinssyni f. h. H. Bjering.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, R. P. Leví, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1928.

Nr. 84/1928. **Rjettvísin og valdstjórnin** (B. Þ. Johnson)
gegn
Þórði Ananíasi Steinssyni
(L. Jóhannesson).

Ákæra fyrir brot á 17. kap. hgl. og bifreiðalögunum.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 4. okt. 1928: Ákærður, Þórður Ananías Steinsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar og kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist af almannafje, þar með talið kaup sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður, þar með talið kaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. hvorum, greiðist af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir ósk dómsmálaráðuneytisins höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Þórði Ananías Steinssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Klöpp í Hafnahreppi í Gullbringusýslu, fæddum 24. júní 1907, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula almennra hegningarlaga, bifreiðarlaganna og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Miðvikudaginn 16. ágúst þ. á. ók ákærður vöruflutningabifreið sinni G.K. nr. 7, er hann hafði keypt nýja um mánaðamótin maí og júní í ár, frá Höfnunum hingað til bæjarins, og voru í bifreiðinni 3 farþegar. Um hádegisbilið kom kærður hingað til bæjarins og ók niður Laugaveginn og ber öllum vitnum, sem yfirheyrð hafa verið í málinu, saman um það, að hann hafi ekið á vinstri brún vegarins og eigi hraðar en leyfilegt var.

Þegar ákærður kl. 12,10 árdegis var móts við húsið nr. 26 við Laugaveg, sá hann alt í einu gamla konu 1—2 faðma fyrir framan bifreiðina. Gerði hann þá alt sem hann gat til þess að stöðva bifreiðina, en það kom fyrir ekki, því þegar bifreiðin stöðvaðist, hafði konan orðið fyrir henni og lá milli fram- og afturhjóla hennar. Hinumegin á götunni stóðu 2 eða fleiri bifreiðar kyrrar rjett á móts við það, er konan varð fyrir bifreiðinni og kveðst ákærður hafa gefið hljóðmerki rjett áður en hann hann kom á móts við þær, en eftir að ákærður varð konunnar var, var enginn tími til að gefa hljóðmerki. Kona sú, er fyrir bifreiðinni varð, var Guðlaug Ólafsdóttir, Tjarnargötu 8 hjer í bænum, 79 ára að aldri og var heyrn hennar farin að bila og sjónin mjög slæm á lengri vegalengdum, en

hún notaði gleraugu, sem bættu úr. Hún var enn fjörug í gangi, en farin að verða óviss á fótunum eftir því sem dóttir hennar hefir skýrt frá. Þegar kona þessi náðist undan bifreiðinni var hún meðvitundarlaus. Var henni ekið á sjúkrabifreið á Landakotsspitala og læknir sóttur, en þegar hann kom, var hún algerlega meðvitundarlaus og moribunda og andaðist 1½ stund eftir að slysið hafði viljað til.

Vitnið Jón kaupmaður Jónsson, Laugaveg 28, sem kom út úr húsinu nr. 24 við Laugaveg rjett áður en slysið vildi til, hefir borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að hann hafi sjeð Guðlaugu sálugu ganga upp Laugaveginn heldur nær gangstjett þeirri, sem fjær var bifreiðinni og hafi hún virst ætla að ganga beint eftir götunni án þess að beygja upp á gangstjettina. en alt í einu kveður hann konuna hafa tekið snöggt viðbragð og snúið að þeim kanti, er bifreiðin ók fram með, eins og hún ætlaði upp á gangstjettina þeim megin, en þá hafi bilið á milli hennar og bifreiðarinnar verið orðið svo lítið, að það hafi alls ekki verið unt fyrir ákærðan að stöðva bifreiðina og forðast árekstur inn, því það hafi ekki numið neinum tíma. Kveður vitnið konuna hafa rekist á vatnskassa bifreiðarinnar og fallið aftur á bak.

Vitnið Einar Þórðarson, verslunarmaður, Kárastíg nr. 8, sem var við húsið nr. 27 við Laugaveg, er slysið vildi til, hefir borið það og unnið eið að, að Guðlaug sáluga hafi gengið í veg fyrir bifreiðina, sem hafi verið ekið gætilega mjög nærri gangstjettinni rjettu megin á veginum.

Yfirleitt er ekkert það komið fram við rannsókn málsins er bendi til þess, að ákærður hafi brotið settar reglur fyrir bifreiðaakstri eða sýnt óvarkárni við hið umrædda tækifæri.

Verður því að sýkna ákærðan, sem eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, af ákæru rjettvísinnar og valdstjórnarinnar í þessu máli og dæma málskostnaðinn af almannafje.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Rjettvísin gegn Ingólfi Bjarnasyni. Úrskurður . .	7/1	701
2.	H.f. Draupnir gegn Kristmann Þorkelssyni. Hlutabrjef	11/1	704
3.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Halldórssyni. Bifr.akstur	16/1	709
4.	H.f. Draupnir gegn Ólafi Auðunnssyni. Mál hafið	16/1	711
5.	H.f. Kveldúlfur gegn Stefáni Th. Jónssyni. Fiskkaup	20/1	712
6.	Rjettvísin gegn Karli H. Jónssyni. Ásigling . .	23/1	719
7.	Rjettvísin gegn Guðm. Guðjónssyni. Ásigling .	27/1	723
8.	Guðm. Kr. Guðmundsson og Guðm. Kristjánsson gegn Uddeholm A/S. Útiv.d.	30/1	727
9.	T. Frederiksen gegn A/S. Mandal & Oplands Privatbank. Veðbrjef	10/2	727
10.	Eigandi Höllustaða gegn eigendum Reykhóla. Ómerking	13/2	731
11.	Valdstjórnin gegn O. Noack. Botnv.v.brot . .	17/2	734
12.	Valdstjórnin gegn Fr. Mensing. . Botnv.v.brot .	20/2	736
13.	Valdstjórnin gegn Fr. Rieschmüller. Botnv.v.brot	24/2	740
14.	Íslandsbanki gegn lögreglustj. í Rvík f. h. ríkissjóðs. Gjaldfrelsi	27/2	744
15.	Valdstjórnin gegn F. von Bustel. Botnv.v.brot .	29/2	746
16.	Rjettvísin gegn Hannesi Jónssyni. Svik við gjaldþrot	5/3	748
17.	Valdstjórnin gegn Kristjáni Jóhannessyni. Bannlagabrot	7/3	757
18.	Valdstjórnin gegn Stefáni Finnbogasyni. Bannlagabrot	9/3	762
19.	Þrotabú Jóns Björnssonar & Co. Bn. gegn P. Bjarnasyni. Um samning	12/3	765
20.	Valdstjórnin gegn Ó. S. H. Jóhannssyni. Bifr.l.brot	14/3	770
21.	Rjettvísin gegn Hirti Gunnlaugssyni. Þjófnaður	19/3	772
22.	Valdstjórnin gegn Jóh. Hjálmarssyni o. fl. Ómerking	23/3	774
23.	Valdstjórnin gegn Wiet Theessen. Botnv.v.brot	23/3	776
24.	Íslandsbanki gegn Ólafi Pálssyni. Sjóveð . .	26/3	780

		Dómur	Bls.
25.	Valdstjórnin gegn Guðm. Þorkelssyni. Bruggun	28/3	782
26.	P. Oddsson gegn O. Ellingsen. Sjóveð . . .	30/3	788
27.	Petrína K. Kristjánsd. gegn Ingim. Guðmundssyni. Barnsfaðernismál	16/4	791
28.	Valdstjórnin gegn Karli Jónssyni. Bifr.l.brot .	20/4	796
29.	H.f. Bakki gegn Sigm. Jóhannssyni. Útiv.d. . .	30/4	798
30.	E. Benediktsson f. h. B. N. W. Syndicate gegn bæjarstjórn Reykjavíkur. Útiv.d.	30/4	800
31.	H. Ben. f. h. Versl.fjel. Vestm.eyja gegn Ásg. Guðmundssyni. Útiv.d. [1])	30/4	800
32.	Valdstjórnin gegn H. Thorarensen. Áfengislyf .	2/5	801
33.	H.f. Alliance gegn Ingvari Guðjónssyni. Árekstur, skaðab.	4/5	804
34.	Valdstjórnin gegn Fr. Strehlau. Botnv.v.brot .	7/5	809
35.	Valdstjórnin gegn Ingvari Benediktssyni. Dragnótaveiði	9/5	810
36.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Halldóri Einarssyni. Bifr.l.brot	14/5	814
37.	K. S. Nordahl gegn St. Ingvarssyni. Sameign .	15/5	819
38.	H.f. Kakali gegn V. Poulsen & Fossberg. Sjóveð	16/5	822
39.	Jón Guðms.son gegn Jóh. Eyfirðing & Co. Útiv.d.	30/5	827
40.	Valdstjórnin gegn W. Schütte. Botnv.v.brot . .	1/6	827
41.	P. M. Bjarnarson gegn Frihavnens Kaffecompagni A/S. Skaðab.	4/6	829
42.	Valdstjórnin gegn Sveini Jónssyni. Vegal.brot	6/6	835
43.	Jón Stefánsson gegn G. Ísberg f. h. A. G. Ísfeld. Húsakaup m. m.	18/6	838
44.	Jónína E. Arnljótsd. gegn Dan. Á. Þorleifssyni. Barnsfaðernismál	20/6	842
45.	H.f. Bjarmi gegn Georg Gíslasyni. Versl.skuld	22/6	845
46.	R. P. Levi gegn P. M. Bjarnarson. Útiv.d. . .	22/6	852
47.	Metúsalem Jóhannesson gegn Helgu Sigurgeirsdóttur. Leigubætur	23/6	852
48.	Landsbanki Íslands gegn Oddi Gíslasyni bfg. Ómerking	23/6	855
49.	Kristinn Jónsson gegn Halld. og Jóni Jónssonum. Fyrning	26/9	858
50.	Guðjón J. Lindal gegn Herm. Jónssyni. Útiv.d.	28/9	860

[1]) Útiv.d. í 5 öðrum málum sama áfrýjanda s. d.

		Dómur	Bls.
51.	Valdstjórnin gegn Óskari Þórðarsyni. Úrskurður	5/10	860
52.	Valdstjórnin gegn Þorsteini Jónssyni. Bifr.l.brot	8/10	861
53.	H. Ben. f. h. Versl. Vestm.eyja gegn H.f. Smjörlíkisgerðin. Þingsafglöpun	8/10	863
54.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Þork. Þorleifssyni. Bifr.l.brot	12/10	865
55.	Valdstjórnin gegn Ámunda Geirssyni. Ölvun	29/10	869
56.	Valdstjórnin gegn Oluf Bang. Ölvun	31/10	872
57.	Björn Ólafsson gegn Jóni E. Bergsveinssyni. Meiðyrði	s. d.	874
58.	Ól. Guðmundsson gegn Versl.fjel. Norðurfjarðar. Útiv.d.	s. d.	878
59.	Jón Hinriksson o. fl. gegn Svb. Jónssyni. Útiv.d.	s. d.	878
60.	Ólafur R. Ólafs gegn Inga Halldórssyni. Útiv.d.	s. d.	879
61.	H. Ben. f. h. Versl.fjel. Vestm.eyja gegn L. Fjeldsted f. h. Ströyer & Mörk. Útiv.d.	s. d.	879
62.	Rjettvísin gegn Jafet Agli Sigurðssyni. Ofbeldi	2/11	879
63.	Rjettvísin gegn Kristján Þorberg Benediktssyni. Nauðgun	5/11	882
64.	Eyjólfur Kolbeins gegn Sigurði Halldórssyni. Skaðab.	7/11	887
65.	Valdstjórnin gegn Sigurjóni Jónssyni. Ölvun	9/11	890
66.	Valdstjórnin gegn Jóni Högnasyni. Ólöglegur áfengisinnflutningur	12/11	893
67.	Hreppsnefnd Haganeshr. gegn Sparisj. Sauðárkróks	14/11	895
68.	Rjettvísin gegn Arngr. Fr. Bjarnasyni. Ákæra um vanrækslu	16/11	899
69.	Valdstjórnin gegn Markúsi Jónassyni. Ölvun	19/11	904
70.	Valdstjórnin gegn Ásg. Ásmundssyni. Áfengissala	21/11	907
71.	Hreppsnefnd Fljótshlíðarhr. gegn Kort Eyvindssyni. Útsvar	26/11	911
72.	H. P. Stangeland gegn Útbúi Landsb., Eskifirði. Stefnubirting	26/11	915
73.	Bæjarstjórn Seyðisfj.kaupst. gegn Sig. Magnússyni. Skaðab.	28/11	918
74.	Erl. Erlendsson gegn Guðbj. Oktavíu Sigurðard. Útiv.d.	30/11	925
75.	Valdstjórnin gegn Óskari Þórðarsyni. Ölvun	3/12	926

		Dómur	Bls.
76.	Valdstjórnin gegn Þorkeli Ólafssyni. Ölvun . .	7/12	928
77.	Sjóm.fjel. Reykjavíkur gegn h.f. Sleipnir. Dagpeningar, 95. gr. sigl.l.	10/12	930
78.	Leifur Th. Þorleifsson f. h. versl. Brattahlíð gegn Skúla Jónssyni. Úttekt	12/12	933
79.	Valdstjórnin gegn Sigurj. Jóhannessyni. Ölvun	14/12	936
80.	Þrotabú »Bræðurnir Proppé« gegn Oddi Gíslasyni sýslum. Ómerking.	17/13	938
81.	Rjettvísin gegn Sigurði Eyjólfssyni. Manndrápstilraun	19/12	939
82.	R. P. Levi gegn Garðari Þorsteinssyni f. h. H. Bjering. Útiv.d.	s. d.	944
83.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Þórði A. Steinssyni. Bifr.akstur	s. d.	944

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstaréttarritari

X. árgangur. 1929.

Mánudaginn 14. jan. 1929.

Nr. 78/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Magnúsi Péturssyni (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, Magnús Pétursson, greiði 500 kr. sekt í Menningarsjóð, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hér í réttinum hafa engir lyfseðlar um áfengi, sem kærði á að hafa látið úti á árinu 1926, verið lagðir fram, og er það því, eins og málið liggur fyrir, ekki sannað að kærði hafi brotið áfengislöggjöfina það ár. Hinsvegar hafa verið lagðir fram lyfseðlar þeir, er kærði hefir látið úti árið 1927, þar á meðal þeir 11 lyfseðlar, sem kærði hefir ritað á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu. Þessu viðvíkjandi hefir landlæknir í framhaldsprófum í málinu, er haldin hafa verið eftir að dómur var kveðinn upp í því í héraði, gefið þá skýrslu, að hann út af þarafleiðandi fyrirspurnum frá læknum, hafi sagt þeim, að hann fyrir sitt leyti gæti ekki álitið það brot á reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925, þótt læknir riti bráðabirgða lyfseðil á almennt blað og sendi lyfjabúðinni síðan næsta dag sama lyfseðil

á fyrirskipuðu eyðublaði, þegar svo stendur á að læknir er staddur hjá sjúklingi, t. d. lungnabólgusjúklingi, sem harðlega þarf áfengi en læknirinn hefir eigi fyrirskipað eyðublað við hendina, en með því að kærði hefir eigi haldið því fram um þessa 11 lyfseðla, að hann hafi látið þá úti handa sjúklingum, er svo hafi staðið á, að lífi sjúklingsins gæti verið hætta búin, ef ekki næðist til lyfsins þegar í stað, þá verður að telja að kærði hafi með útgáfu þessara seðla brotið gegn fyrirmælum 5. gr. nefndrar reglugjörðar.

Þá er það sannað, að kærði hefir í allmörg skifti látið úti lyfseðil fyrir hærri skammti af áfengi en til er tekinn í 6. gr. reglugjörðarinnar án þess að getið sé um ástæðuna fyrir þessu á lyfseðlinum, og hefir kærði með þessu brotið fyrirmæli 6. gr. reglugjörðarinnar, i. f., en hinsvegar er það ekki sannað, að kærði hafi á óleyfilegan hátt ávísað áfengi fram yfir ákveðinn skammt.

Refsing kærða fyrir framangreind brot á 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar þykir hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 30 daga einfalt fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hér í rétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Magnús Pétursson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn Magnúsi Péturssyni, bæjarlækni, til heimilis í Pósthússtræti 17, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59, frá 1. júlí 1925 um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. maí 1928 hefir kærður gefið út á árinu 1926, 395 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð og af þeim 246 áfengislyfseðla fram yfir skammt, þá á kærður þetta sama ár að hafa gefið út 7 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu. Árið 1927 hefir kærður gefið út 354 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, og þar af 218 áfengislyfseðla fram yfir skammt. Þá á hann og þetta sama ár að hafa gefið út 7 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Það sem kærður er sakaður um, er í fyrsta lagi það, að hann hafi gefið út fleiri áfengislyfseðla, en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi gefið út fleiri en 300 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð á árunum 1926 og 1927, hvort árið um sig og kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi fengið sérstaklega eyðublöð fyrir frakkneska spitalann hjá landlækni, en þar var kærður læknir á þessum árum, og hefir verið lagt fram vottorð þessu til sönnunar frá landlækni, er ber það með sér að frakkneski spitalinn hefir fengið sérskaklega tvær áfengisseðlabækur, hvort árið um sig. Þessar áfengisseðlabækur hefir svo kærður notað samkvæmt stöðu sinni þar sem læknir, og virðist ekki, að kærður hafi brotið gildandi lög með því, og ber því að áliti dómarans að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi — líklega á óleyfilegan hátt — ávísað fram yfir ákveðinn skammt.

Kærður hefir kannast við það, að hann hafi ávísað fram yfir ákveðinn skammt, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi því aðeins gjört það, að hann hafi álitið þess brýna þörf og farið þá alltaf eftir fyrirmælum 6. gr. reglugjörðarinnar frá 1. júlí 1925. Með því að það er ósannað, að kærður hafi brotið ákvæði áðurgreindrar reglugjörðar, er hann gaf út áfengislyfseðla fram yfir ákveðinn skammt, verður og að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Í þriðja lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta voru kærðum sýndir 11 áfengislyfseðlar í réttinum, sem hann hefir gefið út á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu, — fleiri slíkir lyfseðlar frá kærðum hafa ekki fengizt frá lyfsölustjóra þrátt fyrir skýrslu hans, sem áður er nefnd — og sem hann hefir kannast við að hafa gefið út og benti kærður þó á, að þessa áfengislyfseðla hefði hann aðeins gefið út til bráðabirgða til innlausnar síðar með áfengislyfseðlum á fyrirskipuðum eyðublöðum, þegar hann hefði ekki haft hin fyrirskipuðu eyðublöð hjá sér, eins og líka lyfseðlarnir bæru með sér, því að á þá er skráð bráðabirgðar»miði« og hefir hann jafnframt haldið því fram, að þessir seðlar myndu allir vera innleystir, en aðeins vangá lyfjabúðanna að kenna, að þeir hefðu ekki verið ónýttir. Þá hefir kærður haldið því fram, að hann teldi sér það fyllilega heimilt að gefa út slíka bráðabirgðaráfengisseðla, sem hér um ræðir, ef hann hefði ekki hin fyrirskipuðu eyðublöð við hendina og kveður hann, að landlæknir hafi látið svo ummælt að þessa aðferð mætti viðhafa til bráðabirgða þegar fyrirskipuð eyðublöð væru ekki fyrir hendi.

Dómarinn getur ekki fallizt á þessa skoðun, en verður að líta svo á, að kærður hafi brotið gegn ákvæðum gildandi laga er hann gaf út þessa bráðabirgðaráfengislyfseðla á önnur eyðublöð en þau, er fyrirskipuð eru, með því að lyfseðil á áfengi skal rita samkvæmt lögum á hin fyrirskipuðu eyðublöð, og lög eða reglugjörðir hafa enga undanþágu þar frá.

Þetta brot kærðs, sem ekki er upplýst um, að hafi áður brotið áfengislöggjöfina, heyrir að áliti dómarans undir 5. gr. reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga

nr. 15 frá 8. júní 1925, 500 króna sekt, er renni í Menningarsjóð eftir 1. gr. laga nr. 54/1928 og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 16. jan. 1929.

Nr. 86/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
M. Júl. Magnús (Pétur Magnússon).

Úrskurður hæstaréttar.

Í hæstarétti hafa verið lagðir fram í máli þessu 337 lyfseðlar kærða frá árinu 1926, sem allir eru ritaðir á ólöggilt eyðublöð. Seðlar þessir komu eigi fram við rannsókn málsins í héraði, og með því að þeir hljóða um lyfjablöndur, er ef til vill mundu verða taldar ómengað áfengi, verður, áður en málið verður dæmt í hæstarétti, samkvæmt kröfu skipaðs sækjanda, er verjandi samþykkti, að leggja fyrir rannsóknardómarann, að taka skýrslu af kærða um atvik að útgáfu lyfseðla þessara, svo og að útvega aðrar skýrslur og upplýsingar, er rannsókn málsins kann að gefa tilefni til að leitað verði.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt, sem verða má.

Mánudaginn 21. jan. 1929.

Nr. 20/1928. **Ingólfur Flygenring & Co.** (L. Fjeldsted)
gegn
Magnúsi Guðmundssyni f. h. Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur
(Sveinbjörn Jónsson).

Hvort veðréttur skuli víkja fyrir haldsrétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 6. febr. 1928: Hin framkomnu mótmæli gegn því, að Magnús Guðmundsson, f. h. Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur, fái uppboðsafsal fyrir v./b. »Vonin« G.K. 352 og að uppboðsandvirði bátsins gangi upp í viðgjörðarkostnað hans, verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má í aðaldráttunum á forsendur hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar, ber að staðfesta úrskurðinn.

Verður áfrýjandinn, sem hefir eignast 1. og 2. veðrétt í hér umræddum bát, eftir þeim úrslitum að greiða stefnda kostnað málsins fyrir hæstarétti, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Uppboðsréttarúrskurðinum skal óraskað.

Áfrýjandi, Ingólfur Flygenring & Co. greiði stefnda Magnúsi Guðmundssyni f. h. Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur, að viðlagðri aðför að lögum, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög þessa máls eru þau, að Magnús Guðmundsson, skipasmiður hér í bænum f. h. Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur, tók til viðgjörðar í skipasmíðastöðina v./b. »Vonina« K.G. 352,

eign Markúsar Jónssonar, eftir beiðni eigandans. Viðgjörðarkostnað sinn, sem nam kr. 7564.15, fékk skipasmíðastöðin eigi greiddan. Fór hún þá í mál við eigandann, fékk dóm fyrir kröfunni, lét síðan gjöra fjárnám í áðurnefndum bát og selja hann á nauðungaruppboði, er framfór 15. febrúar 1927. Varð Magnús f. h. Skipasmíðastöðvarinnar á því uppboði hæstbjóðandi í bátinn fyrir kr. 2000.00.

Hér í réttinum hefir umboðsmaður uppboðskaupanda krafizt þess, að þar sem umbjóðandi hans hafi haft haldsrétt í bátnum fyrir viðgjörðarkröfu sinni og sá haldsréttur hafi færst yfir á söluverð bátsins við sölu hans, verði umbjóðanda hans veitt uppboðsafsal fyrir bátnum, án þess að hann greiði uppboðsandvirðið, m. ö. o., að uppboðsandvirðið verði látið ganga upp í viðgjörðarkostnaðinn. Til vara hefir hann krafist þess, f. h. umbjóðanda sins, að honum verði gefið afsal og auk þess úrskurðaður haldsréttur í uppboðsandvirðinu þar til krafa hans er að fullu greidd.

Af hálfu 2. veðréttarhafa í bátnum, Ólafs Sigurðssonar, samkvæmt veðskuldarbréfi, útgefnu 8. október 1924, af Markúsi Jónssyni og fyrirfram innrituðu til þinglesturs í Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. okt. s. á., en þinglesnu hér í bænum 16. s. m., hefir framangreindum kröfum uppboðskaupanda verið mótmælt, og þess krafizt, að honum verði greidd, af uppboðsandvirði nefnds báts, veðskuld hans kr. 1750.00 með 6 % ársvöxtum frá 8. okt. 1924 til greiðsludags, auk kr. 175.00 málskostnaðar fyrir uppboðsréttinum, samkvæmt taxta málaflutningsmannafélagsins.

Mótmæli sín gegn kröfum uppboðskaupanda og kröfur sínar byggir umboðsmaður veðréttarhafa í fyrsta lagi á því, að hann telur löglegan haldsrétt ekki hafa stofnast í margnefndum bát fyrir viðgjörðarkröfunni.

Sem rök fyrir þessari staðhæfingu sinni færir hann, að uppboðskaupandi hafi verið in mala fide. Honum hafi verið það kunnugt, þegar hann tók bátinn til viðgjörðar, að Markús Jónsson hafi verið insolvent, og að allar líkur væru því til þess, að hann gæti eigi greitt aðgjörðina, og því hafi hann hlotið að sjá, að til þess mundi koma, að hann yrði eingöngu að halda sér að bátnum. En með því að framkvæma aðgjörðina undir þessum kringumstæðum, hafi uppboðskaupandi framið réttarbrot gagnvart umbjóðanda sínum, veðréttarhafa, og réttarbrot hafi ekki getað stofnað haldsrétt. Umboðsmaður

uppboðskaupanda hefir eindregið mótmælt því, að umbjóðanda sínum hafi verið kunnar fjárhagsástæður áðurnefnds Markúsar, er hann tók bátinn til viðgjörðar, og þar sem ekki hefir verið sannað, að svo hafi verið gegn mótmælum hans, verður uppboðsrétturinn að líta svo á, að löglegur haldsréttur til uppboðskaupanda hafi stofnast í bátnum fyrir viðgjörðarkröfunni.

Í öðru lagi byggir umboðsmaður veðréttarhafa kröfur sínar á því, að hann telur haldsréttinn hafa týnzt fyrir vangeymslu haldsréttarhafans. Með því, að hann hafi farið þá leið að fá dóm fyrir kröfu sinni, láta gjöra fjárnám í bátnum og síðan selja hann á nauðungaruppboði, hafi haldsréttarhafinn ekki gengið fram í krafti haldsréttarins, heldur sem venjulegur skuldheimtumaður, og það megi skilja sem þegjandi afsal haldsréttarins. En að minnsta kosti hafi haldsrétturinn þó fallið niður, er hans var að engu getið í uppboðsskilmálunum, eða á síðasta uppboðinu, þegar báturinn var seldur, og hafi hann því ekki getað færst yfir á uppboðsandvirðið við söluna.

Á þessa röksemdafærslu getur uppboðsrétturinn ekki fallizt. Það er almennt viðurkennt að haldsréttarhafa sé undir vissum skilyrðum heimilt að láta selja hlut, er hann hafi haldsrétt í, á frjálsu uppboði og haldsrétturinn færist við slíka sölu yfir á uppboðsandvirðið. Að þessu athuguðu þykir uppboðsréttinum ekki eðlilegt, að vernd haldsréttarhafa verði minni fyrir það, að hann fær kröfu sína viðurkennda með dómi og fer síðan þá leið, sem tryggust er talin fyrir þá sem hagsmuna hafa að gæta við sölu bátsins og lætur selja hann á nauðungaruppboði, heldur álítur rétturinn, að slík aðferð megi vel samrýmast haldsréttinum, og í því að fara hana liggi í sjálfu sér engin uppgjöf af haldsréttarhafans hálfu á réttinum, enda hefir umboðsmaður uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) mótmælt því eindregið.

Þá getur uppboðsrétturinn heldur ekki fallizt á það, að haldsrétturinn hafi glatast af þeim ástæðum, að hans var ekki getið í uppboðsskilmálunum né á uppboðinu, þegar báturinn var seldur, þegar af þeirri ástæðu, að á uppboðinu mættu ekki aðrir en haldsréttarhafinn af þeim, sem hagsmuna höfðu að gæta við söluna, og engar kröfur voru gjörðar á því til uppboðsandvirðisins, og þess vegna ekki gefið tilefni til þess fyrir hann að koma þá fram með kröfu viðvíkjandi haldsréttinum. En af því, sem fyrir liggur í málinu, sézt, að strax

og tilefni var gefið til, bar haldsréttarhafinn fyrir sig haldsréttinn.

Ennfremur verður uppboðsrétturinn að telja, að þar sem viðurkennt er, að haldsréttur færist yfir á andvirði hlutar, sem seldur er á frjálsu uppboði, þá færist hann eins yfir á andvirðið, þegar selt er á nauðungaruppboði, til annars er ekki hægt að finna nokkra skynsamlega ástæðu.

Telur því rétturinn, að uppboðskaupandi hafi fengið löglegan haldsrétt í v./b. »Vonin« fyrir viðgjörðarkröfu sinni, og að hann hafi gætt þess réttar löglega í alla staði.

Þá hefir umboðsmaður veðréttarhafa í þriðja lagi byggt kröfu sína á því, að veðréttur umbjóðanda hans, sem sé stofnaður fyr en haldsrétturinn, eigi að ganga fyrir honum.

Hinsvegar heldur umboðsmaður uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) því fast fram, að haldsrétturinn eigi að ganga fyrir, þótt yngri sé. Umboðsmaður haldsréttarhafa hefir haldið því fram, að báturinn hafi verið mjög lélegur, þegar umbjóðandi hans tók hann til viðgjörðar, og er það viðurkennt af umboðsmanni veðréttarhafans. Það er heldur ekki um það deilt, að viðgjörðin hafi verið framkvæmd eftir beiðni rétts hluteiganda. Hinsvegar hefir umboðsmaður veðréttarhafa haldið því fram, að verðmæti bátsins hafi ekki aukizt við aðgjörðina, og byggir það á því, að viðgjörðarkostnaðurinn hafi numið kr. 7564.15, en á löglega auglýstu og framförnu uppboði hafi báturinn aðeins selzt fyrir kr. 2000.00, og sé því augljóst, að þó veðhafar hefðu fengið eitthvað upp í kröfur sínar og ekki hefði verið gjört við bátinn, fái fleiri nú ekkert, ef haldsrétturinn verði látinn ganga fyrir. Það að láta bátinn til viðgjörðar hafi því verið óforsvaranleg fjárráðstöfun gagnvart veðhöfunum, og því ekki sanngjarnt að láta veðrétt þeirra vikja.

Af hálfu uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) hefir aftur á móti verið talið, að veðréttarhafi hefði ekkert fengið, ef ekki hefði verið gjört við bátinn, og sé því ekki sanngjarnt gagnvart skipasmíðastöðinni, sem hafi aukið verðmæti bátsins, að láta veðréttarhafa ganga fyrir og auðgast þannig á kostnað hennar.

Af öllu því, sem fyrir liggur í málinu, þykir uppboðsréttinum sennilegast, að báturinn hafi verið algjörlega ónýtur sem slíkur, þegar honum var komið til viðgjörðar, og að hún hafi því orðið að teljast forsvaranleg og nauðsynleg ráðstöfun

til þess að bjarga honum frá eyðileggingu. En í slíku tilfelli verður uppboðsrétturinn að líta svo á, að haldsréttur eigi að ganga fyrir eldri sem yngri veðréttindum, að því leyti sem hann er til tryggingar kröfu vegna nauðsynlegrar viðgjörðar, enda mun það vera almennt viðurkennt. Umboðsmaður veðréttarhafans hefir heldur ekki mótmælt sérstaklega neinum hluta viðgjörðarkröfunnar, af þeirri ástæðu, að viðgjörðin hafi verið ónauðsynleg til þess að gjöra bátinn nothæfan. Verður því uppboðsrétturinn að telja, að uppboðsandvirðið, kr. 2000.00, nemi ekki meiri upphæð en nauðsynleg viðgjörð hefir kostað og eigi því uppboðskaupandinn (haldsréttarhafi) forgangsrétt að þeirri upphæð, á undan fyrnefndum 2. veðréttarhafa.

Af sömu ástæðum og hér á undan greinir, verður 1. veðréttur Ingólfs Flygenrings f. h. h./f. »Vonin« í v./b. »Vonin« að víkja fyrir margnefndum haldsrétti. Verða því ekki teknar til greina kröfur umboðsmanna 1. og 2. veðréttarhafa, um að fá veðskuldir umbjóðenda sinna greiddar af uppboðsandvirðinu, en uppboðskaupanda, (sem er einnig haldsréttarhafi) verður úrskurðaður réttur til þess að fá uppboðsafsal fyrir v./b. »Vonin« G.K. 352 og láta uppboðsandvirðið ganga til greiðslu viðgjörðarkostnaðar síns, þar sem hann hefir beztan rétt til þess samkvæmt framansögðu.

Miðvikudaginn 23. jan. 1929.

Nr. 15/1928. **Bæjarstjórn Ísafjarðar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
aukalækni Eiriki Kjerúlf (B. Þ. Kalman).

Krafa á hendur bæjarstjórn fyrir læknishjálp veitta þurfalingum.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 13. sept. 1927: Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, greiði stefnandanum, Eiriki Kjerúlf, kr. 789.50 — sjö hundruð áttatíu og níu krónur og fimmtíu aura. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Meiri hluti kröfu þeirrar, er stefndi hefir gjört á hendur bæjarstjórn Ísafjarðar, kr. 426.50, er fyrir læknishjálp, sem hefir verið látin í té þurfamönnum kaupstaðarins fyrir meira en fjórum árum áður en málssókn þessi hófst, og er krafan því að þessu leyti fyrnd, og verður þegar af þessari ástæðu eigi tekin til greina gegn mólmælum áfrýjanda.

Um hinn hluta kröfunnar, læknishjálp til Guðr. Guðnadóttur árið 1926, 114 kr. og til Guðm. Gestssonar árin 1923—1926, 249 kr., samtals 363 kr., er þess að geta, að sjúklingar þessir voru að vísu á fátækraframfæri á Ísafirði, en bæjarstjórnin neitar því eindregið, að hún eða fátækranefnd kaupstaðarins hafi beðið læknirinn um að láta þeim þessa hjálp í té eða síðar tekið ábyrgð á greiðslunni, og auk þess hefir hún mótmælt því, að þurfalingar þessir hafi nokkurn tíma beðið fátækranefnd eða bæjarstjórn um aðstoð í þessu efni. Þessum staðhæfingum áfrýjanda hefir ekki verið hnekkt, og með því að það eigi heldur er upplýst í málinu, að hér hafi verið um svo bráða læknishjálp að ræða, að ekki hafi verið innanhandar fyrir fram að leita samþykkis eða ábyrgðar fátækranefndarinnar á kostnaði við læknishjálpina, verður eigi komizt hjá að sýkna áfrýjanda, einnig af þessum hluta kröfunnar.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði falli niður, en dæma verður stefnda til að greiða áfrýjanda 150 kr. upp í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi bæjarstjórn Ísafjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnda aukalæknis Eiríks Kjerúlfs í máli þessu. — Málskostnaður í héraði fellur niður,

en upp í málskostnað í hæstarétti greiði stefndi áfrýjanda 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 1. júní þ. á., hefir stefnandinn, Eirikur Kjerúlf aukalæknir á Ísafirði, höfðað mál þetta gegn bæjarstjórn Ísafjarðar og krafizt þess, að hún verði dæmd til að greiða honum kr. 789.50, sem hann telur bæjarsjóðinn skulda sér fyrir læknishjálp, veitta þurfalingum bæjarins og annara sveitarfélaga, en sem dvalið hafi á Ísafirði, þegar þeir urðu aðnjótandi læknishjálpar hans. Hefir stefnandi í málinu lagt fram reikninga, sem greina, hverjir læknishjálpar hans hafa notið, og skýrt svo frá, að hann hafi afhent réttum aðila reikninga um læknishjálpina á réttum tíma og þeir síðan hafi verið í vörzlu fátækranefndarinnar, án þess að hún ávísaði þeim til greiðslu úr bæjarsjóðnum. Ennfremur hefir stefnandi skýrt svo frá í málinu, að hann hafi gjört kröfu til þess, að umræddar reikningsinnstæður hans gengju til lúkningar gjöldum, er honum hafi verið gjört að greiða í bæjarsjóðinn, en hafi krafa sú eigi verið tekin til greina.

Hin stefnda bæjarstjórn hefir krafizt algjörrar sýknu í málinu og stefndanda dæmdan til að greiða sér málskostnað. Auk þessa hefir hún krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur í refsingu fyrir óþarfa málsýfingu.

Til sýknu sér greinir stefnda, að bæjarsjóðurinn hafi eigi haft eða hafi á hendi innheimtu reikninga fyrir stefnandann, að bæjarsjóðurinn standi eigi í umstefndri eða neinni annari skuld við stefnandann og að reikningarnir yfir umstefnda skuld séu eigi samþykktir af hlutaðeigendum sjálfum né hlutaðeigandi nefnd bæjarstjórnarinnar. Ennfremur heldur stefnda því fram, að sumir hinna framlögðu reikninga séu að öllu, aðrir að nokkru leyti, fyrndir, án þess þó af málfærslunni verði séð, að fyrning kröfunnar sé gjör að sýknuástæðu, enda kæmi slíkt eigi til greina, þegar fyrir þá sök, að stefnda hefir enga grein gjört fyrir því í málinu, hve mikill hluti kröfunnar ætti að vera fyrndur, en rétturinn litur svo á, að fyrning kröfu komi því aðeins til álita til sýknunar, að aðili gjöri um það ítarlega rökkstudda kröfu.

Koma þá til íhugunar sýknuástæður stefnda. Af málfærsl-

unni í málinu, sem er ærið óskýr, er að ráða, að þeir, sem stefnandi telur, að hann hafi veitt umræddra læknishjálp, hafi notið hennar í þeim mæli, sem hann greinir, og athugast þar við, að stefnda hefir engum mótmælum hreyft gegn neinum sérstökum lið umstefndrar kröfu. Þá hefir stefnda eigi mótmælt því, að einn eða neinn þeirra manna, sem stefnandi telur sig hafa veitt umræddra læknishjálp, hafi verið þurfalingar, er þeir urðu læknishjálparinnar aðnjótandi, og verður því að ályktа, að allir tilgreindir menn hafi verið viðurkenndir þurfalingar. En þar eð 1. gr. laga frá 10. nóv. 1905 kveður svo á, að sveitarstyrk skuli veita þeim mönnum, er af þar greindum örsökum eigi geta aflað sér og skylduliði sínu þess, sem eigi má án vera til lífsframfærslu, »og telst þar til læknishjálp«, verður að álita að stefnandi hafi öðlast rétt til greiðslu úr bæjarsjóðnum fyrir hjálp þá, sem hann veitti hér umræddum þurfalingum. Og með því að óvefengt er í málinu, að umræddir þurfalingar hafi dvalið á Ísafirði, er þeir nutu læknishjálparinnar, skiftir eigi máli, hvort þeir voru handbendi bæjarins eða annara sveitarfélaga, sbr. tilvitnaða lagagrein og 63. gr. sömu laga. Verður því að þessu leyti að fallast á þá skoðun stefndu, að bæjarsjóðurinn hafi eigi haft né hafi á hendi innheimtu greindra reikninga fyrir stefnandann, þar eð hann, eins og sagt var, átti kröfu til greiðslu úr bæjarsjóðnum, en hann aftur endurkröfurétt á hendur þurfalingunum eða og framfærslusveitum þeirra.

Þar sem nú þannig verður að álíta, að stefnandi hafi öðlast kröfu til greiðslu úr bæjarsjóði fyrir læknishjálp þá, sem hann veitti umræddum þurfalingum, kemur til greina, hvort hann hafi fyrirgjört þeim rétti þannig, að bæjarsjóðurinn nú eigi skuldi honum fyrir hana.

Eins og áður segir, hefir stefnandi skýrt svo frá í málinu, að hann á réttum tíma hafi framvísað reikningum sínum við réttan hlutaðeiganda og krafizt greiðslu á þeim. Í því efni hefir hann leitt sem vitni í málinu fyrverandi fátækrafulltrúa og bæjargjaldkera, sem samhljóða hafa borið, að sú venja hafi ríkt, meðan þeir gegndu greindum störfum, að læknishjálp, veitt viðurkenndum þurfalingum, hafi verið innheimt af bæjargjaldkera ásamt öðrum veittum sveitarstyrk. Ennfremur hefir annað vitnið borið það, að það minntist þess, að hafa sem bæjargjaldkeri haft til meðferðar reikninga frá stefnanda, samskonar og þá, sem um er að ræða í máli þessu, þótt það

eigi sérstaklega minntist nafna þeirra manna, sem hinir framlögðu reikningar greina, enda væri komið á fimmta ár, síðan vitnið lét af greindum starfa. Stefnda hefir eigi mótmælt því, að stefnandi hafi gjört kröfur sínar til bæjarsjóðsins eins og hann skýrir frá, og verður því skýrsla hans, sem og styrkt er með framangreindum vitnisburðum, að leggjast til grundvallar í því efni.

Sú mótbára stefndu, að hér greindir reikningar séu eigi samþykktir af hlutaðeigendum, o: þiggjendum læknishjálparinnar, né hlutaðeigandi nefnd bæjarstjórnarinnar, o: fátækranefnd, verður eigi tekin til greina. Að því er kemur til þurfalinganna sjálfra, athugast, að samþykki þeirra á reikninga fyrir læknishjálp oft og einatt er ófáanlegt með öllu, enda fjarri öllum sanni að ætla lækni, sem kallaður er til hjálpar í lífsnauðsyn, fyrst að rannsaka, hvort sjúklingurinn geti eða vilji samþykkja það endurgjald, er lækninum ber fyrir aðstoð hans. Sama gildir og, ef læknirinn ætti fyrir fram að leita samþykkis fátækranefndarinnar, og væri eftirfarandi samþykki hennar gjört að skilyrði fyrir gildi kröfunnar, gæti hún eftir geðþótta sínum látið þá þurfalinga, sem hún hefir umsýslu um, njóta ókeypis læknishjálpar á kostnað læknisins. En slikt er fjarri öllum gildandi réttarreglum. Enda er samþykki fátækranefndar á greiðslum til og fyrir þurfalinga samkvæmt almennum gildandi reglum aðeins formleg heimild til viðkomandi féhirðis til að greiða hina samþykktu upphæð úr bæjarsjóðnum, en snertir að engu gildi fyrirliggjandi kröfu í eðli sínu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja bæjarsjóð Ísafjarðar skulda stefnandanum umstefndar kr. 789.50, og verður því að gefa dóm í málinu eftir kröfu stefnanda. Kemur þá eigi til greina krafa stefndu um refsingu stefnanda fyrir óþarfa málsýfingu.

Stefnandi hefir hvorki í stefnunni né undir rekstri málsins krafizt málskostnaðar eða vaxta af kröfunni, og verður málskostnað þar af leiðandi að fella niður.

Mánudaginn 28. janúar 1929.

Nr. 104/1927. **Benedikt Sveinsson** (Björn P. Kaiman)
gegn
Páli Jónssyni og gagnsök
(Bjarni Þ. Johnson).

Vanheimild útaf hússölu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. ágúst 1927: Vinni Guðni Þorsteinsson, sá, er um ræðir í máli þessu, eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hann hafi álitið stefndan, Benedikt Sveinsson, en ekki Svein Jónsson, vera raunverulegan eiganda og seljanda umrædds skúrs, er hann tók við afsalinu fyrir honum, frá 21. nóvember 1923, þá á stefndur að greiða stefnanda kr. 2916.00 með 5 % ársvöxtum frá 29. des. 1926 til greiðsludags.

Vinni Guðni Þorsteinsson hinsvegar ekki svofeldan eið, á stefndur að vera sýkn af kröfu stefnanda í málinu.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, hafði aðaláfrýjandi fengið leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur til þess að byggja í eigin nafni og sem sína eign skúr þann, er ræðir um í máli þessu, og var hann talinn eigandi skúrsins í fasteignaskrám kaupstaðarins. Um þetta var Guðna Þorsteinssyni kunnugt, er hann 23. nóv. 1923 fékk afsalsbréf aðaláfrýjanda fyrir skúrnum með kvittun hans fyrir greiðslu kaupverðsins, og mátti hann því ganga út frá, að aðaláfrýjandi hefði rétt til að gefa út afsalið fyrir skúrnum. — Hefir aðaláfrýjandi með því að undirskrifa afsalið og láta afhenda Guðna það tekið á sig vanheimildarábyrgð gagnvart honum, þar á meðal ábyrgð

á því, að skúrinn væri eigi öðrum veðsettur, þar sem ekki var getið neinnar veðsetningar í afsalsbréfinu.

Nú reyndist það svo, eins og nánar segir í bæjarþingsdóminum, að skúrinn var veðsettur öðrum, þegar afsalið fór fram, og leiddi það til þess, að skúrinn var seldur á nauðungaruppboði til lúkningar veðskuld, þannig, að gagnáfrýjandi, er keypt hafði skúrinn af Guðna, missti eignarréttinn, og hefir hann fengið Guðna dæmdan til að greiða sér vanheimildarbætur að upphæð 2916 kr.

Að vísu stendur dómur þessi óhaggaður, en það verður þó ekki álitið, að aðaláfrýjanda beri skylda til að greiða alla þessa upphæð, því Guðni hefði getað losað sig við kröfu gagnáfrýjanda til vanheimildarbóta með því að greiða, áður en nauðungaruppboðið fór fram, veðskuld þá, er á skúrnum hvíldi, ásamt vöxtum til uppboðsdags og kostnaði. En þetta hefir Guðni ekki gjört, og á hann því sjálfur sök á því, að hann var dæmdur til að greiða hærri upphæð en sem veðskuldinni nam.

Hinsvegar felst það í vanheimildarábyrgð aðaláfrýjanda, að honum var skylt að greiða Guðna upphæð veðskuldar þeirrar, er á skúrnum hvíldi, eins og hún var með vöxtum og kostnaði, þegar nauðungaruppboðið fór fram, en samkvæmt gestaréttardómi Reykjavíkur 18. apríl 1925 nemur upphæð þessi kr. 1316.23. — Og með því að Guðni Þorsteinsson hefir framselt gagnáfrýjanda bótakröfu sína á hendur aðaláfrýjanda, þá verður með skírskotun til málsútlistunarinnar í bæjarþingsdóminum að dæma gagnáfrýjanda upphæð þessa með 5 % vöxtum frá 29. desember 1926 (sáttakærudegi) til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði

gagnáfrýjanda 150 kr. í málskostnað í héraði, en að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Benedikt Sveinsson, greiði gagnáfrýjanda, Páli Jónssyni, kr. 1316.23 með 5 % vöxtum frá 29. desember 1926 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150 kr. í malskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. janúar s.l. af Páli Jónssyni, Bókhlöðustíg 6, gegn Benedikt Sveinssyni, alþingisforseta, Skólavörðustíg 11, hér í bænum, til greiðslu á kr. 3296.00 með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi, 29. desember f. á., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafizt þess *aðallega*, að verða sýknaður að öllu leyti af framangreindum kröfum stefnanda, *til vara*, að hann verði sýknaður gegn því að greiða stefnanda kr. 987.05 og *til þrautavara*, að krafa stefndanda verði færð niður í kr. 1700.00 án vaxta og kostnaðar. Svo krefst hann og málskostnaðar, hvernig sem málið fer, með kr. 300.00.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Haustið 1922 kom maður nokkur, Sveinn Jónsson að nafni, til stefnds og bað hann um að leyfa sér að reisa skúr á lóð hans á Skólavörðustíg 13. Leyfði stefndur það með því skilyrði, að Sveinn yrði á braut með skúrinn hvenær sem krafizt væri. Eftir beiðni Sveins sótti stefndur um það, undir sínu nafni, til bæjarstjórnar og byggingarnefndar, að fá að reisa skúrinn þarna, og var honum leyft það. Reisti Sveinn síðan skúrinn og tók að verzla þar. Bar verzlunin sig illa, og hætti hann eftir nokkurn tima að verzla og leigði öðrum skúrinn.

Hinn 8. febrúar 1923 veðsetti Sveinn Garðari kaupmanni Gíslasyni skúrinn, lóðarréttindalausan, fyrir 1800 króna skuld. Var veðsetning þessi staðfest með áritun á skjalið 10. apríl s. á. og þinglesin 12. sama mánaðar og innfærð í veðmálabækur sem veðsetning á lausafé.

Haustið 1923 hafði Guðni nokkur Þorsteinsson, steinsmiður á Óðinsgötu 17 B, í hyggju að stofna verzlun hér í bænum. Fékk hann augastað á skúrnum sem hentugum stað til þess að verzla í. Spurðist hann þá fyrir um það, hver ætti skúrinn, og var sagt að hann væri eign Sveins Jónssonar. Fór hann þá heim til Sveins og falaði skúrinn af honum á leigu. Tók Sveinn vel í það, og varð það að samningum með þeim nokkru síðar, að Guðni tæki skúrinn á leigu fyrir ákveðið mánaðarleigugjald. Byrjaði hann síðan að verzla þar í félagi við stefnanda þessa máls. Nokkru síðar bauð Sveinn Guðna skúrinn til kaups, og tók hann því líklega. Hefir Guðni borið það fyrir lögregluréttí í sakamálsrannsókn, sem framfór meðan á rekstri þessa máls stóð, að Sveinn hafi jafnan sagt sér, bæði meðan á samningum stóð um leiguna og eins eftir að hann fór að bjóða skúrinn til sölu, að hann (Sveinn) væri eigandi skúrsins, en stefndur í þessu máli ætti lóðina. Kveðst Guðni síðan hafa leitað upplýsinga á bæjarfógeta- og borgarstjóraskrifstofunum, og fengið að vita þar, að skúrinn væri »á nafni« stefnds. Bar hann það þá undir Svein, og kveður hann þá hafa sagt, að »eiginlega« ætti stefndur skúrinn. Hefir Sveinn borið fyrir lögregluréttinum, að vera megi að orð sín hafi fallið á þá leið, og kveðst ekki þora að neita, að svo hafi verið. Ekki kveðst Guðni geta gjört grein fyrir, hvaða merkingu hann lagði í orðið »eiginlega«, en heldur því fram, að hjá sér hafi við þetta myndast sú trú, að stefndur ætti skúrinn.

Þessu næst komust á samningar með þeim Sveini og Guðna um skúrkaupin, og var kaupverð ákveðið kr. 2500.00. Kveðst Guðni hafa reynt að ná tali af stefndum, en ekki tekist það. Ákváðu þeir Sveinn og Guðni að fara heim til stefnds ákveðinn dag, til þess að útkljá kaupin, en úr því varð þó eigi, sökum þess að Sveinn kom ekki á tilteknum tíma. Daginn eftir kom hann aftur á móti í skúrinn til Guðna og hafði þá meðferðis afsal til hans fyrir skúrnum, dags. 21. nóvember 1923, undirritað af stefndum, og er tekið fram í afsalinu, að kaupverðið, kr. 2500,00. sé stefndum að fullu greitt við undirskrift þess. Skýrði Guðni svo frá, að hann hafi verið ánægð-

ur með að fá afsal með nafni stefnds undir, þar sem hann hafi verið formlegur eigandi skúrsins. Kaupverðið galt Guðni til Sveins um leið og hann tók við afsalinu, en þá (Guðna og Svein) greinir á um það, hvort það hafi verið greitt að fullu eða ekki. Heldur Guðni því fram, að hann hafi greitt rúmlega 2000 krónur í peningum og afganginn með 480 króna víxli, sem tekinn hafi verið með einhverjum afföllum, auk þess sem húsaleiga, er hann hafði greitt, hafi verið dregin frá kaupverðinu. Sveinn kveður hinsvegar aldrei hafa verið greiddar nema 1700 krónur í peningum og víxillinn að auki. Afganginn hafi Guðni lofað að greiða seinna, en ekki efnt það.

Við ofangreinda sakamálsrannsókn kom í ljós, að Sveinn duldi Guðna veðsetningarinnar til Garðars Gíslasonar, þegar ofangreind sala fór fram, og að hann lét stefndan heldur ekki vita um hana, þegar hann fékk hann til þess að setja nafn sitt undir afsalið.

Hinn 29. september 1925 afsalaði Guðni stefnanda þessa máls skúrbyggingunni fyrir rúmar 2600 krónur, og gat hann þess þá ekki, að veðið til Garðars hvíldi á skúrnum, enda bendir ekkert til þess, að honum hafi þá verið kunnugt um það. Garðar lét hinsvegar fara fram fjárnám í skúrnum hinn 28. nóvember 1925 og síðar selja hann á uppboði 21. janúar 1926, og hrökk uppboðsandvirðið ekki fyrir eftirstöðvum veðskuldarinnar. Höfðaði stefnandi þessa máls þá mál gegn Guðna Þorsteinssyni til skaðabótagreiðslu, vegna vanheimildar hans við skúrsöluna, og var Guðni með dómi bæjarþingsins dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 2632.00 með 5 % ársvöxtum frá 29. september 1925 til greiðsludags, og 100 krónur í málskostnað. Dómskuld þessa kveður stefnandi Guðna hafa greidd sér að fullu, og jafnframt hefir hann framselt stefnanda endurkröfurétt þann, er hann kynni að eiga á hendur stefndum vegna vanheimildar af hans hendi. Sundurliðar Guðni hina framseldu skaðabótakröfu sína þannig:

1.	Dómsupphæð, vextir og málskostnaður, samkvæmt ofangreindum bæjarþingsdómi	kr. 2916.00
2.	Málskostnaður greiddur í sama máli, auk hins ídæmda	— 200.00
3.	Greidd lóðarleiga	— 180.00
	Og kemur þá heim hin umstefnda upphæð,	kr. 3296.00

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur á þeirri ástæðu, að Guðna hafi verið kunnugt um það, er hann tók við afsal-

inu frá 21. nóvember 1923, að stefndur hafi aðeins ritað undir það »pro forma«, en að Sveinn hafi verið hinn raunverulegi eigandi og seljandi skúrsins. Hafi Guðni því ekki getað vænst þess, að stefndur svaraði til vanheimilda, sem fram kynnu að koma, heldur hafi hann vitað eða mátt vita, að hann yrði að eiga um það við Svein, við semjanda sinn og raunverulegan seljanda skúrsins.

Varakröfu sína um að dómkrafan verði færð niður í kr. 987.05 byggir stefndur á því, að eftirstöðvar veðskuldarinnar til Garðars Gíslasonar, sem skúrinn var seldur til lúkningar á, hafi ekki numið meiru.

Þrautavarakröfuna miðar stefndur við það, að upplýst sé, að Guðni hafi ekki greitt meira en 1700 krónur fyrir skúrinn.

Stefndur hefir og sérstaklega mótmælt 2. og 3. reikningslið stefnanda hér að framan sem röngum og sér óviðkomandi.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að beri stefndum á annað borð að svara til vanheimildar út af skúrsölunni, þá verði hann að greiða stefnanda upphæðir þær, er Guðni var dæmdur til að greiða með framangreindum bæjarþingsdómi, eða kr. 2916.00, því tjón það, er af vanheimildinni leiddi fyrir Guðna nemur þeirri upphæð, en hann hefir framselt allan bótarétt sinn til stefnanda. Hinsvegar hefir stefnandi eigi gegn mótmælum stefnds á nokkurn hátt réttlætt 2. og 3. kröfulið sinn hér að fram an, samtals að upphæð kr. 380.00, og verður stefndur því undir engum kringumstæðum dæmdur til þess að greiða þá liði.

Kemur þá til athugunar aðalatriði málsins, bótaskyldan. Fer að sjálfsögðu um hana eftir því, hvort álitið verður að Guðna hafi verið eða átt að vera kunnugt um það, að Sveinn var eigandi skúrsins, þegar afsalið var gefið. Að vísu þykja réttinum afar sterkar líkur vera komnar fram í málinu fyrir því, að Guðna hafi ávallt verið kunnugt um, að Sveinn væri hinn raunverulegi eigandi skúrsins, meðan á sölusamningnum stóð, og þegar hann tók við afsalinu. Bæði er það, að Sveinn sjálfur og aðrir höfðu sagt honum, að svo væri, og svo kom Sveinn jafnan fram gagnvart honum sem eigandi skúrsins, bæði við leiguna og söluna og Guðna var kunnugt um, að skúrinn var lóðarréttindalaus, þá réði Sveinn og alveg, á hvern hátt og með hverju kaupverðið var greitt og tók við kaupverðinu. Hinsvegar virðist þó ekki vera komin fram full lagaleg sönnun fyrir því, að Guðni hafi vitað, að undirskrift stefnds var **aðeins »pro forma« gegn mótmælum hans og skýlausum**

og skilyrðislausum orðum afsalsins. Þykir því rétt, að úrslit málsins fari eftir synjunareiði Guðna Þorsteinssonar, þar eð um aðildareið getur ekki verið að ræða, en Guðni getur ekki skapað sér réttarfarshagræði með því að framselja kröfuna, og komast á þann hátt hjá því að vera aðilji í málinu.

Úrslit málsins hér í réttinum verða því þau, að vinni Guðni Þorsteinsson, sem umræðir í málinu, eið að því á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að hann hafi álitið stefndan, en ekki Svein Jónsson, vera raunverulegan eiganda og seljanda skúrsins, er hann tók við afsalinu, þá á stefndur að greiða stefnanda kr. 2916.00 með vöxtum eins og krafizt er. Vinni hann hinsvegar ekki svofeldan eið, á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Hvort sem stefndur vinnur framangreindan eið eða ekki þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sökum anna dómarans varð dómur ekki kveðinn upp í máli þessu 28. f. m. en síðastliðinn fimmtudag var ekkert bæjarþing haldið.

Miðvikudaginn 30. jan. 1929.

Nr. 46/1928. **Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon f. h. Timburverzlunarinnar „Björk“** (Magnús Guðmundsson)
gegn
bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar
(Jón Ásbjörnsson).

Krafa áfrýjanda um greiðslu andvirðis timburs, er stefnda taldi sig hafa eignast fyrir »extinctio«.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 30. júní 1928: Hin stefnda bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur, Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon f. h. Timburverzlunarinnar »Björk«, greiði stefndu vegna bæjarsjóðs Ísafjarðar 160 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja, að því er áhrærir málskostnaðar greiðslu, innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur máls þessa, sem dæmt er í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 30. júni f. á. af fyrv. sýslumanni, Karli Einarsyni sem setudómara, hafa krafist þess hér fyrir réttinum, að stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, verði dæmd til að greiða þeim 5955 kr. 28 aura, með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi 10. des. 1927 og málskostnað í héraði og hæstarétti eftir mati réttarins.

Hinsvegar hefir hin stefnda bæjarstjórn aðallega krafist staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Þó hefir stefnda til vara krafizt þess, að hún verði aðeins dæmd til að greiða áfrýjendunum 3999 kr. 47 aura, með 6 % vöxtum frá ofannefndum degi, svo og niðurfellingar málskostnaður hér í rètti.

Samkvæmt samningi, dags. 28. júní 1927, milli áfrýjenda og Sigurðar nokkurs Ásgeirssonar, sem stefnda hafði falið nokkrar byggingar á eignarjörð sinni Seljalandi með samningi við Sigurð, dags. 31. maí s. á., leigðu áfrýjendur Sigurði »timbur í steypumót og og geymsluskúr« til afnota við nefndar byggingar. Var meðal annars tekið svo til orða í samningnum, að timbrið væri »lánað«, en »ekki selt«, og að því skyldi eftir afnotin »skilað í sama stað og það var tekið, hreinu og uppstöfluðu, verzluninni alveg að kostnaðarlausu«, enda skyldi Sigurður greiða 10 % af útsöluverði timbursins sem leigu fyrir afnotin. En það af timbrinu, sem annaðhvort ekki yrði skilað eða ekki skilað í forsvaranlegu standi, skyldi bætt eftir nánar tilteknum reglum í samningnum.

Aftur á móti var meðal annars svo tilskilið í ofannefndum verkkaupssamningi stefndu við Sigurð Ásgeirsson, að »allt byggingarefni verði eign verkkaupa, þegar það hefur verið flutt á byggingarstaðinn«. Og

Sigurður, sem hætti verkinu í byrjun september, áður en það var fullgjört, »afhenti bænum bygginguna og byggingarefnið og annað tilheyrandi á staðnum« í því ástandi, sem það þá (4. sept.) var í.

Það er in confesso milli aðilja, að áfrýjendur hafi látið Sigurði í té timbur fyrir 5955 kr. 28 aur., að bærinn hafi notað timbrið í byggingar sínar á Seljalandi án samþykkis áfrýjenda og að ofannefndir samningar beggja aðilja við Sigurð séu að undirskrift og innihaldi svo sem þeir upprunalega voru gjörðir.

Annars hefir stefnda hér fyrir réttinum stutt aðalkröfu sína með því, að stefnda hafi eignast timbrið fyrir »extinctio«, þar sem hún hafi verið grandalaus um eignarrétt áfrýjendanna yfir því, enda hafi áfrýjendurnir ekki tilkynnt henni, hversu ástatt var um timbrið. En fyrst og fremst sögðu áfrýjendur stefndu til eignarréttar síns með bréfi 27. sept. og buðu henni jafnframt að ganga inn í samning Sigurðar, en stefnda sinnti því ekki, og lauk þó ekki byggingum sínum á Seljalandi að því er ætla má, fyrr en nokkrum vikum síðar. En hvað sem grandaleysi stefndu að öðru leyti kann að hafa liðið, þá getur hér ekki verið að ræða um eigendaskifti vegna extinctionar.

Samkvæmt framansögðu og þar sem eignarréttur áfrýjendanna yfir timbrinu á hinn bóginn er ugglaus, eftir ótvíræðum orðum samnings þeirra við Sigurð, verður aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina.

Fyrir varakröfunni hefir stefnda gjört þá grein, að að timbur það, er Sigurður tók út fyrir 28. júní 1927 og nam alls 955 kr. 94 aur., eigi að dragast frá hinni umstefndu upphæð 5955 kr. 28 aur., þar sem ákvæði hins skriflega samnings áfrýjenda við Sigurð nái eigi til þeirrar úttektar, og ennfremur 20 % af allri úttektarupphæðinni, eða 999 kr. 87 aur., þar sem Sig-

urður hafi átt heimtingu á þeim frádrætti og timbrið hafi vitanlega rýrnað í verði. En hvorugur frádrátturinn á við rök að styðjast. Fyrri frádrátturinn er óheimill, þar sem samningur Sigurðar við áfrýjendurna á eftir berum orðum samningsins við alla úttekt Sigurðar. Og síðari frádrátturinn er einnig óheimill, þó að timbrið hafi rýrnað í verði, þar sem stefndi eigi aðeins sinnti ekki tilboði áfrýjenda um að ganga inn í samninginn, heldur braut lög á áfrýjendunum með því að hagnýta sér eign áfrýjendanna án samþykkis þeirra.

Varakröfu stefndu verður því heldur ekki sinnt.

Verður því, samkvæmt framansögðu, að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjendunum hina umstefndu upphæð 5955 kr. 28 aur., með 6 % ársvöxtum frá 10. des. 1927, og málskostnað fyrir báðum réttum, sem eftir öllum málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn 700 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, greiði áfrýjendunum, Jóhanni Bárðarsyni og Magnúsi Magnússyni f. h. Timburverzlunarinnar »Björk« á Ísafirði 5955 kr. 28 aura, með 6 % ársvöxtum frá 10. des. 1927 og 700 kr. sem málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa eigendur Timburverzlunarinnar »Björk«, þeir Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon kaupmenn sama stað, höfðað, eftir löglega sáttatilraun en árangurslausa, gegn

bæjarstjórn Ísfjarðarkaupstaðar, þeim bæjarfógeta Oddi Gíslasyni, og bæjarfulltrúunum Vilmundi Jónssyni, Finni Jónssyni, Jóni M. Péturssyni, Jóni H. Sigurðssyni, Eiríki Einarssyni, Magnúsi Ólafssyni, Matthíasi Ásgeirssyni og Stefáni Sigurðssyni, öllum til heimilis á Ísafirði, með stefnu útgefinni 6. marz þ. á. og gjört þær kröfur, að hin stefnda bæjarstjórn verði vegna bæjarsjóðs Ísafjarðar dæmd annaðhvort til að skila aftur í samningshæfu ástandi timbri, er téð verzlun hafi lánað Sigurði Ásgeirssyni trésmið á Ísafirði, samkvæmt samningi 28. júní 1927, er notað hafi verið í byggingu hins svokallaða Seljalandsfjóss og skúr til afnota við bygginguna á nefndu fjósi — hlöðu og safnþró, eða greiða andvirði þess, kr. 5955.28, ásamt 6 % ársvöxtum og málskostnað að skaðlausu eftir réttarins mati.

Hin stefnda bæjarstjórn krefst hinsvegar aðallega að verða sýknuð af kröfum stefnanda eða til vara að verða dæmd til að greiða umstefnt timbur í því ástandi, er það var í, þegar bæjarstjórn (búnefnd) tók að sér að byggja umrætt fjós, hlöðu og safnþró, 4. sepember 1927, eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna. Báðum þessum kröfum hafa stefnendur mótmælt.

Málavextir eru þannig:

Hinn 27. apríl 1927 kaus hin stefnda bæjarstjórn búnefnd, er annast skyldi búskap fyrir bæjarstjórn, á Seljalandi og ½ Tungu. Búnefnd þessi gjörði útboð um byggingu svonefnds Seljalandsfjóss, hlöðu og áburðarhúss, en búskapurinn átti að byrja þá þegar eða á næstunni. Tvö tilboð komu, og var annað frá Sigurði Ásgeirssyni fyrnefndum, og mælti búnefndin með því, að hans tilboði yrði tekið, og var það samþykkt á fundi hinnar stefndu bæjarstjórnar 30. maí s. á., og er ekki ágreiningur í málinu um það, að samningur um verkið var til staðar á þessum fundi, aðeins óundirskrifaður, enda var heimild gefin formanni búnefndar að undirrita hann á sama fundi hinnar stefndu bæjarstjórnar. Eftir samningi þessum, dagsettum 31. maí 1927, átti verksmiður að byggja og fullgjöra fjós, hlöðu og áburðarhúsbyggingu á Seljalandi í Ísafjarðarkaupstað, ásamt vatnsveitu, vegagjörð og aðgjörð á lóðinni í kringum húsið, allt samkvæmt viðfestri útboðslýsingu og teikningum, árituðum af báðum samningsaðilum, og samningi þessum. Ennfremur stendur í samningnum: »verksmiður leggur til allt efni og verk« og »allt byggingarefni verður eign verkkaupa, þegar það hefir verið flutt á byggingarstaðinn og verkið

jafnóðum og unnið er«. Hinn 4. september 1927 gefst verksmiður upp við bygginguna og afhendir bænum á búnefndarfundi þann dag »bygginguna, byggingarefnið og annað tilheyrandi á staðnum í því ástandi, sem það nú er í«. Ágreiningurinn í máli þessu er út af timbri, sem verksmiður fékk hjá stefnendum í þarfir þessarar byggingar á tímabilinu 2. júní til 1. sept. 1927, sem að verðlagi nemur umstefndri upphæð eftir reikningi stefnenda.

Stefnendur halda því fram, að timbur þetta hafi aðeins verið lánað (léð), en ekki selt eða lánað í reikning verksmiðs, og byggja þá skýringu sína á því, að 28. júní 1927 gjörir meðstefndandi, Jóhann Bárðarson samning, við verksmið um timbur til þessarar byggingar til láns, og beri því bæjarstjórn vegna bæjarsjóðs, annaðhvort að skila aftur timbrinu eins og samningur þessi gjörir ráð fyrir, eða greiði andvirði þess, þar sem það var notað í þarfir bæjarins í oftnefnda fjós-, hlöðu- og áburðarbyggingu. Þessu mótmælir hin stefnda bæjarstjórn, þar sem bæjarsjóður hafi orðið eigandi að timbri þessu, samkvæmt ákvæðum verksamningsins, og telur sér óviðkomandi viðskifti verksmiðs og stefnenda.

Að því er snertir timbur það, sem tekið er út hjá stefnendum til 28. júní 1927, virðist enginn vafi geta verið um, að stefnendur hafa afhent það á sína eigin ábyrgð, og hafi engar kröfur á hendur hinni stefndu bæjarstjórn út af því. Um hitt timbrið, sem afhent var í þarfir byggingarinnar eftir að samningur frá 28. júní 1927 er gjörður, fer eftir því, hvort hin stefnda bæjarstjórn eða búnefnd hennar vegna, eða stefnendur sjálfir eiga sök á því, að þetta — í margnefndum samning — fyrirkomulag var haft um afhendingu umræddS timburs, því þetta fyrirkomulag kemur algjörlega í bága við ákvæðin í verksamningnum. Það verður nú ekki séð af því, sem upplýst er í málinu, að búnefnd eða bæjarstjórn hafi haft neina ástæðu til þess að grenzlast eftir þessu timburláni, en hitt er víst, að meðstefnandi, Jóhann Bárðarson, átti að gjöra búnefnd eða bæjarstjórn aðvart um þetta lán, ef hann ætlaði að krefjast greiðslu á því úr bæjarsjóði, þar sem það verður ekki betur séð af því, sem fyrir liggur í málinu, en að honum hafi verið kunnugt um ákvæði verksamningsins milli verksmiðs og búnefndar. Kröfur stefnenda virðast því fyrst og fremst eiga að beinast að þeim, sem fékk timbrið hjá stefnendum og sem bar að greiða það einmitt eftir samningi 28. júní 1927. En

það má máske segja, að ef meðstefnandi Jóhann Bárðarson gæti talist í fullkominni »góðri trú« um verksamninginn eða honum verið hann ókunnur og verksmiður talið honum trú um, að bærinn borgaði, að þá hefði máske verksmiður gjört það verk, að bærinn hefði verið bundinn við ráðstafanir hans, en það sést ekki, að svo hafi verið, heldur margt, sem bendir í gagnstæða átt, þar á meðal, að meðstefnandi Jóhann Bárðarson neitar því ekki, að hafa lesið verksamninginn milli verksmiðs og búnefndar. Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu bæjarstjórn af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, þar á meðal málskostnaðarkröfu.

Eftir úrslitum málsins virðist rétt að vera, að stefnendur greiði hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað, sem hæfilega er metinn 160 kr.

Miðvikudaginn 30. jan. 1929.

Nr. 81/1928. **Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Jóni Heiðberg.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 4. febrúar 1929.

Nr, 3/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Anton Christensen (Lárus Fjeldsted).

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. nóvbr. 1928: Stefndur, Anton Christensen, missi ökuskírteini sitt í

tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja, og greiði auk þess 150 kr. sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 10 daga. Loks greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að brot kærða er framið 1. nóvbr. f. á., en ekki 2. s. m., svo sem segir í lögregluréttardóminum.

Að öðru leyti má staðfesta dóminn af þeim ástæðum, er þar eru fram teknar, þó þannig, að kærði á að missa ökuskírteini sitt í 3 ár.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að kærði, Anton Christensen, missi ökuskírteini sitt í 3 ár frá birtingu lögregluréttardómsins að telja.

Kærði greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Anton Christensen, til heimilis í húsi við Skeiðvöllinn hjá Elliða-

ánum hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928, bifreiðalaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

2. f. m., um kl. 2 e. h., fór kærður inn í Áfengisverzlun ríkisins og keypti þar tvær flöskur af portvíni, sem hann fór með út í bifreið sína, og ók þá í burtu ásamt öðrum manni, að nafni Erling Olsen Waagaard. Óku þeir síðan út í útjaðar bæjarins, en ekki er upplýst hvert, og sátu þar saman í bifreiðinni og drukku þetta áfengi. Þá ók kærður á stað aftur og suður Bergstaðastræti, en við Bergstaðastræti 68 var verið að grafa skurð all stóran eftir miðri götunni og ók kærður bifreiðinni niður í skurðinn, og sat hún þar föst. Þetta var tilkynnt á lögreglustöðina og fór Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, ásamt tveimur öðrum lögregluþjónum, Guðlaugi Jónssyni og Sigurði Gíslasyni, á staðinn, og sáu þeir, hvar vöruflutningabifreiðin R.E. 315 var niðri í djúpum skurði langs eftir miðri götunni og var með fullum ljósum, en inni í stýrishúsinu sátu þeir Waagaard og kærður, báðir mikið drukknir. Var farið með kærðan í varðhald, en er hann var kominn inn í fangahúsið, sýndi hann af sér svo mikinn mótþróa, að nauðsynlegt þótti að setja hann í járn.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi keypt 2 portvínsflöskur í Áfengisverzlun ríkisins þenna umrædda dag og drukkið þær í bifreið sinni ásamt Waagaard, og hefir hann jafnframt viðurkennt það, að hann hafi verið orðinn drukkinn, en þó ekki svo, að það hafi gjört sér neitt til við bifreiðaraksturinn, og kveður hann ástæðuna til þess, að hann ók niður í skurðinn, eingöngu hafa verið þá, að engin merki voru sett þar við til leiðbeiningar vegfarendum. Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi fyrst fundið það, að hann hafi verið drukkinn, er hann sté út úr bifreiðinni og lögregluþjónarnir komu að.

Fjögur vitni hafa verið leidd í máli þessu. Vitnið Erling Olsen Waagaard, sem var með kærðum í bifreiðinni, hefir borið það, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis, en þó hafi það ekki tekið eftir því, að það hafi gjört honum neitt til við aksturinn. En með því að það kom fram undir rannsókn málsins, að vitnið hafði verið nokkuð undir áhrifum áfengis á þessum tíma, og líklegt má telja, að dómgreind

þess hafi ekki verið í fullkomnu lagi, þótti ekki rétt að láta vitnið staðfesta framburð sinn með eiði.

Vitnin, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, sem bæði hafa staðfest framburð sinn með eiði, og einnig Sigurður Gíslason lögregluþjónn, sem ekki gat staðfest framburð sinn með eiði, með því að hann var fjarverandi, er eiðvinning fór fram, hafa öll borið það, að kærður hafi verið mjög ölvaður, er hann kom út úr bifreiðinni, hafa þau borið það, að kærður hafi bæði slagað og verið með drykkjuröfl og jafnframt sýnt mótþróa, er hann var settur inn í fangahúsið.

Þetta framferði kærðs ber augljósan vott um það, þrátt fyrir mótmæli hans, að hann hafi verið ölvaður, er hann ók bifreiðinni, þar sem þar við bætist, að hann ók bifreiðinni niður í skurð þann, sem áður um getur, því að enda þótt kærður hafi haldið því fram, að ástæðan fyrir því, að hann ók bifreiðinni niður í skurðinn, hafi verið sú, að engin merki voru sett upp til leiðbeiningar vegfarendum, sem gætu gefið til kynna skurðgröftinn, þá verður ekki hægt að telja það ástæðuna, með því að lögregluþjónarnir, sem leiddir voru vitni í þessu máli, hafa borið það, að staðurinn hafi verið sæmilega upplýstur af götuljósunum og langsamlega vegljóst, enda telja vitnin, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, að akstur kærðs niður í skurðinn hafi ekki getað stafað af öðru en ölvun hans.

Kærður gekk inn á 80 króna sekt $^{6}/_{6}$ 1928 fyrir það að hafa ekið bifreið drukkinn, eftir því er séð verður af skýrslu lögreglustjórans til dómarans, og þá hefir kærður og verið sektaður um 50 krónur $^{13}/_{8}$ 1928 fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 21/1926 og um 150 krónur $^{3}/_{10}$ 1928 fyrir brot gegn ákvæðum sömu laga.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og 5. gr. 4. lið bifreiðalaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og 48. gr. 4. lið lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 19. apríl 1919, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin eftir 20. gr. áðurnefndra áfengislaga og 5. gr. 4. lið, sbr. 14. gr. áðurgreindra bifreiðalaga og 48. gr. 4. lið áðurgreindrar lögreglusamþykktar, missir ökuskírteinis í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja. Auk þess greiði hann 150 króna sekt í ríkis-

sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 10 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1929.

Nr. 28/1928. **Sveinn Jón Ásmundsson** (L. Fjeldsted)
gegn
lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Lögtak fyrir þinggjaldi.

Lögtaksgjörð framkvæmd í fógetarétti Reykjavíkur 28. febrúar 1928.

Dómur hæstaréttar.

Með kaupmála, dags. 21. maí 1926 og skrásettum daginn eftir, giftingardag þeirra hjóna, áfrýjanda og konu hans, Lovísu Lúðvíksdóttur, er meðal annars svo ákveðið: »Allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast, svo sem svefnherbergishúsgögn, borðstofuhúsgögn, matreiðslu- og eldhúsáhöld öll, hljóðfæri, málverk og annað skraut innanhúss, bæði það, sem við höfum nú þegar keypt eða kunnum síðar að eignast, skulu vera séreign mín, Lovísu Lúðvíksdóttur«.

En 28. febr. 1928 var gjört lögtak í ýmsum innanstokksmunum á heimili nefndra hjóna fyrir þinggjaldi áfrýjanda 1927, að upphæð 540 kr. 84 aura.

Þessari lögtaksgjörð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 24. apríl f. á., og krafizt ónýtingar hennar, til vara að nokkru leyti, og máls-

kostnaðar í hæstarétti. Telur hann lögtakið ranglega hafa verið gjört í munum, sem áfrýjandi átti ekki, heldur kona hans, og konan hafði eignazt áður en hún giftist áfrýjanda, að mestu leyti sem arf eftir föður sinn. Þessu hefir stefndi mótmælt og krafizt staðfestingar lögtaksgjörðarinnar og málskostnaðar hér í rétti, þar sem áfrýjandi hafi keypt hin lögteknu húsgögn fyrir sitt fé eftir að þau hjónin giftust, enda hafi áfrýjandi ekki sannað, hvað af húsgögnunum kona hans hafi löglega eignazt.

Samkvæmt lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, er séreign ekki lögmælt sem almenn skipun á fjármálum hjóna. Ber því þeim, sem heldur fram séreign, að sanna hana. En áfrýjanda hefir ekki tekist að sanna það, gegn mótmælum stefnda, að lögteknu munirnir hafi orðið séreign konu hans, samkvæmt kaupmálanum eða með öðru löglegu móti.

Verður því að staðfesta lögtaksgjörðina, og þá jafnframt að skylda áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksgjörðinni skal óraskað.

Áfrýjandi, Sveinn J. Ásmundsson, greiði stefnda, lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs, 100 kr. málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1929.

Nr. 6/1929. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Jónssyni lækni (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. nóvember 1928: Kærður, Jón Jónsson læknir, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 60 daga. Þá er kærður og sviftur heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndu. Loks greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í dómi lögregluréttarins, ber að staðfesta hann.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun til sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað.

Kærði, Jón Jónsson læknir, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, gegn Jóni Jónssyni,

lækni, til heimilis í Ingólfsstræti 9 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi, nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59 frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. maí 1928, hefir kærður gefið út á árinu 1926, 281 áfengislyfseðil á fyrirskipuð eyðublöð, og af þeim 246 áfengislyfseðla fram yfir skammt. Þá hefir kærður þetta sama ár, eftir skýrslum, gefið út 14 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð. Árið 1927 hefir kærður gefið út 325 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, og þar af 279 áfengislyfseðla fram yfir skammt.

Það, sem kærður er í fyrsta lagi sakaður um, er það, að hann hafi á árinu 1927 gefið út fleiri áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann muni hafa gefið út fleiri áfengislyfseðla en 300 á fyrirskipuð eyðublöð árið 1927, og kveður hann ástæðuna þá, að bæði hafi hann átt fyrningu af eyðublöðum frá fyrra ári og jafnframt hafi hann á sínum ferðalögum út um land gegnt læknisstörfum fyrir aðra lækna og hafi þá jafnframt haft áfengiseyðublöð þeirra til afnota. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er það tekið fram, um eyðublöð undir áfengislyfseðla, er hver læknir, þar sem lyfjabúð er, fær hjá landlækni, gilda þær reglur, settar af þessu ráðuneyti, að hver læknir má ekki fá fleiri en 300 eyðublöð á ári.

Þetta ákvæði virðist ekki óheimila lækni að gefa út fleiri áfengislyfseðla en 300 á ári, ef hann á fyrningu af eyðublöðum frá fyrri árum, eða ef hann gegnir störfum annars læknis, auk sinnar föstu starfsemi, og hefir eyðublöð þess læknis til afnota, og með því að þetta atriði virðist heldur ekki fara í bága við aðrar gildandi reglur, þá ber, að áliti dómarans, að sýkna kærðan af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi, líklega á óleyfilegan hátt, ávísað fram yfir ákveðinn skammt.

Þessu viðvíkjandi voru kærðum sýndir í réttinum, sérstaklega, 12 áfengislyfseðlar af hinum 328 áfengislyfseðlum á fyrirskipuðum eyðublöðum, þar af eru 3 áfengislyfseðlar útgefnir til hans sjálfs, allir sama dag, 14/6 1927. Þessar áfengisávísanir kveðst kærður hafa gefið út vegna þess, hve erfitt sé að fá

áfengi út um land, en að hann hafi verið að fara í ferðalag og þá noti hann þetta áfengi við kvefi og kulda. Viðvíkjandi hinum öðrum 9 áfengisávísunum kveður kærður, að það muni vera gleymsku sinni að kenna, að hann hafi ekki ritað á lyfseðlana ástæðuna fyrir framyfirskammtinum. Að áliti dómarans hefir kærður, við það að gefa út þessa áðurgreindu 12 áfengislyfseðla, ekki gætt fyrirmæla reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, og því gjörst brotlegur við ákvæði 6. gr. hennar.

Þá hefir kærður í þriðja lagi verið sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengisávísanir á önnur eyðublöð, en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta voru kærða sýndir 547 lyfseðlar, sem höfðu verið sendir landlækni til umsagnar og sem landlæknir, á réttarskjali nr. 5, hefir gefið þá yfirlýsingu um, að þá hefði alla átt að gefa út á hin fyrirskipuðu, tölusettu eyðublöð, og kveður hann þá samsetningu, sem hér um ræðir, verða að telja ómengað áfengi: ekki óhæft til drykkjar, heldur einskonar »bitter brennivín«, ef blandað er með vatni.

Kærður hefir haldið því fram undir rannsókn þessa máls, að hann hafi staðið í þeirri meiningu, að hann mætti gefa út svona lagaða lyfseðla á venjulegan pappír, með því að hér væri ekki um hreint áfengi að ræða, heldur blandað saman fleirum mismunandi lyfjum, en þó kveðst hann hafa hætt að gefa svona lyfseðla út, eftir að hæstaréttardómarnir nr. 34 og 35 frá 1927 voru uppkveðnir. Með tilliti til umsagnar landlæknis um þetta atriði verður að líta svo á, að þessir 547 lyfseðlar séu áfengisávísanir, og virðist kærður því hafa brotið ákvæði 5. gr., sbr. 3. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, er hann gaf þær út á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu, tölusettu áfengiseyðublöð.

Þessi brot kærðs, sem upplýst er um, að hafi gengið inn á 300 króna sekt 18/2 1925, fyrir brot gegn fyrirmælum eldri aðflutningbannslaga, um misnotkun á áfengisávísun, heyrir að áliti dómarans, samkvæmt áðursögðu, undir 5. gr., sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, með því að hér er um ítrekað brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 17. gr. laga nr. 15 frá 8. júní 1925, 1500 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu

fangelsi í 60 daga. Svo verður og, samkvæmt ákvæðum sömu greinar, að svifta kærðan heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. febr. 1929.

Nr. 31/1928. **Eggert Kristjánsson & Co.**
gegn
Kristjáni Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu áfrýjanda er mál þetta hafið.

Áfrýjandi, Eggert Kristjánsson & Co., greiði stefnda, Kristjáni Gíslasyni, samkvæmt kröfu hans, 70 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1929.

Nr. 7/1929. **Magnús Jónsson** (Magnús Guðmundsson)
gegn
bankaráði Landsbankans f. h. bankans (Pétur Magnússon).

Spurning hvort bankaráðsmaður, er lét af starfi vegna lagabreytingar og nýrra kosninga, ætti heimtingu á launum út kjörtímabil sitt.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. janúar 1929: Stefndu, bankaráðsmenn Landsbanka Íslands, f. h. Landsbanka Íslands, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnanda, Magnúsar Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Lög nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands, mæla svo fyrir, að kjósa skuli af nýju í bankaráð, án þess að geyma þeim bankaráðsmönnum, er fyrir sátu, sæti þeirra út kjörtímabil það, er þeir höfðu verið kosnir fyrir samkvæmt bankalögunum nr. 48/1927. Er þó títt, að lög, sem breyta eldra skipulagi, setji bráðabirgða ákvæði, að svo miklu leyti sem eldra skipulagið á að haldast, svo sem gjört er t. d. í 62. gr. sjálfra bankalaganna um bankastjórana.

Lögin gjöra heldur ekki nokkurs staðar ráð fyrir því, að eldri bankaráðsmennirnir, er víkja kynnu að þurfa fyrir nýkjörnum, eigi rétt til launa eða bóta fyrir það, að þeir sitji ekki áfram í ráðinu út kjörtímabil sitt.

Að þessu athuguðu, og svo hinu, að ekki er vitanlegt um neitt ákvæði í stjórnarskránni eða öðrum landslögum, er skift geti verulegu máli um hér umrætt atvik, þykir ekki verða komizt hjá því, að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt þessum úrslitum verður, samkvæmt kröfu stefnda, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 150 kr.

Setudómarinn, fyrverandi bæjarfógeti Karl Einarsson, hefir haft málið undir dómi um 13 vikur, og er jafnlangur frestur, um jafn óbrotið mál, ekki nægilega réttlættur af dómaranum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bankaráð Landsbankans, f. h. bankans, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Magnúsar prófessors Jónssonar.

Áfrýjandi greiði stefnda, að viðlagðri aðför að lögum, 150 kr. sem málskostnað fyrir hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Magnús Jónsson prófessor theol., Laufásvegi 63 hér í bænum, höfðað, eftir árangurslausa sáttatilraun, gegn bankaráði Landsbanka Íslands, þeim Sigurði Briem aðalpóstmeistara, Tjarnargötu 20, Jóhannesi Jóhannessyni bæjarfógeta, Suðurgötu 4, Jóni Baldvinssyni framkvæmdarstjóra, Miðstræti 10, Jóni Árnasyni framkvæmdarstjóra, Baldursgötu 11, öllum í Reykjavík, og Bjarna Ásgeirssyni, bónda á Reykjum í Mosfellssveit, með stefnu útgefinni 23. júlí 1928, til þess að fá stefndu dæmda til að greiða sér, vegna Landsbanka Íslands, laun þau, er stefnandi telur sig eiga kröfu til sem bankaráðsmaður fyrir þann tima, er kosið var til í nefnt bankaráð á Alþingi árið 1927, að því leyti, sem þau eru ekki þegar greidd, kr. 9866.66, en á því þingi var velnefndur Magnús Jónsson prófessor kosinn bankaráðsmaður. Ennfremur krefst stefnandi, að sér verði tildæmdur málskostnaður með kr. 480.00.

Aðalkrafa stefndu er sú, að bankaráðið, f. h. Landsbanka Íslands, verði algjörlega sýknað og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. Varakrafa stefndu er sú, að dýrtíðaruppbótin verði reiknuð eins hún er á hverjum tíma til starfsmanna ríkisins, því Landsbankinn sé eign ríkisins.

Málavextir eru þannig: Eftir fyrirmælum laga nr. 48 frá 31. maí 1927, var kosið í bankaráð Landsbankans vorið 1927, að gilda frá 1. júní það ár. Var sú kosning hlutfallskosning, og voru kosnir 4 menn, þar á meðal stefnandi þessa máls, og fór svo með hlutkesti síðar, að hann var kosinn til 4 ára.

En Alþingi 1928 nam úr gildi nýgreind lög, með lögum nr. 9 frá 15. apríl 1928, og feldu lög þessi niður umboð bankaráðs þess, er kosið hafði verið eftir lögunum frá 1927, og mæltu svo fyrir, að kosin skyldi af Alþingi landsbankanefnd, er aftur skyldi kjósa í bankaráðið, nema formann, er stjórnin skipar samkvæmt báðum lögunum. Alþingi 1928 kaus svo í þinglokin 15 manna landsbankanefnd eftir lögunum frá 15. apríl

1928, og nefndin kaus svo 4 menn í bankaráðið eins og henni var skylt samkvæmt lögum þessum, og fór kosning sú svo, að stefnandi var ekki kosinn, heldur annar maður í hans stað, með hlutkesti milli hans og þessa manns, með því atkvæði voru jöfn hjá báðum, en þetta hlutkesti á að viðhafa, ef svo stendur á, samkvæmt nýnefndum lögum. Málsaðila greinir ekki á um þetta, og að Alþingi hafi haft heimild til að setja lögin frá 1928 og með þeim nema úr gildi lögin frá 1927.

En stefnandi heldur því fram, að Alþingi hafi orðið bótaskylt með athöfn þessari, og reynir að rökstyðja það með þeirri staðhæfing, að hér hafi verið um samning að ræða, í líkingu við almenna samninga manna á milli. Ennfremur tilfærir hann 16. gr. stjórnskipunarlaganna. Um hið fyrra atriði er það að segja, að til þess að gjöra samning þarf samningsaðila, en þeir finnast ekki í umræddu tilfelli. Um 16. gr. stjórnskipunarlaganna má hið sama segja, að hún á hér ekki við.

Það, sem Alþingi hefir gjört með setningu bankalaganna 1928 og niðurfelling laga um Landsbankann 1927, hefir það gjört án þess að brjóta nein ákvæði stjórnskipunarlaganna, og virðist því ekki um bótaskyldu að ræða, af þeirri ástæðu, heldur ekki hefir það rofið neinn samning, og verður því ekki bótaskylt, af þeirri ástæðu. Heldur ekki finnst neitt hliðstætt dæmi, sem varðar skaðabótaskyldu Alþingis. Þá hefir ekki myndast nein dómvenja um þetta stefnanda í vil, heldur nokkuð á annan veg eða þvert á móti, né almenn réttar- eða lagavenja. Hitt er annað mál, hvað Alþingi sjálft kann að álíta sanngjarnt eða sjálfsagt, því ekki er hægt að neita því, að stefnandi hafi orðið, fyrir tilblutun þingsins og af tilviljun (sbr. hlutkestið), fyrir vonbrigðum, sem ekki eru venjuleg í almennum viðskiftum. Stefnandi gat að vísu sagt sér sjálfur, að þetta gæti komið fyrir, þar sem alþingiskosningar fóru í hönd og tilögur svipaðar þeim, er gengu fram á Alþingi 1928, höfðu komið fram á þinginu 1927.

Það verður því ekki séð, að hægt sé að taka kröfur stefnanda til greina, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnandans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómarinn getur þess, að þótt ekki séu hér tilgreind einstök dæmi, að þá hafi hann víða leitað upplýsinga, ef hliðstæð dæmi fyndust í löggjöf og dómum landsins, og að hann hefir verið veikur mestallan nóvember og nær allan dezember,

enda þótt hann hafi oftast haft nokkra fótavist, og er það eingöngu af þessum ástæðum, að dráttur hefir orðið á uppsögu dóms þessa.

Miðvikudaginn 13. marz 1929.

Nr. 8/1929. **Réttvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Karli Stefáni Daníelssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).

Íkveikjutilraunir.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. dezbr. 1928: Ákærður, Karl Stefán Daníelsson, sæti betrunarhússvinnu í 3 ár og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður ekki talið, að glæpir þeir, er ákærði hefir gjörzt sekur um, hafi verið fullkomnaðir.

Um íkveikjuna á Laugaveg 52 er það þannig upplýst, að þegar að var komið og eldurinn slökktur, var þilið, er fötin héngu á, aðeins lítið eitt farið að sviðna, en enginn eldur kominn í það.

Þegar búið var að slökkva eldinn á Laugaveg 44, sást, að loftið upp undan körfunni, er ákærði hafði kveikt í, hafði sviðnað dálítið, en eldur ekki kominn í það, og um íkveikjuna í húsinu nr. 12 við Frakkastíg hefir vitni, er þar kom að og slökkti eldinn, borið það, að logað hafi í tuskum á þvottahúsborðinu, og borðið sjálft og veggurinn þar upp af hafi verið farinn að sviðna, og verður að skilja þetta svo, að hvorki hafi verið kominn eldur í borðið eða vegginn. Á öllum þessum stöðum er því um tilraun til íkveikju

að ræða, en ekki um fullnað verk, en um allar þessar íkveikjutilraunir er það að segja, að telja verður vafalaust, að húsin myndu hafa brunnið, ef ekki hefði verið komið svo fljótt að.

Þar sem ákærða var kunnugt um það, að margt fólk bjó í öllum þessum þremur húsum, og húsin öll byggð úr timbri, hlaut honum að vera það ljóst, að fólkinu var bersýnilegur lífsháski búinn með íkveikjum þessum, er gjörðar voru að nóttu til, löngu eftir venjulegan háttatíma.

Verknaður ákærða, sem er fæddur 8. apríl 1902, heyrir því undir 282. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga, en með tilliti til þess, að það þykir upplýst með vottorði geðveikralæknis, Helga Tómassonar, að ákærði er geðveill og prófin í sambandi við læknisvottorðið sýna, að hann hefir framið glæpina undir áhrifum sjúklegrar alkohól verkunar, þannig, að honum verður ekki gefin sök á þeim á sama hátt og andlega heilbrigðum mönnum, ákveðst refsing hans, með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 2 ára betrunarhússvinna.

Ákvæði undiréttardómsins um málskostnað ber að staðfesta. Svo ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Karl Stefán Daníelsson, sæti betrunarhússvinnu í 2 ár. Svo greiði hann allan kostnað máls þessa, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jó-

hannessonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómara Lárusar H. Bjarnason,

í málinu nr. 8/1929: Réttvísin gegn Karli Stefáni Daníelssyni.

Brot ákærða er í héraðsdóminum réttilega heimfært undir 283. gr. hegningarlaganna, en þar sem aldrei kviknaði í húsunum sjálfum, eiga þau einnig undir 47. gr. Og með því að geðveikralæknirinn dr. med. Helgi Tómasson, sem hefir rannsakað sálarástand ákærða, telur það vafalaust, að ákærða hafi »ekki verið ljóst, hvað hann var að gjöra, er hann kveikti í«, og ekki heldur er sjáanlegt, hvað ákærða getur hafa gengið til verknaðarins, ber einnig að taka tillit til 40. gr. hegningarlaganna. Samkv. nefndum heimildum, þykir hegning ákærða, sem er fæddur 1902, hæfilega metin 8 mánaða betrunarhússvinna.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarétti, 100 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Karl Stefán Daníelsson, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Karli Stefáni Daníelssyni, prentara, til heimilis á Laugaveg 28 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 28. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

Hinn 25. ágúst þ. á., um kl. 1 um nóttina, kom upp eldur í húsunum nr. 44 og 52 við Laugaveg. Menn, er áttu leið þar fram hjá, urðu varir við eldinn, og tókst að slökkva hann, án þess að nokkurt verulegt tjón hlytist af. Það kom í ljós síðar, að sá, sem valdur var að þessari eldsuppkomu, var Karl Stefán Daníelsson, ákærður í þessu máli.

Hinn 25. ágúst síðastliðinn hafði ákærður verið við vinnu sína í prentsmiðjunni »Gutenberg« til kl. 5 e. h., eins og venjulega. En frá klukkan 5 og til klukkan að ganga átta, var ákærður áfram í prentsmiðjunni ásamt þremur mönnum öðrum, og drukku þeir þar 4 í sameiningu 2 1/1 flöskur af Spánarvíni úr Áfengisverzlun ríkisins. Klukkan að ganga átta gekk ákærður út úr prentsmiðjunni, einn saman, og upp í kaffihúsið »Fjallkonan« hér í bænum; dvaldi þar hér um bil í 1/2 tíma og drakk þar einn pilsner, og þar hitti hann Vilhjálm Þórarinsson, sem hann gekk með þaðan út, og niður á Hotel Ísland; borðuðu þeir þar, og drakk ákærður 2 pilsnera og jafnframt eitthvað af portvíni. Um kl. 9 gengu þeir Vilhjálmur og ákærður yfir í Bröttugötu, og hittu þar stúlku, að nafni Margrét Sigurðardóttir, og gengu þau 3 saman yfir á Hotel Ísland aftur, og drakk ákærður þar þá einn pilsner. Þá ók ákærður ásamt Vilhjálmi og Margréti í bifreið inn að Laugarnesi; stönsuðu þau þar stutt og óku til baka aftur niður á Grettisgötu 16, og ætlaði ákærður að hitta þar stúlku, en húsið var lokað, og hélt ákærður þá áfram niður í Bankastræti, á móts við Þingholtsstræti, og sté þar út og varð einn eftir, og mun klukkan þá hafa verið rúmlega 10 eða jafnvel 10 1/2. Bifreiðarstjóranum og Margréti virtust báðum ákærður vera undir áhrifum áfengis, en Vilhjálmur virðist ekki hafa tekið eftir því, að svo var. Er ákærður sté út úr bifreiðinni við Þingholtsstræti, ætlaði hann upp í prentsmiðjuna »Gutenberg«, en þar var þá búið að loka, svo hann komst ekki inn, og gekk hann þá niður í bæinn aftur og niður á »Hotel Ísland« og drakk þar einn pilsner. Á meðan ákærður dvaldi þar inni, kom Karl Guðmundsson lögregluþjónn, inn á hótelið. Guð-

mundur Jónsson, þjónn á hótelinu, skýrði lögregluþjóninum frá því, að maður sá, sem brotið hefði rúðu í hótelinu 17. s. m. — en það rúðubrot hafði áður verið tilkynnt á lögreglustöðina — væri þar nú staddur, og benti þjónninn honum á ákærðan. Lögregluþjónninn gekk þá til ákærðs og spurði hann að því, hvort hann hefði brotið greinda rúðu, en hann snerist illur við og kvaðst enga rúðu hafa brotið. Lögregluþjónninn fór þá með ákærðan á lögreglustöðina og þýfgaði hann frekar um rúðubrotið, en hann neitaði stöðugt að hafa brotið þessa rúðu, og var hann kominn í æst skap út af því, að þetta skyldi vera borið á sig, sem og getur hafa stafað af því, að hann var talsvert undir áhrifum áfengis.

Þá ók lögregluþjónninn ákærðum upp að Laugaveg 28 og sá hann ganga upp sundið að húsi því, er hann býr í, og var ákærður þá orðinn rólegri, og skildi þá með þeim.

Þegar ákærður var kominn heim að húsinu, tók hann í útidyrahurðina, en hélt að hún væri lokuð, með því að hún var svo föst aftur, en það er hún venjulega, þótt hún sé ólæst. Ákærður hafði engan lykil á sér, og reyndi ekkert frekara til að komast inn, en hvarf á burtu aftur og niður í Bankastræti, að hann minnir, en þaðan kveðst hann hafa gengið inn að Laugaveg 55 og ætlað að heimsækja móður sína, Ólafíu Pétursdóttur, sem þar býr, en þegar hann kom þangað var húsið lokað, svo að hann komst ekki inn.

Þá sneri ákærður þaðan aftur og gekk niður Laugaveg, og er hann kom að húsinu nr. 52 við Laugaveg, sá hann, að kjallaradyr hússins voru opnar og bjart þar inni í ganginum, og fór hann þar inn til þess að kveikja í vindlingi, en jafnframt kveikti hann í fötum, sem héngu þar í ganginum og var farið að loga í þeim, er hann fór þaðan út aftur. Þá gekk ákærður áfram niður Laugaveg og beygði upp á Frakkastíg, og sá hann þá, að kjallaradyrnar á Laugaveg nr. 44 voru opnar. Ákærður fór þar inn, en þar var dimmt, en þegar hann þreifaði fyrir sér, fann hann körfu, sem í voru tuskur og fleira þesshättar, kveikti hann á eldspítu og bar hana að tuskunum og kveikti í þeim, og tóku þær brátt að loga, og fór ákærður þá út þaðan heim til sín á Laugaveg 28, knúði fast hurðina og kom þá í ljós, að hún var ólæst, og gekk hann þá inn og fór að sofa.

Við rannsókn þessa máls kom það í ljós, að ákærður hafði verið staddur í húsinu nr. 12 við Frakkastíg, 7. maí í fyrra,

seint um kvöldið. Var hann á ganginum á efri hæð hússins, en Ragnar Kristinsson, sem þar býr, kom þar upp ásamt fleiri mönnum og hitti ákærðan. Ákærður var all drukkinn í þetta sinn og gat ekki gjört neina grein fyrir veru sinni á þessum stað, svo Ragnar skipaði honum að fara út og fór með honum sjálfur út fyrir dyr, og skildi þar með þeim. Er ákærður var kominn út fyrir dyrnar, fór hann inn í kjallara hússins, en dyrnar voru ólæstar og jafnvel alveg opnar. Ákærður gekk inn í þvottahúsið, en þar var bjart inni, sá hann tuskur þar á borði, og kveikti hann í þeim, og var kominn dálítill reykur og nokkur sviðalykt, er ákærður gekk út aftur, og var eldurinn slökktur áður en nokkurt tjón yrði.

Ákærður hefir stöðugt neitað því undir rannsókn málsins, að hann hafi brotið rúðu þá á »Hotel Ísland«, sem hann er sakaður um að hafa brotið, og er það að öllu leyti ósannað, að hann hafi framið það brot. Hinsvegar hefir ákærður viðurkennt það, að hann hafi kveikt í hinum þremur áðurgreindu húsum, eins og áður er frá skýrt. Það þykir sennilegt eftir upplýsingum þeim, sem fyrirliggja í málinu, að öll þrjú húsin hefðu brunnið upp, ef ekki hefði verið komið svo fljótlega að og eldurinn slökktur, og jafnframt má það teljast líklegt, að hætta hafi stafað af þessu fyrir líf manna, með því að hér er um stór timburhús að ræða með mörgum íbúum, þar sem og var kveikt í um hánótt, þegar menn eru almennt í fasta svefni. Það virðist og, samkvæmt 285. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, að íkveikjan í þessum þremur húsum hafi verið fullkomnuð.

Ákærður hefir ekkert getað upplýst um það, hverjar ástæður hafi legið til þess, að hann kveikti í þessum húsum, og á annan hátt er það eitt upplýst, að ákærður hefir verið talsvert undir áhrifum áfengis í þau skifti, er hann framdi íkveikjurnar. Ennfremur hefir ákærður verið í bæði skiftin í mjög æstu skapi. Álit geðveikralæknisins, dr. Helga Tómassonar, á ákærðum, er það, að hann sé hvorki fábjáni né geðveikur, en hinsvegar kveður hann ákærðan geðveilan (Psychopath) og hafi hann tilhneigingar til pyromani og dipsomani og sjúklegrar alkoholverkunar, ef hann kemst ölvaður í mikla geðshræringu.

Dómarinn verður að líta svo á, eftir því, sem fram er komið í málinu, að ákærðum hafi ekki verið ljós sú hætta, sem hann stofnaði til með þessari íkveikju, en hinsvegar verður

ekki hægt að líta öðruvísi á, en að hann hafi verið fullkomlega sakhæfur, þrátt fyrir það, að hann var talsvert undir áhrifum áfengis.

Brot ákærðs heyrir að áliti dómarans undir 283. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, eftir þeirri grein, og með tilliti til hreinskilinnar játningar, langrar gæzluvarðhaldsvistar og undanfarandi góðrar hegðunar ákærðs, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 3 ár. Þá greiði ákærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 13. marz 1929.

Nr. 74/1927. **Réttvísin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Ingólfi Bjarnasyni (Jón Ásbjörnsson).

Brenna o. fl.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 29. júlí 1927: Ákærður, Ingólfur Bjarnason, verzlunarmaður í Reykjavík, sæti 2 ára betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 100 kr. til talsmanns síns í héraði, Gunnars málflutningsmanns Benediktssonar.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með úrskurði hæstaréttar 7. jan. f. á. var ákveðið, að framhaldsrannsókn skyldi fara fram í máli þessu, til þess að útvega ýmsar nánar tilgreindar upplýsingar. Hefir sýslumaður Strandasýslu, Halldór Júlíusson, með konunglegri umboðsskrá 25. jan. f. á., verið skipaður til þess að fara með framhaldsrannsóknina, og hafa framhaldspróf hans verið lögð fram í hæstarétti

í málinu, er rekið hefir verið skriflega samkvæmt 2. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú eru fyrir hendi, eru málavextir þeir, er hér greinir.

Vorið 1926 stakk Sveinn J. Valfells, verzlunarmaður í Reykjavík, upp á því við ákærða, að þeir stofnuðu með sér félagsskap til verzlunarreksturs, og leiddi þetta til þess, að þeir, ásamt Guðmundi kaupmanni Þorkelssyni og tveimur öðrum mönnum, stofnuðu hlutafélag, er þeir nefndu »Þór«. Var stofnfundur félags þessa haldinn 1. júlí 1926, og var tilgangur félagsins að reka allskonar verzlun. Stofnfé var ákveðið 50 þúsund krónur, og er það upplýst, að ákærði lagði fram 21 þúsund krónur til hlutabréfakaupa, er hann mestmegnis fékk að láni, Sveinn J. Valfells 22 þúsund krónur og Guðmundur Þorkelsson 5000 kr., er honum þó voru endurgreiddar, en ekkert varð af fjárframlagi hinna tveggja stofnendanna. Ákærði var framkvæmdarstjóri hlutafélagsins og einn í stjórn þess. Félag þetta réði þegar frá byrjun Guðmund Þorkelsson í þjónustu sína og sendi hann til útlanda til þess að kaupa vörur. Keypti félagið vörur, einkum vefnaðarvörur, fyrir yfir 50 þúsund krónur og setti á stofn heildsöluverzlun í Reykjavík. En verzlun þessi gekk illa. Lítið seldist af vörunum og lítill hagnaður á því, sem selt var, en kostnaður mikill. Sökum þessa og einkum af því, að ákærði hafði, gagnstætt tilgangi, félagsins keypt fyrir 20 þúsund krónur hlutabréf í öðrum félögum, er voru mjög lítils virði, var um miðjan október 1926 svo komið fjárhag hlutafélagsins, að gjaldþrot voru fyrirsjáanleg. Tók ákærði þá það ráð, að setja á fót verzlun á Stokkseyri til þess að reyna að selja vörurnar, og leigði hann í því skyni verzlunarhús þar, svonefnd Ingólfshús. Samdist

svo um með ákærða og stjórn h/f. »Þór« á stjórnarfundi í því félagi 20. okt. 1926, að ákærði keypti vörur þess til verzlunar sinnar á Stokkseyri, og fékk hann á þeim 6 mánaða gjaldfrest og mátti skila aftur þeim vörum, er ekki seldust og óskemmdar væru. Var kaupverð varanna í hendur ákærða kr. 59788.45. Lét ákærði flytja megnið af þessum vörum austur á Stokkseyri þ. 10. nóv. og leigði til þess 2 bifreiðar. Var burðarmagn annarar bifreiðarinnar 1½ tonn, en hinnar 1 tonn. Voru vörurnar, er til Stokkseyrar kom, settar í geymsluherbergi við hlið sölubúðarinnar í húsi því, er ákærði hafði leigt. Áður en ákærði flutti vörurnar austur, eða þann 6. nóvember, sótti hann um það til umboðsmanns brunabótafélagsins Sun Insurance Office í Reykjavík, að fá vörur sínar á Stokkseyri vátryggðar hjá því félagi fyrir 70 þúsund krónur, og samþykkti stjórn vátryggingarfélagsins brunatrygginguna með símskeyti, er kom í hendur umboðsmannsins 9 s. m. Ákærði fór til Stokkseyrar ásamt vörunum og tók eitthvað lítið af þeim úr kössunum, en hafði þar aðeins stutta viðdvöl, og hvarf aftur til Reykjavíkur og var þar til 7. dezember, að hann fór austur aftur til Stokkseyrar, til þess að byrja verzlunarreksturinn.

Áður en ákærði fór austur í þetta sinn, keypti hann í sölubúð í Reykjavík tvo steinolíulampa. Voru lamparnir ætlaðir til að hengja á vegg, með olíugeymi úr gleri, er hver um sig tók um ½ lítra. Hefir ákærði skýrt svo frá, að hann hafi tekið lampa þessa með sér, til þess að nota þá í verzlunarhúsunum, af því að rafveita Stokkseyrar var biluð um þessar mundir, og er það upplýst í prófum málsins, að svo var. Er austur kom, keypti ákærði 3 lítra af steinolíu í sölubúð á Stokkseyri, og segist hafa fyllt olíugeyma

beggja lampanna og hengt annan þeirra í sölubúðina, en hinn á nagla, er var á milligjörð milli hillna á suðurhlið herbergis þess, er ákærði geymdi vörur sínar i. En undir hillunum var borð í ca. 90 ctm. hæð frá gólfi, er náði ca. 15—18 ctm. fram fyrir hillurnar, og á naglinn að hafa verið í ca. meters hæð frá borðinu.

Þann 8. og 9. dezember vann ákærði, sem þó ekki hafði leyst verzlunarleyfi, eitthvað að því að verðsetja vörurnar, en að kvöldi hins 9. dez., í útsynningsveðri, kom eldur upp í vörugeymsluherberginu, en magnaðist svo fljótt, að slökkvilið kauptúnsins fékk eigi slökkt hann né varnað því, að hann breiddist út í kauptúninu, og brunnu þar og skemmdust mörg hús og lausafjármunir fyrir rúm 164 þúsund krónur, auk vara ákærða.

Ákærði, er fyrstur sagði til eldsins og einn hafði lykil að húsi því, er fyrst kviknaði í, var grunaður um að vera valdur að brunanum, og var því þegar settur í gæzluvarðhald. En fyrir lögreglurétti Árnessýslu skýrði hann svo frá, að hann hefði séð eld í sölubúðinni, sérstaklega fyrir framan ofn, er þar var, og hélt því fram, að kviknað mundi hafa í út frá ofninum, sem lagt hafði verið i þá um daginn. Og þessu hélt ákærði fram meðan hann var í gæzluvarðhaldinu á Stokkseyri og rannsóknin fór þar fram.

En undir lok janúarmánaðar var ákærði fluttur sem gæzlufangi til Reykjavíkur, og í fyrsta réttarhaldi í lögreglurétti Reykjavíkur kannaðist hann við, að hann hefði sagt rannsóknardómara Árnessýslu ósatt frá um uppkomu eldsins, og gaf nú um það og hlutdeild sína í því skýrslu, svo sem hér greinir.

Um kl. 8½ að kvöldi þ. 9. dezember settist ákærði að spilum í húsi Karls Þorsteinssonar bakara á Stokks-

eyri, ásamt Jóni kaupmanni Jóhannssyni og tveimur öðrum. Áður en byrjað var að spila, fór ákærði ásamt Jóni út í sölubúðina og sótti þangað vindlakassa og flösku með slatta af rommi í, er þeir Jón drukku, blandað heitu vatni og sykri, meðan þeir spiluðu. Var í þeirri ferð ekki kveikt ljós í búðinni, heldur notað vasaljós, er Jón hafði. Kl. um 10½ voru þeir búnir úr flöskunni, og gekk ákærði þá út erinda sinna og segist þá hafa orðið var við í vasa sínum lás, sem upplýst er í framhaldsprófunum, að hann keypti sama dag í sölubúð á Stokkseyri, og ætlaður var fyrir kjallaradyrnar á sölubúðinni. Hugkvæmdist honum þá að setja lásinn fyrir kjallaradyrnar, og gekk því að sölubúðinni, og datt honum í hug á leiðinni að taka með sér flösku af rommi, er geymd var í kassa, sem ákærði kom með frá Reykjavík.

Í kassa þessum var auk flöskunnar mikið af olíumyndum og póstkortum, er ætluð voru til sölu. Fór ákærði inn um kjallaradyrnar, þaðan upp í geymsluherbergið, þar sem vörur hans voru geymdar, og var gólfið þakið kössum þeim, er vörurnar voru í.

Gekk hann eftir kössunum að suðurvegg herbergisins, þar sem olíulampinn hékk á hillumilligerðinni, og kveikti á honum með eldspýtu. Kassi sá, er romm-flaskan og myndirnar voru geymdar í, var undir lampanum, annar endi hans á borðinu undir hillunum en hinn á vörukassa. Náði ákærði upp lokinu af kassanum og beygði sig niður til þess að ná romm-flöskunni, er var á botni kassans, en er hann reisti sig upp aftur, kom hann með vinstri öxlinni við lampann, er datt niður af naglanum og brotnaði á kassahorninu, en olían rann niður í kassann og kviknaði þegar í henni og myndunum. Ákærði kveðst þá hafa gjört tilraun til að slökkva með því að hvolfa kass-

anum og kasta fötum, er í herberginu voru, á eldinn, en árangurslaust. Er eldurinn breiddist út milli útigöngudyranna og ákærða, vafði hann sig teppi, hljóp yfir eldinn og komst út sömu leið og hann kom inn, með sviðið hár á augabrún og höfði og dálítið brenndur á hægri hendi. Hljóp ákærði þá þegar til þeirra, er hann spilaði við, sagði þeim í ofboði frá eldsuppkomunni, og var slökkviliði kauptúnsins þegar gjört viðvart, og kom það á vettvang, en gat ekki slökkt eða stöðvað eldinn, svo sem áður er sagt.

Að vísu eru nokkur atriði í þessari skýrslu ákærða ekki líkleg, og jafnvel grunsamleg, svo sem það og sérstaklega veikir trúverðugleik ákærða, að hann hélt áður fram vísvitandi rangri greinargjörð fyrir eldsuppkomunni, þangað til einsýnt var, að hún hlaut að vera ósönn. En þar sem ákærði hefir staðfastlega haldið fram þessari skýrslu sinni, síðan hann kannaðist við ósannindi hinnar fyrri, og ekki er girt fyrir, að hún geti verið rétt í meginatriðunum, þá þykja ekki fengnar nægar líkur til að sakfella ákærða fyrir brennu af ásettu ráði.

Hinsvegar verður að telja það skort á almennri varkárni, að ákærði fór ofan í kassa með eldfimu efni beint neðan undir lauslega festum steinolíulampa, án þess jafnframt að stilla svo til, að hann gæti ekki rekist á lampann. Verður því að telja ákærðan sekan samkvæmt 286. gr. hegningarlaganna.

Svo sem sagt hefir verið voru vörur ákærða, er brunnu, vátryggðar fyrir eldsvoða hjá Sun Insurance Office og samkvæmt því, er í vátryggingarskírteininu segir, var vátryggt »fyrir allt það tjón, sem bruni veldur á hinum vátryggðu munum, í allt ekki meira en 70 þúsund krónur«. Í fyrsta réttarhaldinu 10. dez. 1926 skýrði ákærði svo frá, að brunnið hefðu vörur, er hann

átti, fyrir 60 þúsund krónur, og þessu hélt hann enn fram í réttarhaldi 13. s. m., að viðstöddum umboðsmanni vátryggingarfélagsins. Í réttarhaldi 14. dez. lækkaði ákærði þó að fyrrabragði upphæð þessa um tæpar 6000 kr., verð vörusendingar, er aldrei hafði komizt í vörzlur hans. En síðar sannaðist, að brunatjón ákærða hlyti að vera a. m. k. 7000 kr. lægra, enda hefir ákærði sjálfur ekki metið það hærra en 46547 kr. 16 aura alls. Ákærði hefir þannig gjörzt brotlegur gegn 261. gr., sbr. 47. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er fæddur 23. apríl 1900, og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot. Þykir refsing hans fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin fjögra mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Svo ber og ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar á meðal 100 kr. til talsmanns síns í héraði og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 300 kr. til hvors.

Út af kæru, er ákærði hafði látið látið leggja fram í hæstarétti, yfir því, að hann hefði sætt illri meðferð í varðhaldinu á Stokkseyri og við rannsóknina þar, er það upplýst með framhaldsrannsókninni, að hætt var um tíma að bera ákærða mat í gæzluvarðhaldið, en honum sagt, að hann gæti fengið mat þegar hann óskaði þess. Ennfremur er það upplýst, að skrifarinn við réttarhöldin þar hefir, er réttarhlé varð, klipið ákærða í eyrun. Og loks er það upplýst, að dómarinn, Magnús Torfason sýslumaður, hafi, er ákærði í réttarhaldi 18. jan. 1927 svaraði engum spurningum, er dómarinn bar upp fyrir hann, látið sækja salmíaksspirítus, og hafi réttarrskrifarinn haldið spirítusnum með annari hendi að nefi ákærða, en hinni hendinni um háls honum. Og er þetta þótti

ekki bera tilætlaðan árangur, með því að salmiak-spirítusinn var gamall og daufur, stakk dómarinn ákærða með títuprjóni í lærið, en stillti þó svo til, að aðeins bláoddurinn snerti lærið. Við þetta hrökk ákærði við, en hefir ekkert mein af því haft.

Nefndum rannsóknardómara hefir eigi verið stefnt til ábyrgðar út af þessu, en þessi verknaður hans er mjög vítaverður. Einnig er það vítavert, að sami dómari synjaði ákærða um leyfi til að ná prestsfundi, meðan hann var í gæzluvarðhaldinu.

Um framhaldsrannsóknina athugast, að hún er á köflum óþarflega langdregin. En aðfinnsluvert er, að rannsóknardómarinn hefir ekki eiðfest umboðsmann vátryggingarfélagsins, og að nokkur vitni hafa verið eiðfest án þess að ákærða væri gefinn kostur á að vera viðstaddur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ingólfur Bjarnason, sæti fjögurra mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal 100 kr. til talsmanns síns í héraði, málflutningsmanns Gunnars Benediktssonar, og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 300 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu, dags. 20. aprílmánaðar þ. árs og birtri 30. sama mán., höfðað gegn ákærðum af réttvísinnar

hálfu fyrir brennu og tilraun til svika gegn vátryggingarfélagi.

Drög málsins eru sem hér segir:

Vorið 1926 stofnuðu þeir Sv. B. Valfells verzlunarmaður, ákærður, Guðmundur Þorkelsson kaupmaður, Sigurjón Markússon fyrv. sýslumaður og Jón Hallvarðsson lögfræðingur, verzlunarfélagið h/f. »Þór« í Reykjavík. Átti höfuðstóllinn að vera 50000 kr. og þar af innborgað af Sv. B. Valfells 22000 kr., af ákærðum 21000 kr. og af Guðm. Þorkelssyni 5000 kr., en hinum síðastnefnda voru greiddar þær aftur um haustið til að losna við hann úr félaginu, að því ákærður ber.

Ákærður var framkvæmdarsjóri félagsins og líka einn af 3 í stjórn þess. Hafði félagið í lok októbermán., að því upplýst er, keypt vörur fyrir rúmar 55000 kr., en selt vörur fyrir tæpar 2400 kr. og er sú tala miklum mun minni en kostnaður félagsins á því tímabili. Þetta leiddi til þess, að félagið komst í peningakröggur, svo að teknar voru af því, með aðstoð fógeta, vörur upp í skuld, og félagið fjárþrota. Á fundi h/f. »Þór« 20. októbermán. samþykkti svo stjórnin að lána ákærðum vörur félagsins, eftir vild, með því að hann ætlaði að setja upp verzlun á Stokkseyri.

Ákærður tók síðan á leigu verzlunarbúð kaupfélagsins Ingólfur á Stokkseyri, sem þá var orðin eign Íslandsbanka, og flutti þangað 10. nóvbr.mán. vörur á 2 bifreiðum aðallega, og voru þær geymdar í verzlunarbúðinni, er hann einn hafði lykla að. Vörubirgðir þessar voru vátryggðar 6. sama mánaðar í enska félaginu Sun insurance office fyrir allt að 70000 kr. Sjálfur fylgdi hann vörunum austur, en hafði þó ekki opnað sölubúð réttum mánuði síðar né heldur undirbúið það, og dvaldi hann þó ekki annríki.

Um kvöldið 9. dezbr.mán. gaus upp eldur í geymsluherbergi fyrir aftan sölubúðina og ágjörðist svo fljótt, að á örlítilli stundu stóð þar allt í björtu báli, og um nóttina brunnu þar niður að grunni 6 hús, er vátryggð voru fyrir 92770 kr., ennfremur skemmdist járn og gluggar á 2 húsum, er vátryggð voru fyrir 10240 kr., auk allra vörubirgða ákærða, ýmislegs lausafjár er aðrir áttu og metið hefir verið 50150 kr. 47 aur., svo og salts, metið á 6375 kr. Enginn maður bjó í sölubúðinni.

Um uppkomu eldsins skýrði ákærður í upphafi svo frá, að hann seint á vöku hafi gengið út örna sinna og orðið ranglað

niður að sjógarðinum á Stokkseyri og þaðan séð eldsglampa í suðurhlið Ingólfsbúðarhússins, og taldi hann, að eldurinn mundi hafa komið frá ofni, sem var í sölubúðinni. Sá vitnisburður gat samt ekki staðist, eftir að mörg vitni, sem gengu þar fram hjá talsvert síðar, báru að þau hafi ekki orðið vör við neinn glampa í búðinni, en eldhafið um sama leyti sézt í geymsluherberginu aftan og norðan við búðina, og framburður ákærðs að öðru leyti rak sig á önnur gögn í málinu.

Þar sem ákærður, eins og áður er sagt, einn hafði lykla að að húsinu, og önnur atvik bentu fastlega í þá átt, að hann hefði farið út í sölubúðina, um það leyti sem eldurinn kom upp, þótti sýnt, að hann hefði valdið brunanum, og það studdi öll framkoma ákærðs, þar á meðal að hann um nótt, eftir að íkveikju hafði orðið vart í húsinu, sem hans var gætt í, fannst úti í hesthúsi, að hann strauk á Kolviðarhól, þrábeiðni hans um að ná í samband við félaga hans o. fl.

Stóð málið þannig, er ákærður seint í janúar 1927 var sendur lögregludómaranum í Reykjavík til prófs, í þeim vændum að fá upplýsingar um samband ákærðs við H/f. »Þór« og þeirra félaga m. fl., eins og segir í lok réttarprófs 18. janúar. En í stað þess að hefja ítarlega rannsókn um þetta allt saman og hin ísjárverðu viðskifti ákærðs við Guðmund Þorkelsson, þar á meðal um kaup á hlutabréfum Titans og Eimskipafélags Suðurlands fyrir margfalt sannvirði, tók lögregudómarinn sér fyrir hendur óbeðið að halda rannsókn um brunann hér á Stokkseyri. Í þeim prófum skýrir ákærður þannig frá uppkomu eldsins:

Um kvöldið 9. dezbr.mán. kom Jón Jóhannsson kaupmaður til ákærðs, þar sem hann borðaði, og fór hann með Jóni út í sölubúð Ingólfs til þess að sækja þangað vindla, er hann hafði borið þangað, samdægurs, og slatta í rommflösku og notuðu þeir vasaljós í þeirri ferð. Þeir fóru þá um skúrdyr á norðurhlið Ingólfsbóðarinnar. Síðan fóru þeir inn að spila. Um kl. $10^1/_2$ um kvöldið hafði ákærður svo gengið út örna sinna, en meðan hann sat á hækjunum hafði hann orðið var við hengilás í vasa sínum, sem hann hafði keypt þá um kvöldið, og nota átti fyrir hurð á kjallaradyrum á norðurhlið Ingólfsbúðarinnar, af því að gamli lásinn hafði verið ónýtur. Datt honum þá í hug að setja lásinn fyrir um leið, en á leiðinni út að kjallaradyrunum hugkvæmdist honum að taka rommflösku, sem átti að vera í smákassa, er stóð ofan á öðr-

um kössum austarlega í geymsluherberginu í norðausturhorni Ingólfsbúðarinnar, fast við skáp þar, en ofarlega í hillubrún skápsins hafi hangið steinolíulampi á nagla, rétt yfir eystra horni rommkassans. Síðar, eftir að upplýst var, að borð, eins og mjaðmarhátt, hafi verið undir skáphillunum, og mun breiðara en þær, skýrir ákærður frá, að partur af rommkassanum, sem var lítill, hafi staðið upp á borðinu á móts við lampann. Ákærður kveðst hafa farið inn um kallaradyrnar og þaðan upp stiga, sem lá upp í geymsluherbergið, kveikt á eldspýtu og farið upp á kassa við lampann, kveikt á honum og sett glasið á hann, náð síðan lokinu af rommkassanum og tekið flöskuna upp, en um leið og hann reisti sig upp hafi hann komið við lampann með vinstri öxlinni, svo hann hafi dottið niður og brotnað á kassahorninu. Hafi þá þegar kviknað í olíumyndum, sem einnig áttu að vera í rommkassanum, en ákærður ekki getað slökkt eldinn, þótt hann reyndi að kæfa hann, og komizt út úr eldinum við það, að hár og augnabrún sviðnaði á honum, svo og brann hann á hendi. Sagði hann svo til eldsins í ofbeði.

Þessi skýrsla getur þó ekki staðist. — Fyrir framan lampann var breitt borð, en ákærður stóð ekki upp á því, það nær því ekki átt, að hann hafi komið við lampann með öxlinni; kjallarahurðin var krækt að innan, og var því með öllu óþarft fyrir ákærðan að breyta um lás, þótt lélegur hefði verið, allra sízt í myrkri og hryðjuveðri þá um kvöldið. Ekkert styður það, að rommflaska hafi verið í kassanum og víst er um það, að það er rangt skýrt frá, að Karl Þorsteinsson hafi fengið rommflösku úr þeim kassa, sú flaska var úr handkofforti og tekin upp við Tryggvaskála, en þess duldist ákærður meðan kostur var. Þá er það upplýst, að ákærður hafði vasaljós þá um kvöldið, en þess hefir hann jafnan dulizt og það horfið með öllu, án þess að grein sé gjörð fyrir. Þegar þess er gætt, að ákærður þykist ekki hafa farið með lyklana að Ingólfshúsinu, og þar með að kjallaradyrunum, í þessari ferð, en hinsvegar borið, að hann hafi búizt við að lásinn væri lokaður, verður allt þetta ferðlag hans harla ósennilegt, þar í myrkrinu. Þá er það mjög tortryggilegt, að breitt var fyrir gluggana í geymsluherberginu og engum manni hleypt inn í herbergið eftir að vörurnar voru fluttar þangað.

Hinsvegar hnígur allur undanfari brennunnar í þá átt, að hér sé um ráðinn glæp að ræða.

Aðalmennirnir í H/f. »Þór«, sem þykjast hafa lagt fé fram, voru félausir menn, og lítt skiljanlegt, að þeir hafi haft verulegt lánstraust, og þá ekki sízt sakir sambands þeirra við Guðmuud Þorkelsson. Félagið kaupir vörur af Guðmundi, sem reyndust óútgengilegar, selur sama sem ekkert fram á haust, og þá falla á það kröfur, sem það getur ekki borgað. Þá er á stjórnarfundi 20. oktbr.mán. ákveðið að lána ákærðum vörur eftir vild, tryggingarlaust og eftirlitslaust, af því hann ætli að setja upp verzlun á Stokkseyri. Þar sem nú vörurnar voru fárra tegunda og mjög mikið af sumum þeirra, enda H/f. »Þór« rekið sem heildverzlun, virtist engin skynsamleg ástæða verða færð fyrir því, að setja slika verzlun upp í jafn fátæku plássi og Stokkseyri er, í byrjun vetrar, og því síður, sem vörurnar þurfti að selja fljótt. Þar sem loks vörurnar voru mjög hátt tryggðar og ákærður hefir ætlað sér að svikja vátryggingarfélagið, verður eftir öllum atvikum ekki unnt að byggja á síðari skýrslu ákærðs, en eftir öllum atvikum verður að telja nægilega sannað, að ákærður hafi með ráðnum hug valdið brunanum.

Eins og áður er getið vátryggði ákærður vörur, sem áttu að geymast í Ingólfsbúðinni, fyrir allt að 70000 kr. Samkvæmt vöruskrá, rskj. nr. 11, áttu vörubirgðir þessar að vera 59788 kr. 45 a. virði, og auk þess bjóst ákærður við að fá meira af vörum til viðbótar. Fyrir rétti 10. dezbr.mán. heldur ákærður því fram, að hann hafi flutt vörur austur fyrir 60000 kr. Í rétti 13. dezbr.mán. var honum sýnd vöruskráin, og gefur hann þá ýmsar upplýsingar í tilefni af því, en breytir ekki þeim framburði. Hinn 14. dezbr.mán. lýsir ákærður því yfir óspurt, að austur hafi ekki verið fluttar vörur Chr. Nielsen & Co., Odense fyrir 5880 kr. 40 a., sem taldar voru á vöruskránni, enda þær legið óinnleystar hjá Sameinaðaða gufuskipafélagiau í Reykjavík frá því í ágúst. Síðar hefir ákærður orðið að játa, að vörur fluttar til Stokkseyrar og brunnar þar hafi ekki numið nema alls 46547 kr. 16 a. Af þeim vörumismun hafi hann meðal annars afhent Guðmundi Þorkelssyni vörur fyrir 5362 kr. 55 a., og skrifstofugögn hafi verið geymd hjá Páli Jónssyni fyrir 1100 kr. Það er því sannað, að ákærður hefir ætlað sér að fá andvirði þessara vara óréttilega greiddar frá vátryggingarfélaginu.

En það er ekki unnt að álíta, að ákærður hafi flutt vörubirgðir austur að Stokkseyri fyrir svo háa fjárhæð.

Það er upplýst, að allar vörubirgðir ákærðs voru, að kalla má, fluttar á tveim bifreiðum frá Reykjavík. Bifreiðarstjórarnir hafa borið, að í annari hafi verið 7—8 kassar, allt að 500 kg. á þyngd, en á hinni 8 kassar, um 600 kg., og er ekkert komið fram, sem hnekki þessum vitnisburði. Samkvæmt framkomnum gögnum sést, að vörur áþekkar þeim, sem fluttar voru, hafa kostað 10—15 kr. hvert kg., upp og niður, og að sömu eða líkri niðurstöðu var komizt við vigt á sumum hinna fluttu vara og líkra vara. Þegar þar við bætist, að sýnishorn af hinum brunnu vörum sýna, að sumt að minnsta kosti hefir verið heldur óvönduð vara og fullt eins þungt að tiltölu við verð, og að í kassa þeim, sem fara átti austur, en eftir varð á Laugaveg 42, var illa eða ódrjúglega látið, getur það ekki náð átt, að í kössum, sem með umbúðum vigtuðu um 1100 kg., hafi komizt vörur fyrir fullar 46000 kr. eða hvert kg. hafi átt að kosta yfir 40 kr. Í því sambandi má og minna á, að vöruskrár yfir 23769 kr. 40 a. vörubirgðir, ósundurliðaðar, samkv. rskj. 11, þar á meðal frá Chr. Nielsen & Co., eru taldar brunnar og að ákærður leyndi verzlunarbókum sínum.

Verður því að telja nægar sannanir komnar fram fyrir því, að ákærður hafi ekki flutt vörur fyrir 46547 kr. 16 a. til Stokkseyrar, þótt ekki sé unnt að ákveða, hve miklu minna það var, en talsverðu hlýtur það að hafa munað.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður verið kærður fyrir neitt afbrot. Afbrot hans á undir 283. gr. og 261. gr., sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning hans hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhússvinna. Svo ber honum að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 100 kr. til talsmanns síns í héraði, Gunnars Benediktssonar málaflutningsmanns. Brunabótafélagi Íslands og umboðsmanni Sun insurance office var gjört aðvart um að krefjast iðgjalda, en hvorki þau né aðrir gjört það og verða því iðgjöld eigi dæmd.

Dómarinn getur þess, að mjög erfitt hafi verið að komast fyrir rætur máls þessa, sem liggja á annað hérað og ákærður alls eigi verið fyllilega einangraður.

Á málinu hefir ekki orðið vítaverður dráttur og vörn í því lögmæt.

Föstudaginn 15. marz 1929.

Nr. 60/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
stjórnendum h/f. Shell á Íslandi, þeim Magnúsi Guðmundssyni, Björgólfi Ólafssyni og Hallgrími Tulinius
(Jón Ásbjörnsson).

Tilkynning til firmaskrár.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. júní 1928: Kærðir, Magnús Guðmundsson, Hallgrímur Axel Tulinius, og Björgólfur Aðalsteinn Ólafsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði í máli þessu, hefir rannsókn farið fram á ný, en með upplýsingum þeim, er fengizt hafa við framhaldsrannsókn þessa, er ekki hnekkt þeirri skýrslu hinna kærðu, að allt hlutaféð hafi verið innborgað þ. 16. jan. f. á., sbr. bréf frá The Anglo Saxon Petroleum Co. Ltd., dags. 16. (ekki 12.) marz f. á., eða fjórum dögum áður en hinir kærðu undirrituðu firmatilkynninguna í Hafnarfirði.

Með þessari athugasemd, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða lögregluréttardóms, ber að staðfesta hann.

Allur kostnaður sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 120 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað. Allur kostnaður sakarinnar í hæstarétti, þar með talin

laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 120 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn stjórn h/f. »Shell á Íslandi«, þeim Magnúsi Guðmundssyni hrm., Fríkirkjuvegi 19, Hallgrími Axel Tulinius, kaupmanni, Lækjargötu 3, og Björgólfi Aðalsteini Ólafssyni, lækni og sjálfseignarbónda á Bessastöðum á Álftanesi, út af meintu broti á íslenzku löggjöfinni um atvinnurekstur.

Hið nefnda hlutafélag var stofnað 14. janúar þ. á. og kærðir kosnir í stjórn þess. Það var tilkynnt til hlutafélagsskrárinnar í Hafnarfirði 20. janúar þ. á., með því að heimilisfang þess er að Skildinganesi við Skerjafjörð, og var tilkynningin undirrituð af stjórnendum félagsins, hinum kærðu. Í tilkynningunni var það tekið fram, að allt hlutafé félagsins væri innborgað, en með því að grunur kom upp um það, að svo væri ekki, fyrirskipaði dómsmálaráðherra í bréfi til lögreglustjóra Reykjavíkur, dags. 30. apríl þ. á., lögregluransókn út af hinum meintu lögbrotum, og málið síðan sent til réttarins til rannsóknar og málshöfðunar gegn þeim, er sekir kynnu að reynast lögum samkvæmt.

Á stofnfundi nefnds hlutafélags var svo ákveðið, að hlutafé þess skyldi vera 500000 krónur og innborgast þegar að fullu. Skyldu þeir Magnús Guðmundsson, Hallgrimur A. Tulinius, Hallgrímur Benediktsson kaupmaður, og Gisli J. Johnsen konsúll, allir til heimilis hér í bænum, leggja fram 2000 krónur hver af hlutafénu, Björgólfur læknir Ólafsson 244 þúsund krónur, Anglo Saxon Petroleum Co. Ltd. og A. S. Debenham í London, félagið 150 þúsund krónur, en A. S. Debenham 98 þúsund krónur. Nema þessar upphæðir til samans kr. 500000.00 og leggja Íslendingarnir fram af þeim 252 þúsund krónur, en útlendingarnir 248 þúsund krónur, og er þá meira en helmingur hlutafjárins eign hérlendra manna.

Kærðir hafa nú haldið því fram, að allt hlutaféð hafi verið innborgað að fullu 16. janúar þ. á. Hafi 8 þúsund krónur

verið borgaðar af því hérlendis, en 492 þúsund krónur í London upp í viðskifti h/f. »Shell á Íslandi« við The Anglo Saxon Petroleum Co. Ltd., sem lætur reisa olíugeyma og stöð fyrir fyrnefnda félagið við Skerjafjörð. Þessi framburður kærðu kemur heim víð bækur Shellfélagsins og við bréf frá Anglo Saxon félaginu til þess félags, dagsett 12. marz þ. á., og þykir því ekki ástæða til að rengja hann, en eftir honum hefir allt hlutaféð verið innborgað 20. janúar þ. á. Þegar tilkynningin til hlutafjárskrárinnar fór fram, og þar sem meiru en helmingur hlutafjárins er eign hérlendra manna, verður ekki séð, að tilkynningin eða atvinnurekstur h/f. »Shell á Íslandi« komi að nokkru leyti í bág við íslenzka atvinnulöggjöf, og verður þá að sýkna kærðu af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og dæma málskostnaðinn af almannafé.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 18. marz 1929.

Nr. 11/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Ásgeiri Jónssyni (Guðmundur Ólafsson).
Sýknaður af kæru fyrir ölvun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. dezbr. 1928: Kærður, Ásgeir Jónsson, skal sýkn vera af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttar dómi, ber að staðfesta dóminn.

Verður samkvæmt þeim úrslitum að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins af almannafé, meðal annars málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður, þar með talin mál-

flutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ásgeiri Jónssyni, til heimilis á Bjargarstíg 17 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Hinn 4. ágúst þ. á. var kærður ásamt fleirum austur í Þrastaskógi. Við Sogsbrúarsporðinn hitti sýslumaðurinn í Árnessýslu kærðan, sem honum virtist ölvaður, og hefir hann því kært hann fyrir ölvun, og hefir haldið því fram, að kærður hafi ekki viljað segja til nafns síns eða heimilisfangs fyr en félagar hans höfðu hvatt hann til þess.

Kærður hefir viðurkennt það undir rannsókn málsins, að hann hafi verið staddur í þetta sinn á þeim stað, er sýslumaður tilgreinir í kæru sinni og á þar tilgreindum tíma, en hann hefir ekki aðeins neitað því, að hann væri ölvaður, heldur kveðst hann alls ekkert áfengi hafa bragðað þann dag. Þá hefir kærður og viðurkennt það, að sýslumaðurinn hafi spurt um nafn sitt og heimilisfang og kveður hann, að sér hafi þótt það svo undarlegt, með því að hann hefði ekki vitað til, að hann hefði gjört neitt fyrir sér, og hafi hann því spurt sýslumanninn að því, hversvegna hann vildi fá að vita nafn sitt, og kveðst hann þá strax hafa sagt honum það.

Í máli þessu hafa verið leidd 5 vitni, sem öll hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Aðalsteinn Sigmundsson hefir borið það, að kærður hafi verið ölvaður í þetta sinn og dregur vitnið það af útliti kærðs og augum, sem hann kveður hafa verið fljótandi.

Ennfremur kveður vitnið, að kærður hafi verið ófús á að segja til nafns síns, og jafnframt kveður vitnið, að kærður hafi komið inn í anddyri Þrastalunds og marg stagast á því, að engin ástæða hefði verið til að skrifa sig upp, og heyrði vitnið að sýslumaður gat þess þá, að þetta nudd kærðs sannfærði sig um, að hann væri ölvaður.

Vitnið Guðmundur Halldórsson, hefir borið það, að kærður hafi verið rauðleitur útlits og tregur til að segja sýslu-

manninum nafn sitt og heimilisfang, einnig að kærður hafi stagast á því, að engin ástæða væri til að skrifa sig upp og jafnframt að sýslumaðurinn hefði látið það í ljósi, að þessi framkoma kærðs bæri vott um það, að hann væri ölvaður.

Vitnið Bjarni Jónsson, hefir hinsvegar borið það, að það hafi alls ekki getað séð, að kærður væri undir áhrifum áfengis, og ekki vitað til, að hann hefði bragðað áfengi þennan dag, en hinsvegar kveður það, að kærður hafi ekki sagt sýslumanninum strax til nafns síns og kveðst það hafa sagt við kærðan, að hann skyldi segja til nafns síns, en það þorir ekki að fullyrða neitt um það, að það hafi verið fyrir þessi orð sín, að kærður sagði til nafns síns.

Vitnið Þorsteinn Sigmundsson, sem sá kærðan öðru hvoru þennan dag og var nálægur, er sýslumaður hitti kærðan við Sogsbrúarsporðinn, hefir borið það, að það hafi alls ekki verið unnt að sjá, að kærður væri undir áhrifum áfengis þennan dag, og jafnframt hefir það haldið því fram, að kærður hafi sagt sýslumanni til nafns síns án nokkurs atbeina félaga hans, en það kveður, að kærður hafi spurt sýslumanninn að því fyrst, hvers vegna han vildi vita nafn sitt.

Vitnið Albert Siggeirsson hefir borið það sama.

Með því að það þykir ósannað, eftir því sem fram er komið í málinu, að kærður hafi verið ölvaður í þetta umrædda sinn, verður að áliti dómarans að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli, og málskostnaður greiðist af almannafé.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Fimmtudaginn 21. marz 1929.

Nr. 48/1928. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Verzlunarfélagi Vestmannaeyja h/f. (Enginn).

Frávísun.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 21. júlí 1928: **Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.**

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu stefndu hefir enginn mætt í hæstarétti, og hefir málið því verið rekið þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Við niðurjöfnun aukaútsvara í febrúarmánuði 1927 gjörði niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar Verzlunarfélagi Vestmannaeyjakaupstaðar h/f. að greiða 5000 kr. aukaútsvar, og er útsvarið var ekki greitt í tæka tíð, krafðist bæjarstjórnin, að það yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað með úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja 21. júlí f. á.

Úrskurði þessum hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 25. ágúst f. á., og hefir stjórn nefnds hlutafélags, þeim Helga Benediktssyni, Jóni Einarssyni og Sigurði Ólasyni, verið stefnt fyrir hönd félagsins, en samkvæmt áritun stefnuvottanna á áfrýjunarstefnuna hefir stefnan aðeins verið birt einum þessara manna, Helga Benediktssyni, en ekki hinum tveimur, og sézt þó ekki af skjölum málsins, að Helgi Benediktsson sé formaður stjórnar hins stefnda hlutafélags. Þessi birting stefnunnar er ófullnægjandi, og þar sem enginn hefir mætt í hæstarétti af hálfu stefndu, verður ex officio að vísa málinu frá réttinum, og fellur þá málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. marz 1929.

Nr. 86/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
M. Júl. Magnús (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, M. Júl. Magnús, greiði 500 kr. sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað í máli þessu, að kærði, M. Júl. Magnús, læknir, hefir látið úti nokkra lyfseðla á árinu 1926 á fyrirskipuð eyðublöð fyrir hærri skammti af áfengi en til er tekinn í 6. gr. reglugjörðar nr. 59, 1. júlí 1925, án þess að getið sé um ástæðuna fyrir þessu á lyfseðlunum.

Þá er það og sannað, að kærði hefir gefið út lyfseðla um áfengi á önnur eyðublöð en hin fyriskipuðu og hærri skammt en 210 gr., án þess að útgáfa seðla þessara hafi verið réttlætt, þar á meðal eigi allfáa lyfseðla, þar sem áfengið einungis er blandað fáum dropum af bragðbætandi efni, svo sem tinctura aromatica.

Með þessu hefir kærði gjörzt brotlegur gegn ákvæðum 5. og 6. gr. ofangreindrar reglugjörðar, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin, eftir 17. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, 700 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 35 daga einfalt fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hèr í rétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, M. Júl. Magnús, greiði 700 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn M. Júl. Magnús, lækni, til heimilis á Hverfisgötu 30 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59 frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. maí 1928, hefir kærður gefið út á árinu 1926, 369 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, og af þeim 354 áfengislyfseðla fram yfir skammt, þá hefir kærður og þetta sama ár, eftir skýrslunni, gefið út 23 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð. Árið 1927 hefir kærður gefið út 71 áfengislyfseðil á fyrirskipuð eyðublöð og þar af 64 áfengislyfseðla fram yfir skammt.

Það sem kærður er sakaður um, er í fyrsta lagi það, að hann hafi árið 1926 gefið út fleiri áfengislyfseðla en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann muni hafa gefið út fleiri en 300 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð á árinu

1926, og kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi átt fyrningu af eyðublöðum frá fyrri árum. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er það tekið fram, að um eyðublöð undir áfengislyfseðla, er hver læknir, þar sem lyfjabúð er, fær hjá landlækni, gildi þær reglur, settar af þessu ráðuneyti, að hver læknir má ekki fá fleiri eyðublöð en 300 á ári. Þetta ákvæði virðist ekki óheimila lækni að gefa út fleiri áfengislyfseðla en 300 á ári, ef hann á fyrningu á eyðublöðum frá fyrri árum, og með því að þetta atriði virðist ekki fara í bága við aðrar gildandi reglur, þá ber að áliti dómarans að sýkna kærðan af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi — líklega á óleyfilegan hátt — ávísað fram yfir ákveðinn skammt.

Kærður hefir kannast við það, að hann hafi ávísað fram yfir ákveðinn skammt, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi því aðeins gjört það, að hann hafi álitið þess brýna þörf og farið þá allt af eftir fyrirmælum 6. gr. reglugjörðarinnar frá 1. júlí 1925. Með því að það er ósannað, að kærður hafi brotið ákvæði áðurgreindrar reglugjörðar, er hann gaf út áfengislyfseðla fram yfir ákveðinn skammt, verður og að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Í þriðja lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta hafa kærðum verið sýndir 12 áfengislyfseðlar, sem hann hefir gefið út á önnur eyðublöð en þau, sem fyrirskipuð eru — fleiri slíkir lyfseðlar frá kærðum hafa ekki fengizt frá lyfsölustjóra, þrátt fyrir skýrslu hans, sem áður er nefnd —, og hefir hann kannast við, að það sé rétt, án þess að geta gjört grein fyrir, hversvegna hann hefir ekki fylgt fyrirmælum laganna í þessu efni.

Þetta brot kærðs, sem ekki hefir verið dæmdur áður fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, heyrir að áliti dómarans undir 5. gr. reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga nr. 15 frá 8. júní 1925, 500 kr. sekt, er renni í Menningarsjóð, eftir 1. gr. laga nr. 54/1928 og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 22. marz 1929.

Nr. 90/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
dr. Carl Paul (Pétur Magnússon).

Kaup á síld til bræðslu af erlendum skipum.

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðar 13. ágúst 1928: Kærður, dr. Carl Paul verksmiðjueigandi, Siglufirði, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.
Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Það má ætla, að kærði hafi keypt hér umrædda síld af skipum, sem hafa verið löglega stödd á Siglufirði, úr því að skipstjórarnir voru ekki sóttir til saka. Og það er ekki ástæða til að ætla, að samið hafi verið um síldarkaupin, áður en skipin komu til Siglufjarðar í þau skifti, sem kærði keypti síldina af þeim.

En við þannig löguð kaup á síld til bræðslu verður ekki talið, að 9. gr. laga nr. 33/1922 eigi, svo sem greinin er orðuð og eftir greinargjörð landsstjórnarinnar fyrir lagafrumvarpinu á sínum tíma.

Það verður því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar, og leggja allan sakarkostnað á almannafé, m. a. varnarlaun skipaðs verjanda í héraði, sem láðzt hefir að til taka þar, og eru ákveðin 30 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, sem ákveðin eru 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, dr. Carl Paul, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og hæstarétti, greiðist af almannafé, þar á meðal varnar-

laun Alfons Jónssonar, cand. jur., 30 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Stefáns J. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. hvorum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn síldarverksmiðjueiganda, dr. Carl Paul, Siglufirði, fyrir að hafa gjörzt brotlegur gegn lögum 19. júní, nr. 33/1922, með því að kaupa nýveidda síld af erlendum fiskiskipum til síldarverksmiðju sinnar, Siglufirði, án leyfis atvinnumálaráðherra og að nokkru þrátt fyrir bann atvinnumálaráðuneytisins.

Málavextir eru þessir:

Kærði hefir keypt síld af nokkrum skipum svo sem hér segir:

af v/k.	Stormfuglen	21/7	15½	mál
- e/s.	Olga	22/7	205	–
- e/s.	Signal	23/7	508⅔	—
- e/s.	Huginn	s. d.	482⅓	—

Síld þessa kveður kærði sig hafa keypt af Íslending, Steini Emilssyni, sem er fastráðinn efnafræðingur við verksmiðju hans, en að Steinn Emilsson hafi keypt hana af norsku skipunum. Á þetta verður ekki fallizt. Eins og rannsókn málsins ber með sér, verður kærði að álítast hinn raunverulegi kaupandi.

Þá hefir kærði, eftir að honum var tilkynnt, að atvinnumálaráðuneytið hefði bannað honum að kaupa síld af erlendum skipum, keypt svo sem hér segir:

Af norska síldveiðaskipinu	Enos	30/7	15½	mál	
- —	——	Henry og Martha	30/7	5½	—
- —	——	Melkevik . . .	30/7	17½	—
- —	——	Defender . . .	2/8	15½	—

Um kaup þessi er ekkert fyrirfram samið, heldur eftir á, er skipin komu á Siglufjarðarhöfn, af tilviljun, með veiði sína.

Hér er tvennt að athuga:

1. Hafa erlend skip leyfi til að setja veiði sína á land og að hve miklu leyti?
2. Er þeim sérstaklega bannað að selja síldarverksmiðjum á landinu síldveiði, sem þeim væri bannað að selja öðrum?

Að því er fyrra atriðið snertir, þá bannar 3. gr. 2. mgr. laga 33/1922 útlendum fiskiskipum »að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi«. Samkvæmt þessum síðast tilvitnuðu orðum, verður að telja það óleyfilegt erlendum skipum að hafast við við land, svo að skipin hafi stöð á íslenzkri höfn, eða innan landhelgi, og í ástæðum fyrir lagafrumvarpinu segir m. a.: »erlendum fiskiveiðaförum ekki meinað að leita hafnar, til þess að taka kol eða aðrar nauðsynlegar vistir, eða til þess að selja veiði sína, ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar sýni, að farið hefir stöð í höfn«. Og í praxis hefir þeirri reglu verið fylgt. Í hverju einstöku tilfelli getur það oft verið örðugt fyrir dómstólana að dæma um, hvort svo mikið kveði að sölunni, að skipið hafi stöð í höfn, en sú sala sem hér hefir átt sér stað, er auðsjáanlega ekki þess eðlis, að skipin hafi haft stöð í höfn. Skipin hafa því mátt selja hina seldu veiði í land, og er þá eftir að rannsaka, hvort nokkur lagaákvæði hamli því, að skipin hafi selt hina seldu veiði sína síldarverksmiðjum í landinu. Er þá komið að öðru úrlausnaratriðinu: er erlendum skipum sérstaklega bannað að selja síldarverksmiðjum í landinu síldveiði sína, sem þeim væri leyfilegt að selja öðrum, eða í öðru skyni, t. d. til söltunar?

Um það atriði hefir nokkuð verið deilt, og er það 9. gr. téðra laga, sem helzt mætti ætla, að bannaði slíka sölu til verksmiðjanna. 9. gr. segir: »atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess að eigendum síldarolíu eða fóðurmjölsverksmiðju, eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip, til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í 2. málsgrein 3. greinar«. Það verður varla sagt, að verksmiðjurnar *noti* erlend skip til að fiska fyrir sig, þótt þær kaupi í einstaka tilfellum síld (eða aðra veiði) af skipum, sem komin eru í höfn, án þess áður sé um kaupin samið og án þess að svo mikið kveði að kaupunum, að skipin við það hafi stöð í höfn. Það verður því að telja rétt, að greinin eigi eingöngu við kaup samkvæmt föstum samningi frá skipum, sem hafa stöð í höfn, en um önnur kaup af erlendum fiskiveiðaskipum, fari, eftir því sem annars er leyfilegt, samkv. 3. gr. laganna. En það sem þó hér virðist taka allan vafa af, er tilgangur 9. gr. Tilgangurinn með þeirri grein var sá, að heimila atvinnumálaráðherra að veita erlendum skipum leyfi, til þess að selja síldarverksmiðjum veiði sína, þótt svo mikið kveði að sölunni,

að skipin höfðu stöð í höfn, m. ö. o. að veita heimild til undanþágu fyrir síldarverksmiðjurnar frá 3. gr. (2. mgr.), þar sem álitið var, að fengju síldarverksmiðjurnar ekki leyfi til þess að kaupa síld af erlendum skipum, nema að svo miklu leyti, sem þau höfðu ekki stöð í höfn (3. gr. 2. mgr.), mundi það verða síldarverksmiðjunum alls ófullnægjandi.

Það hefði og líka verið óeðlilegt og gagnstætt íslenzkum hagsmunum, ef lögin hefðu ákveðið, að erlend skip mættu almennt selja meiri síld til söltunar en til bræðslu í verksmiðjum, því að síld til söltunar, keypt af erlendum skipum, keppir meir við síldarframleiðslu landsmanna en bræðslusíldin.

Í ástæðum lagafrumvarpsins, sérstaklega fyrir 9. gr., er sama skilningi haldið fram.

Þar segir:

»Þar sem verksmiðjur, sem vinna síldarlýsi og síldarmjöl, eins og nú er, geta ekki fengið nægilegt efni til starfrækslu verksmiðjanna frá íslenzkum skipum eingöngu, þykir rétt að gjöra þeim mögulegt á þann hátt, sem hér er lagt til, að nota erlend för til þess að flytja þeim síld, veidda utan landhelgi, umfram það sem annars er leyft«. Orðin: »umfram það sem annars er leyft«, sýna ljóslega, að með 9. gr. á ekki, m. a., að veita heimild til þess að banna að selja síldarverksmiðjum þá síld erlendra skipa, sem skipunum væri annars heimilt að selja öðrum, heldur að veita atvinnumálaráðherra heimild til undanþágu frá lögunum fyrir síldarverksmiðjurnar.

Eftir þessum úrslitum verður eigi séð, að skip þau, er að framan ræðir um, að selt hafi dr. Carl Paul veiði sína, hafi gjört sig sek í ólöglegri sölu, og að dr. Carl Paul hafi þá líka heldur ekki gjört sig sekan um ólöglegt athæfi eða í broti á lögum nr. 33/1922 við að kaupa þá síld til verksmiðju sinnar, og að kærðan, dr. Carl Paul, beri því að sýkna af ákæru valdstjórnarinnar í þessu máli og að kostnaður við sökina greiðist af almannafé.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 22. marz 1929.

Nr. 95/1928. **Erlendur Erlendsson**
gegn
Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 8. apríl 1929.

Nr. 58/1928. **Jóhannes Einarsson** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Kaupfélagi Grímsnesinga (Svb. Jónsson).

Niðurjöfnun á reksturstapi kaupfélags á félagsmenn eftir viðskiftamagni þeirra.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 27. ágúst 1928: Stefndur, Jóhannes Einarsson í Eyvík, greiði stefnanda, Kaupfélagi Grímsnesinga, 495 kr. með 5% ársvöxtum frá 31. dezbrmán. 1922 unz greitt verður og 100 kr. í málskostnað. Dómi þessum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirting hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Hið stefnda kaupfélag var stofnað árið 1919. Virðist verzlunarrekstur þess hafa gengið sæmilega fyrsta árið, og var tekjuafgangur þá talinn kr. 6305.95, en árið eftir, 1920, varð rúmlega 3000 kr. tekjuhalli á rekstri þess, og á reikningunum fyrir árið 1921 er

tekjuhallinn talinn kr. 7907.12. Með því að stjórn félagsins þótti jafnvel líkindi til þess, að tekjuhalli félagsins væri í raun og veru enn meiri, ákvað hún á fundi 9. júlí 1922 að fá 2 menn útnefnda af sýslumanni, til þess að virða hús og aðrar eignir félagsins, og láta síðan gjöra upp allan hag félagsins. Hinir útnefndu menn töldu nauðsynlegt að skrifa af eignum félagsins 38000 kr., og á fulltrúafundi í félaginu 1. dezbr. 1922 var ákveðið, að reikna skuli út nú þegar verzlunarhalla félagsins, og var framkvæmdarstjóra og stjórn falið að jafna hallanum niður á félagsmenn og færa hallann inn á reikninga félagsmanna fyrir árið 1922.

Stjórnin jafnaði þó ekki niður hærri upphæð en 36467 kr. 75 aur., eða 11 % af viðskiftamagni félagsmanna árin 1919—1922, og á aðalfundi félagsins 9. febr. 1923 voru reikningar félagsins fyrir árið 1922 samþykktir í einu hljóði.

Með þessum gögnum verður það að teljast sannað, að tap félagsins hafi við árslok 1922 numið að minnsta kosti þeirri upphæð, er jafnað var niður á félagsmenn. Samkvæmt þessari niðurjöfnun kom í hlut áfrýjanda 495 kr. Áfrýjandi, sem sagði sig úr félaginu 21. apríl 1921, vefengir nú fyrst og fremst, að heimild hafi verið til að jafna hallanum niður á félagsmenn eftir verzlunarmagni þeirra á árunum 1919—1922, en á þetta verður ekki fallizt. Það er nú að vísu svo, að ekkert beint ákvæði finnst í samþykktum félagsins um það, hvernig verzlunarhalla þess skuli jafnað niður, en þar sem svo er sagt í 18. gr. félagslaganna, að ágóða félagsins skuli skift milli félagsmanna hlutfallslega við vöruúttekt þeirra í félaginu yfir árið, verður að álíta, að tap félagsins eigi og að skiftast á félagsmenn eftir sömu hlutföll-

um, enda er það helzt í samræmi við tilhögun félagsins. Og þar sem tap félagsins, sem aðallega stafar af verðfalli á eignum þess, án þess bennt verði á neitt einstakt ár sérstaklega, þykir eðlilegt og sanngjarnt að jafna tapinu á viðskiftamagn félagsmanna, öll árin 1919—1922.

Í 8. gr. í lögum félagsins frá 5. marz 1921 er ákveðið, að sá félagsmaður, sem segir sig úr félaginu, »beri þó ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins ásamt félagsmönnum, þar til reikningar yfirstandandi árs og hins næsta árs eru fullgjörðir, endurskoðaðir og samþykktir á aðalfundi. Sýni þeir reikningar gróða eða tap á félaginu, tekur úrsegjandi sinn þátt í hvoru sem er eins og félagsmenn«. Við þetta ákvæði félagslaganna var áfrýjandi bundinn, og var því heimild til þess að jafna tapinu á hann eins og aðra félagsmenn.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að ábyrgð hans á tapi félagsins hafi verið fyrnd, er málssókn þessi hófst, samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 36, 27. júní 1921 um samvinnufélög, en hér að lútandi ákvæði 8. gr., verður samkvæmt greinargjörð laganna, er þau voru lögð fram á Alþingi, að skilja svo, að tap félagsins verði að vera gjört upp að fullnustu innan 2ja ára frá næstu áramótum eftir úrgöngu, en ekki svo, að málssókn skuli byrjuð gegn úrsegjanda innan þess tíma.

Hið niðurjafnaða gjald til félagsins fyrnist hinsvegar á 4 árum, eins og aðrar verzlunarskuldir, og þar sem sáttakæra var birt áfrýjanda hinn 23. dezbr. 1926 var fyrningarfrestur ekki liðinn, hvort sem fyrningarfresturinn telst frá 31. dezbr. 1922 eða 9. febr. 1923.

Það ber því, samkvæmt kröfu stefnda, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og verður jafnframt að dæma

áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Jóhannes Einarsson, greiði stefnda, Kaupfélagi Grímsnesinga, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 24. maímán. f. árs, hefir stefnandi, Kaupfélag Grímsnesinga, krafizt, að stefndur Jóhannes Einarsson í Eyvik verði dæmdur til að greiða sér skuld að fjárhæð 495 kr. með 5 % ársvöxtum frá 31. dezbrmán. 1922 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Stefndur hefir krafizt, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, svo og sér dæmdur málskostnaður.

Frávísunarkröfuna styður stefndur með því, að annar maðurinn, sem birti sáttakæruna, hafi ekki verið eiðsvarinn stefnuvottur, en þar sem stefndur mætti á sáttafundinum, getur það enga þýðingu haft fyrir málið, sbr. 10. gr. laga 63/1917. Sama er um þá mótbáru, að annar sáttasemjarinn hafi verið deildarfulltrúi í kaupfélaginu, og þá er það ekki, gegn yfirlýsingu sáttamanna sannað, að sáttaumleitunin hafi farið fram fyrir opnum dyrum. Þá verður að telja, að stefnandi hafi haft nægjanlegt umboð til að reka málið, enda það síðar staðfest af stefnanda, og loks getur það eigi valdið frávísun, að í sáttakærunni er krafizt 7 % ársvaxta, þar sem þetta atriði hefir með höfuðkröfunni verið lagt til sátta og sáttaumleitun fór fram.

Frávísunarkröfur stefnds geta því ekki orðið teknar til greina.

Umstefnd skuld er þannig tilorðin, að í ársbyrjun 1922 þótti sýnt, að kaupfélagið, meðal annars sakir verðfalls, hefði tapað allmiklu fé, og varð það til þess, að samþykkt var á stjórnar-

fundi og síðan á fulltrúafundi, að 2 menn, er sýslumaður nefndi til, skyldi meta eignir félagsins, og hagur þess allur síðan gjörður upp, til þess að verzlunarhalla þeim, er fram var kominn, yrði jafnað niður á félagsmenn.

Fór svo matið fram og töldu virðingarmenn tapið um 38000 kr., en af því lét stjórnin jafna niður á félagsmenn 36467 kr. 75 aur. eða 11% af viðskiftamagni þeirra, samkvæmt samþykkt á fulltrúafundi 1. dezbr. 1922, og var þessi ráðstöfun svo samþykkt á aðalfundi félagsins 9. febrmán. 1923.

Heimild sína til að jafna verzlunarhallanum á félagsmenn byggir stefnandi á 8. gr. í lögum Kaupfélags Grímsnesinga 5. marzmán. 1921, en samkvæmt henni taka félagsmenn þátt í gróða eða tapi félagsins samkvæmt reikningum þess, eigi aðeins úrsagnarárið, heldur einnig þar til reikningar þess árs og hins næsta eru fullgjörðir, endurskoðaðir og samþykktir á aðalfundi.

Stefndur var félagsmaður þar til í apríl 1921, að hann virðizt hafa sagt sig úr félaginu. Honum var því réttilega gjört að taka þátt í öllu því tapi, er fram var komið í árslok 1922, og er fært tapið til skuldar, eftir að aðalfundur hafði samþykkt niðurjöfnunina hinn 9. febrmán. 1923, eins og hver önnur verzlunarskuld við félagið.

Stefndur hefir viljað halda því fram, að skuldin hafi verið fyrnd, en með því að fyrningarfrestur byrjaði eigi fyr en 31. dezbrmán. 1923, nær sú mótbára eigi neinni átt.

Samkvæmt þessu verður að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina, og málskostnaður metinn 100 kr.

Mánudaginn 8. apríl 1929.

Nr. 93/1928. **Magnús Vernharðsson** (Svbj. Jónsson)
gegn
Sigurði Jónssyni o. fl. (Enginn).

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt áfrýjunarstefnunni, útg. 20. dezbr. f. á., að áðurfengnu áfrýjunarleyfi, átti að þingfesta málið

í marzmánuði þ. á. og stefndu að fá 5 vikna stefnufrest, miðað við 1. dag mánaðarins, sbr. 21. gr. hæstaréttarlaganna.

En þar sem stefnan var ekki birt fyrr en 6. febrúar, hafa stefndu, sem mættu ekki við þingfestingu málsins, fengið ofstuttan stefnufrest.

Verður því ex officio að frávísa málinu, sem rekið hefir verið skriflega, samkv. 1. lið. 2. mgr. 38. gr. hrél., og kemur málskostnaður, að svo vöxnu máli, ekki til greina.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. apríl 1929.

Nr. 21/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Elísabetu Eiríksdóttur (Guðm. Ólafsson).

Áfengissala.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. febr. 1929: Kærð, Elisabet Eiríksdóttir, sæti 600 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og greiði innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærða í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Svo greiði kærð allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann og

telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærða, Elísabet Eiríksdóttir, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Elísabet Eiríksdóttir, ráðskonu á Bræðraborgarstíg 14 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar nr. 67 frá 24. ágúst 1928, um sölu og veitingu vína þeirra, sem ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, og áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Þrír bifreiðarstjórar hér í bænum, þeir, Sigurður Guðmundsson, Þingholtsstræti 8 B, Tryggvi Tómasson, Grundarstíg 56 og Ingólfur Einarsson, Grettisgötu 22 B, hafa borið það, að þeir hafi hver um sig keypt nokkrar flöskur af spánarvíni, White Lissabon Wine, af kærðri, yfir 10.00 kr. heilflöskuna. Þetta vín keyptu þeir til þess að útvega það farþegum sínum, sem þeir voru að aka með um bæinn. Sök bifreiðarstjóranna verður afgjörð í öðru máli.

Kærð hefir játað, að framburður vitnanna sé réttur, hún kveðst nokkrum sinnum hafa selt hverjum þeirra umrætt vín, og jafnframt hefir hún játað, að hún hafi selt ýmsum fleiri mönnum, sem til hennar hafa komið, samskonar áfengi með sama verði. Áfengið hefir hún keypt í Áfengisverzluninni

fyrir kr. 7.00 hverja flösku, sem hún hefir, eins og fyr segir, selt fyrir kr. 10.00.

Salan hefir oft gengið talsvert fram á næturnar, en umsetningin segir kærð, að hafi verið fremur lítil. Þar sem ekki hefir tekizt að færa sönnur að því nánara, hve mikil umsetningin hefir verið, og þetta er fyrsta brot kærðrar, verður ekki talið nægilega sannað, gegn mótmælum kærðrar, að salan hafi verið rekin sem atvinna.

Í reglugjörðinni nr. 67 frá 1929, er það að vísu hvergi beinlínis bannað einstökum mönnum að selja þau spánarvín öðrum, sem þeir hafa keypt í Áfengisverzlun ríkisins, en 3. gr. reglugjörðarinnar og 9. gr., virðast tvímælalaust verða að skilja svo, að þar sé tæmandi upptaldir þeir, sem heimild hafa til að selja vínin og veita þau. Það verður heldur ekki séð, að áliti réttarins, hvaða skynsemi mælir með því, að setja þeim, sem hafa heimild til að selja vínin samkv. reglugjörðinni, margskonar takmarkanir um það, hvenær þeir megi selja vínin, hverjum þeir megi selja þau og á hvern hátt megi veita þau, ef salan væri öðrum einnig heimil án fyrnefndra takmarkana.

Rétturinn verður því að álíta það heimilt að gagnálykta frá ákvæðum 3. gr. reglugjörðarinnar og telur, að kærð hafi með framferði sínu brotið gegn ákvæðum hennar. En samkv. 14. grein reglugjörðarinnar verður að ákveða refsinguna fyrir þetta brot eftir viðeigandi refsiákvæðum áfengislaganna og er þau að finna í 32. grein þeirra. Refsing kærðrar, Elísabetar Eiríksdóttur, þykir samkvæmt þessari grein hæfilega ákveðin 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærða í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Svo greiði kærð allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 12. apríl 1929.

Nr. 26/1929. **Réttvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Helga Benediktssyni (Guðm. Ólafsson).

Mótþróa við stefnuvotta.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 6. nóvbr. 1928: Ákærði, Helgi Benediktsson, á innan fjögra vikna frá birtingu þessa dóms að greiða 500 kr. sekt í ríkissjóð, en að öðrum kosti afplána hana með 31 dags einföldu fangelsi. Auk þess á hann að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Helgi Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það má telja upplýst í máli þessu, sumpart með játningu ákærða sjálfs og sumpart með eiðfestum vitnaframburðum, að hann, Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, hafi, er stefnuvottar kaupstaðarins birtu honum sáttakæru á heimili hans 6. júní þ. á., bannað þeim að lesa kæruna upp og skipað þeim að fara út. Ennfremur má telja sannað, að ákærði hafi við þetta sama tækifæri þrifið nefnda sáttakæru og afrit hennar úr höndum annars stefnuvottsins og hent þessu út.

Með þessu athæfi hefir ákærði gjört sig brotlegan gegn 2. málsgr. 99. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 101. gr. sömu laga og telst refsingin hæfilega ákveðin 500 króna sekt, er greiðist innan fjögra vikna frá birtingu þessa dóms, en afplánast að öðrum kosti með einföldu fangelsi í 31 dag og er þá tekið tillit til þess, að ákærði hefir ekki til þessa tíma verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

Auk þess greiði ákærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið. Sá dráttur, sem varð á fyrirtekt þess, stafaði af að á því tímabili varð að taka fyrir mesta sæg fógetamála og einkamála, en dómaranum engin aðstoð ætluð til þessa.

Miðvikudaginn 17. apríl 1929.

Nr. 83/1928. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs (Stef. Jóh. Stefánsson).

Krafa áfrýjanda um skaðabætur m. m. út af frávikningu hans úr sýslumannsembætti eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 30. júní 1928:

1. og 2. kröfuliðum stefnandans, fyrv. sýslumanns Einars M. Jónassonar, í máli þessu, vísast frá dómi.

Stefndir, ráðherrarnir Jónas Jónsson og Magnús Kristjánsson, f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af skaðabótakröfu stefnanda í málinu, en hann að greiða þeim 500 krónur í máls-

kostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að stefndu hafa einnig hér í rétti gjört kröfu um að verða sýknaðir af bótakröfum áfrýjanda og að upplýsingar þær, er áfrýjandi hefir lagt hér fram af nýju, geta ekki raskað niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, má staðfesta dóminn, þó með þeirri leiðréttingu á sögu málsins í forsendum hans, að löghald var gjört hjá áfrýjanda í verðmætum, sem námu alls 147.595 kr. 75 aur. Samkv. þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum af fv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu, Einari M. Jónassyni, til heimilis á Patreksfirði, með utanréttarstefnu, dagsettri 16. apríl þ. á., gegn dómsmálaráðherra Jónasi Jónssyni, f. h. ríkissjóðs, og hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að þola dóm til: 1) ógildingar á frávikningu stefnanda sem sýslumanns í Barðastrandarsýslu sem með öllu ástæðulausri og lögum gagnstæðri og öllum öðrum ráðstöfunum stefnds í sambandi við embættisveitinguna í Barðastrandarsýslu sem markleysu, 2) að núverandi dómsmálaráðherra eða hver annar, er kynni vera það, f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til, að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, að setja stefnanda inn í embætti sitt í

Barðastrandarsýslu með öllum réttindum og skyldum, er því fylgdu hans embættistíð, honum að kostnaðarlausu, ella greiða honum skaðabætur miðaðar við full laun ásamt uppbót, sem starfandi embættismanni og miðað við venjulegan embættisaldur eða lífstíð, með hæfilegri hliðsjón af aukatekjum embættis þess, svo sem verið hafa og verða kunna hans embættistíð, og 3) til þess, f. h. ríkissjóðs, að greiða sér skaðabætur allt að 200000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — miðað við álitshnekki og traustsspjöll, sem og eignatjón, sem öll þessi misbeiting á embættisvaldi ráðherrans hafi bakað sér, svo og allan kostnað af máli þessu að skaðlausu eftir mati gestaréttarins.

Með framhaldsstefnu, dagsettri 12. maí þ. á., hefir stefnandi stefnt Magnúsi Kristjánssyni, fjármálaráðherra, sumpart til að hlýða á vitnaleiðslu í málinu og sumpart til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs, að því er til fjárútláta komi eftir stefnunni á hendur dómsmálaráðherranum.

Báðir hinir stefndu ráðherrar hafa látið mæta í málinu og gjöra þær réttarkröfur, að 1. og 2. kröfulið stefnanda verði vísað frá dómi, þeir sýknaðir af 3. kröfuliðnum og stefnandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað í málinu að skaðlausu með að minnsta kosti 2000 krónum, og sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Með bréfi, dagsettu 28. nóvember f. á., vék dómsmálaráðherra stefnanda frá embætti hans um stundarsakir. Hinn 6. janúar þ. á. var honum með konungsúrskurði vikið úr embætti fyrir fullt og allt.

Það hefir aldrei verið dregið í efa, að ráðherra Íslands hefði, vald til þess að setja sýslumenn og bæjarfógeta frá embætti um stundarsakir og eins til hins, að setja menn til bráðabyrgða í þessi embætti, og meðan landshöfðingjadæmið var við lýði, hafði jafnvel landshöfðingi þetta vald (Auglýsing um verksvið landshöfðingja frá 22. febr. 1875, 4. gr.). Eftir 16. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920 veitir konungur þessi embætti og getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt þau.

Það er því bert, að framkvæmdarvaldið í gjörðum sínum, sem snerta stefnanda og ráðstöfun embættis þess, er hann hafði, og stefnt er út af í þessu máli, hefir haldið sér innan valdssviðs síns, og geta dómstólarnir þá ekki dæmt gjörðir þess ógildar eða breytt þeim að neinu leyti.

Verður því að taka til greina kröfu hinna stefndu um frávísun 1. og 2. kröfuliðs stefnanda í þessu máli.

Hinsvegar verður að álíta, að það heyri undir valdsvið dómstólanna að skera úr því, hvort framkvæmdarvaldið með framferði sínu gagnvart stefnanda hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum, og heyri því 3. liðurinn í kröfum stefnanda undir úrlausn dómstólanna.

Það er upplýst í málinu, að þótt stefnandi sjálfur telji embættisrekstur sinn hafa verið óaðfinnanlegan og í bezta lagi eftir því sem um var að gjöra með skrifstofufé því, sem embætti hans var lagt, — að hann hefir ekki getað staðið skil á fé því, sem í vörzlum hans, sem sýslumanns í Barðastrandarsýslu, átti að vera tilheyrandi ríkissjóði, sýslusjóði Barðastrandarsýslu, dánar- og þrotabúum o. fl. Var því af hálfu fjármálastjórnarinnar lagt löghald á eignir stefnanda vestra til tryggingar kröfu hennar á hendur honum sem fyrverandi sýslumanns, að upphæð kr. 141950.18, en til tryggingar kröfunni fengust aðeins við löghaldsgjörðina munir virtir á kr. 94405.75 (réttarskjal nr. 28). Síðar, 20. marz þ. á., veðsetti stefnandi fjármálastjórninni lóð með húsi í smíðum, sem hann á hér í bænum, »til tryggingar þeim eftirstöðvum af kröfu fjármálaráðuneytisins á hendur mér, sem eigi hafa fengizt tryggðar með löghaldi, sem lagt hefir verið á eignir minar undanfarna daga« (réttarskjal nr. 30). Liggur í þessari veðsetningu stefnanda nægileg viðurkenning þess, að hann hafi ekki getað staðið skil á fé því, sem í vörzlum hans átti að vera sem sýslumanns, en það eitt var nægt til réttlætingar frávikningarinnar um stundarsakir, sbr. 12. gr. auglýsingar um reglugjörð um opinber reikningsskil frá 17. júní 1915.

Þegar stefnandi hafði fengið framannefnt frávikningarbréf dómsmálaráðherra, dags. 28. nóvember f. á. og fyrirskipun um það að afhenda þeim, er settur hafði verið til þess að taka við embættinu af honum og gegna því um stundarsakir, skjalasafn embættis síns, bækur, peninga og annað, er embættinu ætti að fylgja, setti hann aukarétt Barðastandarsýslu, 30. s. m., þótt vikið væri þá frá embætti um stundarsakir, og kvað upp úrskurð, þess efnis, að hann teldi óforsvaranlegt að afhenda embættið eða nokkuð því tilheyrandi. Símaði úrskurð þennan blöðum hér í bænum til birtingar, trássaðist við að afhenda eftirmanni sínum það, er embættinu tilheyrði, svo að senda þurfti annan mann héðan úr bænum, til þess að taka

með fógetavaldi embættisplöggin af stefnanda og afhenda þau eftirmanninum.

Þetta framferði stefnanda gjörði að áliti réttarins það óumflýjanlegt fyrir dómsmálaráðherra, að láta frávikninguna fyrir fullt og allt úr embættinu fylgja svo fljótt á eftir frávikningunni um stundarsakir og raun var á.

Rétturinn fær því ekki séð, að dómsmálaráðherra hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda með frávikningu hans úr sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, og verður því að taka til greina sýknukröfu stefndra af skaðabótakröfu hans og kröfu þeirra um málskostnað hjá honum, sem þykir nægilega ákveðinn 500 krónur.

Hinsvegar þykir ekki alveg næg ástæða til þess að sekta stefnanda fyrir óþarfa málsýfingu, þar sem þriðji liður kröfu hans heyrir að áliti réttarins undir úrlausn dómstólanna og dómur er ekki enn genginn í því máli, er fjármálastjórnin hefir höfðað gegn honum út af sjóðþurðinni hjá honum.

Föstudaginn 19. apríl 1929.

Nr. 2/1929. **Réttvísin** (Sveinbj. Jónsson)
gegn
Sigurpáli Sigurðssyni (Lárus Fjeldsted).
Nauðgunartilraun.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 4. júní 1928: Kærður, Sigurpáll Sigurðsson, skal vera sýkn af kæru réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður greiðist af almannafé, þar á meðal 30 kr. til talsmanns kærðs, útbankastjóra Eiríks Einarssonar.

Dómur hæstaréttar.

Stúlkan Þórdís Gísladóttir í Reykjavík hefir um viðureign sína og ákærða í Þrastaskógi þ. 24. júlí 1927 gefið fyrir lögregluréttinum og staðfest með eiði skýrslu þá, er greinir í upphafi aukaréttardómsins, og hefir einnig staðfest, að hún hafi meðan á ofbeldis-

verknaðinum stóð, kallað 6—8 sinnum á hjálp eins hátt og hún gat og neytt frá fyrsta til þess síðasta alls þess afls, er hún átti til að verjast árás ákærða.

Ákærði hefir og undir rannsókn málsins viðurkennt fyrir lögregluréttinum, *að* hann hafi fellt Þórdísi niður, lagzt ofan á hana og falazt eftir samræði við hana, en hún neitað því og hótað að kæra hann, ef hann sleppti sér ekki, ennfremur, *að* Þórdís hafi eftir að hann felldi hana í fyrstu, komizt einu sinni undan honum, en hann þá fellt hana aftur og lagzt ofan á hana á ný, *að* Þórdís hafi hljóðað að minnsta kosti 2—3 sinnum, en hann tekið fyrir munn henni, *að* hún hafi klórað hann og bitið, og hann hafi náð buxunum niður um hana eftir töluvert stímabrak og komið getnaðarlim sínum inn í getnaðarfæri hennar.

Með þessari játningu ákærða í sambandi við framangreinda eiðfesta skýrslu Þórdísar er fengin full sönnun fyrir því, að ákærði hafi beitt ofbeldi til þess að þröngva Þórdísi nauðugri til samræðis við sig, og er ekki næg ástæða til að vefengja skýrslu hennar um það, að hún frá upphafi til enda hafi neytt allra krafta sinna til að verjast ofbeldisverknaði ákærða. En þar sem Þórdís hefir borið það, að ákærði hafi vegna mótstöðu sinnar aðeins komið getnaðarliminum lítið eitt inn á milli blygðunarbarmanna, en eigi svo, að fullkomið samræði hafi átt sér stað, og önnur atvik þar á meðal skýrsla ákærða sjálfs benda í sömu átt, þá verður að líta svo á, að glæpurinn hafi ekki verið fullkomnaður.

Þar sem það með læknisvottorði er upplýst, að stúlkan var óspjölluð og hún hafði ekkert óorð á sér, heyrir afbrot ákærða undir 1. málsgrein 169 gr., sbr. 47. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir

refsing hans hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 18 mánuði.

Svo ber og ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin varnarlaun talsmanns hans í héraði, 30 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurpáll Sigurðsson, sæti betrunarhússvinnu í átján mánuði.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Eiríks Einarsonar, 30 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað samkvæmt skipun dómsmálaráðuneytisins í bréfi 21. febrm. þ. árs.

Sunnudaginn 24. júlímán. f. árs var Þórdís Gísladóttir, ógift stúlka í Reykjavík, legin af kærðum í máli þessu, Sigurpáli Sigurðssyni, vinnupilti frá Riftúni í Ölvesi.

Fór Þórdís til Reykjavíkur um kveldið og kærði Sigurpál þar daginn eftir fyrir lögreglustjóra fyrir að hafa með ofbeldi neytt sig til samræðis við sig. Í kærunni segir, að Þórdís hafi síðari hluta dags átt erindi í Þrastaskóg, til að hafa uppi á samferðafólki hennar, en er hún var komin inn fyrir skógarhliðið, mætti hún kærðum og spurði, hvort hann hefði séð fólkið. Hann hafi jánkað því og boðizt til að fylgja henni,

Hafi hún ekki mælt því í gegn og þau gengið áleiðis í næstu skógarlaut. Allt í einu hafi kærður skellt sér niður og lagzt ofan á sig, reynt svo með fagurgala að fá sig til samræðis við sig og jafnvel lofað sér eiginorði. Hún hafi þó eindregið neitað þessum tilmælum hans, hótað að kæra hann, reynt að hrópa á hjálp, bitið hann í hönd og kinn og átt í hörðustu glímu við hann stundarlangt. Hafi kærðum að lokum tekizt að slíta niður um hana fötin, er hún var orðin örmagna, og loks komið lim sínum lítið eitt inn á milli blygðunarbarmanna, þrátt fyrir stöðuga mótspyrnu hennar.

Er fyrir bæjarþing kom, réttir Þórdís kæru sína í þann veg, að kærður hafi aðeins slitið af sér skotthúfuna, en hinsvegar hafi hún hrópað á hjálp, hvenær sem hún gat fyrir kærðum, er hafi tekið fyrir munn sér. Þar lætur hún þess og getið, að hún sé alveg viss um, að kærður hafi ekki verið undir áhrifum víns, enda enga vínlykt af honum fundið. Síðan vill hún helzt álíta, að kærður hafi fellt sæði sökum þess, að hún hafi verið vot milli fótanna; skotthúfan hafi einhvern veginn losnað í viðureigninni, og loks segist hún hafa fundið hana langt frá, á hrislu, eftir viðureignina.

Af samhljóða vitnisburðum sézt, að Þórdís hefir ekki í upphafi skýrt frá, að kærður hafi náð samræði við sig, þvert á móti haldið því fast að fólki, að kærður hafi ekki verið í færum um það. Skýrir hún þetta fyrst með því, að hún hafi gjört það af ertni, en síðar með því að hún hafi verið í æstu skapi, og loks með því, að hún hafi skammast sín fyrir að segja hvernig fór.

Málið kom hér fyrir rétt 25. júlí f. árs, og varð þá að sætt milli kærðs og Þórdísar, að hann greiddi henni 300 kr. og málskostnað með 50 kr., sem hann gjörði, en hún neitaði að taka við fénu, og krafðist frekari rannsóknar og að kærður yrði sóttur til refsingar.

Í upphafi varðist kærður þess, að hafa átt nokkur mök við Þórdísi og duldist nafns, en er kom fyrir rétt kveðst hann hafa hafa nokkurn veginn fullt samræði við hana, en þó ekki fellt henni sæði, af ótta við að gjöra henni barn.

Nánar skýrir kærður frá, að Þórdís hafi sagt sér, að hún ætlaði að skoða reyniviðarhrísluna þar í skóginum, og af því hún væri ókunnug, beðið hann að fylgja sér, eða innt í þá átt, að honum skildist, eftir því sem hann ber síðar, en það

er vitað, að Þórdís var gjörkunnug í skóginum. Hafi þau fylgst að og kærður setzt niður í skógarlautinni og hún hjá honum, þau setið á tali þó nokkra stund, og hún gefið honum rauðröndóttan brjóstsykur. Er Þórdís stóð upp hafi hann fellt hana og lagzt á hana ofan. Hún hafi hljóðað, að minnsta kosti tvisvar eða þrisvar, klórað sig, án þess hann þó yrði var við það, bitið í hendina á sér og atyrt sig. Hafi hann lagt hægri hendi sína á brjóst henni og haft ekki önnur tök á henni, nema hvað hann muni augnablik hafa tekið fyrir munn henni, er hún hljóðaði. Hún hafi skroppizt undan honum, en hann hafi fellt hana aftur og eftir það náð buxunum niður um hana, en þeim var haldið uppi með togbandi. Hafi hann komið lim sínum í getnaðarlim hennar, enda hún borið sundur fætur. Eftir samræðið hafi Þórdís svo, er hún lá þarna beruð, spurt sig, hvort hann væri búinn að ljúka sér af. Yfir höfuð hafi mótspyrna hennar rénað, er fram leið, sérstaklega eftir að hann feldi hana í síðara skiftið.

Hvorugt þeirra nafnkynnti sig.

Eftir viðureign þeirra fór Þórdís til fólks, er var við skógarhliðið, með húfuna í hendinni og skýrði frá, að ráðizt hefði verið á sig.

Héraðslæknirinn í Reykjavik hefir skoðað Þórdísi og vottað, að meyjarhaftið hafi verið ósært eftir viðureignina, svo og að engin för eða merki hafi sézt á henni.

Þórdís neitar framburði kærðs sem ósönnum, að því leyti sem hann fari í bág við sína skýrslu. Sérstaklega neitar hún, að hafa sýnt kærðum nokkurt tillæti, þar á meðal að hafa gefið honum brjóstsykur, en ber þó, að hún hafi haft á sér blandaðan brjóstsykur; hún heldur því stöðugt fram, að kærður hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, enn þótt vitni hafi borið, að hann hafi drukkið eitthvað af Spánarvíni fyr um daginn og einskis neytt eftir að hann fór að heiman um morguninn.

Samkvæmt framangreindu má telja sannað í málinu, að kærður hefir gjört allharða tilraun til að komast yfir Þórdísi, og mætt svo mikilli mótspyrnu af hennar hálfu, að hann missti af henni um sinn. En hinsvegar má telja fullfvíst, að hann hefir ekki beitt hana eiginlegum hörkutökum eftir vitnisburðum þeirra beggja, ekki einu sinni í fyrri lotunni. Þá er ekki unnt að verjast því, að Þórdís hafi gefið kærðum talsvert tilefni til að halda, að hún væri ekki fráhverf samlagi

við hann og að mótspyrna hennar, eftir að kærður feldi hana í síðara sinnið, hafi reynzt merkilega lítil.

Virðist því gegn afdráttarlausri og stöðugri neitun kærðs, sem er óharðnaður unglingur (f. 17. febrmán. 1907), einfaldur, ógreindur og óreyndur sveitapiltur, varúðarvert að telja sannað, að hann hafi með ofbeldi þröngvað stúlkunni til samræðis við sig, og það því fremur sem framburður Þórdísar í sumum atriðum er ekki laus við að vera tortryggilegur, en í því efni kemur það til greina, að æsing hennar þurfti, að minnsta kosti ekki eingöngu, að stafa af atvikum í sambandi við sjálft samræðið, jafn ómannsleg og aðbúð kærðs var við hana, sérstaklega er hann hljópst frá henni.

Það verður því að sýkna kærðan af kröfum réttvísinnar í máli þessu, en sakarkostnaður greiðist af almannafé, þar á meðal þóknun til talsmanns, 30 kr.

Það hefir torveldað fulla rannsókn málsins, að ekki fékkst af Þórdísi að mæta við yfirheyrslur í málinu hér eystra.

Á málinu hefir ekki orðið vitaverður dráttur.

Mánudaginn 22. apríl 1929.

Nr. 9/1928. **Guðmundur Ólafsson, f. h. firmans Jakob Gunnlögsson & Co.** (Guðmundur Ólafsson)

gegn

Íslandsbanka (Lárus Fjeldsted).

Krafa um greiðslu víxilskuldar eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 29. okt. 1927: Stefnd, stjórn Íslandsbanka, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Ólafssonar, f. h. firmans Jakob Gunnlögsson & Co., A/S., í máli þessu, en greiði fyrir bankans hönd kr. 150.00, stimpilgjald og stimpilsekt í ríkissjóð.

Málskostnaður falli niður.

Ídæmt stimpilgjald og stimpilsekt greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að hin nýju skjöl, er lögð hafa verið fram í máli þessu í hæstarétti, geta ekki leitt til annarar niðurstöðu, ber af ástæðum þeim, er greinir í forsendum hins frýjaða dóms, að staðfesta hann að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Áfrýjandi Guðmundur Ólafsson hrm., f. h. firmans Jakob Gunnlögsson & Co. í Kaupmannahöfn, greiði stefndu, stjórn Íslandsbanka, fyrir bankans hönd, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 30. október s.l. af Guðmundi Ólafssyni hrm., f. h. firmans Jakob Gunnlögsson & Co., A/S., í Kaupmannahöfn, gegn stjórn h/f. Íslandsbanka hér í bænum, fyrir bankans hönd, til greiðslu víxilskuldar, að upphæð danskar kr. 24200.00, með 6 % ársvöxtum frá 29. nóvember 1925 til greiðsludags, innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands, svo og öllum öðrum kostnaði samkvæmt víxillögunum, eða til vara eftir mati réttarins.

Stefndur hefir krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum samkvæmt fyrnefndri gjaldskrá, eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að hinn 10. október 1925 gaf umbjóðandi stefnanda út víxil, að upphæð danskar krónur 24200.00, á

hendur firmanu Hannes B. Stephensen & Co. Bíldudal, og var hann samþykktur af því firma til greiðslu í Íslandsbanka 29. nóvember 1925. Með bréfi, dags. 10. október 1925, tókst Íslandsbanki á hendur ábyrgð gagnvart umbjóðanda stefnanda á því, að víxillinn yrði greiddur á gjalddaga, en setti jafnframt sem skilyrði fyrir ábyrgðinni, að víxillinn yrði sendur honum til innheimtu á gjalddaga (»Det er en Betingelse for Garantien at Vekslerne sendes os til Incasso ved Forfald«).

Umbjóðandi stefnanda sendi síðan Páli kaupmanni Stefánssyni hér í bænum víxilinn til innheimtu með árituðu framsali til hans. Fór hann með víxilinn í afgreiðslustofu Íslandsbanka á gjalddaga 29. nóvember 1925, og krafðist þess, að fá hann greiddan, en starfsmaður sá í bankanum, sem hann átti tal við og beindi kröfunni að, neitaði að innleysa víxilinn sökþess, að »samþykkjendur ættu ekkert inni í bankanum«. Fór Páll við svo búið með víxilinn aftur og hafði hann í vörzlum sínum þar til hann með bréfi, dags. 1. febrúar 1926, sendi Íslandsbanka hann til innheimtu. Tilkynnti bankinn þá þegar með bréfi, dags. 3. febrúar 1926, umbjóðanda hans, að honum hefði þá fyrst verið sendur víxillinn til innheimtu og vísaði til skilyrðis þess, er hann hafði í bréfinn frá 10. október 1925 sett fyrir ábyrgðinni. Hefir bankinn af þessum ástæðum talið ábyrgðina niður fallna og neitað að greiða víxilinn, en firmað Hannes B. Stephensen & Co. framseldi bú sitt til gjaldþrotaskiftameðferðar, að því er séð verður, snemma í marzmánuði 1926. Hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gjört í því framangreindar kröfur.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að ábyrgðin hafi aldrei fallið niður, þar eð bankinn hafi verið krafinn um greiðslu á gjalddaga og þar með boðinn víxillinn til afhendingar, en hann hafi neitað að innleysa víxilinn og brotið með því ábyrgðarskuldbindingu sína, og enga kröfu gjört um það, að fá víxilinn afhentan til innheimtu. Hafi því skilyrðinu verið fullnægt af hendi víxileiganda, en það sé bankans sök, að hann fékk ekki víxilinn í hendur þegar á gjalddaga. Stefnandi hefir bent á það, að bankinn hafi einnig með bréfi sínu frá 10. október 1925 tekizt á hendur ábyrgð á öðrum víxli, er umbjóðandi stefnanda átti og samþykktur var af firmanu Hannes B. Stephensen & Co., að upphæð 16000.00 krónur, með gjalddaga 1. nóvember 1925. Kveður stefnandi bankann hafa greitt víxil þennan á gjalddaga, enda þótt hann hafi ekki fengið

hann samtímis í hendur, og hafi þó ábyrgðin verið af bankans hálfu bundin sama skilyrði og ábyrgðin á víxli þeim, sem stefnt er út af í þessu máli. Kveður stefnandi umbjóðanda sinn því ekki hafa getað litið öðruvísi á en að bankinn teldi það ekki skifta máli, hvort hann fékk víxilinn afhentan eða ekki. Um þetta atriði hefir stefndur aftur á móti haldið því fram, að það hafi verið eftir beiðni firmans Hannes B. Stephensen & Co., að víxill þessi var greiddur af bankanum á gjalddaga, og þar sem þeirri frásögn hefir ekki verið hnekkt af stefnanda, verður ekki álitið að greiðslan á þeim víxli hafi neina þýðingu, er skera á úr um ábyrgð þá, er um er deilt í þessu máli.

Að því er hinsvegar snertir kröfu víxilhafa um greiðslu á gjalddaga og áhrif þeirrar kröfu á ábyrgðina, þá ber aðiljum málsins ekki fyllilega saman um það, hvernig sú krafa hafi verið gjörð. Fyrnefndur Páll Stefánsson, sem víxilinn hafði í höndum, gaf vottorð, sem lagt hefir verið fram í málinu, um það, að hann hafi eins og fyr segir, farið með víxilinn í bankann á gjalddaga og krafizt þess að fá hann greiddan, en viðkomandi starfsmaður hafi tjáð sér, að samþykkjendur ættu ekkert inni í bankanum og gæti bankinn því ekki greitt víxilinn. Kveðst hann hafa látið sér þetta nægja, þar sem starfsmaðurinn hafi hvorki bent sér á, að bankinn ætti að fá víxilinn til innheimtu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingunni, né krafizt þess að fá hann afhentan. Vottorð þetta staðfesti Páll hér fyrir réttinum sem vitni í málinu, að því viðbættu, að hann hafi farið í bankann til þess að krefja hann og ekki aðra um víxilupphæðina, enda hafi starfsmaður sá, sem hann átti tal við, oftar en einu sinni látið í ljós það álit sitt, að bankanum bæri skylda til þess að greiða víxilinn.

Umboðsmaður stefnds skýrir hinsvegar svo frá, að oftnefndur bankastarfsmaður, sá sem tal átti við Pál, hafi tjáð sér, að hann hafi ekki getað skilið viðræðuna við Pál á þá leið, að hann væri að krefja bankann um greiðslu samkvæmt ábyrgð hans, því hann hefði aðeins spurzt fyrir um það, hvort firmað Hannes B. Stephensen & Co. hefði ráðstafað fé til bankans til borgunar á víxlinum, og þegar hann hafi svarað því neitandi, hafi Páll farið með víxilinn án þess að gjöra frekari kröfur, og jafnvel látið þess getið, að hann kærði sig ekki um að fela bankanum víxilinn til innheimtu, því þá losnaði umbjóðandi hans við að greiða bankanum ómakslaun.

Rétturinn lítur nú svo á, að skilyrði það fyrir ábyrgðinni, að fá víxilinn afhentan til innheimtu á gjalddaga, hafi verið svo ákveðið og mikilvægt fyrir bankann — sérstaklega með tilliti til þess, hve firmað Hannes B. Stephensen & Co. var illa statt fjárhagslega, að brot á því hefði það í för með sér, að ábyrgðin félli niður. Í málinu er það nú upplýst, að umbjóðandi stefnanda sendi ekki bankanum heldur Páli Stefánssyni víxilinn til innheimtu, og þó að Páll færi með víxilinn á gjalddaga í bankann, þar sem víxillinn var vistaður, og ætti þar tal við einn starfsmann hans um greiðslu, þá verður það alls ekki talin fullnæging á skilyrðinu, enda ekki fyllilega upplýst hvað Páli og starfsmanninum hafi farið á milli, og mátti Páli þó vera það ljóst, að áríðandi var fyrir hann að tryggja sér sönnun fyrir því, að bankinn, löglega krafinn, neitaði að uppfylla ábyrgðarskuldbindingu sína. Þar sem því Páll fór aftur með víxilinn, án þess að beina kröfum sínum um greiðslu gegn bankastjórninni, sem hann sem góður og skynsamur maður átti að gjöra, og án þess að afhenda víxilinn til innheimtu, eins og tilskilið var, verður að telja ábyrgðina hafa verið fallna niður, er víxillinn var sendur bankanum til innheimtu meira en 2 mánuðum síðar. Víxillinn ber það og með sér, að farið hefir verið með hann til samþykkjanda og hann verið látinn falla frá afsögn á honum 2. dezember 1925, eða eftir að farið hafði verið með hann í bankann á gjalddaga. Virðist það benda til þess, að krafan í bankanum um greiðslu á víxlinum í gjalddaga, hafi verið gjörð vegna þess, að víxillinn var vistaður þar, en ekki vegna ábyrgðarskuldbindingar bankans. Ber því að sýkna bankann af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður.

Hin stefnda stjórn Íslandsbanka hefir lagt fram í málinu framanskráðan víxil, að upphæð kr. 24200.00, rskj. nr. 7, óstimplaðan. Ber því að dæma hann til þess að greiða samkv. 35. og 45. gr. stimpillaganna frá 27. júní 1921 stimpilgjald og stimpilsekt í ríkissjóð, samtals kr. 150.00.

Miðvikudaginn 24. apríl 1929.

Nr. 37/1928. **Stefán Friðriksson** (Lárus Jóhannesson).
gegn
Margréti Kristgeirsdóttur (Stefán Jóh. Stefánsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Reykjavíkur 25. maí 1928: Vinni kærandinn, Margrét Kristgeirsdóttir, eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, Stefán Friðriksson, á tímabilinu frá 20. apríl til 15. maí 1927, þá skal hann teljast faðir sveinbarns þess, sem hún ól 28. jan. s.l., greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði og ennfremur kr. 20.00 í málskostnað.

Vinni hún hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa, sem stefnda hefir fengið gjafvörn í fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, hefir aðallega krafizt sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður, þar sem hann telur stefndu, sem sannað er um, að hefir verið dæmd í eins árs betrunarhússvinnu 23. okt. 1923 fyrir brot gegn 230. og 270. gr. hegningarlaganna, ekki eiðgenga. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hinsvegar krafizt staðfestingar lögregluréttardómsins og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál af hennar hendi, þar á meðal málsvarnarlauna handa málflutningsmanni hennar.

En þar sem áfrýjandinn hefir játað það fyrir lögregluréttinum, og samskonar játning komið fram af hans hendi hér í réttinuum, að hann hafi haft samræði við stefndu 20. maí 1927, og hann þannig getur verið faðir barns þess, er stefnda ól 28. janúar 1928 og um er deilt í málinu, enda ekkert upplýst, þrátt fyrir þar að lútandi eftirgrennslun fyrir rétti, að öðrum karlmönnum hafi verið hér til að dreifa, þá getur hvorugri kröfu áfrýjanda orðið sinnt.

Og er þá, þar sem málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað af hendi stefndu, ekki um aðra úrlausnarleið að ræða en fyllingareið af hennar hálfu.

Má því staðfesta lögregluréttardóminn, þó þannig, að tímabil það, sem eiður stefndu á að taka til, teljist frá 15. marz til 31. maí 1927, að báðum dögum meðtöldum, og að eiðvinningarfresturinn sé talinn frá uppsögn dóms þessa.

Vinni stefnda eiðinn, á áfrýjandi að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með taldar 80 kr. til málflutningsmanns hennar.

En verði stefndu eiðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarétti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 80 kr., málflutningskaup talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að eiðstímabilið ákveðst frá 15. marz til 31. maí 1927, að báðum dögum meðtöldum, og eiðvinningarfresturinn telst frá uppsögn dóms þessa.

Vinni stefnda, Margrét Kristgeirsdóttir, eiðinn, á áfrýjandi, Stefán Friðriksson, að greiða henni

málskostnað fyrir hæstarétti eins og málið hefði ekki verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með talið 80 kr. málflutningskaup talsmanns hennar þar, Stefáns Jóh. Stefánssonar málflutningsmanns.

Verði stefndu aftur á móti eiðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr., málskostnað fyrir hæstarétti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 80 kr. málflutningskaup nefnds talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafé.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 28. janúar síðastliðinn ól ógift stúlka, að nafni Margrét Kristgeirsdóttir, fullburða sveinbarn, og nefndi hún föður að því kærðan í þessu máli, Stefán Friðriksson, Bergþórugötu 10. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir kröfu kærandi og árangurslausa sáttatilraun höfðað gegn honum. Hefir hún gjört þær kröfur, að kærður verði dæmdur faðir sveinbarnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds og ennfremur málskostnað eftir mati réttarins.

Framburður kærandi er á þá leið, að hún hafi þekkt kærðan og haft samræði við hann annað slagið síðan árið 1924. Hún kveðst oft hafa haft samræði við hann á árinu 1927, sérstaklega eftir nýárið, en barnið kveður hún að muni vera getið við samræði, er hún hafði við kærðan heima hjá sér 6. eða 7. maí. Hún hefir neitað því að hafa haft samræði við nokkurn annan en kærðan á getnaðartímanum og kveður því engan annan en hann geta verið föður barnsins.

Kærður neitar því, að þessi framburður sé réttur. Hann kveðst að vísu vera mjög vel kunnugur kærandi og hafa haft samræði við hana við og við síðan árið 1924, en hann hélt því fram fyrir lögreglufulltrúanum, að hann hefði ekki haft

samræði við kærandi frá því í febrúar til 14. maí 1927. Þennan framburð hefir hann þó leiðrétt hér fyrir réttinum. Hefir hann nú sýnt, að hann hefir verið fjarverandi héðan, nema dagana 6. eða 7. maí, og svo aftur 20. maí. Hann heldur því fram, að hann hafi ekki haft samræði við kærandi fyr en 20. maí og neitar því ákveðið að hafa haft samræði við kærandi 6. eða 7. maí. Hann kannast þó við, að hafa heimsótt hana einnig þá, en kveður hana ekki hafa viljað hleypa sér inn til sín, því annar karlmaður hafi þá verið inni hjá henni. Kærandi kveður þetta rangt; hún telur að kærður hafi í júnímánuði 1927, laugardaginn fyrir hvítasunnu, komið heim til sín og þá hafi verið heima hjá sér karlmaður, ekki í því augnamiði að hafa samræði við sig, heldur til þess að bíða eftir bifreið fram að Melshúsum.

Dómarinn verður að líta svo á, að þar sem vottorð liggur fyrir í málinu um það, að barnið hafi fæðst fullburða, verði úrslit málsins að vera komin undir eiði og telur þá réttara, að úrslitin verði látin vera komin undir fyllingareiði hennar, þannig, að vinni hún eftir löglegan undirbúning, eið að því á varnarþingi sínu innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms þessa, að hún hafi haft samræði við kærðan, Stefán Friðriksson, á tímabilinu frá 20. apríl til 15. maí 1927, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, sem kærandi ól 28. janúar s.l. og greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds. Svo skal hann þá og greiða kr. 20.00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falla niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 26. apríl 1929.

Nr. 22/1929. **Réttvísin** (Pétur Magnússon)
gegn
Jóhannesi Jóhannessyni (Magnús Guðmundsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með lögum nr. 67, 7. maí 1928, 3. gr., var dómsvald í sakamálum og almennum lögreglumálum Reykjavíkur lagt í hendur lögreglustjóra, og maður skipaður í það nýja embætti frá 1. jan. þ. á. Mál þetta heyrði því að lögum undir hann sem dómara, en hefir þó eigi verið rannsakað og dæmt af honum, heldur af sýslumanni Barðastrandarsýslu, Bergi Jónssyni, sem setudómara samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðuneytisins 19. janúar þ. á. Hefir hinn skipaði verjandi ákæðrða krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins verði ómerkt, fyrir þá sök, að setudómarinn hafi ekki haft lögmæta löggildingu til að fara með málið og dæma það, þar sem hinn reglulegi dómari hafi ekki vikið sæti í því.

Í nefndu bréfi dómsmálaráðuneytisins er þess ekki getið, hversvegna málið var fengið í hendur setudómara, en eftir að dómur var kveðinn upp í héraði hefir dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 21. f. m., tilkynnt hæstarétti, að setudómari hafi verið skipaður vegna þess, að hinn regulegi dómari hefði lýst því yfir fyrir ráðuneytinu, að hann mundi ekki sjá sér fært að fara með málið, sökum fyrri aðstöðu sinnar við bæjarfógetaembættið. Og fylgdi þessu bréfi þar að lútandi yfirlýsing hins reglulega dómara, dags. sama dag.

Í málinu eru ekki fyrir hendi neinar upplýsingar um það, að hinum reglulega dómara hafi lögum samkvæmt verið skylt eða jafnvel heimilt að víkja sæti í því vegna málgengisbrests (inhabilitas specialis), sem ætla má, að hann hafi talið baga sig, né heldur, að lögmæt forföll, þ. e. hindranir, svo sem sjúkdómur, fjarvist eða annir hafi bannað honum að fara með málið, og verður auk þess eigi litið svo á, að fyr téð utanréttaryfirlýsing hans feli í sér endanlega ákvörðun um að víkja dómarasæti í málinu, enda hefði slík ákvörðun, er heyrir undir mat æðra dómstóls, átt eins og á stóð að koma fram í rétti áður en setudómarinn tók til starfa. Og þar sem þannig hinn reglulegi dómari hefir ekki vikið sæti í málinu, svo sem lög og réttarvenja útheimta, og með því ennfremur að gjöra má ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið hafi ætlazt til, að skipun setudómarans kæmi ekki til framkvæmda fyr en eftir að hinn reglulegi dómari hefði vikið sæti í málinu, þá verður að líta svo á, að setudómarinn hafi ekki haft heimilld til að fara með málið og dæma það. Verður því fyrir þessa sök að ómerkja hinn áfrýjaða aukaréttardóm og alla meðferð málsins fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum.

Allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur og öll meðferð málsins fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum á ómerk að vera.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmannanna, Pétur Magnússonar og Magnúsar Guðmundssonar, 80 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 1. maí 1929.

Nr. 27/1929. **Réttvísin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Jóhannesi Guðjónssyni (L. Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 3. jan. 1929: Ákærður, Jóhannes Guðjónsson, sæti 16 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, og málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, cand. jur. Þórhalls Sæmundssonar, 25 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, má staðfesta hann, bæði að því, er ídæmda hegningu og málskostnað snertir, en með tilliti til þess að ákærði var aðeins 21 árs, er hann framdi brotið, og hefir ekki áður sætt ákæru fyrir refsivert athæfi, þykir mega ákveða samkv. 1. gr. l. nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 verða haldin.

Ákærði, Jóhannes Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Jóhannesi Guðjónssyni, sjómanni í Bolungarvík, fyrir þjófnað, og eru tildrög og atvik málsins upplýst, sumpart með eigin játingu ákærðs og sumpart á annan hátt, þau, er hér greinir.

Fimmtudaginn 11. okt. f. á. tók ákærður, er var staddur hér í bænum, reiðhjól, er annar maður, Finnbjörn Finnbjörnsson málari hér í bænum átti. Var Finnbjörn að vinna í húsi, svonefndri Pétursborg við Hnífsdalsveg utan til í kaupstaðnum, hafði hann ekið á hjólinu þangað og sett það frá sér við suðurenda hússins, úti.

Kastaði ákærður eign sinni á hjólið, ók á því út í Hnífsdal kl. 4 e. h. umgetinn dag, en þaðan fór hann með bátsferð til Bolungarvíkur og hafði með sér hjólið. En frá Hnífsdal sást til ferða ákærðs á hjólinu, og er hann kom til Bolungarvíkur, lýsti eigandi hjóls þess, er hann saknaði, fyrir manni þar, er gekk úr skugga um, að eftir lýsingunni að dæma myndi það vera sama hjólið og ákærður hafði í vörzlum sínum. Fól dómarinn hreppstjóra Hólshrepps að flytja ákærðan hingað til yfirheyrslu, og kom hann með ákærðan 15. s. m. sem og reiðhjólið. Helgaði eigandi sér hjólið og fékk það afhent. Hjólið var um 150 kr. virði.

Ákærður var í fyrstu ófús til að kannast við brot sitt. Hélt

hann því fram, að hann hefði keypt hjólið af manni, að nafni Eymundur Jónsson. Vildi ákærður eigi breyta þeim framburði, enda þótt honum væri bent á, að framburður hans væri ósennilegur, og var settur í gæzluvarðhald, en meðgekk þá sökina nokkru síðar.

Eftir það, að málið var tekið til dóms, taldi dómarinn sig knúðan til að taka það fyrir á ný til frekari rannsóknar, sökum þess, að hinn skipaði talsmaður ákærðs þykir gefa það í skyn í varnarskjali sínu, að rannsóknardómarinn eigi nokkra sök á því, að ákærður kannaðist eigi strax við sök sína, án þess þó, að séð verði, að réttarrannsóknin gefi tilefni til þess. Við framhaldsrannsókn þessa verður að telja það fyllilegar upplýst, að það hafi í raun og veru verið ásetningur ákærðs að þræta fyrir brot sitt og reyna að skrökva sig frá því.

Ákærður er fæddur 3. okt. 1907, og var því fullra 21 árs, er hann framdi brotið. Þykir eiga að heimfæra brot ákærðs undir 6. gr. laga nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og refsing hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, hæfilega metin 16 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði og ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður og málskostnað hins skipaða talsmanns síns, 25 kr.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið og meðferð þess verið vítalaus.

Föstudaginn 3. maí 1229.

Nr. 89/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Sören Goos (Lárus Fjeldsted).

Kaup á síld til bræðslu af erlendum skipum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 13. ág. 1928:
Kærður, Sören Goos verksmiðjueigandi, Siglufirði, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.
Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Það má ætla, að kærði hafi keypt hérumrædda síld af skipum, sem hafa verið löglega stödd á Siglufirði, úr því að skipstjórarnir hafa ekki verið sóttir til saka. Og það er ekki ástæða til að ætla, að samið hafi verið um síldarkaupin, áður en skipin komu til Siglufjarðar í þau skifti, sem kærði keypti síldina af þeim.

En við þannig löguð kaup á síld til bræðslu, verður ekki talið, að 9. gr. laga nr. 33/1922 eigi, svo sem greinin er orðuð og eftir greinargjörð landsstjórnarinnar fyrir lagafrumvarpinu á sínum tíma.

Það verður því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar, og leggja allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti á almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, sem ákveðin eru 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sören Goos, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og hæstarétti, greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn síldarverksmiðjueiganda Sören Goos, Siglufirði, fyrir að hafa gjörzt brotlegur gegn lögum 19. júní, nr. 33, 1922, með því að kaupa nýveidda síld af erlendum fiskiskipum til síldarverksmiðju sinnar, Siglufirði, án leyfis atvinnumálaráðherra og að nokkru þrátt fyrir bann atvinnumálaráðuneytisins.

Málavextir eru þessir:

Kærði hefir keypt síld af norskum skipum sem hér segir

af s/s. Aspö	. . . . .	20/7	243 tn.
- v/k. Leon	. . . . .	21/7	20 —
- v/k. Lissi	. . . . .	24/7	68 —
- s/s. Aspö	. . . . .	25/7	162 —
- v/k. Septer	. . . . .	25/7	37 —
- v/k. Leon	. . . . .	24/7	48 —

Þá hefir kærður eftir að honum var tilkynnt, að atvinnumálaráðuneytið hefði bannað honum að kaupa síld af erlendum skipum, keypt svo sem hér segir:

af s/s. Aspö	. . . . .	28/7	15 tn.
- s/s. Jóna	. . . . .	6/8	76 —

Um kaup þessi er ekkert fyrirfram samið, heldur eftir á, er skipin komu á Siglufjarðarhöfn af tilviljun með veiði sína.

Hér er tvennt að athuga:

1. Hafa erlend skip leyfi til að setja veiði sína á land, og að hve miklu leyti?
2. Er þeim sérstaklega bannað að selja síldarverksmiðjum í landinu síldveiði, sem þeim væri leyfilegt að selja öðrum.

Að því, er fyrra atriðið snertir, þá bannar 3. gr. 2. mgr. laga 33/1922 útlendum fiskiskipum »að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi«. Það er því eigi allskostar bannað erlendum fiskiskipum »að hafast við við land eða í höfn«, heldur aðeins að svo miklu leyti, sem það er »til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi«.

Samkvæmt þessum síðast tilvitnuðu orðum, verður að telja það óleyfilegt erlendum skipum að hafast við við land, svo að skipin hafi stöð í íslenzkri höfn, eða innan landhelgi, og í ástæðum fyrir lagafrumvarpinu segir m. a.: »erlendum fiskiveiðaförum ekki meinað að leita hafnar, til þess að taka kol, eða aðrar nauðsynlegar vistir, eða til þess að selja veiði sína, ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar sýni, að farið hefir stöð í höfn«, og í praxis hefir þeirri reglu verið fylgt. Í hverju einstöku tilfelli getur það oft verið erfitt fyrir dómstólana að dæma um, hvort svo mikið kveði að sölunni, að skipið hafi stöð í höfn, en sú sala, sem hér hefir átt sér stað, er auðsjáanlega ekki þess eðlis, að skipin hafi haft stöð í höfn. Skipin hafa því mátt selja hina seldu veiði í land, og er þá eftir að rannsaka, hvort nokkur lagaákvæði

hamli því, að skipin hafi selt hina seldu veiði sína síldarverksmiðjum í landinu. Er þá komið að öðru úrlausnaratriðinu: er erlendum skipum sérstaklega bannað að selja síldarverksmiðjum í landinu síldveiði sína, sem þeim væri leyfilegt að selja öðrum, eða í öðru skyni, t. d. til söltunar.

Um þetta atriði hefir nokkuð verið deilt, og er það 9. gr. téðra laga, sem helzt mætti ætla, að bannaði slíka sölu til verksmiðjanna. 9. gr. segir: »atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölsverksmiðju eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar, til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í annari málsgrein 3. greinar. Það verður varla sagt, að verksmiðjurnar *noti* erlend skip til þess að fiska fyrir sig, þótt þær kaupi í einstaka tilfellum síld (eða aðra veiði) af skipum, sem komin eru í höfn, án þess áður sé um kaupin samið, og án þess að svo mikið kveði að kaupunum, að skipin við það hafi stöð í höfn. Það verður því að telja rétt, að greinin eigi eingöngu við kaup samkvæmt föstum samningi frá skipum, sem hafa stöð í höfn, en um önnur kaup af erlendum fiskiveiðaskipum fari eftir því, sem annars er leyfilegt samkv. 3. gr. laganna. En það sem þó hér virðist taka allan vafa af, er tilgangur 9. gr. Tilgangurinn með þeirri grein var sá, að heimila atvinnumálaráðherra að veita erlendum skipum leyfi, til þess að selja síldarverksmiðjum veiði sína, þótt svo mikið kvæði að sölunni, að skipin hefðu stöð í höfn, m. ö. o. að veita heimild til undanþágu fyrir síldarverksmiðjurnar frá 3. gr. (2. mgr.) þar sem álitið var, að ef verksmiðjurnar fengju ekki leyfi til þess að kaupa síld af erlendum skipum, nema að svo miklu leyti, sem þau hefðu ekki stöð í höfn, (3. gr. 2. mgr.) mundi það verða síldarverksmiðjunum alls ófullnægjandi. Það hefði líka verið óeðlilegt og gagnstætt íslenzkum hagsmunum, ef lögin hefðu ákveðið, að erlend skip mættu almennt selja meiri síld til söltunar en til bræðslu í verksmiðjur, því að síld til söltunar, keypt af erlendum skipum, keppir meir við síldarframleiðslu landsmanna en bræðslusíldin.

Í ástæðum lagafrumvarpsins, sérstaklega 9. gr., er sama skilningi haldið fram. Þar segir:

»Þar sem verksmiðjur þær, sem vinna síldarlýsi og síldarmjöl, eins og nú er, geta ekki fengið nægilegt efni til starfrækslu frá íslenzkum skipum eingöngu, þykir rétt að gjöra þeim mögulegt á þann hátt, sem hér er lagt til, að nota

erlend för til þess að flytja þeim síld, veidda utan landhelgi, umfram það, sem annars er leyft«. Orðin: »umfram það, sem annars er leyft« sýna ljóslega, að með 9. gr. á ekki m. a. að veita heimild til þess að banna að selja síldarverksmiðjum þá síld erlendra skipa, sem skipunum væri annars leyfilegt að selja öðrum, heldur að veita atvinnumálaráðherra heimild til undanþágu frá lögunum fyrir verksmiðjurnar.

Eftir þessum úrslitum verður eigi séð, að skip þau, er að framan ræðir um, að selt hafi Sören Goos veiði sína, hafi gjört sig seka í ólöglegri sölu, og að Sören Goos hafi þá líka heldur ekki gjört sig sekan um ólöglegt athæfi eða í broti á lögum 33/1922, við að kaupa þá síld til verksmiðju sinnar, og að kærðan, Sören Goos, beri því að sýkna af ákæru valdstjórnarinnar í þessu máli og að kostnaðurinn við sökina greiðist af almannafé.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. maí 1929.

Nr. 82/1928. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfrýjandi sóttur um vangreiddar tekjur ríkissjóðs og annað fé, er hann hafði haft í vörzlum og umsjá sinni sem sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. ág. 1928: Framangreindum kröfuliðum í aðalsök og gagnsök vísast frá dómi.

Í aðalsökinni greiði gagnstefnandi, Einar M. Jónasson, aðalstefnandanum, Magnúsi J. Kristjánssyni, f. h. ríkissjóðs, kr. 65112.02 með 5 % ársvöxtum frá 16. apríl þ. á. til greiðsludags, og staðfestast löghaldsgjörðirnar frá 14.—20. marz þ. á. fyrir þeirri upphæð. Málskostnaður í aðalsök falli niður.

Í gagnsökinni á aðalstefnandi að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en gagnstefnandi að greiða honum 500 krónur í málskostnað í henni.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta, sem í héraði var rekið sem aðalsök og gagnsök, og áfrýjað hefir verið af aðalstefnda og gagnsækjanda þar, fyrv. sýslumanni Einari M. Jónassyni, með stefnu, dags. 20. okt. f. á., en ekki hefir verið gagnáfrýjað af stefnda, fjármálaráðherranum, hefir verið rekið skriflega hér í rétti, samkv. 2. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Krefst áfrýjandi þess, að aðalsökinni fyrir undirréttinum verði vísað frá réttinum, og byggir hann þessa kröfu á því, að úrskurður sá, er hann kvað upp í aukarétti Barðastrandarsýslu 30. nóv. 1927, standi enn óhaggaður, en með því að úrskurður þessi er markleysa, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, verður þessi krafa eigi tekin til greina.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að verða sýknaður af þeim kröfum fjármálaráðherra, er teknar hafa verið til greina í undirrétti, að svo miklu leyti sem hann hafi ekki sérstaklega viðurkennt einstaka liði.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins, þó með þeim frádrætti, sem síðar greinir, og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Um kröfuliðina 2.—13 og 16 a, b, c, d, f, h. i, samtals kr. 15131.17, er áfrýjandi var dæmdur til að greiða, athugazt:

Áfrýjandi hefir hér í rétti lagt fram kvittanir fyrir greiðslu á 3.—5. lið, og hefir stefndi samþykkt, að draga megi frá dómsupphæðinni kr. 571.00. Þá hefir stefndi lagt fram eftirrit af reikningum sýslusjóðanna í Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu fyrir árið 1927, eins og þeir hafa verið samþykktir af hlutaðeigandi

sýslunefndum, og sýna reikningar þessir, að innstæða sýslusjóðanna hjá áfrýjanda hefir í undirrétti verið oftalin um 302 kr. 38 au. í Austursýslunni og um 496 kr. 22 au. í Vestursýslunni. Áfrýjandi hefir vefengt reikninga þessa, en þær aðfinnslur eru eigi svo rökstuddar, að þær verði teknar til greina. 11. og 12. liður færist þannig niður um kr. 798.60.

Kröfuliðina 2., 6., 7., 9., og 13. hefir áfrýjandi viðurkennt rétta, og mótmæli hans gegn kröfuliðunum 16 a, b, c, d, f, h, i, eru eigi svo ákveðin, að þau verði tekin til greina, en mótmæli hans gegn 8. lið eru ekki á rökum byggð.

Viðvíkjandi kröfulið 16 e, inneign dánarbús Jakobs Kristjánssonar, hefir áfrýjandi lagt fram 8 kvittanir, fyrir samtals kr. 1649.95, um útborganir úr búi þessu, og með því að stefndi hefir ekki mótmælt réttmæti þessara greiðslna, verður eins og málið liggur fyrir, að færa þennan lið niður um nefnda upphæð.

Kröfulið 16 k, þrotabú Hannesar B. Stephensen. Meðal eigna bús þessa, er talið andvirði fasteignar búsins á Bíldudal 3500 kr., en hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi lagt fram vottorð frá kaupanda húss þessa, um, að hann hafi eigi greitt áfrýjanda meira en 2600.00 kr. upp í húsverðið, með því að hann hafi tekið að sér greiðslu á 900 kr. veðskuld búsins, sem hvíldi á eigninni. Færist þessi liður því niður um 900 kr., en að öðru leyti verða mótmæli áfrýjanda gegn þessum lið, eigi tekin til greina, af ástæðum þeim, er segir í hinum áfrýjaða dómi.

Mótmælum áfrýjanda gegn síðasta kröfuliðnum, innstæðu sjúkrasjóðs sjúkrahússins á Patreksfirði, hefir stefndi andmælt sem ofseint framkomnum, og verða þau því eigi tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að draga frá hinni til-

dæmdu upphæð kr. 65112.02 : kr. 571.00 + 798.60 + 1649.95 + 900 = kr. 3919.55, en eftirstöðvarnar kr. 61192.47 ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda með vöxtum eins og segir í dómnum.

Kröfur áfrýjanda viðvíkjandi gagnsökinni í héraði, þykir mega skilja svo, að hann krefjizt heimvísunar til dómsáleggingar í héraði að efni til um þá liði, sem vísað var frá rétti í gestaréttardóminum, þar á meðal um 8. og 9. lið, en áfellisdóms hér í rétti um þá liði, sem stefndi var sýknaður af í gestaréttardóminum. En þar sem áfrýjanda hefir ekki tekizt að hnekkja ákvæðum héraðsdómsins, hvorki frávísunar- né sýknuákvæðum hans, verður samkvæmt kröfu stefnda, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því, er tekur til gagnsakarinnar í héraði, þó þannig, að ómerkja ber ákvæði dómsins um 14. og 17. kröfulið áfrýjanda í gagnsökinni og vísa þeim liðum frá gestaréttinum, þ. e. kröfu hans um embættislaun sér til handa í dez. 1927 og jan. 1928, þar sem ekkert er auglýst um, að skifting sú, sem háyfirvaldinu ber að gjöra, samkv. tilsk. 3. febr. 1836, IV., á launanum milli embættismanns, sem vikið er frá embætti um stundarsakir og þess manns, sem gengur í hans stað, meðan frávikningin stendur, hafi farið fram í þessu falli.

Málskostnaðarákvæði undirréttardómsins ber og að staðfesta.

Með því að álíta verður, að áfrýjandi án áfrýjunar málsins, hefði fengið framgengt þeim niðurfærslum á hinum áfrýjaða dómi, er að framan greinir, þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði fjármála-

ráðherra, f. h. ríkissjóðs, kr. 61192.47 með 5 % ársvöxtum frá 16. apríl 1928 til greiðsludags, og staðfestast hinar áfrýjuðu löghaldsgjörðir fyrir þeirri upphæð.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða gestaréttardómi vera óraskað, þó þannig, að ákvæði dómsins um 14. og 17. lið gagnsakarinnar í héraði eru ómerkt, og þeim liðum vísað frá gestaréttinum. Svo greiði áfrýjandi stefnda 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 16. apríl þ. á. af Magnúsi J. Kristjánssyni fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gegn fyrv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu, Einari M. Jónassyni, til heimilis á Patreksfirði, til greiðslu á kr. 138358.18 með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins. Ennfremur hefir stefnandi krafizt þess, að staðfest verði með dóminum í málinu löghaldsgjörð á eignum stefnds, er fór fram eftir kröfu stefnanda á Patreksfirði, dagana 16., 19. og 20. marz þ. á.

Stefndur hefir krafizt þess, að verða með öllu sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Hann hefir og gagnstefnt í því 28. apríl þ. á. og krafizt þess í gagnsökinni, að stefnandi, f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til að greiða sér kr. 91161.76, er stafi sumpart frá röngum reikningi, sumpart frá útlögðum peningum, sumpart frá búum, sem greidd séu og uppgjörð, en nú sé krafizt borgunar á, og ýmsum öðrum ástæðum, ásamt 5 % ársvöxtum af upphæðinni frá gagnstefnudegi til greiðsludags, og málskostnað eftir mati gestaréttarins að skaðlausu, í samræmi við taxta málfærslumanna.

Aðalstefnandi hefir krafizt sýknu af öllum liðum gagnsakarinnar, málskostnaðarkröfunni í henni, og málskostnaðar í henni hjá gagnstefnanda að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem alkunnugt er orðið, að með bréfi, dagsettu 28. nóvember f. á., vék dómsmálaráðherra gagnstefnanda frá embætti hans sem sýslumanni í Barðastrandarsýslu, um stundarsakir, og sendi bréfið vestur og jafnframt mann, til þess að taka við embættinu af honum og gegna því um stundarsakir. Jafnframt lagði dómsmálaráðherra fyrir gagnstefnanda að afhenda eftirmanninum skjalasafn embættisins, bækur, peninga og annað, er embættinu ætti að fylgja. Þegar gagnstefnandi var búinn að meðtaka bréf þetta, setti hann 30. nóvember f. á. — Þótt búið væri að víkja honum frá embætti um stundarsakir — aukarétt Barðastrandarsýslu og kvað upp úrskurð, þess efnis, að hann teldi óforsvaranlegt að afhenda embættið eða nokkuð því tilheyrandi, og trássaðist við að afhenda eftirmanni sínum það, sem embættinu tilheyrði, svo að sendur var maður héðan úr bænum, til þess með fógetavaldi að taka embættisplöggin af gagnstefnanda og afhenda þau eftirmanninum. Snemma í dezember f. á. var Björn E. Árnason, fulltrúi í fjármálaráðaneytinu sendur vestur til Patreksfjarðar til aðstoðar hinum setta sýslumanni, Bergi Jónssyni, við uppgjörð á sýslumannsembættinu. Gjörði hann upp viðskifti sýslumanns við ríkissjóðinn fyrstu 11 mánuði ársins 1927, taldi saman allar þær gjaldabækur, sem honum tilheyrðu og samdi yfirlit yfir það, sem hann taldi ríkissjóði bera og greitt vera, svo sem og annað fé, er hann taldi gagnstefnanda eiga að standa skil á, og hefir yfirlit þetta (réttarskjal nr. 23) verið lagt fram í þessu máli. Síðan samdi Erlendur Guðmundsson, gjaldkeri hjá lögreglustjóranum hér í bænum, fyrir hönd Bergs sýslumanns, yfirlitsreikning yfir ríkissjóðstekjur og greiðslur þeirra í ríkissjóð í Barðastrandarsýslu fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. nóvember 1927 og reikninga þá, sem hann er gjörður yfir. Þessa reikninga samdi Erlendur »eftir embættisbókum Barðastrandarsýslu, eftir að hafa lokið við að færa þær«. Hann »bar tollbækurnar saman við skilagrein og uppgjör frá umboðsmönnunum í Flatey og Bíldudal og farmskrár, er ég fékk lánaðar hjá afgreiðslu Eimskipafélags Íslands á Patreksfirði, með því að í vörzlum fyrv. sýslumanns, Einars M. Jónassonar, fundust að heita má engin fylgiskjöl með reikningum þessum. Við samanburðinn kom í ljós, að fallið

hefir niður að færa ýmsar tolltekjur ríkissjóðs, sumar innheimtar aðrar óinnheimtar« (réttarskjal nr. 37). Yfirlitsreikningurinn er dagsettur 23. febrúar þ. á., undirritaður af Bergi Jónssyni og hefir verið lagður fram í málinu í eftirriti, sem þó er ekki staðfest. Hinsvegar hafa »special«-reikningarnir, sem yfirlitsreikningurinn byggist á, ekki verið lagðir fram í þessu máli og ekki fylgiskjölin með þeim, og fæstar hinar einstöku heildarupphæðir á yfirlitsreikningnum eru í samræmi við tilsvarandi heildartölur á yfirliti því, sem Björn E. Árnason hafði samið og getið er hér að framan.

Eftir að búið var að gjöra upp embættið, taldi fjármálaráðuneytið gagnstefnanda eiga að standa skil á kr. 141950.18 sem vangreiddum tekjum ríkissjóðs, sýslusjóðs Barðastrandarsýslu, fjármuni dánar- og þrotabúa og annað fé, er hann hefði í vörzlum sínum og umsjá sinni sem sýslumaður í Barðastrandarsýslu og ekki fengizt til að greiða (réttarskjal nr. 3).

Í stað þess nú að fara þá venjulegu og sjálfsögðu leið, að láta höfða sakamál gegn gagnstefnanda út af sjóðþurð þeirri, er fjármálaráðuneytið taldi vera hjá honum, láta dómarann í því, eftir ákvæðum 14. gr. í tilsk. 24. jan. 1838 viðvíkjandi misgjörningsmálum á Íslandi, kyrsetja eignir hans til tryggingar því, er honum bar að svara — en þá kyrsetningargjörð þurfti ekki að réttlæta (justificera) í sérstöku máli — og fá dóm yfir honum í sakamálinu fyrir því, er honum bar að standa skil á, valdi ráðuneytið þá einstæðu leið í svona máli, að senda lögfræðing í marzmánuði vestur á Patreksfjörð og fá lagt venjulegt löghald (civil Arrest) á eignir gagnstefnanda. Byrjaði sú löghaldsgjörð 14. marz þ. á. og var lokið 20. s. m. Síðan hefir fjármálaráðuneytið látið höfða mál þetta og gjöra í því réttarkröfur þær, er að framan greinir. Af kröfunni, sem löghalds var beiðst fyrir, hafa verið feldar niður samtals kr. 7900.00, en jafnframt er í þessu máli bætt við kröfuna kr. 4308.00, sem gagnstefnandi er talinn skulda sjóði sjúkrahússins á Patreksfirði, og verður því hin umstefnda upphæð kr. 138358.18.

Gagnstefnandi hefir — þó ekki fyrri en 20. júní þ. á. — lagt fram í málinu afrit af úrskurði þeim, er hann kvað upp í aukarétti Barðastrandarsýslu 30. nóvember f. á. og að framan er að vikið, og krafizt þess, að hann þegar af þeirri ástæðu, að sá úrskurður standi óhaggaður, verði sýknaður fyrir allri afhendingu embættis síns eða nokkru því tilheyrandi.

Það er nú óvefengjanlegt, að eftir íslenzkum lögum getur dómsmálaráðherra vikið sýslumönnum frá embætti um stundarsakir og konungur fyrir fullt og allt — gagnstefnanda var vikið fyrir fullt og allt úr embætti með konungsúrskurði, dagsettum 6. janúar þ. á., eða löngu áður en mál þetta var höfðað —, og geta dómstólarnir, með því að kveða upp úrskurði í gagnstæða átt, ekki gjört neina breytingu á þessu. Auk þessa er úrskurður sá, er gagnstefnandi kvað upp 30. nóvember f. á., kveðinn upp eftir að búið var að víkja honum úr embætti og er því markleysa, sem ekki er unnt að taka tillit til.

Fyrsti kröfuliðurinn á reikningi aðalstefnanda til gagnstefnanda er:

»Skuld yðar við ríkissjóð samkv. yfirlitsreikningi kr. 53898.11«.

Eins og tilvísunin ber með sér, er þessi kröfuliður byggður á yfirlitsreikningi þeim, sem fyr er nefndur fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. nóvember f. á. og í samræmi við eftirrit það af téðum reikningi, sem lagt hefir verið fram í þessu máli. Heldur stefnandi því fram, að kröfuliður þessi sé í alla staði réttur. Gagnstefnandi beri ábyrgð á greiðslu allra ríkissjóðstekna, sem fallið hafa í gjalddaga meðan hann var sýslumaður, hvort sem hann hafi verið búinn að innheimta þær eða ekki. Það sem óinnheimt hafi verið, en kunni að innheimtast síðar, verði tekið upp í skuld stefnds og lækki hún við það. Reikningar þeir, er kröfuliðurinn byggist á, séu gjörðir af hinum færustu mönnum, eftir öllum þeim gögnum, sem hægt hafi verið að fá og hljóti því að vera réttir.

Gagnstefnandi hefir mótmælt þessum lið og krafizt sýknu af honum. Hann heldur því fram, að hann sé búinn að standa skil á öllu því ríkissjóðsfé, er hann hafi innheimt og sér beri að standa skil á.

Rétturinn getur nú ekki fallizt á þá skoðun aðalstefnanda, að gagnstefnandi beri persónulega ábyrgð á greiðslu allra þeirra ríkissjóðstekna, er féllu í gjalddaga í Barðastrandarsýslu á árinu 1927 meðan gagnstefnandi gegndi sýslumannsembættinu þar. Til þess að svo væri, hefði gagnstefnandi orðið að vera búinn að innheimta tekjurnar eða vera búinn að sýna af sér einhverja vanrækslu um innheimtu þeirra, áður en honum var vikið úr embætti. En að svo sé eða þurfi að vera er ekki upplýst í málinu. Á yfirlitsreikninginn eru teknar allar ríkissjóðstekjur úr Barðastrandarsýslu, er fallið hafa

í gjalddaga frá 1. janúar til 30. nóvember f. á., daginn sem gagnstefnanda var vikið úr umbætti um stundarsakir, og er ósennilegt, að hann hafi verið búinn að innheimta eða sýna af sér vanrækslu um innheimtu á þeim tekjum, er fallið kunna að hafa í gjalddaga síðustu dagana fyrir frávikninguna, sérstaklega þegar þess er gætt, að í Barðastrandarsýslu eru aðrir og fleiri tollstaðir en Patreksfjörður, er gagnstefnandi var búsettur og hafði sýsluskrifstofuna á.

Auk þessa eru allir tekjuliðirnir á yfirlitsreikningnum, að þeim síðasta (20.) undanskildum, byggðir á »special«-reikningum, sem aðrir hafa samið en gagnstefnandi og sumpart eftir gögnum, sem gagnstefnandi ef til vill hefir aldrei séð eða átt kost á að kynna sér (sbr. réttarskjal nr. 37). Honum hefir aldrei verið gefinn kostur á að kynna sér og gjöra sínar athugasemdir við þessa reikninga eða fylgiskjöl þeirra, og er hann því í þessu máli útilokaður frá því að gjöra athugasemdir við heildartölurnar, sem færðar eru á hið framlagða yfirlitsreikningseftirrit. Reikningar þessir hafa ekki, að minnsta kosti ekki áður en lögvaldsgjörðin fór fram eða mál þetta var höfðað, verið endurskoðaðir í fjármálaráðuneytinu, athugasemdir ekki verið við þá gjörðar, og þeim svarað af gagnstefnanda og reikningarnir síðan úrskurðaðir af fjármálaráðherra eins og venja er til um samskonar reikninga.

Síðasti (20.) liðurinn á yfirlitsreikningnum er: »Eftirstöðvar samkv. landsreikningi við síðustu reikningslok kr. 34885.08.

Þótt þessi upphæð hafi verið tekin upp á landsreikninginn fyrir árið 1928 sem tekjueftirstöðvar úr Barðastrandarsýslu, er það ekki næg sönnun þess, að gagnstefnandi beri persónulega ábyrgð á greiðslu hennar, og það er ekki sannað í málinu á annan veg en með tilvísun til þessa. Eftirstöðvarnar geta vel stafað af því, að tekjuskattur eða aðrar ríkissjóðstekjur úr sýslunni, hafi ekki greiðst, t. a. m. vegna gjaldþrots, og hafi innheimtumaður og reikningshaldari þó enga vanrækslu sýnt um innheimtu þeirra, og beri því ekki ábyrgð á greiðslunni, en upphæðin verið tekin upp á landsreikninginn sem tekjueftirstöðvar úr sýslunni, þar til fullreynt væri, hvort eða að hve miklu leyti þær greiddust af þeim, sem áttu að greiða þær að lögum.

Rétturinn fær því ekki séð, að aðalstefnandi hafi rökstutt þennan kröfulið sinn svo vel í þessu máli, að hægt sé gegn

mótmælum gagnstefnanda að dæma hann til að greiða upphæð hans.

Hinsvegar þykja svo miklar líkur vera fyrir því, að gagnstefnandi í raun og veru skuldi ríkissjóði ef til vill mikinn hluta upphæðarinnar, að eigi sé rétt að sýkna gagnstefnanda af kröfuliðnum, heldur þykir tiltækilegra að velja þá leiðina, að vísa honum í heild sinni frá dómi, sem ekki nægilega útlistuðum (þ: undirbyggðum) í þessu máli.

Gagnstefnandi hefir ekki í þremur fyrstu vörnum sínum í aðalmálinu hreyft sérstökum andmælum gegn neðantöldum kröfuliðum á reikningi aðalstefnanda til hans:

2.	Innstæða Bjargráðasjóðs	kr.	416.75
3.	Ellistyrksúthlutun til Geiradalshrepps .	—	124.00
4.	Ellistyrksúthlutun til Reykhólahrepps .	—	335.00
5.	—— til Múlahrepps . . .	—	112.00
6.	—— til Rauðasandshrepps	—	409.00
7.	Afgjald kirkjujarða samkv. sjóðbók . .	—	619.09
8.	Samkv. sjóðbók ógreitt úr dálkinum ýmsar tekjur . . . . kr. 3103.84 Afhent við fógetagjörð . — 2405.07	—	698.77
9.	Innstæða slysatr.sjóðs samkv. sjóðbók $^{30}/_{11}$ 1927	—	1451.80
10.	Innstæða slysatr.sjóðs innh. á Bildudal og Flatey $^{30}/_{11}$ 1927	—	1864.12
11.	Innstæða sýslusjóðs A.-Barðastrandarsýslu	—	4545.97
12.	Innstæða sýslusjóðs V.-Barðastrandarsýslu	—	4011.27
13.	Girðingalán samkv. manntalsbók . .	—	59.78
16.a.	Dánarbú Magnúsar Sæbjörnssonar . .	—	404.92
16.b.	—— Guðrúnar Dagsdóttur . . .	—	438.25
16.c.	—— Friðriks Eirikssonar	—	1700.00
16.d.	Þrotabú Þórðar Guðbjartssonar . . .	—	22.10
16.f.	Dánarbú Guðríðar Þórðardóttur . . .	—	44.79
16.h.	—— Jóns Árnasonar	—	357.44
16.i.	—— Júlíusar Júlíussonar	—	380.24
	Það verður því að taka til greina kröfu aðalstefnanda um dóm yfir gagnstefnanda fyrir þessum samtals	kr.	16995.29
		Flyt kr.	16995.29

Flutt kr. 16995.29

að frádregnum 15. lið reikningsins, þar sem gagnstefnanda eru færðar til tekna sem vátryggingargjald innfært í sjóðbók 1/12 1927 — 1864.12

eða kr. 15131.17

Í 4. vörn sinni í aðalmálinu (réttarskjal nr. 52, sbr. rskj. nr. 55), hefir gagnstefnandi gjört nokkrar athugasemdir við suma af framangreindum liðum, en bæði er það, að þær eru allt of seint framkomnar í málinu til þess, að þeim verði gaumur gefinn gegn mótmælum aðalstefnanda og svo eru þær mjög óskýrar og virðast ekki verða á rökum reistar.

14. liðnum á reikningi aðalstefnanda til gagnstefnanda, þar sem honum eru færðar til tekna kr. 1465.40 sem manntalsbókargjöld f. í sjóðbók 1/12 1927 og því stendur í sambandi við 1. kröfuliðinn, virðist verða að vísa frá dómi í þessu máli, þar sem dómur verður ekki í því lagður á viðskifti gagnstefnanda við ríkissjóðinn yfirleittt.

Næsti kröfuliðurinn (16.e.) á reikningi aðalstefnanda til gagnstefnanda er vegna dánarbús Jakobs Kristjánssonar og inneign þess hjá gagnstefnanda eftir tölunni og samtölunni á bls. 3 í réttarskjali nr. 3, og þá í stefnunni í málinu, talinn kr. 2636.06.

Gagnstefnandi telur dánarbúi þessu hafa verið skift og það að fullu uppgjört, er hann fór úr embættinu.

Umboðsmaður aðalstefnanda hefir lagt fram í málinu staðfesta útskrift úr aðalreikningabók Barðastrandarsýslu, sem gagnstefnandi hefir sjálfur fært, viðvíkjandi þessu dánarbúi. Eftir útskriftinni eru eignir búsins í bókinni taldar kr. 8229.12, en gjöld þess kr. 3343.08, og ætti eftir því að standa inni hjá gagnstefnanda tilheyrandi þessu dánarbúi . . kr. 4886.04. Umboðsmaður aðalstefnanda hefir upplýst, að gagnstefnandi hafi sýnt kvittanir fyrir tveimur greiðslum úr þessu búi, sem ekki eru færðar til útgjalda í aðalreikningabók, og nema samtals kr. 1899.98, ættu þá að standa inni hjá gagnstefnanda . . kr. 2986.06, en í málinu er aðeins stefnt fyrir og leitað sátta um kr. 2636.06, og er ekki gjörð grein fyrir því, hvernig á þessum mismun standi.

Gagnstefnandi heldur því fram, að arfur ómyndugs erfingja í búi þessu, sem eftir upplýsingum frá umboðsmanni aðalstefnanda á að nema kr. 2080.00 og vera frátekið meðlag

með óskilgetnu barni hins látna — sé lánaður út »gegn fyrsta veðrétti í jörðinni Hólar í Tálknafirði, sem af fógetavottunum var metin 1800 krónur, og verður bréf þetta framselt fjárhaldsmanni hinnar ómyndugu, hvenær sem óskað verður. Af því, er til þessa erfingja á að fara, standa eitthvað eftir um 1800 krónur, hitt greitt af mér í peningum fóstru barnsins«.

Það virðist nú hafa verið óheimil ráðstöfun eftir 8. gr. tilskipunar frá 18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra, að lána jafnmikið ómyndugra fé, og hér er um að ræða út á jörð, sem ekki er virt nema á 1800 krónur, þótt gjört hafi verið. En í málinu eru gegn mótmælum aðalstefnanda engar sönnur færðar á, að fé þessu hafi verið varið á þennan hátt, eða að gagnstefnandi hafi greitt fóstru barns þessa nokkra upphæð af fé því, er því bar úr dánarbúi föður síns Og þar sem eftir aðalreikningsbókinni, sem gagnstefnandi hefir sjálfur fært, á að standa inni hjá honum meira fé, tilheyrandi þessu dánarbúi, en dóms er krafizt fyrir, verður að taka dómkröfuna til greina og dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda hinar umstefndu kr. 2636.06.

Næsti kröfuliður (16. g.) eru kr. 2081.99, sem eiga að standa inni hjá gagnstefnanda, tilheyrandi þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar, eftir aðalreikningabók Barðastrandarsýslu, er hann hefir sjálfur fært og staðfest útskrift úr hefir verið lögð fram í málinu, og kemur upphæðin heim við hana.

Gagnstefnandi hefir nú lagt fram í málinu (réttarskjal nr. 33) skjal, dagsett í Flatey 10. apríl þ. á., og undirritað af sparisjóðsstjórninni þar, fyrir hönd sparisjóðsins, svohljóðandi: »Af uppboðsandvirði skulda v/þrotabú Guðm. kaupm. Bergsteinssonar, Flatey, kr. 5000 — fimm þúsund krónur, er Sparisjóður Flateyjar varð hæstbjóðandi að, voru eftir ógreiddar til þrotabúsins kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, er síðasti skiftafundur fór fram í búinu í nóv. s.l. Á þeim fundi var (sic) Sparisjóði Flateyjar ákveðnar kr. 2961.75 — tvö þúsund níu hundruð sextíu og ein króna 75/100 — upp í víxilkröfu, er hann átti á hendur búinu, áttu þær að ganga til greiðslu á eftirstöðvum uppboðsandvirðisins«.

Af aðalreikningabókarútskriftinni sézt, að gagnstefnandi hefir fært þrotabúinu þar til tekna allt uppboðsandvirði skulda þeirra, er Sparisjóðurinn í Flatey keypti á 5000 krónur. Eru 2000 krónur af upphæðinni færðar þrotabúinu til tekna í dezbr. 1926, en 3000 krónur 18. júlí 1927. Hinsvegar verður

ekki séð á útskriftinni, að þrotabúinu hafi verið færðar til útgjalda þær kr. 2961.75, sem Sparisjóðnum bar úr búinu eftir því, sem upplýst er í réttarskjali nr. 33 og áttu að koma á móti þeim 3000 krónum af uppboðsandvirði skuldanna, sem til tekna eru færðar 18. júlí 1927. Verður að telja réttarskjal nr. 33 nægja sönnun þess, að skuldajöfnuðnr hafi átt sér stað og 3000 krónurnar ekki verið greiddar þrotabúinu á annan hátt.

Gagnstefnandi hefir að vísu enga grein fyrir því gjört í málinu, hversvegna hann hafi ekki fært þrotabúinu til útgjalda í aðalreikningabókinni þær kr. 2961.75, sem Sparisjóðnum í Flatey báru og hann tók undir sjálfum sér af uppboðsandvirði skuldanna, og heldur eigi hvernig á því stendur, að upphæð þessi er meiri en aðalreikningsbókin sýnir, að ógreitt eigi að vera úr þrotabúinu, en það, sem sagt er um næsta kröfulið hér á undan sýnir, að gagnstefnandi hefir ekki verið hirðusamur með færslur gjaldamegin í aðalreikningabókina.

Umboðsmaður aðalstefnanda heldur því fram (réttarskjal nr. 36), að ekki sjáist, að ríkissjóði hafi verið fært til tekna skiftagjöld og aðrar lögboðnar greiðslur úr þrotabúi þessu, en þetta er ekki rétt. Eftir aðalreikningabókarútskriftinni eru skiftalaunin úr búinu færð til útgjalda með kr. 797.20 árið 1927 og uppboðslaun bæði árin 1926 og 1927, og verður að ætla, að þær upphæðir hafi og verið færðar í aukatekjubók Barðastrandarsýslu.

Rétturinn telur því ekki sannað í málinu, að inni standi hjá gagnstefnanda fé tilheyrandi þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar, og verður þá að sýkna hann af þessum kröfulið aðalstefnanda í því.

Um tvo síðustu kröfuliðina á reikningnum frá aðalstefnanda til gagnstefnanda (16. j. og 16. k.) vegna dánarbús Jóns Þorsteinssonar og þrotabús Hannesar B. Stephensen & Co., heldur gagnstefnandi því fram, »að öll meðferð þeirra heyri undir skiftaráðandann í Barðastrandarsýslu og einstaka kröfuhafa, og getur því ekki komið til máls, að gestaréttur í Reykjavík geti fellt nokkurn dóm eða úrskurð út af þeim, enda striðir slik krafa ekki einasta móti lagalegum grundvallarreglum, að dómstólarnir láti ekki meiri réttarvernd í té, en nauðsynleg er, sem og sérreglum skiftalaganna, að kröfuhafar gjöri sjálfir með aðstoð skiftaréttarins út um einstök afriði, er búin varða, enda væri dómur fyrir gestarétti hér á engan hátt bindandi

fyrir skiftaráðandann í Barðastrandarsýslu og þannig þýðingarlaus. Krefst ég þá einnig að verða sýknaður fyrir kröfu þessari, sem að því, er þessi tvö bú snertir, nemi kr. 69668.25 eða virðist réttinum frekar ástæða til þess, þá verði kröfu út af þessu atriði *vísað frá*«.

Gagnstefnandi virðist ekki skilja það, að í þessu máli er ekki að ræða um skifti á þessum tveimur búum eða kröfum í þau. Hér er aðeins um það að ræða, hvort fé tilheyrandi þessum búum standi inni hjá gagnstefnanda frá þeim tíma, er hann var skiftaráðandi í þeim, er honum hafi borið að skila af sér, er hann hætti að vera skiftaráðandi í búunum og er engin ástæða til að vísa því atriði að órannsökuðu máli frá dómi í þessu máli, sem er höfðað fyrir gestarétti Reykjavíkur eftir samkomulagi aðalstefnanda og gagnstefnanda.

Í þessu sambandi skal það tekið fram, að það er næsta ósennilegt, enda hefir gagnstefnandi engar sönnur á það fært gegn mótmælum aðalstefnanda, að gagnstefnanda hafi persónulega, en ekki sem sýslumanni Barðastrandarsýslu, verið falin nokkur störf fyrir þessi bú.

Skal svo vikið að kröfunum fyrir hönd þessara tveggja búa hvorrar fyrir sig.

Skuld gagnstefnanda við dánarbú Jóns Þorsteinssonar var á reikningi aðalstefnanda til gagnstefnanda (á bls. 3 í rskj. nr. 3, liður 16. j.) talin krónur 20731.46, en þegar löghaldsgjörðin var endurupptekin, var fallið frá 2000 krónum af upphæðinni, og aðeins stefnt fyrir kr. 18731.46 í þessu máli. Ekki kemur sú upphæð þó heim við staðfesta útskrift úr aðalreikningabók Barðastrandarsýslu af dánarbúi þessu (réttarskjal nr. 28), sem umboðsmaður aðalstefnanda hefir lagt fram í málinu, enda virðast 3 síðustu liðirnir á henni (tveir útfærðir með tölum, en miðliðurinn ekki) vera færðir inn eftir að gagnstefnanda var vikið úr embætti og af öðrum (sbr. rskj. nr. 15). Eftir aðalreikningabókinni eins og gagnstefnandi hefir fært hana, virðist skuld hans við þetta dánarbú hafa verið kr. 13337.02 -:- kr. 1778.20 eða kr. 11558.82 (réttarskjal nr. 15).

Umboðsmaður aðalstefnanda byggir heldur ekki á aðalreikningabókarútskriftinni, heldur á réttarskjali nr. 15, sem er skýrsla um bú þetta, er umboðsmaðurinn telur samda að mestu leyti af Birni Árnasyni og Erlendi Guðmundssyni, en gagnstefnandi af Bergi sýslumanni Jónssyni (skýrslan er ódagsett og óundirskrifuð), og leggur fram í málinu sem

sönnun þess, að sér hafi sem privatmanni verið falin innheimta útistandandi skulda dánarbús þessa, en vefengir að öðru leyti.

Aðalágreiningurinn um þennan lið er í því fólginn, að aðalstefnandi telur gagnstefnanda eiga að bera ábyrgð á skuld þrotabús Hannesar B. Stephensen & Co. við þetta dánarbú, kr. 18243.87 + vöxtum = 4028.77 eða kr. 22272.64, en gagnstefnandi mótmælir að svo sé. Aðalstefnandi staðhæfir að svo sé af því, að gagnstefnandi muni hafa falið Hannesi B. Stephensen að taka á móti miklu af fé dánarbúsins, en hann ekki getað staðið skil á því og því gefið út veðskuldabréf til dánarbús Jóns Þorsteinssonar fyrir skuld sinni, en gagnstefnandi beri ábyrgð á þessari skuld gagnvart dánarbúinu, þar sem hún hafi myndazt eftir að dánarbúið var tekið til opinberra skifta.

Gagnstefnandi hefir mótmælt þessari skýrslu og kveður skuld þessa hafa verið til orðna áður en Jón sál. Þorsteinsson dó og sig fyrir dánarbúsins hönd eigi hafa getað gjört annað eða meira til innheimtu hennar en að láta Hannes B. Stephensen gefa út veðbréf fyrir henni og þinglýsa því, og styðst þessi skýrsla við vottorð frá H. B. Stephensen (réttarskjal nr. 20), sem gagnstefnandi hefir lagt fram í málinu.

Aðalstefnandi hefir nú ekki fært sönnur á það, að skuld H. B. Stephensen & Co. sé stofnuð eftir að Jón sál. Þorsteinsson lézt, eða að gagnstefnandi hafi gjört sig sekan um vanrækslu við innheimtu þessarar skuldar og eigi því að bera ábyrgð á henni. Er þó mjög sennilegt, að uppskriftin á téðu dánarbúi skeri úr um fyrra atriðið, en útskrift af henni hefir ekki verið lögð fram í málinu.

Þar sem því eigi er hægt að skera úr því eins og málið er upplýst, hve mikið gagnstefnandi skuldar þessu dánarbúi, þykir rétt að vísa þessum kröfulið frá dómi sem ekki nægilega útlistuðum.

Skuld gagnstefnanda við þrotabú Hannesar B. Stephensen (16. k.) var við löghaldsgjörðina talin kr. 48936.79, en við endurupptöku gjörðarinnar færð niður um 3900 krónur, sem er andvirði seldrar fasteignar í Auðkúluhreppi og uppboðshaldarinn í Ísafjarðarsýslu stendur skil á, og um 2000 krónur, sem gagnstefnandi hefir greitt Íslandsbanka upp í kröfur bankans í þrotabú þetta. Er því í þessu máli stefnt fyrir kr. 43036.79. Gagnstefnandi hefir ekki mótmælt þeim eigna-

liðum þrotabús þessa, sem krafan er byggð á, enda eru þeir teknir eftir lista yfir úthlutun í búinu, er hann hefir sjálfur samið.

Skulu nú athuguð andmæli gagnstefnanda gegn greiðslu þessarar upphæðar (réttarskjal nr. 34).

Upphæðir þær, sem gagnstefnandi telur greiddar í töluliðunum 1. og 5. á réttarskjali nr. 34, eru þegar dregnar frá kröfunni á hendur honum vegna þrotabús þessa, eins og að framan segir. Sömuleiðis upphæðin á tölulið 3 (15 þúsund krónur í ríkissjóð), sjá bls. 4 á réttarskjali nr. 30, þótt umboðsmaður aðalstefnanda virðist ekki hafa veitt því eftirtekt (sbr. ummæli hans á bls. 4 í réttarskjali nr. 36).

Í tölulið 4 vill gagnstefnandi draga frá hinni umstefndu upphæð kr. 931.30, veðskuld til sparisjóðs Arnfirðinga með veði í húsi þrotabúsins á Bíldudal.

Í útdrætti þeim úr aðalreikningabók Barðastrandarsýslu, sem lagður hefir verið fram í máli þessu, er skuld þessi ekki færð til útgjalda sem greidd, og gagnstefnandi hefir enga kvittun lagt fram í málinu fyrir greiðslu hennar. Verður því ekkert tillit tekið til þessarar kröfu hans.

Í 5. eignaliðnum síðara (á að vera 6.) eru búinn færðar til eigna 12100 krónur fyrir seldan fisk. Þessi upphæð segir gagnstefnandi: »verður og á að vera í vörzlum fyrverandi skiftaráðanda, þartil gjört verður út um, hvort tilfellur Íslandsbanka eða ekki, og var ætlazt til þess, að skiftaráðandi fengi af þeirri upphæð innheimtulaun sín 12000 kr. samkv. skiftafundarsamþykkt, er skiftaráðandi var sviftur rétti til innheimtulauna, ef eignirnar væru seldar á uppboði og annar keypt en bankinn« o. s. frv.

Gagnstefnandi hefir sjálfur í áðurnefndum lista sínum tekið upp þennan eignalið búsins og á hann að sjálfsögðu að skila honum af sér með embættinu, hverjum svo sem hann verður útlagður við endanleg skifti á búinu. Síðari kafli hinnar tilvitnuðu klausu um innheimtulaunin er óskiljanlegur, og gagnstefnandi hefir engar sönnur á það fært, það enda mjög ósennilegt, að honum hafi borið eða verið lofað frekari innheimtulaunum úr búi þessu en komin eru til frádráttar, inneign búsins hjá honum í réttarskjali nr. 30, 4. og 5. gjaldlið undir nafninu »sölulaun«, og nema liðirnir kr. 3569.91 + kr. 276.00 eða samtals kr. 3845.91.

Í tölulið 6 (á að vera 7) á réttarskjali nr. 34 kveður gagn-

stefnandi: »kr. 15100.00 innborgast inn í bú Jóns Þorsteinssonar, Bildudal og erfingjum gjörð grein þeirrar upphæðar, sbr. flskj. nr. 19, og hefði auk þess átt að vera í vörzlum fyrverandi skiftaráðanda, sbr. flskj. 20«.

Í hinum tilvitnuðu skjölum felst engin sönnun þess, að gagnstefnandi hafi greitt þessa upphæð úr þrotabúi Hannesar B. Stephensen til dánarbús Jóns sál. Þorsteinssonar eða erfingja hans á lögmætan hátt, og verður því gegn mótmælum aðalstefnanda þessari fullyrðingu enginn gaumur gefinn.

Loks vill gagnstefnandi láta draga frá hinni umstefndu upphæð kr. 6900.00, sem er uppboðsandvirði tveggja skipa, sem þrotabú H. B. Stephensen átti, og Landsverzlunin átti veð í, en gagnstefnandi seldi á uppboði. Vill hann nú láta söluna ganga til baka, en aðalstefnandi hefir mótmælt því, enda hefir gagnstefnandi sjálfur tilfært söluverð skipa þessara á úthlutunarlista þeim, sem áður er nefndur.

Gagnstefnandi hefir ekki fært sönnur á, að hann hafi fengið lögmæta ákvörðun skiftafundar í þrotabúi H. B. St. eða annara hlutaðeiganda fyrir því, að sala þessi mætti skoðazt sem ógerð, og upp á sitt eindæmi getur hann ekki ákveðið, að svo skuli vera, enda hefir gagnstefnandi þegar fengið greiddar 4000 krónur upp í andvirði annars þessara skipa og er sú upphæð dregin frá kröfunni á hendur honum vegna þrotabús þessa, sbr. réttarskjal nr. 30.

Það verður því ekki hægt að taka til greina neitt af mótbárum gagnstefnanda gegn þessum kröfulið, heldur verður að taka til greina kröfu aðalstefnanda um dóm yfir honum til greiðslu þessara kr. 43036.76.

Síðasti kröfuliður aðalstefnanda á hendur gagnstefnanda er byggður á framlögðum reikningi yfir innstæður sjúkrasjóðs sjúkrahússins á Patreksfirði hjá Einari M. Jónassyni fyrv. sýslumanni, Patreksfirði, að upphæð kr. 4308.00 (réttarskjal nr. 5).

Gagnstefnandi hefir ekki mótmælt því, að hann hafi heimt inn þessa upphæð, en haldið því fram, að fyrir hana hafi hann keypt fasteign, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu fái afsal fyrir, og kveðst hann hafa talið fasteign þessa eign sjúkrasjóðsins »eftir ákvæðum sýslunefndar«.

Aðalstefnandi hefir mótmælt því, að sýslunefndin hafi samþykkt slika ráðstöfun á fé sjóðsins, og gagnstefnandi hefir engar sönnur á það fært, að svo hafi verið, né á það, að sér hafi verið heimil slík ráðstöfun fjárins án samþykkis sýslu-

nefndarinnar. Verður því að taka til greina kröfu aðalstefnanda um það, að gagnstefnandi verði dæmdur til að skila af sér þessu fé í peningum.

Niðurstaða aðalmálsins hér í réttinum verður því sú, að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda kr. 15131.17 + kr. 2636.06 + kr. 43036.79 + kr. 4308.00 = kr. 65112.02 með vöxtum eins og krafizt er.

Eins og tekið er fram hér að framan, byrjaði löghaldsgjörð sú, sem krafizt er staðfestingar á í málinu, 14. marz þ. á. og stóð yfir til 16. s. m., en var lokið þann dag, og hefir sérstök réttargjörð í aktsformi af henni, dags. 19. s. m. verið lögð fram í málinu (réttarskjal nr. 3).

Hinn 19. marz þ. á. var lögtaksgjörðin tekin upp að nýju eftir ósk gjörðarþola og þá lagt löghald á ýmsa muni hans og var framhaldsgjörðinni lokið daginn eftir, 20. marz þ. á., og hefir sérstök réttargjörð í aktsformi verið framlögð í málinu (réttarskjal nr. 4).

Við fyrri réttargjörðina er það að athuga, að ekkert nafn er skrifað undir staðfestingarklausulu þá, sem á hana er rituð, en endarnir á saumgarni því, sem hún er heft með, eru lakkaðir niður og innsigli Barðastrandarsýslu á lakkinu.

Þar sem bæði upphæð sú, sem löghalds er krafizt fyrir og samtala virðingarverðs hinna kyrsettu muna, er tekið upp í síðari staðfestu löghaldsgjörðina, þykir ekki þurfa að frávísa fyrri löghaldsgjörðinni ex officio sakir undirskriftavöntunarinnar, heldur mega líta svo á, að staðfesting hinnar síðari gjörðar nái einnig til hinnar fyrri.

Það athugazt og, að stimpilmerki hefir verið sett á hvoruga réttargjörðina, þótt gjald fyrir þau sé tilfært í báðum, auk ritlauna og staðfestingargjalds, en þar sem fjármálaráðuneytið er sækjandi málsins, þykir ekki þurfa að gjöra frekara út af því né hinu, að ýmsar útskriftir úr embættisbókum Barðastrandarsýslu, sem lagðar eru fram í málinu, eru óstimplaðar.

Verða löghaldsgjörðirnar því staðfestar fyrir upphæð þeirri, sem aðalstefnanda verður tildæmd í aðalmálinu.

Eftir niðurstöðu þeirri, sem hér er komizt að í aðalmálinu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsökin:

Gagnstefnandi sundurliðar á réttarskjali nr. 12 í 21. lið upphæð þá, kr. 91161.76, sem stefnt er fyrir í gagnsökinni.

Rétt samtala þessara 21 liða eru kr. 101161.76 eða réttum tíu þúsund krónum hærri en upphæðin í gagnstefnunni og engin grein er gjörð fyrir því í málinu, hvernig á þessu stendur.

Fyrsti liðurinn á þessu réttarskjali »skuld dánarbús Jóns Þorsteinssonar, Bildudal, of tilfærð kr. 20371.46«, á væntanlega að vega upp á móti kröfulið 16. j. í aðalmálinu (kröfuliðnum fyrir skuld gagnstefnanda við þetta dánarbú) og vera kr. 18731.46 (sjá hér að framan).

Í liðunum nr. 1.—7. og 10.—11. á réttarskjali nr. 12, er ekki farið fram á annað í raun og veru en að felldir verði niður í aðalsökinni eða lækkaðir tilsvarandi kröfuliðir í henni, og var því gagnstefna út af þeim allsendis óþörf. Þessir liðir hafa því allir komið til álita og um þá verið dæmt í aðalsökinni, og kemur þá ekki til mála, að um þá verði dæmt í annað sinn, og ber því að vísa þeim öllum frá dómi í gagnsökinni.

Í 8. liðnum á réttarskjali nr. 12 gjörir gagnstefnandi kröfu til að fá dóm yfir aðalstefnanda til að greiða sér 24000 krónur sem vangreiddan skrifstofukostnað síðastliðin 8 ár.

Í 11. gr. laga nr. 71/1919 er það lagt undir dómsmálaráðherra að ákveða kostnað sýslumanna og bæjarfógeta við rekstur embætta þeirra, og heyrir sú ákvörðun því ekki undir valdsvið dómstólanna. Verður því að vísa þessum kröfulið frá dómi.

9. kröfuliðurinn á réttarskjalinu er kr. 5845.00, sem »vangreidd togaragjöld samkv. stjórnarráðsúrskurði«.

Sem rökstuðning á þessum lið hefir gagnstefnandi lagt fram »reikning yfir tilfallin gjöld af togurum í Barðastrandarsýslu árin 1925, 1926 og 1927, 50 aura gjald samkvæmt sendum yfirlitsreikningum (réttarskjal nr. 13) og er upphæð þessa reiknings kr. 6633.01. Hinsvegar hefir hann ekki lagt fram í málinu stjórnarráðsúrskurð þann, sem hann vísar til og byggir á kröfu sína um dóm fyrir ofannefndri upphæð. Er kröfuliður þessi því ekki nægilega útlistaður í málinu, svo að og verður að vísa honum frá dómi. Kröfuliðina nr. 12—21 á réttarskjali nr. 12 rökstyður gagnstefnandi sem hér segir í gagnsókn sinni (réttarskj. 8). Kröfuliðirnir: »eru allt kröfur á hendur ríkissjóði, sem Bergi voru ávísað upp í sjóðeignina, sem sumpart greiddar og sumpart væntanleg greiðsla frá ríkissjóði, tel ég ástæðulaust að rökstyðja þær frekar svokomnu, en Bergi voru sendir reikningarnir og hafði ekkert við þá að athuga, og tel ég því þær kröfur viðurkenndar«, og síðar (réttarskjal

nr. 32). »Að 12.—21.: Þessar kröfur skýra sig sjálfar og legg ég fram viðurkenningu Bergs fyrir að hafa veitt þessum kröfum minum móttöku 8. dezbr. 1927, og er það hans sök, ef hann ekki hefir viljað innheimta eða krefja ávísaðar upphæðir og ber ríkissjóði að halda sér að honum út af því atriði«.

Frekari rökstuðning á þessum kröfuliðum er ekki að finna í gagnsóknum gagnstefnanda.

Þótt þess ætti ekki að þurfa, þar sem rökstuðning þessara kröfuliða er ekki merkilegri en að framan greinir, skal þó farið nokkrum orðum um hina einstöku liði.

12. liður er svo:

Ávísun á h/fj. »Norðri«, Flatey, kr. 435.00.

Á réttarskjali nr. 3, bls. 18 sézt, að ávísun sömu upphæðar á sama hlutafélag er eitt af því, sem löghald var lagt á hjá gagnstefnanda — og fær rétturinn ekki skilið hvernig gagnstefnandi hugsar sér að fá dóm yfir aðalstefnanda fyrir upphæð hennar.

13. liður: »sima- og póstkvittanir kr. 983.75«.

Um þennan lið er sama að segja og næsta lið á undan.

14. og 17. liður eru krafa um laun handa gagnstefnanda, fyrir dezembermánuð 1927 og hálfan janúarmánuð 1928, samtals kr. 1500.00.

Gagnstefnanda var vikið úr embætti með bréfi dómsmálaráðherra, dags., 28. nóvember f. á., og hefir hann í málinu enga tilraun gjört til þess að rökstyðja þessa kröfuliði.

15. liður: »Depositumskírteini mitt úr ráðuneytinu kr. 3500.00«.

Af réttarskjali nr. 35 má sjá, að gagnstefnandi hefir sent sýslumanni Barðastrandarsýslu þetta skírteini 7. dezbr. f. á., en hann endursent gagnstefnanda það daginn eftir, ásamt ávísuninni fyrir dezemberlaunum.

Eftir því sem umboðsmaður aðalstefnanda hefir upplýst, mun hér vera að ræða um 3500 krónur í veðdeildarbréfum, sem gagnstefnandi á í fjármálaráðuneytinu og löghald var lagt á 16. marz þ. á., auk þess sem þau munu sett sem trygging fyrir opinberum gjöldum þeim, er gagnstefnda var trúað fyrir að innheimta sem sýslumanni í Barðastrandarsýslu.

Er því sama um þennan kröfulið að segja og um 12. kröfuliðinn.

16. liðurinn: »Krafa til lögtaks hjá P. A. Ólafssyni, Patreksfirði, kr. 399.00«.

Það sézt á réttarskjali nr. 35, að gagnstefnandi hefir

7. dezbr. f. á. sent sýslumanni »lögtaksbirting hjá verzlun P. A. Ólafssonar, Geirseyri«, en að ríkissjóður verði dæmdur til að greiða þennan lið, sem ekki er gjörð nánari grein fyrir, fær rétturinn ekki skilið.

Sama er um 18., 19., og 20. liðina, kröfur á hendur sýslusjóðum Barðastrandarsýslu og vangreidd þinggjöld (væntanl.) úr sömu sýslu) 1927.

Fyrir því að ríkissjóður eigi að greiða gagnstefnanda 21. liðinn. »Vangreidd ávísun frá fógetagjörð 2. dezember '27, kr. 1800.00«, er heldur engin sæmileg grein gjörð.

Það verður því að sýkna aðalstefnanda af öllum liðum gagnsakarinnar nr. 12—21 á réttarskjali nr. 12.

Eftir þessum úrslitum gagnsakarinnar verður að dæma gagnstefnanda til þess að greiða aðalstefnanda málskostnað í henni, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Sakir annara embættisanna dómarans, þess, hve umfangsmikið mál þetta er og ógreinilega flutt, hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í því fyrri en nú.

Miðvikudaginn 15. maí 1929.

Nr. 19/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Robert William Millener (L. Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. febr. 1929: Kærður, Robert William Millener, greiði 12500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa. Svo og allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v. H. 64. St. Berlade sé upptæk og andvirði þeirra renni í sama sjóð og sektin.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögréttardómi, staðnæmdist varðskipið Óðinn við hliðina

á skipi kærða þ. 14. febr. þ. á., kl. 7,20 f. h., og var kærði þá samkvæmt skýrslu varðskipsins 1,5 sjómílu innan við landhelgislínuna, og hafði stjórnborðsvörpu sína í sjó. Með skýrslu varðskipsforingjans um þetta, er eigi hefir verið hnekkt, er fengin næg sönnun þess, að kærði hafi á fyrgreindum tíma, verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga, nr. 5, 18. maí 1920. Og með því fallast má á ákvæði lögregluréttardómsins um upphæð sektar, upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að kærða veitist mánaðarfrestur til greiðslu sektarinnar, er telst frá birtingu dóms þessa, og komi sjö mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan þess tíma.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sektin afplánist með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Robert William Millener, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á b/v. H. 64, St. Berlade frá Hull, Robert William Millener fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Í gær, kl. 6,10 árdegis, hélt varðskipið »Óðinn« frá Ólafsvík, og var farið grunnt með landi fyrir Rif og sem leið liggur fyrir Sand. Þegar komið var að Öndverðanesi, sást togari skammt frá landi, er virtist vera að veiðum. Kl. 7,12 árdegis miðaðist Öndverðanesviti í misv. S. t. V. fjarlægð 0,3 sm. Þá setti varðskipið út vegamæli og sýndi hann 85,3. Þaðan var stýrt í misv. V. t. N.

Kl. 7,20 mín. árdegis var varðskipið við hlið botnvörpungsins H. 64, St. Berlade, og sýndi vegamælir þá 86,9, og gefur þetta stað togarans 1,5 sjómílur innan við landhelgislínuna. Var þá lýst að togaranum og sást þá, að hann hafði stjórnborðsvörpu sína í sjó. Var honum gefið stöðvunarmerki, en hann beygði þá til V. N. V. og stanzaði kl. 7,27 mín. árdegis. Var þá mælt dýpið við hlið togarans og var það 154 metrar.

Kærður hefir ekki viljað kannast við það, að skýrsla sú, sem lögð hefir verið fram í málinu frá skipherranum á »Óðni« sé rétt og hann hefir neitað því, að hann hafi verið innan landhelginnar. Þessi mótmæli sín byggir hann á því, að hann hafi áður en hann kastaði vörpunni siglt með hálfri ferð í 55 mín. frá Öndverðanesvitanum í vestur, suðvestur. Hann býzt við, að skip sitt hafi siglt um 5 mílur á klukkustund, og telur sig á þennan hátt hafa verið kominn um 1 mílu út fyrir landhelgislínuna, áður en hann kastaði út vörpunni og byrjaði að draga. Hann kveðst og hafa látið gjöra dýpismælingar, bæði áður en hann lét kasta vörpunni og eftir það, og hafi dýpið þegar vörpunni var kastað verið 60 enskir faðmar, en þegar hún var dregin upp aftur 64 enskir faðmar.

Bátsmaður og stýrimaður hafa verið leiddir sem vitni í þessu máli, og kemur framburður bátsmannsins heim við framburð kærðs, um það í hvaða stefnu botnvörpungurinn hafi siglt frá Öndverðanesi og hve langan tíma. Hinsvegar er framburður vitnanna innbyrðis og samanborinn við framburð kærðs í talsverðu ósamræmi um það, hvenær dýpismælingarnar hafi verið gjörðar, hvernig þær hafi verið gjörðar, af hverjum þær hafi verið gjörðar og hver niðurstaðan hefir orðið.

Það er upplýst í málinu bæði með framburði kærðs og bátsmannsins, að hraði skipsins þær 55 mínútur, sem þeir telja, að þeir hafi siglt frá Öndverðanesi, er ágizkun, og það kemur beinlínis fram í framburði kærðs sjálfs, að skipið hafi einu sinni stanzað á þessari ferð til þess að gjöra dýpimælingar.

Með því að þessi staðarákvörðun kærðs og þess vitnis, sem nokkuð treysti sér til að segja um staðarákvörðunina, er byggð á ágizkun, fær dómarinn ekki séð, að þessar staðhæfingar geti á nokkurn hátt hnekkt hinum nákvæmu mælingum varðskipsins, sem að gjörðar eru með hinum beztu tækjum og af þaulæfðum mönnum, né skýrslu skipherrans, sem sýna, að skipið var svo langt fyrir innan landhelgislínuna, og verður því að telja að með því sé fullsannað, að skip kærðs var að veiðum með botnvörpu innan landhelginnar rétt áður en það var tekið fast, kl. 7,27, árdegis í gær.

Það er sannað í málinu, að kærður, sem ekki er upplýst að hafi áður brotið íslenzka fiskiveiðalöggjöf, hafi við hið umrædda tækifæri brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir það samkv. 3. gr. laganna, sbr. við 1. gr. laga nr. 7 frá 11. apríl 1924, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, eftir upplýsingu frá Landsbankanum, að hún jafngildi 81,65 aurum gulls, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpungnum H. 64, St. Berlade, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Föstudaginn 17. maí 1929.

Nr. 32/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðlaugi Brynjólfssyni (B. Þ. Johnson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 4. jan. 1929:

Ákærður, Guðlaugur Brynjólfsson, lyfsölumaður á Eyrarbakka, greiði 500 kr. í Menntamálasjóð, er afplánist með 31 dags einföldu fangelsi, svo og allan sakarkostnað.

Hið ídæmda að greiða innan 14 daga frá birting dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 21. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir refsing kærða hæfilega ákveðin samkv. 38. gr. sömu laga 500 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hér í rétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðlaugur Brynjólfsson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Bjarna Þ. Johnson, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með játning kærðs, Guðlaugs Brynjólfssonar, lyfsölumanns, sem veitir forstöðu lyfjabúðinni á Eyrarbakka, er sannað, að

28. nóvbrm. f. árs skipaði hann, sem var sjúkur, vikapilti sínum, Guðmundi Geir Ólafssyni, að afhenda Skúla Magnússyni lausamanni í Litlu-Sandvik, eina flösku og meinti með því venjulegan áfengisskammt, 210 gr. af spiritus concentratus. Var Skúla afhentur skammturinn, og gerðist hann svo drukkinn af, að hann lét öllum illum látum, er heim kom, og því kærði þetta húsbóndi hans Guðmundur Þorvarðarson hreppstjóri í Litlu-Sandvik.

Brot kærðs, sem er 25 ára og hefir eigi áður sætt kæru fyrir afbrot, á undir 21. gr. áfengislaganna, og þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er afplánist með 31 dags einföldu fangelsi.

Svo greiði hann allan sakar kostnað.

Á málinu hefir ekki orðið óhæfilegur dráttur.

Miðvikudaginn 22. maí 1929.

Nr. 34/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Gísla Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. marz 1929: Kærður, Gísli Guðmundsson, sæti 14000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar sé 30 dagar frá lögbirtingu dóms þessa, og að vararefsingin verði 8 mánaða einfalt fangelsi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða

allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar sé 30 dagar frá lögbirtingu dóms þessa, og að vararefsingin verði 8 mánaða einfalt fangelsi.

Kærði, Gísli Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gísla Guðmundssyni, skipstjóra, Garðastræti hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar.

Málavextir eru þannig eftir því sem upplýst er:

Hinn 27. september 1927, kveðst Björgvin Þórarinsson bóndi í Krossavík í Þistilfirði hafa séð botnvörpung, svartan að lit, vera að veiðum, — sá vörpunni kastað og hana dregna upp aftur með fiski — undan Krossavík. Hann heldur að botnvörpungurinn hafi verið um 300 faðma undan landi, og telur líklegt að ágizkun sín sé nærri lægi, þar sem hann sé vanur að gizka á vegalengdir. — Björgvin Þórarinsson kveðst því hafa tekið sjónauka og reynt að sjá nafn og númer togarans. Eftir mikla erfiðismuni kveðst hann að hann heldur, gegnum samandregið eða tvöfalt net, sem breitt var fyrir nafn og númer togarans, hafa séð nafnið »Otur« — »O«ið kveður hann þó lengi vel sér hafa sýnst vera G, — og ennfremur kveðst hann hafa séð stafina RE. 245.

Þrír aðrir, Þeir Þorvaldur Guðmundsson, bóndi að Völlum

og Kristján Þorvaldsson, vinnumaður sama stað, og Sigurður Árnason, Krossavík, sáu botnvörpung skammt undan landi fram af Krossavík, og Þorvaldur og Kristján sáu hann sama daginn að veiðum á Viðarvík, um 500 faðma undan landi. — Þeir Þorvaldur og Sigurður kveðast hafa séð, að togarinn var svartur að lit og að hann var að veiðum á fyrnefndum slóðum 300—500 faðma frá landi, og að hann var þar aleinn, en frekari einkennum á botnvörpungnum geta þeir ekki lýst og lengra nær framburður þeirra ekki, nema framburður Björgvins Þórarinssonar, sem fyr segir og framburður Sigurðar Árnasonar að því leyti, að hann kveður sig hafa vitað um það, að Björgvin var að reyna að ná nafni og númeri botnvörpungsins lengi um daginn 27. september, og er Björgvin kom heim sagðist hann loks hafa náð nafninu og númerinu á botnvörpungnum. Var hann svo viss í sinni sök, að hann skrifaði þegar daginn eftir kæru á botnvörpunginn, þar sem hann tilgreinir hann með nafni og númeri. — Þess má þegar geta hér, að öðru vísi en úr landi gat umrætt vitni ekki náð nafni botnvörpungsins og númeri, því svo illt var í sjónum, að ekki var hægt að komast á sjó úr Krossavík, og ástæðan til þess að Sigurður Árnason ekki skoðaði nafn togarans og númer gegnum sjónauka var sú, að hann þolir ekki að horfa í sjónauka, með því að hann hefir dálitið bilaða sjón eftir því, sem hann sjálfur segir.

Kærður, Gísli Guðmundsson, sem upplýst er að var skipstjóri á b/v., »Otur« RE. 245, allan septembermánuð 1927, hefir lagt fram útdrátt úr dagbók skipsins. Samkvæmt dagbókinni á skipið að hafa verið fyrir norðan Langanes dagana, 26. og 27. september. Kærður kveðst hafa verið að toga á Þistilfirðinum umræddan dag, en neitar því eindregið að hafa verið fyrir innan landhelgislínuna. — Í málinu hafa og verið leiddir sem vitni, Magnús Gunnar Guðmundsson, 1. stýrimaður á b/v. »Otur« og Erlendur Sigurðsson bátsmaður á botnvörpungnum. — Báðir kveðast þeir muna eftir því, að botnvörpungurinn var að veiðum á Þistilfirðinum umrædda daga. Magnús kveðst ekki muna hvar á Þistilfirðinum botnvörpungurinn hafi togað og hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hann væri fyrir innan landhelgislínuna. Hann hefir þó alls ekki fengizt til að vinna eið að framburði sínum né breyta honum frá því, sem nú er sagt. Erlendur Sigurðsson kveður engan vafa geta leikið á því, að botnvörpungurinn hafi verið að veiðum mjög nærri

landhelgislínunni umrædda daga, en telur hann þó ekki hafa verið fyrir innan línuna. Þegar hann hafi verið næst landi, hafi hann verið við vesturlandið, Melrakkasléttumegin, að hann minnir nokkuð langt fyrir innan Melrakkanes; en er vitninu var sýnt sjókortið í réttinum og að eftir þessum framburði þess hlyti botnvörpungurinn að hafa verið í landhelgi, kvaðst þetta vitni hafa álitið, að Melrakkanes væri allra yzti oddi Melrakkasléttunnar. Þetta vitni neitaði einnig að vinna eið að framburði sínum og fékkst þó ekki til að breyta honum.

Dómarinn verður nú að telja það nægilega sannað í máli þessu, með framburði hinna þriggja vitna, sem unnið hafa eið að framburði sínum, og annað, sem fram hefir komið í þessu máli, styður mjög eindregið, að kærður, Gísli Guðmundsson, hafi hinn 27. september 1927, verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu á b/v. »Otur«, RE. 245, inni á Þistilfirði framundan Krossavík og Viðarvík.

Með framannefndu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir það, hæfilega ákveðin eftir 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 7 frá 11. apríl 1924, hæfilega ákveðin 14000 krónur, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, það eftir gefnum upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna íslenzk jafngildir 81.70 aurum gulls, enda hefir kærður 8. október 1924, verið dæmdur í 4000 króna sekt í lögréglurétti Reykjavíkur, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar, en frekari refsingu hefir hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Sektin renni í Landhelgissjóð Íslands og greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Um upptöku afla og veiðarfæra er ekki að ræða, þar sem svo langt er um liðið síðan brotið var framið.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, og að því leyti, sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annríki dómarans.

Mánudaginn 27. maí 1929.

Nr. 88/1928. **Guðmundur Ólafsson, f. h. þrotabús Thor E. Tulinius** (Guðm. Ólafsson)
gegn
hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps
(Lárus Fjeldsted).

Lögtak fyrir útsvari.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 8. júni 1928: Umbeðið lögtak á fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Með fógetaréttarúrskurði, gengnum 8. júní 1928, úrskurðaði fógetinn í Suður-Múlasýslu, eftir að aðiljar höfðu sótt og varið málið fyrir fógetaréttinum frá 12. okt. 1927 til 25. maí 1928, er ágreiningsefnið var tekið undir úrskurð, að lögtak skyldi fram fara hjá Thor E. Tulinius fyrir 6000 kr. útsvari, er hreppsnefndin í Eskifjarðarhreppi hafði lagt á hann fyrir síldveiðar þar í hreppi sumarið 1923 og beiðst lögtaks á með bréfi, dags. 28. júli 1927.

Samdægurs úrskurðinum, gjörði fógetinn lögtak fyrir útsvarinu í eignarhluta Tulinius's í svokölluðu Lambeyrartúni, er virt hafði verið af fógetavottunum á 3500 kr.

Var uppboð í hinni lögteknu eign síðan auglýst í Lögbirtingablaðinu, er útkom 20. sept. 1928, og skyldi uppboðið fara fram þann 27. okt. samæris.

En eftir að uppboðið hafði verið auglýst, fékk þrotabú Tulinius's, er hafði verið úrskurðaður gjaldþrota af skiftadeild Sö- og Handelsrettens í Kaupmannahöfn 29. maí 1928, uppboðinu frestað og áfrýjaði síðan lögtaksúrskurðinum og gjörðinni með stefnu, dags. 6. nóv. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m.

Krefst áfrýjandi þess, að lögtaksúrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði felld úr gildi, og honum tildæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti. En stefndi, hreppsnefndin í Eskifjarðarhreppi, sem fengið hefir gjafvörn og sér skipaðan talsmann hér í rétti, krefst hinsvegar staðfestingar úrskurðarins og gjörðarinnar og málskostnaðar sér til handa, eins og málið væri ekki rekið með gjafvörn af hans hendi.

Áfrýjandi byggir ógildingarkröfu sína á því, að lögtaksúrskurðurinn og gjörðin hafi verið óheimil, af því að bú Tulinius's hafi verið tekið til gjaldþrotaskifta í Kaupmannahöfn, áður en lögtaksúrskurðurinn gekk, en hefir þó jafnframt kannast við það, að hvorki hafi gjaldþrotaúrskurðurinn verið birtur hér á landi, né heldur hafi búið gjört neinar ráðstafanir til að draga eignir Tulinius's hér undir skiftin, fyr en það sneri sér til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, út af fyrnefndri auglýsingu um uppboð á Lambeyrartúni. En 20. júní 1928 var innköllun til skuldheimtumanna birt í hinu opinbera auglýsingablaði Dana »Statstidende« og skyldu skuldheimtumenn segja til krafna sinna innan 4 mánaða.

Stefndi hefir hinsvegar aðallega borið fyrir sig opið bréf 30. nóv. 1821.

Að vísu á nefnt opið bréf ekki við aðrar fógetagjörðir, samkv. orðanna hljóðan, en kyrsetningar, en lögjöfnun þaðan og til lögtaks þykir heimil. Og nú með því að requisitus hefir um langt skeið verið búsettur erlendis, og er það enn, verður hann þegar af þeirri ástæðu að teljast útlendingur í þessu sambandi. En af þessu leiðir, að stefnda var heimilt, samkv. niðurlagi nefnds bréfs, að láta gjöra lögtak fyrir útsvarinu;

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörðina.

Samkv. þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða talsmanns stefnda í hæstarétti, og þykir það hæfilega ákveðið 80 kr.

Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksúrskurðinum og lögtaksgjörðinni á að vera óraskað.

Áfrýjandinn, Guðmundur Ólafsson, f. h. þrotabús Thor E. Tulinius's, greiði, að viðlagðri aðför að lögum, kaup hins skipaða talsmanns stefnda, málflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Lögtaksúrskurður hefir verið birtur Snorra Jónssyni á Eskifirði, en þar sem gjörðarþoli lét mæta við þessa gjörð og leggja fram andsvör, virðist hann hafa tekið téða birtingu gilda. Umboðsmaður gjörðarþola hefir krafizt frávísunar málsins af þeirri ástæðu, að varnarþing gjörðarþola sé í Kaupmannahöfn, en ekki á Eskifirði, en þar sem því er ómótmælt haldið fram af gjörðarbeiðanda, að gjörðarþoli eigi bæði fasteign og lausafé hér á staðnum, á hann rétt á að fá aðstoð réttarins til að leita fullnægingar í téðum eignum fyrir kröfu sinni, ef hún annars er á rökum byggð, og verður því frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Í annan stað krefst umboðsmaður gjörðarþola þess, að lögtak verði aðeins leyft fyrir 1800 kr., en það er sá hluti af útsvarsupphæðinni, sem gjörðarþoli hefir játað sig fúsan til að greiða. Telur hann hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hafa farið út fyrir takmörk þau, sem henni eru sett í lögum um niðurjöfnun aukaútsvara. Útsvar gjörðarþola nemi $^2/_3$ af tekjum þeim, sem það

sé lagt á, og sé því útsvarsálagningin í raun og veru eignarnám, sem hreppsnefndina skortir heimild til.

Útsvar þetta er lagt á hagnað af síldveiði gjörðarþola á Eskifirði sumarið 1926. Telur umboðsmaður gjörðarþola þennan hagnað 9000 kr., án þess þó að leggja fram nokkra reikninga eða sundurliðaða skýrslu yfir þennan atvinnurekstur sinn, og hefir gjörðarbeiðandi fært talsverðar líkur fyrir því, að nettóhagnaður gjörðarþola hafi orðið miklu meiri. Það verður því ekki talið sannað í málinu, að hreppsnefndin hafi með því að leggja téðar 6000 kr. á gjörðarþola farið fram yfir þau takmörk, sem henni eru sett í lögum, enda þótt aukaútsvar þetta virðist mjög hátt, miðað við síldarafla gjörðarþola, og með því að útsvarsskyldu gjörðarþola á Eskifirði, téð sumar, er ekki mótmælt, verða framangreind mótmæli umboðsmanns hans ekki tekin til greina, heldur á umbeðið lögtak fram að ganga.

Miðvikudaginn 29. maí 1929.

Nr. 39/1928. **H/f. Völundur** (Lárus Fjeldsted)
gegn
hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps
(Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. marz 1928: Stefnd, hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, f. h. þess hrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, h/fj. »Völundar« hér í bænum, í þessu máli, en stefnandi á að greiða stefndum 150 krónur í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir haldið því fram, að áfrýjandi hafi afhent Bræðrunum Proppé, en ekki stefndu timbrið til hafnargjörðarinnar, og hefir áfrýjandi ekki hnekkt þessu. Einnig er það upplýst hér

fyrir réttinum, að áfrýjandinn sendi stefndu ekki reikninginn yfir timbrið og krafði hana ekki um kaupverð þess fyr en 2 dögum eftir að birt hafði verið innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúi Bræðranna Proppé, þ. e. 20. okt. 1927.

Að þessu athuguðu verður að staðfesta sýknudóm gestaréttarins, af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í dóminum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að áfrýjandi greiði stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps á sýkn að vera af kröfum áfrýjanda h/f. Völundar í máli þessu. Málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59/1905 höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni, 29. apríl 1927, af hlutafélaginu »Völundur« hér í bænum gegn hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps í Snæfellsnessýslu, f. h. þess hrepps, til greiðslu á kr. 1350.73, ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1925 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu með kr. 178.00.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir krafizt algjörðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og ríflega málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1925 bað hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps firmað »Bræðurnir Proppé« í Ólafsvík að útvega timbur til hafnargjörðarinnar þar. Varð firmað við þessari beiðni og fékk timbrið frá stefnanda. Kom það vestur 16. júní s. á. og fylgdi því reikningur, sömu upphæðar og dómkrafan, stílaður til hafnargjörðarinnar, en sendur firmanu, og var hann

færður hafnargjörðinni til útgjalda s. d. í verzlunarbókum firmans.

Vorið eða sumarið 1926 varð firmað »Bræðurnir Proppé« gjaldþrota. Sneri stefnandi sér þá fyrst til hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps 25. október 1926, sendi henni reikning fyrir timbrinu og krafðist borgunar á honum. Hreppsnefndin svaraði málaleitan þessari 19. nóvember 1926 á þá leið, að hún hefði greitt firmanu »Bræðurnir Proppé« upphæðina þegar eftir móttöku timbursins og greiddi hana ekki aftur, ódæmd. Höfðaði stefnandi mál þetta og hefir í því gjört réttarkröfur þær, er að framan greinir.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að þar sem stefnandi sendi firmanu »Bræðurnir Proppé«, en ekki stefndum beint reikninginn fyrir timbrinu til hafnargjörðarinnar í Ólafsvík, þá hafi í því legið umboð til firmans til þess að heimta inn upphæð reikningsins og kvitta fyrir móttöku hennar, og þar sem það er ómótmælt, að stefndur hafi greitt firmanu reikningsupphæðina, og stefndandi sneri sér ekki til stefnds um borgun á henni fyrri en nærri hálfu öðru ári á eftir að timbrið var látið af hendi og eftir að firmað var orðið gjaldþrota, verður eigi betur séð en að hann hafi fyrirgjört þeim rétti, sem hann í upphafi hafði til þess að krefja stefndan um borgun fyrir timbrið.

Verður því að áliti réttarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, og dæma hann til að greiða stefndum málskostnað, er með hliðsjón af lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Föstudaginn 31. maí 1929.

Nr. 9/1929. **Kári Ósland** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurði Jónssyni o. fl., f. h. h/f. „Alda“
(Lárus Jóhannesson).

Ábyrgð fyrir kaupgreiðslu.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. febr. 1928: Stefndu, kaupmennirnir, Sigurður Jónsson, Lars

J. Imsland og Stefán Th. Jónsson, f. h. h/f. »Alda«, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 23. jan. þ. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi 15. s. m., og hefir áfrýjandi fengið gjafsókn og skipaðan talsmann fyrir hæstarétti.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, réðist áfrýjandi til sjóróðra að Skálum á Langanesi hjá Jörundi Þórðarsyni frá 1. júní til 30. sept. 1925 fyrir 300 kr. kaup á mánuði, auk ókeypis fæðis, þjónustu og fars aðra leiðina. Var um þetta gjörður skriflegur samningur í Vestmannaeyjum 27. mai 1925, og hefir prokúristi h/f. »Alda« ritað á samninginn, að hlutafélagið ábyrgist kaupgreiðsluna. Í lok ráðningartímans átti áfrýjandi mestallt kaupið innistandandi hjá Jörundi og fékk hann með gestaréttardómi Reykjavíkur dæmdan til að greiða sér kaupeftirstöðvarnar, kr. 1197.30 og kr. 171.50 í málskostnað, en fjárnámsgjörð samkvæmt þessum dómi reyndist árangurslaus.

Hefir áfrýjandi krafizt þess hér fyrir réttinum, að stefndi verði samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu hans, dæmdur til að greiða sér báðar þessar upphæðir, eða samtals kr. 1368.80 með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi og málskostnað fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt sýknunar og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Það er upplýst hér fyrir réttinum, að það heyrir undir atvinnurekstur stefnda, h/f. »Alda«, að kaupa fisk og fiskafurðir af sjómönnum og leigja þeim verbúðir og vergögn, og er það ómótmælt í málinu, að prokuruhafi stefnda hafi ábyrgzt kaupgreiðsluna til

áfrýjanda og annara sjómanna Jörundar Þórðarsonar, til þess að tryggja stefnda fiskkaup og föst verzlunarviðskifti. Verður því ekki álitið, að prokúruhafinn hafi, með því að ábyrgjast kaupgreiðsluna, farið út fyrir valdsvið prokúruhafa, svo sem það er afmarkað með 25. gr. laga nr. 42, 18. nóv. 1903.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að það hafi verið forsenda fyrir ábyrgðarskuldbindingunni, að Jörundur seldi honum afla sinn og hefði öll verzlunarviðskifti sín við hann, og hafi Jörundur lofað þessu munnlega, en er hann hafði rofið þennan samning á miðri vertíð og flutt fiskinn með aðstoð sjómanna sinna, þar á meðal áfrýjanda, úr húsum stefnda á Skálum, þá hafi ábyrgðarskuldbindingin fallið úr gildi, enda hafi stefndi þ. 4. ágúst 1925 sagt áfrýjanda og öðrum sjómönnum Jörundar upp ábyrgðinni. Telur stefndi sig því vera lausan allra mála út af ábyrgðinni.

En á þetta verður ekki fallizt. Áfrýjandi hefir eindregið neitað því hér fyrir réttinum, að stefndi hafi sagt sér upp ábyrgðinni, og sömuleiðis neitað því, að hann hafi verið með í því verki að flytja fisk Jörundar úr húsum stefnda, og er hvorugt þetta nægilega sannað gegn neitun áfrýjanda. Auk þess var áfrýjandi ráðinn með föstu mánaðarkaupi hjá Jörundi, en átti engan hlut í aflanum, og gat því engu um það ráðið, að fiskurinn var fluttur úr húsum stefnda og að verzlunarviðskiftunum var hætt. Samningsrof Jörundar gátu því eigi haft það í för með sér, að ábyrgðarskuldbinding sú, er áfrýjanda var gefin, félli úr gildi, né heldur veittu þau stefnda heimild til að segja upp ábyrgðinni.

Það verður því að taka kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 1368.80

með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi, 15. marz 1927, til þess greitt verður.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti, er ákveðst samtals 300 kr., þar í talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 80.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sigurður Jónsson, Lars P. Imsland og Stefán Th. Jónsson, f. h. h/f. »Alda« á Seyðisfirði, greiði áfrýjanda Kára Ósland í Reykjavík, kr. 1368.80 með 5 % vöxtum frá 15. marz 1927 og til þess greitt verður.

Svo greiði og stefndi áfrýjanda í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti 300 kr., þar í talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, 80 kr.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir aukarèttinum með stefnu, útg. 4. apríl 1927, birtri 7. apríl s. á., af Jóni Jónssyni í Firði, Seyðisfirði, f. h. Kára Ósland, Bankastræti 14 í Reykjavík, gegn kaupmönnunum, Sigurði Jónssyni, Lars J. Imsland og Stefáni Th. Jónssyni, f. h. h/f. »Alda«, Seyðisfirði, sem stjórnendum og eigendum félagsins, til greiðslu á kr. 1197.30, ásamt 5 % ársvöxtum frá 22. júní 1926, til greiðsludags, áföllnum kostnaði kr. 171.50, innheimtulaunum samkvæmt lágmarksgjaldskrá málfærslumannafélags Íslands, sem nema kr. 150.75, og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt algjörðrar sýknunar af kröfum stefn-

anda og sér dæmdan málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi.

Til vara hafa þeir gjört þá kröfu, að umstefnd upphæð verði færð niður um kr. 280.00.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1925 réðist umbjóðandi stefnanda til sjóróðra norður á Langanes hjá Jörundi nokkrum Þórðarssyni frá Þverá með ráðningarsamningi, dags., 27. maí 1925. Með áritun á ráðningarsamning þennan tók framkvæmdarstjóri og prókúruhafi h/f. »Alda« á það einfalda ábyrgð á greiðslu umsamins kaups umbjóðanda stefnanda. Í lok ráðningartímans var hag stefnds Jörundar Þórðarsonar þannig varið, að hann gat ekki greitt umsamið kaup. Höfðaði því umbjóðandi stefnanda mál á hendur nefndum Jörundi Þórðarsyni fyrir gestarétti Reykjavíkur, og með dómi uppkveðnum 30. júní 1926 var hann dæmdur til að greiða umbjóðanda stefnanda þessa máls, umstefnda upphæð, ásamt vöxtum og málskostnaði. Með fjárnámsgjörð, sem fram fór á Siglufirði 9. ágúst 1926 reyndist greindur Jörundur með öllu eignalaus, og af þeirri ástæðu hefir umbjóðandi stefnanda snúið sér til h/f. »Alda« um greiðslu umstefndrar upphæðar, sem hann telur, að félagið beri ábyrgð á.

Sýknukröfu sína í máli þessu byggja stefndu á því, að prókúruhafa félagsins hafi ekki verið heimilt að taka ábyrgð á kaupi umbjóðanda stefnanda á félagið, nema eitthvað kæmi á móti, svo ábyrgðarskuldbindingin gæti talizt í þágu rekstrar atvinnu félagsins. Hafi því verið tilætlun prókúruhafans, að nefndur Jörundur Þórðarson hefði öll viðskifti sín við félagið um sumarið eða ráðningartíma umbjóðanda stefnanda, og hafa stefndu haldið því fram, að munnlegur samningur hafi verið gjörður um það atriði. Ennfremur hafa þeir staðhæft, að fyrir prókúruhafa félagsins hafi viðskifti þessi verið veruleg forsenda fyrir ábyrgðinni, sem hún hlaut að falla og standa með.

Þessu hefir stefnandi ekki mótmælt, heldur þvert á móti fallizt á það, að ábyrgðin muni hafa verið gefin í þeim tilgangi að sælast eftir viðskiftum þessum.

Það er upplýst í málinu með játningu stefnanda og öðrum gögnum, að í ágúst um sumarið flutti nefndur Jörundur Þórðarson og menn hans, þar á meðal umbjóðandi stefnanda, úr húsum félagsins, þar sem þeir höfðu haft leigða íbúð og geymslu fyrir afla sinn. Fluttu þeir burtu fisk þann, er þeir

höfðu aflað til þess tíma, og hættu öllum viðskiftum við h/f. »Alda«. Sagði þá prókúruhafi félagsins upp ábyrgðinni, eftir að hafa kvatt fyrir sig nefndan Jörund Þórðarson og menn þá, sem ábyrgðin náði til, og þar á meðal umbjóðanda stefnanda.

Hefir stefnandi eindregið mótmælt því, að afturköllun þessi hafi verið bindandi fyrir umbjóðanda sinn, þar sem prókúruhafi félagsins hafi ekki getað rift ábyrgðina með þessum hætti að lögum. Á það hafa stefndu fallizt, en hinsvegar haldið því fram, að með því að hætta viðskiftunum við félagið hafi aðalskuldari aukið að svo miklum mun áhættu félagsins sem ábyrgðartaka, að ábyrgðin hafi fallið niður um leið og viðskiftunum var slitið.

Þá hafa stefndu ennfremur haldið því fram, að hafi ábyrgðarskuldbindingin ekki byggzt á viðskiftasamningi, hafi prókúruhafi h/f. »Alda« farið út fyrir takmörk umboðs síns, og ábyrgðin þá frá upphafi verið ógild. Þessu til stuðnings hafa þeir vitnað til 25. gr. laga nr. 42, 18. nóvember 1903, og verður rétturinn að fallast á, að sérstæðar ábyrgðarskuldbindingar verði ekki taldar til »rekstrar atvinnu« umbjóðanda prókúruhafa.

Með skírskotun til framanritaðs verður rétturinn að líta svo á, að ofangreind ábyrgð, sem prókúruhafi h/f. »Alda« tók á félagið, sé niður fallin, og beri félagið því ekki ábyrgð á umstefndri kaupkröfu umbjóðanda stefnanda. Eiga því stefndu, f. h. h/f. »Alda«, að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 3. júní 1929

Nr. 36/1928. **Réttvísin** (Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
Pétri Oddssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn 2. mgr. 99. gr., sbr. 47. og 103. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 23. apríl 1928: Ákærður, Pétur Oddsson, sæti refsingu, 600 kr sekt, er renni í ríkissjóð, en sé sektin eigi greidd innan 30 daga frá

lögbirtingu dómsins, afplánist hún með 34 daga einföldu fangelsi.

Allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði og ákærður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að vísu var samkv. skýrslum þeim, sem aflað hefir verið eftir uppkvaðningu héraðsdómsins í máli þessu, meðal annars sérstaklega eftir útskrift af prófum Halldórs Júlíussonar sýslumanns, í svokölluðu kosningasvikamáli úr Hnífsdal, engin ástæða til þess í lok síðasta prófs nefnds sýslumanns í Bolungarvík, 8. nóv. 1927, að gruna Kristján hreppstjóra Ólafsson í Hólshreppi, sem nokkrir kjósendur höfðu kosið hjá við alþingiskosningarnar í júlí 1927, um að hann hefði gjörzt sekur um kosningarsvik þau, sem Halldór sýslumaður hélt próf út af, sem commissarius í Bolungarvík, dagana 7. og 8. nóv.

Báðir vottarnir að kosningu Friðbjargar Friðriksdóttur, sem báða dagana hafði haldið því fram, að hún hefði sjálf útfyllt kjörseðil sinn hjá hreppstjóra, en ekki hreppstjóri fyrir hennar hönd, þær, frú Sigþrúður Pálsdóttir og ungfrú Soffía Freygerður Þorvaldsdóttir, höfðu þá fyrir réttinum í öllum aðalatriðum afsannað framburð Friðbjargar, og að sama skapi styrkt skýran, ákveðinn og stöðugan framburð hreppstjóra, um að hann hefði útfyllt kjörseðil Friðbjargar eftir beiðni hennar.

Og að því, er snertir framburð Sigurðar Vagns Magnússonar, manns Friðbjargar, sem að vísu fyrst hafði haldið hinu sama fram fyrir sitt leyti, en þó afturkallað það samstundis, og síðan stöðugt borið, að hreppstjóri hefði útfyllt sinn kjörseðil eftir beiðni

sinni, þá hafði einnig það vitnið við kosningu Sigurðar, er náðzt hafði til áður en nefndu réttarhaldi sleit, og fyrir rétti staðfest skýrslu hreppstjóra og Sigurðar, um að hreppstjóri hefði aðstoðað Sigurð við kosninguna.

Krafa rannsóknardómarans í lok réttarhaldsins í Bolungarvík 8. nóv. 1927, um tryggingu af hendi Kristjáns hreppstjóra fyrir návist hans, var því átyllulaus.

En þó að þessi ljóður væri á framkomu rannsóknardómarans, þá réttlætir hann ekki gjörðir ákærða gegn dómaranum, sem í öllum aðalatriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms. En með þeim athöfnum þykir ákærði hafa gjörzt sekur um tilraun til að tálma því, að Kristján hreppstjóri Ólafsson yrði settur í gæzluvarðhald, er ekkert varð úr setningu tryggingarinnar fyrir návist hans. Brot ákærða heyrir þannig undir 2. mgr. 99, sbr. 47. gr. hegningarlaganna. En framanskráð framkoma rannsóknardómarans, Halldórs sýslumanns Júlíussonar, verður jafnframt samkv. 103. gr. hegnl., að teljast ákærðum til svo mikilla málsbóta, að honum þykir eftir atvikum nægilega refsað með 100 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Samkv. þeim úrslitum verður ákærði að greiða kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda hér í rétti, 120 kr. til hvors.

Það athugast, að málið var afgreitt til sækjanda 12. júní 1928, en hann, sem var erlendis um sumarið, sendi verjanda það 5. okt., er aftur sendi dómsmálaráðuneytinu það 11. dez. með beiðni um, að ný próf yrðu fyrirskipuð, en frá þeim tíma og þangað til

22. apríl þ. á., hefir málið, að slepptum nokkrum tíma vestra vegna framhaldsprófs, samkv. umsögn verjanda, verið á vegum dómsmálaráðuneytisins. Enda þó að málið hafi þannig verið alllengi í vörzlum málflutningsmannanna, þykir eftir atvikum mega við svo búið standa.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Oddsson, sæti 100 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þess .

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, meðal annars laun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 120 kr. hvorum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Pétri Oddssyni, kaupmanni í Bolungarvík, fyrir brot á móti valdstjórninni.

Atvik og tildrög málsins, upplýst sumpart með eigin játningu ákærðs, sumpart á annan hátt, eru þau, er nú skal greina.

Þann 8. nóvember f. á. var rannsóknardómari, commissarius Halldór Kr. Júlíusson að þinga í Bolungarvík í máli út af meintum kosningasvikum í Hnífsdal við síðastliðnar alþingiskosningar. Taldi hann grun falla á hreppstjóra Hólshrepps og fór fram á, að hann setti tryggingu, að upphæð 4000 kr., fyrir nærveru sinni. Í tilefni af því fór hreppstjóri, er eigi var svo efnum búinn, að hann af eigin rammleik gæti sett trygginguna, þess á leit við ákærðan, og að því er virðist við nokkra aðra borgara í Bolungarvík að setja tryggingu fyrir nærveru hans á staðnum. Tryggingarinnar krafðist commissarius í

réttarhaldi að aflokinni yfirheyrslu kl. ca. 6 e. h. greindan dag. En varðhaldsúrskurð kvað hann eigi upp yfir hreppstjóra.

Þegar hreppstjóri bar upp erindi sitt við ákærðan, að hann setti umgetna tryggingu, þótti ákærðum eigi vera ástæða til þess og sendi boð til nokkurra helztu borgara kauptúnsins, tjáði þeim álit sitt, að eigi bæri að setja umgetna tryggingu fyrir nærveru hreppstjóra og mótmæla bæri, að hann yrði settur í gæzluvarðhald að eigi meira rannsökuðu máli, þareð hann væri sannfærður um sakleysi hans og bað þá verða sér samferða á fund commissiarii eða að húsi því, er hann dvaldi í, til þess að mótmæla þessu. Kl. tæplega 8 e. h. umræddan dag fór ákærður á fund commissiarii og urðu ýmsir borgarar honum samferða að húsi því, er commissiarius bjó í, og meginþorri þorpsbúa streymdi og að og staðnæmdist fyrir framan húsið að því, er virðist í tilefni af greindri ráðstöfun ákærðs. En ákærður fór einn inn til commissiarii, tjáði honum, að hann ásamt fleiri borgurum neitaði að setja tryggingu fyrir nærveru hreppstjóra og sömuleiðis að þeir mótmæltu, að hreppstjóri væri settur í gæzluvarðhald að eigi meira rannsökuðu máli. En commissiarius gaf í skyn, að hann myndi fara sínu fram og að komu hans myndi mega skilja sem mótþróa gegn embættisstarfi hans. Vildi commissiarius því setja rétt og fá erindi ákærðs og aðstöðu bókaða í réttinum, en réttarvottar þeir, er voru í för með commissiario, voru eigi viðstaddir.

Vildi ákærður eigi, að réttur væri settur yfir honum í þessu skyni, en kvaðst skyldi gefa honum erindi sitt og afstöðu til málsins skriflega. Varð það að samkomulagi með ákærðum og commissiario, að ákærður gæfi honum skriflega yfirlýsingu um þetta.

Samdi ákærður þá svofelda yfirlýsingu:

»Ég undirritaður, Pétur Oddsson, kaupm. í Bolungarvik lýsi því yfir, að ég ásamt mörgum borgurum í Bolungarvik neita að setja tryggingu þá, sem setudómari Halldór Júlíusson heimtar að hreppstjóri Hólshrepps setji fyrir nærveru sinni hér á staðnum. Sömuleiðis neita ég því, ásamt sömu borgurum, að hreppstjórinn verði tekinn og settur í gæzluvarðhald að ekki meira rannsökuðu máli en orðið er, því álit okkar er, að hreppstjórinn sé algjörlega saklaus.

Bolungarvik, 8/11 '27.

Pétur Oddsson«.

Er ákærður hafði samið yfirlýsingu þessa, las hann hana fyrir commissiario, er lýsti yfir, að hann léti sér það nægja eða »léti það gott heita«. Gekk svo ákærður út í anddyrið, las yfirlýsinguna í heyranda hljóði fyrir mannsöfnuðinum, er stóð þar þéttskipaður úti fyrir og spurði hvort þeir væru samþykkir yfirlýsingunni, en mannsöfnuðurinn galt samþykki sitt við yfirlýsingunni með því að rétta upp hendina.

Áður en ákærður kom á fund commissiarii hafði commissiarius pantað mótorbátsflutning til Ísafjarðar kl. 10 um kvöldið.

Bátinn átti ákærður, og kveður hann, að formaður bátsins hafi komið að máli við sig og tjáð sér, að þareð útlit væri fyrir sjóveður næsta dag kæmi honum illa að fara seinna en kl. 9 um kvöldið. Kveðst ákærður hafa skýrt commissiario frá þessu, enda varð það úr, að commissiarius fór kl. 9 um kvöldið, en kveðst hafa gjört það fyrir fortölur ákærðs.

Á tímabilinu frá kl. 8—9, meðan ákærður var inni hjá commissiario, stóð mannsöfnuðurinn úti fyrir og beið þar til commissiarius lagði af stað til Ísafjarðar. Fylgdi mannsöfnuðurinn honum eftir til skips og skildi eigi við hann fyr en hann lét frá landi.

Commissiarius hefir skýrt réttinum frá, að á greindu tímabili, meðan ákærður var á fundi hans, hafi verið svo að segja stöðugar sendiferðir inn í hús það, er commissiarius dvaldi í, og erindið hafi verið að fá að vita, hvenær hann færi og að ýta undir brottför hans. Það hefir þó eigi sannazt, að á þessu tímabili hafi nema einn maður af mannsöfnuðinum komið inn til commissiarii í þessu skyni. En annar réttarvottanna, er staddur var í anddyri hússins, kveðst hafa heyrt rétt eftir að maður þessi kom út aftur, að einhver í mannþrönginni kallaði svofelld ummæli:

»Ætlið þið nú eigi að fara að koma með hann« eða »farið þið nú að koma með hann«, og leit vitnið svo á, að átt væri við commissiarius með ummælum þessum. En hver maðurinn var hefir eigi verið auðið að upplýsa, þar sem útidyrnar voru lokaðar.

Líkamlegu ofbeldi var commissiarius ekki beittur, hvorki af ákærðum né öðrum, og mannsöfnuðurinn, er beið rólega fyrir utan húsið, fylgdi á eftir commissiarii til skips með fullkominni kyrð, en um leið og landfestin var leyst úr Öldubrjótn-

um, var henni, er var æði gildur kaðall, fleygt með nokkrum þjósti út á þilfar bátsins, rétt þar sem commissiarius stóð, en endi hans strauk með brjósti annars réttarvottarins, án þess að meiða hann.

Eins og greint er að framan krafðist commissiarius, að hreppstjóri Hólshrepps setti tryggingu fyrir nærveru sinni, en eigi gerði hann það með úrskurði samkv. 61. gr. stjórnarskárinnar. Það framgengur og af réttarprófunum, að commissiarius hafði orð á því *utan réttar*, bæði við ákærðan og héraðslæknirinn í Hólshreppi, að hann teldi hreppstjóra sekan, en færði það eigi til þingbókar í úrskurði undir ábyrgð að lögum.

Þegar ákærður kom á fund commissiarii og tjáði honum erindi sitt, varð brátt samkomulag um, að ákærður gæfi honum skriflega yfirlýsingu um erindi sitt, en eigi til réttarbókar eins og commissiarius ætlaðist til í fyrstu, og commissiarius virðist hafa lýst því yfir í viðurvist ákærðs og héraðslæknisins í Hólshreppi, að hann þyrfti eigi að halda fleiri réttarhöld í málinu í Bolungarvík, þareð hann teldi sekt hreppstjóra þegar nægilega upplýsta. Eins er það, að þegar ákærður tjáði commissiario, að það kæmi sér illa, ef hann eigi gæti lagt á stað kl. 9 um kvöldið eða kl.t. fyr en commissiarius ætlaði í fyrstu, féllst hann á það og lagði af stað kl. 9.

En þó svo virðist, að commissiarius hafi á yfirborðinu sjálfur ráðið gjörðum sínum umrætt kvöld, þá felst í yfirlýsingu ákærðs í sambandi við það, að hann kallar saman menn sér til aðstoðar, er leiðir til þess, að allur þorri borgara kauptúnsins safnast saman fyrir utan hús commissiarii, lætur þar í ljósi andúð sína gegn commissiario með því að gjalda jákvæði við yfirlýsingu ákærðs, bíður svo úti fyrir húsinu allt til commissiarius leggur af stað, að fyrirlagi ákærðs, fyr en hann ætlaði — ótvíræð ógnun um að aftra commissiario frá að fangelsa hreppstjóra, þó til framkvæmda kæmi eigi, enda virðist aðstaða commissiarii hafa verið slík, að hann hlaut að sjá það, að hann væri eigi frjáls athafna sinna og sá kostur vænstur að láta að orðum ákærðs.

Með þessu atferli þykir ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir kannast við, að hann sé frumkvöðull verknaðarins, hafa brotið gegn 99. og 104., sbr. 53. gr. hinna alm. borgaralegu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og virðist hegning hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, sbr. 103. gr. ofangreindra laga hæfilega metin 600 kr.

sekt, er renni í ríkissjóð, en sé sektin eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, afplánist hún með 34 daga einföldu fangelsi, samkv. lögum nr. 13, 1925.

Svo greiði og ákærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað,

Það vottast að enginn ónauðsynlegur dráttur hefir orðið á máli þessu og meðferð þess hefir verið lögleg.

Föstudaginn 7. júní 1929.

Nr. 10/1929. **Olíuverzlun Íslands h/f.**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
bæjarstjórn Ísafjarðar (Jón Ásbjörnsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðar 5. jan. 1929: Umbeðið lögtak á fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Spurning sú, sem lögð hefir verið undir úrslit hæstaréttar í máli þessu, er, hvort atvinnurekstur áfrýjanda á Ísafirði árið 1928, hafi verið útsvarsskyldur þar samkv. 8. gr. a-lið í lögum nr. 46, 15. júní 1926. Hefir samningur áfrýjanda við Finn Jónsson, póstmeistara á Ísafirði, dags. 10. apríl 1928, um atvinnureksturinn, ásamt öðrum skjölum, verið lagður fram af nýju í hæstarétti, og samkvæmt gögnum þessum og öðru, sem upplýst er við flutning málsins í hæstarétti, eru málavextir þeir, er hér greinir.

Á öndverðu árinu 1928 leigði áfrýjandi, sem er skrásett olíusölufirma hér á landi, með heimili og varnarþingi í Reykjavík, lóð á Ísafirði af bæjarstjórninni þar og sömuleiðis leigði áfrýjandi af öðrum olíugeyma og nokkur önnur tæki, er á lóðinni voru. Setti

áfrýjandi upp olíubirgðir á þessum stað og réði Finn Jónsson póstmeistara á Ísafirði sem sölumann olíunnar með áðurnefndum samningi. Segir svo í samningi þessum, að sölumaður, er samningurinn nefnir umboðsmann, skuli sjá um móttöku, afhendingu og geymslu varanna á olíustöðinni og ábyrgjast örugga gæzlu þeirra, en áfrýjandi sé eigandi birgða þeirra, sem þar eru á hverjum tíma, sem er, og hann ráði söluverði þeirra og söluskilmálum, þar á meðal hvern gjaldfrest megi veita viðskiftamönnum, og samkvæmt samningnum er sölumanni yfirleitt skylt að hlíta fyrirmælum áfrýjanda um olíusöluna. Ennfremur er svo tilskilið, að sölumaður skuli hafa sérstakt reikningshald yfir viðskiftin, og séu allar bækur sölunnar, skrif og skjöl eign áfrýjanda, og skuli söluandvirði varanna jafnóðum og það kemur inn, greiðast inn á bankareikning áfrýjanda þar á staðnum, en sölumaður mánaðarlega gjöra skilagrein um söluna og kostnaðinn. Olían var föl hverjum og einum, er kaupa vildi, án pöntunar fyrirfram. En það er ekki upplýst í málinu, hvort áfrýjandi eða sölumaðurinn hefir leyst borgarabréf til verzlunarrekstursins. Um launakjör sölumanns er svo ákveðið, að hann skuli fá fyrirfram ákveðna upphæð, eftir nánar tilteknum þunga þeirrar olíutegundar, er hann selur, til að greiða með sölukostnað, þóknun, innheimtulaun og skrifstofukostnað, þar með talin laun starfsmanna, ferðakostnaður, húsaleiga, ljós, hiti og ritfangakostnaður. En allan annan kostnað við verzlunarreksturinn greiðir áfrýjandi.

Það verður nú að líta svo á, að verzlunarrekstur áfrýjanda á Ísafirði árið 1928, er rekinn hefir verið með þeim hætti, sem hér hefir verið lýst, sé útsvarsskyldur þar, samkv. a-lið 8. gr. í lögum, nr. 46, 15. júní

1926. Verður því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f., greiði stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum

---

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í september síðastliðum lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðar 700 kr. aukaútsvar á Olíuverzlun Íslands, hlutafélag, á verzlun þess með olíur árið 1928, en þareð verzlunin telur sig eigi útsvarsskylda, vildi hún eigi greiða útsvarið og hefir því verið krafizt lögtaks á því.

Gjörðarþoli byggir útsvarsundanþágu sína í málinu á því, að hann hafi eigi útbú á Ísafirði, heldur einungis umboðsmann, er selji vöruna í consignation, eða að því, er ætla má, að umboðsmaðurinn selji vöruna í sínu nafni en fyrir reikning gjörðarþola og á hans ábyrgð, gegn ákveðnum sölulaunum. En á þetta verður eigi fallizt.

Það er upplýst í málinu, að 27. febrúar f. á. tók gjörðarþoli land af bænum á leigu gegn ákveðinni ársleigu, sem sé 700 kr. lágmarksleigu eða 25 aura gjaldi af hverri tunnu olíu, sem seld er, nemi það meiru en lágmarksleigan, ennfremur er það viðurkennt, að gjörðarþoli hefir tekið á leigu hjá Landsverzlun Íslands olíugeyma og önnur tæki olíuverzlunar, er hún átti hér, og notað við atvinnurekstur sinn.

Í málinu hefir Finnur Jónsson póstmeistari lagt fram samning við gjörðarþola, dags. 9. okt. f. á. En þess er að gæta, að aukaútsvarið er lagt á í september f. á., á starfrækslu gjörðar-

þola þann tíma, sem liðinn var af árinu, eða *áður* en greindur samningur var gjörður, og kemur hann því eigi til greina í málinu.

Að réttarins áliti er eigi neitt komið fram í málinu, er hnekki því, að gjörðarþoli hefir sjálfur látið reka hér umrædda atvinnu, er telja verður arðsamt fyrirtæki. Virðist því gjörðarþoli hafa haft hér heimilisfasta atvinnustofnun, er niðurjöfnunarnefndinni var heimilt að jafna á aukaútsvari samkvæmt a-lið 8. gr. útsvarslaganna.

Miðvikudaginn 12. júní 1929.

Nr. 58/1927. **Bæjarstjórn Akureyrar** (Pétur Magnússon)
gegn
Verksmiðjufélaginu á Akureyri
(Jón Ásbjörnsson).

Skaðabætur m. m. vegna truflana á vatnsrennsli.

Dómur aukaréttar Akureyrar 5. febr. 1927: Kröfu gagnstefnanda, bæjarstjóra Jóns Sveinssonar, f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, að Verksmiðjufélag Akureyrar »verði dæmt af öðrum þeim réttindum, er það telur sig hafa fengið með samningi og afsali frá 1902«, vísast frá réttinum ex officio. Af öðrum þeim gagnkröfum, er gjörðar hafa verið í málinu, á aðalstefnandi, Verksmiðjufélag Akureyrar, sýkn að vera. Réttur Verksmiðjufélags Akureyrar til truflunarlausra afnota af öllu vatnsafli úr Glerá, þar sem félagið hefir virkjað hana, viðurkennist. Bæjarstjórn Akureyrar greiði vegna Akureyrarbæjar, Verksmiðjufélagi Akureyrar skaðabætur fyrir tjón félagsins vegna truflana á vatnsrennsli Glerár af völdum rafveitu Akureyrar eftir mati tveggja dómkvaddra manna — þó ekki yfir kr. 12000 —, að geymdum rétti aðilja til að krefjast yfirmats samkvæmt þar að lútandi ákvæðum laga nr. 15 frá 1923. Ennfremur greiði bæjarstjórn Akureyrar vegna Akureyrarbæjar Verksmiðjufélagi Akureyrar 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem jafnframt var gagnsóknarmál í héraði og ekki hefir verið gagnáfrýjað, en rekið hefir verið skriflega hér í rétti, samkv. 2. lið. 38. gr. hæstaréttarlaganna, hefir áfrýjandi lýst því yfir, að hann sætti sig við úrslit héraðsdómsins í gagnsökinni, en hefir jafnframt krafizt þess, að úrslit dómsins um »truflunarlaus« afnot stefnda til handa á vatnsafli Glerár, þar sem stefndi virkjaði ána á sínum tíma og nú rekur verksmiðjuna »Gefjun«, verði ómerkt, og því atriði vísað frá héraðsdóminum, eða til vara, að hann verði sýknaður af þeirri kröfu. Jafnframt krefst áfrýjandi sýknu af skaðabótakröfu stefnda og málskostnaðar sér til handa fyrir báðum réttum. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi, sem véfengir ekki rétt stefnda til vatnsaflsnotkunar í Glerá handa verksmiðju hans, byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína um ofannefnt ákvæði dómsins á því, að stefndi væri engu bættari, þó að hann fengi þannig lagaðan dóm, þar sem allt af mætti um það deila, eftir sem áður, hvort afnot stefnda væri »truflunarlaus«, eða ekki. En þar sem ekki er unnt að girða fyrir það, að ágreiningur geti risið, jafnvel um dæmt atriði, þá verður ómerkingarkröfu áfrýjanda, þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt.

Kröfu sína um sýknun, bæði af kröfu stefnda um truflunarlaus vatnsafnot og af skaðabótakröfunni, byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi ekki fengið heimild til einkaafnotaréttar af vatnsafli Glerár fyrir sínu landi, enda hafi stefndi ekki amast við byggingu rafmagnsstöðvar áfrýjanda 1922. Telur áfrýjandi það leiða af rétti sínum til rekstrar rafmagnstöðvarinnar

ofar við ána, að stefndi geti ekki krafizt truflunarlausra vatnsafnota fyrir verksmiðju sína neðar við ána, enda ósannað, að truflanir þær, er stefndi krefst bóta fyrir, séu að kenna rafmagnsstöðinni, eða að þær séu að öðru leyti svo lagaðar, að áfrýjanda beri að bæta fyrir þær.

Stefndi byggir rétt sinn til truflunarlausra afnota árvatnsins við verksmiðju sína á kaupsamningi og afsalsbréfi oddvita sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnarinnar á Akureyri, dags. 12. júlí og 4. dez. 1902, sem áfrýjandi hafi að vísu mótmælt í héraði, vegna aðildarskorts seljanda, en hafi ekki vefengt hér í rétti og bindi því áfrýjanda að því leyti.

Í 1. gr. nefnds kaupsamnings, sem styðst við samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar 24. júní 1902, um að »kaupendur tóvélanna mættu auka vatnsleiðsluna eftir þörfum«, er kaupendunum, nú stefndu, heitinn »fullkominn réttur fyr og síðar til afnota vatns úr Glerá til stærri og minni verksmiðjureksturs«, og í afsalinu er þeim afsöluð: »Stofnunin Tóvélar Eyfirðinga við Glerá (nú verksmiðjan Gefjun) til fullrar eignar og umráða«.

Með hinum tilfærðu orðum úr kaupsamningnum og afsalinu fyrir verksmiðju stefnda, sem áfrýjandi ekki hefir mótmælt hér í rétti, verður nú að vísu ekki álitið, að stefnda hafi verið afsalaður einkaréttur til vatnsaflsnotkunar úr Glerá fyrir landi áfrýjanda, enda andmælti stefndi ekki byggingu rafmagnsstöðvar áfrýjanda 1922. En hinsvegar verður að telja áfrýjanda skyldan til samkv. nýnefndum heimildum og grundvallarreglum laga um notkun vatna að fornu og nýju, að haga rekstri stöðvar sinnar svo, að hann bagi ekki atvinnurekstur stefnda, enda viðurkennir áfrýjandi það í síðari sókn sinni hér fyrir réttinum, að

»efri virkjunin verði að taka fullt tillit til hinnar neðri«.

Það er sannað með eiðfestum framburði 7 vitna, að Gefjun hafi aðeins einusinni, áður en rafmagnsstöðin tók til starfa, haustið 1922, orðið að stöðva rekstur sinn vegna vatnsskorts, eða, eins og það er orðað í vitnaskýrslunum »vegna truflunar á aðrennslisvatni til verksmiðjunnar úr Glerá«, og hafi það gjörzt í aftakafrosthörkunum í janúar 1918, en aftur á móti hafi þetta »iðulega« komið fyrir »öll árin« síðan rafvirkjan tók til starfa, stundum marga daga í einu.

Þá er það sannað með eiðfestri réttarskýrslu 5 vitna, að það hafi aldrei komið fyrir áður en rafmagnstöðin tók til starfa, að Gefjun hafi orðið fyrir nokkrum truflunum, »vegna framburðar eða óhreininda í aðrennslisvatni úr Glerá«, en aftur á móti hafi svo mikil brögð orðið að þessu haustið 1925, meðan uppistöðulón rafveitunnar var hreinsað og nokkurn tíma eftir það, að Gefjun »gat alls ekki gengið«, auk þess sem túrbína verksmiðjunnar hafi þá orðið fyrir »stórskemmdum, hvað eftir annað, vegna framburðar í vatninu um langan tíma«.

Áfrýjandi hafði undir rekstri málsins í héraði fengið 2 dómkvadda menn útnefnda, til þess að athuga og gefa skýrslu um ásigkomulag og vatnsvirkjunartæki Gefjunar, sérstaklega um sandlokuútbúnað hennar og útbúnað um innrennslisop í aðrennslisskurðinum. Segja skoðunarmenn ristina, sem verja eigi aðrennsliskurðinn fyrir möl og ís, »sæmilega útbúna«, en telja bilið milli stýflu og hreinsunarops uppistöðupolls verksmiðjunnar, helzt til langt, og straumleiðina þar á milli ekki svo beina sem æskilegt væri. Sandlokuútbúnaðinn telja þeir og sæmilegan eftir stærð orkuversins.

Þá hefir stefndi og undir rekstri málsins í héraði

fengið 2 menn dómkvadda til þess að skoða og gefa álit sitt um stýflu og sandrásarútbúnað rafmagnsstöðvarinnar, sérstaklega með tilliti til þess, hvort útbúnaður rafmagnsstöðvarinnar, til að hindra óhreinkun vatnsins til skemmda fyrir Gefjuni, væri í góðu lagi. Lýsa skoðunarmennirnir stýfluútbúnaði rafveitunnar svo, að aðeins lítill hluti, 1/6—1/10, vatnsmagnsins fari í stærstu flóðum um botnrásina, hitt fari um flóð- og ísgáttir, er liggi 4—5 metrum hærra en botnrásin, og »lónið myndi því eiginlega stóra sandþró«. En eftir skýrslu rafveitunnar setjast árlega að í lóninu um 3000 m^3 af framburði, sem skola þarf fram. Lýsa skoðunarmennirnir því yfir, að Gefjun fái nú hreinna vatn en áður alla aðra tíma en þá, er hreinsun lónsins stendur yfir, en treysta sér ekki til að skera úr því, hvort hallkvæmt sé fyrir Gefjun að fá mestan hluta árframburðarins í einu (á 3—4 dögum) og hreinna vatn á öðrum tímum. Að sandrásarútbúnaði rafveitunnar finna skoðunarmennirnir ekki, enda telja þeir hann skifta litlu eða engu máli fyrir Gefjuni.

Eftir framburði framan nefndra vitna um aðstöðu Gefjunar fyrir og eftir byggingu rafmagnsstöðvarinnar, verður að telja það sannað, að hún hefir breyzt til hins lakara eftir að stöðin tók til starfa, og gætir þess, eins og þegar er getið, með köflum í minna vatni og meiri framburði en áður. Enda er það upplýst, meðal annars með skýrslu forstöðumanns rafmagnsstöðvarinnar, að rafveitan stöðvar vatnið stundum alveg, til að safna nægri orku til ljósatímans.

Þá sézt það og á útdrætti úr dagbók rafveitunnar um hálfsmánaðartíma nokkru eftir nýár, hvort árið 1924 og 1925, að allmikill munur hefir verið á vatnsmagni því, er runnið hefir í gegnum vatnsvirki stöðvarinnar **nefnd tímabil, þar sem vatnsmagnið hefir numið hæzt**

1645 lítrum á sekundu, en lægst 420 l., og stundum, klukkustundum saman og jafnvel meiri hluta dags, virðist hafa verið alstöðvað.

Og um framburð árinnar er það sannað, að hann hafi sérstaklega orðið Gefjunni til mikils baga haustið 1925, þegar uppistöðulón rafveitunnar var hreinsað, þar sem hann þá bæði gjörhindraði gang verksmiðjunnar um hríð og skemmdi auk þess turbinu hennar.

Hvorntveggja örðugleikanna, oflítið vatn með köflum og ofmikinn framburð, verður samkv. framansögðu og lýsingu héraðsdómsins á þar að lútandi málavöxtum að kenna rekstri rafmagnsstöðvarinnar, enda er það sértsaklega upplýst, að rafveitan aðvaraði ekki Gefjun fyrirfram um hreinsun safnþrór sinnar 1925, auk þess sem stýfluútbúnaði rafveitunnar var nokkuð áfátt, að dómi skoðunarmannanna.

Það verður þannig að dæma áfrýjanda eins og gjört er í héraðsdóminum, til að bæta stefnda þann skaða, sem hann hefir orðið fyrir af völdum rafmagnsstöðvar áfrýjanda, og er þá jafnframt að svo miklu leyti, sem unnt er, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, lagður dómur á kröfu stefnda um »truflunarlaus vatnsafnot«, sem vitanlega á aðeins við truflanir af völdum áfrýjanda, og, þannig eftir eðli sínu, fremur er forsenda fyrir skaðabótakröfu stefnda en sjálfstæð krafa.

Má þannig, að undanskildri beinni viðurkenningu á rétti stefnda til »truflunarlausra« vatnsafnota, staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, og verður þá jafnframt að skylda áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 300 kr.

Það athugast, að ekki sést, að dómsgjörðirnar hafi

verið stimplaðar, enda þó að kvittað sé á þær fyrir stimpilmerkinu.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar, greiði stefnda, Verksmiðjufélagi Akureyrar, bætur samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, — þó ekki yfir 12000 kr., og að áskildum rétti aðilja til yfirmats, samkv. vatnalögunum — fyrir tjón það, er stefndi hefir beðið vegna truflunar á vatnsrennsli Glerár af völdum rafmagnsstöðvar áfrýjanda.

Héraðsdóminum í gagnsökinni og málskostnaðarákvæði hans skal óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 300 kr. málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að því, er aðalsök snertir, höfðað með aukaréttarstefnu, dags. 5. dez. 1925, af stjórn Verksmiðjufélagsins á Akureyri gegn bæjarstjórn Akureyrar. Hefir aðalstefnandi gjört þær dómkröfur í málinu.

1. »að því verði slegið föstu með dóminum, að »Verksmiðjufélag Akureyrar« hafi óskoraðan rétt til truflunarlausra afnota af öllu vatnsafli úr Glerá, þar sem félagið hefir virkjað ána«, og
2. »að bæjarstjórn Akureyrar, f. h. bæjarins, verði dæmd til að greiða »Verksmiðjufélaginu« skaðabætur, að upphæð kr. 18848.00 auk 5 % ársvaxta p. a. frá sáttakærudegi, dags. 19. okt. 1925, til greiðsludags — eða til vara skaðabætur eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, fyrir tjón félagsins til þess tíma vegna truflana á vatnsrennsli

Glerár af völdum rafveitunnar. Ennfremur, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir reikningi eða eftir mati dómarans«.

Dómkröfur sínar að því, er snertir vatnsréttindi í Glerá, byggir aðalstefnandi á eignarheimild sinni — kaupsamningi, dags. 12. júlí 1902 og afsali, dags. 4. dez. s. á. — að »Tóvélum Eyfirðinga«, þar sem Verksmiðjufélagi Akureyrar, er þá nefndist »Hið eyfirzka verksmiðjufélag«, var, auk »Tóvéla Eyfirðinga«, afsalað »fullkomnum rétti, fyr og síðar, til afnota af vatni úr Glerá til stærri og minni verksmiðjureksturs«, svo og að því, er snertir vatnsréttindi fyrir Bændagerðislandi, (er liggur að Glerá að norðan) á dómi, uppkveðnum í aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 11. dez. 1908, þar sem »Verksmiðjufélagið á Akureyri« er sýknað af kröfum sækjanda málsins, umboðsmanns eiganda Bændagerðis, er gengu í þá átt, að því yrði slegið föstu með dómi, að Verksmiðjufélagið ætti engan rétt á að nota vatn úr Glerá fyrir Bændagerðislandi. Skaðabótakröfu sína byggir aðalstefnandi sumpart á því, að rafveita Akureyrar hafi truflað eðlilegt rennsli Glerár, stundum með því að stýfla alveg fyrir vatnið, sumpart á því, að rafveitan hafi óhreinkað vatn árinnar með því að láta hana flytja frá sér leir, möl og sand, en þetta hvorttveggja hafi valdið truflunum á klæðaverksmiðju hans »Gefjun«, er honum beri bætur fyrir frá Akureyrarbæ, sem eiganda rafveitunnar. Hefir umboðsmaður aðalstefnanda lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning yfir tjón það, er aðalstefnandi telur sig hafa beðið, að upphæð kr. 18848.00. En síðar undir rekstri málsins hefir hann fært þessa skaðabótakröfu aðalstefnanda niður í kr. 12000.00.

Umboðsmaður aðalstefnanda hefir mótmælt kröfum þeim, sem gjörðar eru í aðalsök, öllum í heild og hverri einstakri. Krefst hann fyrst og fremst, að málinu »verði vísað frá dómi«, »í það minnsta fyrra atriði stefnunnar um réttinn til virkjunar og eignarrétts yfir Glerá«. Byggir hann frávísunarkröfur sínar á því, að um áramótin 1923 og 1924 hafi verið gjörður samningur um þessi atriði milli »Verksmiðjufélags Akureyrar« og bæjarstjórnar Akureyrar, og hafi í þeim samningi verið ákveðið, að ágreiningi útaf honum skyldi ráðið til lykta af »Gerðardómi Verkfræðingafélags Íslands«. Samkvæmt þessu heyri málið ekki undir hina almennu dómstóla. Í annan stað heldur umboðsmaður að sú

stefnda því fram, að »Verksmiðjufélagið« hafi aldrei löglega eignazt vatnsréttindi í Glerá, og geti því ekki verið um skaðabætur að ræða vegna skerðingar á vatnsréttindum, sem Verksmiðjufélagið hafi aldrei átt. Auk þessa hafi aldrei verið um neinar truflanir að ræða af völdum rafveitunnar, heldur hafi þær »orsakazt af völdum náttúrunnar og illum útbúnaði Gefjunnar«. Loks krefst umboðsmaður aðalstefnda þess, að aðalstefndur verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda, en aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Þá hefir umboðsmaður aðalstefnda gagnstefnt í málinu með gagnstefnu, dags. 9. júlí 1926. Gjörir hann þar þær réttarkröfur f. h. aðalstefnda,

a. »að Akureyrarbæ verði tildæmdur eignarréttur að 1/6 — einum sjötta hluta — í »Tóvélum Eyfirðinga«, er nú bera nafnið »Klæðaverksmiðjan Gefjun«, eða skuldlausri eign verksmiðjunnar, sem nú er kr. 41800.00, sömuleiðis«,
b. »að Verksmiðjufélagið verði dæmt af öllum vatnsréttindum í Glerá fyrir landi Stóra-Eyrarlands«, og
c. »öllum lóðarréttindum, að undanteknum 5/6 hlutum þeirrar lóðar, er gömlu tóvélahúsin stóðu á«. Ennfremur,
d. »að Verksmiðjufélagið á Akureyri verði dæmt til að rífa niður hinn uppsteypta og lokaða skurð, er um getur í sáttakæru, hvenær sem þess kynni að verða krafizt«. Og loks,
e. »að félagið verði dæmt af öðrum þeim réttindum, sem það telur sig hafa fengið með samningi og afsali frá 1902«.
f. »Í öðru lagi, *að* Verksmiðjufélagið á Akureyri verði dæmt til að greiða Akureyrarbæ kr. 4000.00 sem endurgjald fyrir allt byggingarefni og annað jarðvegsefni, sem félagið fyr og síðar hefir tekið úr landi bæjarins til bygginga og annara mannvirkja verksmiðjunnar, og sem skaðabætur, fyrir það, að Gefjunnarlækurinn — frárennslisskurður verksmiðjunnar — hefir iðulega í stórhríðum og frostum flætt innyfir Oddeyrina, svo að bærinn hefir orðið að veita honum burt með framræslu í skurðum og síkjum«.

Loks hefir gagnstefnandi (þ. e. umboðsmaður aðalstefnda) krafizt þess, að Akureyrarbæ verði tildæmdur málskostnaður í gagnsakarmálinu að skaðlausu, samkv. reikningi eða eftir réttarins mati.

Gagnstefndur (þ. e. umboðsmaður aðalstefnanda) hefir hinsvegar krafizt þess, að aðalstefnandi verði dæmdur sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsakarmálinu. Vísar til eignarheimildar Verksmiðjufélags Akureyrar, kaupsamningsins og afsalsins frá 1902, sem sé og hafi verið fullkomlega löglegt, og auk þess sé Verksmiðjufélagið nú búið að vinna eignarhefð á hinum umþrættu eignum og réttindum. Þá hefir gagnstefndur og krafizt þess, að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða málsvarnarkostnað í gagnsakarmálinu eftir mati dómarans.

Að því, er snertir formhlið málsins, kemur krafa umboðsmanns aðalstefnda um frávísun aðalsakar, vegna þess að sakarefnið heyri undir gjörðardóm, en ekki undir úrskurð hinna almennu dómstóla, ein til greina. Kemur þá til álita, hvort uppkast það að samningi milli aðilja málsins, er gjört var um áramótin 1923 og 1924, og umgetur hér að framan, hafi nokkurn tíma fengið samningsgildi fyrir löglegt samþykki beggja aðilja. Umboðsmaður aðalstefnanda hefir upplýst, að umbjóðandi sinn hafi verið reiðubúinn að samþykkja samningsuppkastið *óbreytt*, ef bæjarstjórn hefði gjört slíkt hið sama. En bæjarstjórn hafi ekki viljað samþykkja samningsuppkastið óbreytt, heldur samþykkt það með athugasemd, sem hafi falið í sér viðbótarákvæði eða fyrirvara, er frá sjónarmiði aðalstefnanda kom beint í bága við aðalefni og tilgang samningsuppkastsins, og sem gjörði samningsuppkastið með »athugasemd« bæjarstjórnarinnar, eins og það var samþykkt af henni, allskostar óaðgengilegt fyrir Verksmiðjufélagið. Að vísu hafi stjórn Verksmiðjufélagsins undirritað samningsuppkastið með fyrirvaranum *heima hjá sér*, til þess að hafa það tilbúið til afhendingar, ef bæjarstjórnin, þrátt fyrir »athugasemd« sína, uppfyllti hin upprunalegu skilyrði samningsuppkastsins, um að byggja mölunarstýflu í Glerá hjá Rangárvöllum, en aldrei »látið það frá sér«, og sé því ekki um neitt samþykki að ræða af hendi aðalstefnanda. Það sézt á afriti því af samningsuppkastinu, er umboðsmaður aðalstefnda hefir lagt fram í málinu, að bæjarstjórn hefir samþykkt samningsuppkastið með athugasemd, eins og umboðsmaður aðalstefnanda hefir haldið fram. Í annan stað hefir umboðsmaður aðalstefnda, hvorki sannað né fært fram líkur fyrir, að aðalstefnandi hafi samþykkt formlega, þ. e. undirritað *og látið frá sér*, samningsuppkastið, eins og það kom frá bæjarstjórn Akureyrar, og getur því ekki

komið til mála að játa því gildi gegn mótmælum mótpartsins. Leiðir af þessu, að frávísunarkrafa umboðsmanns aðalstefnda, er byggist á því, að samningsuppkastið hafi verið samþykkt af báðum aðiljum, og sé núgildur samningur, getur ekki orðið tekin til greina.

Að því, er snertir efnisatriði aðalsakar og gagnsakar, virðist óhjákvæmilegt að taka fyrst til athugunar gagnkröfur gagnstefnanda. Skulu þær teknar í sömu röð sem í stefnunni, og hver umsagnarliður fyrir sig auðkenndur bókstaf (a.—f.), á sama hátt og kröfurnar eru sjálfar auðkenndar hér að framan. Kemur þá fyrst til álita, hvort sala »Tóvélanna« 1902 hafi verið lögleg að því, er Akureyrarbæ snertir, en þessu er, eins og áður hefir verið tekið fram, neitað af gagnstefnanda (umboðsmanni aðalstefnds).

a. Það er upplýst í málinu, að upphaflega hafi bæjarstjórn Akureyrar leitað leyfis landshöfðingja, til þess að taka lán til »Tóvélanna« í félagi við sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, en þessa leyfis verið synjað. Svo virðist sem sýslunefnd hafi þá ein tekið lánið, og Eyjafjarðarsýsla hafi að formi til verið einkaeigandi »Tóvélanna«. Þessu er haldið fram af umboðsmanni aðalstefnanda og eigi beinlínis mótmælt af umboðsmanni aðalstefnda, en veðbókarvottorð, er hefði getað tekið af öll tvímæli um þetta atriði, hefir ekki verið lagt fram í málinu. Hinsvegar virðist Akureyrarbær hafa staðið á bak við sem eigandi að 1/6 hluta »Tóvélanna« og að bæjarstjórn hafi afhent sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu skuldabréf fyrir tilsvarandi hluta af »láninu til Tóvélanna«. Hafi nú svo verið í raun og veru, að Eyjafjarðarsýsla væri að *formi til* einkaeigandi vélanna, liggur það í augum uppi, að samþykki sýslunefndar einnar saman, með samþykki »Amtráðs Norðuramtsins«, nægði til sölunnar svo gild væri, án þess að samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og landshöfðingja, hennar vegna, kæmi til. Hafi hinsvegar Eyjafjarðarsýsla ekki verið einkaeigandi »Tóvélanna« að formi til, heldur einnig Akureyrarbær að 1/6 hluta þeirra, virðist jafnaugljóst, að lögleg sala, að því, er þann hluta snertir, gat ekki farið fram, svo að löglegt væri, án samþykkis bæði bæjarstjórnar og landshöfðingja. Þessari skoðun hefir og umboðsmaður aðalstefnda haldið fram í málinu öðrum þræði. Hinsvegar hafa 2 nefndir, kosnar af bæjarstjórn í júlí og desember 1905, til þess sérstaklega að athuga, hvort kaupsamningurinn og afsalið frá 1902 væri gilt, að því er Akureyrarbæ

snertir, komizt að þeirri niðurstöðu, að samþykki bæjarstjórnar einnar saman, hefði verið nægilegt. Héraðlútandi ummæli eru svo að segja nákvæmlega eins í álitsskjölum beggja nefndanna, og eru sýnilega tekin upp í hið síðara úr því fyrra. Mætti því einu gilda úr hvoru álitsskjalinu tilvitnunin væri tekin, en þar sem umboðsmaður aðalstefnda hefir lýst því yfir, um leið og hann lagði fram álitsskjal nefndar þeirrar, er síðar fjallaði um málið, að álitsskjal þetta hafi verið »á sínum tíma samþykkt af bæjarstjórn, og, að hann »geri innihald þess að sínum orðum», skal tilvitnun tekin úr álitsskjali þeirrar nefndar. Nefndinni farast þannig orð: — »Eins og þegar er fráskýrt, hafði landshöfðingi aldrei samþykkt, að bæjarfélag Akureyrar tæki lán til Tóvélanna, *bæjarfulltrúarnir hafa því hlotið að taka á sig ábyrgðina gagnvart sýslunni, annaðhvort privat eða á ólöglegan hátt,* og útgjöld þar af leiðandi frá bæjarfélaginu verið liðin, en aldrei leyfð formlega. Af þessum ástæðum hlaut bæjarstjórnin án samþykkis landshöfðingja að hafa rétt til að afsala frá sér þeim rétti í Tóvélafyrirtækinu, er það hafði á nefndan hátt eignazt« . . . . Hér greind ummæli, sem umboðsmaður aðalstefnda hefir gjört að sínum, sýna, að bæjarstjórn Akureyrar hefir litið svo á og gjörir enn, að samþykki landshöfðingja hafi ekki þurft til þess, að sala þess hluta, er bærinn taldi sig eiga í «Tóvélunum«, gæti farið fram. Virðist þetta álit byggt á því, að vegna þess að bærinn hafi eignast hluta í Tóvélunum á ólöglegan hátt, geti hann einnig selt hann *án* lögmælts leyfis, því tæplega virðist hægt að gjöra ráð fyrir, að sú skoðun liggi hér til grundvallar, að bæjarfulltrúarnir *þyrftu* að skjóta á bæjarstjórnarfundi til þess að samþykkja að afsala sér privatréttindum sínum. Að réttarins áliti er hér ekki um neinn milliveg að ræða. Annaðhvort átti bæjarfélagið sem slíkt hinn oftnefnda 1/6 hluta »Tóvélanna«, og þurfti þá samþykki *bæði* bæjarstjórnar og *landshöfðingja* til þess, að lögmælt sala hans gæti farið fram, *eða* það *átti hann ekki* og hafði þá vitanlega heldur ekkert atkvæði um söluna. Nú rís sú spurning, hvort Akureyrarbær hafi *getað* verið orðinn löglegur og formlegur eigandi hins umdeilda hluta Tóvélanna, þegar salan fór fram 1902, og sér rétturinn ekkert því til fyrirstöðu, að svo kunni að hafa verið. Að vísu þarf engum blöðum um það að fletta, eftir því sem upplýst er í málinu, að eignarréttaröflun bæjarstjórnarinnar, f. h. bæjarins á 1/6 hluta »Tóvélanna« með því

að gefa án lögmæts leyfis út skuldabréf fyrir sömu upphæð og 1/6 hluta »Tóvélalánsins« nam, var ólögleg samkv. ákvæðum 28. gr. laga um bæjarstjórn á Akureyri frá 8. okt. 1883. Hinsvegar verður að telja líklegt, að reikningur bæjarins, sem sendur skyldi landshöfðingja fyrir lok septembermánaðar ár hvert, samkv. 30. gr. sömu laga, eða aðrar skýrslur frá bænum til landshöfðingja hafi haft að geyma frásögn um útgáfu skuldabréfanna. Samkvæmt sömu grein var landshöfðingja *skylt* að gjöra reka að því að fá ólöglegum eða lögbönnuðum gjörðum bæjarstjórnarinnar hrundið eða færðar í rétt horf. Þessi skylda landshöfðingja gat þó að réttarins áliti ekki náð til þeirra athafna bæjarstjórnarinnar, er voru ólöglegar fyrir það eitt, að leyfi landshöfðingja hafði ekki verið fengið til þeirra, því landshöfðingja hlaut að vera rétt og í sjálfsvald sett að samþykkja ráðstöfun eftir á, annaðhvort berum orðum eða með þögn og athafnaleysi, er hann gat leyft fyrirfram, ef þess hefði verið leitað, jafnvel þótt hann hefði áður synjað leyfis til samskonar ráðstöfunar. Á þennan hátt *gat* Akureyrarbær hafa öðlast löglegan eignarrétt á hinum oftnefnda 1/6 hluta Tóvélanna, þó til þeirrar eignarréttaröflunar væri í upphafi stofnað á ólöglegan hátt. Þá er og augljóst, að sömu rök gilda að því, er snertir sölu Tóvélanna 1902. Þó þarf ekki að því, er hana snertir, að leita gagns um það, hvort landshöfðingi (stjórnarráðið) hafi fengið vitneskju um söluna. Með bréfi oddvita bæjarstjórnarinnar, dags. 20. júlí 1905 og meðfylgjandi fylgiskjölum, er frammi liggja í málinn, er stjórnarráðinu ekki aðeins tilkynnt salan, heldur er þess beinlínis beiðst, að nefndum fylgiskjölum verði »synjað staðfestingar«, sem með tilliti til innihalds nefndra skjala, getur ekki skilizt, á annan veg en sem áskorun um að samþykkja ekki sölu tóvélanna að því, er Akureyrarbæ snertir. Ekkert hefir komið fram í málinu, er bendi í þá átt, að stjórnarráðið hafi sinnt þessu að nokkru eða gjört nokkrar ráðstafanir til þess að rifta sölunni, og virðist því einsætt að álykta, að engu slíku sé til að dreifa. Er þá fyrst fyrir hendi sú hugsanlega skýring, að stjórnarráðið hafi litið þannig á, að Akureyrarbær hafi aldrei verið löglegur eigandi neins hluta »Tóvélanna«, og samþykki eða synjun hans því alls ekki komið til greina við söluna. Í annan stað — hafi stjórnarráðið skoðað bæinn sem löglegan eiganda — liggur næst að líta svo á, að það hafi með þögn sinni og athafnaleysi samþykkt söluna, enda talið bæjar-

stjórn vera búna að því að sínu leyti. Þriðja leiðin er og hugsanleg, sú sem sé, að stjórnarráðið hafi að vísu talið bæinn hafa verið löglegan eiganda, en framið þá lögleysu að samþykkja söluna á þann hátt, sem áður segir, án þess að bæjarstjórn hefði áður samþykkt hana eða m. ö. o., vikizt undan þeirri lögmæltu skyldu sinni »að gjöra þær ráðstafanir, er við þyrfti«, til þess að fá afsali oddvita bæjarstjórnarinnar riftað. Skal nú loks þetta síðasttalda atvik athugað sérstaklega, því um það hefir ágreiningurinn og óvissan jafnan snúist, hvort bæjarstjórn hafi samþykkt söluna að sínu leyti.

Umboðsmaður aðalstefnda hefir mótmælt því mjög ákveðið, að bæjarstjórn Akureyrar hafi nokkurntíma samþykkt sölu »Tóvélanna«. Bæjarstjórnarnefndir þær, sem fjölluðu um málið 1905, komust og að sömu niðurstöðu. Og umboðsmaður aðalstefnanda hefir hvorki getað sannað né leitt líkur að því, að slík samþykkt hafi verið gjörð *formlega* og *berum orðum*. Hinsvegar sýna skjöl, er lögð hafa verið fram í málinu, að bæjarstjórnin hefir sýnt ótvíræðan söluvilja. Samkv. þeim skjölum eru afskifti bæjarstjórnarinnar af sölunni í stuttu máli þessi: — Á bæjarstjórnarfundi 1. apríl 1902 voru kosnir 2 bæjarfulltrúar »til að mæta á næsta sýslufundi bæjarins vegna við umræður í tóvélamálinu«. 8. apríl s. á. mæta þeir á sýslufundi, þar sem ákveðið var að gefa vélarnar falar fyrir ákveðið verð. Skrifaði annar bæjarfulltrúinn við það tækifæri athugasemd um það í sýslufundargjörðina, að hann væri söluunni samþykkur, en þætti hið tiltekna verð 1000 krónum of lágt. Síðar á sama sýslufundi kom fram ákveðið tilboð í »Tóvélarnar«, er skyldi standa til 1. júlí s. á. Voru framanumgetnir bæjarfulltrúar báðir staddir á þeim fundi. Var þá samþykkt að »auglýsa vélarnar til sölu og heimta tilboð fyrir 15. júní n. k.«. Að því loknu skrifa báðir bæjarfulltrúarnir undir hér að lútandi bókun í sýslufundargjörðinni athugasemdalaust. Á bæjarstjórnarfundi 10. júní s. á., eru sömu menn aftur kosnir »til að mæta á sýslufundi í tóvélamálinu«. Var aukasýslufundur haldinn 23. júní til þess að taka ákvörðun um sölu »Tóvélanna«. Voru hinir kjörnu bæjarstjórnarfulltrúar mættir á þeim fundi. Í bókun sýslunefndar hér að lútandi segir svo: — »Fyrir hönd kaupenda mætti á fundinum Fr. Kristjánsson og stóð við fyrra tilboð, þó með því skilyrði, að stofnunin hefði rétt til þess ókeypis að auka vatnsleiðsluna eftir því, sem ráðgjört var viðvíkjandi stækkun hennar í vetur, þegar fyrst var talað

um kaupin og sömuleiðis að stofnuninni fylgdi nægileg lóð, svo sem 1½—2 dagsláttur, er sé afhent með ákveðnum ummerkjum«. Daginn eftir var haldinn bæjarstjórnarfundur og þar *samþykkt* »að láta tóvinnuvélarnar fá 1200 ferfaðma stóra lóð . . . . .« og, »að kaupendur tóvélanna mættu auka vatnsleiðsluna eftir þörfum«. Að fenginni þessari samþykkt, var sala tóvélanna samþykkt á sýslufundi sama dag.

Þar sem Akureyrarbær taldi sig eiganda að 1/6 hluta »Tóvélanna« virðist það ofur eðlileg ráðstöfun, að bæjarstjórn kysi menn úr sínum hóp, til þess »að mæta á sýslufundi við umræður í tóvélamálinu«. Það virðist og hafa verið hentugasta leiðin til þess að fá áreiðanlegar upplýsingar um það, sem þar gjörðist í málinu. En annað eða meira en að »mæta við umræður í tóvélamálinu«, og eftir atvikum — að fengnu leyfi — taka þátt í þeim og síðan skýra bæjarstjórn frá hvað gjörzt hefði, gátu þessir menn ekki gjört. Atkvæðisrétt um málið á sýslufundinum höfðu þeir vitanlega ekki. Bæjarfulltrúarnir tveir eru staddir á sýslufundi, þegar kauptilboð það, er að lokum var samþykkt, fyrst kom fram. Virðist sjálfgefið, að þeir hafi síðan skýrt frá því kauptilboði á bæjarstjórnarfundi. Sömu fulltrúar eru enn staddir á sýslufundi 23. júní s. á., þar sem »staðið er við« sama kauptilboð, þó með því nýja skilyrði, að Akureyrarbær láti af hendi aukin vatnsréttindi (afnotaréttindi) og lóð. Loks eru sömu bæjarstjórnarfulltrúar staddir á bæjarstjórnarfundi 24. s. m., þar sem samþykkt er að láta vatnsréttindin og lóðina af hendi (að vísu minni lóð en um var beðið), og virðist því með öllu vafalaust, að bæjarstjórnin hafi haft fulla vitneskju um kauptilboðið og beinlínis samþykkt að láta vatnsréttindin og lóðina af hendi *til þess að salan gæti farið fram*, enda er í samþykkt bæjarstjórnarinnar beinlínis talað um »kaupendur«, eins og salan væri þegar afráðin, en ekki um væntanlega kaupendur, sem þó virðist hafa legið beinna við. Verður rétturinn því að líta svo á, að hér sé um svo ákveðna viljayfirlýsingu að ræða af hendi bæjarstjórnarinnar í þá átt að hún væri samþykk sölu tóvélanna, að ekki gæti komið til mála að dæma söluna ógilda vegna samþykkisskorts, þó »formleg fundarsamþykkt« um söluna hafi ekki verið gjörð. Leiðir þegar af þessu í sambandi við það, sem áður hefir verið tekið fram um eftirfarandi samþykki (þ. e. þögn og athafnaleysi) landshöfðingja og stjórnarráðsins, að krafa gagnstefnanda til 1/6 hluta »Klæða-

verksmiðjunnar »Gefjun« eða 1/6 hluta skuldlausra eigna Verksmiðjufélags Akureyrar, eins og þær eru nú, verður ekki tekin til greina. Í öðru lagi verður að telja nefnda gagnkröfu órétt-mæta vegna þess, að samkv. því, sem upplýst er í málinu, er langmest af núverandi eignum Verksmiðjufélags Akureyrar nýjar eignir, sem ekki voru til 1902; nýjar byggingar, nýjar vélar og gróðafé, er núverandi eigendur hafa aflað. Hér við bætist að ráða má af flutningi málsins, þar sem engu hefir verið breytt í gagnstæða átt, að Akureyrarbær hafi í raun og veru fengið greiðslu fyrir 1/6 hluta »Tóvélanna«, samkv. 2. gr. kaupsamningsins frá 1902. Í þriðja lagi verður að telja það sannað í málinu, að Verksmiðjufélag Akureyrar, er fyrst framan af virðist hafa nefnt sig »Hið eyfirzka verksmiðjufélag«, hafi haft óslitið eignarhald á fasteign og vélum »Tóvélanna« frá því að afsal til þeirra var gefið 4. dez. 1902, og verður rétturinn því að fallast á þá skoðun umboðsmanns aðalstefnanda, að verksmiðjufélagið hafi verið búið að vinna hefð að vélunum að 10 árum liðnum, en fasteigninni að 20 árum liðnum frá þeim tíma, samkv. 2. gr. laga nr. 46 frá 1905, því ekkert hefir komið fram í málinu, er bendi til þess, að Verksmiðjufélag Akureyrar — um fyrirrennara er ekki að ræða í þessu sambandi — hafi á nokkurn hátt beitt »óráðvandlegu atferli« í sambandi við kaupin, sem hefði getað útilokað þá frá því að vinna hefð. Ber því einnig af hérgreindri ástæðu að sýkna aðalstefnanda af framanumræddri gagnkröfu, samkvæmt kröfu umboðsmanns hans.

b. Eins og áður hefir verið drepið á, var á bæjarstjórnarfundi 24. júní 1902 samþykkt að veita kaupendum »Tóvélanna« aukin vatnsréttindi (afnotaréttindi). Í útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnar segir svo: — »Í öðru lagi var samþykkt, að kaupendur »Tóvélanna« mættu auka vatnsleiðsluna eftir þörfum, en með því sjálfsagða skilyrði, sem áður hefir hvílt á, að þeir ábyrgist þann skaða, sem vatnsveitingin kann að hafa í för með sér fyrir bæinn«. Hér voru engin frekari skilyrði sett, hvorki takmörkun á afnotaréttinum né honum takmörk sett. Um endurgjald fyrir hin veittu réttindi segir heldur ekkert, var það þó tilskilið af kaupendunum í sambandi við kauptilboð þeirra á sýslufundi daginn áður, »að stofnunin hefði rétt til þess ókeypis að auka vatnsleiðsluna«, ... og var þá sérstaklega rík ástæða til þess að áskilja endurgjald, ef það skyldi greitt. Aukning vatnsleiðslunnar hlaut að miðast við aukinn verksmiðjurekstur. Og þar sem þessi aukning var leyfð

»eftir þörfinni«, verður ekki annað séð en að »kaupendum Tóvélanna« hafi verið heimilað og í sjálfsvald sett að taka *alla ána* í vatnsleiðslu sína, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn Akureyrar gat veitt heimild til slíks. Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en að »kaupendur Tóvélanna« hafi með oftnefndri samþykkt bæjarstjórnar fengið óskoraðan, ótímabundinn og endurgjaldslausan rétt til þess að »auka vatnsleiðsluna«. Í kaupbréfinu frá 1902 eru »Tóvélarnar« seldar með . . . »fullkomnum rétti, fyr og síðar, til afnota af vatni úr Glerá til stærri og minni verksmiðjureksturs . . . . . «. Verður rétturinn að líta svo á, að hér sé ekki að efni til farið út fyrir samþykkt bæjarstjórnarinnar að öðru en því, að afnotaréttur inn er hér ekki staðbundinn, en samþykkt bæjarstjórnarinnar virðist miðast aðeins við aukning vatnsleiðslu þeirrar, sem fyrir var. En þessi ónákvæmni kemur ekki í bága við kröfur aðalstefnanda í málinu, því hann hefir aðeins krafizt viðurkenningar á staðbundnum réttindum í samræmi við samþykkt bæjarstjórnarinnar.

Sú skoðun umboðsmanns aðalstefnda, er hann hefir haldið fram í málinu, að samþykki landshöfðingja hefði þurft til þess, að bæjarstjórn gæti leyft réttindi þau, er hér um ræðir, virðist, með tilliti til 28. gr. laga um bæjarstjórn á Akureyri frá 1883, ekki hafa við nein rök að styðjast, og afsal oddvita bæjarstjórnar því lögmætt að því er þessi réttindi snertir. Ennfremur er það beinlínis upplýst í málinu, að sýnileg mannvirki hafi jafnan sýnt afnotin, og þar sem jafnframt verður að telja upplýst, að afnotin hafi verið óslitin og »óátalin« í þess orðs sérstöku merkingu í sambandi við 2. gr. hefðarlaganna frá því að sala »Tóvélanna« fór fram 1902, verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns aðalstefnanda, er hann hefir haldið fram í málinu, að Verksmiðjufélagið hafi, samkv. 7. gr. nefndra laga, verið búið að vinna hefð á notkunarréttinum fyrir lok ársins 1922. Af framangreindum ástæðum ber að sýkna aðalstefnanda, samkv. kröfu umboðsmanns hans, af þeirri kröfu gagnstefnanda, að hann verði dæmdur »af öllum vatnsréttindum fyrir landi Stóra-Eyrarlands«. Jafnframt ber, með tilliti til þess, að rétti aðalstefnanda til að stýfla Glerá og fullkominna afnota af vatni hennar fyrir Bændagerðislandi, hefir verið slegið föstu með dómi, að taka kröfu hans til greina um viðurkenningu réttarins á »rétti Verksmiðjufélags Akur-

eyrar til truflanalausra afnota af öllu vatnsafli úr Glerá, þar sem það hefir virkjað hana«.

c. Eins og áður hefir verið tekið fram, var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1902 rætt meðal annars um lóð til »Tóvélanna«, í sambandi við sölu þeirra. Í útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnar segir svo: Eftir alllangar umræður samþykkti bæjarstjórnin að láta tóvinnuvélarnar fá 1200 ferfaðma stóra lóð eftir nákvæmri útmælingu bæjarstjórnarinnar endurgjaldslaust, þó með því skilyrði, að eigendur stofnunarinnar megi hvorki selja eða leigja lóð til annara, heldur nota hana eingöngu fyrir þau hús stofnunarinnar, er hún þarf handa vélunum sjálfum, og að lóðin gangi aftur til bæjarins ef fyrirtækið leggst niður«. . . Samkvæmt þessari samþykkt hlaut oddvita bæjarstjórnar að vera heimilt að veita afsal fyrir lóðinni, þó að því tilskyldu, að samþykkt bæjarstjórnarinnar einnar væri nægileg, og samþykki landshöfðingja þurfti ekki að koma til. Hefir umboðsmaður aðalstefnanda haldið því fram í þessu sambandi, að bærinn hafi fyr og síðar látið af hendi fjölda lóða, án þess að samþykkis landshöfðingja eða stjórnarráðs hafi verið leitað. Og þar sem þessu hefir ekki verið mótmælt af mótpartinum, verður að telja það viðurkennt, enda hefir hann með berum orðum viðurkennt þetta að sumu leyti. Er því augljóst, að bann það, er felst í 28. gr. l. um bæjarstjórn á Akureyri frá 1883, við því að láta af hendi »fasteignir« bæjarins, hefir ekki verið skilið svo, að það næði til óbyggðra lóða, enda virðist, samkv. eðli málsins, næsta ólíklegt, að svo hafi verið tilætlazt. Hinsvegar verður ekki séð af skjölum málsins, að oddvita bæjarstjórnar hafi verið heimilt að afsala 56⅔ ferfaðma stærri lóð en bæjarstjórn hafði samþykkt, né heldur að afhenda lóðina með ákveðnum ummerkjum eins og hann gjörði. Ennfremur getur verið vafamál um heimild hans til að afhenda lóðarræmuna við tóvélahúsið, 5 álnir umhverfis það á alla vegu. Um lóðina undir »Tóvélahúsinu« er hinsvegar enginn ágreiningur, enda hefir gagnstefnandi beinlínis undanskilið 5/6 hluta hennar í gagnstefnunni. Hefir sú lóð sýnilega verið afhent »Tóvélunum« áður en sala fór fram 1902, og er þá ekki ólíklegt, að umgetin lóðarræma umhverfis húsið hafi fylgt og oddvita bæjarstjórnar verið kunnugt um það, þó ekkert liggi fyrir um það í málinu. En hversu sem þessu hefir verið varið, verður að telja, að bæjarstjórnin hafi

a. m. k. fengið vitneskju um þá umboðsskortsgalla, er kunna að hafa verið á kaupbréfinu og afsalinu frá 1902, að því, er lóðarréttindin snertir, við þinglestur þess 17. júní 1904. Og þar sem ekki verður séð, að bæjarstjórnin hafi gagnvart verksmiðjufélaginu nokkru sinni látið í ljósi vilja til þess að rifta ákvæðum kaupbréfsins frá 1902 að því, er sömu réttindi snerti, heldur þvert á móti er fullyrt af umboðsmanni aðalstefnanda, og eigi heldur mótmælt af mótpartinum, að aðalstefnandi hafi haft hinar umræddu lóðir í eignarhaldi síðan 1902, óslitið og »óátalið«, og meira að segja greitt lóðargjald af þeim árlega, verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns aðalstefnanda, er hann hefir haldið fram í málinu, að aðalstefnandi hafi, samkv. 2. gr. laga um hefð, áður en gagnsök var höfðuð og leitað var sátta um hana, verið búinn að vinna hefð á lóðum þeim, er hann fékk með kaupbréfinu og afsalinu frá 1902, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem þar eru sett, og ber því samkvæmt kröfu umboðsmanns aðalstefnanda, að sýkna aðalstefnanda af þeirri kröfu gagnstefnanda, að umrædd lóðaréttindi verði af honum dæmd.

d. Það er upplýst í málinu, að áður en sala »Tóvélanna« fór fram 1902, höfðu þær veitt vatni því eftir opnum skurði, er þær notuðu til reksturs vélanna. Með bæjarstjórnarsamþykktinni frá 24. júní 1902, virðist ótvírætt viðurkenndur réttur »kaupenda tóvélanna« til þess að leiða vatn eftir þeim skurði, er þá var notaður. Hitt gæti aftur verið vafamál, hvort Verksmiðjufélaginu hefði verið heimilt að grafa nýjan skurð á öðrum stað. En það hefir ekki verið gjört, og kemur því ekki til álita. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að í leyfi bæjarstjórnarinnar til þess að »auka vatnsleiðsluna eftir þörfum«, felist einnig leyfi til að búa svo um vatnsleiðsluskurðinn, að hann gæti talist tryggur, þrátt fyrir aukið vatnsrennsli, svo sem með því að hlaða hann upp eða steypa, til þess að hann tæki meira en áður, og til þess, að hann grefi sig síður út úr farvegi sínum og flytti síður með sér möl og sand úr bökkum sínum, svo og með að þekja skurðinn vegna aukinnar hættu á, að skepnur gætu farið sér að voða í honum. Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að krafa gagnstefnanda um, að aðalstefnandi verði dæmdur til að »rífa niður hinn uppsteypta og lokaða skurð« sé ekki réttmæt eða á rökum byggð, og ber því að sýkna aðalstefnanda af henni samkvæmt kröfu umboðsmanns hans.

e. Gagnstefnandi krefst þess í gagnstefnunni eins og áður segir, að Verksmiðjufélagið verði dæmt af öllum þeim réttindum, er það telur sig hafa fengið með samningi og afsali frá 1902. Undir rekstri málsins hefir gagnstefnandi lýst því yfir, að þessi krafa miðist aðeins við þau réttindi, er aðalstefnandi telur sig hafa fengið frá Akureyrarbæ. — Þetta er afsláttur af upphaflegu kröfunni, eins og hún er orðuð í stefnunni, og ber því að taka nefnda yfirlýsingu til greina. Hinsvegar telur rétturinn sér óskylt og órétt að taka til athugunar, hvaða réttindi, umfram þau, sem sérstaklega eru talin, kunni að felast í kaupbréfinu frá 1902, enda ekki loku fyrir það skotið, að þau réttindi mundu ekki öll sæta sömu örlögum, ef um þau gengi dómsúrskurður. En hér er krafizt dóms í einu lagi um ótiltekna tölu, sumpart ef til vill raunverulega, sumpart *hugsanlegra* réttinda. Verður rétturinn að telja slíkt ónóga málsútlistun, og ber því að vísa hérumræddri kröfu frá dómi ex officio.

f. Endurgjalds- og skaðabótakröfu gagnstefnanda, að upphæð kr. 4000.00, hefir hann engan stað fundið, hvorki með því að leggja fram sundurliðaðan reikning, né með því að sýna fram á eða sanna á annan hátt, að Verksmiðjufélagið hafi látið taka eða tekið efni úr landi bæjarins, er hann geti gjört kröfu til endurgjalds fyrir, eða að bærinn eigi kröfur á Verksmiðjufélagið vegna framræslu »Gefjunarlækjarins«, er bæjarstjórn hafi orðið að láta framkvæma. Verður því endurgjalds- og skaðabótakrafa gagnstefnanda ekki tekin til greina gegn mótmælum mótpartsins og ber því að sýkna aðalstefnanda af nefndri kröfu samkv. kröfu umboðsmanns hans.

Að því, er snertir kröfu aðalstefnanda í aðalsök, ber samkv. því, sem áður hefir verið tekið fram í sambandi við gagnkröfur gagnstefnanda (b-lið hér að framan), að taka til greina kröfur hans um viðurkenningu á óskoruðum rétti »Verksmiðjufélags Akureyrar« til truflunarlausra afnota af öllu vatnsafli úr Glerá, þar sem félagið hefir virkjað hana. Af þessu leiðir aftur, að krafa aðalstefnanda um bætur fyrir það tjón, er hann telur sig hafa beðið af völdum rafveitu Akureyrar, vegna rennslistruflana og óhreinkunar Glerár, verður einnig að teljast réttmæt, svo framarlega sem um slíkt tjón er að ræða. Það er sannað í málinu með framburði vitna, að »Klæðaverksmiðjan Gefjun« hefir í mörg ár samfleytt, fram að áramótum 1922, aldrei þurft að draga úr rekstri sínum til muna,

né stöðva hann alveg, vegna truflana á rennsli Glerár eða ofl. vatns í henni, nema í aftaka frostum 1918. Þá er það og sannað í málinu með framburði vitna, er umboðsmaður aðalstefnanda hefir leitt, svo og viðurkennt af vitninu, rafveitustjóra Knut Ottestedt í réttarhaldi 2. júlí f. á., að rafveitan hefir truflað vatnsrennsli Glerár árið 1923, en skýrsla um þær truflanir hefir ekki verið lögð fram í málinu. Loks er sannað í málinu með framburði vitna, að rafveitan hefir truflað eðlilegt vatnsrennsli Glerár árin 1924 og 1925, enda sýna útdrættir úr dagbókum rafveitunnar þessi ár, að svo hefir verið. Hinsvegar hefir, þar sem aðilja og skýrslur þeirra greinir á um það, hvort rafveitan hafi í einstökum tilfellum stíflað alveg fyrir vatnið, engin fullnaðarúrlausn fengizt, er byggt verði á. En hér við er það að athuga, að umboðsmaður aðalstefnanda hefir haldið því fram, að breytilegt vatnsrennsli Glerár, vegna vatnsmiðlunar rafveitunnar, valdi því, að safnþró Gefjunar fyllist oft á vetrum af ísmulningi, er safnist að innrennslisopi aðrennslisskurðs hennar og geti, einkum í hríðarveðrum, orsakað algjörða stíflun. Hefir mótparturinn ekki mótmælt þessu, en kennir um ónógum útbúnaði Gefjunnar, er hún ein beri ábyrgð á. Óhreinkun Glerár vegna hreinsunar rafveitupollsins í september 1925, er viðurkennd af mótpartinum. Er sannað með framburði vitna, að við það tækifæri barst svo mikið af möl og sandi inn í aðrennslisskurð Gefjunnar, að verksmiðjan gat í marga daga mjög lítið starfað, svo að rífa varð þakið af aðrennsliskurðinum, til þess að hreinsa upp úr honum. Þá hafa tveir skoðunar- og matsmenn, er kvaddir voru til að athuga og gefa skýrslu um vatnsleiðslu Gefjunnar 12. nóv. s.l., gefið það álit, að sandlokuútbúnaður Gefjunnar væri í sæmilegu lagi miðað við stærð orkuversins, en ekki verður séð, að nein breyting á þeim útbúnaði hafi verið gjörð nýlega eða á síðustu árum. Viðvíkjandi skaðabótareikningi aðalstefnanda, skal það tekið fram, að eigi verður séð af dagbókarskýrslu Gefjunnar fyrir árið 1924, að um geti verið að ræða nema $9^1/_3$ dag í stað $10^1/_2$, sem í reikningnum er krafizt bóta fyrir. Þá hefir umboðsmaður aðalstefnanda undir rekstri málsins fært 3ja lið reikningsins fyrir árið 1925 úr kr. 639.98 niður í kr. 300.00. Er það skaðabótakrafa fyrir trjávið úr þaki Gefjunnarskurðsins, (aðrennslisskurðsins) er ónýttist við það, að rífa varð þakið af í september 1925. Er þessi niðurfærsla gjörð í samræmi við álit vitna þeirra, er báru um þetta atriði. Fjórði

liður skaðabótareikningsins fyrir árið 1925, hefir einnig verið færður af stefnda niður í kr. 600.00 úr kr. 2870.07. Loks hefir umboðsmaður aðalstefnanda fært alla skaðabótakröfu hans í heild niður í kr. 12000.00.

Samkv. framansögðu verður að telja sannað, að Verksmiðjufélag Akureyrar hafi orðið fyrir tjóni af völdum rafveitu Akureyrar, er það eigi rétt til að fá bætt samkv. 70. gr. laga nr. 15 frá 1923 (vatnalaga), svo og 83. gr. c-lið sömu laga, án tillits til þess, þótt aðalstefnandi kynni að hafa getað afstýrt þessu tjóni að einhverju eða öllu leyti, með því að kosta fé til aðgjörða og endurbóta á vatnsleiðslutækjum sínum, því rétturinn getur eigi fallizt á þá skoðun umboðsmanns aðalstefnda, að honum hafi borið nokkur skylda til slíkra ráðstafana. En þar sem beint segir í 70. gr., 4. lið nefndra laga, að bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjun *skuli greiða eftir mati* ef ekki verður samkomulag, verður aðalkrafa aðalstefnanda, að rétturinn ákveði skaðabæturnar, ekki tekin til greina. Varakröfu hans aftur á móti, að upphæð skaðabótanna verði látin vera komin undir mati óvilhallra dómkvaddra manna, virðist ekki nóg ástæða til að vísa frá dómi, þar sem mótparturinn að sínu leyti hefir samþykkt þá aðferð, ef til þess kæmi að skaðabætur þyrfti að ákveða. Ber því að taka til greina þá varakröfu aðalstefnanda, að skaðabætur fyrir tjón hans af völdum rafveitu Akureyrar skuli metnar af óvilhöllum dómkvöddum matsmönnum, þó ekki yfir kr. 12000.00, enda hafi aðiljar, hvor í sínu lagi, rétt til þess að krefjast yfirmats samkv. þar að lútandi ákvæðum laga nr. 15 frá 1923.

Með tilliti til skaðabótakröfu gagnstefnanda og dráttar þess á rekstri málsins, er vitnaleiðslur í sambandi við hana hafa valdið, virðist rétt, að Akureyrarbær greiði aðalstefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 50 — fimmtíu krónur —. Að öðru leyti virðist rétt eftir atvikum, að málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Með tilvísun til alls hins framansagða og með tilliti til eðlis dómsniðurstaðanna, virðist rétt að skipa þeim niður þannig: Kröfu gagnstefnanda, bæjarstjóra Jóns Sveinssonar, f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, að Verksmiðjufélag Akureyrar »verði dæmt af öðrum þeim réttindum, er það telur sig hafa fengið með samningi og afsali frá 1902«, vísast frá dóminum ex officio. Af öðrum þeim gagnkröfum, er gjörðar hafa verið í málinu, á aðalstefnandi, Verksmiðjufélag Akureyrar sýkn að

vera. Réttur Verksmiðjufélags Akureyrar »til truflunarlausra afnota af öllu vatnsafli í Glerá, þar sem félagið hefir virkjað hana«, viðurkennist. Bæjarstjórn Akureyrar greiði vegna Akureyrarbæjar, Verksmiðjufélagi Akureyrar skaðabætur fyrir tjón félagsins vegna truflana á vatnsrennsli Glerár af völdum rafveitu Akureyrar eftir mati tveggja dómkvaddra manna — þó ekki yfir kr. 12000.00 — að geymdum rétti aðilja til að krefjast yfirmats samkv. þar að lútandi ákvæðum laga nr. 15 frá 1923. Ennfremur greiði bæjarstjórn Akureyrar vegna Akureyrarbæjar, Verksmiðjufélagi Akureyrar kr. 50 — fimmtíu krónur — í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. júní 1929.

Nr. 43/1928. **K. Meyer, f. h. Deutsche Dampffischereigesellschaft „Nordsee“** (L. Jóhannesson)
gegn
Sigfúsi Blöndahl (Lárus Fjeldsted).

Skuldakrafa.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 3. dezbr. 1927: Framangreind kyrsetningargjörð staðfestist.

Stefndur, K. Meyer, f. h. firmans Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham, greiði stefnandanum, Sigfúsi Blöndahl, aðalkonsúl, kr. 13643.76, auk þess greiði stefndur, f. h. sama firma, stefnandanum 6 % ársvexti af kr. 41884.21 frá 1. júlí 1925 til 14. dezember s. á. og af kr. 13643.76 frá 14. dezember 1925 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið hefir verið til hæstaréttar með stefnu, dags. 20. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 10. s. m., hefir áfrýjandi krafizt þess, að hinum áfrýjaða sjóréttardómi verði breytt þannig, að dómsupphæðin, kr. 13643.76, verði færð niður um

samtals kr. 12521.77, þannig, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1121.99 ásamt 6 % árs-vöxtum af kr. 28996.63 frá 1/7—14/12 1925 og 6 % vöxtum af kr. 1121.99 frá 14/12 1925 til greiðsludags; svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir sjódómi og hæstarétti.

Niðurfærslukröfu sína hefir áfrýjandi sundurliðað þannig:

1. Niðurfærsla á kolaverði	kr.	2445.93
2. Niðurfærsla á saltverði	—	613.85
3. Flutningur á kolum falli niður	—	87.00
4. Fyrirframgreiðslur til háseta, er stefndi hafi vanrækt að draga frá kaupi þeirra	—	1117.92
5. Helmingur af lífrarpremíu	—	7215.00
6. Ofhátt reiknuð ómakslaun	—	1042.07
	Samtals kr.	12521.77

Ad. 1. Niðurfærslu á kolaverðinu rökstyður áfrýjandi með því, að hvert tonn af kolum sé talið á 70 kr. í stað þess, að kol hafi á þeim tíma verið fáanleg hér í bænum á 65 kr. tonnið, en af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykja ekki færðar nægar ástæður til frekari niðurfærslu á þessum lið en gjörðar eru í dóminum, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Ad. 2. Stefndi hefir selt áfrýjanda, alls 122.77 tonn af salti á 58 kr., og krefst áfrýjandi, að saltverðið verði fært niður um 5 kr. á tonni. Í bréfi, dags. 5. þ. m., sem lagt hefir verið fram hér í réttinum, hefir verzlunarráð Íslands lýst því yfir, að almennt gangverð á Ibizasalti, vetrar- og vorvertíðina 1925, hafi verið kr. 55.00 pr. 1000 kilo fob, en þar af gefinn 2 kr. afsláttur á tonni, þegar saltreikningurinn var

gjörður upp og andvirðið greitt, en þar sem hér var eigi um kontant greiðslu að ræða frá áfrýjanda hendi, þykir eigi ástæða til að færa saltverðið niður um meira en 3 kr. pr. tonn. Þessi liður tekst þannig til greina með kr. 368.31.

Ad 3. Aukaborgun fyrir afhendingu á kolum að næturlagi þykir ekki ósanngjörn, og verða þessar 87 kr. því ekki felldar niður.

Ad 4. Með því að það er eigi sannað gegn eindreginni neitun stefnda, að tilkynning um fyrirfram greiðslur þessar hafi verið komin til hans hinn 22. maí, er sjómennirnir voru skráðir úr skiprúmi, verður hann ekki dæmdur til að svara til þessarar upphæðar.

Ad. 5. Það er viðurkennt í málinu, að hinir íslenzku hásetar hafi verið ráðnir á skip áfrýjanda með þeim kjörum, að þeir, auk hins fasta kaups, hafi átt að fá alla lifrarpeninga til jafnra skifta og að þeim hafi verið greidd þessi lifrarpremía með 30 kr. fyrir lifrartunnu. Með því að það er eigi sannað, að stefndi hafi getað fengið sjómenn á skip áfrýjanda fyrir minna kaup, og þetta kaup hásetanna auk þess þykir ekki óeðlilega hátt, samanborið við kaup háseta á hinum íslenzku botnvörpuskipum á umræddu tímabili, verður stefndi eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda þær bætur, er ræðir um í þessum tölulið.

Ad 6. Með því að fallast má á álit sjódómsins um að ómakslaun þau, er stefndi hefir reiknað sér, séu ekki óhæfileg, eftir því sem ástóð, verður þessi krafa ekki tekin til greina, enda hafa ekki komið fram í málinu ábyggilegar upplýsingar um ómakslaun þau, er hér í bænum eru tekin fyrir störf lík þeim, er hér er um að ræða.

Samkvæmt framansögðu færist dómsupphæðin niður um kr. 368.31, og ber því að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda kr. 13275.45, og breytist þá vaxtaupphæðin eftir þessu.

Málskostnaður fyrir sjódóminum ákveðst 800 kr. og málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjandi stefnda með 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, K. Meyer, f. h. firmans Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham, greiði stefnda, Sigfúsi Blöndahl, kr. 13275.45, 6 % ársvexti af kr. 41515.90 frá 1. júlí 1925 til 14. dez. s. á., og 6 % ársvexti af kr. 13275.45 frá 14. dez. 1925 til greiðsludags, svo og 1200 kr. í málskostnað fyrir sjódómi og hæstarétti.

Hin áfrýjaða kyrsetningargjörð staðfestist.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu, útgefinni 21. október 1925, af Sigfúsi Blöndahl, aðalkonsúl, í Reykjavík, gegn K. Meyer, skipstjóra á togaranum »Baden«, f.h. firmans Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham, til greiðslu á skuld að upphæð kr. 45718.61 með bankaútlánsvöxtum frá 18. okt. 1925 til greiðsludags. fyrir útteknar vörur m. m. handa nokkrum togurum stefnds firma, samkvæmt reikningi. Ennfremur hefir stefnandi krafist þess, að kyrsetning sú, er fram fór 18. október 1925 á togaranum Baden, verði staðfest. Loks hefir stefnandi krafist sér tildæmdan málskostnað að skaðlausu við kyrsetningargjörðina og mál þetta og nemur hann kr. 1784.56.

Stefndur, sem hefir látið mæta í málinu, hefir hinsvegar mótmælt því að skulda meira en þær kr. 28240.45, sem hann greiddi til stefnanda 14. dezember 1925, og hefir hann því krafist sýknunar af öllum kröfum stefnanda og mótmælt því, að kyrsetningargjörðin frá 18. október 1925 verði staðfest. Hann hefir og krafist sér tildæmdan málskostnað.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi hafði hér sem um-

boðsmaður stefnds firma á hendi afgreiðslu nokkurra togara vetrarvertiðina 1925. Annaðist hann alla afgreiðslu togaranna, hafði á hendi útborganir fyrir þá og útvegaði þeim það, sem þeir þörfnuðust. Fékk stefnandi peninga hjá útgerð skipanna við og við, en þó ekki meira en svo, að útgjörðin komst í háa skuld við stefnanda. Skuld stefnds telur stefnandi, samkvæmt rskj. nr. 4, við lok útgjörðartímabilsins kr. 42427.94, auk þess eru á sama rskj. tilfærðir forvextir og stimpilgjald kr. 986.00 og vextir frá 1. júlí til 17 okt. 1925, kr. 1304.67, svo og kostnaður við ferð til Akureyrar kr. 1000.00, og verður þetta samanlagt hin umstefnda upphæð.

Um sumarið fóru bréfaviðskifti fram milli aðilja um málið, en án þess að nokkuð væri greitt eða samkomulag næðist um skuldarupphæðina.

Hinn 18. október 1925 kom einn af togurum hins stefnda firma hingað og fór þá fram kyrsetning á honum eftir kröfu stefnanda. Nokkrum dögum seinna eða 22. okt. s.á. var togarinn leystur úr löghaldi gegn bankatryggingu, að upphæð kr. 53000.00.

Hinn 14. dezember 1925 greiddi umboðsmaður stefnds, hrm. L. Fjeldsted, kr. 28240.45 upp í kröfu stefnanda og lækkaði þá jafnframt dómkrafan og bankatryggingin um þá upphæð, en umboðsmaður stefnanda krafðist þess, að ekki yrði tekið tillit til greiðslu þessarar við mat málskostnaðarins og að kyrsetningin yrði einnig staðfest fyrir þessari upphæð. Umboðsmaður stefnds skýrir svo frá tildrögunum til þessarar greiðslu, að umbjóðandi hans hafi 13. ágúst 1925 sent stefnanda leiðréttingar á reikningnum og samkvæmt þeim hafi hann átt að skulda stefnanda kr. 27874.64, er hann kvaðst reiðubúinn að greiða, en er stefnandi neitar því, vildi hann ekki láta lengur dragast að greiða hina réttmætu upphæð. Segir umboðsmaður hins stefnda firma, að 9. okt. 1925 hafi það beðið banka sinn að yfirfæra til stefnanda ísl. kr. 28240.45, er hafi átt að vera til greiðslu reikningsupphæðarinnar, kr. 27874.64 að viðbættum vöxtum til 9. október 1925. En er fréttin um kyrsetninguna hafi borist út, hafi firmað látið stöðva greiðsluna, en síðan farið fram eins og áður getur að tilhlutun umboðsmannsins hér.

Fyrsta mótbára stefnds gegn reikningi stefnanda er fólgin í því, að stefnandi hafi reiknað bæði kol og salt, er keypt var hjá h/f. Sleipnir, hærra verði en fáanlegt var hér á staðnum á sama tíma, sem sé 70 kr. smálestin af kolunum — nema

5. febr. 20 smálestir af kolum á 75 kr. í stað 65 kr. og 60 kr. og 58 kr. smálestin af salti í stað 53 kr.

Hvað kolin snertir, þá hafa 2 kolakaupmenn hér í bænum, Sigurður B. Runólfsson og Guðmundur Kristjánsson, borið það fyrir rétti, að þeir hafi á þeim tíma, sem stefnandi lét kolin af hendi handa skipum hins stefnda firma, selt B.S.Y. kol fyrir 65 kr. smálestina, samkvæmt bókum þeirra, og mun þetta verð miðað við sölu gegn greiðslu út í hönd. Fyrnefndur vottorðsgefandi hefir þó skýrt frá því, að hann muni stundum hafa reynt að ná hærra verði og síðarnefndur vottorðsgefandi hefir skýrt frá því, að hann selji togurum alls ekki kol. Hinsvegar hefir framkvæmdarstjóri h/f Kol & Salt, Hjalti Jónsson, gefið vottorð, er hann hefir staðfest fyrir rétti, um það, að verð á samskonar kolum þar, hafi á sama tíma verið 70 kr. smálestin. Stefnandi og umboðsmaður hans hafa neitað því að hafa ofreiknað verð kolanna, enda hafi stærzta firmað hér í kolaverzlun, h/f. Kol & Salt, tjáð, að kolaverð þess væri hið sama og stefnandi hefir keypt kolin fyrir hjá h/f. Sleipnir, og sem kemur heim við framburð framkvæmdarstjórans fyrir réttinum.

Rétturinn lítur svo á, að stefnandi verði ekki áfelldur fyrir það, þó hann keypti kolin á 70 kr. smálestina hjá h/f. Sleipnir, sem var hið sama verð og stærzta kolasölufirmað hér, Kol & Salt, sem mest viðskifti hefir við togara um kol, seldi kol fyrir á sama tíma og ætla má, að hafi haft líkasta tegund kola og h/f. Sleipnir, og verður því ekki unnt að taka kröfu stefnds, um niðurfærslu á verði kolanna til greina, nema á þeim 20 smálestum, sem áður getur, sem reiknaðar eru á 75 kr. í stað 70 kr. og nemur sú lækkun 100 kr.

Um lægra verð á salti hér í Reykjavík, en stefnandi hefir tilfært á reikningnum hefir ekki upplýsts, og verður því heldur ekki unnt að taka til greina niðurfærslukröfu stefnds á því.

Þá hefir stefndur mótmælt kostnaði við flutning á kolum til skips, að upphæð kr. 40.00 og kr. 47.00 og telur slíkan kostnað innifalinn í verði kolanna. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því, þar sem hér sé að ræða um afhendingu að nóttu til og kaup þá miklu hærra en að deginum, eða alt að helmingi hærra. Rétturinn verður nú að líta svo á, að það verði ekki talið óréttmætt af stefnanda að taka þessa aukaborgun fyrir afhendingu kolanna og sem ætla má að hafi verið gjört eftir beiðni skipstjóra til að flýta fyrir afgreiðslu skipanna, og verður þessi lækkunarkrafa stefnds því ekki tekin til greina, enda

verður þóknun sú, sem stefnandi hefir tilfært ekki talin ósanngjörn.

Þá hefur stefndur krafist þess að stefnandi verði látinn sæta ábyrgð fyrir það, að hann dróg ekki kr. 1117.92 (rétt kr. 1177.92) frá kaupi íslenzku hásetanna á »Neckar«, sem þeir höfðu fengið greitt í Þýzkalandi. Kveðst stefndur hafa tilkynt stefnanda greiðsluna með bréfi, dags. 2. maí 1925, er hefði átt að geta verið komið hingað 17. s.m., en afskráð hafi verið 22. s.m. Stefnandi hefir ekki viljað viðurkenna, að þetta sé réttmætt og skorað á stefndan að leggja fram reikningana, er muni sýna hið rétta, en þetta hefir stefndur ekki gjört. Rétturinn verður nú að líta svo á eftir því, sem fram er komið í málinu, að ekki sé nægilega upplýst að tilkynning um þetta hafi verið komin svo tímanlega til stefnanda, að hann hafi getað fært upphæðir þessar til frádráttar kaupi hásetanna og getur þessi niðurfærslukrafa stefnds því heldur ekki orðið tekin til greina til frádráttar, enda hefði stefndum átt að vera í lófa lagið að tilkynna stefnanda fyr um greiðslurnar, að minsta kosti nokkurn hluta þeirra, og virðist því nokkuð telft á fremsta hlunn hjá stefndum að tilkynna þetta aðeins bréflega með svo stuttum fyrirvara. Geta má þess og, að ekki hefur komið neitt fram um það, að greiðslur þessar hafi verið færðar inn í viðskiftabækur hásetanna eins og vera bar, eða að skipstjórinn hafi haft eða látið stefnanda í té skrá um úttekt skipverjanna í Þýzkalandi.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að Jóni Stefánssyni hafi verið ofborgaðar kr. 113.06 og Sigvalda Þorkelssyni kr. 140.67. Stefndur hefir viðurkennt, að menn þessir hafi fengið ofgreitt kaup, sem þessu nam, en upphæðirnar hafi aftur verið látnar koma til frádráttar lífrarhlut þeirra, sem fyrst hafi verið hægt að gera upp eftir á, og hefir stefnandi skorað á stefndan að leggja fram frumreikninga, er sýni þetta, en ekki hefir stefndur orðið við því.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að þar sem stefnandi hefir ekki upplýst, að upphæðir þessar, sem hann hefir viðurkennt að hafa ofborgað, hafi verið endurgreiddar, þá verði að taka þessa kröfu stefnds, samtals að upphæð kr. 253.73, til greina.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að íslenzku hásetunum hafi verið ofreiknuð lífur, þeir hefðu átt að hafa helming lífrar á móti þjóðverjunum, en lífrinni hafði verið skift upp á milli íslenzku hásetanna aðeins. Beri því að draga helming lífrarverðsins frá kröfu stefnanda. Stefnandi hefir aftur á móti

haldið því fram, að ekki hefði verið unnt að fá íslenzka háseta á skipin með betri kjörum en þetta og hafi meira að segja verið fullerfitt að halda í þá þangað til togararnir komu hingað, upp á þessi kjör, þar sem þeir hefðu komið nokkru seinna, en ráð hafði verið gjört fyrir. Þegar nú á það er litið, að togarar þessir lögðu ekki upp afla sinn hér, heldur sigldu með hann til Þýzkalands, þá er það ofur eðlilegt að íslenzkir hásetar á þessum skipum gengju ekki að sömu skiftingu á lifur og á íslenzku togurunum. Og þar sem ekki hefir verið upplýst fyrir réttinum, að ráðningakjör þeirra hafi að öðru leyti verið frábrugðin ráðningakjörum á togara hér, né heldur, að hásetarnir hafi ekki í raun og veru verið ráðnir með þeim kjörum, sem stefnandi hefir haldið fram, þá er ekki unnt að taka þessa frádráttarkröfu stefnds til greina.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að stefnandi hafi ofreiknað sér umboðslaun af togurunum »Neckar«, »Braunschweig« og »Saale« um upphæð, er nemur kr. 1042.07. Hefir stefnandi reiknað sér 500 kr. í umboðslaun af fyrstnefndu skipi og 1000 kr. fyrir hvort hinna síðartöldu, en stefndur telur þar eiga að vera kr. 1457.93 eða 2½% af viðskiftaupphæðinni. Þessu hefir stefnandi mótmælt og haldið því fram, að í Englandi t.d. séu umboðslaunin altaf reiknuð 5%.

Rétturinn verður nú að líta svo á, eftir því, sem fram er komið í málinu, að þóknun sú, sem stefnandi hefir reiknað sér, hafi ekki verið um of eins og á stóð, því vitanlega leiðir af slíkri umboðsmennsku, sem hér var um að ræða, mikið starf auk margvíslegrar ábyrgðar og jafnvel fjárútlát úr eigin vasa. Þessi frádráttarkrafa stefnds verður því heldur ekki tekin til greina.

Þá hefir stefndur einnig mótmælt umboðslaunum af 12 togurum frá sama firma, samtals að upphæð kr. 818.50. En þar sem því er haldið fram í málinu, að þetta sé konsúlsgjöld, er runnið hafi til konsúlatsins, þá verður ekki unnt, eins og málið liggur fyrir, að taka þessa kröfu til greina.

Þá hefir stefndur krafizt þess, að andvirði 19 fiskikarfa á 10 kr. hver, er stefnandi hafi keypt af honum, komi og til frádráttar og verður sú krafa, að upphæð kr. 190.00, að takast til greina gegn ekki eindregnari mótmælum stefnanda á skuldinni.

Stefndur hefir einnig mótmælt 1000 kr., sem tilfærðar eru í reikningnum fyrir ferð stefnanda til Akureyrar, til þess að hitta þar framkvæmdarstjóra hins stefnda firma. Og með því að

ekki er upplýst í málinu, að stefnandi hafi farið ferð þessa eftir beiðni stefnds, eða umboðsmanns hans, þá verður að taka þessa frádráttarkröfu stefnds til greina.

Þá hefir stefndur mótmælt forvöxtum og stimpilgjaldi, að upphæð kr. 986.00 og 8 % vöxtum frá 1/7 til 17/10 1925, að upphæð kr. 1304.67. Stefnandi hefir viðurkennt, að kr. 835.00 af fyrgreindri upphæð eigi að falla niður.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að taka verði þessa frádráttarkröfu stefnds, að upphæð kr. 986.00 og kr. 1304.67, samtals kr. 2290.67 til greina, enda bera bankanótur þær, sem fram hafa verið lagðar í málinu ekki með sér, að víxlar þeir, sem þar eru tilfærðir hafi verið seldir bankanum vegna þessara viðskifta. Hinsvegar telur rétturinn, að ekki verði hjá því komizt, að stefnanda verði tildæmdir 6 % vextir af inneign hans hjá stefndum frá 1. júlí 1925 að telja til greiðsludags.

Eftir þessu lækka dómkröfur stefnanda um kr. 100.00 plus kr. 113.06 plus kr. 140.67 plus kr. 190.00 plus kr. 1000.00 plus kr. 986.00 plus kr. 1304.67, eða samtals um kr. 3834.40 og verða samkvæmt því kr. 41884.21 ÷ kr. 28240.45 = kr. 13643.76.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að ákveða, að stefndur greiði stefnanda kr. 1200,00 í málskostnað.

Kyrsetningargjörð sú, er fram fór 18. okt. 1925 í skipinu »Baden«, staðfestist.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögn í málinu, stafar af önnum sjódómsformannsins, enda málið umfangsmikið og þurfti fyrst að ganga í milli dómendanna til athugunar og yfirlesturs.

Föstudaginn 14. júní 1229.

Nr. 55/1928. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Martin Woldmann (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. júní 1928: Kærði, Martin Woldmann, á að greiða innan fjögra vikna 12500.00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Nienstedten«, S. D. 63 frá Altona verða upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefir sett mælingar og miðanir varðskipsins »Óðins« út í sjóuppdrátt, sem lagður hefir verið fram í hæstarétti, er það bert, að kærði hefir, eftir nefndum athugunum varðskipsins, dregið botnvörpu sína um landhelgissvæðið út af Meðallandssandi 1. júní f. á. Kærði sást ekki aðeins sigla út frá landi á stjórnborða varðskipsins, er það gjörði fyrri staðarathugun. sína, kl. 8.53 árd., á leið vestur með landi í réttv S. 36° V. og um 1/2 mílu innan landhelgi, heldur reyndist dufl það, sem varðskipið hafði sett út, kl. 9.10 árd. nefndan dag í kjölfar kærða, eftir að hann hafði siglt út frá landinu með botnvörpu í eftirdragi í 17 mínútur, sennilega með 2, 5—3 sjómílna hraða, í mörkum landhelgislínunnar. Og þessari niðurstöðu er hvorki hnekkt með skýrslu kærða fyrir lögregluréttinum í Vestmannaeyjum, né heldur með skýrslu skipshafnar hans fyrir sjóréttinum í Altona.

Það ber því að staðfesta lögregluréttardóminn, og verður kærði eftir þeim úrslitum að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, meðal annars 100 kr. til hvors, sækjanda og verjanda.

Það athugast, að málið hefir verið lengi á vegum verjanda, en þar sem hann hefir upplýst, að drátturinn var ekki honum að kenna, þykir ekki ástæða til frekari aðgjörða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Martin Woldmann, sæti 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögregluréttardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkv. skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni var kærði í þessu máli, Martin Woldmann, f. 14. jan. 1901, kl. 8,53 árd. hinn 1. þ. m. staddur á landhelgissvæðinu út af Sjávarmelum á skipi sínu togaranum »Nienstedten«, S. D. 63 frá Altona. Athugun þessa byggir foringi varðskipsins á því, að kl. 8.53 var gjörð þessi staðarákvörðun um það hvar Óðinn var þá. Sjómerkið á Sjávarmelum í r. v. S 69° V. og Sæluhúsið við Eldvatnsós í r. v. N 10° V.

Var Óðinn þá skv. þessu 0,5 úr sm. fyrir innan landhelgislínuna. En þar sem Óðinn var þá á vesturleið og togarinn að sjá rétt á stjórnborða, hlyti hann einnig að vera á landhelgissvæðinu vegna þess, að togarinn, eins og síðar kom í ljós, var minna en í 6 sjómílna fjarlægð. En alla þá leið lá lína í þeirri stefnu á landhelgissvæðinu. Á nefndum tíma, kl. 8.53, sást togarinn beygja út frá landinu, en kl. 9,10 árd., var sett út boja í kjölfar togarans og nokkru síðar ákveðinn staður bojunnar, sem eftir því reyndist rétt á landhelgislínunni, en þó frekar innan við hana.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið að toga um það leyti og nokkru áður en varðskipið stöðvaði hann, kl. 9,11 árd., en hinsvegar hefir hann ekki viljað viðurkenna mælingar varðskipsins réttar, og hefir haldið fram að hafa verið tæpri sm.

fyrir utan landhelgislínuna, þegar hann var stöðvaður. Byggir hann þetta, á því, að hann hafi mælt hæðarhornið frá sér til nefnds sjávarmerkis- 9' og miðað stefnu þess eftir kompás sínum í NV til V, en dýpið 138 mtr.

Við athugun á uppdrætti kærða, sem hann hefir farið eftir, kom í ljós, að nefnt sjávarmerki á Sjávarmelum er rangt staðsett. En enda þótt farið sé eftir þessu og mælingum kærða, verður staður togarans hjá bojunni samt ekki nema ca. 0.2 úr sm. fyrir utan línuna eftir athugunum skipherra varðskipsins — gjörðri (sic) eftir að rannsókn var lokið.

Litið burt frá þessu verður rétturinn að telja, að þessar athuganir kærða geti ekki komið til greina gegn mælingum skipherra varðskipsins, bæði vegna þess, að þær eru eftir eðli sínu ekki eins ábyggilegar og svo einnig vegna þess, að kærði lét ekki ábyrga menn af varðskipinu fylgjast með þeim, þegar hann gerði þær, enda þótt það væri innan handar.

Það verður því skv. því, sem að framan er greint, að telja nægilega sannað í málinu, að kærði hafi togað á landhelgissvæðinu og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 5, 18. maí 1920. Þareð um er að ræða fyrsta brot kærða á lögum þessum, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er kr. 00,8215 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00 sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd, og rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 17. júní 1929.

Nr. 42/1929. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

J. Þorlákssyni & Norðmann, Finni Thorlacius og Birni Þórðarson

(Lárus Fjeldsted og Magnús Guðmundsson).

Skaðabætur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. maí 1929:

Stefnt firma, Jón Þorlákssón & Norðmann, skal vera sýknt af kröfum stefnandans Einars M. Jónassonar í máli þessu, og skal stefnandinn greiða því kr. 100.00 í málskostnað.

Stefndur, Finnur Thorlacius, greiði stefnandanum kr. 363.50 með 5 % ársvöxtum frá 4. febrúar 1929 til greiðsludags og falli málskostnaður að því, er hann snertir, niður.

Framangreind ummæli og aðdróttun skulu vera dauð og ómerk.

Stefnandinn greiði 25 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarssjóð Reykjavíkur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 2 daga einfalt fangelsi.

Hið áfrýjanda greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og dómnum að öðru leyti að fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Krafa áfrýjanda á hendur hinu stefnda firma, J. Þorlákssón og Norðmann, um, að það verði ásamt stefndum, Finni Thorlacius, dæmt, að viðlögðum dagsektum, til að ljúka við kjallarabygginguna á lóð áfrýjanda við Laufásveg 19 hér í bænum, verður eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að firmað hefir aldrei, hvernig sem skifti þess og áfrýjanda eru metin, undirgengist eða bakað sér nokkura skyldu í þá átt. Hið stefnda firma átti að vísa tal um það við áfrýjanda, að hann setti því áðurnefnda eign að veði fyrir 8000 kr., með 1. veðrétti, til tryggingar greiðslu á vörum, er firmað svo léti til byggingarinnar. Í stað þess gaf áfrýjandi út 8000 kr. veðbréf til handa stefndum, Finni Thorlacius, til tryggingar »efni og vinnulaunum«, og með því skilorði, að veðrétturinn myndaðist eftir því, sem verkinu »hér eftir miðar áfram«. Þetta veðbréf seldi svo Finnur firmanu að handveði, og skuldaði hann þá firmanu fyrir byggingarefni kr. 2000. Firmað tilkynnti svo áfrýjanda, að það hefði fengið veðbréfið hjá

Finni að handveði. Á þessu verður þó eigi byggð skylda á hendur firmanu til frekari efnisútláta, enda var veðbréfið í verulegum atriðum öðruvísi en firmað gat búizt við að það yrði, að því er ætla má eftir samtali þess við áfrýjanda. Verður því og að sýkna hið stefnda firma af skaðabótakröfu áfrýjanda, eins og héraðsdómarinn hefir gjört.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða gestaréttardóms, um málskostnað til handa hinu stefnda firma, og að dæma áfrýjanda til að greiða því málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 100 kr.

Stefndur, Finnur Thorlacius, og áfrýjandi gjörðu með sér samning um það 12. sept. 1927, að Finnur skyldi byggja kjallara húss þess, sem áfrýjandi ætlaði að reisa á áðurnefndri lóð við Laufásveg 19, eftir uppdrætti, er stefndur hafði gjört, fyrir alls kr. 25600.00. Þenna uppdrátt samþykkti byggingarnefnd að visu ekki, og átti húsið að verða 1, 25 metra lengra en til var ætlast, þegar samningurinn 12. sept var gjörður. Þessi breyting verður ekki talin svo veruleg, að stefndur leystist þar með frá samningnum, heldur átti hann einungis kröfu til þess, að fá bættan upp kostnaðarauka þann, sem breytingin hefði haft í för með sér. Stefndur byrjaði og á verkinu og hélt því áfram, án þess að nýr samningur væri gjörður, og hefir hann þegar með því sýnt i verki til fullrar hlítar viðurkenningu sína á því, að honum bæri skylda til að inna verkið af hendi. Án þess að séð verði, eða því hafi verið haldið fram, að áfrýjandi, sem innt hefir af hendi greiðslur þær, er honum bar að láta stefndum í té fyrir verkið, eftir því, sem því miðaði áfram, hafi vanefnt samninginn, hætti stefndur við verkið áður en því væri lokið, og án þess að séð verði, að hann hafi gjört áfrýjanda viðvart

um það, eða sagt það í ábyrgð hans, að því, er virðist í marz 1928. Að vísu verður stefndur eigi nú dæmdur, að viðlögðum dagsektum, til að leysa verkið sjálft af hendi, eins og áfrýjandi krefst, eftir að áfrýjandi hefir látið líða hátt upp í ár, án þess að gjöra þá kröfu gildandi á hendur stefndum, eða áskilja sér rétt til að koma henni fram, enda virðast skaðabótakrafa áfrýjanda og endurgreiðslukrafa hans ekki samrímanlegar þessari kröfu. En stefndur hefir með því að hætta verkinu, eins og áður er sagt, bakað áfrýjanda tjón, er honum er skylt að bæta. Stefndum bar skylda til, er hann hætti verkinu, og með tilliti til þess, að áfrýjandi átti ekki heima hér á staðnum, að ganga svo frá, að verk það, sem þegar var unnið, yrði ekki fyrir spjöllum þeim, er hægðarleikur var að afstýra. En það gjörði hann eigi, og voru því allar rúður í byggingunni algjörlega eyðilagðar. Verður því að dæma stefndan til að greiða bætur fyrir þau spjöll, er telja má hafa hlotizt af þessu athafnaleysi hans. Auk þess hefir stefndur seinkað byggingunni fyrir áfrýjanda, og má ætla, eftir því sem á stóð, að þær tafir hefði numið allt að 3 mánuðum, þótt áfrýjandi hefði haldið verkinu áfram, og hefir stefndur því bakað áfrýjanda vaxtatap af þeim 19000 kr., sem hann hafði lagt í bygginguna þann tíma, og af þeim 12000 kr., er lóðin kostaði áfrýjanda. Verður að meta þá vexti eins og útlánsvextir Landsbankans voru á þeim tíma. Þykja vextir og bætur þær, er stefndum ber samkvæmt þessu að greiða áfrýjanda, hæfilega ákveðnar 1500 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eins og fyr segir, verður að telja stefndan hafa tekið að sér að fullgjöra kjallara í fyrirhuguðu húsi áfrýjanda fyrir kr. 25600, að því viðbættu, er meira

kostaði að leysa verkið af hendi vegna áðurnefndra breytinga á húsinu. Nú hætti stefndur við verkið ólokið, en áfrýjandi, sem hefir greitt kr. 1700 og sett trygging fyrir kr. 2000.00 fyrir verkið, telur sig hafa ofgreitt honum kr. 4500.00. En með því að eigi liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar um það, hvers virði verk það af byggingu kjallarans á áðurnefndri lóð, sem stefndur innti af hendi, er, þykir verða að láta það fara eftir mati dómkvaddra þar til hæfra manna, og endurgreiði þá stefndur áfrýjanda mismuninn, milli kr. 19000.00 og þeirrar upphæðar, sem metin verður, þó ekki yfir kr. 4500.00 með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndur, Finnur Thorlacius, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir gestaréttinum og hæstarétti, er ákveðst 400 kr.

Áfrýjandi hefir stefnt héraðsdómaranum, Birni lögmanni Þórðarson, sem hvorki hefir mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, til ábyrgðar fyrir dóm sinn og málsmeðferð, og hefir áfrýjandi krafizt þess, að héraðsdómarinn verði dæmdur til að taka þátt í greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti. Fyrir þessari kröfu eru engin rök færð, og verður því að sýkna dómarann af henni.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, firmað J. Þorláksson & Norðmann, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Einars M. Jónassonar. Ákvæði gestarréttardómsins, um ómerkingu átalinna ummæla, eiga að vera óröskuð. Áfrýjandi greiði 25 kr. sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd

innan viku frá lögbirtingu dómsins, 2 daga einfalt fangelsi. Svo greiði áfrýjandi firmanu í málskostnað, fyrir báðum réttum, kr. 200.00.

Stefndur, Finnur Thorlacius, greiði áfrýjanda 1500 kr. með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags. Svo greiði hann áfrýjanda og þá upphæð, er metin verður af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þó eigi yfir 4500 kr. með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags Loks greiði stefndur áfrýjanda 400 kr. í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, er Einar M. Jónasson fv. sýslumaður hefir höfðað fyrir gestaréttinum sem gestur hér í bænum, með utanréttarstefnu, dagsettri 4. febrúar 1929 gegn firmainu, Jón Þorlákssson & Norðmann og Finni Thorlacius byggingarmeistara, báðum hér í bænum, tjáir stefnandi málsvexti þá, að stefndur Finnur hafi með samningi, dagsettum 12. september 1927 tekið að sér að reisa kjallara á lóð hans nr. 19 við Laufásveg hér í bænum og skila honum fullgjörðum fyrir ákveðinn tíma. Umsamið verð fyrir kjallarabygginguna hafi verið kr. 25600.00, er hafi átt að greiðast smátt og smátt meðan á byggingunni stæði, að undanteknum kr. 10000.00, er hafi ekki átt að greiðast fyr en að loknu verki. Á meðan á byggingu þessari stóð, kveður stefnandi það hafi orðið að samkomulagi með sér og stefndu firma, að það fengi 1. veðrétt í eigninni gegn því að leggja til í bygginguna sem svaraði 8 þúsund krónum, en samningur þessi hafi síðar breytzt þannig, að meðstefndur Finnur hafi fengið tryggingarbréf með 1. veðrétti í eigninni fyr allt að 8000 krónum, en hann hafi svo aftur sett firmanu bréf þetta að handveði fyrir efnis úttekt. Heldur stefnandi því fram, að með því að taka við bréfi þessu að veði,

hafi stefnt firma skuldbundið sig til þess að lána út á það, eins og upphaflega var talað um, og jafnframt hafi það með þessu, en þó sérstaklega með því að taka við ávísun frá Finni, á þá upphæð, er honum hafi borið að fá útborgaða, þegar verkinu hafi verið lokið, tekið ábyrgð á því, að hann uppfyllti áðurgreindan samning (lyki við kjallarasmíðina). Nú hafi stefndur Finnur rofið samninginn með því að hætta við bygginguna ófullgjörða, enda þótt hann hafi á þeim tíma verið búinn að fá greitt meira heldur en honum hafi borið meðan á byggingunni stóð og tryggingu fyrir eftirstöðvunum, og þar sem firmað hafi beinlínis verið orsök í samningsrofum hans, með því að ástæðulausu að hætta að lána út á veðið efni til byggingarinnar, þá sé mál þetta höfðað. Hefir stefnandi nú gjört þær réttarkröfur í málinu, að stefndir verði in solidum dæmdir til þess, að viðlögðum 50 króna dagsektum, að ljúka við kjallarabygginguna, samkvæmt fyrgreindum samningi, og ennfremur, að þeir verði dæmdir til þess að greiða honum 5—10 þúsund krónur í skaðabætur fyrir álitshnekki og tjón, er hann hafi beðið vegna vanefnda á samningnum. Þá hefir stefnandi og krafizt þess, að stefndur Finnur verði dæmdur til þess sérstaklega að greiða honum kr. 4500.00, er stefnandi telur sig hafa greitt til hans um skyldu fram eftir byggingarsamningnum, og miðað við verk það, sem hann hafi þegar leyst af hendi, án tillits til þess, hvort krafa hans um kjallarasmíðina verði tekin til greina. Loks hefir stefnandi krafizt 5 % ársvaxta af upphæðum, þeim er honum kunna að verða tildæmdar frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir hafa báðir mótmælt kröfum stefnanda og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Stefnt firma byggir sýknukröfuna á því, að það hafi hvorki með samningi eða á annan hátt tekið að sér að byggja eða ábyrgjast að meðstefndur þess fullgjörði umrædda kjallarabyggingu. Auk þess sé það ekki á neinn hátt skuldbundið gagnvart stefnanda til þess að leggja til efni í bygginguna, með því að samningurinn milli þess og hans hafi fallið niður, þegar það hafi ekki fengið veð beint frá honum eins og um var talað. Þar sem nú ekki verður á það fallizt hjá stefnanda, að nokkur rök liggi til þess að líta svo á, að stefnt firma hafi skuldbundið sig gagnvart honum, með því að fá áðurnefnt

tryggingarbréf að handveði eða taka við fyrgreindri ávísun á stefnandann h[illegible] meðstefndum þess, og firmað virðist hafa samið við ha[illegible] en ekki stefnanda um úttekt til byggingarinnar, og stefnandi ætti því ekki sókn þess máls, þótt firmað hefði í einhverju vanefnt þá [illegible]amninga, þá verður ekki séð, að kröfur stefnanda á hendu[illegible] því um byggingu eða skaðabætur hafi við rök að styðjast, og ber því að sýkna það af þeim að öllu leyti.

Sýknukröfuna af kjallarasmíðinni byggir stefndur Finnur á því, að samningur sá, sem stefnandi byggir kröfu sína á, hafi fallið úr gildi með því að ekki hafi fengizt leyfi bygginga[illegible] nefndar til þess að byggja eftir uppdrætti þeim, er sá samningur var miðaður við. Hús það, er samþykkt hafi verið að reisa, hafi verið nokkru stærra og því mun dýrara en upphaflega var áætlað, að það skyldi verða, og sé því útilokað að samningurinn hafi átt að gilda óbreyttur um það í hinni nýju mynd. Telur stefndur að ekkert hafi verið endanlega samið um byggingu kjallarans, eins og hann hafi orðið eftir þessum nýja uppdrætti, og sé því krafa stefnanda um kjallarabygginguna ekki á neinum rökum byggð.

Stefnandi hefir nú viðurkennt það, að húsinu hafi verið breytt frá því sem það átti að vera upphaflega, en heldur því fram, að við þá breytingu hafi sparast vinna, er hafi numið a. m. k. því, er húsið annars hefði orðið dýrara, vegna stærðarmunarins, og hafi því verið tilætlunin að hinn upphaflegi samningur gilti áfram óbreyttur.

Á þetta verður þó ekki fallizt hjá stefnanda, því að það kemur greinilega fram í bréfi frá stefndum til hans, dagsettu 9. dez. 1927, eða nokkru eftir að samningurinn var gjörður, að stefndur hefir ekki talið sig bundinn við hann vegna umræddrar breytingar. Gjörir stefndur í bréfi þessu tilboð í húsið eftir hinum nýja uppdrætti, og segist ætla að senda stefnanda síðar lýsingu á því, hvernig það byggist og eins hvernig greiðslum skuli hagað. Þá er og ljóst af því, sem fyrir liggur í málinu, að greiðslurnar hjá stefnanda hafa ekki farið fram eftir upprunalega samningnum og bendir það einnig til þess, að hann hafi ekki gilt.

Þar sem það nú verður að teljast upplýst samkvæmt framansögðu, að samningurinn hafi breytzt, en það kemur hinsvegar ekki greinilega fram í málinu hverjar breytingar hafi á honum orðið, eða hvort algjörlega nýr samningur hafi verið

gjörður, og hvernig hann þá hafi verið, þá verður ekki séð, að krafa stefnanda um það, að stefndur fullgjöri kjallarasmíðina sé nægilega rökstudd og ber því að sýkna stefndan af henni. Af sömu ástæðu ber og að sýkna stefndan af kröfu stefnanda um skaðabætur fyrir tjón og álitshnekki vegna stöðvunarinnar.

Að því, er snertir endurgreiðslukröfuna, kr. 4500.00, þá hefir stefndur Finnur viðurkennt að hafa móttekið í peningum hjá stefnanda kr. 17000.00 og við það bætist svo 2000 króna efnisúttekt hjá meðstefndu firma, sem upplýst er, að stefndur hefir fyrsta veðrétt fyrir í margnefndri eign stefnanda. Hefir stefnandi því til sönnunar, að hann hafi ofgreitt stefndum framangreinda upphæð, kr. 4500.00, látið fara fram virðingargjörð á húseigninni, og er byggingin samkv. henni metin á kr. 14636.00.

Stefndur hefir eindregið mótmælt því, að virðingargjörð þessi sé réttur mælikvarði á vinnu þá og efni, er til byggingarinnar hafi farið, og þar sem hún virðist vera venjuleg lántökuvirðing, en þær munu ekki svara til kostnaðarverðs, og með því ennfremur að stefndandi hefir ekki hnekkt þeirri staðhæfingu stefnds, að ýmislegt hafi verið unnið að byggingunni eftir að virðingin fór fram, og ekki verður séð, að nokkurt tillit hafi verið tekið til timburs, er við hana hafi verið notað, né heldur að stefndum hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur, er virt var, til þess að gæta réttar síns, þá verður ekki á virðingargjörðinni byggt um það, hvað kostað hafi að koma byggingunni upp. Hinsvegar hefir stefndur lagt fram reikning yfir kostnaðinn við kjallarabygginguna og nemur hann samkvæmt þeim reikningi kr. 18636.50.

Stefnandi hefir nú mótmælt því, að nokkur slík úttekt, er á reikningnum greinir, hafi farið fram til byggingarinnar, en þar sem slík mótmæli virðast vera algjörlega út í bláinn, þá verður ekkert tillit tekið til þeirra, heldur verður reikningurinn lagður til grundvallar fyrir kostnaðarverði byggingarinnar. Lítur rétturinn því svo á, að stefndum beri að standa stefnandanum skil á mismuninum á reikningsupphæðinni og upphæð þeirri, sem hann samkvæmt framansögðu hefir tekið á móti, og verða því úrslit málsins þau, að hann verður dæmdur til þess að endurgreiða þann mismun, kr. 363.50 með vöxtum eins og krafizt hefir verið.

Eftir þessum úrslitum málsins hér fyrir réttinum, þykir hæfilegt, að stefnandi greiði stefndu firma kr. 100.00 í málskostnað,

en hinsvegar falli málskostnaður niður að því, er stefndan Finn snertir.

Í einu sóknarskjali sínu hefir stefnandi dróttað því að stefndu firma, að það hafi beitt hann svikum. Hefir það krafizt þess, að ummæli stefnanda í þessu sambandi, »svikið út úr sér« og »greinileg svik« og aðdróttunin, sem í þeim felst, séu dæmd dauð og ómerk, og stefnandi sektaður fyrir þau, og ber að taka þá kröfu til greina. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 25.00, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, og komi í hennar stað, ef hún er ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, tveggja daga einfalt fangelsi.

Ekki þykir ástæða til að taka til greina kröfu stefnds firma um sekt á hendur stefnanda fyrir óþarfa þrætu.

Miðvikudaginn 19. júní 1929.

Nr. 79/1928. **Réttvísin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Þorkeli Blandon (Sveinbjörn Jónsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 1. okt. 1927, tilkynnti framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands lögreglustjóra Reykjavíkur, að ákærði, er var gjaldkeri Brunabótafélagsins, hefði játað á sig sjóðþurð, og krafðist framkvæmdarstjórinn sakamálsrannsóknar út af þessu. Lögreglustjórinn lét fulltrúa sinn rannsaka málið, og með bréfi, dags. 3. s. m., sendi hann bæjarfógeta Reykjavíkur málið til frekari meðferðar. En bæjarfógetinn tók þó ekki málið til rannsóknar, heldur sendi hann það samdægurs til dómsmálaráðuneytisins og ritaði á bréf lögreglustjórans, að hann sendi málið eftir samtal við dómsmálaráðherrann þá um morguninn, og bætti því

við, að hann væri því fyllilega samþykkur, að sjerstakur dómari verði skipaður til að fara með það. Skipaði svo dómsmálaráðuneytið Björn Þórðarson hæstaréttarritara samdægurs setudómara, og stendur í bréfinu, að það sé gjört í samráði við bæjarfógeta Reykjavíkur.

Hinn skipaði verjandi ákærða hefir krafizt þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins áður en dómur gekk í héraði verði ómerkt, fyrir þá sök, að hinn reglulegi dómari hafi ekki vikið sæti í því.

Í skjölum málsins er það ekki upplýst, að hinum reglulega dómara hafi lögum samkvæmt verið skylt, eða jafnvel heimilt að víkja sæti í því vegna málgengisbrests, né heldur að lögmæt forföll, þ. e. hindranir, svo sem sjúkdómur, fjarvist eða annir, hafi bannað honum að fara með málið, og verður auk þess eigi litið svo á, að fyrtéð áritun hans á bréf lögreglustjórans feli í sjer endanlega ákvörðun um að víkja dómarasæti í málinu, enda hefði slik ákvörðun, er heyrir undir dóm æðri dómstóls, átt, eins og ástóð að koma fram í rétti, áður en setudómarinn tók til starfa. Og þar sem þannig hinn reglulegi dómari hefir eigi vikið sæti í málinu, svo sem lög og réttarvenja útheimta, þá hafði setudómarinn ekki heimild til að fara með málið og dæma það.

Verður því fyrir þessa sök að ómerkja hinn áfrýjaða aukaréttardóm og alla meðferð setudómarans á málinu fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum.

Allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarjetti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Málið hefir með samþykki réttarins verið flutt skrif-

lega, og var hæstaréttarmálaflutningsmaður Lárus Fjeldsted skipaður sækjandi 15. okt. f. á. og þá afhent málsskjölin. En fyrra sóknarskjal hans er eigi dagsett fyr en 15. febr. þ. á., og varnarskjali verjanda, dags. 15. marz, hefir hann svarað 24. apríl.

Þetta er óhæfilegur dráttur af hans hálfu, er verður að víta, þar sem hann hefir eigi verið réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur og öll meðferð setudómarans á málinu fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum á ómerk að vera.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Fjeldsted og Sveinbjörns Jónssonar, 80 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. júní 1929.

Nr. 35/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Ólafi Guðjónssyni (Bjarni Þ. Johnson).

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 1. marz 1929: Kærði, Ólafur Guðjónsson, hér, á að greiða 100 kr. sekt til ríkissjóðs innan fjögra vikna, en afplána hana með 10 daga einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Sviftur skal kærði ökuskírteini í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði játað, að hann hafi umræddan dag, keypt tvær

heilflöskur af portvíni og verið búinn að drekka um helminginn úr annari þeirra, áður en hann ók bifreiðinni. Lögregluþjónn Vestmannaeyja, er lokaði bifreiðinni fyrir kærða, hefir borið það sem vitni fyrir lögregluréttinum, að kærði hafi verið mjög ölvaður í bifreiðinni, og tvö önnur vitni, er samtímis athuguðu kærða í bifreiðinni, hafa borið, annað, að kærði hafi verið mikið drukkinn, og hitt, að hann hafi verið drukkinn. Og ennfremur hefir maður sá, er var í bifreiðinni ásamt kærða, borið, að hann hafi sjeð vín á kærða, en ekki virzt hann mikið drukkinn.

Með þessum vitnisburðum og játningu kærða er framkomin í málinu fullkomin sönnun fyrir því, að kærði hafi verið ölvaður við bifreiðaraksturinn í umrætt skifti. Þetta brot kærða heyrir undir 4. málsgrein 5. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærður sviftur leyfi til að aka bifreið um sex mánuði frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í undirrétti og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Guðjónsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur ökuskírteini um sex mánuði frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærði greiði ennfremur allan kostnað sakarinnar fyrir undirrétti og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Lárusar Fjeldsted og Bjarna Þ. Johnson, 60 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með framburði kærða og öðrum gögnum, að hann ók flutningabifreiðinni nr. 14, er hlaðin var fiski, þ. 21. þ. m. í nánd við hús Gunnars Ólafssonar, hér. Á móti honum kom bifreiðin nr. 11, og þá er bifreið kærða stöðvaðist, varð fram og afturhjól hennar fyrir utan veginn, þannig að bifreiðin hallaðist, en kærði hefir tekið fram, sem og rétt er, að vegurinn sé það lágur, þar sem bifreiðin rann útaf, að engin hætta hafi verið á því, að bifreiðin gæti oltið um.

Kærði hefir játað, að hann hafi umræddan dag keypt 2 1/1 fl. af portvíni í útbúi áfengisverzlunar ríkisins, hér, og að hann muni hafa drukkið um 1/2 fl. af portvíni áður en hann ók bifreiðinni. Ekki hefir kærður viljað kannast við, að hann hafi verið áberandi fullur, heldur aðeins neytt nokkurs áfengis. Vitnin tvö, sem leidd hafa verið í málinu, hafa lýst yfir því áliti sínu, að kærði hafi verið »mikið drukkinn« og »mjög ölvaður«, en önnur tvö, að hann hafi verið »drukkinn« og »ekki mikið drukkinn«. Með þessu getur rétturinn þó ekki talið löglega sannað, að kærði hafi verið *ölvaður*. Til þess verður að telja að ekki nægi *álit* vitna, ef það ekki er byggt á slíkri lýsing á framkomu hlutaðeiganda eða upplýsingum um, hve mikils áfengis hann hefir neytt á ákveðnum tíma, að loku sé fyrir það skotið, að framkoman hafi verið eins og henni hefir verið lýst, af öðrum ástæðum en ofmikilli áfengisnautn.

Álit vitna byggt á engu sérstöku, eða byggt á slíkri framkomu hlutaðeiganda, sem vel getur verið svo af öðrum ástæðum, en vinnautn, getur því ekki að réttarins dómi talizt sönnun fyrir, að maðurinn hafi verið ölvaður. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, hafa vitnin rökstutt álit sitt, um að kærði hafi verið

drukkinn með því, að hann hafi »varla getað talað«, og að hann hafi »skjögrað«, þegar hann ætlaði út úr bifreiðinni, en þetta gjöra margir, sem jafnvel ekki hafa neytt víns, ef þeir komast í geðshræringu, svo það er útaf fyrir sig engin sönnun. Kærði hefir heldur ekki játað að hafa verið ölvaður, heldur aðeins undir áhrifum víns. Þetta styðst við þá staðhæfingu hans, sem taka verður til greina, þareð annað er ósannað, að hann hafi aðeins drukkið hálfa portvínsflösku áður en hann ók bifreiðinni umrætt skifti. Þar sem lögin nr. 56 um notkun bifreiða frá 15. júní 1926, 5. gr., sbr. lög nr. 64, áfengislög frá 7. maí 1928, 20. gr., gjöra mun á því, hvort bifreiðarstjórar eru undir áhrifum víns við bifreiðaakstur, eða aka bifreið ölvaðir, og þar sem hið síðara, eftir því sem nú hefir verið sagt, ekki getur talizt fullsannað, (enda in dubio pro reo) verður að heimfæra brot kærða undir 3. málsgrein 5. greinar laga nr. 56, um notkun bifreiða frá 15. júní 1926, og 20. gr. áfengislaganna, og telst refsingin eftir 14. gr. fyrnefndra laga og ákvæðum 20. gr. síðarnefndra laga hæfilega ákveðin 100.00 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og svifting ökuskírteinis í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, og er þá tekið tillit til þess, að hér er um fyrsta brot kærða á ofangreindum lögum að ræða.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 21. júní 1929.

Nr. 16/1929. **Guðrún Ólafsdóttir**

gegn

Garðari Þorsteinssyni, f. h. Dansk Radio.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðrún Ólafsdóttir, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 21. júní 1929.

Nr. 24/1929. **Magnús Jónsson**
gegn
Knud Zimsen, f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, er að vísu hefir látið mæta í máli þessu, en lagði ekki fram áfrýjunarstefnu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og bæjarstjórn Reykjavíkur, er látið hefir mæta í málinu, samkvæmt kröfu hennar, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. júní 1929.

Nr. 41/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Otto Herpich (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 16. marz 1929: Kærður, Otto Herpich, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og sæti 7 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa. Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru umborð í togaranum, B. H. 176 »Bredebeck«, sé upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður af máli þessu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann,

þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 30 dagar frá birtingu dóms þessa. Kærði, Otto Herpich, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Fylla« var kærður, Otto Herpich, staddur á skipi sínu togaranum, B. H. 176 »Bredebeck« frá Bremerhaven, að veiðum inni á landhelgissvæðinu fyrir austan Ingólfshöfða, kl. 6.17 f. h. í gær, þegar varðskipið stöðvaði skip hans.

Staður sá, sem togarinn var staddur á, var á varðskipinu mældur þannig:

Hægri brún jökulsins fyrir vestan Staðarfjall réttvísandi 348° og

Ingólfshöfðaviti réttvísandi 251°.

Mælingar þessar hafa verið settar út í sjókorti og sýna þær, að skipin hafa þá verið stödd 0.9 sml. innan landhelgislínunnar, Dýpi var mælt 36 m., og er það í samræmi við téða staðarákvörðun.

Kærður hefir að vísu eigi viljað fullyrða, að þessar mælingar varðskipsins séu rangar, en hann kveðst halda sér við

þær miðanir, sem hann hafi tekið eftir áttavita sínum á sama tíma og hafi þær verið þessar:

Ingólfshöfði í V. N. V. ¾ V. og

vestanverðu við Staðarfjall N. til A.,

en samkvæmt þeim miðunum hefir hann átt að vera staddur 0.3 sml. innan landhelgislínunnar. Dýpið kveðst hann hafa mælt 46 m. Segir hann, að dýptarmæling sín komi að vísu ekki alveg heim við miðanirnar, en eftir sinni skoðun, miðað við það dýpi, sem hann mældi, hafi hann verið fyrir utan landhelgislínuna, þegar skip hans var stöðvað.

Skipið hafði stjórnborðsvörpu útbyrðis og var að veiðum, og voru 15—20 körfur af fiski í vörpunni þegar hún var dregin upp.

Samkvæmt miðunum kærða sjálfs hefir hann því verið staddur innan landhelgislínunnar, þegar skip hans var stöðvað, og dýptarmælingin ein þó rétt væri sannar ekkert í þessu efni, þar sem sama dýpi og kærður mældi er víða innan landhelgislínunnar á þessum slóðum. En auk þess verður eigi fallizt á, að þessar miðanir kærða, sem hann viðurkennir, að ekki hafi verið »nákvæmar upp á gráðu«, geti hnekkt mælingum varðskipsins, sem gjörðar eru með fullkomnari mælitækjum en kærður notaði, heldur beri að leggja staðarákvarðanir varðskipsins til grundvallar í málinu.

Þessu samkvæmt telur rétturinn löglega sannað, að kærður hafi í þetta skifti verið að ólöglegum veiðum inni á landhelgissvæðinu, og hefir hann með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum og með því að kærður hefir ekki áður gjörzt brotlegur við sömu lög og með tilliti til þess, að gullgengi krónunnar er í dag 81.70, þykir refsingin hæfilega metin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands og sem greiðist nú þegar, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða einfalt fangelsi, fáist sektin ekki greidd innan viku. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli, sem er innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Laugardaginn 22. júní 1929.

Nr. 50/1928. **Högni Gunnarsson** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Arngrími Fr. Bjarnasyni.

Ómerkingardómur.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 11. maí 1928: Framangreind meiðandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Högni Gunnarsson, greiði 150 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 13 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan 30 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Stefndur greiði stefnanda Arngrimi Fr. Bjarnasyni 60 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt undirréttarstefnunni í máli þessu, dags. 23. febr. 1928, átti mál þetta að takast fyrir í þinghúsi Hólshrepps í Bolungarvík 24. marz s. á. »að færu veðri«, eftir því, sem stendur í stefnunni. Málið var þó eigi tekið fyrir þann dag, sökum þess að dómarinn gat ekki komizt á dómstaðinn vegna óveðurs, en í stað þess tók dómarinn málið fyrir 26. s. m. Við þessa fyrirtekt málsins mætti áfrýjandi ekki, en þá skipaði dómarinn mann nokkurn, er var til staðar í réttinum, til þess að gæta réttar áfrýjanda. Þessi »umboðsmaður« áfrýjanda fékk þá frest í málinu og málsskjölin léð, en er maður þessi nokkru síðar tilkynnti áfrýjanda hvernig komið var, mótmælti hann þessari meðferð málsins og endursendi »umboðsmaðurinn« þá dómaranum skjöl málsins með bréfi, dags. 1. apríl.

Þrátt fyrir þetta var málið dómtekið 11. maí og samstundis kveðinn upp dómur í því með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 150 kr.

sekt til ríkissjóðs og 60 kr. í málskostnað, og umstefnd ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 6. sept. 1928. Lét stefndi mæta við fyrstu fyrirtekt málsins hér fyrir réttinum 19. dezbr. s. á., svo og við síðari fyrirtektir, en er sókn skyldi flutt í því mætti stefndi ekki og hefir málið því verið flutt skriflega af hendi áfrýjanda og dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirrétti, og byggir hann þessa kröfu sína á því, að málið hafi ekki verið tekið fyrir þann dag, er stefnt var til, 24. marz 1928, heldur 2 dögum síðar, en til þess hafi engin heimild verið án þess að hann mætti þar og samþykkti fyrirtekt málsins, og þess utan hafi dómarann brostið heimild til að skipa óviðkomandi mann til að mæta þann dag og gæta réttar áfrýjanda.

Með því að það sézt eigi af skjölum málsins, að dómarinn hafi aðvarað áfrýjanda um fyrirtekt málsins hinn 26. marz, verður eigi komizt hjá því að taka kröfu áfrýjanda til greina, og verður jafnframt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur skal vera ómerkur og vísast málinu frá aukaréttinum. Stefndi, Arngrímur Fr. Bjarnason, greiði áfrýjanda, Högna Gunnarssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. júní 1929.

Nr. 88/1927. **Runólfur Jónsson** (Guðmundur Ólafsson)
gegn
Elíasi Steinssyni, Sighvati Andréssyni og Einari Einarssyni (Enginn).

Sýknudómur.

Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu 30. dezbr. 1926: Stefndu eiga að vera sýknir af kærum og kröfum stefnandans, Runólfs Jónssonar, í máli þessu og greiði hann stefndu í málskostnað 60 krónur, sem lúkist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri laga aðför.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 19. okt. 1927, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 26. sept. s. á., og hefir áfrýjandi hinn 21. jan. f. á. fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann.

Hinir stefndu hafa mætt við fyrstu fyrirtekt málsins 30. marz f. á., svo og við síðari fyrirtektir þess, en er málið skyldi flutt fyrir réttinum í fyrra mánuði, létu stefndu eigi mæta, og hefir málið því verið rekið skriflega, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefir áfrýjandi leitt vitni og aflað nýrra skjala, er lögð hafa verið fram í hæstarétti, en með því að gögn þessi leiða ekki til annarar niðurstöðu en komizt er að í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er athugavert við, ber að staðfesta hann.

Kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 100 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Á flutningi máls þessa hér í réttinum, hefir orðið

mikill dráttur, en fyrir honum hefir hinn skipaði málflutningsmaður áfrýjanda, eftir atvikum, gjört viðunandi grein.

Það er aðfinnsluvert, að liðið hafa 16 vikur frá dómtöku til dómsuppsagnar, án þess að héraðsdómarinn hafi gjört nægilega grein fyrir þeim drætti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, hrm. Guðmundar Ólafssonar, 100 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög málsins eru eftir því, sem stefnandanum Runólfi Jónssyni að Berjanesi í Vestur-Landeyjum segist frá og stefndu, þeir: Elías Steinsson bóndi í Oddhól, Sighvatur Andrésson bóndi Ártúnum og Einar Einarsson bóndi í Vestri-Tungu, hafa eigi vefengt, að þeir Elías og Sighvatur, sem eigendur jarðarinnar Sperðils í Landeyjum, byggðu stefnanda jörð þessa með bréfi, dags., 9. maí 1923. — Með sama bréfi var stefnanda áskilinn kaupréttur að jörðinni fyrir 6000 krónur og skyldi sá kaupréttur standa til sumarmála 1924. — Með bréfi sömu manna, dags., 22. nóv. 1924, er þeir létu birta stefnanda, var stefnanda sem ábúanda Sperðilsins boðin jörðin til kaups fyrir 8800 krónur eða það verð, er eigendurnir töldu sig þá geta selt jörðina öðrum, en ef stefnandi hafnaði boðinu, skyldi hann víkja af jörðinni í næstkomandi fardögum, allt samkvæmt áðurnefndu byggingarbréfi. — Kveðst stefnandi þegar við útbyggingu hafa boðizt til að kaupa jörðina á 6000 kr., en því boði verið hafnað. — Með úrskurði fógeta 9. júní 1925 kveðst stefnandi svo hafa verið borinn út af jörðinni. Hefir stefnandi haldið því fram í kærum sínum til sáttanefndar, dags., 19. nóv. 1925, að hann *þá nýlega* hafi verið búinn að fá fulla vissu um, að

22. nóv. 1924 í það skiftið, er honum var boðinn forkaupsréttur að Sperðli fyrir 8800 kr., hafi jörð þessi í rauninni verið seld meðstefndum Einari Einarssyni eldra í Vestri-Tungu fyrir 6000 krónur eða nákvæmlega sama verð og hann við útbyggingu segist hafa boðizt til að kaupa jörðina fyrir. Kvaðst hann mundi reyna að sanna þetta með vitnum. — Málið hefir verið lagt til sátta, en sáttatilraun reyndist árangurslaus. — Samkvæmt ofan- og framanrituðum forsendum hefir stefnandi gjört þær réttarkröfur:

Að sala stefndu, þeirra Elíasar Steinssonar og Sighvatar Andréssonar, á jörðinni Sperðli til Einars Einarssonar, verði metin ógild gagnvart stefnanda og honum dæmdur réttur til að kaupa jörðina fyrir 6000 krónur eða því verði, sem Einar Einarsson raunverulega hafi keypt jörðina fyrir.

Að stefndu allir in solidum eða til vara einn eða tveir þeirra verði dæmdir til að greiða sér bætur fyrir allt það tjón, er hann hefir beðið af þessari sölu og þar af leiðandi útburði af jörðinni.

Loks, að stefndu verði á sama hátt dæmdir til að greiða sér allan málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Umboðsmaður stefndu mótmælti þegar í fyrsta réttarhaldi kröfum stefnanda og hélt því fram, að hið raunverulega verð hefði verið kr. 8800.00, svo sem afsalsbréf þeirra Elíasar Steinssonar og Sighvatar Andréssonar til Einars Einarssonar fyrir jörðinni Sperðli, dags. 18. mai 1925, sýnt við útburð á stefnanda 9. júní og þinglesið þann 26. s. m. að Forsæti í Vestur-Landeyjum —, segir fullum stöfum. Samkvæmt því hafa stefndu krafizt algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda og sér tildæmdan málskostnað eftir réttarins mati.

Hinsvegar hefir stefnandi með vitnum reynt að sanna fullyrðingar sínar, um að hið raunverulega söluverð jarðarinnar til Einars Einarssonar hafi verið 6000 krónur og að salan hafi verið um garð gengin, þegar honum með útbyggingunni 22. nóv. var boðið að kaupa jörðina fyrir kr. 8800.00. — Hefir hann látið leiða 5 vitni alls. 4 af þeim gátu ekkert um málið borið, en 5. vitnið hálfminnti að Sighvatur Andrésson hefði einhvern tíma sagt því, að hann væri búinn að selja Sperðilinn fyrir 6000 krónur, og, að Einar Einarsson hefði í október 1924 svarað spurningum sínum um það, hvort hann væri búinn að fá afsal fyrir Sperðli, á þá leið, að hann væri búinn að fá það að nokkru leyti. En bæði er það, að það, sem vitnið

hefir eftir málsaðiljum í fyrtéðu efni, er mjög óákveðið og teygjanlegt, og í öðru lagi, að vitnið er aðeins eitt til frásagnar um það, sem það hefir borið, þá verður að líta svo á, að stefnanda hafi ekki tekizt að afsanna það, að hið raunverulega söluverð Sperðilsins hafi verið kr. 8800.00, eins og af stefndu er haldið fram. — Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, er álítst hæfilega metinn 60 kr. — Með tilliti til þess, að dómarinn hefir frá upptöku málsins til dóms verið önnum kafinn við sífellt vaxandi embættisstörf, vottast, að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 30. sept. 1929.

Nr. 30/1929. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, Jóhannesi Jóhannessyni fyrv. bæjarfógeta og Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjandi sóttur um vangreiddar ríkissjóðstekjur úr Barðastrandarsýslu.

Úrskurður gestaréttar Reykjavíkur 31. okt. 1928: Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 1. þ. m. og með skirskotun til skuldbindingar stefnds við lögbaldsgjörð 20. marz þ. á. og veðskuldabréfum hans, dags. 17. dezbr. f. á. og 20. marz þ. á., af fjármálaráðherra Magnúsi J. Kristjánssyni, f. h. ríkissjóðs, gegn fyrv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu, Einari M. Jónassyni, til heimilis á Patreksfirði, til greiðslu á vangoldnum ríkissjóðstekjum og fé tilheyrandi dánarbúi Jóns sál. Þorsteinssonar frá Bildudal, að upphæð samtals, kr. 74629.57 með 5 % ársvöxtum frá 20. marz þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rétt-

arins. Svo hefir stefnandi og krafist staðfestingar á lögbaldsgjörðum einnig fyrir hinni umstefndu upphæð, er fóru fram á Patreksfirði 16.—20. marz þ. á.

Stefndur hefir krafizt frávísunar málsins, að því er réttur-inn skilur bókun hans í réttarhaldinu 24. þ. m., af þeim ástæðum, að dómi í máli meðal annars út af sömu kröfuliðum og mál þetta snýst um og uppkveðinn var í þessum rétti 15. ágúst þ. á., hafi nú verið skotið til hæstaréttar, og af því, *að* ekki sé heimilt að höfða mál þetta gegn sér annarsstaðar en á heimilisvarnarþingi sínu. Hann hefir ennfremur krafizt ríflegs málskostnaðar hjá stefnanda og að ríkisstjórnin (sic.) verði sektuð fyrir jafn óþarfa málshöfðun og hér á sér stað, en þessi síðasti kröfuliður kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita, að efnishlið þessa máls hefir ekki verið lögð í dóm.

Um fyrri frávísunarástæðuna er það að segja, að í dóminum frá 15. ágúst þ. á. var kröfuliðum þeim, sem mál þetta er risið af, vísað frá dómi, og þótt það mál fari nú til hæstaréttar, verður þar ekki dæmt um þá að efninu til, hvort sem hæstiréttur fellst á héraðsdóminn eða ekki. Er því stefnanda rétt að byrja mál að nýju út af þeim, þrátt fyrir áfrýjunina og verður þessu máli ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu.

Ákvæði það í lögbaldsgjörðinni 20. marz þ. á., sem vitnað er til í stefnunni í þessu máli, sem heimild fyrir að höfða það hér fyrir réttinum er svohljóðandi:

»Gjörðarþoli (c: stefndur) lýsti því yfir, að ef þess væri óskað heldur, mundi hann samþykkja að mæta út af lögbaldsgjörðum þeim, sem farið hafa fram hjá honum svo og kröfu ríkissjóðs á hendur honum, fyrir gestarétti Reykjavíkur eftir miðjan apríl þ. á«.

Stefndur heldur því nú fram, að lögbaldsgjörðirnar séu fallnar niður af því, að réttlætingarmál þetta hafi ekki verið höfðað nægilega snemma eftir að réttlætingarmálinu, um sömu kröfuliði með dómi þessa réttar frá 15. ágúst þ. á., var vísað frá að því, er þá snerti, og þar með sé niður fallið samþykki sitt til að mæta í málinu hér fyrir réttinum.

Eins og hin tilvitnaða klausa ber með sér, hefir stefndur skuldbundið sig til að mæta hér fyrir réttinum í máli út af lögbaldsgjörðunum, og er krafan um staðfestingu þeirra að því, er snertir fjárhæð þá, er mál þetta snýst um, einn liðurinn í dómkröfum stefnanda í þessu máli, én með efnisdómi í því

verður fyrst úr því skorið, hvort löghaldsgjörðirnar séu niður fallnar eða ekki, og verður frávísunarkrafa stefnds af þeirri ástæðu því heldur eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 26. marz 1929: Stefndi, Einar M. Jónasson, fyrv. sýslumaður í Barðastrandarsýslu, greiði stefnanda, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, kr. 59457.52 ásamt 5 % ársvöxtum frá 20. marz 1928 til greiðsludags og 2000 kr. í málskostnað og staðfestast löghaldsgjörðir í eignum stefnda, sem fram fóru 16., 19. og 20. marz 1928, fyrir þessum upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en þessi krafa verður eigi tekin til greina með því að ástæða sú, er áfrýjandi hefir fært fyrir henni, er á engum rökum byggð.

Fyrir undirrétti krafðist áfrýjandi þess, að máli þessu væri vísað frá dómi, en með úrskurði, uppkveðnum undir rekstri málsins hinn 31. okt. f. á., neitaði rétturinn að taka þessa kröfu til greina. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi áfrýjað ásamt aðalmálinu og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, svo og eftirfarandi meðferð málsins og málinu vísað frá undirrétti, en með því staðfesta verður hinn umgetna úrskurð af þar greindum ástæðum, verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Til þrautavara hefir áfrýjandi krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, að hann fái tildæmdar kröfur sínar í gagnsökinni fyrir undirrétti, að löghald það, er gjört var í eignum áfrýjanda hinn 16., 19. og 20. marz 1928, verði upphafið og loks

krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti.

Með vottorði sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, Bergs Jónssonar, dags. 4. okt. f. á., er það upplýst, að þegar áfrýjanda var vikið frá embætti 30. nóvbr. 1927, var ógreitt samkvæmt manntalsbók sýslunnar það ár af fasteignaskatti, kr. 1704.80 og af tekjuskatti kr. 817.27. Það getur nú ekki bakað áfrýjanda ábyrgðar, þótt hann á þeim tíma væri ekki búinn að innheimta þennan hluta af fasteigna- og tekjuskattinum, og með því að stefndi hefir hér fyrir réttinum ekki getað gjört grein fyrir því, hvort eða að hve miklu leyti þessar samt. kr. 2522.07 hafi verið dregnar frá dómkröfunni, verður að sýkna áfrýjanda að svo stöddu af þessari upphæð, en eftirstöðvarnar kr. 56935.45, ber að dæma áfrýjanda til að greiða af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, með 5 % vöxtum frá stefnudegi 1. okt. f. á. til greiðsludags.

Krafa áfrýjanda um að fá dóm fyrir gagnkröfum sínum í undirrétti verður eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að undirdómarinn hefir ekki lagt dóm á þær, en hinsvegar hefir áfrýjandi ekki krafizt þess hér fyrir réttinum, að málinu verði vísað heim til dómsálagningar að þessu leyti.

Eins og fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, var hinn 16., 19. og 20. marz 1928 gjört löghald í eignum áfrýjanda, meðal annars fyrir kröfum þeim, er ræðir um í máli þessu, en í máli því, er höfðað var til staðfestingar löghaldsgjörðunum, var kröfum þeim, er hér ræðir um, vísað frá dómi með dómi gestaréttar Reykjavíkur 15. ágúst 1928. Og þar sem mál þetta er ekki höfðað fyr en rúmum 6 vikum eftir

uppkvaðningu nefnds frávísunardóms, þá er ekki fullnægt kröfum N. L. 1—19—20. um höfðun staðfestingarmáls, og er því af þessari ástæðu ekki heimild til að staðfesta umgetnar löghaldsgjörðir að því, er hér umræddar kröfur snertir.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti og ákveðst hann eftir atvikum 2000 kr.

Áfrýjandi hefir stefnt dómurum þeim, er með málið hafa farið í undirrétti, þeim fyrv. bæjarfógeta Jóhannesi Jóhannessyni og lögmanni Birni Þórðarson, til ábyrgðar, en hér fyrir réttinum hefir hann fallið frá öllum kröfum á hendur þeim, og þar sem þeir hafa ekki mætt, er ekki um málskostnað að ræða til þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefnda, fjármálaráðherra Íslands, fyrir hönd ríkissjóðs, kr. 56935.45 ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. okt. f. á. til greiðsludags og 2000 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með dómi gestaréttar Reykjavíkur 15. ág. f. á. í máli milli aðilja þessa máls, var vísað frá dómi vegna ófullnægjandi málsútlistunar kröfu stefnanda, fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, á hendur stefnda, Einari M. Jónassyni, fyrv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu, að upphæð kr. 53898.11, en í upphæðinni voru innifaldar ríkissjóðstekjur, tilfallnar í téðri sýslu, sem stefndi var talinn eiga vangreiddar 30. nóv. 1927, er honum var vikið frá sýslumannsembætti þar. Með sama

dómi var og, sökum ónógrar málsútlistunar, vísað frá dómi kröfu stefnanda á hendur stefnda, að upphæð kr. 18731.46, vegna dánarbús Jóns Þorsteinssonar.

Með stefnu, dags. 1. okt. f. á., hefir stefnandi af nýju höfðað mál þetta gegn stefnda til greiðslu fyrnefndra upphæða, samtals kr. 72629.57 ásamt 5 % ársvöxtum frá 20. marz 1928 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Sömuleiðis krefst stefnandi þess, að staðfestar verði löghaldsgjörðir í eignum stefnda fyrir dómkröfu sinni, er fram fóru á Patreksfirði, dagana 16., 19. og 20. marz 1928, undir rekstri málsins hefir stefnandi fært aðalkröfu sína vegna db. Jóns Þorsteinssonar niður í kr. 12732.05, og lækkar þá heildarkrafan samkv. því.

Til vara hefir stefnandi krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld að frádregnum tekjuskatti þeim, sem stefndur sannar að sé innifalinn í eftirstöðvum við árslok 1926, og reynzt hafi ófáanlegur að undangengnum tímabærum, en árangurslausum tilraunum til að innheimta hann, og að frádregnum kr. 2522.07, óinnheimtum fasteigna- og tekjuskatti ársins 1927, og að frádregnum kr. 7172.64 frá kröfunni vegna dánarbús Jóns Þorsteinssonar, og að löghaldsgjörðirnar verði þá staðfestar fyrir hinni tildæmdu varaupphæð og málskostnaður lækkaður í samræmi við það.

Stefndi hefir aftur krafizt algjörðrar sýknu í málinu og sér dæmdan málskostnað, styður hann sýknu sína sumpart við gagnkröfur, sem hann hefir gjört í málinu og vikið verður að síðar.

Með úrskurði þessa réttar 31. okt. f. á. var hrundið kröfu stefnda um frávísun máls þessa, byggðri á því, að ofannefndum dómi gestaréttarins frá 15. ág. f. á. hafi verið skotið til hæstaréttar og að óheimilt hafi verið að höfða mál þetta hér fyrir réttinum í staðinn fyrir á heimilisvarnarþingi stefnda.

Fyrir báðum umstefndum kröfuliðum hefir stefnandi lagt fram reikning, dags. 1. okt. f. á., til stefnda og fyrri kröfuliðinn, ógreiddar ríkissjóðstekjur úr Barðastrandarsýslu, hefir hann greint í tvennt, ógreiddar eftirstöðvar af ríkissjóðstekjum úr Barðastrandarsýslu við árslok 1926, samkv. landsreikningi kr. 34885.08 og ógreiddar eftirstöðvar af ríkissjóðstekjum úr sömu sýslu á tímabilinu frá 1. janúar til 30. nóv. 1927, samkv. yfirlitsreikningi kr. 19013.03.

Um fyrri lið kröfunnar út af vangreiddum ríkissjóðstekjum,

eftirstöðvar við árslok 1926, er það að segja, að hann er algjörlega byggður á reikningum stefnda sjálfs og greiðslum hans eins og þær eru bókfærðar í ríkisbókhaldinu.

Stefndi hefir ekki haldið því fram, að ríkistekjurnar úr Barðastrandarsýslu árin 1925 og 1926, en frá þeim árum stafa eftirstöðvarnar, að undanteknum rúmum 200 krónum, hafi verið oftaldar í reikningum sínum fyrir þessi ár, og heldur eigi því, að í upphæðinni séu taldar tekjur, sem hann sé laus við ábyrgð á, vegna þess, að þær hafi reynzt ófáanlegar að undangengnu árangurslausu lögtaki eða öðrum löglegum aðgjörðum til innheimtu þeirra, og ættu því að falla úr eftirstöðvum.

Fjármálaráðuneytið hefir einnig vottað það, að stefndi hafi eigi þangað gefið skýrslu um það, að ríkissjóðstekjur, sem honum bar að innheimta, hafi reynzt ófáanlegar eða ættu að falla úr eftirstöðvum. Það verður því ekki annað séð en að stefnandi beri ábyrgð á öllum hinum tilfærðu eftirstöðvum, eins og þær eru taldar í ríkisbókhaldi og landsreikningi og kemur þá aðeins til greina, hvort í ríkisbókhaldinu eru taldar allar innborganir stefnda, sem hann hefir innt af hendi. Við málsútlistun stefnda hefir það komið í ljós, að staðhæfing hans um það, að hann skuldi ekkert af ríkissjóðstekjum, er tilféllu fyrir árslok 1926, byggist á því, að hann hefir að líkindum ætlazt til að greiðslur, er hann innti af hendi á árinu 1927 allt fram á miðjan maímánuð það ár eða lengur, gengi upp í ríkissjóðstekjur áranna 1925 og 1926 eftir því sem þyrfti. En nú er landsreikningi lokið 31. marz næst eftir reikningsár og færði því ríkisbókhaldið þær greiðslur stefnda, sem þangað bárust eftir þann tíma upp í tekjur ársins 1927. En samkv. ríkisbókhaldi hafa engar innborganir borist úr Barðastrandarsýslu á árinu 1927 fyrri en 24. maí s. á. Stefndi hefir því ekki sýnt fram á, að innborganir frá honum í ríkissjóð hafi eigi verið færðar honum til góða, heldur það eitt, að ef færsla innborgananna í ríkisbókhaldi hefði farið fram eftir því, sem hann virðist hafa ætlazt til, þá hefðu ógreiddar eftirstöðvar fyrir árið 1927 orðið þeim mun hærri. Fyrir niðurstöðu þessa máls skiftir það engu, hvort megineftirstöðvarnar eru taldar stafa frá tíma fyrir 1. janúar 1927 eða frá tímabilinu 1. jan. til 30. nóv. 1927, en rétturinn verður að líta svo á, að bókhald ríkisins beri að leggja til grundvallar fyrir því, frá hvaða tíma eftirstöðvarnar eru taldar, enda er það upplýst í málinu, að

sjóðbók sýslumannsembættisins var óskýrt og ónákvæmlega færð.

Þegar eftirstöðvarnar við reikningslok 1926 verður að telja á sama hátt og stefnandi, kr. 34885.08, komu þá til álita eftirstöðvarnar frá 1927, þar til stefnda var vikið úr embætti, kr. 19013.03. Reikninga embættisins fyrir þetta ár gjörði ekki stefndi, heldur eru reikningarnir fyrir ríkissjóðstekjunum 1927 byggðir á endurskoðun löggilts endurskoðanda, Björns E. Árnasonar og tollstjóragjaldkera Erlendar Guðmundssonar, og samdi hinn síðarnefndi þá í samvinnu við viðtakandi sýslumann, Berg Jónsson.

Samkv. því, sem fyrir liggur í málinu, er það ljóst, að við samningu þessara reikninga hefir verið beitt allri þeirri nákvæmni, er unnt var, til þess að fá hinar réttu tekjur fram, en reikningsbókum embættisins var ekki unnt að fylgja nema að nokkru leyti, því að t. d. aðalbókin, tollbókin, var ófærð, er afsetning stefnda fór fram, nema um toll frá Patreksfirði, og aukatekjur voru mjög vanfærðar í aukatekjubók. Stefndur hefir nú haldið því fram, að reikningar þessir væru ekki réttir, en þar sem honum hefir verið innanhandar að ganga í gegnum reikningana með fylgiskjölum í fjármálaráðuneytinu og hann hefir ekki í einum einasta lið hnekkt því, að hin tilfærða tekjuupphæð sé rétt, geta órökstuddar mótbárur hans ekki orðið teknar til greina, og samkvæmt vottorði sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og skýrslu fjármálaráðuneytisins, verður ekki betur séð en að stefndi hafi, er afsetning hans frá embætti fór fram, borið persónulega ábyrgð á öllum þá tilföllnum ríkissjóðstekjum embættisins, og virðist ekki unnt að gjöra neina undantekningu vegna fasteigna- og tekjuskatts, þar sem ekkert hefir komið fram í málinu, sem síðar hafi losað hann undan einum eða neinum pósti af hinum tilfærðu tekjum, nema síður sé, því að samkv. úrskurðum fjármálaráðuneytisins, nema reikningsábyrgðir fyrir ríkissjóðstekjum úr Barðastrandarsýslu 1927, um 250 kr., en sú upphæð, sem öll fellur á embættistíð stefnda, er ekki innifalin í dómkröfunni og kemur því ekki til greina í þessu máli.

Stefnda hefir ekki tekizt að sýna fram á það, að hann hafi greitt neina innborgun til ríkissjóðs upp í tekjur ársins 1927, sem honum er ekki færð til reiknings og heldur ekki, að eftirmaður hans í embættinu hafi tekið við upp í tekjur þessar öðru

eða meiru en gjörð eru full skil fyrir, og verður því að taka til greina aðalkröfu stefnanda fyrir vangreiddum ríkissjóðstekjum stefnda, að upphæð kr. 53898.11, samtals, og kemur sú upphæð heim við landsreikning 1927 um eftirstöðvar af ógreiddum ríkissjóðstekjum úr Barðastrandarsýslu.

Viðvíkjandi 11. kröfulið stefnanda, vegna dánarbús Jóns Þorsteinssonar, hefir verið lögð fram í málinu skiftafundargjörð í búi þessu, dags. 19. dez. f. á. Í skiftafundargjörð þessari segir: Fundurinn var sammála um að álíta niðurstöðu aðalreikningsbókarinnar að því, er snertir bú þetta, rétta. En samkv. þessu og skiftafundargjörðinni, að öðru leyti, sem stefndur hefir samþykkt með undirskrift sinni, er innstæða, sem stefnda ber að svara til, kr. 5559.41, sem kemur heim við varakröfu þá, er stefnandi hefir gjört í þessu máli. Með því að aðiljar búsins ekki telja sig hafa frekari kröfu á hendur stefnda en þetta, hlýtur ábyrgð ríkissjóðs einnig að takmarkast við þessa upphæð og verður því aðalkrafa stefnanda í þessu máli ekki tekin til greina, en hinsveger ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda áðurgreinda upphæð kr. 5559.41, sem nægilega sannað er um, að honum ber að svara búinu.

Samkvæmt þessu á þá stefndur að greiða stefnanda vangreiddar ríkissjóðstekjur kr. 53898.11 að viðbættum kr. 5559.41 vegna dánarbús Jóns Þorsteinssonar eða samtals kr. 59457.52 ásamt 5 % ársvöxtum fra 20. marz 1928 til greiðsludags. Stefnandi hefir krafizt málskostnaðar að skaðlausu og lagt fram reikning fyrir þessum kostnaði að upphæð, samtals kr. 3299.90. Af þessari upphæð eru ýmiskonar réttargjöld, matsgjörðir og útskriftir o. fl., kr. 541.00 og virðist því málskostnaðurinn hæfilega settur, samtals 2000.00 kr.

Þar sem mál þetta var höfðað svo fljótt, sem tök voru á og síðan framhaldið með hæfilegum hraða, ber að staðfesta lögbaldsgjörðina fyrir þeim upphæðum, sem tildæmdar eru stefnanda með þessum dómi.

Eins og vikið er að hér að framan, höfðaði stefndi gagnsök í málinu og krefst hann þar, að gagnstefndi sé dæmdur til að greiða sér kr. 30663.01 auk 5 % vaxta frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað í gagnsökinni að skaðlausu. Nú vildi svo til undir rekstri málsins, að gagnstefnandi, er hafði öll skjöl málsins að láni, mætti ekki og enginn af hans hendi í málinu 23. jan. s.l. er málið skyldi koma í rétt, lét aðalstefnandi þá bóka kröfur sínar og krafðist dóms í aðalsökinni og

tók rétturinn þá málið undir dóm. Með endurupptökustefnu, dags. 5. febr. og birtri kl. 3¼ síðdegis s. d., krefst aðalstefnandi, að málið verði tekið upp af nýju »eins og engin frestun hefði átt sér stað, og á löglegan hátt verið í málinu mætt, bæði í aðalsök og gagnsök«. Var málið síðan tekið fyrir næsta dag á venjulegum þingtíma, og fékk aðalstefnandi þá frest í málinu til andsvara og heldur hann þá því fram, að eftir útivist aðalstefnda sé um enga gagnsök í málinu að ræða, því að hann hafi »skort alla heimild til að taka gagnsökina upp að nýju«.

Eins og tilvitnað niðurlag endurupptökustefnunnar ber með sér, hefir það verið ætlun aðalstefnda að fá gagnsökinni með þessari stefnu komið fyrir réttinn aftur, enda greiddi hann dómtökugjald fyrir hana. En af hans hálfu gat gagnsökin, sem var fallin niður með útivist hans ekki orðið tekin upp með heimild í 9. gr. tilsk. 1832. Til þess að fá kröfur hinnar fyrri gagnsakar fyrir réttinn aftur, varð aðalstefndi að höfða gagnsök af nýju og birta þá stefnu með lögmætum fyrirvara. En þetta hefir aðalstefndi ekki gjört og er því að áliti réttarins ekki um neina gagnsök í málinu nú að ræða, og eigi heldur um neinn málskostnað vegna gagnsakar þeirrar, er fyr var í málinu og niður féll.

Miðvikudaginn 2. okt. 1929.

Nr. 61/1928. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Charles Lemesle (Lárus Fjeldsted).

Sýknaður af kæru fyrir botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 21. apríl 1928: Kærði, Charles Lemesle, á að greiða innan fjögra vikna sekt, að upphæð kr. 12500.00, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Dómsgjörðunum fylgdi ekki sjóbréf það, sem ætla má, að varðskipsforinginn hafi markað á atluganir sínar um afstöðu varðskipsins og skips kærða, og ekki verður séð hvar varðskipið hafi verið statt kl. 7,20, þegar skip kærða á að hafa snúið frá landi til hafs, og þá heldur ekki afstaða skipanna þá, hvors til annars, enda var fyrsta staðarákvörðun varðskipsins, eftir að skip kærða hafði beygt frá landi, gjörð kl. 7,27. Vegna þessa og ekki síður hins, að það verður hvorki tvímælalaust séð af þar að lútandi ummælum varðskipsforingjans í kæruskjali hans til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, né í réttarframburði hans og 2. stýrimanns hans, að skip kærða hafi haldið nákvæmlega sömu stefnu beint frá landi allan tímann frá kl. 7,20 til 7,40, þá verður nefndu skipi ekki með fullri vissu, gegn neitun kærða, þennan tíma gjörður tilsvarandi hraði þeim hraða, sem varðskipinu mældist, að það hefði haft frá kl. 7,40 til 7,50. Verður því að leggja til grundvallar, að skip kærða hafi margnefndan tíma farið 2 sm., miðað við klukkustund, svo sem kærði og báðir vélstjórar hans hafa haldið fram.

Ætti skip kærða eftir þessu að hafa verið statt aðeins 0,25 sm. innan landhelgi kl. 7,20, er það beygði út frá landi, eftir skýrslu varðskipsforingjans. En þar sem svo litlu munar og ekki er hægt með nokkrum líkindum að ætlast á um það, hve miklu afbrigði skipsins frá beinni stefnu til hafs kunni að hafa numið, þá þykir að svo vöxnu máli ekki verða hjá því komizt að sýkna kærða af kröfum valdstjórnarinnar í málinu, og verður þá jafnframt að leggja allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti á almannafé, þar

með talin laun sóknara og verjanda hér í rétti, sem ákveðin eru 100 kr., hvor í sínu lagi.

Það athugast, að misritazt hefir í lögregluréttardóminum: »kl. 7,40«, í stað: kl. 7,20, er skip kærða er talið hafa snúið frá landi og ennfremur nokkru síðar: »miklu fyr«, í stað: miklu síðar.

Dráttur sá, er orðið hefir á málinu hér í rétti, hefir verið nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Charles Lemesle, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. hvorum, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eins og skýrsla frá skipherranum á varðskipinu »Óðni«, sem lögð hefir verið fram í máli þessu, ber með sér, var kærði í máli þessu, Charles Lemesle, kl. 7,40 síðdegis á fimmtudaginn var, staddur á skipi sínu, togaranum »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre, 0,4 úr sjómílu utan landhelgislínunnar út af Vík í Mýrdal. Var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó þegar varðskipið kom þá að honum, og er viðurkennt af kærða að hafa verið að toga nokkurn tíma þar áður.

Samkvæmt sömu skýrslu og samkvæmt vitnisburðum skipherrans og 2. stýrimanns á »Óðni« fyrir réttinum, sást togarinn kl. 7,15, eða 25 mínútum áður, stýra austlæga stefnu með

fram ströndinni og kemur þetta heim við staðhæfingar kærða. En kl. 7,20 bera sömu skipsmenn »Óðins«, að skip kærða hafi verið búið að beygja út á við og haldið síðan beint út frá landi í þessar 20 mínútur, áður en staðarákvörðun var tekin kl. 70,40. Samkvæmt þessu hefir skip kærða verið 0,25 úr sjómílu innan landhelgislínunnar, þegar það sneri út kl. 7,40, sé miðað við, að það fari venjulega aðeins 2 sjómílur á klukkustund, eins og hinn kærði skipstjóri og vitni af skipi hans bera. En hafi það farið 3,9 úr sjómílu, þannig á klukkustund, eins og mælingar varðskipsins í áður nefndri skýrslu bera með sér, hefir það verið 0,9 úr sjómílu fyrir innan landhelgislínuna kl. 7,20. Í báðum þessum tilfellum þykir sýnt, að kærði hafi togað á landhelgissvæðinu og gegn þessu getur ekki komið til álita, að kærði heldur fram og vitni af skipshöfn hans bera með honum að hafa beygt út frá landi miklu fyr en vitnin af »Óðni« bera, því að vitnin á »Óðni« athuguðu sérstaklega tímann með hliðsjón af úri, er þeir litu á, en tímaákvarðanir þeirra á »Le Provence« eru ágizkanir, sem vitanlega ávallt eru fremur óábyggilegar, þegar um tíma er að ræða.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að hér er um fyrsta brot hans á þessum lögum að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8219 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan fjögra vikna og rennur í Landhelgissjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 9. okt. 1929,

Nr. 94/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Þorvaldi Pálssyni (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. okt. 1928:

Kærður, Þorvaldur Pálsson, greiði 800 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að sektin renni í ríkissjóð og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði hefir látið leggja fram í hæstarétti bréf sitt til stjórnarráðsins, dags. 6. nóv. f. á., með mjög ósæmilegum ummælum og aðdróttunum til nafngreinds manns, er borið hefir vitni í máli þessu. Fyrir þetta brot á réttarfarslöggjöfinni verður að sekta kærða og ákveðst sektin samkvæmt 49. gr. hæstaréttarlaganna 100 kr., er renni í ríkissjóð og afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún er eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda, 80 kr., en verjandi hefir fallið frá málflutningskaupi sér til handa.

Það athugast, að á rekstri málsins fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur, sem upplýst er, að orsakazt hefir af því, að skjöl málsins týndust í bili í vörzlum verjanda.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sektin renni í ríkissjóð og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Þorvaldur Pálsson, greiði að auki innan 30 daga frá birtingu dóms þessa 100 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda, málflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn Þorvaldi Pálssyni, lækni, til heimilis í Hafnarstræti 17 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59 frá 1. júli 1925, um sölu áfengis til lækninga.

Samkv. skýrslu lyfsölusstjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. maí 1928, hefir kærður gefið út á árinu 1926, 368 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð og af þeim 333 áfengislyfseðla fram yfir skammt, þá hefir kærður þetta sama ár, eftir skýrslunni, gefið út 6 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð. Árið 1927 hefir kærður gefið út 489 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð og þar af 443 áfengislyfseðla fram yfir skammt.

Það, sem kærður er í fyrsta lagi sakaður um, er það, að hann hafi á árunum 1926 og 1927 gefið út fleiri áfengislyfseðla en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni. Kærður hefir viðurkennt það, að hann muni hafa gefið út fleiri en 300 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, hvort árið um sig, og kveður hann ástæðuna þá, að hann hafi átt fyrningu af eyðublöðum frá fyrri árum. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er það tekið fram, um eyðublöð undir áfengislyfseðla, er hver læknir, þar sem lyfjabúð er, fær hjá landlækni, gildi þær reglur, settar af þessu ráðuneyti, að hver læknir má ekki fá fleiri en 300 eyðublöð á ári.

Þetta ákvæði virðist ekki óheimila lækni að gefa út fleiri

áfengislyfseðla en 300 á ári, ef hann á fyrningu af eyðublöðum frá fyrri árum, og með því að þetta atriði virðist ekki fara í bág við aðrar gildandi reglur, þá ber að áliti dómarans að sýkna kærðan af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi, líklega á óleyfilegan hátt, ávísað fram yfir ákveðinn skammt.

Þessu viðvíkjandi voru kærðum sýndir, undir rannsókn málsins, 13 áfengislyfseðlar á fyrirskipuð eyðublöð, sem allir voru sjálfsávísanir (in usum proprium) eins og seðlarnir bera og með sér. Á meðal þessara áfengislyfseðla eru þrír, sem allir eru gefnir út sama dag, 8. maí 1927, og hver hljóðar upp á 840 gr. spir. conc., þá er einn áfengislyfseðill, sem er gefinn út 12. maí 1927 með 840 gr. spir. conc. og annar samskonar 14. maí s. á., ennfremur er einn áfengislyfseðill, sem er gefinn út 25. maí 1927, með 840 gr. spir. conc. og annar samskonar, 27. maí s. á.

Kærður hefir haldið því fram, að ákvæði 6. gr. reglugjörðarinnar, nr. 59. frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga, gildi ekki um það, þegar læknir gefi sjálfum sér ávísanir á áfengi, með því að í þessum tilfellum hafi fengizt bein undanþága hjá landlækni og stjórnarráðinu. Landlæknir, sem hefir gefið skýrslu hér fyrir réttinum viðvíkjandi þessù atriði, hefir borið það, að hann hafi hvorki einn saman né í samráði við stjórnarráðið, veitt læknum undanþágu frá ákvæðum reglugjörðarinnar og telur hann, að sömu reglur gildi um áfengisávísanir til lækna (in usum proprium) og til almennings. Það verður því að líta svo á, að kærður hafi gjörzt brotlegur við 6. gr. áðurgreindrar reglugjörðar, er hann gaf út þessa áfengislyfseðla með svo skömmu millibili.

Þá hefir kærður í þriðja lagi verið sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengisávísanir á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta voru kærðum sýndir 21 lyfseðill, sem höfðu verið sendir landlækni til umsagnar og sem landlæknir, á réttarskj. nr. 5, hefir gefið þá yfirlýsingu um, að þá hefði alla átt að gefa út á hin fyrirskipuðu eyðublöð. Af þessari umsögn landlæknis er ljóst, að hann hefir talið þessa lyfseðla áfengisávísanir, þrátt fyrir það, að þeir voru samsettir eins og seðlarnir og bera með sér.

Kærður hefir kannazt við það, að hann hafi gefið út 18 af þessum áðurgreindu lyfseðlum, en 3 kannast hann ekki við að

hafa gefið út. Kærður hefir haldið því fram, viðvíkjandi þeim 18 lyfseðlum, sem hann kannast við, að hann hafi gefið út þrátt fyrir umsögn landlæknis, að sér hafi verið heimilt að gefa þá út á venjulegan pappír, með því að landlæknir með heimild stjórnarráðsins hafi heimilað læknum að gefa út lyfseðla, þótt mikið áfengi væri í þeim, á venjulegan pappír, ef blandað væri öðrum lyfjum og að lyfseðlarnir bæru það fyllilega með sér, hvernig sjúklingurinn ætti að nota þá. Með tilliti til umsagnar landlæknis um þetta atriði, verður að líta svo á, þrátt fyrir andmæli kærðs, að þessir 18 lyfseðlar, sem kærður hefir kannazt við að hafa gefið út, séu áfengislyfseðlar og virðist kærður því hafa brotið ákvæði 5. gr., sbr. 3. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, er hann gaf þá út á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu áfengiseyðublöð.

Þessi brot kærðs, sem ekki er upplýst um, að hafi áður brotið ákvæði áfengislöggjafarinnar, heyrir að áliti dómarans samkv. áðursögðu undir 5. gr., sbr. 3. gr. og 6. gr. reglugjörðarinnar, nr. 59 frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga, nr. 15 frá 8. júní 1925, 800 króna sekt, er renni í Menningarsjóð, eftir 1. gr. laga nr. 54, frá 7. maí 1928, og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 11. okt. 1929.

Nr. 55/1929. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Karl Georg August (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 3. apríl 1929: Kærði, Karl Georg August, á innan fjögra vikna að greiða 13000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, en afplána hana með sjö mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir

dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Orion, P. G. 353 frá Gestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðinn, var skip kærða tekið með bakborðsvörpu í sjó 1,1 sm. innan landhelgislínunnar. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Georg August, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu, með skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og játning kærða sjálfs, að hann, Karl Georg

August, f. 6. jan. 1890, var í nótt, sem leið, staddur á landhelgissvæðinu undan Mýrdalsvík á skipi sínu, togaranum Orion, P. G. 355 frá Geestemünde, með bakborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir gefið þá skýringu á þessu, að skip hans hafi vegna ólags á veiðarfærunum rekið inn á landhelgissvæðið, og hann hafi bæði kastað og togað fyrir utan landhelgislinuna. En þessa staðhæfingu hans verður eftir atvikum að telja ranga og ósannaða, m. a. vegna þess, að straumur getur ekki hafa borið skip hans þangað, sem það var á þeim tíma, er hann fullyrðir, frá stað utan landhelginnar. Það verður eftir þessu að telja nægilega sannað, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Með hliðsjón af því, að hér er að ræða um fyrsta brot á þessum lögum, sem kærði er dæmdur fyrir, en að hann þó hefir fengið aðvörun vegna þess, að hann var með veiðarfæri ólöglega umbúin á landhelgissvæðinu, svo og með tilliti til þess, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8170 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega ákveðin 13000 kr. sekt, sem greiðist til Landhelgissjóðs innan 4 vikna, en afplánist með sjö mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 16. okt. 1929.

Nr. 56/1929. **Valdstjórnin** (Guðmundur Ólafsson)
gegn
Heinrich Offermann (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. apríl 1929: Kærði, Heinrich Offermann, á að greiða 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögra vikna, en afpláni hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Hamburg, S. D. 61 frá Altona,

vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á sjóbréf athuganir varðskipsins, er sýna, að kærði, sem hafði siglt út frá landi 10 mínútur áður en hann stöðvaði, var tekinn 0,3 sm. innan landhelgi með botnvörpu í sjó, ber að staðfesta lögregluréttardóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Að svo vöxnu máli verður kærði að greiða allan kostnað áfrýjunarinnar, þar með talin sóknar- og varnarlaun í hæstarétti, og eru þau ákveðin, hvor um sig, 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Heinrich Offermann, greiði allan áfrýjunarkostnað, meðal annars laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Oðni«, var kærði í máli þessu, Heinrich Offermann, f. 14/6 1886, miðvikudaginn 24. þ. m. staddur á landhelgissvæðinu út af Mýrnatöngum á skipi sínu, togaranum Hamburg, S. D. 61 frá Altona, að fiskiveiðum með bakborðsvörpu í sjó.

Þessari skýrslu hefir kærði ekki mótmælt eða hnekkt á nokkurn hátt. Að vísu segist hann hafa staðsett skipið, þar

sem það var stöðvað, nokkuð öðruvísi en gjört var á »Óðni« og á stað, sem er lítilsháttar (ca.) 0,3 fyrir utan landhelgina. En bæði er, að þessi mæling getur ekki komið til greina gegn fullkomnari mæling varðskipsins, og svo er hitt, að jafnvel eftir mæling kærða mun hann hafa togað á landhelgissvæðinu umrætt sinn, þar eð hann hafði þá í 10 mínútur haldið út frá landi.

Samkvæmt þessu verður að álíta fyllilega sannað, að kærði hefir brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og þar eð hér er að ræða um fyrsta brot hans á þessum lögum og með tilliti til þess, að dagsgengi krónunnar er 0,8170 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega metin, sekt að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 7 mánaða fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 18. okt. 1929.

Nr. 42/1928. **Íslandsbanki** (Lárus Fjeldsted)

gegn

fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs

(Jón Ásbjörnsson).

Krafa stefnanda á hendur ríkissjóði um greiðslu upphæðar, er á milli bar, í sambandi við sölu stjórnar Íslandsbanka til ríkissjóðs á hluta af gullforða bankans, eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1928: Stefndur, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs Íslands, á að vera sýkn af kröfu stefnandans, stjórnar Íslandsbanka, f. h. bankans, í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 1500 krónur í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi, stjórn Íslandsbanka, f. h. bankans, greiði fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi, stjórn Íslandsbanka, f. h. bankans, greiði fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1925, af stjórn Íslandsbanka gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, út af ágreiningi um greiðslu á kr. 200.025.00 í sambandi við sölu bankans á 150 þúsund gulldollurum til ríkissjóðs árið 1925, og hefir stefnandi gjört þær kröfur í málinu, að fjármálaráðherrann verði, f. h. ríkisjóðs, dæmdur til að greiða bankanum kr. 200.025.00 með 6 % ársvöxtum frá 3. september 1925 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir aukatekjulögunum og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins með kr. 5172.75 eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda í málinu og krafizt algjörðrar sýknu af þeim og hæfilegs málskostnaðar hjá stefnanda, miðað við málsupphæðina, eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þegar heimsstyrjöldin skall á sumarið 1914, voru seðlar Íslandsbanka, sem fór með íslenzka seðlaútgáfuréttinn samkvæmt lögum nr. 66/1905, gjörðir óinnleysanlegir með lögum nr. 11/1914 gegn því, að bankinn afhenti landsstjórninni allan málmforða sinn til ráðstöfunar, enda tók ríkisstjórnin, fyrir landssjóðs hönd, að sér ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem gullforðanum nam. Voru seðlarnir síðan óinnleysanlegir þar til í lok reglulegs Alþingis 1917, 17. september s. á., þá féllu lögin um það efni nr. 8/1915 úr gildi og urðu seðlarnir því aftur innleysanlegir og voru

það þar til þeir á ný voru gjörðir óinnleysanlegir með bráðabirgðalögum nr. 84/1919, er öðluðust gildi 13. dezember 1919, Hafði bankastjórnin í bréfi til ríkisstjórnarinnar, dags. 8. s. m., farið þess á leit, að seðlarnir yrðu gjörðir óinnleysanlegir, og varð ríkisstjórnin við þeirri ósk með sömu skilyrðum og áður og útvegaði sér jafnframt lagaheimild til þess að banna útflutning úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og til að ákveða refsingu fyrir brot gegn slíku banni. Er tekið fram í greinargjörðinni fyrir bráðabirgðarlögum þessum, að vegna sívaxandi gengismunar á peningum sé hætta á því, að gull verði flutt úr landinu til útlanda. Á Alþingi 1920 voru samþykkt lög (nr. 16/1920) um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. fl. og óinnleysanlegleika seðlabankans haldið áfram, en lögð hinsvegar á bankann sú kvöð, að flytja ókeypis fyrir Landsbankann það fé frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, er hann þyrfti, og svo ákveðið, að gæti Íslandsbanki ekki yfirfært fyrir Landsbankann svo sem tilskilið var, félli óinnleysanlegleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum. Svo fór að Íslandsbanki gat ekki fullnægt kvöðinni (sbr. réttarskjöl 16 og 17, 2 og ad. 2) og var þá óinnleysanlegleiki seðla hans gagnvart Landsbankanum fallinn niður eftir hinum tilvitnuðu lögum (nr. 16/1920, 2. gr.).

Ríkisstjórnin lagði síðan fyrir Alþingi 1921 frv. til laga um seðlaútgáfurétt o. fl. og var þar gjört ráð fyrir, að Landsbankinn tæki smám saman við seðlaútgáfuréttinum, og var svo ákveðið í 5. gr. þess, að Íslandsbanka skyldi skylt að selja Landsbankanum með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þurfi eigi til tryggingar eigin seðlum sínum og megi hann því ekki láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og Landsbankinn neitað að kaupa, og er það tekið fram í athugasemdunum við 5. gr. frv. að þetta hafi verið í skilyrðum haft við Íslandsbanka (Alþ.tíð. 1921, á bls. 366), en um þessar mundir átti Íslandsbanki liggjandi í Þjóðbankanum danska kr. 2.295.000.00 í norrænni gullmynt, er hann hafði keypt af Þjóðbankanum eftir ákvæðisverði (al pari) til þess að tryggja með seðla sína (réttarskjal nr. 16 og 17, 3 og ad 3 nr. 20).

Alþingi 1921 vildi ekki fallast á stj.frv., en samþykkti í þess stað lög um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (nr. 6/1921). Í þeim lögum er horfið frá því að ákveða þá þegar, hversu fari um seðlaútgáfuréttinn eftir 31. október

1922 að öðru leyti en því, að hann hverfi til ríkissjóðs, jafnóðum og Íslandsbanki missi hann eftir ákvæðum laganna, um inndrátt seðla hans, og forkaupsréttur sá, er í stjórnarfrv. var áskilinn Landsbankanum, var í 3. gr. laganna færður yfir á ríkissjóð með sömu skilyrðum. Í 5. gr. laganna er svo ákveðið, að hlutafé Íslandsbanka skuli aukið um 100 % á þann hátt, að ríkisstjórnin leggi fram hlutafjáraukann úr ríkissjóði. Þegar er hún hafi látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda séu hlutafjárframlögin þá að hennar dómi tiltækileg. Verð hlutabréfa þeirra, sem ríkissjóður tæki, skyldi ákveðið af 5 manna matsnefnd og hluthafar í Íslandsbanka útnefna tvo af þeim. Í 10. gr. laganna er svo ákveðið, að lögin falli úr gildi 30. september 1921, nema því aðeins, að hluthafafundir í Íslandsbanka verði þá búnir að gjöra þær ráðstafanir, sem lögin áskilja, en á aðalfundi Íslandsbanka 9. júlí 1921 var framkvæmdarstjórn bankans eftir tillögu bankaráðsins falið að útnefna matsmenn þá, er hluthafarnir áttu að útnefna og fór útnefningin fram 27. ágúst s. á. og tóku hinir útnefndu menn þátt í mati því, er fram fór á bankanum eftir fyrirmælum 5. gr. laga nr. 6/1921. Með lögum nr. 6/1921 var 2. gr. laga nr. 18/1920 um yfirfærsluskyldu Íslandsbanka fyrir Landsbankann numin úr gildi. Vorið 1923 var gullforði sá, sem Íslandsbanki átti í Þjóðbankanum danska, fluttur hingað heim og þá breytt úr norrænni gullmynt í gulldollara (réttarskjal nr. 21).

Sumarið 1925 losnuðu 150 þúsund dollarar í gulli úr seðlatryggingu Íslandsbanka og bauð bankastjórnin þá ríkisstjórninni til kaups í bréfi, dags. 3. september 1925, með skírskotun til 3. gr. laga nr. 6/1921, með nafnverði, en taldi það vera verð það, sem þann dag var skráð á dollara, eða kr. 5.06½.

Bréfi þessu svaraði fjármálaráðuneytið daginn eftir. Kvaðst vilja kaupa gullið handa ríkissjóði á nafnverði, en taldi það vera það, er hin gildandi peningalög frá 23. maí 1873 ákvæði, eða 2480 krónur fyrir hvert kilogram af skíru gulli, sem samsvari kr. 3.7315 fyrir hvern dollar. Varð það síðan að samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og bankastjórnarinnar, að bankinn afhenti ríkissjóði gulldollarana gegn greiðslu þeirrar upphæðar, er fjármálaráðuneytið vildi greiða, en áskildi sér óskertan rétt til þess að hefja málssókn á hendur ríkissjóði um greiðslu þeirrar fjárhæðar, er stóð í milli samkvæmt bréfi

bankastjórnarinnar frá 3. september 1925. Höfðaði stjórn Íslandsbanka síðan mál þetta, og hefir í því gjört réttarkröfur þær, er að framan greinir, en hin umstefnda upphæð, kr. 200.025, er mismunurinn á því, hvort greiða skuli kr. 5.06½ eða kr. 3.7315 fyrir hvern af þeim 150 þúsund gulldollurum, sem ríkisstjórnin keypti af bankanum. Stefnandi heldur því nú fram, að orðið »nafnverð« í 3. gr. laga nr. 6/1921 þýði vitanlega aðeins það, að verðið fari eftir gengi hverrar seldrar gullmyntartegundar og þýði því sama og »sannvirði« eða gengi á hverjum tíma. Nú hafi gengi á seðildollar verið kr. 5.06½, 3. september 1925, er salan fór fram, og sé því ríkisstjórninni skylt að gefa það verð fyrir gullið. Öll sanngirni mæli með þessu og að það geti aðeins komið til greina með gagnkvæmum samningi beggja aðilja (bankastjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar), ef ríkisstjórnin ætti að geta tekið gulldollarana á lægra verði en þeir eru virði í kaupum og sölum, en þess hafi aldrei verið farið á leit við bankastjórnina, að hún afhenti gulldollara sína fyrir kr. 3.7315, því engum hafi dottið sú fásinna í hug 1921, og hún hefði aldrei gengið inn á slíkt, þótt fram á það hefði verið farið. Þegar af þessari ástæðu geti »nafnverð« í hinni tilvitnuðu lagagrein ekki þýtt neitt annað en »sannvirði«. En þótt svo væri, að orðið hefði aðra merkingu í lagagreininni, hefði Alþingi verið gjörsamlega óheimilt að skylda bankann til að selja gullið á lægra verði en sannvirði, því slíkt kæmi í bág við stjórnskipunarlögin og ákvæðið væri þá ekki bindandi fyrir bankastjórnina, enda hafi ríkissjóður ekki farið eftir fyrirmælum 5. gr. laganna um hlutafjáraukann.

Skal nú tekið til athugunar, hvort 3. gr. laga nr. 6/1921 sé bindandi fyrir Íslandsbanka og ef sú verður niðurstaðan, að svo sé, hver sé merking orðsins »nafnverð« í greininni.

Eins og vikið er að hér að framan, var óinnleysanlegleiki seðla Íslandsbanka gagnvart Landsbankanum fallinn niður vegna vangetu Íslandsbanka á að yfirfæra fé fyrir hinn bankann, þegar lög nr. 6/1921 voru í undirbúningi. Landsbankinn hefði því getað krafizt þess, að Íslandsbanki innleysti seðla sína með gulli, svo langt, sem gullforði hans náði.

Það var því afaráríðandi fyrir Íslandsbanka að fá þessari löggjöf breytt, og engin furða þótt hann gengi að stjórnarfrv. því um seðlaútgáfuréttinn, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og síðar að lögum nr. 6/1921, en í báðum var forkaupsréttar-

ákvæðið til gullforðans fyrir nafnverð með þeim eina mun, að Landsbankanum var áskilinn rétturinn í stjórnarfrumvarpinu, en ríkisstjórninni í lögunum, og mátti Íslandsbanka standa alveg á sama hvort var. Í athugasemdum við stj.frv. er tekið fram, eins og að hefir verið vikið hér að framan, að stjórn Íslandsbanka hafi samþykkt ákvæðið fyrir sitt leyti, enda hefir því ekki verið neitað í þessu máli, og rétturinn fær ekki betur séð, en að bankinn hafi einnig gengið að lögum nr. 6/1921, enda hefðu þau gengið úr gildi 30. september 1921, ef svo hefði ekki verið, og óinnleysanlegleiki seðla hans gagnvart Landsbankanum þá fallið niður. Hluthafar Íslandsbanka tilnefndu af sinni hálfu menn í matsnefndina, og eigi verður séð, að gildi laganna gagnvart bankanum hafi verið véfengt fyrri en nú í þessu máli. Bankastjórnin býður þvert á móti ríkisstjórninni til kaups gulldollarana með skírskotun til 3. gr. laganna og verður eigi betur séð, en að hún þá, hafi talið sér skylt að selja bankanum þá á nafnverði, eins og lögin áskilja. Rétturinn getur heldur ekki fallizt á þá skoðun, að skylda bankans til þess að hlíta forkaupsréttarákvæðinu hafi fallið niður við það, að ekki varð úr því, að ríkisstjórnin, f. h. ríkissjóðs, tæki hluti þá í Íslandsbanka, er 5. gr. laganna gjörði ráð fyrir, því fyrst og fremst var skylda ríkistjórnarinnar til þessa ekki fortakslaus, þar sem hún var því skilyrði bundin, að hlutafjárframlögin, væru að matinu á bankanum afloknu, að hennar dómi tiltækileg, og svo verður að líta svo á, að Íslandsbanki hafi fallið frá hlutafjárkaupunum eftir að ríkisstjórnin hafði fengið bankanum að láni meiri hluta hins svonefnda enska láns frá 1921. Að minnsta kosti hefir bankinn ekki, svo vitað sé, gjört neinar ráðstafanir til þess, að fé til hlutakaupanna yrði lagt fram úr ríkissjóði, t. a. m. með málssókn á hendur ríkisstjórninni eða lýst sig óbundinn við ákvæði 3. gr. laga nr. 6/1921 af þeirri ástæðu, að hlutafjárkaupin hafi brugðist, miklu fremur skírskotar bankastjórnin til greinarinnar sem gildandi laga, er hún býður fram gullið 3. september 1925, eins og að framan segir.

Verður rétturinn því að líta svo á, að bankinn sé bundinn við ákvæði 3. gr. laga nr. 6/1921 um að selja ríkissjóði gullið með nafnverði, og skal þá athugað, hvert verð það er.

Ef sá skilningur stefnanda væri réttur, að orðið »nafnverð« í 3. gr. laga nr. 6/1921 þýddi sama og orðin »sannvirði« og »dagsgengi«, hefði verið með öllu ástæðulaust að hafa nokkurt

ákvæði um verð gullforðans í hinni umræddu lagagrein eða í stjórnarfrv. því um seðlaútgáfuréttinn o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi 1921, því ef ekkert hefði þar verið um verðið sagt, hefði það einmitt orðið það, sem stefnandi heldur fram, að það eigi að vera. Það, að ákvæði um verðið á gullforðanum er tekið upp í lagagreinina, bendir því þegar til þess, að það þýði annað en »sannvirði« eða »dagsgengi«.

Um þær mundir, 31. marz, sem verið var að undirbúa lög nr. 6/1921, var allur málmforði Íslandsbanka (lög nr 66/1905, 5. gr.), kr. 4.092.556.00 (Lögbirtingablaðið nr. 25/1921). Af honum voru þá kr. 2.295.000.00 geymdar í Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn í norrænni gullmynt (réttarskjal 17) eða meira en helmingurinn, og var samvinnunefnd þeirri, er hafði bankamálin til meðferðar á Alþingi 1921, kunnugt um það og auðvitað ríkisstjórninni. Þegar í dezember 1919 var íslenzka seðilkrónan fallin í verði (sjá inngang bráðabirgðarlaga nr. 84/1919) og fór gengið lækkandi. Það var því mjög eðlilegt, ekki einasta, að stjórn og þing vildu tryggja landinu (stjórninni eða Landsbankanum) forkaupsrétt að gulli því, sem losnaði úr seðlatryggingu hjá Íslandsbanka við inndrátt seðla hans, heldur og á ákveðnu verði.

Orðið »nafnverð« er notað um fastákveðið verð skuldabréfa (obligationa), hlutabréfa og annars verðmætis (ákvæðisverð) og er því allt annað en »sannvirði« eða »gengi«, sem oft er mjög breytilegt frá degi til dags. Nafnverð 20 króna gullpenings er t. a. m. 20 krónur, en oft eins og t. a. m. nú, er sannvirði eða gengi 20 króna gullpeninga annað og meira. Nú fæst ekki 20 króna gullpeningur keyptur fyrir 20 íslenzkar seðilkrónur, en nafnverð hans er engu að síður sú upphæð.

Þegar um það er spurt, hver þýðing sé í orðinu »nafnverð« í 3. gr. laga nr. 6/1921, verður að hafa það hugfast, að þar er átt við nafnverð á gulli, sem notað var og nota átti til seðlatryggingar, og mátti búast við, að væri í gullmynt ýmsra landa og jafnvel ómyntað, þótt meiri hluti þess væri þá í mynt Norðurlanda (krónumynt). Nú verður ekki álitið, að meining löggjafans eða Íslandsbanka hafi þá verið sú, að gull þetta ætti að vera misdýrt eftir því, í mynt hvers ríkis það var, heldur verður að álíta, að verðið ætti að miðast við gildi þess til seðlatryggingar, en um það eru ákvæði í 5. gr. laga nr. 66/1905 og þar ákveðið, að lögleg mynt skuli talin eftir því verði, sem myntin segir til (nafnverði), en af ómyntuðu

gulli og erlendri gullmynt skuli hvert kilogram af skíru gulli nema 2480 krónum. Kemur það heim við peningalögin frá 23. maí 1873, sem ákveða, að í 2480 krónum í gullmynt, skuli vera 1 kilogram af skíru gulli. Verður rétturinn því að vera stefndum samdóma um það, að þessi sé merking orðsins »nafnverð« í hinni umræddu lagagrein og á því nafnverði sé Íslandsbanka skylt að selja ríkissjóði gullforða sinn, er losnar úr seðlatryggingu, en það er nákvæmlega það verð, sem ríkisstjórnin hefir greitt fyrir gull það, er umræðir í þessu máli.

Það er að sjálfsögðu tilfinnanleg kvöð, sem lögð er á bankann með þessu lagaákvæði, því auðvitað myndi hann geta fengið mun meira fyrir gullið hjá öðrum, en þess ber að gæta, að bankinn hefir að áliti réttarins undirgengizt þessa kvöð, enda fylgdu henni stórir hagsmunir fyrir bankann, þar sem seðlar hans voru gjörðir óinnleysanlegir einnig gagnvart Landsbankanum, því að öðrum kosti hefði Landsbankinn getað heimtað af Íslandsbanka gull hans fyrir Íslandsbankaseðla á nákvæmlega sama verði og hér er álitið að bankinn eigi að fá fyrir gullið, og það án tillits til þess, hvort gullið var laust úr seðlatryggingunni eða ekki.

Það verður því að áliti réttarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í þessu máli og dæma stefnanda til að greiða stefndum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 1500 krónur.

Umboðsmenn aðilja — sérstaklega umboðsmaður stefnanda — hafa haft marga og langa fresti í málinu, en fyrir því eru færðar ástæður.

Mánudaginn 21. okt. 1929.

Nr. 74 1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Wilhelm Behrens (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 17. maí 1929: Kærði, Wilhelm Behrens, á innan fjögra vikna að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands, að upphæð kr. 12500.00 en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún

ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Hansa«, S. D. 148 frá Altona, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, var skip kærða með stjórnborðsvörpu í sjó, er varðskipið Þór stöðvaði það kl. 11,49 síðdegis þann 15. maí þ. á., og var skipið þá samkvæmt mælingu varðskipsins 0,1 sm. utan landhelgislínunnar. Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans hafði nefnt botnvörpuskip haldið út frá landinu síðustu 36 mínúturnar og miðunarlínur frá varðskipinu til botnvörpungsins kl. 11,13 og kl. 11,21 sýna, að kærði hefir á þessum tíma verið langt inni á landhelgissvæðinu, svo sem ljóslega má sjá á sjókorti, er lagt hefir verið fram í réttinum og forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á miðanir og mælingar varðskipsins. Hinsvegar hefir kærði viðurkennt, að hann síðasta $^1/_2$ tímann hafi verið að fiska með botnvörpu í sjó.

Með þessum skýrslum er það fullsannað, að kærði hefir á fyrgreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að fallast má á ákvæði dómsins um upphæð sektar, upptöku veiðarfæra og um málskostnað, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Það athugast, að sjókort það, er lagt hefir verið

fram í lögregluréttinum, hefir ekki fylgt réttargjörðunum til hæstaréttar.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Wilhelm Behrens, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, Wilhelm Behrens, f. 11. marz 1876, skipstjóri á togaranum Hansa, S. D. 148 frá Altona, er sakaður um að hafa verið að fiskiveiðum á landhelgissvæðinu undan Ingólfshöfða á nefndu skipi 15. þ. m., og eru nánari atvik þessi, samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Þór«.

Þegar »Þór« kom að Ingólfshöfða seint að kvöldi nefndan dag, sáust frá honum ýmsir togarar að veiðum og meðal þeirra togarinn »Hansa«, sem virtist næstur landi. Kl. 11,13 s. d., sást togarinn stefna út frá landi og miðaðist í línu, sem lengi liggur um þvert landhelgissvæðið. Nokkru síðar (kl. 11,21) miðast togarinn enn í línu, nokkuð utar, sem einnig liggur lengi um landhelgissvæðið, hvorttveggja miðað við »Þór«, sem þar var þá. Þegar kl. var 11,49, var komið að togaranum og þar eð dimmt var orðið, var sett út ljósboja á þessum stað. Var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó þegar komið var að honum. Klukkan 1,30 og klukkan 2,50 næst á eftir, voru staðarákvarðanir gjörðar við bojuna og kom í ljós eftir báðum þessum mælingum, að hún var 0,1 úr sjómílu utan landhelgislínunnar.

Kærði hefir að vísu viðurkennt að hafa verið að toga með

botnvörpu þennan tíma, sem skip hans var athugað frá »Þór«, en neitar hinsvegar að hafa þá verið á landhelgissvæðinu. Hefir hann aðallega til varnar sér kompásmiðanir, sem hann tók um borð í varðskipinu, og að hann eftir þeim hafi verið svo langt fyrir utan línuna, þegar hann var stöðvaður (0,6 úr sjómílu), að hann hafi ekki komizt inn fyrir hana meðan hann togaði, því að skip sitt hafi þá verið að snúa og haft litla ferð.

Móti þessu verður að taka fram, að þegar kostur er á því að taka hornmælingar með nákvæmum áhöldum, virðist sjálfsagt að gjöra það og leggja þær til grundvallar, en ekki kompásmiðanir, sem eftir hlutarins eðli hljóta að verða óábyggilegri. Í þessu tilfelli voru teknar tvennar hornamælingar, sem báru hið sama um stað þann, sem skip kærða var stöðvað á. Þykir því engin ástæða til þess, að þær séu ekki teknar til greina, heldur verður algjörlega að byggja á þeim í þessu máli. Og þar eð skip kærða eftir því var tæpa 200 metra frá landhelgislínunni, þegar það var stöðvað, og þó nokkurn tíma hafði fjarlægzt landið, og auk þess sést í miðunarlínum, sem það hlaut að vera í, þar sem þær lágu um landhelgissvæðið, verður að telja nægilega sannað í máli þessu, að kærði hafi verið að toga á landhelgissvæðinu og með því brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Með því að hér er um 1. brot kærða á þessum lögum að ræða, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er kr. 81,65 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan fjögra vikna til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 23. okt. 1929.

Nr. 77/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Kristmundi Ólafssyni, Mörtu Jónsdóttur, Önnu Jónsdóttur, Árna Árnasyni og Birni Magnússyni
(Guðmundur Ólafsson og Lárus Jóhannesson).

Áfengissala.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. apríl 1929: Kærð, Marta Jónsdóttir, sæti einföldu fangelsi í 3 mánuði og greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 70 daga.

Kærður, Kristmundur Ólafsson, sæti einföldu fangelsi í 3 mánuði og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 50 daga.

Þau Árni Árnason, Björn Magnússon, og Anna Jónsdóttir, greiði hvort um sig 600 króna sekt í sama sjóð einnig innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hvort um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Kærð greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að vísu er sala vína þeirra, er lög nr. 3/1923 leyfa ríkisstjórninni innflutning og sölu, á, hvergi bönnuð þeim, er þau vín hafa keypt í áfengisverzlun ríkisins, með berum orðum í reglugjörð nr. 67/1928, um sölu og veitingar þeirra vína, né heldur annarsstaðar, og þá eðlilega ekki heldur aðstoð við þá sölu. En það er bert af takmörkunum þeim, sem settar eru í 45. gr. áfengislaganna nr. 64/1928 og í ýmsum greinum reglugjörðarinnar um sölu áfengisverzlunarinnar á vínum þessum, að ætlazt hefir verið til, að áfengisverzlunin mætti ein selja vín þessi.

Lögregluréttardómarinn hefir því réttilega talið verknað þeirra Kristmundar Ólafssonar og Mörtu Jónsdóttur varða við lög. Og þar sem fallast má á dóminn að því, er til þeirra tekur, ber að staðfesta hann að því leyti, þó þannig, að vararefsing Kristmundar verði 45 daga einfalt fangelsi og vararefsing Mörtu 50 daga samskonar fangelsi, enda teljist greiðslufrestur sekta þeirra frá birtingu dóms þessa.

Öðru máli gegnir um verknað þann, sem hin kærðu, Anna Jónsdóttir, Árni Árnason og Björn Magnússon, eru sökuð um. Að vísu er aðstoð við brot á áfengislögunum refsiverð samkv. 42. gr. áfengislaganna, en sú grein tekur ekki til hérumræddra vína. Heimildar til að refsa fyrir misbrúkun þeirra er ekki annarsstaðar að leita en í 2. gr. laga nr. 3/1923, í 45. gr. áfengislaganna og sérstaklega í nefndri reglugjörð. En í þessum ákvæðum finnst engin heimild, hvorki bein né óbein, til að refsa fyrir slíka aðstoð, sem hér ræðir um. Enda bendir 2. mgr. 38. gr. áfengislaganna, sem leggur refsingu við aðstoð við útlát lækna og lyfsala á áfengislyfjum, til þess, að jafnvel slík aðstoð hefði ekki verið refsiverð eftir 42. gr., án sérstaklega orðaðrar heimildar. Það verður því að sýkna hin kærðu, Árna, Björn og Önnu, af kæru valdstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum úrslitum verða þau, Kristmundur og Marta, að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, in solidum, þar á meðal 80 kr. til hvors, sóknara og svaramanns þeirra í hæstarétti, að undanskildum kostnaði af gæzluvarðhaldi Árna og varnarlaunum svaramanns hinna sýknuðu hér í rétti, sem ákveðin eru 80 kr., og greiðist hvortveggja þessa kostnaðar af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Anna Jónsdóttir, Árni Árnason og Björn Magnússon eiga að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar. Varðhaldskostnaður Árna og varnarlaun svaramanns nefndra kærðu fyrir hæstarétti, Lárusar málflutningsmanns Jóhannessonar, 80 kr., greiðist af almannafé.

Að öðru leyti skal lögregluréttardóminum óraskað, þó þannig, að vararefsing Kristmundar Ólafssonar verði 45 daga einfalt fangelsi og vararefsing Mörtu Jónsdóttur 50 daga samskonar fangelsi, enda teljist greiðslufrestur sektanna frá birtingu dóms þessa.

Þau Kristmundur og Marta greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, annan en að ofan getur, þar með talin sóknarlaun Sveinbjörns málflutningsmanns Jónssonar og varnarlaun svaramanns þeirra, Guðmundar málflutningsmanns Ólafssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Mörtu Jónsdóttur, Bergstaðastræti 8 A., manni hennar Kristmundi Ólafssyni, sama stað, Önnu Jónsdóttur, sama stað, Árna Árnasyni, Spítalastíg 7, og Birni Magnússyni, Óðinsgötu 28, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64/1928, og reglugjörðar nr. 67/1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu ákærðra, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Tilefnið til þessa málareksturs er það, að nokkrir menn fóru um nýjársleytið heim til þeirra Mörtu og Kristmundar og keyptu af þeim spánarvín. Lögreglan náði svo í menn þessa og skýrðu þeir henni frá því, hvar þeir hefðu fengið vínið. Eins og síðar upplýstist nánar, seldu þau hverja flösku á 10.00 krónur, en þau höfðu gefið kr. 7.00 fyrir flöskuna í áfengisverzluninni — venjuleg álagning var því um 3.00 krónur á flöskuna —.

Við athugun í bókum áfengisverzlunarinnar kom það í ljós, að þau hjónin höfðu í dezembermánuði 1928 tekið út um 1396 flöskur. Þetta áfengi seldu þau hjónin með fyrnefndri álagningu hverjum, sem hafa vildi, eftir því sem þau hafa játað. — En eftir áramótin fékk Marta, kærða í þessu máli, Önnu Jónsdóttir, til þess að koma í húsið til þeirra hjónanna og annast vínsöluna fyrir þau, en Árna Árnason og Björn Magnússon fékk hún til þess að taka út áfengið og flytja það heim. — Hve mikið áfengi hefir þannig verið selt frá 1. janúar til 11. febrúar er ekki fyllilega upplýst, en allt bendir til þess, að salan hafi verið viðlíka mikil eins eftir þennan tíma og áður. — Eftir 11. febrúar kveðst Kristmundur aðallega hafa annast söluna, og frá 11. febrúar til 16. þ. m. hefir Marta tekið út úr áfengisverzluninni 44 flöskur, Kristmundur 23 flöskur, Anna 25 flöskur, Árni 330 flöskur, Björn 466 flöskur, og eru það samtals 888 flöskur.

Björn flutti áfengi það, sem hann keypti, beint heim til Mörtu og Kristmundar, en vín það, sem Árni keypti, var flutt heim til Árna og geymt í húsinu nr. 7 við Spítalastíg, en þaðan flutti Björn það heim til þeirra hjónanna til sölu þar; gekk salan oftlega langt fram á nætur.

Það kemur greinilega fram í prófum málsins, að Marta Jónsdóttir og maður hennar Kristmundur Ólafsson eru aðalmennirnir í framkvæmd sölunnar, en Árni, Björn og Anna eru aðeins hjálparmenn. Anna selur oftlega áfengi, en eingöngu fyrir þau hjónin og án þess að fá annað fyrir það en fæði og húsnæði. Þeir Árni og Björn sækja vínið, kaupa það fyrir peninga, sem þau hjónin leggja til og fá lítilfjörlega þóknun fyrir, ýmist peninga eða áfengi, að því er bezt verður séð, — enda skýra þeir svo frá.

Það er alkunna, að þau hjónin hafa næstum enga löglega atvinnu stundað núna 4—5 síðustu mánuðina, en hafa haft áfengissölu sér til lífsframfæris og því greinilega stundað hana sem atvinnu.

1. Marta Jónsdóttir hefir $^{24}/_{10}$ 1928 í lögreglurétti Reykjavíkur undirgengizt 500 króna sekt fyrir áfengissölu.

2. Anna Jónsdóttir og Kristmundur Ólafsson hafa aldrei áður sætt neinni refsingu.

3. Árni Árnason hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum $^{30}/_{11}$ 1923, verið dæmdur í 200 króna sekt fyrir að geta ekki gjört grein fyrir áfengi, sem hann átti geymt í vörzlum annars manns.

4. Björn hefir $^{25}/_{10}$ 1927 undirgengizt 400 króna sekt í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir áfengissölu.

Brot þeirra Mörtu Jónsdóttir og Kristmundar Ólafssonar ber að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðar nr. 67/1928. Samkvæmt 32. gr. áfengislaganna þykir refsing þeirra, sem telja verður fullsannað, að hafi stundað áfengissölu sem atvinnu, hæfilega ákveðin 3 mánaða einfalt fangelsi og auk þess greiði Marta Jónsdóttir kr. 1500.00 í sekt í ríkissjóð, en Kristmundur kr. 1000.00 í sekt í sama sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti Marta einföldu fangelsi í 70 daga, en Kristmundur í 50 daga í stað sektarinnar.

Brot þeirra, Árna Árnasonar, Björns Magnússonar og Önnu Jónsdóttir, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðarinnar nr. 67/1928, þykir hún samkvæmt 42. gr. áfengislaganna nr. 64/1928 hæfilega ákveðin handa hvoru þeirra um sig 600 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 30 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins.

Kostnað sakarinnar greiði hin kærðu in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 25. okt. 1929.

Nr. 91/1927. **Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags Skaftfellinga** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Lofti Jónssyni og gagnsök
(Guðmundur Ólafsson).

Verzlunarskuld, gagnkrafa eigi tekin til greina til frádráttar.

Dómur gestaréttar Skaftafellssýslu 3. sept.

1927: Stefndur í aðalsök, Loftur Jónsson, greiði aðalstefnanda í málinu, Bjarna Kjartanssyni, f. h. Kaupfélags Skaftfellinga, kr. 847.13 með 5 % vöxtum frá 1. janúar þ. á. til 15. júlí s.l. og 6 % frá þeim tíma og til greiðsludags. — Stefndur í gagnsök, Bjarni Kjartansson, f. h. K. S., greiði gagnstefnanda, Lofti Jónssyni, sláturfjárgjald hans, sem tekið hefir verið á hverju hausti aukalega af hverri kind frá honum, er slátrað hefir verið við sláturhúsið í Vík á vegum Sf. Sl. og K. S. hefir hirt, með þeirri upphæð, sem bækur eða reikningsplögg þessara stofnana sýna, að inn hafi komið, með 5 % ársvöxtum (og vaxtavöxtum) til 16. júlí þ. á. og síðan 6 % til greiðsludags, enda gangi fjárhæð þessi til skuldajafnaðar við ídæmda skuld í aðalsök, það er nemur. — Málskostnaður fellur niður í aðalsök og gagnsök.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir einnig fyrir hæstarétti verið rekið sem aðalsök og gagnsök.

Í aðalsökinni er aðeins ágreiningur um, hve háa vexti gagnáfrýjandi eigi að greiða. Þar sem hér er um að ræða venjulega verzlunarskuld, er gagnáfrýjanda samkvæmt 38. gr. laga nr. 39, 19. júní 1922 eigi skylt að svara hærri ársvöxtum af skuldinni en 5 % frá eindaga til greiðsludags. Ber því að staðfesta undirréttardóminn í aðalsökinni með þeirri breytingu.

Í gagnsökinni hefir gagnáfrýjandi aðallega krafizt, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 525.10 + kr. 1167.00 = kr. 1692.10 með 5 % vöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags, en til vara kr. 900.00 + kr. 272.00, samtals kr. 1172.00 með sömu vöxtum. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum réttum.

Kröfur aðaláfrýjanda í gagnsök eru hinsvegar, aðallega, að dómur undirréttarins verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður. Málskostnaðar fyrir báðum réttum hefir hann og krafizt.

Aðaláfrýjandi rökstyður kröfu sína um ómerking dómsins einkum með því, að dómkröfur gagnáfrýjanda í héraði hafi verið of óákveðnar til þess, að á þeim yrði byggður dómur, að dómarinn hafi vanrækt að leiðbeina málsaðiljum, er voru ólögfróðir, og að dómurinn sé að nokkru leyti ekki endanlegur, og fari því í bága við fyrirmæli N. L. 1—5 12. Að vísu er það nú svo, að allir þessir gallar eru á flutningi og meðferð gagnsakarinnar í héraði, en þar sem gjörðar hafa verið hér fyrir réttinum ákveðnar kröfur, lögð fram ný sakargögn og málið upplýst að öðru leyti, svo að efnisdómur verður á það lagður, þá þykir eigi vera alveg næg ástæða til að ómerkja dóminn fyrir þessar sakir. Ber því að dæma gagnsökina að efni til.

Fyrri liðurinn í aðalkröfu gagnáfrýjanda, um greiðslu á kr. 525.10, felur í sér kröfu hans um endurgjald á fé því, er honum hafði safnazt í stofnfjárreikningi hans við kaupfélagið af framlögum hans til stofnbréfakaupa, verzlunarágóða í félaginu og vöxtum af innieign á stofnfjárreikningi. Telur gagnáfrýjandi sig eiga rétt á að fá nú fé þetta greitt, þar sem hann hafi sagt sig úr félaginu árið 1922 og sé því ekki lengur félagsmaður. En á þetta verður ekki fallizt. Í 11. gr. félagslaganna frá 1911, sem aðiljum kemur saman um að eftir beri að fara, segir, að stofnbréfin séu óuppsegjanleg þangað til félagið sé leyst upp, og frá þessari reglu gjöra lögin þá undantekningu, að skylt er að innleysa stofnbréf þeirra, er flytja burt af kaupfélagssvæðinu, en hliðstætt þessu getur það ekki talizt, að félagsmaður segir sig úr félaginu. Það verður því að sýkna aðaláfrýjanda af þessum kröfulið gagnáfrýjanda. Hinn annnar liður í aðalkröfu gagnáfrýjanda eða krafa hans um greiðslu á kr. 1167.00 er krafa um endurgreiðslu á sláturfjárgjöldum, er gagn-

áfrýjandi telur kaupfélagið hafa tekið af sér fyrir húslán til slátrunar árin 1917—26, að meðtöldum áðurgreindum 10 kr. til sláturhússbyggingar. Hefir gagnáfrýjandi lagt fram í hæstarétti reikning yfir þetta og eiga 895 kr. af upphæðinni að hafa verið greiddar fyrir árslok 1921, en 272 kr. eftir þann tíma.

Tildrögin til þess, að þetta svonefnda sláturgjald var innheimt, eru sem hér segir. Af gögnum þeim, sem fyrir hendi eru í málinu verður að ganga út frá því, að Sláturfélag Suðurlands hafi sett fjáreigendum það skilyrði, að þeir yrðu sjálfir að sjá fyrir húsrúmi til slátrunarinnar. En þar sem ekki var sláturhús í Vík, léði kaupfélagið í fyrstu eitt af húsum sínum til slátrunarinnar. Má af útdráttum úr aðalfundargjörðum kaupfélagsins, er lagðir hafa verið fram í hæstarétti, sjá, að í fyrstu hefir verið ætlazt til, að hver fjáreigandi greiddi aðeins lítið fast gjald, er teldist sem stofnfé og varið yrði til sláturhússbyggingar. En frá og með árinu 1917 og til ársins 1922 ákvað kaupfélagið að taka gjald fyrir hverja kind, er slátrað væri í húsum félagsins, og var það gjald mismunandi og ákveðið fyrir hvert ár í senn. Skyldi einnig þetta gjald verða hlutafé, þ. e. stofnfé í kaupfélaginu. Var það auglýst árlega á deildarfundum félagsins og í slátrunarhúsinu, hve mikið gjald kæmi á kind hverja og innheimti sláturfélagið það hjá fjáreigendum og greiddi til kaupfélagsins.

En kaupfélagið færði hverjum manni gjaldið til tekna á stofnfjárreikningi. Og á aðalfundi kaupfélagsins 15. marz 1920 var það samþykkt, að gefa skyldi út stofnbréf fyrir sláturfjártillögum félagsmanna.

Aðaláfrýjandi hefir nú neitað því, að hann fram til ársins 1922 hafi fengið meiri sláturfjártillög frá gagnáfrýjanda, sem var félagsmaður í Sláturfélagi Suður-

lands, jafnframt því sem hann var félagsmaður í Kaupfélagi Skaftfellinga, þar til hann sagði sig úr því í maímánuði 1922, heldur en samtals kr. 374.90 og gegn þessari neitun hefir gagnáfrýjandi ekki sannað, að meira hafi verið goldið. En þessar kr. 347.90 hafa honum verið greiddar með því að færa honum þær til tekna á stofnfjárreikningi hans, og af stofnbréfa reikningi hans má sjá, að stofnbréf hans hafa verið gefin út á nafn fyrir þessari upphæð.

Það verður nú að ganga út frá því, að gagnáfrýjanda hafi verið kunnugt um, að kaupfélagið áskildi sér gjald af hverri kind, er slátrað var í húsum þess, og verður þá að líta svo á, að hann hafi með því að láta slátra fé sínu í húsum kaupfélagsins umrætt tímabil undirgengizt að greiða gjaldið. Þar sem ennfremur framangreind fundarályktun 15. marz 1920, um að stofnbréf skyldi gefa út fyrir sláturfjárgjöldum þessum, verður að teljast gild samkvæmt félagslögunum og skuldbindandi fyrir gagnáfrýjanda, er þá var félagsmaður, og með því loks, að þetta stofnfé hans verður að lúta sömu lögum sem annað stofnfé í félaginu, þannig, að hann á ekki rétt á að fá það útborgað, þá verður einnig að sýkna aðaláfrýjanda af þessum hluta kröfunnar.

Að því, er snertir þær 272 kr. af aðalkröfu gagnáfrýjanda, er hann telur hafa verið greiddar í sláturgjöld árin 1922—1926, þá hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að sláturhús kaupfélagsins, er þá var byggt, hafi þessi árin verið leigt Sláturfélagi Suðurlands til slátrunarinnar fyrir ákveðið gjald af hverri kind, er sláturfélagið hafi greitt og leigunni verið varið til að greiða vexti af byggingarkostnaði og til viðhalds sláturhússins, og þar sem hér sé um samning milli félaganna að ræða, geti gagnáfrýjandi ekki átt neina

endurgjaldskröfu á hendur sér fyrir þessi ár. Þessu hefir gagnáfrýjandi ekki hnekkt, og verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðaláfrýjanda af þessum hluta gagnkröfunnar.

Varakrafa gagnáfrýjanda, er felur í sér kröfu um útborgun á innieign hans í stofnfjárreikningi, 900 kr., og endurgjald á sláturfjárgjaldi árin 1922—26, 272 kr., verður af ástæðum þeim, sem hér hafa verið teknar fram, heldur ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í undirrétti og hæstarétti, er ákveðst samtals 350 kr. Það athugast, að mikill dráttur hefir orðið á rekstri málsins fyrir hæstarétti, en þetta á að mestu rót sína að rekja til langvarandi veikinda málflutningsmanns þess, er í fyrstu hafði tekið málið til flutnings.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Loftur Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Kaupfélagi Skaftfellinga kr. 847.13 með 5 % vöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi á sýkn að vera af öllum kröfum gagnáfrýjanda í gagnsökinni.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 350 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir aðalstefnandi, kaupfélagsstjóri Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags Skaftfellinga í Vík, höfðað fyrir gestarétti Skaftafellssýslu, með stefnu, útgefinni 15. júlí þ. á., gegn Lofti Jónssyni kaupmanni í Vík, til greiðslu verzlunarskuldar við

nefnt kaupfélag að upphæð kr. 863.33 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir aftur á móti með gagnsök, er hann höfðaði með stefnu, útgefinni 16. júlí þ. á., krafizt þess, að aðalstefnandi, hér gagnstefndur, verði dæmdur til þess að greiða honum innistandandi stofnfé hans í Kaupfélagi Skaftfellinga (talið í gagnstefnunni kr. 900.00) og ennfremur samanlagða upphæð þess (með vöxtum), sem á hverju hausti hafi verið tekið af slátruðu sauðfé hans við sláturhúsið í Vík og hirt af aðalstefnanda (K. S.), eins og það upplýstist nema miklu, — allt með vöxtum 6 % o. s. frv.; svo krefst hann og málskostnaðar í gagnsökinni að skaðlausu eða eftir mati dómarans —.

Þess skal þegar getið, að mál þetta, sem þýðingu mun hafa fyrir fleiri en aðilja þess hér fyrir réttinum, virðist að ýmsu leyti eigi svo upplýst sem æskilegt væri fyrir örugg úrslit þess, sem vafalaust að nokkru stafar af því, að aðalstefnandi (gagnstefndur) hefir eigi gefið sér tíma til að taka neinn frest í málinu, en látið sér nægja að fá bókuð mótmæli sín m. m. í síðara réttarhaldi af þeim tveimur, sem háð hafa verið í aðalsök og gagnsök.

Eftir því, er ráða má af því, sem fram hefir komið fyrir réttinum, eða að öðru leyti er alkunnugt (notoriskt), eru málavextir þessir:

I. Í aðalsök.

Aðalstefnandi telur gagnstefnanda skulda áminnstri félagsverzlun, út af verzlunarviðskiftum, hina umstefndu skuld, sem og virðist viðurkennt af síðarnefndum, nema að því, er hina viðlögðu og tilfærðu vexti snertir, sem hann mótmælir sem of hátt reiknuðum (fyrir síðastl. ár og þ. á. fram að stefnudegi). Þessum mótmælum neitar þó aðalstefnandi, sumpart sem of seint framkomnum, sumpart sökum þess, að gagnstefnandi sé »kaupmaður« og sé hér því um að ræða »viðskifti milli kaupmanna«. — Til greiðslu þessarar skuldar vill gagnstefnandi láta koma kröfur sínar í gagnsökinni eftir því, sem með þarf.

II. Í gagnsök.

1. Gagnstefnandi var áður félagsmaður í Kaupfélagi Skaftfellinga, en gekk úr því að því, er virðist, um eða nál. árinu 1922, en þá voru sett ný »lög« fyrir félagið með samþykktum þess 10. maí 1922, sem byggðust á sam-

vinnulögunum eða l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, er innleiddu »samábyrgðina«; undir hana gekkst gagnstefnandi ekki, enda ekki skrásettur félagsmaður síðan. Frá félagstíð sinni telst hann eiga innistandandi stofnfé, sem kaupfélagið virðist hafa gefið upp að væri hreint (þ. e. án viðbótar »sláturfjárgjalds«), kr. 525.10, og þannig ekki eins mikið og gagnstefnan greinir, sem mun stafa af því, að félagið hefir í fyrstu talið með eitthvað af sláturfjárgjaldi gagnstefnanda, er hann heldur aðskildu í kröfum sínum. — Þetta fé krefst nú gagnstefnandi að fá útborgað eða ráðstafað til greiðslu upp í skuld hans við félagsverzlunina, með þeim rökum, er vörn hans og gagnsókn greina. Því mótmælir aðalstefnandi (gagnstefndur) og telur gagnstefnanda engan rétt hafa til þeirrar útborgunar á stofnfénu samkvæmt lögum þeim, sem gilt hafa eða gilda í félaginu.

2. Annar hluti kröfu gagnstefnanda er til fjár þess, er aðalstefnandi, Kaupfélag Skaftfellinga, hafi um hendur slátrunar Sláturfélags Suðurlands, í Vík tekið af honum, eins og öðrum slátrendum (þ. e. þeim, er sauðfé lögðu þangað til slátrunar) á hausti hverju frá því slátrun hófst í Vík og til þessa, sem hann telur eigi með neinum heimildum hirt og aðalstefnanda því beri að standa skil á til réttra eigenda, þá er krafizt er, enda hljóti kaupfélagið að geyma fé þetta. — Einnig þessari kröfu mótmælir aðalstefnandi, og færir fram, að gagnstefnandi hafi eigi áður mótmælt þessum aðgjörðum K. S., þótt honum hafi verið þær kunnar, og jafnvel samþykkt þær með því að taka á móti skilríkjum fyrir þessu gjaldi í stofnbréfum félagsins, þar sem það hafi verið lagt við stofnfé, allt til og með árinu 1921, samkv. samþykkt aðalfundar K. S., 15. marz 1920, o. s. frv.

Öllu þessu mótmælir aftur gagnstefnandi.

Niðurstaða málsins verður þessi:

Í aðalsökinni. — Krafa aðalstefnanda verður þar að takast til greina að upphæðinni til, eins og hún er tilfærð í stefnunni, þó þannig, að vextir fyrir næstliðið ár reiknist aðeins 5 % eins og viðskiftalög heimila, en eigi 7 % eins og aðalstefnandi virðist hafa gjört. Þykir eigi ofseint nú, að mótmæli gegn þessum ofreiknuðu vöxtum komi fram frá aðalstefndum,

fyrir árið 1926, þar eð eigi er gengið lengra aftur. Verður skuldarupphæðin þannig kr. 847.13. Af skuldinni verða og eigi reiknaðir nema 5 % vextir frá áramótum síðustu til stefnudags (15. júlí), með því að eigi verður fallizt á þá röksemdafærslu aðalstefnanda, að hér sé að ræða um viðskifti »milli kaupmanna«, þótt gagnstefnandi hafi verzlunarleyfi. Viðskifti hans við kaupfélagið, þau, er hin umstefnda skuld er risin af, eru eingöngu, að því er séð verður af því, sem fyrir liggur í málinu, sama eðlis og annara viðskiftamanna þess, er verzlað hafa þar og tekið út vörur, og er því hér um almenna verzlunarskuld að ræða.

Í gagnsökinni. — Þar verður að ákvarða um kröfur gagnstefnanda svo sem hér segir:

Við 1. Lög þau, sem giltu í K. S. fram að árinn 1922, voru lögin frá 31. jan. 1911 (framlögð á rskj. nr. 3). — »Lög« þau fyrir félagið, sem aðalstefnandi einnig vitnar í, frá 16. marz 1920, virðast aldrei hafa náð fullu gildi eða komið til neinna framkvæmda, enda í þau tekið samábyrgðarákvæði, er félagsmenn þurftu að undirskrifa, en munu ekki hafa gjört. — Þar sem nú gagnstefnandi eigi gekk inn undir hinar nýju samþykktir frá 10. maí 1922 (og virðist einnig um það bil hafa sagt sig formlega úr félaginu), verður afstaða hans til félagsins að ákvarðast eftir lögunum frá 1911. — Gagnstefnandi hefir haldið því fram sem frumástæðu til útborgunar stofnfjárins í sínar hendur, að svo gagngjörð breyting hafi orðið á K. S. 1922, með hinum nýju samábyrgðar-samþykktum, að nýtt félag hafi í raun og veru stofnazt, en hið eldra »upp-leyst«. Þó að það sé að vísu rétt, að slík höfuðbreyting, sem varð á tilhögun og grundvelli K. S. eins og fleiri kaupfélaga í landinu, með ákvæðunum 1922, er aftur leiddu af samvinnulögunum, sem Alþingi samþykkti 1921, því að þar með innleiddist, eins og getið hefir verið, hin ótakmarkaða samábyrgð í kaupfélagsskapinn, stappi nærri því, að með henni hafi myndazt nýtt félag, en hið eldra undir lok liðið, þá verður þó eigi talin full ástæða til þess að ganga út frá, að svo hafi í raun og veru orðið, heldur að það hafi verið tilgangurinn, að hið sama félag héldi áfram, eftir sem áður, aðeins í þessari breyttu mynd, enda er eigi kunnugt né heldur upplýst í málinu, að

nein gangskör hafi að því gjörð verið að leysa félagið (K. S.) upp samkvæmt 36. gr. laganna frá 1911. Verður því eigi fallizt á, að hins umstefnda stofnfjár verði krafizt með upplausn félagsins 1922 fyrir augum, samkv. 11. gr. nefndra laga. Kemur því aðeins til álita, hvort útborgunar verði krafizt af öðrum rökum eða með heimild í öðrum ákvæðum sömu laga.

Hin tilvitnaða 11. gr. oftnefndra félagslaga frá 1911 segir nú berum orðum, að stofnbréfin séu »óuppsegjanleg« (»þangað til félagið er leyst upp« o. s. frv.). Tvær undantekningar virðast lögin gjöra á þessu (áþekkt samþykktunum frá 1922, sem þó greina fjórar), í 12. og 13. gr., þar sem bæði er gjört að skyldu að innleysa stofnbréfin og gjört ráð fyrir innlausn, sem sé, ef a) félagsmaður flytur »burt af félagssvæðinu« (12. gr.) og b) eigandi stofnbréfs deyr (13. gr.). Auk þess getur komið til innlausn á stofnbréfi, ef framsal ekki fæst (12. gr.). Lögin tala ekki um, hvernig fari með stofnfé þess, er segir sig eða gengur úr félagsskapnum, en er þó lifs og áfram á félagssvæðinu, eins og á sér stað um gagnstefnanda. Er þá spurning um, hvort um innlausn eða útborgun á stofnfé sliks úrgengins félagsmanns geti orðið að tala per analogiam við 12. eða 13. gr. En þegar athugað er, að fyrir félagsskapinn kemur þetta alls ekki í sama stað niður, né heldur verður að teljast tilgangurinn að láta laust stofnfé manna, þótt úr gangi, nema henta þyki, og þess vegna öðru máli að gegna, ef félagsmaður fer burt staðlega eða fyrir fullt og allt, svo að útilokað má þykja, að hann geti verið lengur í félaginu, — þá verður ekki slíkt hliðstæði fyrir hendi, að sömu reglur megi um gilda.

Verður því eigi heldur undir þessum atvikum fallizt á útborgunar- eða innlausnarskyldu. — Þessari niðurstöðu virðist ekki geta breytt það atriði, þótt stjórn félagsins hafi ef til vill, eins og gagnstefnandi ómótmælt heldur fram, greitt út til manna, er úr félaginu hafa farið og líkt stendur á um og hann, stofnfé þeirra að miklu eða litlu leyti, sem þá hefir verið gjört án skyldu, en sem samkomulagsmál, og að sjálfsögðu aðeins á ábyrgð þeirra stjórnenda, er það gjörðu.

Annað mál er, að telja verður, að úrgenginn félagsmaður eigi stofnfé sitt áfram sem eign, innistandandi í

félaginu með tilfallandi vöxtum (sbr. 7.—9. gr. fél.l. 1911), er borga beri út eiganda eða erfingjum hans, ef félagið leysist upp (36. gr.), nema gjaldþrot þess eða þvíl. teljist að geta komið til út af þá stofnuðum skuldbindingum, er hann var meðlimur (34. gr. síðast, sbr. þó 6. gr. samþykktanna frá 1922), eða loks ef og þegar fullnægt er áður umtöluðum innlausnarskilyrðum laganna.

Kröfu gagnstefnanda um útborgun á stofnfé hans í K. S., enda þótt greiðast ætti upp í verzlunarskuld hans við sama félag, verður því af framangreindum ástæðum eigi unnt að taka til greina.

Við 2. Það má telja upplýst — og er að öðru leyti alkunnugt —, að við sláturstöð Sláturfélags Suðurlands í Vík hefir á hverju hausti, árum saman undanfarið (eða síðan slátrun Sf. Sl. hófst þar), verið tekið sérstakt aukagjald (sem sé auk alls annars kostnaðar af slátruninni leiðandi) af hverri kind, sem fjáreigendur hafa látið slátra, misjafnlega hátt (svo sem 1 kr., 75 aur., 50 aur. o. s. frv.), og hefir þetta gjald verið hirt af Kaupfélagi Skaftfellinga í Vík, er virðist hafa tekið sér einskonar ákvörðunarrétt á því, en þar hafa mjög svo sömu menn staðið að forstöðu við báðar stofnanir. Það er algjörlega opinbert mál, að almenningur héraðsins, sem slátrað hefir hjá Sf. Sl. í Vík — og sumpart er í K. S. og sumpart ekki —, hefir meira og minna vefengt heimild kaupfélagsins til þessa, sem menn hafa talið því alveg óviðkomandi, ekki sízt síðan bert varð, að »fjársöfnun« þessi gat ekki verið rekin með það fyrir augum að byggja sláturhús í Vík, er væri almenningseign, m. a. af því að kaupfélagið sjálft gjörði það, og hefir hús það nú um hríð verið og er eign sjálfs félagsins, að því er það virðist telja bæði í orði og á borði. Það verður og hvergi fundið, að K. S. hafi fengið eina eða neina löglega heimild til þess að hirða gjald þetta, en tækt virðist það því aðeins hafa verið, að forstöðumenn þessara (raunar óskyldu) stofnana í Vík héldu eða létu halda því eftir af sláturfjárandvirði almennings. Það verður sem sé alls ekki talið hafa neitt gildi í þessu sambandi, þótt félagið sjálft (sá, er tekur) samþykki eitt eða annað á félagsfundum sínum, um að taka fé af mönnum, og það einnig mörgum utanfélagsmönnum, er slátra hjá Sf. Sl. í Vík, ef þeir sjálfir hafa ekki skírlega skuld-

bundið sig til að hlíta því eða sérstaklega, hver og einn, gefið óvéfenganlegt samþykki sitt til þessa. Og þó að K. S. hafi í framhaldi af þessu fært þetta gjald inn í stofneign félagsmanna, á sitt eindæmi, og síðan gefið út stofnbréf á það og afhent mönnum (sem reyndar virðist mótmælt af gagnstefnanda, að hafi átt sér stað að því, er hann snertir), þá verður ekki litið svo á, að þeir hafi með því að taka á móti bréfunum skuldbundið sig til samþykktar á þessu, enda munu bréfin ekki bera það með sér, að þetta gjald sé þar inn runnið, né lög kaupfélagsins gjöra ráð fyrir slíkri stofnfjáraukningu.

Hvort eða að hve miklu leyti fjársöfnun þessi, eða meðferð fjárins, varði á annan hátt við lög landsins, liggur eigi hér fyrir að dæma um. En eigi virðist geta komið til mála annað en að viðurkenna, að þeir, er það vilja, geti krafizt fullrar útborgunar á þessu tekna fé, hvenær sem er, ásamt hæfilegum vöxtum. Og þar sem vitanlegt er, enda framhaldið í málinu af gagnstefnanda og í aðalatriðum viðurkennt af aðalstefnanda, að K. S. hefir hirt gjald þetta — og ef nokkur veruleg breyting hefir á þessari hirðingu orðið upp á síðkastið, hefir aðalstefnandi engar fullnægjandi upplýsingar gefið, sem honum þó hefði borið, um það, hver hefir nú tekið við eða hvar féð er geymt fyrir síðari árin —, þá verður að svo vöxnu að telja því félagi (þ. e. aðalstefnanda) skylt að svara hér til sakar og standa skil á fénu frá fyrst til síðast.

Skilagrein fyrir fjárgjaldi þessu (hve mikið hafi verið tekið frá hverjum á hausti hverju, eða hverri upphæð féð samkvæmt því næmi alls, eða hvernig geymt og ávaxtað) mun, að því er séð verður, aldrei hafa verið gefin almenningi öllum, sem hlut hefir átt að máli. Þó verður að ganga út frá, að full skilríki hljóti að fyrirfinnast fyrir öllu hér að lútandi, frá ári til árs, í bókum eða plöggum hjá Sf. Sl. (sláturstöðinni í Vík) eða (og) hjá K. S., en ekkert um það hefir verið lagt fram í réttinum.

Þar sem ekki hefir verið sýnt fram á, að gagnstefnandi hafi fyrir sitt leyti afsalað sér rétti til að krefjast umrædds fjár, sem hann telst eiga innistandandi hjá K. S., verður samkvæmt því, sem nú hefir greint verið, að taka

kröfu hans um útborgun þess til greina, að svo miklu leyti, sem önnur ráðstöfun, er lögleg teldist, hefir eigi þegar farið fram á því eða hluta þess. Virðist þar geta komið til mála, að eitthvað af því hefði gengið til að greiða leigu fyrir sláturhúsið, vegna slátrunarinnar að haustinu, sem þó aldrei gæti verið nema minni hlutinn af því, sem inn hefir komið. En um þetta vantar glöggar upplýsingar, sem aðalstefnandi hefði haft bezt tök á að gefa. Því er nú haldið fram af gagnstefnanda, að húsaleigan hafi verið greidd beinlínis af Sf. Sl,, og þá að sjálfsögðu gjört fyrir henni í því, sem haldið er ætið eftir af andvirði sauðfjárins til að standast kostnað allan við slátrunina, sem einnig virðist vera eðlilegast; hafi því hið safnaða fé ekki gengið til þessa. Þetta virðist og í sjálfu sér viðurkennt af aðalstefnanda, þar sem hann sumpart telur, að hið innkomna gjald hafi (fram yfir árið 1921) verið lagt við stofnfé félagsmanna í kaupfélaginu, og sumpart beinlínis játar, að Sf. Sl. hafi, að m. k. síðari árin, greitt leiguna til K. S. Verður þannig eigi séð, að neitt af þessu fé hafi gengið til greiðslu húsaleigunnar, enda liggur ekkert fyrir um, að almenningur, sem sækir til sláturhússins í Vík, hafi fyrirfram verið um slíka ráðstöfun aðvaraður. Og um aðra notkun fjárins með löglegum heimildum, er í málinu ekkert upplýst. — Getur því eigi frá því sjónarmiði talizt að vera neitt til hindrunar fullri útborgun hér um krafðs fjár í hendur gagnstefnanda, það er honum telst bera, og með skuldajöfnuði, það er nemur, við umstefnda skuld í aðalsök.

Vegna áðurgreindra vantandi upplýsinga um rétta fjárhæð þess, sem gagnstefnandi gæti átt heimtingu á af margumræddu sláturfjárgjaldi — frá hverju ári um sig og samanlagt allt til þessa, — verður að ákvarða það, er til útborgunar kemur, samkvæmt því, er rétt reynist uppgefið úr bókum eða reikningsplöggum hér áminnstra félaga (Sf. Sl. og K. S.).

Af sláturfjárgjaldinu virðast vextir hæfilega reiknaðir 5 % p. a. fram að stefnudegi 16. júlí s.l., en síðan 6 % til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalyktum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 28. okt. 1929.

Nr. 63/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
J. A. Juul (Lárus Jóhannesson).

Ólögleyfð útlát lyfjaáfengis.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 2. mai 1929: Ákærði, J. A. Juul, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs, eða sæti 35 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins. — Svo greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-regluréttardómi, er það sannað með eigin játningu kærða og öðrum gögnum, að kærði hefir látið úti í lyfjabúð sinni áfengi gegn lyfseðlum, sem ekki voru ritaðir á hin sérstöku eyðublöð, sem fyrir eru skipuð í 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1. júlí 1925, og að hann hefir alloft látið úti áfengi, án þess lyfseðill frá lækni hafi samtímis verið afhentur; hefir þetta verið gjört ýmist eftir beiðni héraðslæknis fyrirfram í síma og gegn loforði um að senda lyfseðil síðar, eða ástundum að fengnu samþykki læknisins í síma, er einstakir menn hafa komið í lyfjabúðina, til að fá áfengi, án þess að hafa lyfseðil í höndum, og heldur kærði því fram, að tilætlunin hafi verið að lyfseðill yrði síðar sendur fyrir áfenginu.

Með þessu hefir kærði eins og fram er tekið i dómnum gjörzt brotlegur gegn 6. málsgr. 14. gr. í lögum nr. 15, 8. júní 1925, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt

fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins samþykkjast. Svo ber kærða og að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarrétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, J. A. Juul, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins, höfðað af valdstjórninni gegn J. A. Juul, lyfsala á Seyðisfirði, fyrir óleyfileg áfengisútlát.

Með eigin játningu ákærða, samanber réttarhald í málinu 10. júlí 1928, sem styðst við önnur gögn í málinu, er sannað, að áfengi hefir verið látið úti í lyfjabúð hans á Seyðisfirði gegn lyfseðlum, sem ekki voru ritaðir á hin sérstöku tölusettu eyðublöð, sem fyrirskipuð eru í 5. gr. reglugjörðar 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga; og að áfengi hefir verið látið þar úti eftir beiðni héraðslæknis í sima, og loforði hans um að afhenda síðan lyfseðil á áfengið. — Hefir þetta viðgengizt í lyfjabúðinni að minnsta kosti til loka september 1927,

og að því er virðist, alloft átt sér stað, og visast í því efni sérstaklega til framburðar afgreiðslumannsins í lyfjabúðinni.

Með þessu hefir ákærði gjörzt brotlegur gegn 6. málsgrein 14. greinar laga nr. 15, 8. júlí 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og ákveðst refsing ákærða sjö hundruð króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með þrjátíu og fimm daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa. — Svo greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af gildum ástæðum að áliti dómarans, sem tilgreindar eru í réttarhaldi í málinu 1. maí 1929.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 50/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Ivar Mykleburst (Lárus Fjeldsted).

Brot á fiskiveiðalöggjöfinni.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. maí 1929: Kærður, Ivar Mykleburst, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að vararefsingin verði 30 daga einfalt fangelsi og greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, m. a. laun sóknara og verjanda í hæstarétti, sem ákveðin eru 60 kr., hvor um sig.

Því dæmist rétt vera:

Dóminum skal óraskað, þó þannig, að vararefsingin verði 30 daga einfalt fangelsi og greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ivar Mykleburst, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ivar Mykleburst, skipstjóra á e/s. »Raum« M. 23, Ø., fiskiskipi frá Álasundi, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Kærður fór frá Noregi 8. f. m. áleiðis til Íslands, eins og margir aðrir norskir línuveiðarar á þessum vetri, til þess að stunda fiskiveiðar hér við land og selja afla sinn á hinum ýmsu höfnum landsins, eftir því sem á stæði og þar sem bezt verð byðist.

Hann kom hingað til Reykjavíkur 24. apríl, líkaði ekki verðið og fór því til Hafnarfjarðar, þar sem hann seldi h/f. Akurgerði aflann eða 120 skippund fiskjar; hinn 8. maí seldi kærður einnig afla sinn í Hafnarfirði til sama hlutafélags, — og enn kom hann til Hafnarfjarðar 25. þ. m. og ætlaði að selja þar, en bæjarfógetinn aftraði því; sigldi þá kærður hingað skipi sínu og seldi aflann h/f. Kveldúlfi, og hafði hann skipað rúmlega 1/3 fiskjarins á land, er uppskipunin var stöðvuð af lögreglunni.

Kærður kveðst sennilega hafa farið eina veiðiferð ennþá og lagt afla sinn hér upp, hefði hann ekki verið stöðvaður núna, en kveður það þó hafa verið óráðið.

Ef hér er um brot af hendi kærðs að ræða, verður að heimfæra það undir ákvæði 3. gr. framannefndra laga nr. 33/1922.

Í ástæðum fyrir frumvarpi þessara nefndu laga segir meðal annars svo: »Aftur á móti verður erlendum togurum og öðrum fiskiveiðaförum ekki meinað að leita hafnar til þess að taka kol og aðrar nauðsynjavistir, eða til þess að selja veiði sína, ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar sýni, að farið hefir stöð í íslenzkri höfn eða hefst þar við. Hvar draga eigi takmörkin í því efni verður auðvitað álitamál að nokkru leyti«.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að orðalag 3. gr. framannefndra laga sýni það nægilega skýrt, enda styðst sá skilningur af eðli málsins, að aðaltilgangur ákvæðisins er sá, að varna því, að erlendir fiskimenn geti hafst við hér við land til þess að stunda héðan fiskiveiðar; en hitt verður ekki talið skifta máli, hvort skipið hefst sífellt við í einni og sömu höfn eða skipið selur afla sinn til skiftis í hinum ýmsu höfnum landsins.

Ef ákvæðið bæri ekki að skilja þannig sýnist það tilgangslítið eða tilgangslaust.

Með þennan aðaltilgang lagaákvæðisins fyrir augum, verður þá að meta, hvað átt er við með orðalagi 3. gr. laganna: »Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi«.

Rétturinn verður því að líta svo á, að kærður, sem lagði af stað frá Noregi 8. f. m. beinlínis í þeim tilgangi að stunda fiskiveiðar héðan frá landinu, og hefir gjört það, með því að selja hér allan afla sinn 24. apríl, 8. þ. m. og nú síðast 25. þ. m., hafi hafst hér við í þeirri merkingu, sem framannefnd grein ræðir um.

Rétturinn verður því að líta svo á, að kærður hafi með framannefndu framferði brotið gegn ákvæðum 3. gr. framannefndra laga, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir þetta brot, hæfilega ákveðin samkvæmt 13. gr. sömu laga með tilliti til þess að ekki er kunnugt um, að kærður hafi áður brotið gegn ákvæðum hinnar íslenzku fiskiveiðalöggjafar, kr. 500.00 í sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 33/1928. **Þorvaldur Pálsson**

gegn

Garðari Þorsteinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Pálsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, Garðari Þorsteinssyni, er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 44/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Lárusi Jóhannessyni, f. h. Jötul, A/S., Oslo.

Dómur hæstaréttar.

Við fyrirtekt máls þessa í hæstarétti, lagði áfrýjandi fram stefnu í málinu, dags. 6. júní þ. á. og bað um frest til janúarmánaðar 1930, af því að hann hefði ekki fengið dómsgjörðir. Stefndi mætti, mótmælti frestinum og krafðist frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur ekki veittur. Verður þá að frávísa stefnunni og þá jafnframt dæma stefnda ómaksbætur hjá áfrýjanda, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmanna-

eyja, greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. A/S. Jötul, 30 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 45/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Lárusi Jóhannessyni, f. h. K. Holten, Khöfn.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi lagði fram áfrýjunarstefnuna og óskaði, að málið væri hafið.

Stefndi krafðist ómaksbóta.

Þessa kröfu ber að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið. Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Karl Holten, 30 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 58/1929. **Óskar Halldórsson, f. h. h/f. Bakki, Þórður J. Thoroddsen og Benedikt Sveinsson.**

gegn

Pétri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Óskar Halldórsson, f. h. h/f. Bakki, Þórður J. Thoroddsen og Benedikt Sveinsson, er eigi

mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði þeir, Óskar Halldórsson, f. h. h/f. Bakki, Þórður J. Thoroddsen og Benedikt Sveinsson, stefnda Pétri Jakobssyni, er hefir mætt í málinu, in solidum 30 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 49/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**
gegn
Metúsalem Jóhannssyni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi lagði fram áfrýjunarstefnuna og óskaði, að málið væri hafið.

Stefndi krafðist ómaksbóta.

Þessa kröfu ber að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið. Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnda, Metúsalem Jóhannssyni, 30 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1929.

Nr. 89/1929. **Réttvísin og valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Enok Helgasyni (Guðmundur Ólafsson).

Hegningarlaga og bifreiðarlaga brot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1929: Ákærður, Enok Helgason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í einn mánuð og missi ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málfærslulaun, kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrmflm.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal álit sérfróðra manna um orsakirnar til þess að slysið varð.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, er það sannað, að ákærði hafi rétt áður en slysið vildi til ekið með að minnsta kosti 35—40 km. hraða á klukkustund og ekki hægt á sér áður en hann ók yfir beygju þá og bungu, sem er þar á veginum og fól honum um stund útsýni frameftir veginum. Þá er það og sannað, að ákærði hafi þverbeygt upp á vegkantinn, er var nokkru hærri en melurinn og jafnframt beitt hemlunum að fullu. Með þessu hefir ákærði gjört sig sekan í vítaverðri óvarkárni, er ætla má, að hafi haft slysið í för með sér. Og þó að ætla mætti, að hringurinn á hægra framhjóli bifreiðarinnar hefði sprungið áður en vagninn fór út af veginum, svo sem ákærði hefir borið, þá bætir það eigi um fyrir honum, því að þá hefði honum borið skylda til að stöðva vagninn með hemlunum þá þegar.

Þar sem 2 menn biðu bana af slysinu, auk þess að 6 aðrir menn meiddust, er afbrot ákærða í undirréttardóminum réttilega heimfært undir 200. gr. hinna almennu hegningarlaga, og 6. gr. bifreiðarlaganna 15. júní 1926. Þykir fangelsisrefsing ákærða hæfilega ákveðin 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en að öðru leyti ber með skirskotun til aukaréttardómsins að staðfesta hann. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að fangelsisrefsing ákærða ákveðst tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði, Enok Helgason, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Enok Helgasyni bifreiðarstjóra fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926.

Málavextir eru á þessa leið: Ákærður fór héðan frá Rauðarárstíg sunnudaginn 23. f. m. kl. 6,35 í bifreiðinni RE. 71, sem er Fiat bifreið ætluð fyrir 14 manns. Hann hafði 10 farþega í bifreiðinni, er hann fór af stað, en einn bættist við í Múla hér fyrir innan bæinn. Ferðinni var heitið austur í Fljótshlíð. Ákærður kveðst hafa ekið með á að gizka 30—35 km. hraða, en enginn hraðamælir var á bifreiðinni svo ekki verður sagt

um hraðann með fullri vissu. Þegar ákærður var kominn nokkuð inn fyrir Lögberg eða um 1 km. fyrir neðan 20 km. steininn frá Reykjavík, kveður hann allt í einu hafa sprungið á hægra framhjóli rétt eftir að hann hafði farið yfir beygju, til hægri, á veginum. Við það, að vindurinn fór úr hægra framhjólinu, kveðst ákærður hafa misst þetta hjól út af veginum vegna þess, að vinstra framhjólið lagði meira undir sig en hægra framhjólið, sem að sprungið var á, og spyrnti bifreiðinni til hægri. Þetta kveður ákærði að hafi gjörzt í svo skjótri svipan, að hann hefði ekki haft tíma til að nota hemlana. Þar sem hægra framhjólið fór út af var vegurinn mjög lágur og valt því bifreiðin ekki við það, heldur hallaðist lítið eitt. Bifreiðin rann þannig með hægra framhjólið utan vegarins um 8 metra, og meðan bifreiðin rann þennan spöl, kveðst ákærður hafa staðið á fóthemlunum, en ekki hafa stígið hemlana í botn, kveðst hafa séð, að stórgrýti var utan vegarins skammt framundan og þóttist ekki viss um að geta stöðvað bifreiðina áður en grjótið kæmi, þótt hann setti hemlana á. Hann kveðst því hafa valið þá leið að reyna að ná bifreiðinni upp á veginn aftur og nota að miklu leyti ferð hennar til þess; kveðst hafa álitið sér þetta óhætt, með því að vegkanturinn var svo lágur, enda heldur hann því fram, að hann hafi hægt dálítið á ferðinni á meðan með fóthemlunum, þótt hann stigi þá ekki í botn.

Ákærður lagði því á stýrið til vinstri handar, til þess að koma bifreiðinni upp á veginn aftur, en hann kveður framhjólin hafa þá snúist svo snöggt, að hann hafi ekki getað haldið við stýrið, en það hefði runnið í höndum sér og framhjólin farið þversum upp á vegkantinn. Þá kveðst ákærður hafa gripið með annari hendinni í handhemlana og stigið fóthemlana í botn, en við þetta kveður kærður bæði afturhjól bifreiðarinnar hafa runnið út af veginum og þá hafi bifreiðin oltið á hliðina, kastað farþegunum niður í grjótið, sem var til hliðar við veginn, en síðan hafi bifreiðin eftir að hafa oltið eina veltu rétt sig við aftur og komið niður á hjólin. Þegar þetta skeði mun klukkan hafa verið 7,15. Einn af farþegunum, Guðmundur Ólafsson, Rauðarárstíg 15, fékk svo mikið höfuðhögg um leið og hann kastaðist niður í grjótið, að höfuðkúpan brotnaði og andaðist hann samstundis. Margir hinna farþeganna meiddust mikið og eftir að þeim hafði verið hagrætt, hljóp ákærður niður að Lögbergi og hringdi til Reykjavíkur.

Hann náði í Kristinn Guðnason bifreiðarstjóra á bifreiðarstöð Kristins og Gunnars, þaðan sem Fiatbifreiðin var og sagði honum hvernig komið væri. — Kristinn Guðnason náði í Ólaf Helgason lækni og brá hann þegar við og ók uppeftir með honum, og komu þeir að Lögbergi kl. 8. — Voru þar þá fyrir nokkrir hinna meiddu manna, höfðu verið fluttir þangað af mönnum, sem komu þar að með bifreið, þar sem slysið vildi til. Einn hinna meiddu, Guðmundur Jóhannsson, Rauðarárstíg 15, var með mikið sár á höfði fyrir ofan hægra gagnauga auk annara meiðsla; læknirinn hreinsaði sárin og batt um þau, og andaðist Guðmundur nokkru síðar þar að Lögbergi. — Höfuðkúpan virtist hafa verið brotin. Eftir að læknir hafði litið á meiðsli þeirra, er staddir voru að Lögbergi, var haldið áfram til staðarins, þar sem slysið varð; var þar Þorsteinn Kárason, sem þeir, er hina fluttu, höfðu ekki treyst sér til að flytja að Lögbergi. Eftir að læknirinn hafði skoðað Þorstein, taldi hann meiðsli hans svo alvarleg, að ekki væri fært að flytja hann öðruvísi en í sjúkrabifreið til Reykjavíkur og í henni var Þorsteinn svo fluttur á Landakotsspítala; hann er nú á batavegi. — Aðrir farþegar, sem meiddust að ráði voru þeir: Eyjólfur Guðmundsson, Múla, marinn á síðu, og brotnaði eitt rif, Sigurður Böðvarsson, Hverfisgötu 74, handleggsbrotnaði, Ásgeir Torfason, Njarðargötu 41, marinn um axlir og upphandlegg og Maril Ágúst Friðriksson, Hverfisgötu 32, marinn á hálsi baki og brjósti. Auk þess meiddist nokkuð Sigmundur Þorsteinsson, Rauðarárstíg 13 D, og ákærður. — Allir hinir meiddu eru á batavegi. —

Lögreglan hér í Reykjavík, fékk um kl. 8, vitneskju um, að slysið hefði viljað til, og þótt það hefði borið að höndum í öðru lögsagnarumdæmi, þótti þó rétt að taka það þegar til rannsóknar hér. Lögreglan fór því á vettvang og rannsakaði vegsummerkin þar. Um 40 metrum neðar, er hægra framhjól bifreiðarinnar fór út af veginum, er talsverð bugða á honum til hægri eins og fyr segir, og hallar veginum dálítið þaðan til vinstri. Vegurinn á þessu svæði er um 5 metra breiður, vel harður, lítið markað eftir hjólför, en ofan á honum liggur talsvert af þessum fíngjörða malarruðningi. Um beygjuna, sem er á hæðarmel, rennur vegurinn og melurinn að miklu leyti út í eitt, svo að eiginlegur vegkantur er enginn fyr en rúmum 40 metrum austan beygjunnar, eða þar sem hjólið rann út af, þessi vegkantur smáhækkar, er austar dregur í dæld-

myndun, sem tekur við austan melsins, þar sem fyrnefnd beygja er á veginum. Utan í vegkantinum er dálítið af malarruðningi, sem hefir oltið út af veginum. — Lögreglan fékk verkfræðing einn hér í bænum til þess að mæla staðinn og gjöra uppdrátt af honum, og hefir sá uppdráttur verið lagður fram í málinu. — Jafnframt var annar skoðunarmaður bifreiða fenginn til þess að skoða bifreiðina RE. 71, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að bifreiðin mundi hafa verið í góðu lagi. Kveður skoðunarmaðurinn stýrið, stýrisútbúnað bifreiðarinnar vera í ágætu lagi og handhemla bifreiðarinnar svo sterka, að með þeim einum megi stöðva bifreiðina á 30 km. hraða á 18 fetum, báðir hemlar í einu stöðva bifreiðina á sama hraða á rúmri lengd bifreiðarinnar eða 15 fetum, en fóthemlar einir á 22 fetum. — Á hægra framhjóli bifreiðarinnar var slangan sprungin og var á henni þeim meginn, sem að felgunni snýr, um 40 cm. löng rifa; sjálft hjólið var dálítið beyglað, sýnilega af höggi. Ekki kveðst skoðunarmaðurinn treysta sér til að segja neitt um það, hvort sprungið hafi á hjólinu áður en að slysið vildi til, eða um leið og bifreiðin steyptist og slysið bar að höndum.

Allir þeir, sem voru farþegar í bifreiðinni RE. 71, þegar slysið varð, og lifðu það af, hafa verið yfirheyrðir, sem vitni í máli þessu, nema Þorsteinn Kárason, sem var mjög þungt haldinn. Um hraðann á bifreiðinni, er slysið skeði, treysta vitnin sér ekki til að segja með vissu. Tvö þeirra gizka á um 40 km. hraða, eitt á 35—40, tvö vitnin kveðast hafa ekið heim í bifreið, sem farið hafi með 40 km. hraða, og hafi hraðinn á Fiatbifreiðinni verið mun meiri. Eitt vitnið segir, að hraðinn hafi verið óvanalega mikill, eitt, að hraðinn hafi verið einna mestur, sem það hafi nokkurntíma ekið í beygju, og enn eitt, að hraðinn hafi áreiðanlega ekki verið undir 40 km. Ennfremur hefir eitt vitnið skýrt svo frá, að því hafi þegar fyrir ofan Múla þótt ákærður aka svo hart, að það hafi beðið hann að hægja á ferðinni og hafi ákærður lofað því. Þessu hefir ákærður ekki mótmælt. — Vitnin kveðast hafa tekið eftir því um leið og eftir að bifreiðin fór beygjuna til hægri á veginum, hafi afturhjólin skrensað út til vinstri og þeim virtist bifreiðin verða óstöðugri á veginum. Rétt á eftir rann hægra framhjólið út af veginum hægra megin, bifreiðin rann þannig áfram með sama hraða, og ákærður virtist ekki nota hemlana, heldur ætla að nota hraða bifreiðarinnar til þess að koma

henni upp á veginn; en þá þversnerust framhjólin, ákærður virtist beita hemlunum og þá kastaðist bifreiðin skáhallt framyfir sig, að því er þeim virtist. Öllum ber vitnunum saman um það, að þeir hafi alls ekki heyrt slönguna á framhjólinu springa, en ákærður telur það stafa af því, að þá hafi aðeins komið hviss, en ekki hvellur. — Þeim ber, eins og fyr segir, saman um það, að bifreiðin hafi ekki hægt á ferðinni í bugðunni, og ekki verið farin að hægja á sér, þegar hún steyptist, — en fyrir neðan bugðuna er mjög góður vegspotti og þar hafi ákærður hert á og ekið allhart þá með þeim hraða, sem vitnin hafa gizkað á, og getið er um hér á undan.

Aðalvarnarástæðan, sem kærður og talsmaður hans bera fram er sú, að slangan hafi sprungið á hægra framhjóli og því hafi það runnið út af, hraðinn hafi verið um 30—35 km. og ofmiklum hraða eða ógætilegri stjórn á bifreiðinni sé því ekki um að kenna.

Eins og sjá má á því, sem sagt er hér að framan, eru engar líkur fyrir því, að slangan hafi sprungið áður en að framhjólið rann út af, — aðrar en þær, að slangan er sprungin eftir slysið. — Ýmsar líkur eru hinsvegar til þess, að slangan hafi sprungið eftir að hjólið fór út af veginum.

1. Farþegarnir í bifreiðinni heyrðu alls engan hvell, og urðu þess ekki varir, að springi; en það verður að teljast líklegt, að þeir hafi orðið þessa varir, ef sprungið hefði á veginum, en er í alla staði eðlilegt, að farþegarnir taki ekki eftir þessu, eftir að bifreiðin var tekin að kastast til utan vegarins.
2. Það er auðsætt á hægra framhjólinu, að það hefir orðið fyrir miklu höggi, því það er beyglað, þegar framhjólin snerust þvert utan í vegkantinum og bifreiðin hentist áfram og stakkst síðan á horn, hefir næstum allur þungi bifreiðarinnar og farþegarnir hvílt á hægra framhjólinu nokkur augnablik. Við þennan snögga árekstur utan í vegkantinum eða við þungan, er bifreiðin steyptist, er sennilegast að slangan hafi sprungið.
3. Einn af farþegunum kveðst hafa skilið kærðan svo, er hann átti tal við hann rétt eftir slysið, að sprungið hefði eftir að hjólið fór út af og þegar hann ætlaði að komast upp á veginn aftur.
4. Það verður að telja mjög ósennilegt, að ákærður, sem

heldur því fram að bifreiðin hafi, vegna þess að sprakk á framhjólinu, tekið af sér stjórnina til hægri og út af veginum, hafi látið sér koma til hugar, ef hann hefði álitið sprungið á hægra framhjóli að kippa bifreiðinni á hraðanum upp á veginn aftur til vinstri, þar sem halli bifreiðarinnar til hægri, vegkanturinn, sprengda framhjólið og framhjólið vinstramegin, sem var hærra og lagði meira undir sig, hlaut að vinna á móti.

Rétturinn verður einnig að líta svo á, að skýringin á því hvernig á því stóð að bifreiðin rann útaf til hægri handar, liggi fyrir í prófum málsins. Farþegarnir verða þess varir, að um leið og rétt eftir að bifreiðin fór yfir beygjuna, skrensaði hún til að aftan til vinstri handar. — Þegar litið er á framburð vitnanna um það, hvernig næstum fullhlaðin bifreiðin hentist framyfir sig, hraðinn í beygjunni og þess gætt, að vegurinn í þessum stað var þur og harður og ofan á honum var fíngjörður malarruðningur, verður rétturinn hiklaust að álíta, að hraðinn hafi verið það mikill, að bifreiðin hafi ekki þolað beygjuna á svo hörðum veginum, en miðflóttaafl að kasta henni til að aftan. Við þetta stefnir bifreiðin meira til hægri en vera bar, kærður missir stjórn á henni eða tekst ekki að rétta hana nægilega til vinstri í tæka tíð, áður en hægra framhjólið rennur út af eins og fyr segir.. — Eftir að bifreiðin rennur út af, hagar ákærður sér heldur ekki eins og gætnum manni bar. Það er eða á að vera hverjum bifreiðarstjóra kunnugt, að það er stórfeld hætta á því, að bifreið steypist ef henni er snúið allsnöggt á mikilli ferð í lausum vegi, ekki sizt þegar henni er jafnframt beitt upp í vegkant; að það var mikil hætta á því; að hjólin þversnerust, eins og varð, var því fyrirsjáanlegt. — Með því að setja hemlana, sem voru mjög sterkir eins og skoðunarmaður segir, á bifreiðina í tæka tíð meðan hjólin sneru beint við, virðist ákærður hinsvegar mundi hafa getað afstýrt slysinu að miklu eða öllu leyti. — Það er að vísu svo, að menn geta ekki á svo fáum augnablikum, sem hér um ræðir, hugsað mikið eða yfirvegað. En það er álit dómarans, að ákærður hafi í þessu tilfelli vanrækt að gæta tvenns, sem sérhverjum bifreiðarstjóra bar að hafa hugfast án nokkurrar umhugsunar: að aka ekki af meiri hraða í beygju en svo, að bifreiðin láti vel að stjórn, og að stöðva bifreiðina þegar hún fer út af, í stað þess að beita henni af miklum hraða upp í lausan vegkantinn. — Ef það væri rétt, sem ákærður heldur

fram, en rétturinn telur engar líkur til, að sprungið hafi á framhjólinu áður en það rann út af, var það meiri ógætni að beita bifreiðinni upp í vegkantinn af mikilli ferð.

Í 6. gr. bifreiðarlaganna er það tekið fram, að þar, sem ökumaður sjái ekki langt fram á veginn eða bugður séu krappar, megi ekki aka hraðara en svo að stöðva megi vagninn þegar í stað. — Ákærður hefir því freklega brotið gegn ákvæðum þessarar greinar, og rétturinn verður að telja, að ákærður hafi farið svo óvarlega af ástæðum, sem að framan segir, að hann hafi, þar sem mannsbani hlauzt af, og brotið gegn ákvæðum 200. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing sú, er kærður, sem ekki er áður refsað, hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í einn mánuð.

Svo missi ákærður og æfilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrmflm.

Á máli þessu hefir enginn óparfur dráttur orðið.

Mánudaginn 4. nóv. 1929.

Nr. 97/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Jens Eyjólfssyni (Guðmundur Ólafsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. ág. 1929: Kærður, Jens Eyjólfsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa en sæti ella einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur skal hann sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar.

Dómnum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að ekki er upplýst í prófum málsins annað eða frekara en að kærði hafi verið

undir áhrifum víns, ber, af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, að staðfesta hann.

Kærði greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað.

Kærði, Jens Eyjólfsson, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 40 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jens Eyjólfssyni, byggingarmeistara, Grettisgötu 11, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, og áfengislaganna nr. 64 frá 1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Um kl. 11½ að kvöldi 8. þ. m., var lögreglunni tilkynnt, að kærður í þessu máli, Jens Eyjólfsson, væri að aka um bæinn í bifreiðinni RE. 727. Lögreglan fékk sér leigða bifreið til þess að leita að kærðum og eftir talsverða leit sá lögreglan bifreiðina RE. 727 ekið vestan Vesturgötu fremur hægt en nokkuð slögótt. Óku lögregluþjónarnir á eftir henni suður Suðurgötu og vestur á Sólvelli, en þar stansaði bifreiðin og höfðu lögregluþjónarnir þar tal af kærðum, sem sat við stýrið og var talsvert ölvaður. Lögreglan tók bifreiðina af kærðum, og ökuskírteini var tekið af honum daginn eftir.

Kærður hefir kannast við, að þessi frásögn lögreglunnar sé rétt, hann hefir kannast við það að hafa þarna um kvöldið

drukkið talsvert af áfengi og ekið hér um bæinn undir áhrifum áfengis án þess þó að slys hlytist af.

Með þessu framferði, sem lýst er hér að framan, hefir kærður, sem ekki hefir áður verið refsað fyrir nokkurt afbrot, brotið gegn 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og skal kærður jafnframt sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Sektin greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 8. nóv. 1929.

Nr. 100/1929. **Réttvísin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Benjamín Ágúst Jenssyni, Alfred Nielsen, Ingólfi Andréssyni og Jóni Þorsteinssyni (Guðmundur Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1929:

Ákærður, Otto Alfred Nielsen, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærðir, Benjamín Ágúst Jensson, Ingólfur Siggeir Nielsen og Jón Bjarni Zakarías Frank Þorsteinsson, sæti hver um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Svo greiði þeir in solidum 100 króna skaðabætur til Jónatans Þorsteinssonar og 80 kr. til Sigurðar Símonarsonar, svo og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Ef ákærðir greiða hinar ídæmdu skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, skal fullnustu refsingarinnar frestað og hún falla niður, nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og í því dæmdir til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur aukaréttardómsins um sýknun ákærða, Ottós Alfreds Nielsens, á dóminum að því leyti að vera óraskað.

Þá er ákærða, Benjamíni Ágústi Jenssyni, í dóminum réttilega einum gefin sök á stuldi gúmmíhjólanna undan bílum þeirra, Kerffs, Jóns Símonarsonar og Þorfinns Guðmundssonar, með því að ekki er gjörð grein fyrir því í prófunum, hversu háttað hafi verið návist eins hinna samákærðu við stuld Ágústs á hjóli Kerffs, ekki Grettisgötu bílsins, bíls Þorfinns, svo sem misritazt hefir í dóminum.

Enn verður eins og gjört er í dóminum að dæma hina ákærðu, Ágúst, Ingólf Andrésson og Jón Þorsteinsson, samseka um stuldinn úr bílnum RE. 163 innan við Lækjarhvamm og um stuldinn á hjóli því, er síðar var stolið hjá Jónatan Þorsteinssyni, þó þannig, að telja má, að Ágúst hafi unnið hina með fortölum til að fremja síðarnefnda brotið.

Hinsvegar verður að líta svo á, að Ingólfur og Jón hafi einir stolið fyrtekna hjólinu frá Jónatani, en Ágúst sé þjófsnautur að því.

Samkvæmt þessu ber að heimfæra brot Benjamíns Ágústs undir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 53. gr. hegningarlaganna, að því er snertir síðar stolna hjólið frá Jónatani og undir 240. gr. hegnl., að því er snertir kaup hans á fyrstolna hjólinu.

Brot ákærðu Ingólfs og Jóns, eru réttilega heimfærð undir 6. gr. fyrnefndra laga nr. 51/1928.

Þykir refsing Ágústs hæfilega metin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en Ingólfs og Jóns, hvors um sig, 20 daga samskonar fangelsi.

Um greiðslu iðgjalda skal dóminum óraskað.

Sama gildir um skilorðsákvæði dómsins, þó þannig,

að greiðslufrestur iðgjaldanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið sóknar- og varnarkaup hér í rétti, 80 kr. hvort um sig, þannig, að Ágúst einn greiði 2/3 hluti kostnaðarins, en þriðjung hans in solidum með Ingólfi og Jóni.

Það athugast, að rannsóknin er ekki svo ítarleg sem skyldi og að mat vantar á þýfinu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Benjamín Ágúst Jensson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og hinir ákærðu, Ingólfur Andrésson og Jón Þorsteinsson, hvor um sig, 20 daga samskonar fangelsi.

Um greiðslu iðgjalda og skilorð skal aukaréttardóminum óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur iðgjaldanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Málskostnað í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. hvorum, greiði Benjamín Ágúst einn að 2/3 hlutum og 1/3 in solidum með Ingólfi og Jóni.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Benjamín Ágúst Jenssyni, Grettisgötu 48, Ingólfi Siggeir Nielsen, Laugaveg 37, B., Jóni Bjarna Zakarias Frank Þorsteinssyni, Skólavörðustíg 12, og Ottó Alfred Nielsen, Laugaveg 61, fyrir brot

gegn ákvæðum 23. kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og lögum nr. 51, frá 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og eru málavextir að því, er hvern einstakann snertir, þeir sem nú skal greina.

Ákærður, Benjamín Ágúst Jensson, hefir viðurkennt, að hafa stolið gúmmiafturhjóli ásamt felgu af bifreið Kerffs bakarameistara, skömmu fyrir jólin í vetur, en bíll Kerffs stóð þá fyrir utan hús hans, þetta hjól kveðst ákærður hafa sett undir bíl Alfred Nielsen bakara, og skyldi það vera upp í greiðslu fyrir lán á þeirri bifreið. Kveðst hann jafnframt hafa sagt Alfred Nielsen hvernig hann væri að hjóli þessu kominn, þá hefir ákærður einnig viðurkennt, að þegar bakaraskemmtun var á Hotel Heklu 3. janúar þ. á,, þá hafi hann stolið dekki af bíl Jóns Símonarsonar, bakara, sem stóð fyrir utan Hotel Heklu. Dekk þetta setti ákærður einnig undir bifreið A. Nielsen, og kveðst hann einnig hafa sagt A. Nielsen, hvernig hann hafi fengið dekk þetta.

Þá hefir ákærður einnig viðurkennt, að hafa stolið dekki af bifreið, sem stóð fyrir utan hús eitt á Grettisgötunni, skammt fyrir innan hús það, sem ákærður býr í. Þetta dekk fór ákærður með heim til sín, og geymdi þar.

Eigandi þessa dekks, Þorfinnur Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Laugaveg 23, hefir helgað sér dekk þetta og fengið það afhent hjá lögreglunni.

Einnig hefir ákærður viðurkennt, að hafa keypt af samákærðum Ingólfi Andréssyni og Jóni Þorsteinssyni 1 dekk, er þeir sögðu honum eftir á, að þeir hefðu tekið frá Jónatan Þorsteinssyni, og beið fyrir utan á meðan þeir Ingólfur og Jón sóttu eitt nýtt dekk, og fluttu upp í bíl hans. Þetta dekk var geymt heima hjá ákærðum og hefir verið afhent eigandanum, Jónatan Þorsteinssyni.

Loks hefir ákærður játað við framhaldsrannsókn í þessu máli, að hafa ekið á síðastl. hausti með samákærðum Jóni Þorsteinssyni og Ingólfi Andréssyni og dreng að nafni Jón Guðsteinsson, inn að Lækjarhvammi, og kveðst ákærður hafa biðið í bíl sínum meðan að félagar hans fóru þar að bílnum RE. 163, sem þar var í ísamasessi, og tóku þá úr honum þurkara, tékk, peru og smurningsolíubrúsa með slatta á. Kveðst ákærður ekkert hafa fengið af þessum hlutum.

Ákærður, Alfred Nielsen, kveðst hafa lánað samákærðum,

Benjamín Ágúst Jenssyni; bifreið sína fyrir jólin í vetur og eftir nýjárið, er hann var að keyra vín fyrir áfengisverzlunina. Kveður hann Benjamín þá hafa sett eitt sinn nýtt dekk undir bílinn, og sagt sér, að það væri 90 króna stykki og kvaðst ætla að láta það ganga upp í leigu fyrir bílinn. Ákærður hefir eindregið neitað því, að Benjamín hafi sagt sér, að hann hafi stolið dekki þessu af bíl Kerfís bakara. Jafnskjótt og hann komst að því, að dekk þetta væri stolið skrúfaði hann það undan bíl sínum og afhenti það lögreglunni. Þá hefir ákærður skýrt svo frá, að er bakaraskemmtunin var haldin á Hotel Heklu, þá hafi hann beðið Benjamín að setja undir bíl sinn hjól, sem ákærður kvaðst hafa átt geymt hjá honum. Setti Benjamín þá hjól undir bílinn, en það var ekki það hjól, sem ákærður átti. Kveður ákærður Benjamín hafa sagt sér, að hann ætlaði að láta hann hafa hjólið upp á það, að hann fengi lánaðan bíl hjá honum seinna. Skömmu síðar komst það upp, að hjól þetta var stolið undan bíl Jóns Símonarsonar bakara, sem stóð fyrir utan Hotel Heklu, er bakaraskemmtunin var, en ákærður neitar því eindregið, að hann hafi nokkuð vitað um, að svo var eða að Benjamín hafi sagt sér það.

Ákærðir, Ingólfur Siggeir Andrésson, og Jón Bjarni Zakarias Frank Þorsteinsson, hafa játað að hafa einu sinni, er þeir voru á gangi hjá húsi Jónatans Þorsteinssonar, séð bíladekk fyrir framan húsið. Sögðu þeir Benjamín frá þessu og hvatti hann þá til að ná í bíladekk fyrir sig, og náðu þeir þá í eitt dekk, og greiddi Benjamín þeim eitthvað af peningum fyrir, og ókeypis keyrslu í bíl Benjamíns. Skömmu seinna stálu þeir í félagi öðru dekki af sama stað, og létu Benjamín hafa, enda keyrði hann þá í bíl sínum á staðinn. Þá hefir ákærður, Jón Þorsteinsson, játað það, að hafa verið með Benjamín, er hann stal bíldekkinu af Grettisgötunni. Loks hafa ákærðir játað, að hafa stolið ásamt Benjamín og dreng, að nafni Jón Guðsteinsson, úr bílnum RE. 163 inn við Lækjarhvamm, tékk, rafmagnsþurku, peru og smurningsolíubrúsa.

Skaðabótakröfur hafa komið fram í máli þessu, 100 krónur, frá Jónatan Þorsteinssyni og 80 krónur frá Sigurði Símonarsyni, fyrir hönd sonar hans Valdimars, sem átti bílinn RE. 163.

Að því er snertir ákærðan, Ottó Alfred Nielsen, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. október 1906, og ekki hefir sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot, þá verður ekki hægt að telja það sannað, gegn eindregnum mót-

mælum hans, að hann hafi vitað um það, að bíladekk þau, sem Benjamín setti undir bíl hans, væri stolin. Verður því að sýkna hann af kæru réttvísinnar í þessu máli.

Ákærðir, Benjamín Ágúst Jensson, Ingólfur Siggeir Andrésson, og Jón Bjarni Zakarias Frank Þorsteinsson, eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Benjamín fæddur 6. ágúst 1902, Ingólfur fæddur 26. apríl 1912, og Jón fæddur 8. júlí 1911, og hafa ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Framantalin afbrot þeirra ber að áliti dómarans að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928, og þykir refsing sú, sem þeir hafa tilunnið hver um sig, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga.

Svo greiði þeir in solidum 100 króna skaðabætur til Jónatans Þorsteinssonar, og 80 krónur í skaðabætur til Sigurðar Símonarsonar. Svo greiði þeir og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Með tilliti til þess, að brotið er ekki stórfellt og að hér er um fyrsta afbrot ákærðra að ræða, þykir mega ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907, ef ákærðir greiða hinar ídæmdu skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dómsins, stafar af annríki dómarans.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 106/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Pálma S. Pálmasyni (M. Guðmundsson).

Sýknaður af kæru fyrir ölvun.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 20. júlí 1929: Kærður, Pálmi S. Pálmason, greiði 75 króna sekt í ríkissjóð og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefir eindregið neitað því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og því síður ölvaður á samkomunni í Kirkjubólsteig þ. 7. júlí þ. á., svo sem hann er sakaður um.

Hefir hann haldið því fram, að hann þennan dag hafi aðeins drukkið eitt glas af rauðvíni, blandað vatni, og er það ekki upplýst í málinu, að hann hafi neytt annars eða meira áfengis.

En fjögur vitni hafa borið það, að þeim hafi virzt kærði vera ölvaður á samkomunni. Tvö af þessum vitnum sáu kærða aðeins álengdar, en töluðu ekki við hann, heldur ályktuðu, að hann hefði verið ölvaður af því að hann hefði tekið fram í fyrir manni, er þar var að halda ræðu, og beðið hann að hætta, en af þessu verður eigi sú ályktun dregin, að hann hafi verið ölvaður, þriðja vitnið álítur kærða hafa verið ölvaðan af því að hann hafi verið ákafur í tali og ör, en einnig þetta gat átt rót sína að rekja til annars en ölvunar. Loks hefir fjórða vitnið borið, að kærði hafi verið sýnilega ölvaður, bæði reikað í spori og verið loðmæltur, sem hvorutveggja er einkenni ölvunar. Öllum þessum vitnisburðum hefir kærði mótmælt og hafa engir þeirra verið eiðfestir, svo sem átt hefði að vera til þess að öðlast fullt sönnunargildi.

Hinsvegar hafa tvö vitni, er voru ásamt kærða á samkomunni og töluðu þar við hann, borið sem sitt álit, að hann hafi eigi verið ölvaður og þriðja vitnið, er varð kærða samferða heim af samkomunni um kvöldið, hefir borið, að það þá hafi hvorki séð vín á honum né fundið vínlykt af honum.

Að þessu athuguðu verður það eigi talið sannað, að kærði hafi verið ölvaður á fyrnefndri samkomu, og verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnar-

innar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, sem eftir atvikum ákveðast 30 kr. til hins fyrnefnda og 60 kr. til hins síðarnefnda.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Pálmi S. Pálmason, á sýkn að vera af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson, 30 kr., og Magnúsar Guðmundssonar, 60 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pálma S. Pálmasyni, kaupmanni hér í bænum, fyrir brot á áfengislögunum frá 1928.

Enda þótt verknaður sá, sem málið er höfðað út af, hafi átt sér stað í lögsagnarumdæmi Suðurmúlasýslu, hefir málið verið rannsakað og dæmt hér fyrir réttinum eftir beiðni sýslumanns Suðurmúlasýslu, þar sem vitnin og kærðir eru heimilisföst hér í bænum.

Eru málavextir sem hér segir:

Sunnudaginn 7. júlí síðastliðinn, var almenn samkoma haldin í svokölluðum Kirkjubólsteig í Norðfjarðarhreppi. Meðan einn ræðumannanna á skemmtun þessari var að halda ræðu sína, kom kærður þar að og kallaði til ræðumanns að hætta þessu. Viðurkennir kærður að hafa kallað þetta tvisvar fram í fyrir ræðumanni, en eigi oftar, hinsvegar hefir eitt vitni borið, að kærður hafi kallað að minnsta kosti fjórum sinnum.

Um þetta sama leyti sneri kærður sér að hreppstjóra Norðfjarðarhrepps, sem mættur var á skemmtuninni til lögreglueftirlits, og bað hann að ljá sér hrossabrest. Hefir kærður hér í réttinum gefið þá skýringu, að hann hafi ætlað, að nota hrossabrestinn sér til gamans, þar eð honum þætti hljóðið í hrossabrestinum skemmtilegra en hlusta á ræðumanninn, sem

þá var að tala. Síðan sneri kærður sér að öðrum manni þar nærstöddum og spurði, hvort hann hefði eigi hljóðpípu, en hvorugt þessara áhalda var fáanlegt. Kærður hefir eindregið neitað að hafa verið ölvaður.

Í málinn hafa verið leidd 8 vitni og borið sem hér segir.

Vitnið, Jón Sigfússon, kveðst hafa verið rétt hjá kærðum, er áðurnefndur ræðumaður, sem var Jónas Guðmundsson, hóf ræðu sína, en þó hafi þeir kærður gengið burt niður að danspallinum og síðan skilið með þeim.

Vitni þessu virtist kærður eigi vera ölvaður þá, og eigi hefði vitnið heyrt kærða áreita ræðumann neitt. Er helzt að álíta, að það hafi verið eftir að þeir skildu, vitnið og kærður, að síðarnefndur tók fram í fyrir ræðumanni.

Þá hefir vitnið, Jónas Guðmundsson, sem var að tala, er kærður tók fram í fyrir honum, borið, að sér hafi virzt kærður áberandi ölvaður. Vitnið talaði þó eigi við kærðan, heldur sá hann nokkuð álengdar.

Vitnið, Páll G. Þormar, heyrði kærðan taka fram í fyrir ræðumanni og áleit af því framferði, að kærður mundi vera ölvaður.

Vitnið, Jakob Jónsson, talaði við kærðan síðar um kvöldið, og virtist því kærður þá vera ölvaður, þar sem hann bæði var ákafur í tali og ör.

Vitnið, Gunnar Sæmundsson, átti tal við kærðan ca. einni kl.st. eftir að kærður hafði tekið fram í fyrir ræðumanni og áleit vitnið, að hann væri ekki ölvaður þá, en tekur fram, að það þekki kærðan mjög lítið og geti því síður um það borið, hvort hann sé undir áhrifum víns, nema það sé mjög áberandi og auk þess væri vitnið klaufskt mjög að taka eftir og sjá, hvort menn séu með víni eða eigi.

Vitnið, Jón Sveinsson, heyrði kærðan aðeins kalla álengdar, og kveðst eigi geta um það borið, hvort kærður hafi verið ölvaður, en taldi eins líklegt að svo hefði eigi verið.

Vitnið, Jón Sigurjónsson, talaði við kærðan nokkru eftir að hann tók fram í fyrir ræðumanni og telur, að kærður hafi þá verið sýnilega ölvaður bæði reikað í spori og verið loðmæltur.

Þá hefir vitnið, Sverrir Sverrirsson, sem var samferða kærðum heim um kvöldið, borið, að það hafi hvorki séð vín á kærðum né fundið af honum vínlykt.

Fjögur af vitnunum telja, að kærður hafi verið ölvaður. Vitnið, Jón Sigfússon, skildi við kærðan meðan Jónas Guðmundsson hélt ræðu sína, að því er virðist áður en kærður

greip fram í fyrir ræðumanni, þar sem hann eigi heyrði það. Getur hann því eigi um það borið, sem eftir það gjörðist og hnekkir því eigi vitnisburði þeirra 4 vitna, er telja kærðan hafa verið ölvaðan síðar.

Sama er að segja um vitnið, Sverrir Sverrisson, er eigi hitti kærðan fyr en um kvöldið, er hann fór heim, og hnekkir í engu þeim framburði, að kærður hafi verið ölvaður áður um daginn.

Vitnið, Gunnar Sæmundsson, álítur að kærður hafi ekki verið ölvaður ca. 1 kl.st. eftir að kærður tók fram í fyrir ræðumanni, en þessi vitnisburður nægir þó eigi til að hnekkja framburði hinna vitnanna fjögra, bæði þar sem þetta vitni tekur fram, að það þekki kærðan lítið og sé auk þess klaufi að taka eftir, hvort menn séu ölvaðir, svo og þar sem framburður hinna vitnanna á við annan tíma.

Auk þess virðist framkoma kærðs benda mjög í þá átt, að hann hafi verið ölvaður, þar sem hann grípur fram í fyrir ræðumanni á almennri skemmtisamkomu og er að þrugla um hrossabrest og flautu.

Samkvæmt framansögðu verður því að teljast sannað, að kærður hafi verið ölvaður á samkomu í Kirkjubólsteig 7. júlí síðastliðinn og með því gjörzt sekur um brot á 16. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Kærður hefir eigi áður sætt sekt eða ákæru fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.

Þykir refsing sú, er kærður hefir unnið til, samkv. 36. gr. nefndra áfengislaga, hæfilega ákveðin 75 króna sekt í ríkissjóð og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 29/1929. **Herluf Clausen, f. h. h/f. Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Helga Benediktssyni (Enginn).

Fógetaréttarúrskurður.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 4. febr. 1929: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 24. nóv. f. á., til fógetans í Vestmannaeyjum, krafðist áfrýjandi þess, f. h. hlutafélagsins Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna í Reykjavík, að nokkrir nánar tilgreindir innanstokksmunir væru teknir úr vörzlum stefnda og afhentir sér, f. h. hlutafélagsins, en með úrskurði, uppkveðnum 24. febr. þ. á., neitaði fógetinn að verða við þessari kröfu.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 30. marz þ. á., og með því að stefndi mætti ekki við fyrirtekt málsins hér fyrir réttinum, hefir málið verið rekið skriflega og er dæmt eftir framlögðum skjölum samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn umgetni fógetaúrskurður verði úr gildi felldur og að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu innsetningargjörð og að sér verði tildæmdur málskostnaður af hendi stefnda.

Áfrýjandi hefir gjört þá grein fyrir kröfu sinni, að á árunum 1926 og 1927 hafi stefndi haft ýmsar vörur í umboðssölu fyrir húsgagnaverzlunina, hafi hann selt vörurnar, en ekki skilað andvirðinu.

Hinn 17. jan. 1928 hafi þeim komið saman um, að stefndi seldi áfrýjanda nokkra innanstokksmuni til greiðslu á skuldinni, en þessa sömu muni hafi áfrýjandi samstundis selt stefnda með afborgunarsamningi, dags. s. d. Í samningi þessum er tekið fram, að stefndi hafi við undirskrift hans greitt 800 kr. upp í andvirði húsgagnanna, en afganginn skyldi hann greiða með 425 kr. hinn 20. apríl og 425 kr hinn 20. maí 1928; áskildi áfrýjandi sér eignarrétt yfir hinum seldu munum, þar til þessar 850 kr. væru að fullu greiddar og aðstoð fógeta til að ná vörzlu þeirra, ef borgun brysti á tilskildum tíma. Þar sem stefndi hafi vanrækt að greiða nefndar upphæðir, taldi áfrýjandi muni þá, er ræðir um í samningnum, sína eign og krafðist aðstoðar fógetans til að taka þá úr vörzlum stefnda.

Stefndi hefir fyrir fógetaréttinum neitað því, að áfrýjandi hafi afhent sér húsgögn þau, er framangreindur samningur 17. jan. f. á. ræðir um, og neitað því, að áfrýjandi eigi nokkur húsgögn hjá sér. En þar sem neitun þessi fer í bága við nefndan samning, er stefndi hefir undirritað, verður henni eigi gaumur gefinn. Og það, að áfrýjandi hefir nefnt samninginn »veðsamning« í kvittun þeirri, er hann afhenti stefnda fyrir viðskiftum umboðsverzlunarinnar, getur heldur ekki komið til greina til hnekkis kröfu áfrýjanda, þar sem það er skýrt ákveðið í samningnum, að áfrýjandi sé eigandi húsgagnanna, þar til andvirði þeirra sé greitt að fullu, og að honum sé heimilt að neyta aðstoðar fógeta til að ná þeim aftur í sínar vörzlur, ef áskildar afborganir verði eigi skilvíslega greiddar.

Það verður því að fella fógetaréttarúrskurðinn úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hina umbeðnu fógetagjörð.

Samkv. þessum úrslitum verður stefndi að greiða

áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti og er hann ákveðinn 150 kr.

Það athugast, að nokkur fylgiskjöl með sókn áfrýjanda fyrir fógetaréttinum, eru ekki tekin í fógetaréttargjörðirnar.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn er felldur úr gildi og ber fógetanum að framkvæma hina umbeðnu fógetagjörð.

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði áfrýjanda, Herluf Clausen, f. h. h/f. Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna, 150 kr. málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það er sannað af hálfu gjörðarþola með kvittun Herluf Clausen, dags. 17. jan. f. á., að gjört var ráð fyrir, að samningur sá um húsgagnakaup, er þeir gjörðu sín á milli, átti að vera *veðsamningur* og gjörðarþoli því að verða strax eigandi umræddra húsgagna. Þegar af þeirri ástæðu getur krafa gjörðarbeiðanda ekki orðið tekin til greina og þarf ekki að athuga hér, hvort þau mótmæli gjörðarþola eru á rökum byggð, að hann hafi í raun og veru aldrei fengið þau húsgögn í sínar hendur, sem fyrnefndur samningur var gjörður um.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 37/1929. **Magnús Vernharðsson** (Svb. Jónsson)

gegn

Sigurði Jónssyni, L. P. Imsland og St. Th. Jónssyni, f. h. h/f. Aldan

(Enginn).

Ábyrgð fyrir kaupgreiðslu.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. febr. 1928: Stefndu, kaupmennirnir, Sigurður Jónsson,

Lars J. Imsland og Stefán Th. Jónsson, f. h. h/f. Alda, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Málavextir eru þeir, að áfrýjandi réðist með samningi, dags. 18. maí 1925, til sjóróðra á Skálum á Langanesi hjá Jörundi nokkrum Þórðarsyni, frá 1. júní til 30. sept. það ár, gegn 210 kr. mánaðarkaupi, og ritaði framkvæmdarstjóri og prókúruhafi h/f. Öldunnar undir samninginn, að félagið ábyrgðist að kaupið yrði greitt.

Með því að Jörundur stóð ekki í skilum, höfðaði áfrýjandi mál gegn honum til greiðslu kaupsins og lauk því svo, að Jörundur var dæmdur í gestarétti Reykjavíkur 29. maí 1926 til þess að greiða áfrýjanda 851 kr. með 5 % ársvöxtum frá 21. s. m. og 119 kr. 50 a. í málskostnað. En þar sem fjárnám samkv. dóminum reyndist árangurslaust hjá Jörundi, höfðaði áfrýjandi mál gegn stefndu til greiðslu dómsupphæðarinnar, samkvæmt nefndri ábyrgð þeirra, og lauk því máli með dómi aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. febr. 1928 á þá leið, að stefndu voru sýknaðir og málskostnaður felldur niður.

Var þeim dómi skotið til hæstaréttar samkv. áfrýjunarleyfi með stefnu 20. dez. 1928, en stefnunni var frávísað með dómi réttarins 8. apríl þ. á. Hefir málinu nú af nýju verið áfrýjað hingað, samkv. 27. gr. hæstaréttarlaganna með stefnu, dags. 6. maí, og það rekið skriflega vegna útivistar stefndu, enda dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér ofannefndar 851 kr. — til vara

430 kr. — með 5 % ársvöxtum frá 21. maí 1926, að viðbættum málskostnaði, 119 kr. 50 au., í Jörundarmálinu, auk málskostnaðar fyrir báðum réttum í þessu máli, eftir mati hæstaréttar.

Stefndu byggðu sýknukröfu sína í héraði á því, að það hefði verið forsenda fyrir ábyrgð þeirra, að Jörundur seldi þeim allan afla sinn og hefði öll verzlunarviðskifti sín um útgjörðartímann við þá, og hafi Jörundur lofað þessu munnlega, en rofið það loforð og flutt fisk sinn burt úr húsum stefndu með aðstoð áfrýjanda. Hafi ábyrgð stefndu því fallið niður, enda hafi Jörundi og áfrýjanda verið sagt upp ábyrgðinni degi áður en fiskurinn var fluttur burtu.

Áfrýjandi hefir hinsvegar haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að ábyrgðin, sem var skrifleg, hafi verið bundin munnlegu viðskiftaloforði Jörundar, enda hefði hann engu getað ráðið um efndir þess loforðs, þar sem hann var ráðinn hjá Jörundi gegn föstu kaupi og engan þátt átt í því, að Jörundur lét ekki fiskinn til stefndu. Þá hefir áfrýjandi og mótmælt því, að sér hafi verið sagt upp ábyrgðinni, og telur að uppsögn, án samþykkis síns, hefði eigi haft gildi gagnvart sér.

Þessum atriðum hafa stefndu ekki hnekkt, og þar sem hin bréflega ábyrgðarskuldbinding var skilyrðislaus að þessu leyti og stefndu hafa ekki vefengt heimild útgefanda til ábyrgðartökunnar, þá verður að dæma þá, f. h. h/f. Öldunnar, til að greiða áfrýjanda framannefndar 970 kr. 50 aura með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 15. marz 1927.

Samkv. þessum úrslitum verða stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sigurður Jónsson, Lars P. Imsland og Stefán Th. Jónsson, f. h. h/f. Öldunnar, greiði áfrýjanda, Magnúsi Vernharðssyni, 970 kr. 50 au. með 5 % vöxtum frá 15. marz 1927 og 200 kr. málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir aukaréttinum með stefnu, útgefinni 4. apríl 1927, birtri 7. apríl s. á., af Jóni Jónssyni, Firði, Seyðisfirði, f. h. Magnúsar Vernharðssonar, Vesturgötu 9 í Reykjavík, gegn þeim kaupmönnunum, Sigurði Jónssyni, Lars J. Imsland og Stefáni Th. Jónssyni, f. h. h/f. Alda, sem stjórnendum og eigendum félagsins til greiðslu á kr. 851.00 með 5 % ársvöxtum frá 21. maí 1926 til greiðsludags, svo og áföllnum kostnaði kr. 119.50, innheimtulaunum samkvæmt lágmarksgjaldskrá málfærzlumannafélags Íslands, sem nema kr. 125.00 og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndu hafa mótmælt kröfum stefnanda og krafizt algjörðrar sýknunar af þeim og sér dæmdan málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1925 réðist umbjóðandi stefnanda til sjóróðra norður á Langanes hjá Jörundi nokkrum Þórðarsyni frá Þverá, með ráðningarsamningi, dags. 18. maí 1925.

Með áritun á ráðningarsamning þennan tók framkvæmdarstjóri og prókúruhafi h/f. Alda á það einfalda ábyrgð á greiðslu umsamins kaups umbjóðanda stefnanda. Í lok ráðningartímans var hag nefnds Jörundar Þórðarsonar þannig varið, að hann gat ekki greitt umsamið kaup og ekki heldur síðar. Höfðaði því umbjóðandi stefnanda mál á hendur nefndum Jörundi Þórðarsyni fyrir gestaréttí Reykjavíkur og með dómi, uppkveðnum 29. maí 1926, var hann dæmdur til að greiða

umbjóðanda stefnanda þessa máls umstefnda upphæð ásamt vöxtum og málskostnaði.

Með fjárnámsgjörð, sem framkvæmd var á Siglufirði 9. ágúst 1926, reyndist greindur Jörundur með öllu eignalaus, og af þeirri ástæðu hefir umbjóðandi stefnanda snúið sér til h/f. Alda um greiðslu umstefndrar upphæðar, sem hann telur, að félagið beri ábyrgð á.

Sýknukröfu sína í máli þessu byggja stefndu á því, að prókúruhafa félagsins hafi ekki verið heimilt að taka ábyrgð á kaupi umbjóðanda stefnanda á félagið, nema eitthvað kæmi á móti, svo ábyrgðarskuldbindingin gæti talizt í þágu rekstraratvinnu félagsins. Hafi því verið tilætlun prókúruhafans, að nefndur Jörundur Þórðarson hefði öll viðskifti sín við félagið um sumarið, eða ráðningartíma umbjóðanda stefnanda, og hafa stefndu haldið því fram, að munnlegur samningur um það atriði hafi verið gjörður.

Ennfremur hafa þeir staðhæft, að fyrir prókúruhafa félagsins hafi viðskifti þessi verið veruleg forsenda fyrir ábyrgðinni, sem hún hlaut að standa og falla með. Þessu hefir stefnandi ekki mótmælt, heldur þvert á móti fallizt á það, að ábyrgðin muni hafa verið gefin í þeim tilgangi að sælast eftir viðskiftum þessum.

Það er upplýst í málinu með framburði eins vitnis og játningu stefnanda, að í ágúst um sumarið flutti nefndur Jörundur Þórðarson og menn hans, þar á meðal umbjóðandi stefnanda, úr húsum félagsins, þar sem þeir höfðu haft leigða íbúð og geymslu fyrir afla sinn. Fluttu þeir burtu fisk þann, er þeir höfðu aflað til þess tíma og hættu öllum viðskiftum við h/f. Alda. Sagði þá prókúruhafi félagsins upp ábyrgðinni, eftir að hafa kvatt fyrir sig nefndan Jörund Þórðarson og menn þá, er ábyrgðin náði til, þar á meðal umbjóðanda stefnanda.

Hefir stefnandi eindregið mótmælt því, að afturköllun þessi hafi verið bindandi fyrir umbjóðanda sinn, þar sem prókúruhafi félagsins hafi ekki getað rift ábyrgðina með þessum hætti að lögum.

Á það hafa stefndu fallizt, en hinsvegar haldið því fram, að með því að hætta viðskiftunum við félagið hafi aðalskuldari aukið að svo miklum mun áhættu félagsins sem ábyrgðartaka, að ábyrgðin hafi fallið niður, um leið og viðskiftunum var slitið.

Þá hafa stefndu einnig haldið því fram, að hafi ábyrgðar-

skuldbindingin ekki byggzt á viðskiftasamningi, hafi prókúruhafi h/f. Alda farið út fyrir umboð sitt og ábyrgðin þá frá upphafi verið ógild. Þessu til stuðnings hafa þeir vitnað til 25. gr. laga nr. 42, 18. nóv. 1903, og verður rétturinn að fallast á, að sérstæðar ábyrgðarskuldbindingar verði ekki taldar til rekstrar atvinnu umbjóðanda prókúruhafa.

Með skírskotun til framanritaðs verður rétturinn að líta svo á, að ofangreind ábyrgð, sem prókúruhafi h/f. Alda tók á félagið, sé fallin niður og beri félagið því ekki ábyrgð á umstefndri kaupkröfu umbjóðanda stefnanda. Eiga því stefndu, f. h. h/f. Alda, að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 14/1929. **Sparisjóður Norðfjarðar** (Guðmundur Ólafsson)

gegn

frú Guðrúnu Ólafsson, f. h. dánarbús Ragnars Ólafssonar og skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu, f. h. þrotabús h/f. Eljan á Norðfirði (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 8. febr. þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 14. jan. s. á. Er mál þetta var tekið fyrir hér í rétti í maímán. s.l., var því samkvæmt ósk áfrýjanda og með samþykki stefndu, er þá létu mæta í málinu, frestað til fyrirtektar í júnímán. og síðar til fyrirtektar í októbermán., en með því að þá mætti enginn af hálfu hinna stefndu, hefir málið verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í héraði var mál þetta höfðað af Ragnari Ólafssyni kaupmanni á Akureyri gegn skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu, Magnúsi sýslumanni Gíslasyni, f. h. þrotabús h/f. Eljan og sparisjóðnum á Norðfirði, en þótt Magnús sýslumaður Gíslason væri þannig formlegur aðili málsins, hefir hann þó gefið út stefnu í því, leitað um sættir og kveðið upp dóm í málinu.

Þetta getur eigi talizt lögleg meðferð málsins, og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir sjódóminum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefndu til að greiða in solidum og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir sjódóminum á að vera ómerk.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en málskostnað í hæstarétti greiði hinir stefndu, frú Guðrún Ólafsson, f. h. dánarbús Ragnars Ólafssonar og skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu, Magnús sýslumaður Gíslason, f. h. þrotabús h/f. Eljan á Norðfirði, in solidum áfrýjanda, sparisjóði Norðfjarðar með 250 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 82/1927. **Halldór Bjarnarson** (Pétur Magnússon)
gegn
Birni Haraldssyni og gagnsök
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 13. apríl 1927: Ummæli þau, sem eru undir tölulíðum: 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 24., 27., 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35., eiga að vera dauð og ómerk. Sömuleiðis eiga ummælin undir tölulið 4., »Högg það er handleggsbrotið leiddi af, leit út fyrir að vera banatilræði af hendi prests», orðið »þrjóskur« undir tölulið 13., orðin »í mesta ólagi« undir tölulið 15., ummælin »ástæðulausar deilur», »neyðst til að sækja rétt sinn«; undir tölulið 19., orðin »að nafni til«, undir tölulið 20., orðin »hin dónalegasta», undir tölulið 22., ummælin »þjónað því að nafninu til«, undir tölu- 25., orðin »vakið hið mesta hneyksli«, undir tölulið 26., að vera dauð og ómerk. Einnig skulu ummælin í varnarskjali stefnda: »til sönnunar þessum ummælum mundi nægja að leiða vitni, sem teldu það liggja nærri að ætla, að maður, sem hefði aðra eins ókosti og galla og þau teldu séra H. B. hafa, að slíkur maður væri ekki laus við þann vanka að vera þjófur«, vera dauð og ómerk.

Stefndur, Björn Haraldsson í Austurgörðum, greiði sekt í ríkissjóð 500 krónur, ella sæti hann 31 dags einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum og kærum stefnanda í máli þessu.

Stefndur greiði stefnanda, séra Halldóri Bjarnarsyni í Presthólum, 250 krónur í málskostnað, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðila og hefir gagnáfrýjandi fengið gjafsókn og gjafvörn í því. Er málinu af hans hálfu gagn-

áfrýjað með stefnu, útg. 9. dez. 1927, samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. sama dag.

Öll þau ummæli, sem áfrýjandi hefir átalið og talin eru í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, verða eftir sambandinu í hinni umstefnu blaðagrein, sem hefir raskazt nokkuð í dóminum, að teljast sumpart meiðandi og sumpart móðgandi fyrir áfrýjanda, enda ekki sjáanlegt, að gagnáfrýjandi hafi haft tilefni til að viðhafa þau, sum jafnvel tugum ára eftir að atburðir þeir gjörðust, sem fundið hefir verið að í fari áfrýjanda.

Og þar sem gagnáfrýjandi hefir ekki réttlætt ummælin, verður eins og héraðsdómarinn hefir gjört, að ómerkja þau og auk þess láta þau öll varða refsingu samkv. 218. og 219. gr. hegningarlaganna; ummælin, sem talin eru í 4., 5., 10., 11., 14., 23., 24., 29., 31. og 32. lið dómsins, samkv. 218. gr., en hin öll samkv. 219. gr.

Þykir refsing gagnáfrýjanda hæfilega metin 600 kr. sekt til ríkissjóðs og afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 60 daga frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti má staðfesta dóminn að því, er skaðabætur og málskostnað snertir.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, en málflutningskaup hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, er ákveðst 120 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Við meðferð málsins í héraði er það athugavert, að dómarinn hefir þrátt fyrir mótmæli aðaláfrýjanda, látið nokkur vitni staðfesta sem sinn réttarframburð skjöl, er vitnin höfðu hvorki samið né undirritað, en gagnáfrýjandi lagt fram óundirskrifuð (urjsk. 7 og 8).

Ennfremur athugast, að mikill dráttur hefir orðið á rekstri málsins fyrir hæstarétti, en það er upplýst, að dráttur þessi á rót sína að rekja til langvarandi veikinda málaflutningsmanns þess, er í fyrstu hafði tekið málið til flutnings.

Því dæmist rétt vera:

Hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli um áfrýjandann, séra Halldór Bjarnarson, eiga að vera dauð og ómerk.

Gagnáfrýjandinn, Björn Haraldsson, greiði 600 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti 30 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 60 daga frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað.

Gagnáfrýjandi, Björn Haraldsson, greiði aðaláfrýjanda, Halldóri Bjarnarsyni, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, en málflutningslaun hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, málflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 120 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Meiðyrðamál það, sem hér liggur fyrir, er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, höfðað af fyrverandi sóknarpresti séra Halldóri Bjarnarsyni í Presthólum, gegn Birni Haraldssyni, til heimilis í Austurgörðum í Kelduhverfi, fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu, með stefnu, dags. 26. júní 1926 og eru tildrög málsins þessi:

Í blaðinu »Dagur«, sem út er gefið á Akureyri og út kom

11. febr. 1926, og er 6. tölublað hins 9. árgangs, birtist grein með fyrirsögninni: »Úr Skinnastaðaprestakalli, — nokkrir drættir«, undirskrifuð af stefnda í máli þessu, Birni Haraldssyni, sem því ber alla ábyrgð á nefndri blaðagrein. Taldi stefnandi í máli þessu, séra Halldór Bjarnarson á Presthólum, en um hann er greinin rituð, — blaðagrein þessa nær því samanhangandi ærumeiðandi og móðgandi ummæli um sig og jafnframt gífurlega álits- og traustsspillandi.

Höfðaði hann því mál með sáttakæru, dags. 4. júní 1926, og stefnu, sem að framan greinir, og hefir gjört þær dómkröfur, að hin ærumeiðandi ummæli, sem tekin eru upp í sáttakærunni, verði öll dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði fyrir þau dæmdur í þyngstu sekt, sem lög leyfa, að hann verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 4000.00 í miskabætur og lánstraustsspjöll, og loks, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, annaðhvort eftir reikningi, eða eftir réttarins mati.

Stefndur hefir aftur á móti gjört þá aðalkröfu, að verða sýknaður af kröfum og kærum stefnanda í máli þessu, og að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, svo og til þess að greiða allan málskostnað, en til vara hefir hann krafizt, að verða dæmdur í svo væga sekt, sem lög framast heimila, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Ummæli þau, sem stefnandi telur einkum að varða eigi stefnda ábyrgð og ómerkja beri, eru samkvæmt sáttakærunni og sóknarskjölum þessi:

1. »Á fyrsta prestskaparári sínu höfðar séra H. sakamál gegn þrem bændum«.
2. »Hér er að sjá sem enginn hafi yfirfarið handritið ræðunnar fyrir prest til þess að leiðrétta klaufalegustu ritvillurnar«.
3. »Það er kunnugt, að sjálfur er presturinn naumast sendibréfsfær, sem kallað er, hvorki með stafsetning eða stíl«.
4. »Séra H. handleggsbraut andstæðing sinn. Högg það er handleggsbrotið leiddi af, leit út fyrir að vera banatilræði af hendi prests«.
5. »Tilraun séra H. og bróður hans til að klófesta strandgóss af franskri skútu, er strandaði undan Kílsnesi á Sléttu. Notuðu þeir bræður fölsuð skjöl«.
6. »Vér lýsum einnig yfir því, að samkvæmt þeim kunnugleika, sem vér höfum af framkomu þessa manns, sérstak-

lega gagnvart öllum þorra meðlima Presthólasafnaðar, þá álítum vér það sorglegt og óviðunandi fyrir alla vini kristinnar trúar og kristilegs siðgæðis, að hann skuli enn á ný skipa flokk kennimanna hinnar íslenzku þjóðkirkju«.

7. »Á þessu eina ári ætlaði allt að fara í bál og brand milli hans og Öxfirðinga, en þar sem dvöl hans varð svo stutt í þeirri sveit, náði hann eigi að verða sök nema í einu máli þar í sveit, er fyrir dómstóla kom«.
8. »En nú hin síðari ár er sem hann færist í aukana um málaferlin«.
9. »Viðurkenndi þannig í verkinu, að kæran hefði aðeins verið tilraun til að hnekkja mannorði þessa forna andstæðings síns«.
10. »Á prest sjálfan hefir ekki sannazt þjófnaður í seinni tíð, en til eru þeir menn, sem telja það heppni mikla, ef slíkur maður er laus við þann vanka«.
11. »Enn sem fyr þykir ástæða til að telja hann hættulegan limum manna, ef svo ber til að hann reiðist«.
12. »Annars mun þessi tilhæfulausi þjófnaðaráburður ekki eins dæmi í seinni tíð«.
13. »Sem sveitar- og sýslufélagi hefir hann þrjózkur reynzt«.
14. »Í viðskiftum er hann talinn refjóttur og óskilvís af mörgum«.
15. »Þá er þess fyrst að geta, að frá formlegri hlið skoðað er embættisfærsla hans í mesta ólagi«.
16. »Við guðsþjónustur og aðrar prestslegar athafnir fer hann oft »út af laginu« sem kallað er, stundum svo hrapallega, að almennur hlátur verður í kirkjunni«.
17. »Sem fyrirmynd annara um lotningu fyrir trú og kirkju má geta þess, að séra H. hefir fundið upp margvíslegar aðferðir um notkun kirkjunnar. Hefir hann komizt upp á að nota hana ýmist sem geymsluskemmu, þurkhús, smíðaverkstæði eða sláturhús«.
18. »Má gjöra ráð fyrir, að hann finni enn upp nýjar notkunaraðferðir, ef honum endist embættisaldur svo nokkru nemi«.
19. »Og hversu margar ástæðulausar deilur hefir ekki séra H. vakið, eða hversu oft hafa ekki sóknarbörn hans neyðst til að sækja rétt á hendur honum«.
20. »Á sumum hinum kirkjunum kemur hann stundum á messu að nafni til, ef gesti ber að garði á kirkjustaðnum, eða ef heimilisfólk fæst til að fara út«.

21. »Líka er sagt, að hann leigi kirkjujarðirnar sumar aðeins til 1 árs í senn, og það með því skilyrði, að leiguliðar veiti honum kirkjufylgi stöku sinnum á ári, byggi þeim svo út, ef þeir reynast ekki nógu kirkjuræknir, en taki þá aftur í sátt, ef þeir lofa bót og betrun. Þannig er sem hans prestlegi líkami sé frá forsjónarinnar hendi gæddur undursamlegum skilyrðum (eigi síður en sálin) til að útbreiða hin geistlegu áhrif sinnar persónu«.
22. »Framkoma prests á fundi þessum, sem haldinn var í kirkjunni, var hin dónalegasta«.
23. »Honum var vikið frá vegna þjófnaðarmáls, er hann var viðriðinn« — — — — — »Enn eru ótalin mörg mál frá fyrri tíð og sömuleiðis þjófnaðarmálið, er hann misti hempuna fyrir um skeið«.
24. »Var því þann veg varið, að vinnumenn prests byggðu kofa nokkurn eftir fyrirmælum prests. Raftviðinn tóku þeir af viðarhrúgu, er var á Presthólareka og óviðkomandi maður átti. Eigandinn krafðist skaðabóta af presti, en hann neitaði og sagði viðinn ekki tekinn eftir sinni fyrirsögn. Neyddist eigandinn þá til að neyta réttar síns, og hafði það þær afleiðingar fyrir prest, er áður er sagt«.
25. »Séra Halldór hefir setið í þessu embætti síðan og þjónað því að nafni til«.
26. »Vakti þetta tiltæki hið mesta hneyksli«.
27. »— — — en þennan kafla ræðunnar varð hann að semja alveg sérstaklega fyrir þetta tækifæri«.
28. »Annars er það almenn skoðun, að séra H. noti mikið gamlar og aðfengnar ræður, og þó ekkert úrval. Eru ræður hans margar eftir 18. aldar hugsunarhætti, ef þær eru þá ekki hugsunarlaus vaðall, og málið gamaldags«.
29. »Um kennimannlega verðleika prests getum vér verið fáorðir mjög. Þar eru allir kunnugir á einu máli um, að þeir fyrirfinnist hvergi. Sú er handhægust sönnun í því efni, að enginn skynbær maður, sem kunnugur er og dómbær um þá hluti, mun vilja gjörast hlægilegur fyrir yfirlýsingu á þá leið, að séra H. hafi eflt hans trú og sáluhjálp, eða verið honum fyrirmynd og leiðari í andlegum efnum«.
30. »Andlegt smámenni fyrir utan aðrar hans takmarkanir«.
31. »Hans andlega fátækt og óprestlega framkoma hefir kastað svörtum skugga á líf sóknarbarna hans«.
32. »„Bletturinn" á þjóðkirkjunni, sem aldrei verður afmáður,

hefir nú litað hana alla í augum margra þeirra manna, er við hann hafa átt að búa. Hann hefir vakið viðbjóð margra jafnvel fyrirlitningu fyrir hinni andlegu stétt. »Bletturinn« séra H. hefir í stað þess að fullnægja trúarþörf og þroska hæfileikamanna til trúar, unnið skemmdaverk í víngarðinum. Ef ferill séra H. sem prests og þjóðfélagsborgara er borinn saman við þessar kröfur, kemur fram hjáræn mynd. Ókunnugum mundi sennilega fyrst koma til hugar, að sú missögn hefði slæðst inn í frásögnina, að séra H. væri valinn til að vinna að eyðileggingu, en eigi til eflingar kristinni trú, því þannig bæri verkin honum vitni.

Á guðsþjónusturnar var nú sá blær kominn, að þangað fannst mönnum ekki ljóss að leita. Engin trúuð sál rennir huga til kirkjulegs félagsskapar þessa safnaðar, án þess að fyllast gremju yfir því andlega myrkri og eitursýrða lofti, er þar ríkir og miskunnarlaust leitast við að kæfa hvern trúarneista, er blakta kann í hjörtum manna. Það er sárt fyrir trúaða foreldra að finna, að þau eru sem dæmd til að ala upp heiðna kynslóð, og það er grátlegt að vita á hverju ári stóra hópa ungmenna vígða inn í þetta myrkur. Mikill þungi hvílir á herðum þess manns, er á hér aðalsök.

33. »Komast slíkar skrítlur af honum væntanlega í Þjóðvinafélagsalmanakið á sínum tíma«.
34. »Aftur áttu spjátrungar og spilagosar þangað erindi, en að síðustu ekki heldur þeir«.
35. »En því miður er ekki um þá missögn að ræða«.

Verður nú að athuga þessi ummæli, sem stefnt er fyrir, og verða þau greind í sömu röð og hér að framan.

1. Þessi ummæli eru komin fram vegna misskilnings stefnda, eða þekkingarleysis á því, að það er réttvísin, en ekki einstaklingarnir, sem ákveður, hvort sakamál skuli höfða, eru þau því órétt; og þar sem þau eru sögð stefnanda til óvirðingar, ber að ómerkja þau, en eftir atvikum virðast þau ekki eiga að varða stefnda sektum.

2.—3. Hér gefur stefndar sumpart í skyn og segir sumpart beinlínis, að stefnandi sé svo illa að sér, að hann geti ekki samið ræður sínar hjálparlaust, og sé »naumast sendibréfsfær«.

Þar sem ummæli þessi eru sögð stefnanda til smánar og ekki nægilega réttlætt af stefnda, verður að ómerkja þau, en til þess að sekta stefnda fyrir þau finnst eigi ástæða.

4. Hér segir stefndur fyrst, að stefnandi hafi handleggsbrotið andstæðing sinn, og samkvæmt framlögðum málsskjölum, verða orð þessi út af fyrir sig ekki talin ofmælt enda þótt dómur hæstaréttar á máli því, sem höfðað var gegn stefnanda út af áminnstum áverka, sýni það, að rétturinn hefir litið svo á, að málsbætur væru fyrir hendi. Verða orð þessi því ekki ómerkt, eða stefndi sektaður fyrir þau, en þar sem hann bætir við (neðanmáls í greininni, sem stefnt er út af): »Högg það« — — — »leit út fyrir að vera banatilræði af hendi prests«, þá er hér farið í aðdróttunum og ásökunum langt út yfir þau takmörk, sem hin framlögðu réttarskjöl heimila, eða réttlæta, því þessi síðari ummæli verða, eins og þau eru fram sett, ekki öðruvísi skilin, en að stefnandi í máli þessu hafi ætlað að sýna andstæðing sínum banatilræði, en ef svo hefði verið, hefði slíkt hlotið að koma fram í forsendum héraðsdóms þess, er um málið fjallaði, og stefndur hefir vitnað í, en það er ekki, og hæstiréttur hefði þá óumflýjanlega hækkað sekt stefnanda í máli þessu, eða jafnvel dæmt hann í fangelsi, en eins og áður er fram tekið, færði hæstiréttur niður sekt þá um 100 krónur, sem héraðsdómurinn hafði dæmt séra Halldór í fyrir umrætt högg. Þessi síðastnefndu orð: »Högg það« — — — »leit út fyrir að vera banatilræði af hendi prests«, eru því alls ekki réttlætt, og þar sem þau eru gífurlega ærumeiðandi og saknæm, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau, samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

5. Hér segir stefndur, að stefnandi (og bróðir hans) hafi gjört tilraun til að klófesta strandgóss og notað til þess »fölsuð skjöl«. Verða orð þessi ekki öðruvísi skilin, sbr. »klófesta«, — en að stefnandi í máli þessu, í sviksamlegum tilgangi hafi með fölsuðum skjölum ætlað að ná undir sig eign annara (strandgóssi). Þessum ummælum sínum til sönnunar vitnar hann (stefndur) til prentaðs pésa, sem heitir: »Kirkjustjórn vor í upphafi tvítugustu aldar«, og er árás á kirkjustjórnina fyrir að veita stefnanda í máli

þessu aftur Presthólaprestakall 1901, en þó einkum ádeila á hann og rituð honum til óvirðingar. Pési þessi er réttarskjal nr. 19 og getur í máli þessu aðeins skoðast sem óstaðfest réttarskjal, en ekki sem fullkomið sönnunargagn. Jafnvel þó nú sé farið yfir próf þau um »Kilsnesstrandið« svonefnda, sem stefndur í framhaldsvörn sinni, dags. 30. nóv. 1926, vitnar í, þá verður ekki af þeim talið upplýst, að stefnandi hafi í sviksamlegum tilgangi ætlað með bróður sínum að ná undir sig strandgóssi, ellegar að hann hafi til þess sýnt »fölsuð skjöl«, og þar sem hvorki af hálfu valdstjórnarinnar né réttvísinnar var talin ástæða til þess að halda prófunum áfram gegn stefnanda eða bróður hans, ellegar höfða gegn þeim sakamál, verður að líta svo á, að ekki hafi sannast á þeim nein svik við áminnst tækifæri. Hin umræddu ummæli eru því ekki réttlætt, og þar sem þau eru mjög ærumeiðandi fyrir stefnanda í máli þessu og saknæm, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga.

6. Út af þessum umstefndu ummælum hefir stefndur lagt fram staðfest eftirrit af bréfi því, dags. 30. jan. 1902 frá 7 prestum í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, sem prentað er upp í »Degi» í grein stefnda um stefnanda.

   Þar sem umstefndur kafli er orðréttur í umræddu bréfi, verður stefnda ekki gefin sök á þessum orðum og ekki sektaður fyrir þau, þar sem hann telur sig ekki geta borið ábyrgð á þeim. Aftur á móti virðist rétt að ómerkja orð þessi hér, þar sem þau eru rituð fyrir 24 árum, þar til þau birtast í »Degi«, og eru upphaflega skrifuð með tilliti til ástandsins í Presthólasöfnuði, eins og það var þá og lúta eingöngu að veitingu Presthólaprestakalls 1901, en eru meiðandi fyrir stefnanda á þann hátt og í því sambandi, sem þau eru fram sett í »Degi«.

7. Orð þessi verða ekki eins og þau eru sögð hjá stefnda öðruvísi skilin en að stefnandi hafi með framkomu sinni við Öxfirðinga hleypt sveitinni í »bál og brand«, en auk þess sem þau eru ekki réttlætt af stefnda, jafnvel ekki sannað af honum, að stefnandi hafi átt sök á því eina máli — »Akursmáli«, sem hann segir, að farið hafi til dómstólanna og sem full ástæða virðist hafa verið til, að útkljáð væri með dómi, og stefnandi þessa máls var alls

ekki sakaraðili í, hafa 18 Öxfirðingar í blaðinu »Dagur«, sem út kom 30. marz 1926 og er 14. blað 9. árgangs, sérstaklega mótmælt þessum ummælum sem óréttum og ósönnum. Þar sem þau þannig hafa ekki við rök að styðjast, eru móðgandi fyrir stefnanda og saknæm, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau samkv. 219. gr. hinna alm. hegningarlaga.

8. Hér er sagt að síðari árin sé stefnandi í máli þessu að færast í aukana um málaferlin, og standa orð þessi rétt á eftir og í sambandi við ummælin um, að stefnandi hafi hleypt öllu í »bál og brand« í Öxarfirði. Eru þau því eins og stefndur hefir sett þau fram, sögð stefnanda til óvirðingar og meiðandi fyrir hann og ber því að ómerkja þau, en til þess að sekta stefnda fyrir þau, finnst eftir atvikum ekki ástæða.

9. Hér er sagt að stefnandi hafi »í verkinu« viðurkennt, að hann hafi kært fornan andstæðing sinn til að hnekkja mannorði hans. Gegn mótmælum stefnanda á orðum þessum verða þau hvorki talin rétt, né réttlætt, og þar sem þau eru meiðandi fyrir stefnanda, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta fyrir þau sektum samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna.

10. Hér segir stefndur að í »seinni tíð hafi ekki sannazt á stefnanda þjófnaður«, en gefur jafnframt í skyn að til séu þeir menn, »sem telji það heppni mikla, ef slíkur maður er laus við þann vanka«. Því til sönnunar að stefnandi hafi áður fyr orðið sannur að þjófnaði, vitnar stefndur í aukaréttardóm Þingeyjarsýslu 14. dez. 1896, þar sem stefnandi í máli þessu, í hinu svonefnda »Kofamáli«, var dæmdur í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir heimildarlausa töku á timburplönkum, en með dómi bæði landsyfirdóms 2. ágúst 1897 og dómi hæstaréttar 10. nóv. 1898, var séra Halldór algjörlega sýknaður í nefndu »Kofamáli« og héraðsdómurinn gjörsamlega ómerktur. Það er því beinlínis vítavert hjá stefnda að halda fram til sönnunar jafn þungum sakargiftum á stefnanda og hér er um að ræða, héraðsdómi, sem ómerktur hefir verið fyrir æðri dómstólum, en um það gat stefnda ekki verið ókunnugt. Stefndur virðist jafnvel í varnarskjali sínu herða á hinum saknæmu ummælum sínum um stefnanda, sem undir þennan tölulið falla, því hann kemst þannig að

orði: »Til sönnunar þessum ummælum mundi nægja að leiða vitni, sem teldu það liggja nærri að ætla, að maður, sem hefði aðra eins ókosti og galla og þau teldu séra H. B. hafa, að slíkur maður væri ekki laus við þann vanka að vera þjófur«. Stefndur tekur strax á eftir fram í vörn sinni, að hann leiði engin vitni »til að skýra frá slíkri skoðun«, og það hefir heldur ekki tekizt, því þó nú stefndi hafi einmitt til þessa leitt vitnin, Friðjón Jónsson, Níels Sigurgeirsson og Benjamín Sigvaldason, þá er um framburð þessara vitna það að segja, að Friðjón og Níels bera ekkert það, sem gefur ástæðu til að ætla, að stefnandi í máli þessu hafi gjört sig sekan í þjófnaði eða sé með þeim vanka að vera þjófur, heldur þvert á móti, og ekki heldur upplýsir vitnið, Benjamín Sigvaldason, neitt slíkt þó hann gefi í skyn, að lamb undan á, sem stefnandi gaf móður vitnisins, kunni að hafa markast með marki stefnanda og verið dregið honum síðar, hvorttveggja þetta er ósannað. Um vitnisburð Bjarna Ásmundssonar út af þessu síðastnefnda atriði um mörkun lambsins, er það að segja, að stefndur hefir undanfellt að tengja það vitnamál við aðalmálið, af þeirri ástæðu, að stefndi telur vitnisburð þessa vitnis, sem hann fékk með úrskurði sérstakan frest til að leiða, ekki hafa þýðingu fyrir málið og verður því ekki byggt á þeim framburði, þó ætla megi, samkv. framlögðu vottorði þessa vitnis, dags. 20. sept. 1926, sem og stefndur játar í síðasta varnarskjali sínu, að vitnið hafi staðfest, að hann mundi draga mjög úr vottorði vitnisins Benjamíns Sigvaldasonar. Verður að víta stefnda fyrir, að tengja ekki við mál þetta, til frekari upplýsingar, vitnaleiðsluna, sem fram fór á Akureyri í janúar þ. á. Ummæli þau, sem hér um ræðir, hafa þótt svo ómakleg og óhæfileg, að þeim er opinberlega mótmælt af 18 Öxfirðingum í blaðinu »Dagur«, sem út kom 31. marz 1926 og þar sem þau eru ekki á nokkurn hátt réttlætt af stefnda, en eru hinsvegar sérstaklega saknæm og gífurlega ærumeiðandi fyrir stefnanda, ber að dæma þau dauð og ómerk og stefnda til að sæta fyrir þau sektum samkv. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sömuleiðis ber að dæma ummælin »Til sönnunar — — — — — vanka að vera þjófur«, sem í þessu sambandi og hér að framan eru tekin upp úr varnarskjali stefnda,

dauð og ómerk, og stefnda til að sæta sektum fyrir þau samkvæmt sömu grein hegningarlaganna.

11. Hér segir stefndur, að stefnandi sé hættulegur limum manna, ef hann reiðist, og þessu til sönnunar hefir hann leitt vitnið Lúter Eggertsson. Af vitnaleiðslunni sést, að stefnandi hefir að vísu slegið vitnið, en bæði er það nú sitthvað að slá mann í reiði, eins og upplýst er, að stefnandi í umrætt skifti hafi gjört, og að vera »hættulegur limum manna«, og svo upplýsir vitnið, að það hafi ekki verið tilefnislaust að stefnandi sló það og ennfremur, að ekki hafi á vitninu séð eftir höggið. Hin umstefndu ummæli, sem hér um ræðir, eru því ekki réttlætt, og þar sem þau eru mjög meiðandi fyrir stefnanda og saknæm, ber að ómerkja þau og sekta stefnda fyrir þau samkv. 218. gr. hinna alm. hegningarlaga.
12. Orð þessi verða ekki öðruvísi skilin en að stefnandi beri *tilhæfulausan þjófnað* á menn, en slík ummæli um stefnanda eru ekki réttlætt af stefnda, og þar sem þau eru mjög meiðandi og saknæm„ ber að ómerkja þau og sekta stefnda fyrir þau samkv. 218. gr. hinna alm. hegningarlaga.
13. Stefndur kallar hér stefnanda »þrjózkan«, en orð þetta er meiðandi og ekki réttlætt og ber því að ómerkja það, þó eigi þyki ástæða til að láta það varða stefnda sektum.
14. Hér segir stefndur, að margir telji stefnanda refjóttan og óskilvísan. Þessu til stuðnings vitnar hann í réttarskjal nr. 19, en eins og fram er tekið við tölulið 5, er pési þessi í máli því, er hér liggur fyrir, aðeins óstaðfest réttarskjal, mótmælt af stefnanda, en ekki fullkomið sönnunargagn. Ekki verða þessi ummæli heldur réttlætt með því að vitna til aukaréttardóms Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 5. okt. 1901, en með honum er stefnandi í máli þessu dæmdur til þess, að greiða kennara Ásgrími Magnússyni eftirstöðvar af kaupgjaldi, og þó ekki alla hina umstefndu kröfu, því vel getur ágreiningur risið milli manna út af kaupgjaldi, þó refjalaust sé með öllu, og forsendur dómsins upplýsa engar refjar af hálfu stefnanda í máli þessu. Vitnunum, sem leidd hafa verið og bæði spurð og gagnspurð út af þessum ummælum um stefnanda, ber ekki saman. Vitnið, Þorsteinn Þorsteinsson, játar, að ýmsir telji stefnanda refjasaman og óskilvísan, vitnið, Björn Kristjáns-

son segir: »nokkrir telja hann það«, en vitnið Ingimundur Sigurðsson segir, aðspurður um það, hvort hann hafi heyrt eða reynt að stefnandi væri refjóttur: »Ég hefi heldur heyrt það gagnstæða um séra Halldór í viðskiftum og langt frá því, að ég hafi reynt slikt af honum sjálfur«. Hin umstefndu ummæli, sem hér ræðir um, eru því ekki nægilega réttlætt, og þar sem þau eru saknæm og meiðandi fyrir stefnanda, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau samkv. 219. gr. hegningarlaga.

15. Hér segir stefndur, að frá formlegri hlið skoðað sé embættisfærsla stefnanda í mesta ólagi. Jafnvel þó upplýst megi telja, að ýmsir annmarkar hafi verið á embættisfærslu stefnanda, þá verður að skoða orðin: »í mesta ólagi« ofmælt og meiðandi fyrir stefnanda, og ber því að ómerkja þau, þó ekki þyki eftir atvikum ástæða til að láta þau varða refsingu fyrir stefnda.

16. Hér er sagt, að stefnandi fari við guðsþjónustur og aðrar prestlegar athafnir »oft út af laginu«, og stundum svo hrapallega, að almennur hlátur verður í kirkjunni. Orð þessi eru sögð stefnanda til háðungar og eru engan veginn réttlætt, því þó nokkur vitni hafi borið, að komið hafi fyrir, að hlegið hafi verið við guðsþjónustur í kirkju hjá stefnanda, hafa þau hin sömu vitni tekið fram, að þau viti ekki, af hverju hlegið var. Sérstaklega eru þessi ummæli meiðandi fyrir stefnanda, í þeirri stöðu, sem hann var, þegar þau birtust á prenti, og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta ábyrgð fyrir framkomu þeirra, samkv. 218. gr. hegningarlaganna.

17. Hér er sagt, að stefnandi hafi fundið upp margvíslegar aðferðir um notkun kirkjunnar og noti hana ýmist sem geymsluskemmu, þurkhús, smíðaverkstæði eða sláturhús. Þó nú megi telja upplýst, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að föt voru geymd í Presthólakirkju, að í henni voru einhverntíma smíðaðar fjárjötur og sagaðar nokkrar rekaspýtur, þá réttlætast ekki með því þau orð stefnda, að stefnandi hafi notað kirkjuna sem geymsluskemmu, þurkhús og smíðaverkstæði, því ummæli þessi verða ekki skilin öðruvísi en að stefnandi hafi að staðaldri notað kirkjuna á þann hátt, sem geymsluhús, þurkhús og smíðahús eru almennt notuð. Heldur ekki er það réttlætt, að stefnandi

hafi notað kirkjuna sem sláturhús, þó upplýst sé, að í eitt skifti, þegar alveg óvenjulega stóð á, hafi hann leyft vinnumönnum sínum, eftir ítrekaðar fyrirspurnir þeirra, að leggja yfir nóttina, þegar öll önnur hús í Presthólum voru full af hröktum og hálfdauðum kindum, sem verið var að hjúkra og hressa, — inn í Presthólakirkju skrokkana af ca. 70 kindum, sem hann missti á þann slysalega hátt, sem ítarlega er lýst í réttarskjali nr. 33 af Kristni Bjarnasyni, sem þá var vinnumaður á Presthólum, og hefir sú frásögn ekki verið rengd í þessu máli. Þar sem hin umstefndu ummæli þannig ekki verða talin nægilega réttlætt, þykir rétt að ómerkja þau, en eftir atvikum virðast þau ekki eiga að varða stefnda refsingu.

18. Þessi ummæli eru móðgandi fyrir stefnanda og ekki réttlætt af stefnda, ber því að ómerkja þau, þó ekki verði þau látin varða refsingu.

19. Hér er sagt að stefnandi hafi vakið margar ástæðulausar deilur, og sóknarbörn hans neyðst til, að sækja rétt á hendur honum. Orðin »ástæðulausar deilur« og »neyðst til að sækja rétt« eru ekki réttlætt, og meiðandi fyrir stefnanda, og ber því að ómerkja þau, þó ekki verði stefndur eftir atvikum látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

20. Hér eru orðin: »að nafni til« ekki réttlætt og meiðandi fyrir stefnanda og ber því að ómerkja þau, þó ekki þyki þau eiga að varða refsingu fyrir stefnda.

21. Hér er sagt, að stefnandi neyði leiguliða á kirkjujörðunum, sem hann hefir umráð yfir, til kirkjufylgis við sig. Eru ummæli þessi ekki réttlætt, og á þann hátt, sem þau eru rituð, sérstaklega orðin: »þannig er sem hans prestlegi líkami o. s. frv.«, eru þau auðsjáanlega samin stefnanda til háðungar, og meiðandi fyrir hann, og ber því að ómerkja þau, og láta stefnda sæta sektum fyrir þau samkv. 219. gr. hinna alm. hegningarlaga.

22. Hér er sagt, að framkoma stefnanda hafi verið hin dónalegasta á safnaðarfundi í Garðskirkju 26. apríl 1925. Var fundur þessi haldinn til þess að fá stefnanda m. a. til þess að lýsa yfir, hvort hann vildi segja af sér prestskap, eða taka sér aðstoðarprest, og var á fundinum samþykkt áskorun til stefnanda um að gjöra annaðhvort, segja lausu embættinu ellegar fá aðstoðarprest í næstu fardögum. Þegar jafn viðkvæmt mál og þetta fyrir stefnanda, var til

umræðu, verður honum naumast fundið það til foráttu, þó hann, eftir að hafa tekið nokkurn þátt í umræðum, tæki þann kostinn að ganga af fundi, en að öðru í framkomu stefnanda verður ekki fundið samkvæmt útdrætti úr gjörðabók Garðssóknar um það, sem fram fór á nefndum safnaðarfundi. Stefndur telur sig hafa réttlætt þessi ummæli með því að 4 vitni hafa staðfest réttarskjal nr. 10 í máli þessu, en skjal þetta er samskonar lýsing á framkomu stefnanda á nefndum fundi, eins og gefin er í »Degi« 11. febr. 1926. Á þetta getur rétturinn ekki fallizt. Þegar vitnið, Björn Guðmundsson, er spurður hvort réttarskjal 10 sé rétt frásögn um framkomu stefnanda, vísar hann til bókunar í gjörðabók Garðssóknar um fundinn, sem þegar er getið um. Vitnið, Guðmundur Björnsson, vill ekki staðfesta réttarskjal 10, eins og það er orðað. Vitnið, Björn Stefánsson, segir um frásögnina í skjali 10. »Eftir því sem ég man bezt, held ég hún sé rétt«, og vitnið, Guðmundur Guðmundsson, segir um sama skjal: »Að mestu leyti, að því er ég man bezt«, og þegar vitnin eru gagnspurð sannast það, að stefnandi hefir aðeins tekið fram í fyrir 2 fundarmönnum. Orðin: hin »dónalegustu« eru því alls ekki réttlætt, og þar sem þau jafnframt eru meiðandi fyrir stefnanda ber að ómerkja þau, og láta stefnda sæta fyrir þau sekt, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

23. Hér er sagt um stefnanda, að honum hafi verið »vikið frá vegna þjófnaðarmáls, er hann var viðriðinn«, og sömuleiðis er sagt: »þjófnaðarmálið, er hann misti hempuna fyrir«. Er hér átt við hið svonefnda »Kofamál«, sem áður er ítarlega minnst á undir tölulið 10, í máli þessu. Eins og þar er fram tekið, var stefnandi algjörlega sýknaður af kæru réttvísinnar í því máli, bæði fyrir landsyfirdómi og hæstarétti, svo jafnvel þó stefnanda um stundarsakir, hefði verið vikið frá embætti, vegna héraðsdóms, sem reyndist óréttur og ómerktur var, en um ástæðuna fyrir frávikninguna er ekki upplýst í máli þessu, — þá var stefnda ekki leyfilegt að rita um stefnanda á jafn ærumeiðandi og saknæman hátt og hér er gjört, og ber því að ómerkja þessi ummæli og láta stefnda sæta sektum fyrir þau, samkv. 218. gr. hinna alm. hegningarlaga.

24. Hér er átt við hið sama »Kofamál» og við tölulið 10. og

23. og verða ummælin ekki skilin öðruvísi, en að stefnandi hafi lagt fyrir vinnumenn sína, að taka annara eign og það hafi haft »þær afleiðingar fyrir prest, sem áður er sagt«, sem sé, að hann hafi verið dæmdur fyrir þjófnað. Af sömu ástæðum, sem teknar eru fram við tölulið 10. og 23. í máli þessu, verða ummæli þessi talin órétt og ærumeiðandi fyrir stefnanda, og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta ábyrgð fyrir þau, samkv. 218. gr. hegningarlaganna.

25. Hér er sagt, að stefnandi hafi aðeins þjónað prestsembætti sínu að nafninu til, og þar sem orðin: »þjónað því að nafninn til« ekki eru nægilega réttlætt og meiðandi fyrir stefnanda, í þeirri stöðu sem hann var, og í því sambandi, sem þau eru framkomin, verður að ómerkja þau og láta stefnda sæta sekt fyrir þau, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

26. Hér er sagt, að »þetta tiltæki« stefnanda, sem var í því fólgið, að hann kærði Jón Ingimundarson, óðalsbónda á Brekku fyrir að hafa tekið í heimildarleysi spýtu af þeim reka, sem stefnandi taldi tilheyrandi Presthólum, en þræta var um, hafi vakið »hið mesta hneyksli«. Vitnin, sem leidd hafa verið út af þessum ummælum, hafa um þessa kæru sagt, sum, að fyrir henni hafi »mælzt illa», sum »heldur illa«, og verða því orðin: »vakið hið mesta hneyksli« ekki talin nægilega réttlætt og þess vegna er rétt að ómerkja þau, sem meiðandi fyrir stefnanda, þó ekki verði stefndur látinn sæta refsingu fyrir þau.

27. Hér er með hinum umstefndu ummælum, í því sambandi og á þann hátt, sem þau eru sögð, skopast að kafla úr líkræðu stefnanda á þann hátt, sem er meiðandi fyrir hann, og ber því að ómerkja ummælin, þó ekki verði stefndur látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

28. Með orðum þeim, sem hér er stefnt út af, er sagt, að ræður stefnanda séu gamlar og aðfengnar, og þó ekkert úrval, eða jafnvel hugsunarlaus vaðall, og málið gamaldags. Eru ummælin ekki réttlætt og meiðandi fyrir stefnanda sem prest og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta refsingu fyrir þau, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

29. Hér er rætt um kennimannlega verðleika stefnanda á þann hátt, sem er mjög niðrandi fyrir hann, og ekki getur talizt réttlættur, ber því að ómerkja þessi ummæli, sem

og verða að teljast saknæm, eins og þau eru sögð og láta stefnda sæta sektum fyrir þau, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

30. Rétturinn verður að vera stefnanda samdóma um það, að með orðunum: »andlegt smámenni« fyrir utan aðrar hans »takmarkanir«, sé í raun réttri átt við stefnanda, þó reynt sé, að haga svo orðunum, að þau geti ekki talizt saknæm. Verður því að ómerkja hin umstefndu ummæli, sem eru meiðandi fyrir stefnanda, og láta stefnda sæta sekt fyrir þau, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

31. Hér er sagt, að »andleg fátækt og óprestleg framkoma« stefnanda hafi »kastað svörtum skugga á líf sóknarbarna hans«. Ummæli þessi, sem hvorki eru réttlætt af stefnda, né verða það, eru mjög meiðandi fyrir stefnanda og saknæm, og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta sekt fyrir þau, samkv. 219. gr. hegningarlaganna.

32.—35. Stefndur hefir slitið setninguna: »en því miður er ekki um þá missögn að ræða«, úr því sambandi eða eða samhengi, sem hún á, samkvæmt grein hans í »Degi« 11. febr. 1926 og sáttakærunni í máli þessu, að vera, og er hún merkt nr. 35, en á að réttu lagi að vera innifalin í ummælum þeim, sem upp eru tekin í tölulið nr. 32, því hún kemur á eftir orðunum: »sú missögn hefði slæðst inn í frásögnina« að séra H. væri »valinn til að vinna að eyðileggingu, en eigi til eflingar kristinni trú, því þannig beri verkin honum vitni«. Er hún því tekin með hér. Stefndur segir um ummæli þau, sem falla undir þessa liði, að þau séu »þungamiðjan« í grein hans, sem mál þetta er út af risið. Byrja orð þessi á því að stefnandi er nefndur »bletturinn« á þjóðkirkjunni, »sem aldrei var afmáður« og hafi »nú litað hana alla« — — »vakið viðbjóð margra«, jafnvel fyrirlitningu fyrir hinni andlegu stétt. Að hann hafi í stað þess að fullnægja trúarþörf og þroska menn til trúar, »unnið skaðsemdarverk í víngarðinum«. Ennfremur er sagt, að sé ferill stefnanda sem prests og þjóðfélagsborgara borinn saman við þær kröfur, sem gjöra ber til prestanna, og nánar eru taldar í upphafi

III. kafla í margnefndri grein stefnda í »Degi« 11. febr. 1926, þá komi fram »hjáræn mynd«. Og þegar setningin nr. 35 er tekin hér í sambandi við þau ummæli, sem hún réttilega tilheyrir, þá verða þau framangreindu orð ekki skilin öðruvísi en að það sé engin missögn, að stefnandi væri »valinn til að vinna að eyðileggingu, en ekki eflingar kristinnar trúar, því þannig beri verkin honum vitni«. Enn er sagt, að á guðsþjónustur stefnanda »sé kominn sá blær«, að þangað fannst mönnum ekki ljóss að leita«. Svo er sagt, að í söfnuðum stefnanda ríki »andlegt myrkur« og »eitursýrt loft«, sem »miskunnarlaust leitast við að kæfa hvern trúarneista«, Ennfremur, að »sárt sé fyrir trúaða foreldra«, að þau eru sem dæmd til að ala upp heiðna kynslóð«, og grátlegt að vita á hverju ári »stóra hópa ungmenna vigða inn í þetta myrkur« og stefnandi á »aðalsökina« á öllu því, sem hér er greint. Stefndur vill sérstaklega losa sig undan ábyrgðinni á orðinu »blettur« með því að halda fram, að hann hafi fengið það að láni úr prestabréfinu, sem getið er um við tölulið 6 í þessu máli; eins og orðið »blettur« hér er viðhaft um stefnanda, sem er mjög ærumeiðandi og saknæmt, verður stefndur að bera ábyrgð á því að öllu leyti. Stefndur vill réttlæta ummæli sin undir þessum töluliðum með því að vísa aðallega til réttarskjalanna nr. 6, 7, 8 og 19 í máli þessu og með vitnisframburðum þeim, sem staðfest hafa skjöl nr. 7 og 8. Um réttarskjal nr. 19 í máli þessu er áður rætt og visast til þess einnig hér. Réttarskjal nr. 6 er áskorun allmargra sóknarbarna í Garðssókn, dags. $^{26}/_{4}$ 1925, til stefnanda að segja annaðhvort af sér embætti ellegar taka sér aðstoðarprest, þar sem þau ekki geti fellt sig við stefnanda, sérstaklega sem sóknarprest ýmsra orsaka vegna, og yfirleitt muni fáir í sókninni vilja hlýta þjónustu hans. Í skjalinu er ekki nánar gjörð grein fyrir því, hvers vegna þessi áskorun sé fram komin, og engar aðrar sakir bornar á stefnanda beinlínis en þær, að framkoma hans á safnaðarfundi í Garðskirkju þennan sama dag og áskorunin var rituð, hafi ekki verið viðfeldin, og stefnandi hafi aldrei komið á messu í sókninni »síðastliðið ár«, að undanskildri messu i dag, sem nokkrir af fundarmönnum hlýddu á, af kurteisi, þar sem þeir voru hér staddir vegna fundarins«. Verður því ekki séð, að

þetta skjal réttlæti jafn þungar sakir á stefnanda og jafn ærumeiðandi ummæli og stefndur hefir haft með orðum þeim, sem talin voru hér í þessum töluliðum. Réttarskjöl nr. 7 og 8 eru vottorð, sem stefndur hefir samið, eða semja látið í ágúst 1926, auðsjáanlega til þess að fá þau staðfest með undirskriftum, en þetta hefir ekki orðið. Hefir stefndur lagt þau fram í máli þessu og hafa nokkur þau vitni, sem leidd voru af stefnda í málinu 2. sept. 1926, að Keldunesi, staðfest þessi skjöl sem framburð sinn fyrir réttinum, en jafnframt færzt undan að undirskrifa þau. Stefnandi hefir sérstaklega mótmælt því, að þannig löguð vitnaleiðsla sem hin umrædda, út af skjölunum nr. 7 og 8 sé lögleg. — Þó að slík aðferð að leggja óundirrituð skjöl, samin af öðrum en vitnunum sjálfum, fyrir þau til staðfestingar, í stað þess að leggja fyrir þau vitnaspurningar sé óvenjuleg og óviðeigandi, verður hún ekki talin »Captiös« í þessu máli og því ekki ógild. — Hitt verður að fallast á með stefnanda, að í réttarskjölunum nr. 7 og 8, sé aðeins látið uppi álit á og sagt frá »orðrómi« um vantandi prestskaparhæfileika stefnanda, og þeir, sem þessi skjöl hafa staðfest, hafa því einungis vottað samskonar álit og staðfest, að orðrómurinn gangi í prestakallinu, án þess að taka á sig nokkra frekari sönnun fyrir réttmæti álitsins og orðrómsins. Í þessu sambandi má geta þess, að talsvert stingur í stúf við ummælin í skjölunum nr. 7 og 8, að stefnandi samkvæmt framlögðu skjali nr. 37 í máli þessu, er 5. marz 1926 gjörður að heiðursfélaga í U. M. F. »Leifur heppni« í Kelduhverfi. Jafnvel þó nú álit þessara vitna, er staðfest hafa réttarskjöl nr. 7 og 8, sé mjög leitt fyrir stefnanda, verða hvorki þessi skjöl né önnur, sem stefndur hefir lagt fram í máli þessu, talin réttlæta þau saknæmu orð stefnda um stefnanda og miklu ærumeiðingar, sem hér ræðir um, og þar sem þessi ummæli eru höfð sérstaklega um stefnanda sem prest, ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau samkv. 218. gr. hegningarlaganna.

33. Ummæli þessi eru sögð stefnanda til háðungar og ekki réttlætt og ber því að ómerkja þau, þó ekki verði þau látin varða refsingu fyrir stefnda.

34. Orð þessi verða ekki öðruvísi skilin en að guðsþjónustur hjá stefnanda hafi verið með þeim hætti, að þangað áttu

aðeins »spjátrungar og spilagosar erindi«, en »að síðustu ekki heldur þeir«. Ummæli þessi, sem ekki eru réttlætt, eru mjög meiðandi fyrir stefnanda, sem prest, og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau, samkv. 218. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt framanskráðu þykir rétt, að stefndur greiði fyrir þau ummæli, er refsiverð þykja, 500 króna sekt í ríkissjóð ella sæti hann 31 dags einföldu fangelsi, sé sektin ekki greidd í tækan tíma. Hinsvegar verður, — enda þótt hin saknæmu ummæli stefnda um stefnanda séu í eðli sínu og á þann hátt sem þau eru rituð í grein þeirri, sem stefnt er út af, lánstraustsspillandi —, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um miskabætur og lánstraustsspjöll, þar sem stefnandi hefir ekki fært neinar sannanir eða líkur fyrir því, að hin umstefndu orð hafi bakað honum eða muni baka honum traustsspjöll. Stefndur greiði stefnanda í málskostnað 250 krónur, en að öðru leyti falli málskostnaður niður með sérstöku tilliti til þess, að stefndur hefir greitt allan kostnað við vitnaleiðslur í máli þessu.

Til þess að sekta stefnanda fyrir ósæmilegan rithátt í máli þessu, finnst eftir atvikum ekki ástæða.

Auk þeirra tveggja atriða í málfærslu stefnda, sem rétturinn hér að framan hefir vitt, ber að ávíta stefnanda fyrir það, að mæta ekki, eða láta mæta og greiða lögboðin réttargjöld, þegar mál þetta var tekið til dóms. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms í máli þessu, sem er talsvert umfangsmikið, stafar sumpart af annríki dómarans, en sumpart af veikindum á heimili hans.

Mánudaginn 18. nóv. 1929.

Nr. 78/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Karl Kuhr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. maí 1929: Kærði, Karl Kuhr, á innan fjögra vikna að greiða sekt

að upphæð kr. 12500.00 til Landhelgissjóðs Íslands, en afpláni hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Königsberg, B. X. 140 frá Bremerhaven, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagt fram sjókort, sem forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á mælingar og miðanir varðskipsins. Sýna þessar mælingar og miðanir, að skip kærða hefir verið um 2,2 sjómílur frá landi eða um 0,8 úr sm. innan landhelgislínunnar, er það var stöðvað af varðskipinu, og þar sem skip kærða var þá að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó, er það sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920, og með því að fallast má á ákvæði lögregluréttardómsins um upphæð sektar og vararefsingu, um upptekt afla og veiðarfæra og málskostnað, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Kuhr, greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækj-

anda og verjanda, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, var kærði í máli þessu, Karl Kuhr, fæddur 14. janúar 1882, staddur á landhelgissvæðinu nálægt Ingólfshöfða 19. þ. m., snemma morguns, á skipi sínu togaranum Königsberg, B. X. 140 frá Bremerhaven, að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Kærði var ekki sjálfur við stjórn nokkru áður en skipið var stöðvað heldur stýrimaður hans. Hefir stýrimaður borið og kærði haft til varnar sér, að skipið hafi ekki verið á landhelgissvæðinu, er það var stöðvað, heldur komizt inn fyrir landhelgislínuna vegna þess að beygja varð inn á við, þegar skipið var stöðvað til þess að komast hjá því að fá vírinn í skrúfu togarans og straumur bar það nær landi. Þessar varnarástæður geta þó ekki orðið teknar til greina, þar sem sannað má telja, að skip kærða hafi verið meir enn hálfa sjómílu fyrir innan landhelgislínuna þegar það var stöðvað, og það sem kærði ber fram um, að skipið hafi rekið, snertir ekki þetta að neinu leyti eða hvað það hefir verið látið beygja þar áður eða um leið.

Eftir þessu verður að telja sannað, að kærði hafi brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot hans á nefndum lögum að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er 0,8165 úr gullkrónu, hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500.00, sem rennur til Landhelgissjóðs Íslands, og greiðist innan fjögra vikna. En fáist hún ekki greidd, ber kærða að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 18. nóv. 1929.

Nr. 47/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**
gegn
Lárusi Jóhannessyni, f. h. Jötul, A/S., Oslo.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem áfrýjandi mætir ekki í málinu, er málið hafið samkv. kröfu stefnda. Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. A/S. Jötul, 60 kr. í ómaksbætur í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóv. 1929.

Nr. 105/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Birni Emil Bjarnasyni (Svb. Jónsson).
Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 22. maí 1929: Kærði, Björn Emil Bjarnason, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 4000 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 100 daga.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Loks greiði kærði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að kærði hefir ekki gjörzt sekur um ítrekun brots á núgildandi áfengislögum nr. 64/1928, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi

við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt í ríkissjóð, að viðlögðu 65 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan ákveðins tíma. Með þessari breytingu á sektarhegningunni og vararefsingunni má því staðfesta lögregluréttardóminn. Samkv. þessum úrslitum verður kærður að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, sem ákveðið er 60 kr., hvort um sig.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að sektin verði 2000 kr. og afplánist með 65 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innnan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Björn E. Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjörns Jónssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Birni Emil Bjarnasyni, til heimilis í Brennu hér í bænum, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þannig:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan á heimili kærðs hér í bæ og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann sjálfur hafði bruggað og seldi.

Öl þetta var síðan sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og var niðurstaðan sú, að ölið reyndist innihalda af áfengi (alkóhól) 3,60 % að rúmmáli.

Kærður hefir játað að hafa selt mikið af samskonar öli hér í bænum undanfarið. Það er ennfremur upplýst með framburði, margra vitna, sem keypt hafa öl hjá kærðum, að það hafi verið töluvert áfengt, svo að þeir hafi fundið á sér breytingu við að drekka af ölinu og jafnvel orðið ölvaðir við að drekka 2—3 lítra af því.

Kærður játaði að hafa bruggað og selt ölið sér og fjölskyldu sinni til lífsframfæris, þar sem hann vegna heilsubrests þoli ekki erfiðisvinnu.

Þegar rannsókn Efnarannsóknarstofunnar barst hingað, var uppgengið það öl, er sýnishornið var af tekið, en kærður hafi þá bruggað sér af nýju, en miklu veikara.

Til bruggunarinnar notaði kærður eigi önnur áhöld en stamp eða tunnu og síu.

Kærður hefir samkvæmt framansögðu orðið sannur að því að brugga og selja öl í atvinnuskyni og hefir með þessu athæfi sínu gjörzt sekur um brot gegn 6. gr. og 11. gr. áfengislaga nr. 64 frá 7. maí 1928

Kærður hefir tvisvar áður sætt sektum fyrir brot á áfengislögunum samkvæmt dómum uppkveðnum af sýslumanni Suður-Múlasýslu, fyrra sinnið, 1926, sektaður um 400 kr. fyrir brot á 1. gr. laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 og síðara skiftið, 1928, sektaður um 800 kr., fyrir brot á sömu lögum.

Refsing sú, er kærður hefir unnið til eftir 30. gr. og 32. gr. nefndra áfengislaga nr. 64 frá 1928, þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 króna sekt í ríkissjóð og komi 100 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún ekki er greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Ennfremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 22. nóv. 1929.

Nr. 104/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Jóni Rafnssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Sýknaður af kæru fyrir brot gegn áfengislögunum.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 3. júní 1929: Kærður, Jón Rafnsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 25 daga.

Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, er það eitt sannað á kærða, að hann hafi um mánaðamótin febr.—marz þ. á. tekið til geymslu 7—8 lítra af öli, er Jón nokkur Jónasson þar í Neskaupstað átti og hafði bruggað, og að kærði hafi afhent tveimur nafngreindum mönnum öl úr tunnunni eftir tilvisun eiganda þess, án þess þó að taka við endurgjaldi fyrir það.

Kærði hefir haldið því fram, að hann hafi álitið ölið vera óáfengt, og þar sem engin efnarannsókn hefir farið fram á áfengismagni öls þessa, né bruggun þeirri, er ölið var tekið úr, og þeir, er drukku ölið hafa borið fyrir réttinum, að þeir hafi ekki fundið neitt á sér af því, þá brestur sönnun fyrir því, að áfengismagn ölsins hafi verið meira en lögleyft er. Það verður því þegar af þessari ástæðu að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og verður þá að leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Rafnsson, á sýkn að vera af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjörns Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Rafnssyni verkamanni, til heimilis í Stafholti hér í bænum, og eru málavextir sem hér greinir:

21. marzmánaðar s.l. tók lögreglan ölsýnishorn hjá Jóni E. Jónassyni, Bryggjuhúsi hér í bæ, og sendi það Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar.

Reyndist ölsýnishorn þetta að innihalda 8,40 % áfengisstyrkleik (alkóhólinnihald) að rúmmáli.

Það er sannað í máli þessu, bæði með játningu kærðs og vitnaframburði, að kringum mánaðamótin febr.—marz síðastliðin, tók kærður við hjá Jóni Jónassyni af öli hans ca. 7—8 litra til geymslu. Jafnframt áttu tveir tilgreindir menn að hafa þar aðgang að öli þessu hjá kærðum.

Þessir tveir menn komu síðan heim til kærðs og afhenti hann þeim af ölinu, sem þeir sumpart drukku á staðnum og sumpart höfðu með sér burt.

Ekki tók kærður neitt endurgjald fyrir að láta af hendi ölið eða geyma það.

Jón E. Jónasson, Bryggjuhúsi, sem bruggaði og átti öl þetta, hefir borið, að ölið hafi verið samskonar og af sama styrkleika og öl það, sem sýnishornið var aftekið, og kemur það heim við framburð vitnanna um ölið.

Eitt vitni hefir borið og unnið eið að þeim framburði sínum, að það hafi keypt af kærðum öl, sem síðarnefndi kvaðst hafa frá Jóni Jónassyni, en þetta verður eigi talið sannað gegn neitun kærðs.

Kærður hefir með áðurgreindu framferði sínu gjörzt brotlegur við 11. gr. og 12. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928, fyrir að láta af hendi og geyma áfengt öl.

Kærður hefir eigi orðið brotlegur við áfengislöggjöfina áður.

Refsing sú, sem kærður samkvæmt framansögðu hefir unnið til, þykir hæfilega ákveðin eftir 32. gr. og 33. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 1928, 500 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 25 daga.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 25. nóv. 1929.

Nr. 33/1929. **Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Ísleifi Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Krafa stefnda um afhendingu tryggingarfjár, settu fyrir fullnægjingu samnings um sölu vatnsveituefnis, m. m., tekin til greina.

Dómur gestaréttar Þingeyjarsýslu 3. nóv. 1928: Aðalstefndur í máli þessu, hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, greiði aðalstefnandanum, málaflutningsmanni Böðvari Bjarkan á Akureyri, f. h. Ísleifs Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, 113 — eitt hundrað og þrettán — danskar krónur og 90 aura, ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá $^{14}/_{7}$ 1926 til greiðsludags. Ennfremur afhendi aðalstefndur aðalstefnandanum sparisjóðsbók við Landsbankann í Reykjavík nr. 29744 með innstæðu 1884 — eitt þúsund átta hundruð áttatíu og fjórar krónur og 18 aura auk vaxta frá $^{4}/_{8}$ 1925, eða að öðrum kosti greiði honum innstæðuupphæðina í peningum auk 5 % ársvaxta af henni frá sama tíma, $^{4}/_{8}$ 1925, til greiðsludags.

Gagnstefndur, málaflutningsmaður Böðvar Bjarkan á Akureyri, f. h. Ísleifs Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, greiði gagnstefnandanum, hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, 70 — sjötíu — danskar krónur, ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upp-

hæð frá 14/7 1926 til greiðsludags. Að öðru leyti skal gagnstefndur sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Loks greiði aðalstefndur aðalstefnanda 300 — þrjú hundruð krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hreppsnefnd Húsvíkurhrepps hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 16. apríl þ. á., og hefir henni verið veitt gjafsókn í málinu og skipaður málflutningsmaður.

Hér fyrir réttinum gjörir áfrýjandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til, auk málskostnaðar í báðum réttum, að greiða danskar kr. 599.25 fyrir ofborgað vatnsveituefni (5 slökkvihana og 4 götubrunna) og þess utan 710 íslenzkar kr. í skaðabætur fyrir drátt á sendingu efnisins, en hvorug þessi krafa verður tekin til greina af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða gestaréttardómi, sem fallast má á í öllum aðalatriðum, að því viðbættu um fyrri kröfu áfrýjanda, að vitnað er til símskeytis stefnda í síðara tilboðinu og, að það er in confesso milli aðilja hér í rétti, að sá, er undir tilboðið ritaði, var óbreyttur búðarmaður stefnda.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 300 kr., en málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 150 kr., ber að greiða úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi, hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, greiði stefnda, Ísleifi Jónssyni, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málflutningsmanns Magnúsar Guðmundssonar, 150 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað með gestaréttarstefnu 19/9 þ. á. og þingfest 20. s. m., og er gagnsök í því höfðuð með stefnu 20/9 þ. á. Eru tildrög þess þannig:

Hinn 26/1 1926, lét hreppsnefnd Húsavíkurhrepps verkfræðing Benedikt Jónasson í Reykjavík gjöra útboð á vatnsveitupípum og öðru vatnsveituefni handa vatnsveitu, er í ráði var að gjöra á næsta vori í Húsavíkurþorpi.

Aðalstefnandi máls þessa gjörði 19/2 s. á. tilboð um að selja efni þetta fyrir d. kr. 15660.00. Tók hreppsnefndin boði hans og var því 4/3 s. á. gjörður samningur um kaupin. Samkvæmt samningnum átti efnið að sendast til Húsavíkur með S/S »Goðafoss« frá Kaupmannahöfn 11/5 1926. Loks var í samningnum ákveðið, að Ísleifur Jónsson skyldi setja sem tryggingu fyrir því að efnið yrði samkvæmt samningnum og kæmi í tæka tíð til Húsavíkur, sparisjóðsbók með innstæðu minnst ísl. kr. 1885.00. Hinn 9/3 1926 afhenti svo Ísleifur Jónsson Benedikt Jónassyni, f. h. hreppsnefndar Húsavíkurhrepps, sparisjóðsbók við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 þann 4/8 1925 að viðbættum vöxtum.

Hinn 4/3 1926 gjörir Benedikt Jónasson, f. h. hreppsnefndar Húsavíkurhrepps, aftur útboð á efni til vatnsveitunnar og er það þá 5 slökkvihanar, 4 götubrunnar og efni til vatnsleiðslu innanhúss, sem gjöra á tilboð um. Með símskeyti 18. s. m. felur Ísleifur Jónsson, sem þá er staddur erlendis, verzlunarþjóni sínum að bjóða húsaleiðslurnar fyrir d. kr. 1400.00. 19. s. m. sendir verzlunarþjónninn tilboð til Benedikts Jónassonar, f. h Ísleifs, og býður þá allt hið útboðna fyrir 1400 d. kr., og eiga húsaleiðslurnar að koma til Húsavíkur í júní eða ágúst. Hinn 3/4 tilkynnir svo Benedikt Jónasson Ísleifi, að hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hafi samþykkt að taka þessu tilboði hans, þó að því tilskyldu, að allt efnið væri komið til

Húsavikur í síðasta lagi með S/S »Goðafoss« 16/7 1926. Í s. m. tilkynnir Ísleifur Benedikt Jónassyni, að það hafi verið af misgáningi að verzlunarþjónn sinn hafi orðað tilboðið 19/3 þannig, að það nái yfir auk húsaleiðsla, slökkvihana og götubrunna. Segir hann, að slökkvihanarnir og götubrunnarnir hafi átt að bætast við í fyrra tilboðið á sama verð og þeir séu þar reiknaðir. Sama dag tilkynnir Ísleifur Benedikt Jónassyni, að hann geti gengið að þessum skilmálum hreppsnefndarinnar, að efni þetta komi með S/S »Goðafoss« 16/7.

Hinn 22. maí kom S/S »Goðafoss« til Húsavíkur og var vatnsleiðsluefnið ekki með skipinu. Kom þá upp úr kafinu, að því hafði verið skipað út í S/S »Bro« í Kaupmannahöfn, og kom það skip 11 dögum seinna en S/S »Goðafoss« til Húsavíkur.

Þegar loks efnið kom með S/S «Bro« til Húsavíkur, fylgdi því enginn sundurliðaður reikningur heldur aðeins krafa að upphæð d. kr. 20869.00. Greiddi hreppsnefnd Húsavíkurhrepps kröfuna, en taldi hana þó ca. 700 d. kr. hærri en vera átti samkvæmt tilboðinu. Stafaði þessi mismunur af því, að hreppsnefndin taldi að áður umræddir 5 brunahanar og 4 götubrunnar væru innifaldir í síðara tilboði Ísleifs, en í kröfuupphæðinni voru þeir taldir sérstaklega og utan við tilboðin.

Þar sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps taldi sig hafa orðið fyrir tjóni af því að vatnsveituefnið ekki kom með þeirri ferð, er upprunalega var ákveðið og þar sem hún auk þess taldi sig hafa greitt Ísleifi allháa upphæð, sem henni hefði ekki borið að greiða, neitaði hún að afhenda tryggingarfé það, er Ísleifur hafði sett henni og að greiða þær eftirstöðvar kaupverðsins, er Ísleifur taldi sig eiga hjá henni.

Stóð nú í samningum milli aðiljanna um þessi atriði í alllangan tíma, en er samkomulag eigi náðist, höfðaði Ísleifur mál þetta og gagnstefndi þá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps honum þegar í stað.

Aðalstefnandinn krefst þess, að hreppsnefnd Húsavíkurhrepps verði dæmd til að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 29744 við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 auk vaxta frá 4/8 1925, er hann setti til tryggingar því, að hann stæði við samninginn frá 4/3 1926, eða að öðrum kosti greiða sér þessa innstæðuupphæð í peningum auk 5 % ársvaxta frá sama tíma, og ennfremur til að greiða sér skuld samkv. reikningi að upphæð d. kr. 151.90 auk 6 % ársvaxta frá 14/7 1926.

Loks krefst hann, að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða eftir mati réttarins, bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefndur heldur því hinsvegar fram, að sér hafi verið heimilt að neita að afhenda tryggingarfé það, sem aðalstefnandinn setti fyrir fullnægingu sinni í samningnum frá 4/3 1926, þar sem aðalstefnandinn hafi brotið þann samning og bakað sér skaðabótaskyldu, með því að efni það, sem hann átti að senda með S/S »Goðafoss« í maí 1926, ekki var sent með því skipi, heldur með S/S »Bro«, er kom síðar til Húsavíkur. Af kröfu aðalstefnandans um vangoldnar d. kr. 151.90, neitar aðalstefndur eindregið að skulda síðasta kröfuliðinn á reikningi rskj. 24, að upphæð d. kr. 38.00. Ennfremur heldur hann því fram, að liðurinn »vátrygging kr. 132.25« á sama reikningi eigi að vera íslenzkar krónur, en eigi danskar. Viðurkennir hann því að skulda aðalstefnandanum cá. 111.00 íslenzkar krónur.

Í gagnstefnunni krefst gagnstefnandinn, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér: 1., kr. 599.25 fyrir 5 slökkvihana og 4 götubrunna, er gagnstefnandi telur innifalda í 1400 kr. tilboði gagnstefnda frá 19/3 1926, er gagnstefndi reiknaði sérstaklega í kröfu þeirri, er fylgdi vörunum og hreppsnefnd Húsavíkurhrepps greiddi. 2., d. kr. 70.00 fyrir 2 götubrunna, sem aldrei voru afhentir, en áttu að afhendast samkv. samningnum frá 3/4 1926. 3., skaðabætur að upphæð ísl. kr. 710.00 fyrir skaða þann, er gagnstefnandi varð fyrir, af því að efni það, er samkv. samningnum frá 4/3 1926 átti að koma til Húsvíkur með S/S »Goðafoss« í maí, kom ekki fyr en með S/S »Bro« 11 dögum síðar. 6 % ársvexti krefst gagnstefnandinn að sér verði tildæmdir af þessum upphæðum frá 14/7 1926. Loks krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins bæði í aðalsök og gagnsök.

Kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni mótmælir gagnstefndur og telur sig hafa staðið við alla gjörða samninga við gagnstefnandann.

Að því er snertir þá 5 slökkvihana og 4 götubrunna, er hann færði gagnstefnanda sérstaklega til reiknings, en sem gagnstefnandi telur innifalda í 1400 kr. tilboði hans frá 19/3 1926, þá viðurkennir hann að vísu, að verzlunarþjónn sinn hafi boðið þetta með í 1400 kr. tilboðinu, en við það tilboð

telur hann sig ekki bundinn, sumpart vegna þess, að verzlunarþjónninn hafi ekki haft umboð til að bjóða nema húsaleiðslurnar fyrir 1400 kr. (sbr. rskj. 12), en sumpart telur hann sig sjálfan hafa haft rétt til að breyta tilboðinu, er gagnstefnandi ekki samþykkti það án breytinga, heldur með breyttum afhendingarfresti, og hafi hann með bréfi sínu til Benedikts Jónassonar 7/4 1926, rskj. 15, notað sér þennan rétt sinn. Telur hann sig enga ábyrgð bera á því, þótt Benedikt Jónasson, umboðsmaður gagnstefnanda hafi vanrækt að tilkynna umbjóðanda sínum breytinguna, því úr því gagnstefnandi setti Benedikt Jónasson í þá stöðu að bera boð á milli samningsaðiljanna, verði hann að bera ábyrgð á vanrækslu umboðsmannsins um flutning boðanna. Að því er snertir umboðsskort verzlunarþjónsins, heldur gagnstefndur því fram, að staða hans við verzlun sína hafi ekki verið þess eðlis, að í henni fælist neitt umboð til að gjöra slíkt tilboð sem það, er hann gjörði 19/3 1926, en af því leiði, að Benedikt Jónasson hefði átt að krefja hann um umboð, og er hann þá hefði lagt fram símskeytið, rskj. 12, hefði Benedikt Jónassyni átt að vera ljóst, að hann færi út fyrir umboð sitt í tilboðinu.

Að því er snertir hina 2 vantandi götubrunna, viðurkennir hann að vísu, að þá hafi gagnstefnandi aldrei fengið, en telur sig hafa samið svo um við Benedikt Jónasson, að þessu yrði sleppt, en í stað þeirra léti hann 5 slökkvihana af dýrari (yfirjarðar) gerð en þeirri, er hann var skyldur til að láta, samkvæmt samningnum frá 4/3 1926.

Skaðabótakröfu gagnstefnanda í gagnsökinni telur gagnstefndi á engum rökum byggða og telur sér alls ekki skylt að bæta honum það tjón, er hann beið við það, að vörurnar, er áttu að koma með S/S »Goðafoss«, komu ekki með því skipi, heldur með S/S »Bro« 11 dögum síðar. Segir hann, að í samningnum frá 4/3 1926, rskj. 9—10, sé að vísu ákveðið, að vörurnar skuli sendast frá Kaupmannahöfn með S/S »Goðafoss« 11/5 1926, en jafnframt sé þar ákvæði, er heimili honum að senda þær með öðru skipi. Telur hann sig færa sönnur á það, að hann hafi verið búinn að tryggja sér pláss fyrir vörurnar með S/S »Goðafoss« og að þær hafi legið tilbúnar til útskipunar í skipið í Kaupmannahöfn, áður en það átti að leggja af stað. En rétt áður en skipið fór, tilkynnir skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn firmanu Ohlsen & Ahlmann, er sáu um afgreiðslu varanna frá Kaupmannahöfn,

að það óskaði eftir að vörurnar færu með S/S »Bro«, er fara átti skömmu á eftir S/S »Goðafoss« frá Kaupmannahöfn. Þar eð firmað Ohlsen & Ahlmann taldi allar líkur til, samkvæmt upplýsingum skrifstofu Eimskipafélags Íslands, að »Bro« yrði um svipað leyti á Húsavík og »Goðafoss«, og þar sem það líka taldi, að Eimskipafélag Íslands hefði samkvæmt flutningareglum sínum, rétt til að skifta um skip í þessu tilfelli, samþykkti það, að skift yrði um skip. En reynzlan varð sú, að »Bro« var 11 dögum síðar en »Goðafoss« á Húsavík, og stafaði það sumpart af því, að það kom við í Leith, þvert ofan í það sem ráð var fyrir gjört, þá er ákvörðunin um, að vörurnar færu með því, var tekin, vegna þess að kolaverkfall það, er hafði staðið yfir og varð örsök þess, að »Goðafoss« ekki kom við í Englandi, var skyndilega upphafið um það leyti, sem »Bro« fór frá Kaupmannahöfn, og sumpart vegna þess, að það fékk vont veður í hafi. En í samningnum frá 4/3 1926, stendur einmitt, að sendandi beri ekki ábyrgð á »töfum, sem orsakast kunna .... af verkföllum ..... og öðrum óviðráðanlegum orsökum«.

Loks mótmælir gagnstefndur því eindregið, að tjón það, er gagnstefnandi beið af drætti á komu efnisins, hafi verið nándarnærri eins mikið og gagnstefnandi telur. Álítur hann, að tjónið hafi í hæsta lagi numið 87 kr.

Kröfu aðalstefnanda um, að aðalstefndur verði dæmdur til að greiða sér skuld, að upphæð d. kr. 151.90, hefir aðalstefndur mótmælt. Telur hann, að um einn lið þessarar reikningsupphæðar, d. kr. 38.00, sé hann ranglega krafinn, en annan lið á reikningi, rskj. nr. 24, d. kr. 132.25 telur hann eiga að vera ísl. krónur. Að réttarins áliti hefir aðalstefnandinn eigi fært nægar sannanir fyrir því, gegn eindregnum mótmælum aðalstefnds, að vörur þær, sem taldar eru á reikningi, rskj. nr. 45, og sem þessi 30 kr. krafa er gjörð út af, hafi ekki verið innifaldar í samningi hans og aðalstefnds frá 4/3 1926. Hinsvegar hefir aðalstefnandinn svarað þeirri fullyrðingu aðalstefnds, að liðurinn »vátrygging kr. 132.25« á rskj. nr. 24 átti að vera ísl. krónur, með því að benda á það í reikningi, rskj. nr. 39, sé upphæð þessi, sem er bæði sjótrygging og stríðstrygging á sendum vörum talin sem hundraðshluti af 23000 kr. upphæð, sem eigi að vera danskar krónur, enda hafi mest öll viðskifti þau, er mál þetta er risið út af, verið reiknuð í dönskum krónum. Þessari fullyrðingu aðal-

stefnandans um, að stofngjald það, sem reikningsupphæðin sé hundraðshluti af, sé danskar krónur, hefir aðalstefndur eigi nægilega mótmælt eða hnekkt og virðist því rétt að telja, að hér sé um danskar krónur að ræða. Samkvæmt framansögðu ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnandanum af þessum lið dómkröfu hans í aðalmálinu, d. kr. 113.90.

Í gagnsökinni krefst gagnstefnandinn meðal annars, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér d. kr. 70.00 fyrir 2 götubrunna, er hann kveður gagnstefnda eigi hafa afhent, en borið að afhenda samkvæmt samningnum frá 4/3 1926. Gagnstefndur viðurkennir, að hann hafi eigi afhent götubrunnana svo sem honum bar, en ber fyrir sig, að hann hafi samið svo um við Benedikt Jónasson verkfræðing, umboðsmann gagnstefnanda, að hann þyrfti eigi að afhenda þá. Rétturinn verður því að líta svo á, að það komi ekkert málinu við, hverskonar samning gagnstefndi hafi gjört um þetta við Benedikt Jónasson verkfræðing, því verkfræðingurinn kom aðeins fram sem umboðsmaður hreppsnefndar Húsavíkurhrepps við að taka á móti tilboðum, en hafði ekkert umboð til að gjöra samninga eða taka ákvarðanir fyrir umbjóðanda sinn. Ber því að taka dómkröfu gagnstefnandans til greina í þessu atriði.

Þá gjörir gagnstefnandinn þá dómkröfu í gagnsökinni, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér d. kr. 595.25 fyrir ofborgað vatnsveituefni (5 slökkvihana og 4 götubrunna). Byggir hann þessa kröfu sína á því, að gagnstefndur hafi verið bundinn við tilboð verzlunarþjóns síns frá 19/3 1926 og aldrei getað gengið frá eða breytt því tilboði. Með málafærslunni er eigi nægilega upplýst, hvernig stöðu verzlunarþjónsins, Guðm. H. Þorvarðssonar, við verzlun gagnstefnds er varið, svo af því verði ráðið hversu víðtækt umboð hann, samkvæmt stöðu sinni, hefir til að gjöra samninga eða tilboð fyrir hönd húsbónda síns í fjarveru hans. Verður gagnstefndur því vart sýknaður af kröfu gagnstefnandans sökum þess, að verzlunarþjónninn hafi farið út fyrir umboð sitt í tilboðinu og að Benedikt Jónasson verkfræðingur hefði átt að krefjast þess, að hann legði fram umboð það, er hann hafði til að gjöra tilboðið. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að þó gagnstefndur hafi verið bundinn við tilboð verzlunarþjóns síns frá 19/3 1926, þá hafi það, að gagnstefnandinn ekki gekk að tilboðinu óbreyttu, heldur samþykkti það með breyttum afhendingarfresti, gjört það að verkum, að gagnstefndur hafi

getað losnað við tilboðið. Hafði hann rétt til, jafnframt því sem hann samþykkti að senda vöruna með ferð S/S »Goðafoss« í júlí, að leiðrétta tilboð frá 19/3 og bjóða aðeins húsaleiðslurnar fyrir 1400 d. kr. Og þessi leið er það einmitt, sem gagnstefndi velur. Því með bréfi 7/4 1926, rskj. nr. 15, tilkynnir hann Benedikt Jónassyni áður en hann samþykkir að senda vörurnar með S/S »Goðafoss« í júlí, að 5 brunahanar og 4 götubrunnar eigi ekki að vera með í 1400 kr. verðinu í tilboðinu. Er bréf þetta að vísu ekki hyggilega orðað, en þó kemur þessi vilji hans greinilega í ljós. Þetta breytta tilboð gagnstefnda fær gagnstefnandinn að vísu ekkert að vita um fyr en um vorið skömmu áður en vörurnar komu. Virðist Benedikt Jónasson ekkert hafa tilkynnt umbjóðanda sínum annað en að gagnstefndur samþykkti afhendingarfrest þann, er til var tekinn í samþykkinu. En á þessari vanrækslu Benedikts Jónassonar getur gagnstefndur vitanlega enga ábyrgð borið. Gagnstefnandinn hafði sett Benedikt Jónasson í þá stöðu, að bera boð milli sín og gagnstefnda. Gengu öll tilboð og svör við þeim, gagnstefnda og gagnstefnanda, gegnum Benedikt Jónasson og var það því í alla staði rétt af gagnstefnda að tilkynna Benedikt Jónassyni hið breytta tilboð. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna gagnstefnda af þessum lið gagnkröfunnar.

Síðasti kröfuliður gagnstefnandans í gagnsökinni er skaðabótakrafa, að upphæð ísl. kr. 710.00, á hendur gagnstefndum. Byggir hann kröfu sína á því, að gagnstefndi samkvæmt samningi frá 4/3 1926 beri ábyrgð á þeim drætti, er varð á komu vatnsveituefnisins til Húsavíkur vegna þess að það ekki kom með S/S »Goðafoss« 22/5 1926, heldur með S/S »Bro« 11 dögum seinna. Í samningnum frá 4/3 1926 er ákveðið, að efni það, sem þar er selt, skuli sendast með S/S »Goðafoss« í maí 1926 til Húsavíkur. Þó er í samningnum annað ákvæði, er segir, að seljanda skuli heimilt að senda efnið með öðru skipi en »Goðafoss«. Þýðing þessa ákvæðis er að réttarins áliti sú, að seljandi hafi rétt til að senda efnið með hverju öðru skipi en S/S »Goðafoss«, sem hann getur sýnt fram á, að hann hafi haft ástæðu til að álíta að kæmi til Húsavíkur samtímis eða fyr en S/S »Goðafoss«.

Með rskj. nr. 17 og 18 hefir gagnstefndur sannað það, að vatnsveituefnið var tilbúið í Kaupmannahöfn löngu áður en S/S »Goðafoss« átti að fara þaðan 11. maí 1926, og ennfremur,

að hann var búinn að tryggja sér rúm fyrir það í skipinu. En er að því kom að S/S »Goðafoss« átti að fara að leggja af stað, mæltist skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn til þess við firmað Ohlsen & Ahlmann, er sá um sendingu varanna, að vörurnar færu með S/S »Bro«, aukaskip er hlaða átti strax að lokinni hleðslu S/S »Goðafoss« og sem síðan átti að fara upp til Íslands sömu leið og S/S «Goðafoss«. Samþykkti firmað þessa ráðstöfun skrifstofunnar, sumpart vegna þess, að það áleit, að Eimskipafélag Íslands hefði samkvæmt flutningareglum sínum rétt til að ráðstafa flutningum þannig, að skift væri um skip, og sumpart vegna þess, að skrifstofa Eimskipafélagsins gaf þær upplýsingar, að enginn verulegur munur mundi verða á komu skipanna til Húsavíkur, því S/S »Bro«, þótt það færi seinna, hefði minni vöru að losa á leiðinni til Húsavíkur og þyrfti á færri hafnir að koma, þar sem það væri aukaskip. Viðurkennir skrifstofa Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn að hafa látið þetta álit sitt í ljósi um það hvenær skipin mundu koma til Húsavíkur, sbr. bréfin, rskj. nr. 21—22 og 23. En reyndin varð sú, að rétt eftir að S/S »Goðafoss« fór frá Kaupmannahöfn, var upphafið kolaverkfall það í Englandi, sem var örsök þess, að S/S »Goðafoss« ekki kom þar við, og fór því S/S »Bro« til Leith og tafðist allmikið við það. Ennfremur fékk S/S »Goðafoss« gott veður á leiðinni til Húsavíkur, en S/S »Bro« slæmt og tafði það skipið enn meir. Afleiðing alls þessa var sú, að S/S »Bro« kom 11 dögum seinna en S/S »Goðafoss« til Húsavíkur. En samkvæmt samningnum frá 4/3 1926, ber sendandi ekki ábyrgð á þeim töfum, sem orsakast af verkföllum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að firmað Ohlsen & Ahlmann hafi haft ástæðu til að álíta, að S/S »Bro« yrði ekkert á eftir S/S »Goðafoss« á Húsavík og hafi því verið heimilt samkvæmt samningnum frá 4/3 1926 að samþykkja, að vatnsveituefnið yrði sent með því skipi. Ennfremur, að tafir þær, sem S/S »Bro« varð fyrir á leiðinni til Íslands, hafi orðið af þeim orsökum, er sendandi eigi bar ábyrgð á samkvæmt samningnum frá 4/3 1926. Ber því að sýkna gagnstefnda af þessum lið kröfunnar.

Kröfu aðalstefnanda í aðalsökinni um að aðalstefndi verði dæmdur til að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 29744 við Landsbankann í Reykjavík með innstæðu kr. 1884.18 auk vaxta

frá 4/8 1925, eða greiða sér jafngildi innstæðunnar og vaxtanna í peningum, ber að taka til greina, þar sem gagnstefnanda í gagnsökinni ekki er tildæmd hærri upphæð en sú, er aðalstefnandanum er tildæmd samkvæmt hinni kröfu hans í aðalsökinni.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök ber að dæma aðalstefndan til að greiða aðalstefnandanum, og virðist hann hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Miðvikudaginn 27. nóv. 1929.

Nr. 72/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Theodor Roelofs (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 25. maí 1929: Kærði, Theodor Roelofs, á að greiða innan fjögra vikna 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún eigi greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Dresden«, O. N 87 frá Nordenham, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað miðanir og mælingar varðskipsins á sjóbréf, er lagt hefir verið fram í hæstarétti og sýnir, að skip kærða, sem var á leið frá landi og með stjórnborðsvörpu í sjó, var kl. 1,09 dag þann, er skipið var tekið, um 0,5 úr sjómílu innan landhelgi, ber að staðfesta lögregluréttardóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Að svo vöxnu máli verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars sóknar- og varnarlaun í hæstarétti, og eru þau ákveðin, hvor um sig, 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Theodor Roelofs, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannnanna, Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eftir skýrslu skipherrans á varðskipinu »Óðinn«, sem dags. er 24. þ. m. og fram lögð í málinu, kom varðskipið litlu eftir hádegi í gær austur með Sólheimasandi og athugaði þá togarann »Dresden«, O. N. 87 frá Nordenham, sem kærði er skipstjóri á, að sjá laust við Dyrhólaey. Kl. 12,54 stefndi togarinn að landi, en kl. 12,56 sneri hann út og hélt samkvæmt sömu skýrslu út frá landi, beint að því, er virtist, í 22 mínútur eða til kl. 1,18 þegar »Óðinn« stanzaði hjá togaranum, og reyndist hann þá 0,25 úr sjómílu fyrir utan landhelgislínuna og var með stjórnborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir kannast við að hafa verið að toga þegar »Óðinn« stöðvaði skip hans og næstu 10 mínúturnar á undan a. m. k. Styðst þetta við eiðfestan framburð vélameistara af togaranum og einnig framburð 1. stýrimanns hans. Aftur á móti hafa 1. og 2. stýrimaður af »Óðni« borið, að það sé rétt, sem skýrslan segir, að skip kærða hafi verið með ferð út á við í 20—22 mínútur. En hvað sem þessu líður, verður að teljast sannað í málinu, að kærður hafi kastað vörpunni á land-

helgissvæðinu, þar sem hann eftir þeim stefnum, er hann hélt síðustu 10 mínúturnar og með þeim hraða, sem hann hefir kannast við, að skip hans fari með vörpu á eftir sér, hlýtur að hafa kastað einhverju litlu fyrir innan landhelgislínuna, enda þótt talið sé, að hann hafi aðeins togað í 10 mínútur. Samkvæmt framansögðu verður að telja nægilega sannað í málinu, að kærði, sem er fæddur 22. dez. 1868, hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar eð hér er um fyrsta brot hans á þessum lögum að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8165 gullkróna, telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan fjögra vikna og rennur í Landhelgissjóð Íslands. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. En fáist sektin eigi greidd ber kærða að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi.

Föstudaginn 29. nóv. 1929.

Nr. 59/1929. **Þorgrímur Ólafsson og Bjarni Eyjólfsson**
gegn
Pétri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Þorgrímur Ólafsson og Bjarni Eyjólfsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði þeir, Þorgrímur Ólafsson, og Bjarni Eyjólfson, stefnda Pétri Jakobssyni, er hefir mætt í málinu og krafizt hefir ómaksbóta, in solidum 25 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóv. 1929.

Nr. 62/1929. **Ari Þórðarson, Magnús Sæmundsson og Þórður J. Thoroddsen**

gegn

Pétri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ari Þórðarson, Magnús Sæmundsson og Þórður J. Thoroddsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði áfrýjendur stefnda, Pétri Jakobssyni, er hefir mætt í málinu og krafizt ómaksbóta, in solidum 25 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóv. 1929.

Nr. 108/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Einari Jónassyni (M. Guðmundsson).

Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 21. maí 1929: Jón Einar Jónasson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1200 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að öl það, er kærði flutti til annars manns og kom þar fyrir til geymslu, var af annari

bruggun en sýnishorn það, er Efnarannsóknarstofan rannsakaði, og er það því ekki sannað í málinu, að í öli þessu hafi verið meira áfengi en lögleyft er.

Verknaður kærða, sem að öðru leyti er rétt lýst í lögregluréttardóminum, er refsiverður samkvæmt 6. gr. og 11. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir mega ákveða refsinguna samkvæmt 30. og 32. gr. sömu laga 5 daga einfalt fangelsi og 1000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Svo skulu og bruggunaráhöldin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Einar Jónasson, sæti 5 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 1000 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Einari Jónassyni, verkamanni, til heimilis í Bryggjuhúsi hér í

bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Eru málavextir sem hér segir:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan heim til kærðs og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann hafði sjálfur bruggað.

Ölsýnishornið var þvínæst sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og reyndist það innihalda 8,40 % af áfengi (alkohol) að rúmmáli. Við rannsókn málsins hefir sannast með játningu kærðs, sem kemur heim við annað, sem upplýst er í málinu, að kærður hefir á tímabilinu frá janúar síðastliðnum til miðjan apríl, öðru hverju bruggað samskonar öl og sýnishornið var tekið af. Ennfremur hefir kærði játað að hafa veitt mönnum dálítið af öli sínu og selt örfáum, þó mjög lítið, og kemur þetta heim við framburð vitna, sem yfirheyrð hafa verið.

Kærður hefir haldið fast fram, að hann hafi alls ekki bruggað til að selja í atvinnuskyni, heldur einungis til að neyta sjálfur.

Það er ennfremur upplýst með játningu kærðs og framburði vitna, að hann fór með 7—8 lítra af öli sínu til manns eins hér í bænum til geymslu og jafnframt höfðu tveir menn aðgang að ölinu þar og neyttu af því, svo og geymslumaðurinn.

Til bruggunarinnar hefir kærður notað stamp og sigti, sem nú er í höndum lögreglunnar.

Þegar niðurstaða Efnarannsóknarstofunnar barst hingað, var kærður búinn með allt öl sitt og átti þá ekkert.

Kærður hefir eigi áður sætt sekt eða dómi fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.

Brot kærða ber að áliti dómarans að heimfæra undir 6. gr., 10. gr. og 11. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928 og virðist refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir 30. gr., 31. gr. og 32. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin, tíu daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1200 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður 50 daga einföldu fangelsi.

Svo skulu bruggunaráhöldin upptæk og eign ríkissjóðs.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 2. dez. 1929.

Nr. 107/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurði Sveini Sveinssyni
(Magnús Guðmundsson).

Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 21. maí 1929: Sigurður Sveinn Sveinsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar er tekið fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi er það sannað, að kærði hefir bruggað öl með ólöglegum áfengisstyrkleika, en með því að öl það, er kærði hefir veitt einstaka manni, hefir eigi verið af ölbruggun þeirri, er rannsökuð hefir verið af efnarannsóknarstofu ríkisins, brestur sönnun fyrir því, að hann hafi gjörzt brotlegur gegn 11. gr. áfengislaganna.

Þá hefir kærði verið sakaður um að hafa í tvö skifti verið ölvaður á almannafæri, en með því að vitni þau, er um þetta hafa borið, hafa eigi staðfest framburð sinn með eiði, verður gegn neitun kærða um að hann hafi verið ölvaður, eigi talið sannað, að hann hafi gjört sig sekan í þessum verknaði.

Samkvæmt framansögðu hefir kærði gjörzt brotlegur gegn 6. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928 og ákveðst refsing hans, samkvæmt 30. gr. nefndra laga, 5 daga einfalt fangelsi og 1000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi

í stað sektarinnar 45 daga samskonar fangelsi fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skulu bruggunaráhöldin upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Sveinn Sveinsson, sæti 5 daga einföldu fangelsi og 1000 kr. sekt í ríkissjóð og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skulu bruggunartækin upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Sveini Sveinssyni, verkamanni, til heimilis í Bren..u hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þessir:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan heim til kærðs og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann kvaðst sjálfur hafa bruggað. Var öl þetta síðan sent Efnarannsóknarstofu ríkisins

til rannsóknar og reyndist það hafa 6,80 %, áfengisstyrkleik (alkóhólinnihald) að rúmmáli. Kærður hefir haldið því fram, að öl sitt hafi ekki verið áfengt eða hann hafi að minnsta kosti staðið í þeirri meiningu, og að ölsýnishornið muni hafa vaxið að áfengisstyrkleik þá niu daga, sem liðu frá því það var tekið og þar til rannsóknin fór fram. Um þetta atriði hefir verið leitað álits Efnarannsóknarstofunnar og telur hún, að ölið hafi ekki aukist verulega að áfengisstyrkleik eftir að flöskunum var lokað, sem gjört var strax og sýnishornið var tekið.

Það er upplýst í málinu, að kærður hefir bruggað í einu svo mikið öl, að hann hefir jafnan átt ölið miklu lengur en þennan tíma, sem sýnishornið var á leiðinni. Auk þess er ölið látið látið standa áður en þess er neytt, en kærður hefir haldið fram, að sýnishornið hafi verið tekið af nýbrugguðu öli.

Ennfremur hafa vitni, sem yfirheyrð hafa verið í málinu, haldið fram, að þau hafi drukkið öl kærðs og sér virzt það nokkuð sterkt og áfengt.

Samkvæmt framansögðu þykir sýnt, að ölbrugg kærðs hafi verið yfir lögleyfðan áfengisstyrkleik.

Við rannsókn málsins hefir kærði gefið þá skýrslu, að hann hafi byrjað ölbruggun í september síðastliðnum og haldið því áfram öðru hverju síðan og hafi bruggað frá 25 til 80 lítra í einu. Hafi ölsýnishornið verið tekið af fimmtu brugguninni, sem hafi verið einna stærst.

Til bruggunarinnar hefir kærður eigi notað önnur áhöld en stamp og síu.

Kærður hefir haldið fram, að hann hafi bruggað öl sitt til að neyta þess sjálfur í stað kaffi, sem hann megi ekki drekka sökum heilsubrests.

Það er sannað í málinu, bæði með játningu kærðs og vitnaframburði, að hann hefir veitt einstaka mönnum af öli sínu, þó ekki mikið að því er virðist.

Hinsvegar hefir kærði neitað að hafa selt öl, enda ekkert upplýst í málinu, er hnekkir þeirri fullyrðingu eða gjöri hana tortryggilega.

Ennfremur hefir kærði verið kærður fyrir að vera ölvaður og hafa hegðað sér ósæmilega á almannafæri. Laugardagskvöldið 20. apríl síðastliðinn, var kærði staddur á opinberum dansleik í Bióhúsinu hér, og var að samhljóða framburði 3ja vitna áberandi ölvaður og hafði í frammi hneykslanlega hegðun.

Sömuleiðis er upplýst með samhljóða framburði þriggja vitna, að kærði hafi á annan í páskum síðastliðinn, verið áberandi ölvaður og haft í frammi drykkjulæti og háreysti hjá húsi, því er hann býr í, Brennu, sem stendur við alfaraveg. Hvorutveggja þetta verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærðs.

Kærður hefir því samkvæmt framansögðu orðið brotlegur við 6. gr., 11. gr. og 16. gr. áfengislaga nr. 64 frá 7. maí 1928. Kærður hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Refsing, sú er kærður hefir unnið til eftir 30. gr., 32. gr. og 26. gr. áðurnefndra áfengislaga, þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1200 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 50 daga einföldu fangelsi. Ennfremur greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. dez. 1929.

Nr. 48/1929. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og Bergi sýslumanni Jónssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Fógetaréttarúrskurður.

Úrskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 6. júní 1929: Fógeti vikur ekki sæti í máli þessu og á hin umbeðna fjárnámsgjörð að hafa framgang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 6. dag júnímánaðar þ. á. úrskurðaði fógetinn í Barðastrandarsýslu, að fjárnám skyldi fara fram hjá áfrýjanda, þar vestra, til fullnustu hæstaréttardómi

13. maí s. á., er skyldaði áfrýjanda til að greiða fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, 61192 kr. 47 aura með 5 % ársvöxtum frá 16. apríl 1928 og 300 kr. málskostnað. Var fjárnám síðan gjört samdægurs í eignum áfrýjanda, er virtar höfðu verið í því skyni á 66805 kr. 92 aura.

Úrskurði þessum og fjárnáminu skaut áfrýjandi til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 7. júní, og krefst þess, aðallega, að úrskurðurinn verði ógiltur og til vara þess, að úrskurðinum og fjárnáminu verði vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar. Loks krefst áfrýjandi þess, að fjármálaráðherra og fógetinn, er hann hefir stefnt til ábyrgðar, verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti, hvor í sínu lagi eða in solidum.

Aðalkröfuna rökstyður áfrýjandinn með því, að fógetinn sé óvinur sinn og hafi því átt að víkja sæti og varakröfuna með því, að fógetinn hafi ekki látið koma til frádráttar dómkröfunni ýmsa reikninga og ávísanir, er áfrýjandi hafi vísað á sem greiðslu.

En hvorug krafa áfrýjanda á við rök að styðjast. Það er ekki sannað, enda sést þess enginn vottur í málsmeðferð fógetans, að hann sé óvinur áfrýjanda eða að öðru leyti svo við málið riðinn, að honum beri fyrir þær sakir að víkja sæti. Og dómkrafan er krafa um reiðufé, en reikningar og ávísanir áfrýjanda ekki viðurkenndir af dómhafa, og fógetanum þegar af þeirri ástæðu óheimilt að láta þær koma til frádráttar.

Það ber því að staðfesta fógetaúrskurðinn og fjárnámsgjörðina.

Samkvæmt þeim úrslitum verður áfrýjandi að greiða báðum hinum stefndu, fjármálaráðherra og fógeta, málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn

200 kr. til handa hinum fyrnefnda og 100 kr. til handa hinum síðarnefnda.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðinum og fjárnámsgjörðinni skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, fyrrum sýslumaður, greiði fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, 200 kr. í málskostnað og Bergi sýslumanni Jónssyni 100 kr. í sama skyni.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Gjörðarbeiðandi, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hefir krafizt þess, að fjárnám verði gjört í eignum gjörðarþola, Einars M. Jónassonar, fyrv. sýslumanns, til tryggingar dómsskuld, samkvæmt hæstaréttardómi, uppkveðnum 13. maí þ. á., að upphæð kr. 61192.47, með 5 % ársvöxtum frá 16. apríl 1928 til greiðsludags og 300 kr. málskostnaði, svo og til tryggingar öllum kostnaði við fjárnámið og eftirfarandi upphæð, ef til kemur.

Gjörðarþoli, Einar M. Jónasson, hefir látið mæta í réttinum og mótmæla framgangi gjörðarinnar og leggja fram skrifleg mótmæli, rskj. 4, ásamt 6 fylgiskjölum. Krefst hann þess í fyrsta lagi, að fógeti víki sæti í máli þessu, en umboðsmaður gjörðarbeiðanda mótmælir því. Gjörðarþoli hefir eigi getað sýnt fram á, að framkvæmd gjörðarinnar snerti á nokkurn hátt hagsmuni fógetans og fullyrðing hans um það, að fógetinn sé persónulegur fjandmaður hans, er aðeins röng og órökstudd staðhæfing. Er því að áliti réttarins engin ástæða fyrir fógetann til þess að víkja sæti, og verður krafa gjörðarþola um það ekki til greina tekin.

Í skjölum þeim, sem gjörðarþoli hefir látið leggja fram, er ekkert það, sem hindrað geti framkvæmd gjörðarinnar á grundvelli skýlauss hæstaréttardóms sem aðfararheimildar,

enda hefir umboðsmaður gjörðarbeiðanda mótmælt rskj. 4 og og 6 sem röngu og rakalausu. Verða því mótmæli gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar ekki til greina tekin, en fjárnámið á fram að ganga samkvæmt kröfu gjörðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 4. dez. 1929.

Nr. 46/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja h/f.**
(Helgi Benediktsson)
gegn
Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. Friðriks Svipmundssonar (Enginn).

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er áfrýjað dómi aukaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 23. febr. þ. á., þar sem áfrýjandi var dæmdur til að greiða Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. Friðriks Svipmundssonar útgerðarmanns á Löndum í Vestmannaeyjum, 2610 kr. 20 aura ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1927 og 100 kr. í málskostnað, en nefndum Jóhanni Gunnari Ólafssyni hafði Friðrik Svipmundsson gefið umboð til að flytja málið fyrir sína hönd fyrir undirréttinum.

Friðriki Svipmundssyni hefir þó eigi verið stefnt fyrir hæstarétt við áfrýjun málsins, heldur aðeins »fyrir hans hönd« manni þeim, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, er flutti málið fyrir hann sem umboðsmaður hans fyrir aukaréttinum, en það sést hvorki af málinu, að Friðrik Svipmundsson hafi fallið frá stefnu í því til hæstaréttar, né, að hann hafi gefið nefndum umboðsmanni sínum fyrir undirréttinum umboð til að taka á móti stefnu í málinu þangað fyrir sína hönd.

Með því að varnaraðila, Friðriki Svipmundssyni, hefir þannig eigi verið stefnt í málinu eða hin útgefna stefna verið honum birt og hann hefir ekki mætt sjálfur eða látið mæta í því, verður ex officio samkvæmt N. L. 1—4—1. að vísa málinu frá hæstarétti.

Að svo vöxnu máli fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. dez. 1929.

Nr. 36/1929. **Réttvísin** (Guðmundur Ólafsson)
gegn
Tómasi Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 250. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 6. nóv. 1928: Ákærður, Tómas Jónsson, sæti 15 mánaða betrunarhúsvinnu og greiði allan af máli þessu löglega leiddan kostnað, þar á meðal 60 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hér í réttinum, Sigurðar Þórðarsonar hreppstjóra.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða heyrir undir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin með hliðsjón af því, að um 13 ár eru liðin frá því ákærði var síðast dæmdur, hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakar-

innar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Tómas Jónsson, sæti sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Tómasi Jónssyni, búanda í Elvogum í Seiluhreppi, fyrir brot gegn 23. og 25. kapítulum almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 7. maí 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Í annari viku síðastliðins sumars hvarf Konráði Arngrímssyni bónda á Ytri-Brekkum í Akrahreppi, 5 vetra gamall foli, dökkjarpur á lit, eign dóttur hans. Var mark á hestinum: Sneiðrifað framan hægra og miðhlutað vinstra. Þrem vikum eða mánuði eftir hvarfið frétti Konráð til hestsins, að hann væri kominn fram í Holtsmúla í Staðarhreppi og lét hann sækja hestinn þangað. Eftir 3 eða 4 daga hverfur hestur þessi aftur úr heimahögum og fréttist þá enn til hans í Holtsmúla. Sendi Konráð þá eftir hestinum. En þegar sendimaður hans kom að Holtsmúla gaf bóndinn þar, Ellert Jóhannsson, þær upplýsingar um hestinn, að hann mundi vera kominn í vörzlur Tómasar Jónssonar í Elvogum. Sneri sendimaður Konráðs þá aftur heimleiðis, en bað Ellert að taka að sér að ná hestinum frá Tómasi. Tók hann þetta að sér og var hesturinn sóttur í

Elvoga frá ákærða, sunnudaginn 8. júlí síðastliðinn, og lét ákærði hann af hendi tregðulaust. Skilaði Ellert hestinum í hendur Konráði, á Sauðárkróki þ. 11. sama mánaðar.

Konráði þótti undarlega viðbregða um hvörfin og flækinginn á folanum, sem hann hefir borið, að ávallt hafi gengið í heimahögum með hryssunni móður sinni. En með því að hann vissi, að ákærði var á ferð í nágrenni hans um þær mundir, er hesturinn fyrst hvarf, og hann hafði heyrt eftir ákærða, að hann eignaði sér hestinn, og hann hinsvegar taldi það mjög óliklegt, að hesturinn hefði af sjálfsdáðum farið vestur yfir Héraðsvötn, þá kærði hann ákærða og baðst rannsóknar um afskiftí hans af hestinum.

Það hefir ekki tekist að upplýsa um það, hvernig stendur á því, að hestur þessi hvarf úr heimahögum og kom fram í Holtsmúla. Hefir ákærði haldið því fram, að hesturinn hafi verið kominn til sín að Elvogum fyrir 9. helgi sumars. Styðst þetta við framburð vitnisins Konráðs Gíslasonar frá Bessastöðum í Sæmundarhlíð, sem var með ákærða í hrossarekstri 16. júní, því þá þvældist hesturinn með hrossum þeirra alla leið vestan af Langholti og austur yfir Héraðsvötn og aftur vestur yfir heim með ákærða að Elvogum. Þá er það að fullu upplýst, að ákærði rak hestinn með nokkrum hrossum sínum til Reynistaðarréttar á hrossasýningu 19. júní. Er það sannað með eigin játningu ákærða og framburði vitna, að ákærði var þá spurður um, hver ætti hestinn, og svaraði hann því svo: að hann ætti með hestinn — það ætti hann maður frammi á bæjum. Rak ákærði hestinn þá aftur heim til sín að Elvogum. Ennfremur er það sannað með eigin játningu ákærða og framburði vitnisins Jóns Sveinssonar bónda á Hóli í Sæmundarhlíð, að annanhvorn daginn, 21. eða 22. júní, var hesturinn settur í hald á Hóli í Sæmundarhlíð, ásamt 3 öðrum hrossum og sótti ákærði hann ásamt hrossum þessum sama daginn úr haldinu. Hefir nefndur Jón Sveinsson borið það fyrir réttinum og unnið eið að, að ákærði hafi við þetta tækifæri sagzt eiga hestinn og hafa fengið hann hjá Halldóri Vídalín Magnússyni, verzlunarmanni á Sauðárkróki. Hefir Jón ennfremur borið, að ákærður hafi þá haldið því fram, að hesturinn væri markaður með: Heilrifað hægra og sýlt vinstra, en heilrifan væri skemmd. En það er upplýst, að mark þetta er hrossamark nefnds Halldórs Vídalín, sem hann hefir borið, að hann hafi aldrei notað. Virtist Jóni vera vafamark á vinstra

eyra folans (sem stafaði af því, að miðhlutunin á eyranu reyndist ekki glöggt mörkuð), en enginn vafi á því leika, að á hægra eyra væri markað sneiðrifað framan. Vakti umtal ákærða um markið á hestinum grun hjá vitninu um það, að ekki væri það allt með feldu, sem ákærði sagði um eign sína á hestinum.

Þessum framburði Jóns Sveinssonar hefir ákærði stöðugt mótmælt, og haldið því fram, að hann hafi hvorki sagzt eiga hestinn né hafa fengið hann hjá hinum tilgreinda manni. Hefir hann haldið því fram, að hann hafi haldið hestinn vera eign Sigurðar Þorkelssonar bónda á Barkarstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu, og hafi hann ætlað að hirða hann fyrir Sigurð, eftir beiðni hans. Hefir hann ekki þótzt muna hvort Sigurður tilgreindi lit á hestinum, sem hann bað hann fyrir að hirða, hvað þá heldur önnur einkenni. Þá hefir hann haldið því fram, að þegar hann sagðist eiga hestinn, á hrossasýningunni á Reynistað þ. 19. júní, og að hann væri framan af bæjum, þá hafi hann þar með átt við það, að nefndur Sigurður á Barkarstöðum ætti hestinn. Hefir hann stöðugt og eindregið neitað því, að hann hafi slegið eða ætlað sér að slá eign sinni á þennan hest.

Ofangreind greinargjörð ákærða fyrir afskiftum sínum af hesti þessum virðist æði ósennileg og grunsamleg, eins og raunar allur hér að lútandi framburður hans, þegar þess er gætt, að það er alveg gagnstætt venju, að menn í utanverðum Skagafirði hafi þau orð um hesta vestan úr Húnavatnssýslu, að þeir séu framan af bæjum. Ennfremur hefir nefndur Sigurður á Barkarstöðum borið það fyrir rétti, að hann hafi beðið ákærða að hirða fyrir sig vindótta hryssu, er hann vantaði af fjalli haustið 1927, og hugði að flækzt hefði til Skagafjarðar. Hefir Sigurður borið, að ákærði hafi lofað að hirða fyrir sig hryssu þessa, ef hann spyrði til hennar, en annað hross hafi hann ekki beðið ákærða fyrir.

Degi eftir að rannsóknin út af ofangreindum hesti hófst, eða 12. júlí síðastliðinn, voru könnuð hross þau, er fyrirfundust í heimalandi ákærða í Elvogum, og fannst þar þá brúnjörp hryssa 3ja vetra gömul, með marki: Stýft hægra og fjöður framan vinstra, en það mark, sem er eign Stefáns Jónssonar bónda á Hamri í Hegranesi, bróður ákærða, hefir ákærði notað sem sitt hrossamark. Leyndi það sér ekki, að markið á hægra eyra þessa tryppis var nýmarkað, því eyrað var

ógróið. Um hross þetta hefir tekizt að upplýsa, að það komst í vörzlur ákærða og var afmarkað af honum með þeim atvikum sem nú greinir:

Föstudagskvöldið í elleftu viku siðastliðins sumars (29. júní) fór ákærði ásamt unglingspilti, áðurnefndum Konráði Gíslasyni frá Bessastöðum, heimanað frá sér, frá Elvogum, austur yfir Langholt og austur yfir Húseyjarkvísl. Bað hann Konráð að koma með sér niður á svokallaðar Glaumbæjareyjar, sem þar eru á eylendinu, til þess að ná í 2 fola, sem hann ætlaði að hirða þar fyrir mann á Sauðárkróki, eftir beiðni hans. Var Konráð í vinnu hjá ákærða þennan dag, og fór því með honum. Þegar þeir komu niður á eyjarnar og höfðu fundið folana, sagði ákærði piltinum að halda vestur eyjarnar með þá, en hann ætlaði sjálfur að svipast um eftir hryssu, sem sér hefði horfið úr Hegranesi. Rétt á eftir kom ákærði á eftir piltinum með hrossahóp og hafði þá orð á því við hann, að sér sýndist hann þekkja hryssuna í hópnum. Ráku þeir hrossin inn í rétt þar á eylandinu austur af Glaumbæ og handsamaði ákærði þar hina framangreindu brúnjörpu hryssu og hafði orð á því, að sér sýndist vera sitt mark á henni. Pilturinn skoðaði þá mark á hryssunni, en gat ekki séð, að neitt mark væri á hægra eyra hennar. Hafði hann orð á þessu við ákærða, að sér sýndist broddur hægra eyrans heill og ósnertur, — en ákærður hélt því fram, að hann væri ofurlitið særður. Síðan ráku þeir hryssu þessa ásamt folunum upp og vestur yfir Langholt, heim að Elvogum, og rak ákærður hrossin þar inn í hús. Skildi þá með þeim Konráði, sem fór heim til sín. Ákærði hefir játað, að hann hafi morguninn eftir markað stýfingu á hægra eyra hryssunni, en á vinstra eyra hennar var gamalt og gróið mark: fjöður framan. Hefti hann hana síðan og sleppti henni því næst í heimahaga sína í haftinu.

Ákærður hélt því fyrst fram í prófunum, að hann hafi haldið sig eiga hryssuna, er hann tók hana á Glaumbæjareyjum og er hann markaði hana undir sitt mark (markið er hann notar), — hann hafi haldið hana vera hryssuna, sem hann vantaði úr Hegranesi. Það hafi fyrst verið fimmtudaginn 5. eða föstudaginn 6. júlí, er hann tók hryssuna úr haftinu og skoðaði þá um leið upp í hana, að hann sá, að þetta gat ekki verið hryssan, sem hann vantaði, því hún var 2 vetrum eldri en þessi brúnjarpa hryssa. En allt um það sló hann þó eign sinni á hryssuna og sagði Benedikt bónda Péturssyni á Stóra-Vatns-

skarði, er hann hitti næsta sunnudag, að hún væri sín eign. Það er sannað með framburði tveggja vitna, sem bezt þekktu til hryssunnar, sem ákærða vantaði úr Hegranesi, að hún var brúngrá á lit, og hefir annað vitnið, Ólafur Sigurðsson, bóndi á Hellulandi í Hegranesi, borið, að hún hafi verið með gráa slettu á nös. Þá hefir og eitt vitni borið, að ákærður hafi lýst hrossi þessu við sig sem brúngráu og í lögregluréttinum þ. 17. júlí lýsti ákærður því sjálfur yfir, að hann þori ekki að fortaka nema hann hafi lýst hrossinu þannig, því það kunni að hafa verið brúngrátt í hugskoti sínu. Þessi greinilegi litarmunur hrossanna virðist því útiloka það, að ákærður, sem af almenningi er álitinn sérlega glöggur á hross, hafi getað tekið brúnjörpu hryssuna í misgripum fyrir brúngráu hryssuna, sem hann vantaði úr Hegranesi, enda játaði ákærður það síðar í prófunum (21. júlí og 1. október), að hann hafi aldrei verið viss um að hann ætti brúnjörpu hryssuna.

Eftir að frumprófunum í máli þessu var lokið og þegar mál þetta var þingfest, þann 22. september síðastliðinn, gekk ákærði frá framangreindum framburði sínum og játningum, og hélt því þá fram fyrir réttinum, að hann hefði játað á sig framangreint brot sitt af ósönnu í því skyni að sleppa við gæzluvarðhald. Lagði talsmaður ákærða þá fram vottorð frá Sigfúsi Eyjólfssyni á Eiríksstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi þess efnis, að Sigfús hefði komið að Elvogum föstudagskvöldið 29. júní síðastliðinn, hitt ákærða þar við hesthús, skoðað, að hans beiðni, brúna (eða jarpa) hryssu, og fundið örlitla stýfingu á hægra eyra hennar. — Varð þetta til þess, að dómtöku málsins var frestað, en rannsókn þess tekin upp aftur.

Var nefndur Sigfús Eyjólfsson yfirheyrður í lögregluréttí hér á Sauðárkróki þ. 29. september síðastliðinn og kannaðist hann við að hafa gefið ofangreint vottorð. Bar hann það fyrir réttinum undir eiðstilboð, að hann hefði ekkert mark séð á hægra eyra hrossins, sem ákærði sýndi honum, áður en hann handlék eyrað og hafði hann orð á því við ákærða. En þegar hann fór að handleika eyrað, fannst honum votta fyrir litlum stalli efst framan á hveli eyrans og fletti hann þá frá hárunum og sást þá glöggt, að eyrað var sært þó lítið væri, og tók hann þetta fyrir stýfing, sem hallaðist. Sigfúsi var þá samstundis í réttinum sýnd brúnjarpa hryssan, sem ákærður tók af Glaumbæjareyjum og skoðaði hann hana. Neitaði hann því, að hann gæti þekkt hana fyrir sama hross og ákærði

sýndi honum í Elvogum við framangreint tækifæri. Framburður Sigfúsar þessa þykir því að réttarins áliti engu breyta um það, sem áður var upplýst í málinu, enda hafði ákærður 3 dögum á undan síðastgreindu réttarhaldi gengið frá afturköllun síns fyrra framburðar og lýst því yfir í lögregluréttinum, að hann hefði skrökvað upp afturkölluninni í því skyni að reyna að umflýja hegningu. Það er sannað með staðfestum framburði Magnúsar Gíslasonar hreppstjóra á Frostastöðum og Gísla Magnússonar bónda í Eyhildarholti, sem kemur heim við fleiri hér að lútandi vitnaskýrslur, að marggreind hryssa er eign nefnds Gísla Magnússonar. Var tryppið keypt haustið 1926 af Bjarna Jóhannessyni frá Reykjum í Hjaltadal. Var það með marki: fjöður framan vinstra. Hafa bæði hin síðastgreindu vitni, sem alla tíð síðan 1926 og þangað til hrossið hvarf í vor, hafa haft það í vörzlum sínum, borið, að þau hafi aldrei orðið þess vís, að nokkurt mark hafi verið á hægra eyra hryssunnar. Var hryssan afhent eigandanum að rannsókn lokinni.

Við rannsókn málsins komu fram atriði, er þóttu vekja grun um, að ákærði hefði haustið 1927 slátrað hrossum með leynd á heimili sínu, og snerist því rannsóknin talsvert um þetta atriði. Var gjörð rannsókn á útihúsum í Elvogum í því skyni, að komast fyrir um þetta, en ekkert það kom fram við rannsókn þessa, er upplýsi eða sanni, að ákærður hafi gjörzt sekur um hrossaslátrun af ófrjálsu.

Þá hefir það einnig komið í ljós við rannsókn málsins, að nokkrir hestar, er ýmsir áttu, hafa verið í óskilum með hrossum ákærða. Hafa réttarprófin, að því leyti sem þau fjölluðu um þetta atriði, ekki leitt til þess, að nokkuð sannaðist á ákærða um saknæm afskifti af þessum hestum.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1886 og var hann 1) í lögregluréttí Skagafjarðarsýslu, þ. 25. marz 1908, sektaður um 30 krónur fyrir tíundarsvik, 2) með dómi landsyfirréttarins, uppkveðnum 29. sept. 1913, dæmdur samkvæmt 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til 4×5 daga fangelsis við vatn og brauð og 3) með dómi landsyfirréttarins, uppkveðnum 25. okt. 1915, dæmdur samkv. 250. gr. og 272. gr., sbr. 273. gr. greindra hegningarlaga til eins árs betrunarhússvinnu. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 11.—21. júlí síðastl. og frá 22. september til 3. f. m. Eins og dómsskjölin bera með sér, hefir hann við rannsókn þessa máls reynzt þvermóðskufullur og fram-

burður hans yfirleitt óhreinskilinn og blandinn ósannindum og missögnum.

Þrátt fyrir vitnaframburði þá og líkur, sem fram hafa komið í málinu, svo og fortíð ákærða og tortryggilegan framburð hans, að því er snertir afskifti hans af framangreindum hesti frá Ytri-Brekkum, verður að réttarins áliti ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi ætlað sér að slá eða slegið eign sinni á hest þennan. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar að þessu leyti.

Hinsvegar þykir það löglega sannað með eigin játning ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt hefir verið upplýst í málinu, að hann hefir tekið hina brúnjörpu hryssu frá Eyhildarholti af framangreindum Glaumbæjareyjum og rekið hana heim til sín og afmarkað sér hana, án þess að vera viss um, að hún væri hans eign, og ennfremur að hann sló eign sinni á hross þetta, enda þótt hann þá vissi, að hann átti það ekki.

Brot ákærða heyrir að réttarins áliti undir 250. gr., sbr. 249. gr. almennnra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir hegning sú, er hann hefir unnið til, með tilliti til fortíðar hans og málavaxta, vera hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna.

Eftir þessum úrslitum ber og að dæma ákærða til að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér í réttinum, er ákveðst 60 krónur.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 11. dez. 1929.

Nr. 18/1929. **Pétur Guðjónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Einari Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Sýknudómur.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 20. sept. 1928: Stefndi, Pétur Guðjónsson, á að greiða stefnanda Einari Jónssyni 25 krónur í skaðabætur.

Málskostnaður fellur niður.

Fyrir ósæmilegan rithátt á stefnandi að greiða 15 króna sekt í ríkissjóð og skulu ummæli þau, sem nefnd eru í forsendum dómsins vera dauð og ómerk.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vorið 1927, fór áfrýjandi þessa máls ásamt 4 mönnum öðrum til lundaveiða út í svokallað Súlnasker við Vestmannaeyjar og kveðst hann hafa haft leyfi allra jarðarbænda, er veiðirétt áttu í Skerinu, til þessarar veiðifarar, nema stefnda. Meðan veiðin stóð yfir krafðist stefndi þess bréflega, að veiðimennirnir greiddu sér af lundaveiðinni 1/3 úr heilum jarðarhlut og gat þess jafnframt, að hann gæti krafizt bóta af þeim fyrir rýrnun á fýla- og súlnaveiði, ef til kæmi, þar sem þeir hefðu farið þessa för án síns leyfis. Til þess nú að bæta fyrir veiðiför sína, létu veiðimennirnir stefnda fá heilan jarðarhlut af lundaveiðinni, en ekki 1/3 svo sem hann hafði krafizt.

Þegar fýla- og súlnaveiðin fór fram síðari hluta sumars, kom það í ljós, að veiði þessi varð miklum mun rýrari en undanfarin ár, og taldi því maður sá, er hafði það starf að kalla menn til veiða og skifta henni, fyrverandi hreppstjóri, Sveinn P. Skeving, veiðina svo litla, að ekki tæki því að skifta henni á alla jarðarbændur, svo sem venja var til og skifti því veiðinni eingöngu milli þeirra, sem í þetta sinn sóttu í Skerið. Út af þessari skiftingu varð nokkur óánægja meðal jarðarbænda og varð það til þess, að Sveinn boðaði þá á fund hinn 15. nóvember 1927 og lagði fram tillögu um, að veiði í Súlnaskeri skiftist þannig, að miðflokkur ætti alla veiðina 1928, seinasti flokkur 1929, fyrsti flokkur 1930 og svo áfram. Þessi tillaga

var samþykkt með öllum atkvæðum gegn 1, og var síðan samþykkt til fullnaðar á síðari fundi í málinu 26. maí 1928, að því er virðist með atkvæðum allra, er hlut áttu að máli, þar á meðal stefnda.

Það er nú ekki sagt berum orðum í fundargjörðinni 15. nóv. 1227, hvort hið nýja skiftingarfyrirkomulag ætti að byrja árið 1927, en þetta virðist þó hafa verið tilætlunin; má ráða þetta af því, að sá flokkur jarðarbænda, er hlaut veiðina það ár, er í fundargjörðinni kallaður 1. flokkur; þannig hefir sjálfur tillögumaðurinn skilið tillögu sína, svo sem bert er af vottorði hans, er lagt hefir verið fram í málinu og hann síðan staðfest fyrir rétti, og auk þess hafa 2 af jarðarbændum borið það fyrir rètti og unnið eið að, að skift hafi verið eftir nýja fyrirkomulaginu það ár, 1927, enda væri það óeðlilegt, að svo væri til orða tekið í fundargjörðinni, að miðflokkur ætti veiðina 1928 og síðasti flokkur 1929, hefði ekki átt að byrja þegar árið 1927 á hinu nýja fyrirkomulagi, en það er viðurkennt í málinu, að stefndi telst til 3ja — síðasta — flokks, sem hefir notið veiðinnar þetta ár 1929 og tekið fyrirvaralaust við hluta sínum það ár.

Samkvæmt framansögðu, verður eigi álitið, að stefndi hafi átt tilkall til fýla- og súlnaveiði í Skerinu 1927, og á hann þá ekki tilkall til skaðabóta hjá áfrýjanda fyrir rýrnun veiðinnar það ár, þótt álíta mætti, að hún stafaði af umræddri veiðiför.

Það ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, um ómerkingu hinna átöldu ummæla og sekt fyrir ósæmilegan rithátt samþykkjast, þó svo, að hin dæmda sekt greiðist að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyja.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að undirdómarinn hefir haft málið undir dómi í rúmar 9 vikur, en fyrir þessum drætti hefir hann fært viðunandi ástæður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Pétur Guðjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Einars Jónssonar, í máli þessu.

Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, um ómerkingu átaldra ummæla og sekt fyrir ósæmilegan rithátt staðfestast, þó svo, að hin dæmda sekt greiðist að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyja.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útg. 30. apríl þ. á., og að undangenginni árangurslausri sáttatilraun 2. apríl þ. á., höfðaði Einar Jónsson bóndi í Norðurgarði hér mál þetta gegn Pétri Guðjónssyni á Aðalbóli hér, til greiðslu á 25 kr. skaðabótum fyrir að hafa í óleyfi sínu veitt lunda í Súlnaskeri og með því bakað sér tjón vegna rýrari fýla- og súlnatekju í Skerinu af þeirri ástæðu.

Stefnandi mætti sjálfur í málinu, en stefndi lét mæta og mótmælti skaðabótakröfum stefnanda af þeim ástæðum, sem hér skulu greindar:

Fyrst og fremst telur stefndi sig ekki eiga einan að svara til sakar, ef einhver er, vegna þess að hann hafi aðeins verið einn af fleirum, sem í Skerið fóru. Ennfremur hafi stefnandi helzt engan skaða beðið af þeirri för á fýla- og súlnatekju sinni. En hafi um einhvern skaða verið að ræða, sé fullar bætur goldnar stefnanda fyrir hann með lunda þeim,

sem hann fékk sér afhentan vegna lundaveiði stefnda og hinna annara, og fullyrt er, að hafi verið umfram það, sem stefnandi gjörði tilkall til af þeirri veiði. Loks fullyrðir stefndi, að stefnandi hafi í raun og veru alls engan rétt haft til fuglatekju úr Súlnaskeri sumarið 1927, þegar stefndi og fleiri fóru og veiddu þar í óleyfi stefnanda, þar sem hann hafi á fundi árið eftir samþykkt það fyrirkomulag, að 1/3 hluti jarðarbænda aðeins hefði veiðirétt í Skerinu árlega, og hann sjálfur ekki fyr en árið 1929. Með því hafi hann samþykkt gildi þeirra skifta, sem gjörð voru árið 1927 eftir áður nefnda veiðiför, en eftir þeim var stefnanda enginn hlutur ætlaður það ár. Einnig tekur stefndi fram sem sýknunarástæðu, að enda þótt hann og félagar hans hafi ekki haft leyfi stefnanda til margnefnds veiðiskapar, þá hafi hann og þeir haft leyfi allra annara, sem þar áttu réttindi og það hafi nægt, og í raun og veru ekki þurft leyfi stefnanda.

Það verður að fallast á það með stefnanda, að enda þótt hann kunni að eiga aðgang að fleirum til bóta, sé honum heimilt að snúa kröfu sinni að hverjum þeirra, er hann kýs, og kemur sú varnarástæða aðeins til álita við ákvörðun skaðabótaupphæðarinnar, ef rétt telst, að hún sé einhver. Einnig verður rétturinn að vera samdóma stefnanda um það, að þar sem hann átti meðal annars veiðirétt í Súlnaskeri óskiftu, varð hans samþykki að koma til þess, að réttindalausir menn veiddu þar fugl, og gátu hinir meðeigendur hans ekki ráðstafað réttindum hans þar. Enda ósannað gegn mótmælum stefnanda, að þeir hafi gjört það. Leyfi stefnanda þurfti því að koma til og verður ekki litið svo á, að hann hafi með samþykki sínu 1928 á skiftingarfyrirkomulaginu fallið frá þessum rétti sínum fyrir árið 1927, því að það fyrirkomulag tilgreinir ekki beinlínis annað en hvað gilda skuli árið 1928, og þar eftir, og hefði þurft skýlausa yfirlýsing stefnanda að hann samþykkti skiftin 1927, ef þetta ætti að álítast. En sú yfirlýsing liggur ekki fyrir. Það kemur eftir þessu aðeins til álita hvort stefnandi hafi nokkurt tjón beðið af völdum stefnda, er hann hafi ekki fengið bætur fyrir. Stefnandi hefir haldið fram, að stefndi hafi gjört sér tjón með því að fýlatekja úr Skerinu hafi rýrnað af völdum hans og félaga hans og er þetta að vísu véfengt af stefnda, en þó ekki mótmælt, að svo hafi kunnað að vera. Hve mikil sú rýrnun kann að hafa verið er alveg

ósannað, enda eftir hlutarins eðli ómögulegt að sanna með nokkurri nákvæmni.

Rétturinn lítur svo á, að þegar einhver eða einhverjir í óleyfi nytfæra sér eignir annara, hvort sem eru hlutir eða réttindi, beri að leggja á hann eða þá sönnunarskylduna um, að eigandinn hafi ekkert tjón beðið, eða hve mikið það hafi verið. Það virðist ekki eiga að íþyngja þeim, sem slíku er beittur að sanna þetta, það yrði til þess að skerða eignarrétt hans að ósekju og stundum að miklum mun. Og þar sem réttúrinn eftir því, sem að framan er greint, verður að líta svo á, að stefndi hafi í heimildarleysi nytfært sér réttindi stefnanda í Súlnaskeri, og hann ekki hefir fært sönnur eða sérstakar líkur fyrir því, að stefnandi hafi ekki beðið tjón það, sem hann telur (25 kr. umfram lundahlutinn), þá verður að fallast á kröfur stefnanda í málinu og dæma stefnda til þess að greiða umstefndar skaðabætur, 25 krónur.

Umboðsmaður stefnda hefir krafizt, að stefnandi væri sektaður fyrir óþarfa málsýfing og verður sú krafa samkvæmt framanrituðu ekki tekin til greina. Þá hefir hann einnig krafizt, að stefnandi sé sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og þessi ummæli dæmd dauð og ómerk: »ránsmenn« og »ránshättur«, »stefndur og þeir, sem með honum standa — — — — segja þar vísvitandi ósatt«, »vitnin — — — og umbjóðandi stefnda reyna á óheiðarlegan hátt — — — — en með því verður vitnisburðurinn falskur«. Þessar kröfur þykir rétt að taka til greina og dæma stefnanda til að greiða fyrir þau 15 króna sekt til ríkissjóðs og ummælin dauð og ómerk.

Málskostnaður þykir mega falla niður.

Dráttur á uppsögn dóms í málinu stafar af miklum embættisönnum, m. a. fyrirtekt yfir 70 dómsmála á tímabilinu, margra lögreglumála og fjölda fógetagjörða.

Föstudaginn 13. dez. 1929.

Nr. 115/1929. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóhanni Indriðasyni (Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 8. maí 1929: Kærður, Jóhann Indriðason, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð og sæti auk þess 15 daga einföldu fangelsi. Fáist sektin ekki öll greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærður í stað sektarinnar 50 daga einföldu fangelsi. Kærður greiði og allan löglegan kostnað af máli þessu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að ekki er sannað á kærða, gegn mótmælum hans, hvorki með skýrslu efnarannsóknarstofu ríkisins, né á annan hátt, að öl það, er hann bruggaði haustið 1927 og seldi lítilsháttar af og veitti gegn borgun, hafi farið fram úr lögleyfðum styrkleika, má staðfesta lögregluréttardóminn, þó þannig, að fangelsisrefsingin verði 5 daga einfalt fangelsi og að vararefsingin verði 45 daga samskonar fangelsi, enda teljist greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Samkv. þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, og er það ákveðið 50 kr. til hvors.

Það athugast, að ekki er upplýst, hvort kærði hafi áður brotið áfengislöggjöfina.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að fangelsisrefsingin verði 5 daga einfalt fangelsi,

að vararefsingin verði 45 daga samskonar fangelsi og greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jóhann Indriðason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög málsins eru þessi:

Við áfengisleit, sem að undangengnum úrskurði fór fram hinn 1. dezember f. á, í húsum kærða Jóhanns Indriðasonar á Fáskrúðsfirði, fannst meðal annars öl í tunnu, sem kærði kannaðist við að hafa bruggað sjálfur. Samkvæmt skýrslu Efnarannsóknarstofu ríkisins, sem fékk sýnishorn af öli þessu til rannsóknar, reyndist vínandainnihald ölsins 5 % að rúmmáli.

Kærður kveðst ekki hafa selt eða ætlað að selja af öli þessu, en undir rannsókn málsins kannaðist hann við að hafa einu sinni áður, s.l. haust, bruggað öl á sama hátt og öl það, sem tekið var af honum og selt öðrum af því öli.

Með því að í öli því, sem kærður bruggaði var meiri vínandi en heimilt er, samkvæmt gildandi áfengislöggjöf, hefir kærður með þessu atferli gjörzt brotlegur við 6. grein áfengislaga nr. 64 frá 7. maí 1928, sbr. 1. gr. sömu laga, og þykir refsingin fyrir þetta brot hæfilega ákveðin, samkvæmt 30. grein téðra laga 1000 króna sekt, er renni í ríkissjóð og 15 daga einfalt fangelsi. Verði sektin ekki öll greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í stað sektarinnar 50 daga einfalt fangelsi.

Kærður greiði og allan af máli þessu löglega leiddan og löglega leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 16. dez. 1929.

Nr. 128/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Guðmundssyni, Páli Stefánssyni o. fl. (Lárus Fjeldsted).

Vínsmyglun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. júlí 1928: Þeir, Sigurjón Sigurðsson og Stefán Stefánsson, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærður, Jón Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði og greiði 1500 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 60 daga.

Kærður, Páll Stefánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 45 daga.

Þeir, Jóhannes Hjálmarsson, Ingvar Einarsson og Bjarni Finnbogason, sæti hver um sig einföldu fangelsi í 30 daga og greiði hver um sig 1000 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 45 daga.

Jóhannes Björnsson sæti einföldu fangelsi í 20 daga og greiði 500 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Kærður, Kristmundur Einarsson, greiði 150 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga.

Kærður, Jón Gunnlaugsson, greiði 100 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Hinir kærðu, Þorkell Sigurðsson og Þorkell S. Svarfdal, greiði hver um sig 50 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 4 daga.

Hver hinna kærðu greiði kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði þeir, Jón Guðmundsson, Jóhannes

Hjálmarsson, Páll Stefánsson, Ingvar Einarsson, Bjarni Finnbogason og Jóhannes Björnsson, allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Undir flutningi máls þessa hér fyrir réttinum er það upplýst, að einn hinna kærðu, Jóhannes Björnsson, er nýlega látinn og fellur því sökin á hendur honum niður.

Samkvæmt því, sem tekið er fram í dómi lögregluréttarins, ber að sýkna hina kærðu, Sigurjón Sigurðsson, og Stefán Stefánsson. Og þar sem ennfremur framburði kærða, Þorkels Sigurðssonar, um það, að hann hafi ekki vitað, að áfengi var í brúsa þeim, er hann flutti úr m/b. »Úlfur Uggason« í sölubúð Friðbjarnar Nielssonar, hefir ekki verið hnekkt, þá ber einnig að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Brotum hinna sakfelldu, hvers um sig, er rétt lýst í lögregluréttardóminum að öðru leyti en því, að eftir prófunum hafa aðeins 24 tíulítra brúsar af áfengi, en ekki 1000 lítrar, verið fluttir til Bolungarvíkur. Hefir kærði, Jón Guðmundsson, svo sem nánar segir í dóminum að vísu verið aðalforgöngumaður í smyglunarafbrotinu, en kærða, Pál Stefánsson, verður einnig að telja sem aðalmann í því. Heyra því afbrot þessara tveggja undir 1. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925. En brot þeirra Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar, Ingvars Einarssonar, Kristmundar Einarssonar, Jóns Gunnlaugssonar og Þorkels S. Svarfdal, ber að heimfæra undir 18. gr. sömu laga og brot Jóhannesar og Ingvars einnig undir 9. gr.

Með skírskotun til þess, er segir í lögregluréttar-

dóminum um brot hinna seku og um fyrri brot þeirra á áfengislöggjöfinni, þykir refsing hvers þeirra um sig hæfilega ákveðin sem hér segir:

Jón Guðmundsson sæti 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 kr. sekt, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi.

Páll Stefánsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi.

Bjarni Finnbogason og Jóhannes Hjálmarsson sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt, er afplánist með 55 daga einföldu fangelsi.

Ingvar Einarsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi.

Kristmundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal sæti hver um sig 100 kr. sekt, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi.

Allar sektirnar renni í ríkissjóð og kemur vararefsingin til framkvæmda, ef sektirnar fást eigi greiddar innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi, er lögreglustjórnin hefir náð í sínar vörzlur, skal upptækt vera og eign ríkissjóðs.

Þeir, hinna kærðu, er setið hafa í gæzluvarðhaldi undir rekstri málsins, greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda 250 kr. og verjanda 150 kr., greiði þeir, Jón Guðmundsson, Páll Stefánsson, Bjarni Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson og Ingvar Einarsson in solidum að $^{9}/_{10}$ hlutum, en þeir Kristmundur Einarsson, Jón

Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal greiði in solidum 1/10 hluta.

Því dæmist rétt vera:

Sigurjón Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Þorkell Sigurðsson eiga sýknir að vera af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Jón Guðmundsson sæti 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 kr. sekt, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi.

Páll Stefánsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi.

Bjarni Finnbogason og Jóhannes Hjálmarsson sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt, er afplánist með 55 daga einföldu fangelsi.

Ingvar Einarsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi.

Kristmundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal sæti hver um sig 100 kr. sekt, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi.

Allar sektirnar renni í ríkissjóð og kemur vararefsingin til framkvæmda, ef sektirnar fást eigi greiddar innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Hinir kærðu greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, að meðtöldum sóknar- og varnarlaunum málflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar, 250 kr. og Lárusar Fjeldsted 150 kr., greiði þeir, Jón Guðmundsson, Páll Stefánsson, Bjarni Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson, og Ingvar Einarsson in solidum að $^{9}/_{10}$ hlutum, en þeir Kristmundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal greiði in solidum $^{1}/_{10}$.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jóni Guðmundssyni, Bakkastíg 5 hér í bænum, Bjarna Finnbogasyni á Búðum á Snæfellsnesi, Jóhannesi Hjálmarssyni, til heimilis á Siglufirði, Jóhannesi Björnssyni, Brekkustíg 5 í Reykjavík, Kristmundi Einarssyni og Ingvari Einarssyni, Keflavík, Páli Stefánssyni, Jóni Gunnlaugssyni, Stefáni Stefánssyni, Þorkeli Sigurðssyni Svarfdal, Þorkeli Sigurðssyni og Sigurjóni Sigurðssyni öllum til heimilis á Siglufirði, fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi nr. 15 frá 8. nóvbr. 1925.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu kærðra, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Fyrstu tildrög máls þessa, sem upplýst eru, voru þau, að kærður, Páll Stefánsson fór héðan til Þýzkalands 11. eða 12. febrúar 1926, að hann heldur fram, til þess að útvega sér þar vörulán. Hann kveðst þó engar vörur hafa fengið að láni og hafa orðið peningalaus í Kiel, kveðst hann þá hafa komizt í kynni við skipstjóra, að nafni Eugen Friedrich, á smyglunar-

skipinu Liselotte. Hann kveðst hafa ráðist á þetta skip gegn ákveðnu kaupi kr. 200.00, en þá ekki hafa vitað, að þetta var smyglunarskip og ekki vitað hvert það átti að fara. Hann kveðst ekki hafa verið skráður á skipið, en hefir engar skynsamlegar ástæður getað fært fram fyrir því, af hvaða orsökum svo var ekki. Þó kveðst hann hafa vitað um það degi áður en skipið lagði af stað, að það ætlaði í smyglunarferð til Íslands, en telur sig þá hafa tekið það loforð af skipstjóranum að fara ekki inn fyrir íslenzka landhelgi. Áður en kærður lagði af stað, kveðst hann hafa látið Bjarna heitinn Ólafsson hér í bænum vita, að smyglunarskipið mundi verða á sveimi hér í Faxaflóa tiltekna daga í maímánuði 1926. Skipið lagði svo af stað frá Kiel 3. eða 5. maí og kom inn í Faxaflóa 11. eða 14. maí. Skipið kveður kærður hafa haft um 20 þúsund lítra af spiritus meðferðis.

Kærður kveðst nú hafa búizt við því, að Bjarni Ólafsson, sem hann stóð í sambandi við, myndi koma út í skipið til þess að sækja áfengi, en svo varð ekki. Hinn 26. maí kom m/b. »Tryggvi« fram að skipinu og komu þeir um borð, Jón Guðmundsson og Bjarni Finnbogason, en upplýst er að um borð í m/b. »Tryggva« voru og þeir, Jóhannes Hjálmarsson, Jóhannes Björnsson og Ingvar Einarsson. Þeir Jón og Bjarni sneru sér til skipstjórans og keypti Jón af honum um 3000 lítra af spiritus. 2000 lítra greiddi hann með 7000 krónum en hitt fékk hann eða hann og Bjarni lánað. Þessum spiritus var svo skipað um borð í m/b. »Tryggva« og var svo umtalað, að þeir kæmu þessu áfengi í land, seldu sumt af því, útveguðu sér þannig peninga og komu síðan fram í skipið aftur og sæktu meira áfengi, en úr því varð þó aldrei, og fór þýzka skipið við svo búið til útlanda.

Það er upplýst í málinu, að vitneskjuna um smyglaraskipið hefir kærður Jón Guðmundsson fengið fyrstur þessara manna frá Bjarna heitnum Ólafssyni. Hafði Jón reynt með þeim Bjarna Finnbogasyni og Ingvari að fara á m/b. »Oddi« fram í þetta sama skip nokkrum dögum áður en þeir fóru á m/b. »Tryggva« í áðurnefnda ferð. En vélin bilaði og urðu þeir því að snúa aftur við svo búið í það skiftið. Þegar kærður, Jón Guðmundsson, réði fyrnefnda menn á m/b. »Tryggva« var þeim það öllum ljóst, eins og þeir hafa og sjálfir játað, að ferðin var að minnsta kosti aðallega »smyglunarleiðangur« en hugmyndin virðist þó jafnvel hafa verið sú meðfram, að

þeir, að honum loknum, stunduðu síldveiðar fyrir Norðurlandi eftir það um sumarið. Um kaup fyrir ferðina virðist ekki hafa verið talað neitt ákveðið, enda hafa hinir kærðu, sem þátt tóku í ferðinni með Jóni, játað, að þeir hafi búizt við að fá riflega þóknun, sem færi þó eftir því, hve vel smyglunin og salan á áfenginu gengi. Jón Guðmundsson segir og sjálfur í prófum máls þessa, að sér hafi aldrei komið annað til hugar en að hafa alla þá, sem með honum voru, sér og þessu fyrirtæki bundna, þannig, að þeir hefðu hlutdeild í hagnaðinum, sem af því kynni að verða.

M/b. »Tryggvi« fór nú frá þýzka smyglunarskipinu og varð Páll Stefánsson kyr þar um borð, hélt báturinn nú til Rekavíkur, þar fluttu þeir félagar 2000 lítra af spiritus í land og kom Jóhannes Hjálmarsson því í geymslu hjá bræðrum sínum, sem þar búa. Hjá þeim bræðrum fengu þeir og lánaðan lítinn mótorbát og skipuðu um borð í hann úr m/b. »Tryggva« þeim 1000 lítrum, sem eftir voru. Að því búnu héldu báðir bátarnir til Aðalvíkur, en þaðan fór smærri báturinn með stykki úr vélinni í m/b. »Tryggva« til Bolungarvíkur, til þess að láta gjöra við það. Jafnframt fór hann með fyrnefnda 1000 lítra af spiritus, og var ætlunin að selja þennan spiritus í Bolungarvík og fá þannig peninga til þess að fara nýja ferð í þýzka skipið og kaupa meira af spiritus eins og um hafði verið talað. Í bátnum til Bolungarvíkur var Jóhannes Hjálmarsson og bróðir hans, þeir gátu ekki selt áfengið í Bolungarvík, seldu þar aðeins 4 dunka, 10 lítra hvern, en fóru aftur með hitt, settu þeir það á ný í m/b. »Tryggva« og héldu í þeim bát til Selvíkur á Skaga, og settu áfengið þar í land og kom Jóhannes Hjálmarsson því þar í umsjá bóndans í Selvík. Þeir bræður Jóhannesar Hjálmarssonar höfðu yfirgefið þá félaga í Aðalvík og farið í mótorbát sínum til Rekavíkur. Frá Selvík fór svo m/b. »Tryggvi« til Siglufjarðar. Þeir, Jón Guðmundsson, Ingvar Einarsson og Jóhannes Björnsson, fóru eftir skamma dvöl á Siglufirði inn til Akureyrar, en Jóhannes Hjálmarsson og Bjarni Finnbogason, sem dvöldu á Siglufirði, tóku sig til, að því er virðist í samráði við Jón Guðmundsson, tóku á leigu m/b. »Hauk«, fengu í lið með sér Kristmund Einarsson á Siglufirði og fóru vestur til Selvíkur. Þar tóku þeir áfengið, er þar var geymt, fóru með sumt inn á Héðinsfjörð og söktu því þar niður við böju, en sumt fóru þeir með til Hríseyjar og komu því þar í land, en síðan héldu þeir til Siglufjarðar

aftur. Voru þeir að þessu dagana 14. til 16. júní. Próf hófust nú á Siglufirði yfir hinum þrem fyrnefndu mönnum og voru þeir, Bjarni og Jóhannes Hjálmarsson, settir í gæzluvarðhald. Um svipað leyti byrjuðu próf á Akureyri yfir þeim Ingvari, Jóni Guðmundssyni og Jóhannesi Björnssyni. Enginn hinna kærðu skýrði frá, að flutt hefði verið annað áfengi úr þýzka skipinu en áfengi það, er komið var fyrir í Selvík, og neituðu því að hafa geymt áfengi annarsstaðar. Jóhannes Hjálmarsson kvaðst hafa sótt áfengið til Selvíkur að undirlagi Jóns Guðmundssonar, því hann hafi viljað fara að koma því í peninga. Kristmundur Einarsson taldi sig ekki hafa vitað um, að hann var að fara í smyglunarferð á m/b. »Hauk«, en félagar hans, sérstaklega Jóhannes Hjálmarsson, fullyrtu hið gagstæða, og eftir því, sem upplýst er í málinu, virðist mega draga þá ályktun, að svo hafi verið.

Dómur var svo kveðinn upp í aukarétti Siglufjarðar 25. ágúst í máli þeirra Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar og Kristmundar Einarssonar. Sá dómur var ómerktur með dómi hæstaréttar, uppkv. 24. marz 1928, og málinu vísað heim til frekari rannsóknar. Dómur gekk ekki á Akureyri yfir hinum þremur, sem áður eru nefndir, en rannsókninni var haldið áfram hér í bænum að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins og varð þá uppvíst um landflutning áfengisins í Rekavík. Eftir að hæstiréttur hafði ómerkt Siglufjarðardóminn, sendi dómsmálaráðuneytið öll plögg málsins hingað og fyrirskipaði frekari meðferð þess hér. Síðan hafa verið haldin framhalds próf á Siglufirði.

Eftir að prófunum lauk á Siglufirði og þeir, Jóhannes Hjálmarsson og Bjarni Finnbogason, voru látnir lausir, fór Jóhannes Hjálmarsson með e/s. »Anders« vestur til Rekavíkur. Setti skipið hann í land á Horni, en þaðan gekk hann til Rekavíkur. Eftir að hann hafði verið í Rekavík í 3 daga, kom þangað Ingvar Einarsson við annan mann í m/b. »Oddur«. Hefir Ingvar skýrt svo frá, að hann hafi verið sendur af eigandа bátsins, kærðum Jóni Guðmundssyni, til þess að sækja bátinn til Reykjavíkur og flytja hann norður, en hann kveðst hafa orðið að fara inn á Rekavík vegna þoku. Í Rekavík hitti Ingvar Jóhannes Hjálmarsson og slóst hann í ferðina norður. Þeir tóku með sér 21 eða 22 dunka af spiritus og héldu síðan norður. 12 eða 13 af þessum dunkum sökti Jóhannes við dufl, fyrir vestan Siglufjörð og fór sjálfur í land á Siglunesi og

gekk þaðan til Siglufjarðar. En Ingvar hélt áfram til Akureyrar á bátnum með 9 dunka og kveður hann sig hafa komið þremur dunkum fyrir í mógrófum fyrir ofan Akureyri og sökt fjórum við bryggju á Akureyrarhöfn, en öllum þeim 7 dunkum hafi verið stolið. Tvo dunka kveðst hann hafa selt á Akureyri fyrir 200 kr. hvorn.

Þegar Jóhannes Hjálmarsson kom til Siglufjarðar, hitti hann Bjarna Finnbogason og bað hann ásamt Jóni Gunnlaugssyni, verkamanni á Siglufirði, að koma dunkum þeim, er hann hafði sökkt, í land. Fóru þeir á bát og fengu sér til hjálpar Sigurð nokkurn Jakobsson, sem mál hefir ekki verið höfðað gegn. Komu þeir áfenginu í land skammt frá Dölum og grófu þar. Skömmu síðar sótti Jóhannes Hjálmarsson 2 dunka, fór með þá inn til Siglufjarðar og kom þeim í geymslu hjá Þorkeli Sigurðssyni Svarfdal, sem kom þeim fyrir í m/b. »Úlfur Uggason«, er hann var formaður á. Skömmu síðar hitti Jóhannes Hjálmarsson kærðan í máli þessu, Stefán Stefánsson, og bauð honum til sölu einn 10 lítra dunk af spiritus fyrir kr. 150.00. Stefán féllst á að kaupa og átti rétt á eftir tal við kærðan, Sigurjón Sigurðsson, um það, að hann yrði með í kaupunum og varð það að samkomulagi að svo skyldi vera. Fékk nú Jóhannes Hjálmarsson Þorkel Sigurðsson til þess að sækja annan spiritus-dunkinn til Þorkels Svarfdal og flytja hann heim til Stefáns. Þetta gjörði Þorkell Sigurðsson, en þá komst bæjarfógetinn á Siglufirði á snoðir um þetta, lét gjöra húsleit hjá Stefáni og fannst þá dunkurinn. Játaði þá Jóhannes Hjálmarsson og félagar hans brot sitt eins og hér hefir verið skýrt frá. Í framburði sínum fyrir réttinum hefir Jóhannes að vísu skýrt svo frá, að brúsar þessir hafi verið 3 og að hann hafi verið búinn að selja einn, en hinir tveir hafi verið teknir, en frekara samræmi milli þessa framburðar hans hér og áðurnefnds framburðar hans í lögreglurétti Siglufjarðar hefir ekki fengizt. Þorkell Sigurðsson heldur því fram, að hann hafi álitið að í spiritus-dunknum, sem hann sótti fyrir Jóhannes Hjálmarsson, væri steinolía, hann kveður Jóhannes ekkert hafa minnzt á hvað í dunknum væri, aðeins hafa beðið sig að sækja böggul til Þorkels Svarfdal og færa Stefáni. Þeir Stefán, Þorkell Svarfdal og Jóhannes Hjálmarsson kveðast ekkert þora að fullyrða um það, hvort Þorkell Sigurðsson hafi vitað um, að áfengi var í dunknum, en enginn þeirra minnist þess, að hafa talað um það við hann, að áfengi væri í dunkn-

um. Þessa frásögn Þorkels Sigurðssonar er ekki unnt að taka trúanlega, því það er í alla staði mjög ósennilegt, að hann hafi ekki grunað, að áfengi væri í dunknum, sem Svarfdal setti í poka og Jóhannes Hjálmarsson, sem nýsloppinn var úr gæzluvarðhaldi og uppvís að flutningi áfengis í allstórum stil, bað hann að sækja. Það verður líka að telja það víst, að Jóhannes hafi talað um þetta við hann eða að minnsta kosti gengið út frá því, að hann vissi um þetta, því ella mundi hann ekki hafa trúað Þorkeli fyrir að sækja dunkinn, sem hann vissi að hlaut að vera sjálfum sér hættulegt, ef Þorkell hefði í góðri trú farið gálauslega með hann. Jóhannes hlýtur því einmitt að hafa vitað, að Þorkell vissi vel hvað hann var að sækja og að hann mundi af þeim ástæðum, vegna þeirra beggja, fara varlega.

Enn hefir Jóhannes Hjálmarsson skýrt svo frá, að hann hafi sumarið 1926 — að hann minnir í ágústmánuði — komizt að því, að tveir menn, þeir Ingólfur Ólafsson og Angantýr Guðmundsson, sem nú eru komnir til Canada, hefðu farið vestur til Rekavíkur og ætluðu að taka þar áfengi með valdi. Hann kveðst þá hafa fengið sér norskt skip til þess að fara með sig vestur til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta. Þegar þangað kom, höfðu fyrnefndir menn verið þar og haft á burt með sér eitthvað áfengi. Kveður hann þá bræður sína hafa sagt sér, að þeir hefðu ekki þorað annað en koma áfenginu, nema 20 dunkum fyrir í geymslu hjá Ólafi Hjálmarssyni að Horni, sem er skammt frá Rekavík. Þá 20 dunka, sem eftir voru, kveðst hann hafa tekið og látið norska skipið fá þá fyrir ferðina, en annað áfengi kveðst hann ekki hafa tekið. Seinna um sumarið reyndi Jón Guðmundsson að láta ná í áfengið. Bræðurnir í Rekavík vísuðu þá frá sér til Ólafs Hjálmarssonar, en hann sagði, að áfengið hefði horfið og vissi hann ekki hvar það væri niður komið. Próf út af þeim þætti málsins, hvað af áfengi þessu hafi orðið, hefir ekki verið unnt að halda hér, þar sem allir þeir, er líklegastir eru til að geta gefið upplýsingar um það, eru vestur á Ströndum og því mjög óhentugt að láta senda þá hingað til bæjarins til að halda próf yfir þeim. Hinsvegar auðvelt að láta hlutaðeigandi yfirvald rannsaka þetta í sérstöku máli.

Sumir þeirra manna, sem kærðir eru í máli þessu, hafa áður sætt refsingu fyrir brot á bannlöggjöfinni.

Kærður, Jón Guðmundsson, hefir með dómi hæstaréttar, upp-

kveðnum 1. maí 1925, verið dæmdur í 1000 kr. sekt og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir innflutning áfengis.

Kærður, Páll Stefánsson, hefir með sama dómi verið dæmdur í sömu refsingu fyrir samskonar brot.

Kærður, Bjarni Finnbogason, hefur verið dæmdur í 400 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 1, sbr. 13. og 18. gr. bannlaganna og með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. 1927, var hann dæmdur í 200 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 11. gr. sömu laga.

Þá hefir Jóhannes Björnsson hinn 16/12 1927 undirgengizt hér í bænum 500 króna sekt fyrir áfengissölu og greitt hana.

Þeir, Stefán Stefánsson og Kristmundur Einarsson, hafa hvor um sig á Siglufirði sætt 200 króna sekt fyrir hlutdeild í bruggun áfengis.

Það verður að teljast nægilega sannað, að kærður Jón Guðmundsson hefir verið aðalmaðurinn í þessu broti, hann ræður yfir skipinu, sem farið er á þessa ferð, og hann ræður menn til fararinnar og leggur til peninga fyrir áfengið. Þeir, sem með honum voru á m/b. »Tryggva«, verða að teljast hjálparmenn hans og sömuleiðis Páll Stefánsson.

Brot Jóns Guðmundssonar ber að heimfæra undir 1. gr. bannlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin samkv. 13. gr. sömu laga og með tilliti til hinna fyrri brota hans, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði og 1500 króna sekt í Menningarsjóð, sem greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 60 daga.

Brot Páls Stefánssonar, Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar, Jóhannesar Björnssonar og Ingvars Einarssonar ber að heimfæra undir 1. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna og brot þeirra Jóhannesar Hjálmarssonar og Ingvars ber að því, er sölunni viðkemur, að heimfæra undir 9. gr. sömu laga. Refsing sú, er Páll Stefánsson hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin samkv. 13. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna og með tilliti til fyrra brots, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 45 daga.

Refsing sú, er Bjarni Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson og Ingvar Einarsson hafa til unnið hver um sig, þykir samkv.

13. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna með tilliti til fyrra brots Bjarna Finnbogasonar og að því, er Jóhannesi og Ingvari viðkemur, með tilliti til ákvæða 14. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 30 daga og 1000 króna sekt í Menningarsjóð fyrir hvern þeirra og greiðast sektirnar innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 46 daga.

Refsing sú, er Jóhannes Björnsson hefir til unnið, þykir samkvæmt ákvæðum 13., sbr. 18. gr. bannlaganna hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 20 daga og 500 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Brot þeirra, Kristmundar Einarssonar, Jóns Gunnlaugssonar, Þorkels Sigurðssonar og Þorkels S. Svarfdal, ber að heimfæra undir 8., sbr. 18. gr. bannlaganna.

Refsing sú, er Kristmundur Einarsson hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin samkv. 16., sbr. 18. gr. bannlaganna 150 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga.

Refsing Jóns Gunnlaugssonar þykir samkv. ákvæðum sömu greina hæfilega ákveðin 100 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Refsing þeirra, Þorkels Sigurðssonar og Þorkels S. Svarfdal, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti þeir hvor um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 3 daga.

Þá, Sigurjón Sigurðsson og Stefán Stefánsson, ber að áliti dómarans að sýkna af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Hinir kærðu greiði hver um sig kostnaðinn við sitt gæzluvarðhald, en allan annan kostnað sakarinnar greiði þeir, Jón Guðmundsson, Bjarni Finnbogason, Páll Stefánsson, Ingvar Einarsson, Jóhannes Hjálmarsson og Jóhannes Björnsson in solidum.

Sumir hinna kærðu í þessu máli hafa fengið sér talsmenn. Dómarinn hefir tilkynnt þeim öllum hvenær dómur mundi ganga í málinu, en enginn þeirra hefir skilað vörn nema talsmaður Jóns Guðmundssonar, Jón Hallvarðsson, cand. juris.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið hér í umdæminu.

Miðvikudaginn 18. dez. 1929.

Nr. 95/1929. **Fjóla Stefáns** (Pétur Magnússon)
gegn
fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs
(Lárus Fjeldsted).

Skaðabætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1929: Stefndur, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Fjólu Stefáns, í þessu máli.
Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, hefir áfrýjandi gegnt ráðskonustöðunni við heilsuhælið á Vífilsstöðum frá 1. apríl 1919 til síðastliðinna áramóta, er hún var látin hætta þessu starfi. Eftir skýrslu stefnda finnast engin skilríki fyrir því í dómsmálaráðuneytinu, að það hafi ráðið áfrýjanda til umgetins starfa, og verður því að telja víst, að ráðuneytið hafi á sínum tíma falið yfirlækninum við hælið að ráða hana eða að minnsta kosti eftir á samþykkt ráðninguna. Hefir yfirlæknirinn gefið þá yfirlýsingu, að hann hafi ráðið áfrýjanda með 6 mánaða uppsagnarfresti frá beggja hálfu, og með því að þessi uppsagnarfrestur verður eigi talinn óeðlilega langur og auk þess í samræmi við uppsagnarfrest þann, sem ákveðinn er í erindisbréfi handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dags. 10. sept. 1898 og í erindisbréfi handa ráðskonu geðveikrahælisins á Kleppi, dags. 14. febr. 1908, verður að álíta, að áfrýj-

anda hafi borið þessi uppsagnarfrestur, og með því að hinn stefndi fjármálaráðherra hefir ekkert haft að athuga við upphæð skaðabótakröfu áfrýjanda né vaxtakröfuna, ber að taka þær til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og dæma fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, til að greiða áfrýjanda, 1200 kr. ásamt 6 % ársvöxtum frá 24. jan. þ. á. til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti er ákveðst 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Fjólu Stefáns, 1200 kr. með 6 % ársvöxtum frá 24. jan. þ. á. til greiðsludags og 400 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað ungfrú Fjóla Stefáns, fyrrum ráðskona á heilsuhælinu á Vífilsstöðum, með stefnu, dags. 5. febr. þ. á., gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, til greiðslu á kr. 1200.00 ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að upphæð kr. 176.00. Stefndur hefir aðallega krafizt algjörðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að úrslit málsins væri látin velta á eiði yfirlæknisins á Vífilsstöðum um umboð hans af hendi ríkisstjórnarinnar til að ráða stefnanda til starfsins.

Atvik til málshöfðunar þessarar eru sögð þessi: Með bréfi, dags. 4. okt. s.l., fól dómsmálaráðuneytið yfirlæknuinum á Vífilsstöðum að segja upp frá áramótum nokkrum starfsmönnum við heilsuhælið og þar á meðal stefnanda, er var tilkynnt uppsögnin 6. s. m. Með bréfi, dags. 8. s. m., tjáði yfirlæknirinn dómsmálaráðuneytinu, að stefnandi væri ráðin með 6 mán-

aða uppsagnarfresti, en dómsmálaráðuneytið svaraði því bréfi með synjun um að taka þá staðhæfingu til greina og að ný ráðskona mundi koma að hælinu um áramótin. Með bréfi 22. dezbr. s.l. spurðist því næst stefnandi fyrir í fjármálaráðuneytinu, hvort henni yrði greitt kaup, er svaraði 6 mánaða uppsagnarfresti, en þeirri fyrirspurn svaraði dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 15. jan. s.l., þannig, að krafa hennar gegn ríkissjóði verði ekki tekin til greina, og hefir stefnandi því lagt málið undir úrskurð dómstólanna.

Stefnandi kveðst hafa tekið við ráðskonustarfinu 1. apríl 1919 »eftir beiðni yfirlæknisins«, er hefir gefið vottorð, dags. 27. s.l., að hann hafi ráðið stefnanda í ráðskonustöðuna með þeim skildaga, »að 6 mánaða uppsagnarfrestur væri frá hennar hálfu og heilsuhælisins«, og að hann hafi annast þessa ráðningu »með fullu leyfi stjórnarráðsins«. Þetta vottorð er það gagn, sem stefnandi byggir málssókn sína á og sundurliðar kröfu sína þannig: Kaup frá 1. jan. til 6. apríl 1929, kr. 250.00 á mán., kr. 800.00. Uppbót til fæðis og húsnæðis sama tíma kr. 125.00 á mán., kr. 400.00, samtals kr. 1200.00, sem svara eigi til kaups og hlunninda fyrir þann tíma, sem á vantaði 6 mánaða uppsagnarfrest. Telur stefnandi nefnt vottorð yfirlæknisins vera embættisvottorð, sem sanni að fullu, að yfirlæknirinn hafi annast ráðninguna í umboði ríkisstjórnarinnar, enda sé uppsagnarfrestur ákveðinn í samræmi við ráðningarskilmála um hliðstæðar stöður, þ. e. ráðskonustöðuna á Laugarness- og Kleppsspítalum. En þar er þessum málum skipað með lagalegum fyrirmælum.

Aðiljar eru sammála um það, að ráðning stefnanda í ráðskonustarfið heyri beint undir ríkisstjórnina, enda er það in confesso, að ráðherra réð æðra starfsfólk að Vífilsstöðum, eða skipaði það í stöður sínar, í fyrstu eftir að ríkið tók að öllu leyti við heilsuhælinu, og það er ekki kunnugt, að yfirlækni hafi verið fengið það vald síðar. En annars virðist engin lög, reglugjörðir eða erindisbréf hafa verið sett um rekstur heilsuhælisins og um ráðningu stefnanda liggja alls engin skilríki fyrir nema greint vottorð, sem ekki hefir verið staðfest. Stefndur fullyrðir því, að ríkisstjórnin hafi engin afskifti haft af ráðningu stefnanda og geti ekki gefið yfirlækninum nokkurt umboð til að ráða stefnanda og óstaðfest vottorð yfirlæknis um þetta sé ónógt sönnunargagn.

Það verður að telja það nægilega upplýst í málinu, að ráðn-

ing ráðskonu að heilsuhælinu falli ekki undir embættissvið yfirlæknis, og vottorð hans í málinu getur því ekki talizt embættisvottorð og hefir ekki sterkara sönnunargildi en almennt v ttorð heiðarlegs manns, og þar sem því hefir verið mótmælt af stefndum, að yfirlæknirinn hafi haft umboð af hálfu stjórnarinnar til að annast ráðninguna, eru ekki fengnar sannanir fyrir því, að ráðningin hafi verið bindandi fyrir ríkisstjórnina í upphafi. En þá vaknar sú spurning, hvort ráðningin hafi ekki síðarmeir verið samþykkt í verki þegjandi af landsstjórninni, og því orðið bindandi fyrir hana með ákvæðinu um 6 mánaða uppsagnarfrest, sem gildir um ráðskonustöðurnar í Laugarnesi og á Kleppi. Þótt þetta kunni nú ekki að virðast ólíklegt, þá þarf það enganveginn að fara saman, að samskonar reglur gildi um sambærilegar stöður og ber því ekki að sjálfsögðu að beita sérreglum, sem gilda um ráðskonustarfið á nefndum spítölum, einnig um samskonar starf á Vífilsstöðum, enda horfir málið nokkuð öðruvísi við, er stefnandi tók við starfinu og síðan, en áður var, er greindir spítalar voru settir á stofn, þá var nokkur hörgull á konum, er fullfærar þættu til að taka við svona sýslan, en á síðari árum hefir sérmenntun kvenna á þessu sviði orðið svo almenn, að engin þörf virðist hafa verið á hvoruga hlið að binda þessa stöðu með afbrigðilega löngum uppsagnarfresti. Afskiftaleysi ríkisstjórnarinnar af stöðu stefnanda þykir því ekki eiga að afla henni sérstöðu þá um ráðningarskilmála, sem hún heldur fram. Hirðuleysi beggja aðilja um að gjöra bréflegan samning sín á milli um stöðuna þykir aftur á móti benda til, að hvor í sínu lagi hafi viljað hafa sem óbundnastar hendur gagnvart hinum, stefnandi til að víkja úr vistinni og stefndur eða ríkisstjórnin til að segja vistinni upp, að þessu athuguðu, virðist stefnandi ekki eiga kröfu til 6 mánaða uppsagnarfrests, og það verður að telja að stefnanda hafi verið tilkynnt það með nægilegum fyrirvara, að hún átti að víkja frá starfinu.

Það ber því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir að láta málskostnað falla niður.

Föstudaginn 20. dez. 1929.

Nr. 23/1929. **L. Fjeldsted, f. h. eigenda og vátryggjenda S/S. Namdal** (L. Fjeldsted)
gegn
Alfons Jónssyni, f. h. eiganda m/k. Marz (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur vegna ásiglingar.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 4. ágúst 1928: Stefndur, Lárus Fjeldsted, f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Alfons Jónssonar, f. h. eiganda v/b. »Marz« í máli þessu og málskostnaður falla niður að því, er nefnt félag snertir.

Hinsvegar greiði stefndur, f. h. eiganda e/s. Namdals, Magnúsar Kristjánssonar, stefnandanum, f. h. Guðmundar Björnssonar, eiganda áðurnefnds vélbáts, kr. 5500.00 með 6 % ársvöxtum frá 28. október 1927 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða sjóréttardómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta dóminn, sem áfrýjað hefir verið hingað 14. marz þ. á., samkv. áfrýjunarleyfi 5. s. m.

Samkv. þeim úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Sjóréttardóminum skal óraskað.

Áfrýjandinn, Lárus Fjeldsted, f. h. eiganda e/s. Namdal, greiði stefnda, Alfons Jónssyni, f. h. eiganda v/b. Marz, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarétti

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu, útgefinni 28. okt. 1927, af Alfons Jónssyni, lögfræðingi á Siglufirði, f. h. Guðmundar Björnssonar, eiganda v/b. »Marz« á Siglufirði, gegn Lárusi Fjeldsted hrm. hér í bæ, f. h. eigenda og vátryggjenda e/s. »Namdals« frá Reykjavík, þeirra Magnúsar Kristjánssonar, fjármálaráðherra og Sjóvátryggingarfélags Íslands, beggja hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna ásiglinga e/s. »Namdals« á v/b. »Marz« síðastliðið sumar, að upphæð kr. 8800.00 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt þess, aðallega, að báðir umbjóðendur hans verði algjörlega sýknaðir í málinu. Til vara hefir hann krafizt algjörðrar sýknu til handa Sjóvátryggingarfélaginu og mótmælt skaðabótakröfunum sem of háum. Ennfremur hefir hann krafizt riflegs málkostnaðar, hvernig sem málið fer.

Rétturinn fær ekki séð, að stefnandinn eigi nokkurn sjálfstæðan rétt á hendur stefndu félagi þótt e/s. »Namdal« hafi verið vátryggt hjá því og ber því að taka sýknukröfu stefnds til greina að því, er félagið snertir, en málskostnaður verður með samþykki stefnds látinn falla niður.

Mál þetta er, eins og fyr er drepið á, risið út af því, að 28. júlí f. á. kl., 9—10 árdegis, varð samrekstur milli skipanna v/b. »Marz«, eign stefnanda og e/s. »Namdals«, eign stefnds, M. Kristjánssonar. Bæði skipin eru við síldveiðar á Skagafirði með herpinót. Var »Marz» nokkuð vestur og inn af Málmey og stefndi inn fjörðinn með báta sína í togi og voru þar allir skipverjar um borð í skipinu, en »Namdal« kom innan fjörðinn og stefndi þannig, að leiðir skipanna lágu saman. Hafði »Namdal« sent báta sína út til að kasta fyrir síld, og voru aðeins 3 menn á skipinu, 2. stýrimaður, er hefir skipstjóraréttindi, 1. vélstjóri og matsveinninn. Bæði skipin höfðu litla ferð eða um tveggja mílna hraða, eftir því sem séð verður af sjóprófunum, en »Namdal« þó heldur meiri.

Skipunum lenti þannig saman, að »Namdal« rakst með

stefnið á »Marz« rétt fyrir aftan »forvantinn« og braut í honum síðuplanka, svo að sjór féll inn í skipið.

Stýrimaðurinn á »Namdal« hefir haldið því fram, að »Marz« hafi fyrst beygt til bakborða og síðar til stjórnborða, þannig, að eigi hafi verið hægt að ákveða beina stefnu skipsins, en kveður sig þó hafa vikið »Namdal« til stórnborða. Þessu hefir skipstjórinn á »Marz« neitað eindregið, kveðst aldrei hafa vikið til bakborða heldur til stjórnborða, eins og honum bar, er hann nálgaðist »Namdal«, en »Namdal« hafi hinsvegar vikið til bakborða.

Við skýrslu stýrimannsins á »Namdal« er það að athuga, að hann er næstum því einn til frásagnar um hana, því að framburður vitnisins, er var á þilfarinu, Magnúsar Jónssonar, matsveins, er heldur óákveðinn, nema hvað hann heldur því þó fast fram, að hann hafi allt af séð á bakborðskinnunginn á »Marz«. Kveður vitnið sér hafa virzt »Namdal« beygja fyrst dálítið til bakborða, og hafi þá verið ca. 100 faðmar milli skipanna. Á framburði vitnisins Ólafs Kristjánssonar háseta á »Namdal«, er var í vörpubátunum, sem voru í 150—200 faðma fjarlægð frá skipinu, er að áliti réttarins ekkert hægt að byggja, því að í framburðinum kemur fram, að vitnið hefir eigi haft stöðugar gætur á skipinu.

Hinsvegar hafa 4 af skipshöfninni á »Marz« staðfest ákveðið skýrslu skipstjórans á því skipi.

Auk þess hafa skipstjórinn og stýrimaður á v/b. »Brödrene« gefið skýrslu um árekstur þennan. Var skip þeirra, er árekstrinn varð, 200—300 faðma út af stjórnborðshlið »Marz« og hlutu þeir því að hafa séð skipin greinilega, og ber þeim saman við skipshöfnina á »Marz« um það, hvernig skipin stefndu.

Rétturinn lítur nú svo á, að það verði að telja nægilega sannað með vitnaframburðunum, að e/s. »Namdal« hafi eigi vikið til stjórnborða, eins og því skipi bar skylda til eftir stefnu skipanna, og eigi það því sök á árekstrinum. Auk þess er það upplýst, að það setti aðeins hálfa ferð aftur á bak þegar augljóst var, að árekstur var óhjákvæmilegur, í stað þess að setja þá fulla ferð aftur á bak, sem hefði getað orðið til þess að draga úr árekstrinum eða varna honum alveg, ef gjört hefði verið í tíma.

Ber því eiganda e/s. »Namdals« að greiða stefnanda fullar bætur fyrir skemmdir þær, er urðu á v/b. »Marz« við

áreksturinn og annað tjón, er stefnandinn hefir beðið af honum.

Nema skemmdirnar á skipinu eftir mati dómkvaddra manna kr. 2200.00 og hefir stefndur eigi mótmælt þeirri upphæð sem of hárri, hinsvegar hefir hann mótmælt sem allt of háum skaðabótum þeim, er stefnandi hefir krafizt fyrir aflatjón vegna árekstursins, er nema kr. 6600.00, og lítur réturinn svo á, að eftir stærð v/b »Marz« og miðað við veiði annara skipa á tímabili því, er hann varð að vera frá veiði vegna árekstursins, svo og miðað við heildarafla hans eftir allan síldveiðitímann, sé aflatjónið nægilega hátt áætlað helmingur þessarar upphæðar, og beri því að lækka dómkröfu stefnanda um kr. 3300.00 eða niður í samtals kr. 5500.00.

Eftir þessum úrslitum málsins hér í réttinum þykir hæfilegt að stefndur, f. h. umbjóðanda síns, Magnúsar Kristjánssonar, greiði stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Föstudaginn 20. dez. 1929.

Nr. 117/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson) gegn **Ronald Joseph Hall** (L. Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. okt. 1929: Kærður, Ronald Joseph Hall, greiði 12,500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpungnum G. Y. 482, Mangolia frá Grimsby, sé upptækt og renni í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi ber að staðfesta hann, þó

með þeirri breytingu, að í stað sektarinnar komi 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að 7 mánaða einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ronald Joseph Hall, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ronald Josep Hall, skipstjóra á b/v. G. Y. 482, »Mangolia« frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 8. október var varðskipið Ægir á austurleið út af Portlandi, kl. 8,57 árdegis gjörði skipið eftirfarandi staðarákvörðun: Vesturkantur Péturseyjar, rétt fram undan Portlandsvita og milli þeirrar línu og Höttu 53° 40', samtímis var mælt milli Höttu og tveggja togara, er voru því sem næst í sömu línu nokkru austar, 93° 20'. Sá togari, sem virtist vera heldur nær varðskipinu, var þá að snúa frá landi, kl. 9,03 sneri eystri togarinn einnig út frá landi.

Kl. 9,04 var stöðvunarmerki dregið upp og sneru þá báðir

togararnir undan landi, kl. 9,05 var skotið púðurskoti. Kl. 9,07 var skotið öðru púðurskoti. Kl. 9,08 var gefin eftirfarandi staðarákvörðun:

Portland
$> 43^\circ\ 30'$
Hatta
$> 70^\circ\ 30'$
Hjörleifshöfði

Kl 9,09 var skotið kúluskoti, því sem næst mitt á milli togaranna. Nam þá eystri togarinn staðar kl. 9,12, sást að hann var byrjaður að draga inn vörpuna. Kl. 9,17 var komið að honum, og reyndist það að vera togarinn G. Y. 482, »Mangolia« frá Grimsby, sem var að draga inn stjórnborðsvörpuna, var þá eftirfarandi staðarákvörðun gjörð hjá togaranum um leið og farið var fram hjá honum:

Portland
$> 32^\circ\ 00$
Hatta
$> 67^\circ\ 20'$
Hjörleifshöfði

Gefur það stað togarans 0,25 sm. innan landhelgislínunnar. Var skipið þá tekið fast og haldið með það til Reykjavíkur og komið þangað kl. 7,15 árdegis 9. þ. m.

Við réttarrannsókn í þessu máli hefir kærður lýst því yfir, að hann vefengi ekki skýrslu skipherrans á varðskipinu. Kveðst hann að vísu ekki hafa heyrt nema eitt skot, og hafi hann þá numið staðar samstundis og hann heyrði það skot. Þá hefir hann og tekið það fram, að hann hafi ekki verið af ásetningi innan landhelgislínunnar. Kveðst hann hafa gjört staðarákvarðanir rétt áður en hann var tekinn og hafi hann samkvæmt sínum mælingum átt að vera rétt utan við landhelgislínuna. En hann tekur það fram, að á þessum staðarákvörðunum sínum sé ekki mikið að byggja, því að kompás hans hafi verið mikið skakkur, og þó að hann hafi við mælinguna tekið nokkuð tillit til skekkju kompássins, þá hafi síðar komið í ljós að skekkjan var miklu meiri en hann hafði gjört ráð fyrir. Það hefir því ekkert komið fram, sem hnekkt geti skýrslu skipherrans, sem gjörð er með ágætum tækjum og af æfðum mönnum. Verður að leggja skýrslu þessa til grundvallar í málinu, — og er með henni nægilega sannað,

að kærði hefir verið að veiðum innan íslenzkrar landhelgi rétt áður og þegar varðskipið kom þar að honum kl. 9,17 árdegis 8. þ. m.

Með framferði sínu, sem lýst er hér að framan, hefir kærður, sem ekki hefir áður svo vitað sé, gjörzt brotlegur við ákvæði íslenzkrar fiskiveiðalöggjafar, gjörzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir þetta brot samkvæmt 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, og með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna íslenzk jafngildir 82,17 aurum gulls — hæfilega ákveðin 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpungnum G. Y. 482, »Mangolia« frá Grimsby, upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óparfur dráttur orðið.

Leiðréttingar.

Bls.	1015	1. l. n.	fyrir	bannað komi leyfilegt.
—	1025	9. l. o.	—	1929 komi 1928.
—	1056	15. l. n.	—	auglýst komi upplýst.
—	1139	3. l. o.	—	kr. 1700 komi kr. 17000.
—	1197	5. l. o.	—	kr. 347.90 komi kr. 374.90.
—	1242	17. l. o.	—	tölu komi tölulið.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Valdstjórnin gegn Magnúsi Péturssyni. Ólöglegir lyfseðlar	14/1	947
2.	Valdstjórnin gegn M. Júl. Magnús. Úrskurður	16/1	951
3.	Ingólfur Flygenring & Co. gegn Magnúsi Guðmundssyni, f. h. Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur. Haldsréttur	21/1	952
4.	Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn aukalækni Eiríki Kjerúlf. Kostnaður við læknishjálp handa þurfalingum, vöntun samþykkis fátækranefndar	23/1	956
5.	Benedikt Sveinsson gegn Páli Jónssyni og gagnsök. Vanheimild	28/1	961
6.	Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon, f. h. Timburverzlunarinnar »Björk« gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar. Eignarréttur yfir timbri	30/1	967
7.	Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja gegn Jóni Heiðberg. Útiv.d.	30/1	973
8.	Valdstjórnin gegn Anton Christensen. Áfengisl. og bifr.l.brot	4/2	973
9.	Sveinn Jón Ásmundsson gegn lögreglustjóra Reykjavíkur, f. h. ríkissjóðs. Lögtak	6/2	977
10.	Valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni lækni. Ólöglegir lyfseðlar	20/2	979
11.	Eggert Kristjánsson & Co. gegn Kristjáni Gíslasyni. Útiv. d.	27/2	982
12.	Magnús Jónsson gegn bankaráði Landsbankans, f. h. bankans. Skaðabótakrafa	6/3	982
13.	Réttvísin gegn Karli Stefáni Daníelssyni. Íkveikjutilraunir	13/3	986
14.	Réttvísin gegn Ingólfi Bjarnasyni. Brenna o. fl.	13/3	992
15.	Valdstjórnin gegn stjórnendum h/f. Shell á Íslandi, þeim Magnúsi Guðmundssyni, Björgólfi		

		Dómur	Bls.
	Ólafssyni, og Hallgrími Tulinius. Firmaskrár tilkynning	15/3	1005
16.	Valdstjórnin gegn Ásgeiri Jónssyni. Sýknun .	18/3	1007
17.	Bæjarstjóri Vestmannaeyja, f. h. bæjarsjóðs gegn Verzlunarfélagi Vestmannaeyja h/f. Frávísun .	21/3	1009
18.	Valdstjórnin gegn M. Júl. Magnús. Ólöglegir lyfseðlar	21/3	1011
19.	Valdstjórnin gegn dr. Carl Paul. Kæra f. brot g. fiskiveiðal. Sýknun	22/3	1014
20.	Erlendur Erlendsson gegn Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur. Útiv.d.	22/3	1018
21.	Jóhannes Einarsson gegn Kaupfélagi Grímsnesinga. Niðurjöfnun á reksturstapi	8/4	1018
22.	Magnús Vernharðsson gegn Sigurði Jónssyni o. fl. Frávísun	8/4	1022
23.	Valdstjórnin gegn Elísabetu Eiríksd. Áfengissala	10/4	1023
24.	Réttvísin gegn Helga Benediktssyni. Mótþrói við stefnuvotta	12/4	1026
25.	Einar M. Jónasson gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs. Skaðab.mál o. fl.	17/4	1027
26.	Réttvísin gegn Sigurpáli Sigurðssyni. Nauðgunartilraun	19/4	1031
27.	Guðmundur Ólafsson, f. h. firmans Jakob Gunnlögsson & Co. gegn Íslandsbanka. Ábyrgðarskuldbinding f. víxli fallin niður	22/4	1036
28.	Stefán Friðriksson gegn Margréti Kristgeirsdóttur Barnsfaðernismál	24/4	1041
29.	Réttvísin gegn Jóhannesi Jóhannessyni. Ómerking	26/4	1045
30.	Réttvísin gegn Jóhannesi Guðjónssyni. Stuldur	1/5	1047
31.	Valdstjórnin gegn Sören Goos. Kæra f. brot g. fiskiveiðal. Sýknun	3/5	1049
32.	Einar M. Jónasson gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs. Vangreiddar ríkissjóðstekjur . . .	13/5	1053
33.	Valdstjórnin gegn Robert William Millener Botnv.v.brot	15/5	1073
34.	Valdstjórnin gegn Guðlaugi Brynjólfssyni Áfengislagabrot	17/5	1076
35.	Valdstjórnin gegn Gísla Guðmundssyni. Botnv.-veiðabrot	22/5	1078

		Dómur	Bls.
36.	Guðmundur Ólafsson, f. h. þrotabús Thor E. Tulinius gegn hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps. Útsvar	27/5	1082
37.	H/f. Völundur gegn hreppsn. Ólafsvíkurhrepps. Umboð þriðjam.	29/5	1085
38.	Kári Ósland gegn Sigurði Jónssyni o. fl., f. h. h/f. »Alda«. Ábyrgð	31/5	1087
39.	Réttvísin gegn Pétri Oddssyni. Brot g. 99., sbr. 47. og 105. gr. hegn.l.	3/6	1092
40.	Oliuverzlun Íslands h/f. gegn bæjarstjórn Ísafjarðar. Útsvar	7/6	1099
41.	Bæjarstjórn Akureyrar gegn Verksmiðjufélaginu á Akureyri. Skaðabætur	12/6	1102
42.	K. Meyer, f. h. Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«. Skuldakrafa	12/6	1124
43.	Valdstjórnin gegn Martin Woldmann. Botnv.-veiðabrot	14/6	1132
44.	Einar M. Jónasson gegn J. Þorlákssón & Norðmann, Finni Thorlacius og Birni Þórðarson. Skaðabætur	17/6	1135
45.	Réttvísin gegn Þorkeli Blandon. Ómerking	19/6	1144
46.	Valdstjórnin gegn Ólafi Guðjónssyni. Áfengisl. og bifr.l.brot	21/6	1146
47.	Guðrún Ólafsdóttir gegn Garðari Þorsteinssyni, f. h. Dansk Radio. Útiv.d.	21/6	1149
48.	Magnús Jónsson gegn Knud Zimsen, f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur. Útiv.d.	21/6	1150
49.	Valdstjórnin gegn Otto Herpich. Botnv.v.brot	22/6	1150
50.	Högni Gunnarsson gegn Arngrími Fr. Bjarnasyni. Ómerking	22/6	1153
51.	Runólfur Jónsson gegn Eliasi Steinssyni, Sighvati Andréssyni og Einari Einarssyni. Jarðarsala. Sýknun	22/2	1155
52.	Einar M. Jónasson gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, Jóhannesi Jóhannessyni, fyrv. bæjarfógeta og Birni Þórðarson lögmanni. Vangreiddar ríkissjóðstekjur	30/9	1158
53.	Valdstjórnin gegn Charles Lemesle. Sýknun af kæru f. botnv.v.brot	2/10	1167

		Dómur	Bls.
54.	Valdstjórnin gegn Þorvaldi Pálssyni. Ólöglegir lyfseðlar	9/10	1170
55.	Valdstjórnin gegn Karl Georg August. Botnv.-veiðabrot	11/10	1174
56.	Valdstjórnin gegn Heinrich Offermann. Botnv.-veiðabrot	16/10	1176
57.	Íslandsbanki gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs. Sala gulld. v. nafnverði	18/10	1178
58.	Valdstjórnin gegn Wilhelm Behrens. Botnv.-veiðabrot	21/10	1185
59.	Valdstjórnin gegn Kristmundi Ólafssyni, Mörtu Jónsdóttur, Önnu Jónsdóttur, Árna Árnasyni og Birni Magnússyni. Áfengissala	23/10	1189
60.	Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags Skaftfellinga gegn Lofti Jónssyni og gagnsök. Viðskifti	25/10	1193
61.	Valdstjórnin gegn J. A. Juul. Ólögleyfð lyfjaáfengisútlát	28/10	1206
62.	Valdstjórnin gegn Ivar Mykleburst. Fiskiveiðabrot	30/10	1208
63.	Þorvaldur Pálsson gegn Garðari Þorsteinssyni. Útiv.d. Ómaksbætur	30/10	1211
64.	Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja gegn Lárusi Jóhannessyni, f. h. Jötul, A/S., Oslo. Frávísun. Ómaksbætur	30/10	1211
65.	Helgi Benediktsson. f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja gegn Lárusi Jóhannessyni, f. h. K. Holten, Khöfn. Útiv.d. Ómaksbætur	30/10	1212
66.	Óskar Halldórsson, f. h. h/f. Bakki, Þórður J. Thoroddsen og Benedikt Sveinsson gegn Pétri Jakobssyni. Útiv.d. Ómaksbætur	30/10	1212
67.	Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja gegn Metúsalem Jóhannssyni. Útiv.d. Ómaksbætur	30/10	1213
68.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Enok Helgasyni. Hegningarl. og bifr l.brot	1/11	1214
69.	Valdstjórnin gegn Jens Eyjólfssyni. Áfengisl. og bifr.l.brot	4/11	1221
70.	Réttvísin gegn Benjamín Ágúst Jenssyni, Alfred		

		Dómur	Bls.
	Nielsen, Ingólfi Andréssyni og Jóni Þorsteinssyni. Þjófnaður	8/11	1223
71.	Valdstjórnin gegn Pálma S. Pálmasyni. Sýknun af kæru fyrir ölvun	13/11	1228
72.	Herluf Clausen, f. h. h/f. Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna. Innsetningargjörð	13/11	1233
73.	Magnús Vernharðsson gegn Sigurði Jónssyni, L. P. Imsland og St. Th. Jónssyni, f. h. h/f. Aldan. Ábyrgð	13/11	1235
74.	Sparisjóður Norðfjarðar gegn frú Guðrúnu Ólafsson, f. h. dánarbús Ragnars Ólafssonar og skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu, f. h. þrotabús h f. Eljan á Norðfirði. Ómerking	13/11	1240
75.	Halldór Bjarnarson gegn Birni Haraldssyni og gagnsök. Meiðyrði	13/11	1242
76.	Valdstjórnin gegn Karl Kuhr. Botnv.v.brot	18/11	1261
77.	Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja gegn Lárusi Jóhannessyni, f. h. Jötul, A/S., Oslo. Útiv.d. Ómaksbætur	18/11	1264
78.	Valdstjórnin gegn Birni Emil Bjarnasyni. Ölbruggun og sala	20/11	1264
79.	Valdstjórnin gegn Jóni Rafnssyni. Sýknun af kæru fyrir áfengissölu	22/11	1267
80.	Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps gegn Ísleifi Jónssyni Samningur um vatnsveituefni	25/11	1269
81.	Valdstjórnin gegn Theodor Roelofs. Botnv.-veiðabrot	27/11	1279
82.	Þorgrímur Ólafsson og Bjarni Eyjólfsson gegn Pétri Jakobssyni. Útiv.d. Ómaksbætur	29/11	1281
83.	Ari Þórðarson, Magnús Sæmundsson og Þórður J. Thoroddsen gegn Pétri Jakobssyni. Útiv.d. Ómaksbætur	29/11	1282
84.	Valdstjórnin gegn Jóni Einari Jónassyni. Ölbruggun m. m.	29/11	1282
85.	Valdstjórnin gegn Sigurði Sveini Sveinssyni. Ölbruggun	2/12	1285
86.	Einar M. Jónasson gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og Bergi sýslumanni Jónssyni. Fjárnám	4/12	1288

		Dómur	Bls.
87.	Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja h/f. gegn Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. Friðriks Svipmundssonar. Frávísun	4/12	1291
88.	Réttvísin gegn Tómasi Jónssyni. Brot g. 250. gr. hegnl.	6/12	1292
89.	Pétur Guðjónsson gegn Einari Jónssyni. Skaðabótamál. Sýknun	11/12	1299
90.	Valdstjórnin gegn Jóhanni Indriðasyni. Ölbruggun	13/12	1305
91.	Valdstjórnin gegn Jóni Guðmundssyni, Páli Stefánssyni o. fl. Vínsmyglun	16/12	1307
92.	Fjóla Stefáns gegn fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs. Skaðabætur	18/12	1319
93.	Lárus Fjeldsted, f. h. eigenda og vátryggjenda S/S. Namdal gegn Alfons Jónssyni, f. h. eiganda m/k. Marz. Ásigling. Skaðabætur	20/12	1323
94.	Valdstjórnin gegn Ronald Joseph Hall. Botnvarveiðabrot	20/12	1326